REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 504/2008 **2013/EES/4/38**

frá 6. júní 2008

um framkvæmd tilskipana ráðsins 90/426/EBE og 90/427/EBE að því er varðar aðferðir til að auðkenna dýr af hestaætt (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/426/EBE frá 26. júní 1990 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á flutninga og innflutning hófdýra frá þriðju löndum ([1]), einkum 4. mgr. 4. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/427/EBE frá 26. júní 1990 um ræktunar- og erfðafræðiskilyrði sem hafa áhrif á viðskipti með hófdýr innan Bandalagsins ([2]), einkum 4. gr. (c- og d-lið 2. mgr.), 6. gr. (öðrum undirlið 2. mgr.) og 8. gr. (fyrstu undirgrein 1. mgr.),

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 94/28/EB frá 23. júní 1994 um meginreglur um ræktunar- og erfðafræðiskilyrði fyrir innflutningi frá þriðju löndum á dýrum og sæði, eggjum og fósturvísum úr þeim og um breytingu á tilskipun 77/504/EBE um hreinræktuð kynbótadýr af nautgripakyni ([3]), einkum 4. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/623/EBE frá 20. október 1993 um auðkennisskírteini (vegabréf) er fylgja skuli skráðum hófdýrum ([4]) var komið á aðferð til að auðkenna skráð dýr af hestaætt í tilflutningum vegna eftirlits með heilbrigði dýra.

2) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/68/EB frá 22. desember 1999 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/623/EBE og um auðkenningu dýra af hestaætt til undaneldis og ræktunar ([5]) er mælt fyrir um reglur varðandi auðkennisskírteini sem fylgja skal dýrum af hestaætt við tilflutning.

3) Framkvæmd ákvarðana 93/623/EBE og 2000/68/EB hefur verið mismunandi eftir aðildarríkjum. Auk þess tengist auðkenning dýra af hestaætt tilflutningi í þessum ákvörðunum, en í löggjöf Bandalagsins, er varðar aðrar tegundir búfjár, eru ákvæði um að dýr skuli auðkennd m.a. vegna sjúkdómsvarna, án tillits til þess hvort verið sé að flytja þau til eður ei. Auk þess getur þetta tvíþætta kerfi fyrir dýr af hestaætt til ræktunar og framleiðslu annars vegar og fyrir skráð dýr af hestaætt hins vegar leitt til þess að fleiri en eitt auðkennisskírteini séu gefin út fyrir hvert dýr, en aðeins er unnt að koma í veg fyrir það með því að setja á dýrið óafmáanlegt merki, sem er þó ekki endilega sýnilegt, þegar það er fyrst auðkennt.

4) Skýringarmyndin í auðkennisskírteininu, sem sett er fram í ákvörðun 93/623/EBE, samrýmist ekki að öllu leyti áþekkum upplýsingum sem alþjóðaleg samtök, sem hafa umsjón með dýrum af hestaætt vegna keppni og kapphlaupa, og Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin gera kröfu um. Því er rétt að í þessari reglugerð sé kveðið á um skýringarmynd sem hentar þörfum Bandalagsins og samrýmist þessum kröfum sem hafa verið samþykktar á alþjóðlegum vettvangi.

5) Innflutningur á dýrum af hestaætt er áfram háður skilyrðum sem mælt er fyrir um í tilskipun 90/426/EBE og þó einkum í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/196/EBE frá 5. febrúar 1993 um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og útgáfu heilbrigðisvottorðs dýralæknis vegna innflutnings á hófdýrum til slátrunar ([6]), og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/197/EBE frá 5. febrúar 1993 um heilbrigðisskilyrði dýra og útgáfu heilbrigðisvottorða vegna innflutnings á skráðum hófdýrum til undaneldis og framleiðslu ([7]).

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 149, 7.6.2008, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/2010 frá 29. janúar 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 19, 22.4.2010, bls. 1.

([1]) Stjtíð. EB L 224, 18.8.1990, bls. 42. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2006/104/EB (Stjtíð. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 352).

([2]) Stjtíð. EB L 224, 18.8.1990, bls. 55.

([3]) Stjtíð. EB L 178, 12.7.1994, bls. 66.

([4]) Stjtíð. EB L 298, 3.12.1993, bls. 45. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2000/68/EB (Stjtíð. EB L 23, 28.1.2000, bls. 72).

([5]) Stjtíð. EB L 23, 28.1.2000, bls. 72.

([6]) Stjtíð. EB L 86, 6.4.1993, bls. 7. Ákvörðuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1792/2006 (Stjtíð. ESB L 362, 20.12.2006, bls. 1).

([7]) Stjtíð. EB L 86, 6.4.1993, bls. 16. Ákvörðuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1792/2006.

6) Þegar reglum um tollmeðferð, sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 2913/92 frá 12. október 1992 um setningu tollareglna Bandalagsins ([1]), er beitt er nauðsynlegt að vísa einnig til reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 706/73 frá 12. mars 1973 um Bandalagsákvæði sem gilda um Ermarsundseyjar og Mön og varða viðskipti með landbúnaðarafurðir ([2]). Í reglugerð (EBE) nr. 706/73 er kveðið á um að frá og með 1. september 1973 gildi reglur Bandalagsins á sviði heilbrigðislöggjafar um dýr og dýraafurðir, en þær ná ekki til dýraræktarlöggjafar. Þessi reglugerð gildir með fyrirvara um þá reglugerð.

7) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 frá 17. júlí 2000 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða ([3])er kveðið á um skilgreiningu á umsjónarmanni dýra. Hins vegar er vísað til eiganda eða ræktanda dýrs í 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/426/EBE. Í tilskipun ráðsins 92/35/EBE frá 29. apríl 1992 varðandi reglur um eftirlit með og ráðstafanir gegn Afríkuhrossapest ([4]) er kveðið á um samþætta skilgreiningu á eiganda og umsjónarmanni. Samkvæmt löggjöf Bandalagsins og landslöggjöf er eigandi dýrs af hestaætt ekki endilega sá sem ber ábyrgð á dýrinu, og því þykir rétt að taka fram að umsjónarmaður dýrs af hestaætt, sem kann að vera eigandinn, skuli fyrst og fremst bera ábyrgð á því að dýr af hestaætt séu auðkennd í samræmi við þessa reglugerð.

8) Í þágu samræmis í löggjöf Bandalagsins skulu aðferðirnar við auðkenningu dýra af hestaætt, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, gilda með fyrirvara um ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/78/EB frá 10. janúar 1996 um viðmiðanir fyrir færslu og skráningu dýra af hestaætt í ættbækur vegna kynbóta ([5]).

9) Þessar aðferðir skulu vera í samræmi við meginreglurnar sem ræktunarsamtök hafa sett og samþykktar hafa verið í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/353/EBE frá 11. júní 1992 um viðmið fyrir samþykki eða viðurkenningu á félögum eða samtökum sem halda eða stofna ættbækur yfir skráð hófdýr ([6]). Í samræmi við þá ákvörðun er það samtakanna eða félagsins, sem heldur upprunalega ættbók yfir kynið, að setja meginreglur um kerfi til þess að auðkenna dýr af hestaætt og um skiptingu ættbókarinnar í flokka og um forfeður og -mæður sem færð eru inn í ættbókina.

10) Auk þess er rétt að í upprunavottorði, sem um getur í d-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/427/EBE og sem fellt er inn í auðkennisskírteinið, sé getið allra nauðsynlegra upplýsinga til að tryggja að dýr af hestaætt, sem flutt eru milli mismunandi ættbóka, séu færð inn í réttan flokk ættbókar út frá viðmiðunum sem þau uppfylla.

11) Í samræmi við þriðja undirlið 1. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 96/510/EB frá 18. júlí 1996 um ættartölur og dýraræktarvottorð vegna innflutnings á kynbótadýrum, sæði þeirra, eggfrumum og fósturvísum ([7]) skal ættartala og dýraræktarvottorð skráðra dýra af hestaætt vera í samræmi við auðkennisskírteinið sem mælt er fyrir um í ákvörðun 93/623/EBE. Því er nauðsynlegt að taka fram að líta beri á allar tilvísanir til ákvörðunar 93/623/EBE og til ákvörðunar 2000/68/EB sem tilvísanir til þessarar reglugerðar.

12) Þar eð auðkenna skal öll dýr af hestaætt, sem eru fædd í Bandalaginu eða flutt inn í Bandalagið í samræmi við þessa reglugerð, með einkvæmu auðkennisskírteini, eru sérákvæði nauðsynleg þegar stöðu dýrs er breytt úr dýri af hestaætt til ræktunar og framleiðslu í skráð dýr af hestaætt eins og það er skilgreint í c-lið 2. gr. tilskipunar 90/426/EBE.

13) Aðildarríki geta kveðið á um sértækt fyrirkomulag til að auðkenna dýr af hestaætt sem ganga frjáls, villt eða hálfvillt á afmörkuðum svæðum eða yfirráðasvæðum, þ.m.t. náttúruverndarsvæði, í þágu samræmis við aðra málsgrein 2. gr. tilskipunar 92/35/EBE.

14) Notkun rafrænna kennimerkja (merkissvara) fyrir dýr af hestaætt er þegar í víðtækri notkun á alþjóðavettvangi. Nota skal þá tækni til að tryggja trausta tengingu milli auðkenningarinnar og dýra af hestaætt. Rétt er að merkja dýr af hestaætt með merkissvara, en nauðsynlegt er að kveða á um aðrar aðferðir við sannprófun á auðkenni dýrsins, að því tilskildu að slíkar staðgönguaðferðir veiti sambærilegar tryggingar, svo komist verði hjá því að mörg auðkennisskírteini séu gefin út.

([1]) Stjtíð. EB L 302, 19.10.1992, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1791/2006 (Stjtíð. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 1).
([2]) Stjtíð. EB L 68, 15.3.1973, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 1174/86 (Stjtíð. EB L 107, 24.4.1986, bls. 1).
([3]) Stjtíð. EB L 204, 11.8.2000, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1791/2006.
([4]) Stjtíð. EB L 157, 10.6.1992, bls. 19. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/729/EB (Stjtíð. ESB L 294, 13.11.2007, bls. 26).
([5]) Stjtíð. EB L 19, 25.1.1996, bls. 39.
([6]) Stjtíð. EB L 192, 11.7.1992, bls. 63.
([7]) Stjtíð. EB L 210, 20.8.1996, bls. 53. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2004/186/EB (Stjtíð. ESB L 57, 25.2.2004, bls. 27).

15) Auðkennisskírteini skal ávallt fylgja dýrum af hestaætt í samræmi við gildandi löggjöf Bandalagsins en rétt er að kveða á um heimild til undanþágu frá þeirri kröfu þegar ómögulegt eða mjög erfitt reynist að verða við henni að því er varðar það að halda auðkennisskírteininu til haga allan æviferil dýrs af hestaætt, eða ef slíkt skjal hefur ekki verið gefið út vegna þess að slátra á dýrinu áður en það hefur náð þeim hámarksaldri sem krafist er vegna auðkenningar.

16) Slíkum undanþágum skal beita með fyrirvara um 14. gr. tilskipunar ráðsins 2003/85/EB frá 29. september 2003 um ráðstafanir Bandalagsins vegna eftirlits með gin- og klaufaveiki ([1]), sem heimilar undanþágur frá tilteknum sjúkdómsvarnarráðstöfunum að því er varðar auðkennd dýr af hestaætt á bújörðum þar sem staðfest hefur verið að viðkomandi sjúkdómur hafi komið upp.

17) Einnig er rétt að heimila aðildarríkjum að leyfa einfaldað auðkennisskírteini til nota vegna dýra af hestaætt sem verið að að flytja til innan yfirráðasvæðis þeirra. Plastkort með innbyggðum tölvukubbum (snjallkort) hafa verið kynnt sem gagnageymslubúnaður á mörgum sviðum. Slík snjallkort mætti gefa út sem annan kost til viðbótar við auðkennisskírteinið og nota við tilteknar aðstæður í stað auðkennisskírteinisins sem fylgir dýrum af hestaætt í tilflutningum innan aðildarríkis.

18) Í samræmi við 8. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2076/2005 frá 5. desember 2005 um bráðabirgðafyrirkomulag við framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004 ([2]) skal eigi síðar en í árslok 2009 uppfylla kröfur um upplýsingar um matvælaferlið að því er varðar dýr af hestaætt.

19) Nauðsynlegt er að kveða á um þau tilvik þar sem upprunalegt auðkennisskírteini, sem gefið var út í samræmi við þessa reglugerð fyrir allan æviferil dýrsins, hefur glatast. Í slíkum ákvæðum ætti sem mest má verða að útiloka ólögmæta vörslu fleiri en eins auðkennisskírteinis til þess að lýsa réttilega stöðu dýrsins þannig að það sé ætlað til slátrunar og manneldis. Ef nægar og sannprófanlegar upplýsingar eru tiltækar skal gefa út eftirrit sem merkt er sem slíkt og útilokar dýrið almennt frá matvælaferlinu; í öðrum tilvikum er rétt að gefa út nýtt skjal í stað hins, einnig merkt sem slíkt, sem að auki lækkar stöðu dýrs af hestaætt, sem áður hefur verið skráð, þannig að það sé dýr af hestaætt til ræktunar og framleiðslu.

20) Í samræmi við 4. og 5. gr. tilskipunar 90/426/EBE er auðkennisskírteinið tæki sem gerir það kleift að kyrrsetja dýr af hestaætt ef sjúkdómur kemur upp á bújörðinni þar sem þau eru haldin eða ræktuð. Því er nauðsynlegt að kveða á um að hægt sé að ógilda skjalið tímabundið vegna tilflutnings ef tilteknir sjúkdómar koma upp með því að færa viðeigandi upplýsingar í auðkennisskírteinið.

21) Ef dauða dýrs af hestaætt ber að á annan hátt en við slátrun í sláturhúsi skal það yfirvald, sem hefur umsjón með vinnslu skrokksins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis ([3]), skila auðkennisskírteininu til þess aðila er gaf það út og rétt er að tryggja að ekki sé unnt að endurnota merkissvarann eða hvern þann búnað annan sem notaður er til að auðkenna dýr af hestaætt, þ.m.t. merki.

22) Til að koma í veg fyrir að merkissvarar fari inn í matvælaferlið skal kjöt af dýrum, sem ekki hefur verið unnt að fjarlægja merkissvarann úr við slátrun, úrskurðað óhæft til manneldis í samræmi við II. þátt V. kafla í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis ([4]).

23) Stöðlun á stungustað fyrir merkissvara og skráning hans í auðkennisskírteini ætti að auðvelda það að finna aftur ístunginn merkissvara.

24) Í samræmi við 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ([5]), eru lifandi dýr, sem eru meðhöndluð til manneldis til setningar á markað, skilgreind sem matvæli. Í þeirri reglugerð er kveðið á um víðtæka ábyrgð stjórnenda matvælafyrirtækja á öllum stigum matvælaframleiðslu, þ.m.t. að því er varðar rekjanleika dýra sem gefa af sér afurðir til manneldis.

([1]) Stjtíð. EB L 306, 22.11.2003, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2006/104/EB.

([2]) Stjtíð. EB L 338, 22.12.2005, bls. 83. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1246/2007 (Stjtíð. ESB L 281, 25.10.2007, bls. 21).

([3]) (Stjtíð. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1432/2007 (Stjtíð. ESB L 320, 6.12.2007, bls. 13).

([4]) Stjtíð ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206; leiðrétt í Stjtíð. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 83. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1791/2006.

([5]) Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 575/2006 (Stjtíð. ESB L 100, 8.4.2006, bls. 3).

25) Dýr af hestaætt til ræktunar og framleiðslu svo og skráð dýr af hestaætt geta orðið dýr af hestaætt til slátrunar, eins og það er skilgreint í d-lið 2. gr. tilskipunar 90/426/EBE, á tilteknu skeiði á æviferli þeirra. Kjöt af hófdýrum, sem er samheiti yfir dýr af hestaætt, er skilgreint í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ([1]).

26) Í samræmi við 7. lið III. þáttar II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 skal stjórnandi sláturhúss taka við, fara yfir og fara eftir upplýsingum um matvælaferlið þar sem tíundaður er uppruni, ferill og stjórnun dýra sem ætluð eru til matvælaframleiðslu. Lögbært yfirvald getur heimilað að upplýsingar um matvælaferlið, að því er varðar tamin hófdýr, séu sendar sláturhúsinu með dýrunum en ekki fyrirfram. Auðkennisskírteinið, sem fylgir dýrum af hestaætt til slátrunar, ætti því að vera hluti af þeim upplýsingum um matvælaferlið.

27) Í samræmi við 1. lið II. þáttar III. kafla í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 skal opinberi dýralæknirinn ganga úr skugga um að stjórnandi matvælafyrirtækis hafi sinnt skyldu sinni og tryggt að dýr, sem tekið er við til slátrunar til manneldis, hafi verið auðkennd á viðeigandi hátt.

28) Í samræmi við 8. lið III. þáttar II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 skulu stjórnendur matvælafyrirtækja skoða vegabréf, sem fylgja tömdum hófdýrum, til að ganga úr skugga um að slátra eigi dýrinu til manneldis, og taki þeir við dýrinu til slátrunar skulu þeir afhenda opinbera dýralæknum vegabréfið.

29) Með fyrirvara um reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 frá 26. júní 1990 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu ([2]) og tilskipun ráðsins 96/22/EB frá 29. apríl 1996 um að banna í búfjárrækt notkun tiltekinna efna, sem hafa hormónavirkni eða skjaldheftandi virkni, og notkun betaörva ([3]) fellur lyfjameðhöndlun dýra af hestaætt undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um dýralyf ([4]).

30) Í 2. og 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 2001/82/EB er kveðið á um tilteknar undanþágur vegna dýra af hestaætt frá ákvæðum 11. gr. þeirrar tilskipunar, sem varða meðhöndlun dýra, sem gefa af sér afurðir til manneldis, með lyfjum sem hámarksgildi leifa hefur verið skilgreint fyrir að því er varðar dýrategundina, aðra en þá sem lyfið er ætlað, eða sem eru leyfð við önnur skilyrði, að því tilskildu að þessi dýr af hestaætt hafi verið auðkennd í samræmi við löggjöf Bandalagsins og að í auðkennisskírteininu sé sérstaklega tekið fram að þau séu ekki ætluð til slátrunar og manneldis eða að þau séu ætluð til slátrunar og manneldis eftir a.m.k. sex mánaða biðtíma til afurðanýtingar eftir meðhöndlun með efnum sem tilgreind eru í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1950/2006 frá 13. desember 2006 um skrá, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB um Bandalagsreglur um dýralyf, yfir efni sem eru nauðsynleg við meðhöndlun dýra af hestaætt ([5]).

31) Til þess að hafa eftirlit með útgáfu auðkennisskírteina skal skrá í gagnagrunn tiltekið lágmark viðeigandi gagna er varða útgáfu slíkra skjala. Gagnagrunnarnir í hinum ýmsu aðildarríkjum skulu hafa með sér samstarf í samræmi við tilskipun ráðsins 89/608/EBE frá 21. nóvember 1989 um gagnkvæma aðstoð stjórnvalda í aðildarríkjunum og samvinnu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar til að tryggja rétta beitingu löggjafar um heilbrigði dýra og dýrarækt ([6]) til að greiða fyrir gagnaskiptum.

32) Alþjóðlegt lífsnúmerakerfi fyrir hross (e. Universal Equine Life Number System, UELN) hefur verið samþykkt um allan heim af hálfu helstu hrossaræktar- og keppnissamtaka. Þetta kerfi var þróað að frumkvæði World Breeding Federation for Sport Horses (WBFSH) (heimssamtök keppnishestaræktenda), The International Stud Book Committee (ISBC) (alþjóðanefnd ættbókarinnar), The World Arabian Horse Organization (WAHO) (heimssamtök um arabíska hestinn), The European Conference of Arabian Horse Organisations (ECAHO) (Evrópuráðstefna samtaka um arabíska hestinn), Conférence Internationale de l'Anglo-Arabe (CIAA), Fédération Equestre Internationale (FEI) og Union Européenne du Trot (UET) og unnt er að nálgast upplýsingar um kerfið á vefsetri UELN ([7]).

([1]) Stjtíð ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55; leiðrétt í Stjtíð. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 22. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1243/2007 (Stjtíð. ESB L 281, 25.10.2007, bls. 8).

([2]) Stjtíð. EB L 224, 18.8.1990, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 61/2008 (Stjtíð. ESB L 22, 25.1.2008 bls. 8).

([3]) Stjtíð. EB L 125, 23.5.1996, bls. 3. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/74/EB (Stjtíð. ESB L 262, 14.10.2003, bls. 17).

([4]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2004/28/EB (Stjtíð. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 58).

([5]) Stjtíð. ESB L 367, 22.12.2006, bls. 33.

([6]) Stjtíð. EB L 351, 2.12.1989, bls. 34.

([7]) http://www.ueln.net

33) Alþjóðlega lífsnúmerakerfið fyrir hross (UELN-kerfið) hentar bæði fyrir skráningu á skráðum dýrum af hestaætt og einnig á dýrum af hestaætt til ræktunar og framleiðslu og gerir kleift að innleiða smám saman tölvuvædd netkerfi til að tryggja að unnt sé að sannprófa áfram auðkenni dýranna í samræmi við 6. gr. tilskipunar 90/427/EBE þegar um er að ræða skráð dýr af hestaætt.

34) Þeir kóðar, sem úthlutað er í tengslum við gagnagrunna, og þau snið, sem eru notuð fyrir skráð auðkennisnúmer hvers dýrs, mega ekki á nokkurn hátt stangast á við UELN-kerfið sem komið hefur verið á fót. Því skal fletta upp í kóða Alþjóðlega lífsnúmerakerfisins (UELN-kóðinn), sem úthlutað hefur verið, áður en nýr kóði er settur inn í gagnagrunn.

35) Í 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 90/426/EBE er sett fram sú krafa að opinber dýralæknir skrái kenninúmer eða númer auðkennisskírteinis dýra af hestaætt sem hefur verið slátrað, og áframsendi til lögbærs yfirvalds á sendingarstað, að beiðni þess yfirvalds, vottorð þar sem staðfest er að viðkomandi dýri af hestaætt hafi verið slátrað. Í samræmi við i. lið 4. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar skal skila auðkennisskírteinum skráðra dýra af hestaætt til þess aðila er gaf þau út eftir að viðkomandi dýrum af hestaætt hefur verið slátrað. Þessar kröfur skulu einnig gilda um auðkennisskírteini sem gefin eru út fyrir dýr af hestaætt til ræktunar og framleiðslu. Skráning lífsnúmers, sem samrýmist UELN-kerfinu, og notkun þess til þess að tilgreina þau yfirvöld eða aðila, sem gáfu út auðkennisskírteinin, ætti að greiða fyrir því að kröfurnar verði uppfylltar. Aðildarríkin skulu, eftir því sem unnt er, nota þær samskiptastofnanir sem þau hafa tilnefnt í samræmi við 35. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ([1]).

36) Því aðeins er unnt að tryggja það dýralækniseftirlit, sem nauðsynlegt er til að veita dýraheilbrigðisábyrgðir í samræmi við 4. og 5. gr. tilskipunar 90/426/EBE, að lögbært yfirvald viti af bújörðinni eins og hún er skilgreind í a-lið 2. gr. þeirrar tilskipunar. Áþekkar kröfur leiða af beitingu laga um matvæli í tengslum við dýr af hestaætt sem haldin eru sem dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis. Vegna þess hversu dýr af hestaætt eru flutt oft til miðað við annan búfénað ætti þó ekki að freista þess að koma á rauntímarekjanleika fyrir dýr af hestaætt. Því ætti auðkenning dýra af hestaætt að vera fyrsta skrefið í átt að kerfi til auðkenningar og skráningar fyrir dýr af hestaætt sem lokið verður í tengslum við nýja stefnu Bandalagsins er varðar dýraheilbrigði.

37) Með tilliti til samræmdrar beitingar löggjafar Bandalagsins varðandi auðkenningu á dýrum af hestaætt í aðildarríkjunum og til þess að tryggja að hún sé skýr og gagnsæ skal fella úr gildi ákvörðun 93/623/EBE og ákvörðun 2000/68/EB og þessi reglugerð koma í þeirra stað.

38) Rétt er að kveða á um umbreytingarráðstafanir til þess að aðildarríkin geti lagað sig að reglunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

39) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og fastanefndarinnar um dýrarækt.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur varðandi auðkenningu dýra af hestaætt:

a) sem eru fædd í Bandalaginu eða

b) sem eru sett í frjálsra dreifingu í Bandalaginu í samræmi við tollafgreiðsluna sem skilgreind er í a-lið 16. mgr. 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2913/92.

2. Þessi reglugerð gildir með fyrirvara um:

a) reglugerð (EBE) nr. 706/73 og ákvörðun 96/78/EB og

b) ráðstafanir aðildarríkjanna til að skrá bújarðir þar sem dýr af hestaætt eru haldin.

([1]) Stjtíð. ESB L165, 30.4.2004, bls. 1; leiðrétt útgáfa (Stjtíð. ESB L 191, 28.5.2004, bls. 1) Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1791/2006.

2. gr.

Skilgreiningar

1. Að því er varðar þessa reglugerð gilda skilgreiningarnar í a-lið, c- til f-lið, h- og i-lið 2. gr. tilskipunar 90/426/EBE og í c-lið 2. gr. tilskipunar 90/427/EBE.

2. Jafnframt gilda eftirfarandi skilgreiningar:

a) „umsjónarmaður“: einstaklingur eða lögaðili, sem á eða hefur til vörslu eða hefur verið falið að gæta dýrs af hestaætt, gegn gjaldi eða án þess og hvort heldur til frambúðar eða til bráðabirgða, þ.m.t. í flutningum, á mörkuðum eða meðan á keppnum, kapphlaupum eða menningarviðburðum stendur,

b) „merkissvari“: skrifvarinn, hlutlaus búnaður til auðkenningar með tíðni fyrir þráðlausar sendingar:

   i. sem samræmist staðlinum ISO 11784 og styðst við HDX- eða FDX-B-tækni og

   ii. sem hægt er að lesa af með búnaði sem er samhæfður staðlinum ISO 11785, í 12 cm fjarlægð hið minnsta,

c) „dýr af hestaætt“: villt eða tamin hófdýr af öllum tegundum, sem falla undir ættkvíslina Equus af ættinni Equidae, og kynblendingar þeirra,

d) „einkvæmt lífsnúmer“: einkvæmur 15 stafa alstafakóði sem geymir upplýsingar um hvert og eitt dýr af hestaætt og gagnagrunninn og landið þar sem slíkar upplýsingar eru fyrst skráðar í samræmi við alþjóðlegt lífsnúmerakerfi fyrir hross (UELN-kerfið), og samanstendur af:

   i. sex tölustafa auðkenniskóða sem samrýmist UELN-kerfinu fyrir gagnagrunninn sem um getur í 1. mgr. 21. gr. og síðan kemur

   ii. níu tölustafa einstaklingsbundið auðkennisnúmer sem hverju dýri af hestaætt er úthlutað,

e) „snjallkort“: búnaður úr plasti með innbyggðum tölvukubb sem getur geymt gögn og sent þau rafrænt til samhæfðra tölvukerfa.

II. KAFLI

AUÐKENNISSKÍRTEINI

3. gr.

Almennar meginreglur og skylda til að auðkenna dýr af hestaætt

1. Ekki má halda dýr af hestaætt, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., nema þau séu auðkennd í samræmi við þessa reglugerð.

2. Ef umsjónarmaðurinn hefur ekki eignarhald á tilteknu dýri af hestaætt skal hann, í samræmi við þessa reglugerð, koma fram fyrir hönd þess einstaklings eða lögaðila sem hefur eignarhald á viðkomandi dýri af hestaætt og í samráði við hann (eigandann).

3. Að því er varðar þessa reglugerð skulu eftirtalin atriði vera hluti af auðkenningarkerfinu fyrir dýr af hestaætt:

a) einkvæmt auðkennisskírteini til lífstíðar,

b) aðferð til að tryggja ótvíræða tengingu milli auðkennisskírteinisins og viðkomandi dýrs af hestaætt,

c) gagnagrunnur, þar sem sanngreiningarupplýsingarnar, sem tengjast dýrinu, sem auðkennisskírteini var gefið út fyrir til aðila sem skráður er í sama gagnagrunninum, eru skráðar undir einkvæmu auðkennisnúmeri.

4. gr.

Aðilar sem gefa út auðkennisskírteini fyrir dýr af hestaætt

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að auðkennisskírteini, sem um getur í 1. mgr. 5. gr. fyrir skráð dýr af hestaætt, sé gefið út af eftirtöldum aðilum (útgáfuaðilum):

a) samtökunum eða félaginu sem hefur verið opinberlega viðurkennt eða samþykkt af hálfu aðildarríkisins, eða af hálfu opinberrar stofnunar viðkomandi aðildarríkis, hvort tveggja eins og um getur í fyrsta undirlið c-liðar 2. gr. tilskipunar 90/427/EBE, sem sér um ættbókina fyrir þetta dýrakyn, eins og um getur í c-lið 2. gr. tilskipunar 90/426/EBE eða

b) útibúi alþjóðasambands eða -samtaka með höfuðstöðvar í tilteknu aðildarríki, sem hafa umsjón með keppnis- eða veðhlaupahestum eins og um getur í c-lið 2. gr. tilskipunar 90/426/EBE.

2. Auðkennisskírteinin, sem yfirvöld þriðja lands gefa út og sem gefa út ættartöluvottorð í samræmi við við þriðja undirlið 1. gr. ákvörðunar 96/510/EB, teljast gild í samræmi við þessa reglugerð fyrir skráð dýr af hestaætt sem um getur í b-lið 1. mgr. 1. gr.

3. Útgáfuaðili auðkennisskírteinis, sem um getur í 1. mgr. 5. gr. fyrir dýr af hestaætt til ræktunar og framleiðslu, skal tilnefndur af hálfu lögbæra yfirvaldsins.

4. Þeir útgáfuaðilar, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr., skulu fara eftir þessari reglugerð, einkum ákvæðum 5. gr., 8. til 12. gr., 14., 16., 17., 21. og 23. gr.

5. Aðildarríkin skulu taka saman og halda uppfærða skrá yfir útgáfuaðila og birta þessar upplýsingar á vefsetri þar sem þær eru aðgengilegar öðrum aðildarríkjum og almenningi.

Upplýsingum um útgáfuaðila skulu fylgja a.m.k. þær samskiptaupplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 19. gr.

Í því skyni að aðstoða aðildarríkin við að gera þessar uppfærðu skrár aðgengilegar skal framkvæmdastjórnin halda úti vefsetri þar sem hvert aðildarríki skal setja hlekk á eigið vefsetur.

6. Þær skrár yfir útgáfuaðila í þriðju löndum, sem um getur í 2. mgr., skulu teknar saman og uppfærðar í samræmi við eftirfarandi skilyrði:

a) lögbært yfirvald í þriðja landi, þar sem útgáfuaðilinn er staðsettur, ábyrgist eftirfarandi:

   i. að útgáfuaðilinn fari að ákvæðum 2. mgr.,

   ii. að útgáfuaðilinn, hafi hann verið samþykktur í samræmi við tilskipun 94/28/EBE, uppfylli kröfuna um upplýsingar sem um getur í 3. mgr. 21. gr. þessarar reglugerðar,

   iii. skrár yfir útgáfuaðila eru teknar saman, uppfærðar og lagðar fyrir framkvæmdastjórnina,

b) framkvæmdastjórnin skal:

   i. senda aðildarríkjunum reglulegar tilkynningar um nýjar eða uppfærðar skrár sem lögbær yfirvöld í viðkomandi þriðju löndum hafa sent henni í samræmi við iii. lið a-liðar,

   ii. sjá til þess að almenningur hafi aðgang að uppfærðum útgáfum af þessum skrám,

   iii. ef nauðsyn krefur skal bæta málinu, sem tengist skránni yfir útgáfuaðila í þriðju löndum, án ástæðulausrar tafar á dagskrá fastanefndarinnar um dýrarækt til ákvörðunar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr. tilskipunar ráðsins 88/661/EBE ([1]).

5. gr.

Auðkenning dýra af hestaætt sem eru fædd í Bandalaginu

1. Dýr af hestaætt, sem eru fædd í Bandalaginu, skulu auðkennd með einkvæmu auðkennisskírteini í samræmi við fyrirmyndina að auðkennisskírteini fyrir dýr af hestaætt sem sett er fram í I. viðauka (auðkennisskírteini eða vegabréf). Það skal gefið út og gilda allan æviferil viðkomandi dýrs af hestaætt.

Auðkennisskírteinið skal vera á prentuðu, óskiptanlegu sniði og hafa að geyma færslur til þess að unnt sé að setja inn upplýsingar sem krafist er samkvæmt eftirfarandi þáttum þess:

a) ef um er að ræða skráð dýr af hestaætt: I. til X. þáttur,

b) ef um er að ræða dýr af hestaætt til ræktunar og framleiðslu: a.m.k. I., III., IV. og VI. til IX. þáttur.

2. Útgáfuaðilinn skal sjá til þess að ekkert auðkennisskírteini sé gefið út fyrir dýr af hestaætt nema a.m.k. I. þáttur þess hafi verið útfylltur á viðeigandi hátt.

3. Með fyrirvara um 1. mgr. 1. gr. ákvörðunar 96/78/EB og þrátt fyrir ákvæði a-liðar 1. mgr. og 2. mgr. þessarar greinar skulu skráð dýr af hestaætt auðkennd í auðkennisskírteininu í samræmi við reglur útgáfuaðilanna sem um getur í 1. eða 2. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar.

([1]) Stjtíð. EB L 382, 31.12.1988, bls. 36.

4. Að því er varðar skráð dýr af hestaætt skal útgáfuaðilinn, sem um getur í a-lið 1. mgr. og 2. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar, færa inn í II. þátt auðkennisskírteinisins upplýsingarnar í upprunavottorðinu sem um getur í d-lið 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/427/EBE.

Í samræmi við meginreglur samþykktu eða viðurkenndu ræktunarsamtakanna, sem halda ættbók fyrir það upprunalega kyn sem viðkomandi skráð dýr af hestaætt tilheyrir, skal upprunavottorðið hafa að geyma allar upplýsingar um ættartölu dýrsins, þann þátt ættbókarinnar sem um getur í 2. eða 3. gr. ákvörðunar 96/78/EB og, ef hann er fyrir hendi, þann flokk í aðalkaflanum sem dýrið af hestaætt er skráð í.

5. Til þess að fá auðkennisskírteini skal umsjónarmaðurinn, eða eigandinn ef þess er sérstaklega krafist samkvæmt lögum í því aðildarríki þar sem dýrið er fætt, leggja fram umsókn innan þeirra tímamarka sem kveðið er á um í 6. mgr. þessarar greinar og í 1. mgr. 7. gr. að því er varðar auðkennisskírteinið sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, hjá útgáfuaðilanum, sem um getur í 1., 2. eða 3. mgr. 4. gr., og veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að fara að ákvæðum þessarar reglugerðar.

6. Með fyrirvara um 1. mgr. 13. gr. skulu dýr af hestaætt, sem fædd eru í Bandalaginu, auðkennd í samræmi við þessa reglugerð fyrir 31. desember á fæðingarári viðkomandi dýrs af hestaætt eða innan sex mánaða frá fæðingardegi, eftir því hvora dagsetninguna ber upp síðar.

Þrátt fyrir 1. undirgrein er aðildarríkjunum heimilt að takmarka þennan hámarksfrest til að auðkenna dýr af hestaætt við sex mánuði.

Þau aðildarríki sem nýta sér undanþáguna, sem kveðið er á um í annarri undirgrein, skulu upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um það.

7. Röð þátta og númeraröðun þeirra skal haldast óbreytt í auðkennisskírteininu, nema að því er varðar 1. þátt sem setja má í miðopnu skírteinisins.

8. Ekki skal gera eftirrit af auðkennisskírteininu eða skipta því út, nema í samræmi við ákvæði 16. og 17. gr.

6. gr.

Undanþága frá útfyllingu I. þáttar auðkennisskírteinisins

Ef merkissvara hefur verið stungið undir húð í samræmi við 11. gr., eða ef sérstakt, óafmáanlegt og sýnilegt merki er notað í staðinn í samræmi við 12. gr., er heimilt, þrátt fyrir 2. mgr. 5. gr., að sleppa því að fylla út upplýsingarnar í b- til h-lið 3. liðar í A-hluta I. þáttar og í 12. til 18. lið í skýringarmyndinni í B-hluta I. þáttar auðkennisskírteinisins eða að notast við ljósmynd eða útprentun, sem er nægilega skýr til þess að unnt sé að sanngreina viðkomandi dýr af hestaætt, í stað þess að fylla út skýringarmyndina.

Undanþágan, sem kveðið er á um í fyrstu málsgreininni, er með fyrirvara um þær reglur um auðkenningu dýra af hestaætt sem útgáfuaðilarnir, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. 4. gr., hafa mælt fyrir um.

7. gr.

Undanþágur varðandi auðkenningu tiltekinna dýra af hestaætt sem lifa villt eða hálfvillt

1. Þrátt fyrir 1., 3. og 5. mgr. 5. gr. getur lögbært yfirvald ákveðið að dýr af hestaætt, sem tilheyra skilgreindum stofnum sem lifa villtir eða hálfvilltir á tilteknum svæðum, m.a. á náttúruverndarsvæðum, sem viðkomandi yfirvald skilgreinir, skuli því aðeins auðkennd í samræmi við ákvæði 5. gr. ef þau eru flutt burt af slíkum svæðum eða tekin í notkun sem húsdýr.

2. Þau aðildarríki, sem hyggjast nýta sér undanþáguna sem kveðið er á um í 1. mgr., skulu tilkynna framkvæmdastjórnni um stofnana og svæðin sem um er að ræða:

a) innan sex mánaða frá gildistökudegi þessarar reglugerðar eða

b) áður en undanþágunni er beitt.

8. gr.

Auðkenning innfluttra dýra af hestaætt

1. Umsjónarmaðurinn, eða eigandinn ef þess er sérstaklega krafist samkvæmt lögum í því aðildarríki þar sem dýrið er flutt inn, skal sækja um auðkennisskírteini eða um skráningu á fyrirliggjandi auðkennisskírteini í gagnagrunn viðeigandi útgáfuaðila, í samræmi við 21. gr., innan 30 daga frá þeim degi þegar tollafgreiðslu lýkur, eins og hún er skilgreind í a-lið 16. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2913/92, þegar:

a) dýr af hestaætt eru flutt inn til Bandalagsins, eða

b) um er að ræða tímabundinn aðflutning sem er skilgreindur í i-lið 2. gr. tilskipunar 90/426/EBE sem breytt er í endanlegan innflutning í samræmi við iii. lið 19. gr. þeirrar tilskipunar.

2. Ef dýri af hestaætt, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, fylgja skjöl sem ekki eru í samræmi við 1. mgr. 5. gr. eða þar koma ekki fram tilteknar upplýsingar sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð, skal útgáfuaðilinn, að beiðni umsjónarmannsins, eða eigandans ef þess er sérstaklega krafist samkvæmt lögum aðildaríkisins þar sem dýrið er flutt inn:

a) fylla út umrædd skjöl svo þau séu í samræmi við kröfurnar í 5. gr., og

b) skrá sanngreiningarupplýsingar viðkomandi dýrs af hestaætt og viðbótarupplýsingar í gagnagrunninn í samræmi við 21. gr.

3. Ef ekki er unnt að breyta skjölum, sem fylgja dýrum af hestaætt og um getur í 1. mgr. þessarar greinar svo þau séu í samræmi við kröfurnar sem um getur í 1. og 2. mgr. 5. gr., skulu þau ekki teljast gild til auðkenningar samkvæmt þessari reglugerð.

Ef skjölin, sem um getur í fyrstu undirgrein, eru afhent útgáfuaðilanum eða hann ógildir þau ber að skrá þann gerning í gagnagrunninn, sem um getur í 21. gr., og dýrin af hestaætt skulu auðkennd í samræmi við 5. gr.

III. KAFLI

ATRIÐI SEM BER AÐ YFIRFARA FYRIR ÚTGÁFU AUÐKENNISSKÍRTEINA OG ÁÐUR EN MERKISSVARAR ERU NOTAÐIR

9. gr.

Sannprófun á einkvæmum auðkennisskírteinum sem gefin eru út fyrir dýr af hestaætt

Áður en auðkennisskírteini er gefið út skal útgáfuaðilinn, eða einstaklingurinn sem kemur fram fyrir hönd hans, gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að:

a) sannprófa að ekkert slíkt auðkennisskírteini hafi áður verið gefið út fyrir viðkomandi dýr af hestaætt,

b) koma í veg fyrir útgáfu margra auðkennisskírteina fyrir eitt og sama dýrið af hestaætt í sviksamlegum tilgangi.

Þessar ráðstafanir skulu að minnsta kosti fela í sér að farið sé yfir viðeigandi skjöl og rafrænar skrár, kannað sé hvort dýrið beri einhver tákn eða merki sem benda til fyrri auðkenningar og að beitt sé þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í 10. gr.

10. gr.

Ráðstafanir til að greina fyrri, virkar merkingar á dýrum af hestaætt

1. Ráðstafanirnar, sem um getur í 9. mgr., skulu a.m.k. vera ráðstafanir til þess að greina:

a) hvort einhverjum merkissvara hafi áður verið stungið undir húð með því að nota aflestrartæki sem samræmist staðlinum ISO 11785 og getur lesið HDX- og FDX-B merkissvara, a.m.k. þegar aflestrartækið er í beinni snertingu við þann hluta líkamans, þar sem merkissvara er stungið við venjulegar aðstæður,

b) hvers kyns klínísk einkenni sem benda til þess að ístunginn merkissvari hafi verið fjarlægður með skurðaðgerð,

c) hvers kyns önnur merki á dýrinu sem notuð hafa verið í samræmi við b-lið 3. mgr. 12. gr.

2. Ef ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í 1. mgr., benda til þess að merkissvara hafi áður verið stungið undir húð, eða að eitthvert annað merki hafi verið notað í samræmi við b-lið 3. mgr. 12. gr., skal útgáfuaðilinn grípa til eftirfarandi ráðstafana:

a) ef um er að ræða dýr af hestaætt sem fædd eru í einhverju aðildarríkjanna skal hann gefa út eftirrit eða staðgönguauðkennisskírteini í samræmi við 16. eða 17. gr.,

b) ef um er að ræða innflutt dýr af hestaætt skal hann fara eftir 2. mgr. 8. gr.

3. Ef ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í b-lið 1. mgr., benda til þess að merkissvara hafi áður verið stungið undir húð, eða ef ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í c-lið 1. mgr., benda til þess að eitthvert annað merki hafi verið notað, skal útgáfuaðilinn færa upplýsingarnar á viðeigandi hátt í A-hluta auðkennisskírteinisins og í I. þátt B-hlutans á skýringarmynd þess.

4. Ef óskjalfest fjarlæging merkissvara eða annars merkis, sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar, hefur verið staðfest í tengslum við dýr af hestaætt, sem fætt er í Bandalaginu, skal útgáfuaðilinn, sem um getur í 1. eða 3. mgr. 4. gr., gefa út staðgönguauðkennisskírteini í samræmi við 17. gr.

11. gr.

Rafrænar aðferðir við sannprófun auðkennis

1. Útgáfuaðilinn skal sjá til þess að þegar dýr af hestaætt er fyrst auðkennt skuli það merkt með því að stinga merkissvara undir húð á því.

Aðildarríkin skulu mæla fyrir um lágmarksmenntun og hæfi sem krafist er vegna inngripsins sem um getur í fyrstu undirgrein, eða tilnefna einstakling eða starfsgrein sem fela skal slíkar aðgerðir.

2. Merkissvaranum skal stungið undir húð á hnakkabandssvæðinu mitt á milli hnakka og herðakambs að viðhafðri smitgát.

Þó getur lögbært yfirvald leyft að merkissvara sé stungið undir húð á öðrum stað á hálsi dýrs af hestaætt, að því tilskildu að ístunga þar stofni ekki velferð dýrsins í hættu og auki ekki hættu á að merkissvarinn færist úr stað, umfram þá aðferð sem um getur í fyrstu undirgrein.

3. Þegar merkissvaranum er stungið undir húð í samræmi við 1. og 2. mgr. skal útgáfuaðilinn færa eftirfarandi upplýsingar inn í auðkennisskírteinið:

a) í 5. lið A-hluta I. þáttar: a.m.k. síðustu 15 tölustafi kóðans, sem merkissvarinn sendir frá sér og birtast á aflestrartæki eftir ístungu, ásamt, eftir því sem við á, sjálflímandi miða með strikamerki eða útprentun á strikamerkinu með a.m.k. þessa síðustu 15 tölustafina í kóðanum sem merkissvarinn sendir frá sér,

b) í 11. lið A-hluta I. þáttar: undirritun og stimpil aðilans sem um getur í 1. mgr. og sá um auðkenninguna og stakk merkissvaranum undir húð,

c) í 12. eða 13. lið skýringarmyndar í B-hluta I. þáttar, eftir því hvoru megin merkissvaranum hefur verið stungið undir húðina: staðsetningu ístungna merkissvarans í dýrið af hestaætt.

4. Þrátt fyrir a-lið 3. mgr. þessarar greinar og þegar ráðstafanirnar sem kveðið er á um í 2. mgr. 26. gr. eru gerðar vegna dýrs af hestaætt sem áður hefur verið merkt með ístungnum merkissvara, sem ekki er í samræmi við staðlana sem skilgreindir eru í b-lið 2. mgr. 2. gr., skal setja nafn framleiðanda aflestrarkerfisins í 5. lið A-hluta I. þáttar auðkennisskírteinisins.

5. Ef aðildarríki mæla fyrir um reglur í samræmi við staðlana sem um getur í b-lið 2. mgr. 2. gr. til að tryggja einkvæmni númeranna, sem merkissvararanir birta, sem útgáfuaðilar, sem um getur í a-lið 1. mgr. 4. gr., hafa komið fyrir og lögbær yfirvöld viðkomandi aðildarríkis hafa samþykkt í samræmi við ákvörðun 92/353/EBE, skal beita þeim reglum þannig að það skapi ekki vanda fyrir auðkenningarkerfið sem útgáfuaðili í öðru aðildarríki eða þriðja landi hefur mælt fyrir um, enda hafi sú auðkenning verið í samræmi við þessa reglugerð að beiðni umsjónarmanns, eða eigandans ef þess er sérstaklega krafist samkvæmt lögum aðildarríkisins þar sem dýrið er fætt.

12. gr.

Staðgönguaðferðir til að sannprófa auðkenningu

1. Þrátt fyrir 1. mgr. 11. gr. geta aðildarríki heimilað auðkenningu dýra af hestaætt með heppilegum staðgönguaðferðum, þ.m.t. merki, sem veita jafngildar vísindalegar tryggingar sem, einar sér eða í sameiningu, tryggja að unnt sé að sannreyna auðkenni dýrsins af hestaætt og að komið sé á skilvirkan hátt í veg fyrir að gefin séu út tvö auðkennisskírteini (staðgönguaðferð).

Útgáfuaðilinn skal sjá til þess að ekkert auðkennisskírteini sé gefið út fyrir dýr af hestaætt nema staðgönguaðferðin, sem um getur í fyrstu undirgrein, sé færð inn í 6. eða 7. lið A-hluta I. þáttar auðkennisskírteinisins og skráð í gagnagrunninn í samræmi við f-lið 1. mgr. 21. gr.

2. Ef staðgönguaðferð er notuð skal umsjónarmaðurinn leggja fram úrræði til þess að nálgast upplýsingarnar um auðkenningu eða, ef við á, bera kostnað af sannprófun á auðkenni dýrsins.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess:

a) að staðgönguaðferðirnar séu ekki notaðar sem eina úrræðið til að sannprófa auðkenni meginþorra dýra af hestaætt sem er auðkenndur í samræmi við þessa reglugerð,

b) að ekki sé hægt að ruglast á sýnilegum merkjum, sem notuð eru fyrir dýr af hestaætt til ræktunar og framleiðslu, og þeim sem eru tekin frá til notkunar fyrir skráð dýr af hestaætt á yfirráðasvæði þeirra.

4. Þau aðildarríki sem hyggjast nýta sér undanþáguna sem kveðið er á um í 1. mgr. skulu koma upplýsingum þess efnis á framfæri við framkvæmdastjórnina, önnur aðildarríki og almenning á vefsetri.

Í því skyni að aðstoða aðildarríkin við að gera þessar upplýsingar aðgengilegar skal framkvæmdastjórnin halda úti vefsetri þar sem hvert aðildarríki skal setja hlekk á eigið vefsetur.

IV. KAFLI

TILFLUTNINGUR OG FLUTNINGAR DÝRA AF HESTAÆTT

13. gr.

Tilflutningur og flutningar skráðra dýra af hestaætt og dýra af hestaætt til ræktunar og framleiðslu

1. Auðkennisskírteini skal ávallt fylgja skráðum dýrum af hestaætt og dýrum af hestaætt til ræktunar og framleiðslu.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. þarf auðkennisskírteini ekki að fylgja dýrum af hestaætt, sem um getur í þeirri málsgrein, þegar þau:

a) eru í húsi eða bithaga og umsjónarmaðurinn getur framvísað auðkennisskírteininu tafarlaust,

b) eru flutt til bráðabirgða á fæti, annaðhvort:

   i. í nágrenni bújarðarinnar innan aðildarríkis, þannig að framvísa megi auðkennisskírteininu innan þriggja klukkustunda eða

   ii. færð til og frá sumarbithögum í tengslum við farbeit dýra af hestaætt og framvísa má auðkennisskírteininu á bújörðinni sem farið var frá,

c) eru enn á spena og fylgja móður eða fósturhryssu,

d) taka þátt í þjálfun eða prófun fyrir reiðkeppni eða viðburð sem krefst þess að þau þurfi að fara af staðnum þar sem keppnin eða viðburðurinn er haldinn,

e) eru flutt til eða flutt vegna neyðarástands sem varðar sjálf dýrin af hestaætt, eða, með fyrirvara um annan undirlið 1. mgr. 14. gr. tilskipunar 2003/85/EB, til bújarðarinnar þar sem þau eru haldin.

14. gr.

Undanþágur vegna tiltekinna tilflutninga og flutninga með eða án einfaldaðra auðkennisskírteina

1. Þrátt fyrir 1. mgr. 13. gr. getur lögbært yfirvald heimilað tilflutning eða flutning innan aðildarríkis á þeim dýrum af hestaætt, sem um getur í þeirri málsgrein, án þess að þeim fylgi auðkennisskírteini, að því tilskildu að þeim fylgi snjallkort sem gefið er út af sama aðila og gaf út auðkennisskírteini þeirra og hefur að geyma upplýsingarnar sem settar eru fram í II. viðauka.

2. Þau aðildarríki, sem nýta sér undanþáguna sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar, geta veitt hvert öðru undanþágur vegna tilflutninga eða flutninga dýra af hestaætt, sem um getur í 1. mgr. 13. gr., innan yfirráðasvæðis þeirra.

Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um fyrirætlan sína um að veita slíkar undanþágur.

3. Útgáfuaðilinn skal gefa út bráðabirgðaskjal þar sem er að finna a.m.k. tilvísun til einkvæms lífsnúmers og, liggi hann fyrir, kóða merkissvarans, þannig að tilflutningur eða flutningur dýra af hestaætt sé leyfður innan sama aðildarríkis á tímabili sem ekki er lengra en 45 dagar, og á meðan er auðkennisskírteinið afhent útgáfuaðila eða lögbæru yfirvaldi svo upplýsingar um auðkenningu verði uppfærðar.

4. Ef dýr af hestaætt er flutt til annars aðildarríkis eða í gegnum annað aðildarríki á tímabilinu sem um getur í 3. mgr. skal, án tillits til skráningarstöðu dýrsins, auk bráðabirgðaskjalsins fylgja því heilbrigðisvottorð í samræmi við viðauka C við tilskipun 90/426/EBE. Ef dýrið er ekki merkt með merkissvara eða ef dýrið er ekki auðkennt með staðgönguaðferð í samræmi við 12. gr. þessarar reglugerðar skal fylgja heilbrigðisvottorðinu lýsing í samræmi við I. þátt auðkennisskírteinisins.

15. gr.

Tilflutningar og flutningar dýra af hestaætt til slátrunar

1. Auðkennisskírteinið, sem gefið er út í samræmi við 1. mgr. 5 gr. eða 8. gr., skal fylgja dýrum af hestaætt við tilflutning eða flutning til sláturhúss.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. getur lögbært yfirvald heimilað að dýr af hestaætt, sem á að slátra og ekki hefur verið auðkennt í samræmi við 5. gr., sé flutt beint frá fæðingarbújörð til sláturhúss innan sama aðildarríkis að því tilskildu að:

a) dýrið af hestaætt sé yngra en 12 mánaða og hafi sýnilegar stjörnur á mjólkurúttönnum,

b) óslitinn rekjanleiki sé frá fæðingarbújörð til sláturhúss,

c) í flutningum til sláturhússins sé unnt að sanngreina hvert dýr af hestaætt um sig í samræmi við 11. eða 12. gr.,

d) sendingunni fylgi upplýsingar um matvælaferlið í samræmi við III. þátt II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, þar á meðal tilvísun til auðkenningar hvers dýrs um sig sem um getur í c-lið þessarar málsgreinar.

3. Ákvæði b-, c- og d-liða 1. mgr. 19 . gr. gilda ekki ef um er að ræða tilflutning eða flutning dýra af hestaætt til slátrunar í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar.

V. KAFLI

ÚTGÁFA EFTIRRITA, ÚTSKIPTING- OG TÍMABUNDIN NIÐURFELLING AUÐKENNISSKÍRTEINA

16. gr.

Eftirrit auðkennisskírteina

1. Hafi upprunalegt auðkennisskírteini glatast en unnt er að sanngreina dýr af hestaætt, nánar tiltekið með kóðanum sem merkissvarinn sendir eða með staðgönguaðferðinni, og yfirlýsing um eignarhald er tiltæk skal útgáfuaðilinn, sem um getur í 1. mgr. 4. gr., gefa út eftirrit auðkennisskírteinis með tilvísun til einkvæma lífsnúmersins og merkja skjalið greinilega sem slíkt (eftirrit auðkennisskírteinis).

Þegar svo háttar til skal dýr af hestaætt flokkað í II. hluta IX. þáttar í eftirriti auðkennisskírteinisins sem dýr sem ekki er ætlað til slátrunar til manneldis.

Upplýsingar um eftirrit auðkennisskírteinis, sem gefið hefur verið út, og flokkun dýrs af hestaætt í IX. þætti þess skulu færðar inn með tilvísun til einkvæma lífsnúmersins í gagnagrunninum sem um getur í 21. gr.

2. Þrátt fyrir aðra undirgrein 1. mgr. getur lögbært yfirvald ákveðið að fella tímabundið úr gildi stöðu dýrs af hestaætt, sem ætlað er til slátrunar til manneldis, um sex mánaða skeið ef umsjónarmaðurinn getur með fullnægjandi hætti sýnt fram á það innan 30 daga frá því tilkynnt var um að auðkennisskírteini hefði glatast að stöðu dýrs af hestaætt, sem ætlað er til slátrunar til manneldis, hafi ekki verið teflt í tvísýnu vegna lyfjameðferðar.

Í því skyni skal lögbært yfirvald færa inn dagsetningu upphafs sex mánaða ógildingartímabilsins í fyrsta dálk III. hluta IX. þáttar í eftirriti auðkennisskírteinisins og fylla út þriðja dálk þess.

3. Ef útgáfuaðili, sem um getur í 2. mgr. 4. gr., gaf upprunalega auðkennisskírteinið, sem glataðist, út í þriðja landi skal viðkomandi, upphaflegi útgáfuaðilinn gefa út eftirrit auðkennisskírteinisins og senda til umsjónarmannsins eða, ef þess er sérstaklega krafist samkvæmt lögum aðildarríkisins þar sem dýrið af hestaætt er staðsett, til eigandans fyrir tilstilli útgáfuaðilans eða lögbærs yfirvalds í því aðildarríki.

Þegar svo háttar til skal dýrið af hestaætt flokkað í II. hluta IX. þáttar í eftirriti auðkennisskírteinisins sem dýr sem ekki er ætlað til slátrunar til manneldis og færslan í gagnagrunninn, sem um getur í 1. lið 1. mgr. 21. gr., löguð til samræmis við það.

Þó getur útgáfuaðili, sem um getur í a-lið 1.mgr. 4. gr., sem skráir dýr af hestaætt af viðkomandi kyni eða útgáfuaðili, sem um getur í b-lið 1. mgr. 4. gr., sem skráir dýr af hestaætt í því skyni í aðildarríkinu þar sem dýrið af hestaætt er staðsett, gefið út eftirrit auðkennisskírteinis, hafi upphaflegur útgáfuaðili í þriðja landi falllist á það.

4. Ef útgáfuaðili, sem ekki er lengur tiltækur, gaf út upprunalegt auðkennisskírteini, sem glataðist, skal útgáfuaðili í aðildarríkinu þar sem dýrið af hestaætt er staðsett gefa út eftirrit auðkennisskírteinis í samræmi við 1. mgr.

17. gr.

Staðgönguauðkennisskírteini

Hafi upprunalegt auðkennisskírteini glatast og ekki er unnt að sanngreina dýr af hestaætt skal útgáfuaðilinn, sem um getur í 3. mgr. 4. gr., í aðildarríkinu þar sem dýrið af hestaætt er staðsett, gefa út staðgönguauðkennisskírteini (staðgönguauðkennisskírteini) sem skal greinilega merkt sem slíkt og vera í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í b-lið 1. mgr. 5. gr.

Þegar svo háttar til skal dýrið af hestaætt flokkað í II. hluta IX. þáttar í staðgönguauðkennisskírteininu sem dýr sem ekki er ætlað til slátrunar til manneldis.

Upplýsingar um staðgönguauðkennisskírteini, sem gefið er út, og skráningarstöðu dýrsins af hestaætt og flokkun í IX. þátt skírteinisins skulu aðlagaðar til samræmis við það í gagnagrunninum, sem um getur í 21. gr., með tilvísun til einkvæma lífsnúmersins.

18. gr.

Ógilding auðkennisskírteina vegna tilflutnings

Opinber dýralæknir skal fella auðkennisskírteinið tímabundið úr gildi vegna tilflutnings með viðeigandi færslu í VIII. þátt þess, ef dýr af hestaætt er haldið á bújörð eða það kemur frá bújörð sem:

a) sett er bann á eins og um getur í 5. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/426/EBE, eða

b) er í aðildarríki eða hluta þess sem ekki er laust við afríkuhrossapest.

VI. KAFLI

DAUÐI DÝRA AF HESTAÆTT OG DÝR AF HESTAÆTT SEM ÆTLUÐ ERU TIL SLÁTRUNAR TIL MANNELDIS OG SKRÁNING LYFJAGJAFAR

19. gr.

Dauði dýra af hestaætt

1. Við slátrun eða dauða dýrs af hestaætt skal gera eftirfarandi ráðstafanir:

a) koma skal í veg fyrir að unnt verði að nota merkissvarann síðar í sviksamlegum tilgangi, nánar tiltekið með endurheimt, eyðingu eða förgun á staðnum,

b) auðkennisskírteinið skal gert ógilt, a.m.k. með því að stimpla „ógilt" á fyrstu síðu þess,

c) senda skal útgáfuaðila, annaðhvort millilíðalaust eða fyrir milligöngu tengiliðsins sem um getur í 4. mgr. 23. gr., með tilvísun til einkvæms lífsnúmers dýrsins af hestaætt, vottorð þess efnis að dýrinu af hestaætt hafi verið slátrað, það hafi verið aflífað eða hafi drepist, þ.m.t. dauðadægur dýrsins, og

d) ógilda auðkennisskírteinið skal eyðilagt.

2. Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í 1. mgr. skulu vera í höndum eða háðar eftirliti:

a) opinbers dýralæknis,

i. ef um að ræða slátrun eða aflífun vegna sjúkdómsvarna, í samræmi við i. lið 4.mgr. 4. gr. tilskipunar 90/426/EBE, eða

ii. eftir slátrun, í samræmi við 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 90/426/EBE, eða

b) lögbærs yfirvalds, sem skilgreint er í i-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002, ef um er að ræða förgun eða vinnslu skrokksins í samræmi við 4. eða 5. grein þeirrar reglugerðar.

3. Ef ekki er unnt að endurheimta merkissvara af dýri af hestaætt, sem er slátrað til manneldis, eins og krafist er í a-lið 1. mgr. skal opinber dýralæknir lýsa því yfir að kjötið eða sá hluti þess sem hefur að geyma merkissvarann sé óhæfur til manneldis í samræmi við n-lið 1. liðar V. kafla II. þáttar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004.

4. Þrátt fyrir d-lið 1. mgr. og með fyrirvara um reglurnar sem útgáfuaðili birtir í auðkennisskírteininu geta aðildarríki komið á málsmeðferðarreglum til þess að endursenda ógilda skírteinið til útgáfuaðila.

5. Í öllum tilvikum þegar dýr af hestaætt, sem ekki er getið um í þessari grein, deyr eða tapast skal umsjónarmaðurinn endursenda auðkennisskírteinið til viðeigandi útgáfuaðila, sem um getur í 1., 2. eða 3. mgr. 4. gr., innan 30 daga frá því dýrið deyr eða tapast.

20. gr.

Dýr af hestaætt sem ætluð eru til slátrunar til manneldis og skráning lyfjagjafar

1. Litið skal svo á að dýr af hestaætt sé ætlað til slátrunar til manneldis nema því sé afdráttarlaust lýst yfir í II. hluta IX. þáttar auðkennisskírteinisins að það sé ekki ætlað til manneldis, með undirritun:

a) umsjónarmanns eða eiganda að eigin ákvörðun, eða

b) umsjónarmanns og dýralæknis sem ber ábyrgðina, í samræmi við 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2001/82/EB.

2. Áður en til meðhöndlunar kemur í samræmi við 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2001/82/EB eða til meðhöndlunar með lyfi, sem leyft er í samræmi við 3. mgr. 6. gr. sömu tilskipunar, skal dýralæknir, sem ber ábyrgðina, ganga úr skugga um að staða dýrsins af hestaætt sé annað hvort að það sé ætlað til slátrunar til manneldis, sem er sjálfgefin staða, eða að það sé ekki ætlað til slátrunar til manneldis eins og sett er fram í II. hluta IX. þáttar auðkennisskírteinisins.

3 . Ef meðhöndlunin, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, er ekki leyfð fyrir dýr af hestaætt sem ætlað er til slátrunar til manneldis skal dýralæknirinn, sem ber ábyrgðina, sjá til þess í samræmi við undanþáguna, sem kveðið er á um í 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2001/82/EB, að því sé afdráttarlaust lýst yfir að viðkomandi dýr af hestaætt sé ekki ætlað til slátrunar til manneldis með því að:

a) fylla út og undirrita II. hluta IX. þáttar auðkennisskírteinisins og

b) ógilda III. hluta IX. þáttar auðkennisskírteinisins.

4. Ef dýr af hestaætt á að hljóta meðhöndlun við þau skilyrði sem um getur í 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 2001/82/EB skal dýralæknirinn, sem ber ábyrgðina, færa tilskildar upplýsingar um lyfið, sem inniheldur efni sem talin eru upp í reglugerð (EB) nr. 1950/2006 og eru nauðsynleg til að meðhöndla dýr af hestaætt, inn í III. hluta IX. þáttar auðkennisskírteinisins.

Dýralæknirinn, sem ber ábyrgðina, skal færa inn dagsetningu síðustu lyfjagjafar, eins og mælt er fyrir um, og í samræmi við 4. mgr. 11. gr. tilskipunar 2001/82/EB skal hann upplýsa umsjónarmanninn um þá dagsetningu sem biðtími til afurðanýtingar, sem er ákvarðaður í samræmi við 3. mgr. 10. gr. sömu tilskipunar, fellur úr gildi.

VII. KAFLI

SKRÁR OG VIÐURLÖG

21. gr.

Gagnagrunnur

1. Þegar útgáfuaðili gefur út auðkennisskírteini, eða skráir auðkennisskírteini sem áður hafa verið gefin út, skal hann skrá í gagnagrunn sinn a.m.k. eftirfarandi upplýsingar um hvert dýr af hestaætt:

a) einkvæmt lífsnúmer,

b) tegund,

c) kyn,

d) litur,

e) dagsetning (dagur, mánuður og ár) fæðingar,

f) ef við á, a.m.k. síðustu 15 tölustafir kóðans sem merkissvarinn sendir frá sér eða kóðann sem tæki til auðkenningar með tíðni fyrir þráðlausar sendingar, sem ekki er í samræmi við staðalinn sem skilgreindur er í b-lið 2. mgr. 2. gr., sendir frá sér ásamt upplýsingum um aflestrartæki sem krafist er eða staðgönguaðferð,

g) fæðingarland,

h) útgáfudagur auðkennisskírteinis og allar breytingar á því,

i) nafn og heimilisfang einstaklingsins sem auðkennisskírteinið er gefið út á,

j) staða dýrs sem skráðs dýrs af hestaætt eða dýrs af hestaætt til ræktunar og framleiðslu,

k) nafn dýrs (fæðingarheiti og ef við á, verslunarheiti),

l) þekkt staða dýrsins sem dýrs sem er ekki ætlað til slátrunar til manneldis,

m) upplýsingar sem varða öll afrit af auðkennisskírteini eða staðgönguauðkennisskírteini í samræmi við 16. og 17. gr.,

n) tilkynnt dauðadægur dýrsins.

2. Útgáfuaðilinn skal varðveita upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar á skrá í gagnagrunni sínum eigi skemur en 35 ár eða a.m.k. uns tvö ár eru liðin frá dauðadægri dýrsins af hestaætt sem tilkynnt er um í samræmi við c-lið 1. mgr. 19. gr.

3. Útgáfuaðilinn skal þegar í stað eftir skráningu upplýsinganna sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar tilkynna upplýsingarnar sem um getur í a- til f-liðum og n-lið þeirrar málsgreinar til miðlægs gagnagrunns í því aðildarríki þar sem dýrið af hestaætt fæddist, svo fremi slíkur miðlægur gagnagrunnur sé tiltækur i samræmi við 23. gr.

22. gr.

Upplýsingar um kóða gagnagrunna útgáfuaðilanna

Aðildarríkin skulu gera nöfn, heimilisföng, þ.m.t. upplýsingar um tengiliði, og sex tölustafa auðkenniskóða gagnagrunna útgáfuaðilanna, sem samrýmist UELN-kerfinu, aðgengileg fyrir önnur aðildarríki og almenning á vefsetri.

Í því skyni að aðstoða aðildarríkin við að gera þessar upplýsingar aðgengilegar skal framkvæmdastjórnin halda úti vefsetri þar sem hvert aðildarríki skal setja hlekk á eigið vefsetur.

23. gr.

Miðlægir gagnagrunnar, samstarfsaðilar og tengiliðir

1. Aðildarríki getur ákveðið að útgáfuaðili skuli færa upplýsingarnar, sem um getur í 21. gr., um dýr af hestaætt sem eru fædd eða auðkennd á yfirráðasvæði þess inn í miðlægan gagnagrunn eða að gagnagrunnur viðkomandi útgáfuaðila skuli nettengdur þeim miðlæga gagnagrunni (miðlægur gagnagrunnur).

2. Aðildarríkin skulu hafa með sér samstarf um starfrækslu miðlægra gagnagrunna sinna í samræmi við tilskipun 89/608/EBE.

3. Aðildarríkin skulu gera nafn, heimilisfang og sex tölustafa auðkenniskóða miðlægs gagnagrunns síns, sem samrýmist UELN-kerfinu, aðgengileg fyrir önnur aðildarríki og almenning á vefsetri.

Í því skyni að aðstoða aðildarríkin við að gera þessar upplýsingar aðgengilegar skal framkvæmdastjórnin halda úti vefsetri þar sem hvert aðildarríki skal setja hlekk á eigið vefsetur.

4. Aðildarríkin skulu útvega tengilið til að taka við vottorðinu, sem um getur í c-lið 1. mgr. 19. gr., til frekari dreifingar til viðkomandi útgáfuaðila sem samþykktir eru á yfirráðasvæði þeirra.

Tengiliðurinn getur verið samskiptastofnunin sem um getur í 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004.

Upplýsingar um tengilið, sem má fella inn í miðlæga gagnagrunninn, skulu aðgengilegar öðrum aðildarríkjum og almenningi á vefsetri.

Í því skyni að aðstoða aðildarríkin við að gera þessar upplýsingar aðgengilegar skal framkvæmdastjórnin halda úti vefsetri þar sem hvert aðildarríki skal setja hlekk á eigið vefsetur.

24. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn þessari reglugerð og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin, sem mælt er fyrir um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði eigi síðar en 30.júní 2009. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni án tafar um allar síðari breytingar á þeim.

VIII. KAFLI

UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

25. gr.

Niðurfelling

Ákvörðun 93/623/EB og ákvörðun 2000/68/EB eru felldar úr gildi frá og með 1. júlí 2009.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvarðanirnar sem tilvísanir í þessa reglugerð.

26. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Litið skal svo á að dýr af hestaætt, sem eru fædd eigi síðar en 30. júní 2009 og auðkennd með þeirri dagsetningu í samræmi við ákvörðun 93/623/EBE eða ákvörðun 2000/68/EB, sé auðkennd í samræmi við þessa reglugerð.

Auðkennisskírteini fyrir þessi dýr af hestaætt skulu skráð í samræmi við 1. mgr. 21. gr. þessarar reglugerðar, eigi síðar en 31. desember 2009.

2. Dýr af hestaætt, sem eru fædd eigi síðar en 30.júní 2009 en eru ekki auðkennd með þeirri dagsetningu í samræmi við ákvörðun 93/623/EBE eða ákvörðun 2000/68/EB, skulu auðkennd í samræmi við þessa reglugerð eigi síðar en 31. desember 2009.

27. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2009.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. júní 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri

I. VIÐAUKI

AUÐKENNISSKÍRTEINI FYRIR DÝR AF HESTAÆTT

VEGABRÉF

Almennt - Leiðbeiningar

Þessar leiðbeiningar eru teknar saman til að aðstoða notandann og standa ekki í vegi fyrir reglunum sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 504/2008.

I. Vegabréfið skal innihalda allar leiðbeiningar sem eru nauðsynlegar til notkunar þess og upplýsingar um útgáfuaðilann á frönsku, ensku og einu opinberu tungumáli aðildarríkisins eða landsins þar sem útgáfuaðilinn er með höfuðstöðvar.

II. Upplýsingar sem koma fram í vegabréfinu

A. Vegabréf skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

1. **I. og II. þáttur — Auðkenning**

Lögbært yfirvald skal auðkenna dýrið af hestaætt. Kenninúmerið skal auðkenna dýrið og aðilann sem gaf út auðkennisskírteinið með skýrum hætti og skal samrýmast UELN-kerfinu.

Í 5. lið I. þáttar skal gera ráð fyrir plássi fyrir a.m.k. 15 tölustafi kóða merkissvarans.

Ef um er að ræða skráð dýr af hestaætt skal vegabréfið hafa að geyma ættartölu og þann ættbókarflokk sem dýrið er skráð í, í samræmi við reglur viðurkenndu ræktunarsamtakanna sem gáfu vegabréfið út.

2. **III. þáttur — Eigandi**

Nafn eiganda eða umboðsaðila/fulltrúa hans skal koma fram ef útgáfuaðili fer fram á það.

3. **IV. þáttur — Skráning á sannprófun auðkenna**

Þegar lög og reglur útheimta eftirlit með auðkennum dýra af hestaætt skal lögbært yfirvald skrá eftirlitið.

4. **V. og VI. þáttur — Bólusetningarkort**

Allar bólusetningar skulu skráðar í V. þátt (einungis hestainflúensa) og í VI. þátt (allar aðrar bólusetningar). Upplýsingarnar geta verið í formi sjálflímandi miða.

5. **VII. þáttur — Heilbrigðisprófanir á rannsóknarstofu**

Niðurstöður allra prófana sem gerðar eru til þess að greina smitandi sjúkdóma skulu skráðar.

6. **VIII. þáttur — Gildistími skjals vegna tilflutninga**

Ógilding/endurfullgilding skjalsins í samræmi við 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/426/EBE og skrá yfir sjúkdóma sem skylt er að tilkynna um.

7. **IX. þáttur — Gjöf dýralyfja**

I. og II. eða III. hluta þessa þáttar skal fylla út á viðeigandi hátt í samræmi við leiðbeiningarnar sem settar eru fram í þessum þætti.

B. Vegabréf getur innihaldið eftirfarandi upplýsingar:

X. þáttur — Grunnkröfur um heilbrigði


I. ÞÁTTUR

A-hluti — Sanngreiningarupplýsingar

1) a) Espece: Tegund: 1) b) Sexe: Kyn:	4) Numéro unique d'identification valable a vie (15 chiffres): Tegund: Einkvæmt lifsnúmer (15 tölustafir): □□□-□□□-□□□□□□□□□
2) Date de naissance Fæðingardagur	5) Code du transpondeur (si disponible): Merkissvarakóði (liggi hann fyrir): Système de lecture (si different de ISO 11784) Aflestrartæki (ef annað en ISO-11784) Code-barres (optionnel) Strikamerki (valkvætt)
3) Signalement: Lýsing: 3) a) Robe: Litur 3) b) Tête: Haus	6) Methode de marquage alternative (si disponible): Staðgönguaðferð við merkingu (ef hún er fyrir hendi):
3) c) Ant. G: Vinstri framfótur: 3) d) Ant. D: Hægri framfótur: 3) e) Post G: Vinstri afturfótur:	7) Information sur toute autre méthode appropriée donnant des garanties pour verifier l'identité de l'animal (groupe sanguin/code ADN) (optionnel): Upplýsingar um aðra viðeigandi aðferð sem veitir ábyrgðir fyrir því að unnt sé að sanngreina dýrið (blóðflokkur/DNA-kóði) (valkvætt):
3) f) Post D: Hægri afturfótur: 3) g) Corps: Skrokkur 3) h) Marques: Merkingar:	8) Nom et adresse du destinataire du document: Nafn og heimilisfang einstaklingsins sem skjalið er gefið út á:
9) Le: Hinn: 10) Circonscription: Hérað:	11) Signature et cachet de Ia personne qualifiee (ou de rautorité competente) (en lettres capitales) Undirritun og stimpill einstaklings sem er til þess bær (eða lögbærs yfirvalds) (með hástöfum)

I. ÞÁTTUR

B-hluti — Skýringarmynd



Athugasemd til útgáfuaðila (prentist ekki í vegabréf): Lítils háttar frávik frá þessari fyrirmynd að skýringarmynd eru heimiluð, að því tilskildu að þau hafi verið í notkun fyrir gildistöku þessarar reglugerðar.

II. ÞÁTTUR

Certificat d'origine

Certificate of Origin

1) Nom: Heiti:	2) Nom commercial: Verslunarheiti:
3) Race: Kyn:	4) Classe dans le Iivre genealogique: Ættbókarflokkur:
5) Père genetique: Erfðafræðilegur faðir:	5) a) Grand-père: Afi:
6) Mere génétique: Erfðafræðileg móðir:	6) a) Grand-père: Afi:
7) Lieu de naissance: Fæðingarstaður:	*Ahugasemd*: Pedigree (si indiqu sur page additionnIIs) Ættartala (á viðbótarsíðu, ef við á)
8) Naisseur(s): Ræktandi eða ræktendur:	
9) Certificat d'origine validé le: par: Upprunavottorð, fullgilt: af:	10) a) Nom de linstance émetteur: Heiti útgáfuaðila: 10) b) Adresse: Heimilisfang:
10) c) N° de téléphone: Símanúmer:	10) d) N° de télécopie/e-mail: Bréfasímanúmer/tölvupóstfang:
10) e) Cachet: Stimpill:	10) f) Undirritun: (nom en lettres capitales et qualite du signataire) Undirritun: (Nafn, ritað með hástöfum, og staða undirritunaraðila)

Athugasemd til útgáfuaðila (prentist ekki í auðkennisskírteini): Frávik frá þessari fyrirmynd eru leyfð að því tilskildu að kröfur um lágmarksupplýsingar séu uppfylltar.

III. ÞÁTTUR

(Fyllist aðeins út ef samtökin, sem um getur í c-lið 2. gr. tilskipunar 90/426/EBE, krefjast þess og í samræmi við reglur þeirra)

Détails de droit de propriété

1. Pour les compétitions sous compétence de la Fédération équestre internationale, la nationalité du cheval est celle de son propriétaire.
2. En cas de changement de propriétaire, le passeport doit être immédiatement déposé auprès de l'organisation, l'association ou le service officiel l'ayant délivré avec le nom et l'adresse du nouveau propriétaire afin de le lui transmettre après réenregistrement.
3. S'il y a plus d'un propriétaire ou si le cheval appartient à une société, le nom de la personne responsable pour le cheval doit être inscrit dans le passeport ainsi que sa nationalité. Si les propriétaires sont de nationalités différentes, ils doivent préciser la nationalité du cheval.
4. Lorsque la Fédération équestre internationale approuve la location d'un cheval par une Fédération équestre nationale, les détails de ces transactions doivent être enregistrés par la Fédération équestre nationale intéressée.

(opinbert tungumál aðildarríkis/lands)

Upplýsingar um eignarhald

1. Þegar um er að ræða keppni sem haldin er undir merkjum Fédération équestre internationale telst þjóðerni hestsins vera það sama og þjóðerni eiganda hans.
2. Við eigendaskipti skal vegabréfið þegar í stað lagt fram hjá samtökunum, félaginu eða opinberu stofnuninni sem gaf það út ásamt nafni og heimilisfangi nýs eiganda, til endurskráningar og framsendingar til nýja eigandans.
3. Ef eigandi er fleiri en einn eða ef hesturinn er í eigu fyrirtækis skal færa nafn einstaklingsins sem ber ábyrgð á hestinum inn í vegabréfið ásamt þjóðerni hans. Ef eigendur eru af mismunandi þjóðerni skulu þeir ákvarða þjóðerni hestsins.
4. Ef Fédération équestre internationale samþykkir að landsbundin samtök hestamanna leigi hestinn skulu upplýsingar um þau viðskipti skráð hjá viðkomandi samtökum hestamanna.

Date d'enregistrement par l'organisation, l'association ou le service officiel **Dagsetning skráningar á vegum samtaka, félags eða opinberrar stofnunar**	**Nom du propriétaire** **Nafn eiganda**	**Adresse du propriétaire** **Heimilisfang eiganda**	**Nationalité du propriétaire** **Þjóðerni eiganda**	**Signature du propriétaire** **Undirritun eiganda**	**Cachet de l'organisation, association ou service officiel et signature** **Stimpill samtaka, félags eða opinberrar stofnunar og undirritun**

Athugasemd til útgáfuaðila (*prentist ekki í vegabréf*): Textinn í 1. til 4. lið þessa þáttar, eða hluti hans, skal aðeins prentaður ef hann er í samræmi við reglur samtakanna sem um getur í c-lið 2. gr. tilskipunar 90/426/EBE.

IV. ÞÁTTUR

Contrôles d'identité du cheval décrit dans ce passeport

L'identité de l'équidé doit être contrôlée chaque fois que les lois et règlements l'exigent: signer cette page signifie que le signalement du cheval/de l'équidé présenté est conforme à celui de la section I du passeport.

Eftirlit með auðkenningu á hestinum sem lýst er í vegabréfinu

Athuga skal auðkenningu dýrs af hestaætt í hvert sinn sem þess er krafist samkvæmt reglum og reglugerðum og votta að það sé í samræmi við lýsinguna sem gefin er í I. þætti vegabréfsins.

Date **Dagsetning**	**Ville et pays** **Bær og land**	**Motif du contrôle (concours, certificat sanitaire, etc.)** **Ástæða athugunar (viðburður, heilbrigðisvottorð, o.s.frv.)**	**Signature, nom en capitales et qualité de la personne ayant vérifié l'identité** **Undirritun, nafn (með hástöfum) og hæfi opinbers starfsmanns sem staðfestir auðkenningu.**

V. ÞÁTTUR

Grippe équine seulement

ou

Grippe équine dans le cadre de vaccins combinés

Enregistrement des vaccinations

Toute vaccination subie par le cheval/l'équidé doit être portée dans le cadre ci-dessous de façon lisible et précise avec le nom et la signature du vétérinaire.

Einungis hestainflúensa

eða

hestainflúensa þar sem notað er samsett bóluefni

Bólusetningarkort

Upplýsingar um allar bólusetningar, sem hestur/dýr af hestaætt fær, skulu skráðar greinilega og nákvæmt og vottaðar með nafni og undirritun dýralæknis.

Date **Dagsetning**	**Lieu** **Staður**	**Pays** **Land**	**Vaccin/Bóluefni**			**Nom en capitales et signature du vétérinaire** **Nafn dýralæknis (ritað með hástöfum) og undirritun hans**
			Nom **Nafn**	**Numéro du lot** **Númer framleiðslulotu**	**Maladie(s)** **Sjúkdómur/sjúkdómar**	

VI. ÞÁTTUR

Maladies autres que la grippe équine

Enregistrement des vaccinations

Toute vaccination subie par l'équidé doit être portée dans le cadre ci-dessous de façon lisible et précise avec le nom et la signature du vétérinaire.

Bólusetningarkort

Sjúkdómar, aðrir en hestainflúensa

Upplýsingar um allar bólusetningar, sem dýr af hestaætt fær, skulu skráðar greinilega og nákvæmt og vottaðar með nafni og undirritun dýralæknis.

Date **Dagsetning**	**Lieu** **Staður**	**Pays** **Land**	**Vaccin/Bóluefni**			**Nom en capitales et signature du vétérinaire** **Nafn dýralæknis (ritað með hástöfum) og undirritun hans**
			Nom **Nafn**	**Numéro du lot** **Númer framleiðslulotu**	**Maladie(s)** **Sjúkdómur/sjúkdómar**	

VII. ÞÁTTUR

Contrôles sanitaires effectués par des laboratoires

Le résultat de tout contrôle effectué par un vétérinaire pour une maladie transmissible ou par un laboratoire agréé par le service vétérinaire gouvernemental du pays doit être noté clairement et en détails par le vétérinaire qui représente l'autorité demandant le contrôle.

Heilbrigðisprófun á rannsóknarstofu

Dýralæknirinn, sem kemur fram fyrir hönd yfirvaldsins sem fer fram á prófunina, skal skrá greinilega og nákvæmt niðurstöður sérhverrar prófunar til greiningar á smitsjúkdómi sem dýralæknir eða rannsóknarstofa, sem opinber dýralæknaþjónusta landsins hefur viðurkennt, framkvæmir.

Date de prélèvement Sýnatökudagur	Maladies transmissibles concernées Smitsjúkdómar sem prófað var m.t.t.	Nature de l'examen Tegund prófunar	Résultat de l'examen Niðurstöður prófunar	Laboratoire officiel d'analyse du prélèvement Opinber rannsóknarstofa sem sýni er sent til	Nom en capitales et signature du vétérinaire Nafn dýralæknis (ritað með hástöfum) og undirritun hans

VIII. ÞÁTTUR

INVALIDATION/REVALIDATION DU DOCUMENT DANS LE CADRE DES MOUVEMENTS

Conformément à l'article 4, paragraphe 4, de la directive 90/426/CEE

ÓGILDING/ENDURGILDING SKJALSINS VEGNA TILFLUTNINGA

Í samræmi við 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 90/426/EBE

Date Dagsetning	Lieu Staður	Validité du document Gildistími skjals		Maladie Sjúkdómur (útfyllist eins og getið er hér á eftir)	Nom en capitales et signature du vétérinaire officiel Nafn opinbers dýralæknis ritað með hástöfum og undirritun hans
		Validité suspendue Tímabundin ógilding	Validité rétablie Gildistími endurnýjaður		

MALADIES À DÉCLARATION OBLIGATOIRE — SJÚKDÓMAR SEM SKYLT ER AÐ TILKYNNA UM	
1. Peste équine — African horse sickness — afríkuhrossapest	5. Encéphalomyélites équines (sous toutes ses formes, y compris la VEE) — equine encephalomyelitis (all types including VEE) — heila- og mænubólga í hestum (öll afbrigði, þ.m.t. venesúelaheila- og mænubólga í hestum)
2. Stomatite vésiculeuse — vesicular stomatitis — munnblöðrubólga	6. Anémie infectieuse — equine infectious anaemia — smitandi blóðleysi í hestum
3. Dourine — dourine — dúrín	7. Rage — rabies — hundaæði
4. Morve — glanders — sníf	8. Fièvre charbonneuse — anthrax — miltisbrandur

IX. ÞÁTTUR

Gjöf dýralyfja

Einkvæmt lifsnúmer ([1])

□□□-□□□-□□□□□□□□□

I. hluti

Dagsetning og útgáfustaður þessa þáttar ([1]): .....

Útgáfuaðili fyrir þennan þátt auðkennisskírteinisins ([1]): .....

II. hluti

Athugasemd: Dýrið af hestaætt er ekki ætlað til slátrunar til manneldis.

Því má gefa dýrinu af hestaætt þau dýralyf sem eru leyfð í samræmi við 3. mgr. 6. gr. eða þau sem eru gefin í samræmi við 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2001/82/EB.

Ég undirritaður eigandi ([2])/fulltrúi eigandans ([2])/umsjónarmaður ([2]) lýsi því yfir að dýrið af hestaætt, sem lýst er í þessu auðkennisskírteini, er ekki ætlað til slátrunar til manneldis.		
Dagsetning og staður	Nafn eigandans, fulltrúa eigandans eða umsjónarmanns dýrsins, ritað með hástöfum og undirritun hans.	Nafn opinbers dýralæknis sem ber ábyrgðina, í samræmi við 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2001/82/EB, og undirritun hans.

III. hluti

Athugasemd: Dýrið af hestaætt er ætlað til slátrunar til manneldis.

Með fyrirvara um reglugerð (EBE) nr. 2377/90 og tilskipun 96/22/EB má dýrið af hestaætt fá læknismeðferð í samræmi við 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 2001/82/EB með þeim skilyrðum að dýrum, sem eru meðhöndluð á þennan hátt, megi einungis slátra til manneldis að loknum almennum sex mánaða biðtíma til afurðanýtingar frá þeim degi sem efnin, sem eru tilgreind í samræmi við 3. mgr. 10. gr. þeirrar tilskipunar, voru síðast gefin.

SKRÁNING LYFJAGJAFAR

Dagsetning síðustu lyfjagjafar, eins og mælt er fyrir um, í samræmi við 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 2001/82/EB eða dagsetning tímabundinnar niðurfellingar í samræmi við 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 504/2008 ([7]) ([8]) (dd/mm/áááá)	Staður — Landskóði — Póstnúmer — Staður	Nauðsynleg(t) efni sem er(u) hluti af dýralyfinu sem er gefið í samræmi við 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 2001/82/EB, eins og getið er í fyrsta dálki ([3]) ([4]), eða í samræmi við 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 504/2008 ([7]) ([8])	Dýralæknir sem ber ábyrgð á að gefa dýralyf og/eða ávísa gjöf dýralyfs	
			Heiti: ([5]) ..... Heimilisfang: ([5]) ..... Póstnúmer: ([5]) ..... Staður: ([5]) ..... Sími: ([6])	Undirritun

([1]) Einungis er gerð krafa um þessar upplýsingar ef þessi þáttur er ekki gefinn út sama dag og III. þáttur.
([2]) Strikið yfir það sem á ekki við.
([3]) Forskrift efna á grundvelli skráar yfir efni sem eru ákvörðuð í samræmi við 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 2001/82/EB er skyldubundin
([4]) Upplýsingar um önnur dýralyf sem eru gefin í samræmi við tilskipun 2001/82/EB eru valkvæðar.
([5]) Nafn, heimilisfang, póstnúmer og staður með hástöfum.
([6]) Símanúmer (+landskóði (svæðiskóði)).
([7]) Ef um er að ræða að staða dýrs af hestaætt, sem er ætlað til slátrunar til manneldis í samræmi við 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 504/2008, er felld úr gildi tímabundið skal færa inn dagsetningu upphafs ógildingartímabilsins í fyrsta dálk og orðin: „2. mgr. 16. gr.“ í þriðja dálk.
([8]) Útprentun á þessari tilvísun er einungis skyldubundin fyrir eftirrit auðkennisskírteina sem eru gefin út í samræmi við 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 504/2008.

X. ÞÁTTUR

Exigences sanitaires de base
Les exigences ne sont pas valables pour l'introduction dans la Communauté

Grunnkröfur um heilbrigði
Þessar kröfur eru ekki gildar til innkomu í Bandalagið

Je soussigné ([1]) certifie que l'équidé décrit dans ce passeport satisfait aux conditions suivantes:

Ég undirritaður ([1]) votta hér með að dýrið af hestaætt, sem lýst er í þessu vegabréfi, uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

a) il a été examiné ce jour, ne présente aucun signe clinique de maladie et est apte au transport;

   það var skoðað í dag, sýnir engin klínísk einkenni sjúkdóms og er hæft til flutnings,

b) il n'est pas destiné à l'abattage dans le cadre d'un programme national d'éradication d'une maladie transmissible;

   það er ekki ætlað til slátrunar samkvæmt landsbundinni útrýmingaráætlun vegna smitsjúkdóms,

c) il ne provient pas d'une exploitation faisant l'objet de mesures de restriction pour des motifs de police sanitaire et n'a pas été en contact avec des équidés d'une telle exploitation;

   það kemur ekki frá bújörð sem sætir takmörkunum af ástæðum sem varða heilbrigði dýra og hefur ekki verið í snertingu við dýr af hestaætt á slíkri bújörð,

d) à ma connaissance, il n'a pas été en contact avec des équidés atteints d'une maladie transmissible au cours des 15 jours précédant l'embarquement.

   samkvæmt minni bestu vitund hefur það ekki verið í snertingu við dýr af hestaætt, sem haldið er smitsjúkdómi, næstliðna fimmtán daga fyrir fermingu.

LA PRÉSENTE CERTIFICATION EST VALABLE 10 JOURS À COMPTER DE LA DATE DE SA SIGNATURE PAR LE VÉTÉRINAIRE OFFICIEL

ÞETTA VOTTORÐ GILDIR Í TÍU DAGA FRÁ ÞVÍ AÐ OPINBER DÝRALÆKNIR UNDIRRITAR ÞAÐ.

([1]) Ce document doit être signé dans les 48 heures précédant le déplacement international de l'équidé.
Þetta skjal skal undirrita innan 48 stunda áður en dýr af hestaætt er flutt milli landa.

Date Dagsetning	Lieu Staður	Pour des raisons épidémiologiques particulières, un certificat sanitaire séparé accompagne le présent passeport Af sérstökum faraldsfræðilegum ástæðum fylgir aðskilið heilbrigðisvottorð með þessu vegabréfi.	Nom en capitales et signature du vétérinaire officiel Nafn opinbers dýralæknis ritað með hástöfum og undirritun hans
		Oui/non (barrer la mention inutile) Já/nei (strikið út það sem ekki á við)	
		Oui/non (barrer la mention inutile) Já/nei (strikið út það sem ekki á við)	
		Oui/non (barrer la mention inutile) Já/nei (strikið út það sem ekki á við)	
		Oui/non (barrer la mention inutile) Já/nei (strikið út það sem ekki á við)	
		Oui/non (barrer la mention inutile) Já/nei (strikið út það sem ekki á við)	
		Oui/non (barrer la mention inutile) Já/nei (strikið út það sem ekki á við)	

II. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM VISTAÐAR ERU Í SNJALLKORTINU

Snjallkortið skal a.m.k. innihalda eftirfarandi:

1. **Sýnilegar upplýsingar:**
   - útgáfuaðili
   - einkvæmt lífsnúmer
   - nafn
   - kyn
   - litur
   - síðustu 15 tölustafir kóðans sem merkissvarinn sendir frá sér (eins og við á)
   - ljósmynd af dýrinu af hestaætt
2. **Rafrænar upplýsingar sem eru aðgengilegar þegar notaður er staðlaður hugbúnaður:**
   - a.m.k. allar skyldubundnar upplýsingar í A-hluta I. þáttar í auðkennisskírteininu.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/54/EB 2013/EES/4/39

frá 18. júní 2009

um hagnýtingu og setningu ölkelduvatns á markað (*)

(endurútgáfa)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 80/777/EBE frá 15. júlí 1980 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hagnýtingu og markaðssetningu ölkelduvatns ([3]), hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ([4]). Þar sem um frekari breytingar verður að ræða er réttast að endurútgefa hana til glöggvunar.

2) Ölkelduvatn er skilgreint í lögum Bandalagsins. Í þessum lögum er mælt fyrir um þau skilyrði, sem ölkelduvatn þarf að uppfylla til þess að vera viðurkennt, og þar eru enn fremur reglur um nýtingu uppsprettna. Í þeim er ennfremur mælt fyrir um sértækar reglur fyrir setningu vatnsins, sem um er að ræða, á markað.

3) Sá munur, sem er á þessum lögum, hindrar frjálsan flutning ölkelduvatns og leiðir til ójafnra samkeppnisskilyrða og jafnframt til beinna áhrifa á starfsemi innri markaðarins.

4) Í þessu sérstaka tilviki má ryðja þessum hindrunum úr vegi með því að skuldbinda hvert aðildarríki til þess að leyfa viðskipti á yfirráðasvæði sínu með ölkelduvatn, sem hefur verið viðurkennt í öllum öðrum aðildarríkjum, og með því að mæla fyrir um sameiginlegar reglur, einkum um örverufræðilegar kröfur sem uppfylla þarf, og um skilyrðin fyrir því að nota sérstök heiti fyrir tilteknar tegundir ölkelduvatns.

5) Megintilgangurinn með reglum um ölkelduvatn er einkum að vernda heilbrigði neytenda, koma í veg fyrir að villt sé um fyrir þeim og tryggja góða viðskiptahætti.

6) Meðan samningar hafa ekki náðst um gagnkvæma viðurkenningu á ölkelduvatni milli Bandalagsins og þriðju landa þarf að ákveða, þar til þessir samningar hafa komið til framkvæmda, með hvaða skilmálum verður leyfilegt að flytja inn svipaðar vörur frá þriðju löndum til Bandalagsins sem ölkelduvatn.

7) Tryggja þarf að ölkelduvatn haldi viðurkenndum séreinkennum sínum þegar það er sett á markað. Ílátin, sem það er sett í, skulu því vera með heppilegum lokunarbúnaði.

8) Merking ölkelduvatns fellur undir almennu reglurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla ([5]). Þessi tilskipun getur því einskorðast við það að mæla fyrir um viðbætur og undanþágur í tengslum við þessar almennu reglur.

9) Skylt skal vera að gefa yfirlýsingu um samsetningu ölkelduvatns samkvæmt efnagreiningu svo tryggt sé að neytendur séu upplýstir.

10) Nauðsynlegar ráðstafanir til að koma þessari tilskipun í framkvæmd skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([6]).

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 164, 26.6.2009, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2010 frá 29. janúar 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 19, 22.4.2010, bls. 9.

([1]) Stjtíð. ESB C 162, 25.6.2008, bls. 87.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 23. september 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 28. maí 2009.

([3]) Stjtíð. EB L 229, 30.8.1980, bls. 1.

([4]) Sjá A-hluta IV. viðauka.

([5]) Stjtíð. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29.

([6]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

11) Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin fái heimild til þess að samþykkja viðmiðunargildi fyrir styrk innihaldsefna í ölkelduvatni, nauðsynleg ákvæði um ábendingar í merkingum um mikinn styrk tiltekinna innihaldsefna, skilyrði fyrir því að nota ósonauðgað loft við meðhöndlun ölkelduvatns, upplýsingar um meðhöndlun ölkelduvatns, aðferðir við efnagreiningu sem er gerð til þess að staðfesta að það innihaldi engin mengunarefni, aðferðir við sýnatöku og aðferðir til þess að kanna örverufræðilega eiginleika ölkelduvatns. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum í þessari tilskipun, m.a. að bæta við hana, skulu þær samþykktar í samræmi við málsmeðferð í stjórnsýslunni með athugun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

12) Ef málefnið er svo brýnt að ekki reynist unnt að standa við hefðbundinn frest í tengslum við stjórnsýslumeðferð með athugun skal framkvæmdastjórnin geta beitt flýtimeðferðinni, sem kveðið er á um í 6. mgr. 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB, við samþykkt breytinga á þessari tilskipun sem eru nauðsynlegar til þess að tryggja lýðheilsuvernd.

13) Nýju atriðin, sem innleidd eru í þessari tilskipun, varða einungis nefndarmeðferðina. Þar af leiðandi þurfa aðildarríkin ekki að lögleiða þau.

14) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti þeirra til að lögleiða tilskipanirnar sem eru tilgreindar í B-hluta IV. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Þessi tilskipun fjallar um vatn sem unnið er úr jörðu í aðildarríki og er viðurkennt af þar til bærum yfirvöldum þess ríkis sem ölkelduvatn er uppfyllir ákvæðin í I. þætti I. viðauka.

2. Tilskipunin varðar einnig vatn sem unnið er úr jörðu í þriðja landi, flutt inn til Bandalagsins og viðurkennt sem ölkelduvatn af þar til bærum yfirvöldum aðildarríkis.

Einungis er heimilt að viðurkenna vatnið, sem um getur í fyrstu undirgrein, ef þar til bær yfirvöld í því landi, þar sem það er unnið, hafa vottað að það uppfylli ákvæðin í I. þætti I. viðauka og að reglubundið eftirlit sé haft með beitingu ákvæða 2. liðar II. viðauka.

Gildistími þeirrar vottunar, sem um getur í annarri undirgrein, má ekki vera lengri en fimm ár. Ekki er nauðsynlegt að endurtaka málsmeðferðina til viðurkenningar sem um getur í fyrstu undirgrein ef vottunin er endurnýjuð fyrir lok þess tíma.

3. Þessi tilskipun gildir ekki um:

a) vatn sem er lyf í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum ([1]),

b) ölkelduvatn við upptök, notað til lækninga á stofnunum sem nýta heitt vatn úr jörðu eða steinefnaríkt vatn.

4. Rökin fyrir því að veita viðurkenninguna sem um getur í 1. og 2. mgr. skulu sett fram á viðeigandi hátt af þar til bærum yfirvöldum aðildarríkisins og gefin út opinberlega.

5. Hvert aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni um það þegar viðurkenningin, sem getið er um 1. og 2. mgr., hefur verið veitt eða dregin til baka. Skrá yfir viðurkennt ölkelduvatn skal gefin út í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

2. gr.

Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að einungis sé heimilt að setja vatnið, sem um getur í 1. gr. og er í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar, á markað sem ölkelduvatn.

3. gr.

Eingöngu er heimilt að hagnýta uppsprettur og setja vatn úr þeim á flöskur í samræmi við ákvæði í II. viðauka.

4. gr.

1. Ekki má meðhöndla ölkelduvatn, eins og það kemur fyrir við upptök, nema á eftirfarandi hátt:

a) að skilja frá óstöðug efni þess, svo sem járn- og brennisteinssambönd með síun eða umhellingu, hugsanlega með súrefnismettun á undan, svo framarlega sem meðferðin breytir ekki samsetningu vatnsins hvað varðar mikilvægustu efnisþættina sem ákvarða eiginleika þess,

([1]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.

b) að skilja frá járn-, mangan- og brennisteinssambönd og arsen í tilteknum tegundum ölkelduvatns með aðferð þar sem ósonauðgað loft er notað, svo framarlega sem meðhöndlunin breytir ekki samsetningu vatnsins hvað varðar mikilvægustu efnisþættina sem ákvarða eiginleika þess, og að því tilskildu:

i. að meðhöndlunin sé í samræmi við skilyrðin fyrir notkun sem framkvæmdastjórnin mælir fyrir um að höfðu samráði við Matvælaöryggisstofnun Evrópu, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ([1]),

ii. að meðhöndlunin sé tilkynnt lögbærum yfirvöldum og að þau hafi sérstakt eftirlit með henni,

c) að skilja frá óæskilega efnisþætti, aðra en þá sem eru tilgreindir í a- og b-lið, svo framarlega sem meðferðin breytir ekki samsetningu vatnsins hvað varðar mikilvægustu efnisþættina sem ákvarða eiginleika þess, og að því tilskildu:

i. að meðhöndlunin sé í samræmi við notkunarskilyrðin sem framkvæmdastjórnin mælir fyrir um að höfðu samráði við Matvælaöryggisstofnun Evrópu,

ii. að meðhöndlunin sé tilkynnt lögbærum yfirvöldum og að þau hafi sérstakt eftirlit með henni,

d) ef fjarlægja á óbundinn koltvísýring, í heild eða að hluta, er eingöngu heimilt að gera það með eðlisfræðilegum aðferðum.

Þær ráðstafanir, sem um getur í i-lið b-liðar og i-lið c-liðar og er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við þá stjórnsýslumálsmeðferð með athugun sem um getur í 2. mgr. 14. gr.

Ákvæði fyrstu undirgreinar skulu ekki koma í veg fyrir notkun ölkeldu- eða uppsprettuvatns við framleiðslu gosdrykkja.

2. Ekki má bæta neinu við ölkelduvatn, eins og það kemur fyrir við upptök, öðru en með því að kolsýra það eða endurkolsýra það við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í III. þætti I. viðauka.

3. Bannað er að sótthreinsa vatnið, með hvaða aðferð sem er, og að bæta út í það, með fyrirvara um 2. mgr., bakteríuhemjandi efnum eða gera nokkuð annað sem er líklegt til að breyta líftölu ölkelduvatnsins.

([1]) Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

5. gr.

1. Líftala lífvænlegra örvera í ölkelduvatni við upptök skal vera í samræmi við eðlilega líftölu vatnsins og vera næg sönnun þess að upptökin séu vernduð gegn allri mengun. Þessi líftala skal ákvarðast samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í lið 1.3.3. í II. þætti I. viðauka.

Eftir átöppun má líftalan við upptök ekki fara yfir 100 á hvern millilítra eftir 72 klst. við 20 til 22 °C á agar-agar- eða agar-gelatínblöndu og 20 á hvern millilítra eftir 24 klst. við 37 °C á agar-agarblöndu. Líftalan skal mæld innan 12 klst. frá átöppun og halda skal vatninu við 4 °C ± 1 °C á þessu 12 klst. tímabili.

Við upptök skulu gildi þessi ekki fara yfir 20 á hvern millilítra á 72 klst. við 20 til 22 °C og 5 á hvern millilítra á 24 klst. við 37 °C og skal líta á þessar tölur sem viðmiðunartölur en ekki leyfilegan hámarksstyrk.

2. Við upptök og við setningu ölkelduvatnsins á markað skal það vera laust við:

a) sníkla og sjúkdómsvaldandi örverur,

b) Escherichia coli og aðra kólígerla og saurkokka í öllum 250 ml sýnum sem eru rannsökuð,

c) grómyndandi, loftfælnar, súlfítafoxandi örverur í öllum 50 ml sýnum sem eru rannsökuð,

d) *Pseudomonas aeruginosa* í öllum 250 ml sýnum sem eru rannsökuð.

3. Með fyrirvara um 1. og 2. mgr. og skilyrði um nýtingu, sem mælt er fyrir um í II. viðauka, skal uppfylla eftirtalin skilyrði þegar kemur að setningu á markað:

a) líftala lífvænlegra örvera í ölkelduvatni skal eingöngu vera vegna eðlilegrar hækkunar á þeirri líftölu sem það hafði við upptökin,

b) ölkelduvatnið skal ekki hafa neina skynmatsgalla (organoleptic defects).

6. gr.

Umbúðir, sem eru notaðar undir ölkelduvatnið, skulu vera með lokunarbúnaði sem er hannaður til að koma í veg fyrir hugsanleg svik eða mengun.

7. gr.

1. Vörulýsing á ölkelduvatni skal vera „ölkelduvatn“ eða ef um er að ræða freyðandi ölkelduvatn sem er skilgreint í III. þætti I. viðauka, eftir því sem við á: „náttúrulega kolsýrt ölkelduvatn“, „ölkelduvatn bætt kolsýru úr uppsprettunni“ eða „kolsýrt ölkelduvatn“.

Bæta skal við vörulýsingu ölkelduvatns sem hefur verið meðhöndlað á einhvern þann hátt sem um getur í d-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 4. gr. þessum upplýsingum, eftir því sem við á: „afkolsýrt til fulls“ eða „afkolsýrt að hluta“.

2. Lögboðið er að eftirfarandi komi einnig fram á merkimiðum ölkelduvatns:

a) upplýsingar um samsetningu samkvæmt efnagreiningu þar sem einkennandi efnisþættir eru tilgreindir,

b) heiti staðarins þar sem uppsprettan er nýtt og heiti uppsprettunnar,

c) upplýsingar um hvers konar meðhöndlun sem vísað er til í b- og c-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 4. gr.

3. Meðan ákvæði Bandalagsins um upplýsingar um hvers kyns meðhöndlun, sem um getur í c-lið 2. mgr., hafa ekki verið samþykkt geta ákvæði í landslögum viðkomandi aðildarríkis gilt áfram.

8. gr.

1. Nafn bæjarfélags, bæjarþyrpingar eða sérstakt staðarheiti má koma fram í verslunarheiti, að því tilskildu að það vísi til ölkelduvatns og að uppspretta þess sé nýtt á staðnum, sem tilgreindur er í verslunarheitinu, svo fremi það gefi ekki villandi upplýsingar um nýtingarstað uppsprettunnar.

2. Bannað er að setja ölkelduvatn úr einni og sömu uppsprettunni á markað undir fleiri en einu verslunarheiti.

3. Þegar merkingar eða áletranir á ílátunum, sem ölkelduvatnið er boðið til sölu í, fela í sér verslunarheiti sem er annað en heitið á uppsprettunni eða staðnum, þar sem vatnið er nýtt, skal heiti nýtingarstaðarins eða heiti uppsprettunnar birt með stöfum sem eru að minnsta kosti einu og hálfu sinni hærri og breiðari en stærsti stafurinn í verslunarheitinu.

Fyrsta undirgreinin gildir að breyttu breytanda á sama hátt að því er varðar það mikilvægi sem tengist nafni uppsprettunnar eða nýtingarstað uppsprettunnar með hliðsjón af verslunarheitinu sem notað er í hvers kyns auglýsingum um ölkelduvatn.

9. gr.

1. Bannað er að nota á umbúðum og merkimiðum og í hvers kyns auglýsingum upplýsingar, merkingar, vörumerki, vöruheiti, myndir eða önnur tákn, hvort sem þau eru myndræn eða ekki, sem:

a) gefa, þegar um ölkelduvatn er að ræða, til kynna eiginleika sem vatnið hefur ekki, einkum um uppruna þess, dagsetningu leyfis til nýtingar þess, niðurstöður efnagreininga eða aðrar sambærilegar tilvísanir sem tryggja að varan sé ósvikin,

b) varða drykkjarvatn tappað í ílát, sem uppfylla ekki ákvæðin í I. þætti I. viðauka, en geta orðið til þess að því sé ruglað saman við ölkelduvatn, einkum tilgreininguna „ölkelduvatn“.

2. Bannað er að gefa á nokkurn hátt til kynna að ölkelduvatn hafi eiginleika sem koma í veg fyrir sjúkdóma í mönnum eða að það nýtist til að meðhöndla þá eða lækna þá.

Upplýsingarnar, sem eru tilgreindar í III. viðauka við þessa tilskipun, skulu hins vegar leyfðar ef þær fullnægja viðeigandi viðmiðunum, sem mælt er fyrir um í þeim viðauka, en liggi þær ekki fyrir, þeim viðmiðunum, sem mælt er fyrir um í ákvæðum í landslögum og að því tilskildu að þær hafi verið settar á grundvelli eðlisefnafræðilegra greininga og, eftir því sem nauðsyn krefur, lyfjafræðilegra, lífeðlisfræðilegra og klínískra rannsókna sem eru framkvæmdar í samræmi við viðurkenndar, vísindalegar aðferðir, í samræmi við 2. lið I. þáttar I. viðauka.

Aðildarríkjum er heimilt að leyfa upplýsingar á borð við: „örvar meltingu“, „getur auðveldað lifrar- og gallstarfsemi“ eða sambærilegar upplýsingar. Þau mega einnig leyfa aðrar upplýsingar, að því tilskildu að þær stangist ekki á við grundvallarreglurnar sem settar eru fram í fyrstu undirgreininni og samrýmist þeim sem kveðið er á um í annarri undirgreininni.

3. Aðildarríkin geta samþykkt sérstök ákvæði er varða upplýsingar, bæði á umbúðum eða merkimiðum og í auglýsingum, um það hvort næra megi ungbörn á ölkelduvatni. Slík ákvæði geta einnig varðað þá eiginleika vatnsins sem ákvarða notkunina á þessum upplýsingum.

Aðildarríki, sem hyggjast grípa til slíkra ráðstafana, skulu tilkynna öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni um þær fyrirfram.

4. Orðið „uppsprettuvatn“ má einungis nota um vatn sem er ætlað til drykkjar í náttúrulegu ástandi og er tappað á flöskur við upptök og:

a) fullnægir skilyrðunum um nýtingu sem mælt er fyrir um í 2. og 3. lið II. viðauka og skulu gilda um uppsprettuvatn í einu og öllu,

b) fullnægir örverufræðilegu kröfunum sem mælt er fyrir um í 5. gr.,

c) fullnægir kröfunum um merkingu í b- og c-lið 2. mgr. 7. gr. og í 8. gr.,

d) hefur ekki verið á meðhöndlað á neinn annan hátt en sem um getur í 4. gr. Framkvæmdastjórnin getur heimilað annars konar meðhöndlun.

Þær ráðstafanir, sem um getur í d-lið og er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við þá stjórnsýslumálsmeðferð með athugun sem um getur í 2. mgr. 14. gr.

Að auki skal uppsprettuvatn vera í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðsins 98/83/EB frá 3. nóvember 1998 um gæði neysluvatns ([1]).

5. Þar til ákvæði Bandalagsins um meðhöndlun uppsprettuvatns, sem um getur í d-lið fyrstu undirgreinar 4. mgr., hafa verið samþykkt skulu ákvæði í landslögum viðkomandi aðildarríkis gilda um slíka meðhöndlun.

10. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að beiting ósamræmdra ákvæða í landslögum sem varða eiginleika, samsetningu, skilyrði fyrir nýtingu, umbúðir eða merkingu á ölkelduvatni eða matvælum almennt, hindri ekki viðskipti með ölkelduvatn sem er í samræmi við skilgreiningar og reglur sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

11. gr.

1. Hafi aðildarríki gildar ástæður til þess að ætla að ölkelduvatn fullnægi ekki ákvæðunum, sem mælt er fyrir um þessari tilskipun, eða stofni lýðheilsu í hættu, þótt það hafi þegar verið í frjálsri dreifingu í einu eða fleiri aðildarríkjum, er viðkomandi aðildarríki heimilt að takmarka eða stöðva um stundarsakir viðskipti með þá vöru á yfirráðasvæði sínu. Aðildarríkið skal án tafar upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um það og rökstyðja ákvörðun sína.

2. Að beiðni aðildarríkis eða framkvæmdastjórnarinnar ber aðildarríkinu, sem hefur viðurkennt vatnið, að leggja fram allar upplýsingar sem máli skipta um viðurkenningu á því ásamt niðurstöðum úr reglubundnu eftirliti.

3. Framkvæmdastjórnin skal kanna hið fyrsta innan fastanefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 14. gr. þau rök sem aðildarríkið, sem um getur í 1. mgr., hefur lagt fram og skila síðan áliti sínu án tafar og grípa til viðeigandi ráðstafana.

4. Telji framkvæmdastjórnin nauðsynlegt að breyta þessari tilskipun til að tryggja lýðheilsuvernd skal hún samþykkja þessar breytingar.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, skulu samþykktar í samræmi við þá stjórnsýslumálsmeðferð með athugun, sem um getur í 2. mgr. 14. gr. Ef málefnið er mjög brýnt er framkvæmdastjórninni heimilt að grípa til flýtimeðferðarinnar sem um getur í 3. mgr. 14. gr.

Aðildarríkinu, sem hefur samþykkt varúðarráðstafanir, er í þessu tilviki heimilt að viðhalda þeim uns breytingarnar hafa verið samþykktar.

12. gr.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja eftirfarandi:

a) viðmiðunarmörk sem skulu gilda um styrk efnisþátta í ölkelduvatni,

b) nauðsynleg ákvæði um upplýsingar í merkingum þegar um er að ræða efnisþætti í miklum styrk,

c) skilyrði fyrir notkun ósonauðgaðs lofts sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 4. gr.,

d) upplýsingarnar um þá meðhöndlun sem um getur í c-lið 2. mgr. 7. gr.

e) greiningaraðferðir, meðal annars greiningarmörk, til þess að staðfesta að ölkelduvatn sé ómengað,

([1]) Stjtíð. EB L 330, 5.12.1998, bls. 32.

f) sýnatöku- og greiningaraðferðir sem eru nauðsynlegar til þess að kanna örverufræðilega eiginleika ölkelduvatns.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við þá stjórnsýslumálsmeðferð með athugun sem um getur í 2. mgr. 14. gr.

13. gr.

Allar ákvarðanir, sem líkur eru á að hafi áhrif á lýðheilsu, skulu samþykktar af hálfu framkvæmdastjórnarinnar að höfðu samráði við Matvælaöryggisstofnun Evrópu.

14. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra, sem komið var á fót með 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8.°gr. hennar.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1., 2., 4. og 6. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

15. gr.

Þessi tilskipun gildir ekki um ölkelduvatn sem er ætlað til útflutnings til þriðju landa.

16. gr.

Tilskipun 80/777/EBE, eins og henni var breytt með gerðunum sem eru tilgreindar í A-hluta IV. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar frestina í B-hluta IV. viðauka fyrir lögleiðingu tilskipananna í aðildarríkjunum.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í V. viðauka.

17. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

18. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. júní 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. Pöttering	Š. Füle
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

I. SKILGREINING

1. „Ölkelduvatn“ merkir örverufræðilega heilnæmt vatn, í skilningi 5. gr., sem á uppruna sinn í grunnvatnsborði eða vatnslind neðanjarðar og kemur frá tiltekinni uppsprettu sem er nýtt þar sem hún kemur fram á einum eða fleiri náttúrulegum eða manngerðum stöðum.

Auðvelt er að greina ölkelduvatn frá venjulegu drykkjarvatni:

a) út frá eðli þess, þar eð það einkennist af steinefnainnihaldi, snefilefnum eða öðrum efnisþáttum, og eftir því sem við á, sérstökum eiginleikum sem það hefur,

b) vegna náttúrulegs hreinleika þess,

og þegar báðir þessir eiginleikar hafa varðveist óskertir vegna þess að vatnið sprettur upp neðanjarðar og það er laust undan allri áhættu á mengun.

2. Eiginleikarnir, sem um getur í 1. lið og geta stuðlað að heilsubætandi áhrifum ölkelduvatns, skulu hafa verið metnir:

a) út frá eftirfarandi sjónarmiðum:

i) jarðfræði- og vatnafræðilegum,

ii) eðlis-, efna- og eðlisefnafræðilegum,

iii) örverufræðilegum,

iv) lyfjafræðilegum, lífeðlisfræðilegum og klínískum, eftir því sem nauðsyn krefur,

b) samkvæmt viðmiðununum, sem eru tilgreindar í II. þætti,

c) samkvæmt vísindalegum aðferðum sem hafa verið viðurkenndar af þar til bæru yfirvaldi.

Greiningarnar, sem um getur í iv. lið. a-liðar fyrstu undirgreinar, geta verið valfrjálsar ef samsetning vatnsins er sú sama og lá til grundvallar því að það var talið ölkelduvatn í upprunaaðildarríkinu fyrir 17. júlí 1980. Þetta á sérstaklega við þegar vatnið, sem um ræðir, inniheldur að lágmarki l000 mg alls af föstu efni í upplausn eða að lágmarki 250 mg af óbundnu koldíoxíði í hverju kg, bæði við upptök og eftir átöppun.

3. Samsetning, hitastig og aðrir grundvallareiginleikar ölkelduvatns verða að vera stöðugir innan þeirra marka sem eðlilegar sveiflur leyfa; einkum er mikilvægt að þeir verði ekki fyrir áhrifum vegna hugsanlegra breytinga á rennslishraða.

Í skilningi 1. mgr. 5. gr. telst eðlileg líftala ölkelduvatns vera tiltölulega stöðug líftala við upptök áður en nokkurs konar meðhöndlun hefur átt sér stað, enda hafi eigindleg og megindleg samsetning þessa vatns, sem hliðsjón var höfð af við viðurkenningu þess, verið könnuð með reglubundnum greiningum.

II. **KRÖFUR OG VIÐMIÐANIR FYRIR BEITINGU SKILGREININGARINNAR**

1.1. **Kröfur fyrir jarðfræðilegar og vatnafræðilegar kannanir.**

Skylt er að veita eftirfarandi upplýsingar:

1.1.1. nákvæm staðsetning staðarins, þar sem vatnið er tekið, og hæð yfir sjávarmáli, á landakorti í mælikvarða sem er ekki yfir 1:1 000,

1.1.2. nákvæm, jarðfræðileg skýrsla um uppruna og eðli landsvæðisins,

1.1.3. jarðlagaskipan í tengslum við vatnajarðfræðilega lagið,

1.1.4. lýsing á því hvernig vatnsöflunin fer fram,

1.1.5. afmörkun svæðisins eða nákvæm lýsing á öðrum ráðstöfunum sem eru gerðar til þess að vernda uppsprettuna gegn mengun.

1.2. **Kröfur um eðlisfræðilegar, efna- og eðlisefnafræðilegar kannanir**

Með þessum könnunum skal ákvarða eftirfarandi þætti:

1.2.1. vatnsrennsli frá uppsprettunni,

1.2.2. hitastig vatnsins við upptökin og umhverfishitinn,

1.2.3. tengslin milli eðlis landsvæðisins og eðlis og tegunda steinefnanna í vatninu,

1.2.4. þurrefni við 180 og 260 °C,

1.2.5. rafleiðni eða viðnám og tilgreina skal hitastig við mælingu,

1.2.6. styrkur vetnisjóna (pH),

1.2.7. mínusjónir og plúsjónir,

1.2.8. ójónaðir efnisþættir,

1.2.9. snefilefni,

1.2.10. geislavirkni við upptök,

1.2.11. hlutfalllegur styrkur samsætna af frumefnum vatns, súrefnis (16O — 18O) og vetnis (einvetni, tvívetni, þrívetni), eftir því sem við á,

1.2.12. eiturhrif tiltekinna efnisþátta vatnsins, að teknu tilliti til viðmiðunarmarka fyrir hvern þeirra.

1.3. **Viðmiðanir er varða örverufræðilegar greiningar við upptök**

Með þessum greiningum skal:

1.3.1. staðfesta að sníklar og sjúkdómsvaldandi örverur finnist ekki,

1.3.2. ákvarða líftölu lífvænlegra örvera, sem gefur vísbendingu um saurmengun:

a) að Escherichia coli og aðrir kólígerlar finnist ekki í 250 ml við 37 og 44,5 °C,

b) að saurkokkar finnist ekki í 250 ml,

c) að grómyndandi, loftfælnar, súlfítafoxandi örverur finnist ekki í 50 ml,

d) að Pseudomonas aeruginosa finnist ekki í 250 ml,

1.3.3. ákvarða líftölu lífvænlegra örvera í hverjum ml af vatni:

a) við 20 til 22°C í 72 tíma á agar-agar- eða á agar-gelatínblöndu,

b) við 37°C í 24 tíma á agar-agarblöndu.

1.4. **Kröfur er varða klíníska og lyfjafræðilegar greiningar**

1.4.1. Greiningarnar, sem skylt er að framkvæma í samræmi við vísindalega viðurkenndar aðferðir, skulu hæfa sérstöku eiginleikum ölkelduvatnsins og áhrifum þess á mannslíkamann, t.d. þvagræsandi áhrifum, áhrifum á starfsemi maga og þarma og þegar það er notað sem uppbót gegn steinefnaskorti.

1.4.2. Staðfesting á samkvæmni og samræmi í talsverðum fjölda klínískra athugana getur komið í stað greininganna sem um getur í lið 1.4.1, ef við á. Í tilteknum tilvikum geta klínískar greiningar geta komið í stað greininganna sem um getur í lið 1.4.1, að því tilskildu að samkvæmni og samræmi í talsverðum fjölda athugana geri það kleift að fá fram sömu niðurstöðu.

III. **FREKARI FLOKKUN SEM VARÐAR FREYÐANDI ÖLKELDUVATN**

Við upptök eða eftir átöppun lætur freyðandi ölkelduvatn sjálfkrafa og augsýnilega frá sér koltvísýring við eðlilegt hitastig og þrýsting. Því má skipta í þrjá flokka og um þá gilda eftirfarandi lýsingar:

a) „náttúrulega kolsýrt ölkelduvatn“ merkir vatn sem inniheldur jafnmikinn koltvísýring og það gerði við uppsprettuna eftir umhellingu, ef hún er gerð, og átöppun og við upptök, að teknu tilliti til þess, eftir því sem við á, að sett sé aftur í vatnið jafnmikill koltvísýringur frá sama grunnvatnsborðinu eða vatnslindinni og sá sem tapast við þessar aðgerðir og með fyrirvara um heimilaðar vikmörk,

b) „ölkelduvatn sem er styrkt með kolsýru úr uppsprettunni“ merkir vatn sem inniheldur koltvísýring frá sama grunnvatnsborðinu eða vatnslindinni og sem, eftir umhellingu, ef hún er gerð, og átöppun, er meiri en staðfest er að vatnið hafði við upptökin,

c) „kolsýrt ölkelduvatn“ merkir vatn sem í hefur verið bætt koltvísýringi sem er fenginn frá öðrum stað en úr grunnvatnsborðinu eða vatnslindinni sem vatnið er tekið úr.

II. VIÐAUKI

SKILYRÐI FYRIR NÝTINGU OG SETNINGU ÖLKELDUVATNS Á MARKAÐ

1. Nýting ölkelduvatns er háð leyfi þar til bærra yfirvalda í því landi þar sem vatnið er unnið, eftir að staðfest hefur verið að vatnið, sem um ræðir, uppfyllir ákvæðin sem mælt er fyrir um í 1. þætti I. viðauka.

2. Búnaðinum, sem notaður er til að nýta vatnið, verður að koma þannig fyrir að hann mengi ekki vatnið undir nokkrum kringumstæðum og tryggi að þeir eiginleikar, sem vatnið hefur við upptökin, varðveitist.

   Með hliðsjón af þessu er mikilvægt að:

   a) vernda uppsprettuna eða afrennsli hennar gegn áhættu á mengun,

   b) tryggja að vatnsöflunarbúnaðurinn, leiðslur og geymar séu úr efnum sem hæfa vatni og þannig byggð að engar efnafræðilegar, eðlisefnafræðilegar eða örverufræðilegar breytingar verði á eiginleikum vatnsins,

   c) aðstæður við nýtingu, einkum búnaður til þvotta og átöppunar, samrýmist kröfum um hollustuhætti; einkum skal meðhöndla eða framleiða ílátin þannig að komið sé í veg fyrir skaðleg áhrif á örverufræðilega og efnafræðilega eiginleika ölkelduvatnsins,

   d) bannað skuli að flytja ölkelduvatn í öðrum umbúðum en þeim sem leyfðar eru til dreifingar til neytenda.

   Þó þarf ekki að beita ákvæði d-liðar ef um er að ræða ölkelduvatn, sem er unnið, nýtt og sett á markað á yfirráðasvæði aðildarríkis, ef flutningur á ölkelduvatninu í tönkum frá uppsprettunni til átöppunarverksmiðjunnar var leyfður í aðildarríkinu þann 17. júlí 1980.

   Þá þarf ekki að beita ákvæði d-liðar ef um er að ræða uppsprettuvatn sem er unnið, nýtt og sett á markað á yfirráðasvæði aðildarríkis, ef flutningur á uppsprettuvatninu í tönkum frá uppsprettunni til átöppunarverksmiðjunnar var leyfður í aðildarríkinu þann 13. desember 1996.

3. Komi í ljós meðan á nýtingu stendur að ölkelduvatnið sé mengað og að það hafi ekki lengur þá örverufræðilegu eiginleika, sem mælt er fyrir um í 5. gr., verður sá sem nýtir uppsprettuna að hætta allri nýtingu þegar í stað, einkum átöppun, þar til komist hefur verið fyrir orsök mengunarinnar og vatnið samrýmist aftur ákvæðum 5. gr.

4. Þar til bær yfirvöld í upprunalandinu skulu framkvæma reglubundið eftirlit til þess að kanna hvort:

   a) ölkelduvatnið, sem leyfi hefur fengist til nýtingar á, samrýmist ákvæðum I. þáttar I. viðauka,

   b) sá sem nýtir uppsprettuna fari að ákvæðum 2. og 3. liðar.

III. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR OG VIÐMIÐANIR SEM MÆLT ER FYRIR UM Í 2. MGR. 9. GR.

Upplýsingar	Viðmiðanir
Lítið innihald steinefna	Innihald steinefnasalta, reiknað sem leif í föstu formi, ekki meira en 500 mg/l
Mjög lítið innihald steinefna	Innihald steinefnasalta, reiknað sem leif í föstu formi, ekki meira en 50 mg/l
Auðugt að steinefnasöltum	Innihald steinefnasalta, reiknað sem leif í föstu formi, meira en 1500 mg/l
Inniheldur bíkarbónat	Innihald bíkarbónats meira en 600 mg/l
Inniheldur súlfat	Innihald súlfats meira en 200 mg/l
Inniheldur klóríð	Innihald klóríðs meira en 200 mg/l
Inniheldur kalsíum	Innihald kalsíums meira en 150 mg/l
Inniheldur magnesíum	Innihald magnesíums meira en 50 mg/l
Inniheldur flúoríð	Innihald flúoríðs meira en 1 mg/l
Inniheldur járn	Innihald tvígilds járns meira en 1 mg/l
Súrt	Innihald óbundins koltvísýrings meira en 250 mg/l
Inniheldur natríum	Innihald natríums meira en 200 mg/l
Má nota við tilreiðslu matvæla fyrir ungbörn	—
Má nota í natríumsnautt fæði	Innihald natríums minna en 20 mg/l
Getur verið hægðalosandi	—
Getur verið þvagræsandi	—

IV. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með skrá yfir síðari breytingar hennar

(sem um getur í 16. gr.)

Tilskipun ráðsins 80/777/EBE (Stjtíð. EB L 229, 30.8.1984, bls. 1)	
Tilskipun ráðsins 80/1276/EBE (Stjtíð. EB L 375, 31.12.1980, bls. 77)	Einungis þriðji undirliður 1. gr.
Tilskipun ráðsins 85/7/EBE (Stjtíð. EB L 2, 3.1.1985, bls. 22)	Einungis 10. töluliður 1. gr.
Ákvæði o-liðar í B.1. í I. viðauka við aðildarlögin frá 1985 (Stjtíð. EB L 302, 15.11.1985, bls. 214).	
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/70/EB (Stjtíð. EB L 299, 23.11.1996, bls. 26).	
Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).	Einungis 4. liður III. viðauka

B-HLUTI

Frestur til lögleiðingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 16. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar	Leyfi til að eiga viðskipti með vörur sem samræmast ákvæðum þessarar tilskipunar	Bann við því að eiga viðskipti með vörur sem samræmast ekki ákvæðum þessarar tilskipunar
80/777/EBE	—	18. júlí 1982	18. júlí 1984
80/1276/EBE	—	—	—
85/7/EBE	—	—	—
96/70/EB	—	28. október 1997	28. október 1998 ([1])

1) Þó er heimilt að versla með vörur sem settar eru á markað eða merktar fyrir þann tíma þótt ekki séu í samræmi við tilskipun þessa þar til birgðir eru uppurnar.

V. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 80/777/EBE	Þessi tilskipun
1. mgr. 1. gr.	1. mgr. 1. gr.
2. mgr. 1. gr.	2. mgr. 1. gr.
Fyrsti og annar undirliður 3. mgr. 1. gr.	a- og b-liður 3. mgr. 1. gr.
4. mgr. 1. gr.	4. mgr. 1. gr.
5. mgr. 1. gr.	5. mgr. 1. gr.
2. gr.	2. gr.
3. gr.	3. gr.
a-liður 1. mgr. 4. gr.	a-liður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 4. gr.
Fyrsti og annar undirliður b-liðar 1. mgr. 4. gr.	i. og ii. liður b-liðar í fyrstu undirgrein 1. mgr. 4.gr.
Fyrsti og annar undirliður c-liðar 1. mgr. 4. gr.	i. og ii. liður c-liðar í fyrstu undirgrein 1. mgr. 4.gr.
d-liður 1. mgr. 4. gr.	d-liður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 4. gr.
—	Önnur undirgrein 1. mgr. 4. gr.
2. mgr. 4. gr.	2. mgr. 4. gr.
3. mgr. 4. gr.	3. mgr. 4. gr.
4. mgr. 4. gr.	Þriðja undirgrein 1. mgr. 4. gr.
1. mgr. 5. gr.	1. mgr. 5. gr.
2. mgr. 5. gr.	2. mgr. 5. gr.
Fyrsti og annar undirliður 3. mgr. 5. gr.	a- og b-liður 3. mgr. 5. gr.
6. gr.	6. gr.
1. mgr. 7. gr.	1. mgr. 7. gr.
2. mgr. 7. gr.	2. mgr. 7. gr.
2. mgr. a í 7. gr.	3. mgr. 7. gr.
8. gr.	8. gr.
1. mgr. 9. gr.	1. mgr. 9. gr.
a-, b- og c-liður 2. mgr. 9. gr.	Fyrsta, önnur og þriðja undirgrein 2. mgr. 9. gr.
3. mgr. 9. gr.	3. mgr. 9. gr.
4. mgr. 9. gr.	—
Fyrsti til fjórði undirliður fyrstu undirgreinar 4. mgr. a í 9. gr.	a- til d-liður í fyrstu undirgrein 4. mgr. 9. gr.
Önnur undirgrein 4. mgr. a í 9. gr.	Önnur undirgrein 4. mgr. 9. gr.
4. mgr. b í 9. gr.	5. mgr. 9. gr.
1. mgr. 10. gr.	10. gr.

Tilskipun 80/777/EBE	Þessi tilskipun
10. gr. a	11. gr.
Fyrsti til fjórði undirliður 1. mgr. 11. gr.	a- til d-liður 12. gr.
Fyrsti og annar undirliður 2. mgr. 11. gr.	e- og f-liður 12. gr.
11. gr. a	13. gr.
1. mgr. 12. gr.	1. mgr. 14. gr.
2. mgr. 12. gr.	2. og 3. mgr. 14. gr.
3. mgr. 12. gr.	—
13. gr.	—
14. gr.	15. gr.
15. gr.	—
16. gr.	—
—	16. gr.
—	17. gr.
17. gr.	18. gr.
1. liður I. hluta I. viðauka	1. liður I. hluta I. viðauka
1.–4. liður í a-lið fyrstu málsgreinar í 2. lið I. hluta I. viðauka	i.–iv. liður í a-lið fyrstu málsgreinar í 2. lið I. hluta I. viðauka
b-liður fyrstu málsgreinar í 2. lið I. hluta I. viðauka	b-liður fyrstu málsgreinar í 2. lið I. hluta I. viðauka
c-liður fyrstu málsgreinar í 2. lið I. hluta I. viðauka	c-liður fyrstu málsgreinar í 2. lið I. hluta I. viðauka
Önnur málsgrein í 2. lið I. hluta I. viðauka	Önnur málsgrein í 2. lið I. hluta I. viðauka
3. liður I. hluta I. viðauka	3. liður I. hluta I. viðauka
Liður 1.1 í II. hluta I. viðauka	Liður 1.1 í II. hluta I. viðauka
Liður 1.2 í II. hluta I. viðauka	Liður 1.2 í II. hluta I. viðauka
Liður 1.3 í II. hluta I. viðauka	Liður 1.3 í II. hluta I. viðauka
Liður 1.3.1 í II. hluta I. viðauka	Liður 1.3.1 í II. hluta I. viðauka
Liður 1.3.2 í II. hluta I. viðauka	Liður 1.3.2 í II. hluta I. viðauka
i. og ii. liður í lið 1.3.3 í II. hluta I. viðauka	a- og b-liður í lið 1.3.3 í II. hluta I. viðauka
Liður 1.4 í II. hluta I. viðauka	Liður 1.4 í II. hluta I. viðauka
III. hluti I. viðauka	III. hluti I. viðauka
II. viðauki	II. viðauki
III. viðauki	III. viðauki
—	IV. viðauki
—	V. viðauki

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/40**

frá 20. nóvember 2008

um skilgreiningu sniðs fyrir upplýsingarnar sem aðildarríkin senda í samræmi við iii. lið b-liðar 4. mgr. 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 (*)

(tilkynnt með númeri C(2008) 6917)

(2009/63/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE ([1]), einkum 7. gr. (iii. lið b-liðar 4. mgr.), 7. gr. (6. mgr.) og 17. gr. (2. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Enn sem komið er skortir reynslu af beitingu undanþágunnar sem mælt er fyrir um í b-lið 4. mgr. 7. gr. Tilkynningarnar munu verða innlegg í endurskoðun hennar, sem framkvæma skal fyrir 31. desember 2009 skv. 7. mgr. 7. gr., og í skýrsluna um beitingu reglugerðarinnar skv. 6. mgr. 12. gr.

2) Tilkynna skal hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um leyfðu aðgerðirnar, hverja fyrir sig. Tilkynningin skal vera skilvirk og með áherslu á raunverulega nauðsynlegar upplýsingar til að forðast að leggja óþarfa byrðar á aðildarríkin og framkvæmdastjórnina.

3) Tilkynningin skal vera skýr og markmið hennar skal vera að forðast að veita tvíræðar upplýsingar. Í þessu skyni eru spurningarnar í 1., 2. og 3. lið orðaðar þannig að einungis er hægt að svara þeim á stöðluðu sniði eða á sniði sem almennt samkomulag er um.

4) Á spurningalistanum er tilvísun í leyfisnúmerið og stað sem gerir kleift að sækja allt leyfið fyrir undanþágunni og rökstuðninginn fyrir henni, ef nauðsyn krefur.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 18. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB frá 5. apríl 2006 um úrgang ([2]).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Spurningalistinn, sem settur er fram í viðaukanum við þessa reglugerð, er hér með samþykktur.

2. gr.

Aðildarríkin skulu nota spurningalistann sem grunn að tilkynningu sinni skv. iii. lið b-liðar 4. mgr. 7. gr. í reglugerð (EB) nr. 850/2004.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. nóvember 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros Dimas

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 23, 27.1.2009, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2010 frá 29. janúar 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 19, 22.4.2010, bls. 16.

([1]) Stjtíð ESB L 158, 30.4.2004, bls. 7; leiðrétt útgáfa í Stjtíð. ESB L 229, 29.6.2004, bls. 5.

([2]) Stjtíð. ESB L 114, 27.4.2006 bls. 9.

VIÐAUKI

Upplýsingar sem þarf að tilkynna um skv. iii. lið b-liðar 4. mgr. 7. gr. í reglugerð (EB) nr. 850/2004

1. Leyfi fyrir undanþágunni:

1.1. Heiti lögbæra yfirvaldsins:

1.2. Heimilisfang lögbæra yfirvaldsins:

1.3. Kenninúmer leyfis:

1.4. Dagsetning heimildar:

1.5. Handhafi leyfisins (heiti fyrirtækis):

1.6. Heimilisfang handhafa leyfisins:

2. Almenn lýsing á úrganginum:

2.1. Sex tölustafa kóði sem mælt er fyrir um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB ([1]) með áorðnum breytingum:

2.2. Heiti úrgangs sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2000/532/EB með áorðnum breytingum:

2.3. Samþykkt magn í tonnum:

2.4. Þrávirk(t), lífræn(t) mengunarefni ([2]) og styrkur þeirra sem er yfir þeim mörkum sem mælt er fyrir um í IV. viðauka:

3. Lýsing á meðhöndlunartækni:

3.1. Krafa um formeðhöndlun: já/nei ([3])

þ.e.a.s.: breyting í fast efni ([3])/stöðgun ([3])/

önnur formeðhöndlun ([3]):

3.2. Endanleg geymsla:

Í saltnámu ([3])/í öruggum berglögum sem liggja djúpt neðanjarðar ([3])/á urðunarstað fyrir hættulegan úrgang ([3])

3.3. Heiti endanlegs geymslustaðar:

3.4. Heimilisfang endanlegs geymslustaðar:

4. Samantekt á rökstuðningi fyrir því að meðhöndlun sé ákjósanlegri með tilliti til umhverfisins en eyðing eða óafturkræf ummyndun á innihaldi þrávirkra, lífrænna mengunarefna í úrganginum (t.d. þegar fjallað er um losun þrávirkra, lífrænna mengunarefna, aðra losun og áhættu eða óvissu vegna aðgerðarinnar):

5. Veffang eða önnur tilvísun þar sem finna má frekari upplýsingar um leyfið og rökstuðning fyrir undanþágunni, ef slíkt er fyrir hendi:

([1]) Stjtíð. EB L 226, 6.9.2000, bls. 3.
([2]) Heiti í samræmi við efnaheitið sem mælt er fyrir um í IV. viðauka.
([3]) Strikið yfir röng svör.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 479/2007 **2013/EES/4/41**

frá 27. apríl 2007

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2076/2005 um bráðabirgðafyrirkomulag vegna framkvæmdar reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004 og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ([1]), einkum 9. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis ([2]), einkum 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2076/2005 ([3]) er mælt fyrir um umbreytingarfyrirkomulag við framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004.

2) Í 6. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005 ([4]) er kveðið á um fyrirmyndir að heilbrigðisvottorðum vegna innflutnings á tilteknum afurðum úr dýraríkinu að því er varðar reglugerð (EB) nr. 853/2004. Þessar afurðir eru tilgreindar í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2074/2005 og ná yfir froskalappir og snigla, gelatín, kollagen, lagarafurðir, lifandi samlokur og hunang og aðrar býræktarafurðir.

3) Í 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 2076/2005 er kveðið á um undanþágu frá VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2074/2005 þannig að fram til 1. maí 2007 má flytja inn í Bandalagið afurðirnar sem um getur í þeim viðauka, sem viðkomandi innflutningsvottorð hafa verið gefin út fyrir í samræmi við samræmdar reglur Bandalagsins sem voru í gildi fyrir 1. janúar 2006, eftir því sem við á, eða í samræmi við landsreglurnar, sem beitt var í aðildarríkjunum fyrir þann dag í öðrum tilvikum.

4) Til að komast hjá röskun á viðskiptum og stjórnsýslulegum vandkvæðum á komustöðum inn til Bandalagsins, ef dregist hefur að laga vottunarkerfi þriðja lands að nýja vottunarfyrirkomulaginu, sem var innleitt með reglugerð (EB) nr. 2074/2005, skal leyft frá 1. maí 2007 til 30. júní 2007 að nota vottorð, sem gefin voru út meðan fyrra vottunarfyrirkomulagið var í gildi og áritуð voru fyrir 1. maí 2007, að því er varðar innflutning afurðanna, sem um getur í VI. viðauka þeirrar reglugerðar, inn í Bandalagið.

5) Skilgreiningin á lagarafurðum tekur einnig til fisklýsis. Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um sértækar kröfur er varða framleiðslu og setningu fisklýsis, sem ætlað er til manneldis, á markað. Í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 2076/2005 er þó kveðið á um undanþágu frá ákvæðum þess viðauka fyrir vinnslustöðvar í þriðju löndum, sem framleiða fisklýsi sem ætlað er til manneldis, til 31. október 2007. Til samræmis við það skal gera ráð fyrir umbreytingarfyrirkomulagi til að leyfa til 31. október 2007 innflutning á slíkum afurðum inn í Bandalagið, fylgi þeim vottorð sem gefið er út samkvæmt þeim landsreglum sem eru í gildi áður en reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1664/2006 öðlast gildi.

6) Samkvæmt 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 2076/2005 er tilteknum þriðju löndum, sem hafa enn ekki gengist undir eftirlit Bandalagsins, heimilt að flytja lifandi samlokur og lagarfurðir inn í Bandalagið að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Þessum afurðum verða að fylgja heilbrigðisvottorð í samræmi við fyrirmyndina sem mælt er fyrir um í ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar 95/328/EB ([5]) og 96/333/EB ([6]) sem eingöngu lúta að staðfestingu á lýðheilsuþáttum. Að því er varðar heilbrigði dýra er nauðsynlegt að þessum heilbrigðisvottorðum fylgi vottorð, sem innleidd voru með reglugerð (EB) nr. 2074/2005, sem taka til bæði lýðheilsu- og dýraheilbrigðisþátta. Til glöggvunar, til að tryggja réttarvissu og til að draga úr stjórnsýsluálagi er því nauðsynlegt að vísa eingöngu til vottorða sem innleidd voru með reglugerð (EB) nr. 2074/2005.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 111, 28.4.2007, bls. 46. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2010 frá 1. mars 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 30, 10.6.2010, bls. 1.

([1]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55, með leiðréttingum samkvæmt Stjtíð. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 22. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1791/2006 (Stjtíð. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 1).

([2]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206, með leiðréttingum samkvæmt Stjtíð. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 83. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1791/2006.

([3]) Stjtíð. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 83. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1666/2006 (Stjtíð. ESB L 320, 18.11.2006, bls. 47).

([4]) Stjtíð. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 27. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1664/2006 (Stjtíð. ESB L 320, 18.11.2006, bls. 13).

([5]) Stjtíð. EB L 191, 12.8.1995, bls. 32. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 2004/109/EB (Stjtíð. ESB L 32, 5.2.2004, bls. 17).

([6]) Stjtíð. EB L 127, 25.5.1996, bls. 33. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 2004/119/EB (Stjtíð. ESB L 36, 7.2.2004, bls. 56).

7) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 2076/2005 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 2076/2005 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 4. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:

„4. Þrátt fyrir VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2074/2005:

a) er heimilt að flytja afurðirnar, sem um getur í þeim viðauka og viðkomandi vottorð, útfyllt og undirrituð eins og vera ber fyrir 1. maí 2007, hafa verið gefin út fyrir í samræmi við samræmdar reglur Bandalagsins sem voru í gildi fyrir 1. janúar 2006, þar sem við á, og landsreglur(áður innlendar reglur) sem beitt var í aðildarríkjunum fyrir þann dag í öðrum tilvikum, inn í Bandalagið til 30. júní 2007,

b) er heimilt að flytja fisklýsi, sem staðfest hefur verið með vottorði, sem er útfyllt og undirritað eins og vera ber fyrir 31. október 2007, í samræmi við landsreglur sem giltu fyrir gildistökudag reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005, til 31. desember 2007.“

2. Í stað b-liðar 2. mgr. 17. gr. komi eftirfarandi:

„b) að lögbært yfirvald innflutningsaðildarríkisins tryggi að þessar innfluttu afurðir séu eingöngu settar á innanlandsmarkað þess eða á innanlandsmarkaði, sem heimila sama innflutning, og“ .

3. Í 2. mgr. 17. gr. bætist eftirfarandi c-liður við:

„c) að lögbært yfirvald þriðja lands eða yfirráðasvæðis geri viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að frá og með 31. október 2007 fylgi heilbrigðisvottorðin, sem mælt er fyrir um í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2074/2005, þessum innfluttu afurðum.

Þó er heimilt að flytja þessar afurðir sem vottorð, sem eru útfyllt og undirrituð eins og vera ber í samræmi við landsreglur sem voru í gildi fyrir 31. október 2007, hafa verið gefin út fyrir, inn í Bandalagið til 31. desember 2007.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. maí 2007.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. apríl 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1023/2008 2013/EES/4/42

frá 17. október 2008

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2076/2005 að því er varðar framlengingu aðlögunartímabilsins sem veitt er stjórnendum matvælafyrirtækja er flytja inn fisklýsi, ætlað til manneldis (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ([1]), einkum 9. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis ([2]), einkum 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu er gildi fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja. Í þeirri reglugerð er kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja sem framleiða fisklýsi, sem er ætlað til manneldis, skuli fara að viðeigandi ákvæðum III. viðauka við hana.

2) Í reglugerð (EB) nr. 854/2004 er mælt fyrir um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu. Reglugerðin gildir um starfsemi og einstaklinga sem falla undir reglugerð (EB) nr. 853/2004.

3) Í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2076/2005 frá 5. desember 2005 um bráðabirgðafyrirkomulag við framkvæmd reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004 og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 ([3]) er kveðið á um undanþágu frá kröfunum um fisklýsi til manneldis, sem mælt er fyrir um í VIII. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja svo að þeir geti haldið áfram að flytja inn fisklýsi, fram til 31. október 2008, frá starfsstöðvum í þriðju löndum sem voru samþykktar í þessu skyni fyrir gildistökudag reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1664/2006 ([4]).

4) Að auki er í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 2076/2005 kveðið á um undanþágu frá VI. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005 frá 5. desember 2005 um framkvæmdarráðstafanir, er varða tilteknar afurðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og er varða skipulag opinbers eftirlits samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004, um undanþágu frá reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 og breytingu á reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 ([5]), á þá leið að fram til 31. desember 2008 er leyfilegt að flytja fisklýsi inn í Bandalagið sem vottorð, útfyllt og undirritað eins og vera ber fyrir 31. október 2008, hefur verið gefið út fyrir í samræmi við landsreglur sem voru í gildi fyrir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 2074/2005.

5) Kröfunum í reglugerð (EB) nr. 853/2004, er varða framleiðslu fisklýsis til manneldis, var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1020/2008 ([6]), til að fjalla um framkvæmdaerfiðleika þriðju landa með að aðlaga vinnsluskilyrði í starfsstöðvum sem framleiða fisklýsi.

6) Til þess að koma í veg fyrir óþarfa röskun á viðskiptum vegna stjórnsýslumeðferðar varðandi samþykki og skráningu starfsstöðva, sem falla undir breyttu reglurnar, er rétt að framlengja undanþáguna í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 2076/2005 til 30. apríl 2009.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 277, 18.10.2007, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 18/2010 frá 1. mars 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 30, 10.6.2010, bls. 4.

([1]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55. Leiðrétt útgáfa í Stjtíð. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 22.

([2]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206. Leiðrétt útgáfa í Stjtíð. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 83.

([3]) Stjtíð. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 83.

([4]) Stjtíð. ESB L 320, 18.11.2006, bls. 13.

([5]) Stjtíð. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 27.

([6]) Stjtíð. ESB L 277, 18.10.2008, bls. 8.

7) Undanþágan, sem kveðið er á um í b-lið 4. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 2076/2005, vegna innflutnings á fisklýsi inn í Bandalagið sem vottorð hefur verið gefið út fyrir í samræmi við landsreglur, skal einnig framlengd til 30. júní 2009. Að auki verða slík vottorð að vera útfyllt og undirrituð eins og vera ber fyrir 30. apríl 2009.

8) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 2076/2005 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 2076/2005:

1. Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Þrátt fyrir B-hluta IV. kafla VIII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 mega stjórnendur matvælafyrirtækja, fram til 30. apríl 2009, halda áfram að flytja inn fisklýsi frá starfsstöðvum í þriðju löndum sem voru samþykktar í þessu skyni fyrir gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1020/2008 (*).

(*) Stjtíð. ESB L 277, 18.10.2008, bls. 8.

2. Í 4. mgr. er b-lið breytt sem hér segir:

i. Dagsetningin „30. apríl 2009“ komi í stað „31. október 2008“.

ii. Dagsetningin „30. júní 2009“ komi í stað „31. desember 2008“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tíunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. október 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla Vassilou

framkvæmdastjóri.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 98/28/EB **2013/EES/4/43**

frá 29. apríl 1998

um undanþágu frá tilteknum ákvæðum tilskipunar 93/43/EBE um hollustuhætti í matvælaiðnaði að því er varðar sjóflutninga á hrásykri í lausri vigt (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 93/43/EBE frá 14. júní 1993 um hollustuhætti í matvælaiðnaði ([1]), einkum 3. mgr. 3. gr.,

Upplýsingar liggja fyrir um að óhagræði er af beitingu annarrar undirgreinar í 2. lið IV. kafla í viðaukanum við tilskipun 93/43/EBE að því er varðar flutning í lausu á matvælum í fljótandi formi eða kornuðu eða duftformi í ílátum og/eða gámum/-tankgámum sem eru einvörðungu ætluð til flutninga á matvælum og að matvælafyrirtækjum er íþyngt óþarflega þegar ákvæðum hennar er beitt gagnvart sjóflutningum á hrásykri sem ekki er áætlað að nota sem matvæli eða efnisþátt í matvæli nema að loknu fullkomnu og skilvirku hreinsunarferli.

Enda þótt undanþága sé veitt þarf engu að síður að sjá til þess að lýðheilsa (áður: almannaheilbrigði) sé tryggð á sambærilegan hátt og áður með því að binda undanþáguna skilyrðum.

Ekki er nægilegt framboð af ílátum og/eða gámum/tankgámum, sem eru einvörðungu ætluð til sjóflutninga á matvælum, til að fullnægja eftirspurn í reglubundinni verslun með hrásykur sem ekki er áætlað að nota sem matvæli eða efnisþátt í matvæli nema að loknu fullkomnu og skilvirku hreinsunarferli.

Reynsla undanfarinna ára sýnir að hreinsaður sykur mengast ekki þegar hrásykur í lausri vigt er fluttur sjóleiðis í ílátum og/eða gámum/tankgámum sem ekki eru ætluð til matvælaflutninga einvörðungu. Hins vegar ber að ganga úr skugga um að ílát og/eða gámar/tankgámar, sem hafa áður verið notuð til flutninga, hafi verið hreinsuð rækilega og að litið sé svo á að hreinsunin hafi úrslitaþýðingu fyrir almennt öryggi og heilnæmi hreinsaða sykursins.

Samkvæmt 8. gr. tilskipunar 93/43/EBE skulu aðildarríkin annast eftirlit til þess að tryggja að ákvæðum þessarar tilskipunar sé beitt.

Þessi tiltekna undanþága hefur ekki áhrif á almenn ákvæði tilskipunar 93/43/EBE.

Haft hefur verið samráð við vísindanefndina um matvæli.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvæli.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í þessari tilskipun er vikið frá ákvæðum annarrar undirgreinar í 2. lið IV. kafla í viðaukanum við tilskipun 93/43/EBE og mælt fyrir um sambærileg skilyrði til að tryggja lýðheilsu og öryggi og heilnæmi þeirra matvæla sem um ræðir.

2. gr.

1. Sjóflutningar á hrásykri í lausri vigt, sem hvorki er áætlað að nota sem matvæli né efnisþátt í matvæli, nema að loknu fullkomnu og skilvirku hreinsunarferli, eru leyfilegir í ílátum og/eða gámum/tankgámum sem ekki eru ætluð til matvælaflutninga einvörðungu.

2. Ílátin og/eða gámarnir/tankgámarnir, sem um getur í 1. mgr., skulu uppfylla eftirtalin skilyrði:

— fyrir lestun hrásykursins ber að hreinsa ílátið og/eða gáminn/tankgáminn rækilega til þess að fjarlægja allar leifar fyrra farms og önnur óhreinindi og skoða til þess að ganga úr skugga um að slíkar leifar hafi verið vandlega fjarlægðar,

— farmurinn, sem fluttur var næst á undan hrásykrinum, má ekki hafa verið fljótandi farmur í lausu máli.

3. gr.

1. Stjórnandi matvælafyrirtækis sem ber ábyrgð á sjóflutningi hrásykursins, skal hafa undir höndum skriflegt sönnunargagn þar sem lýst er nákvæmlega farminum sem fluttur var í viðkomandi íláti og/eða gámi/tankgámi næst á undan og tegund og skilvirkni hreingerningarinnar sem fór fram fyrir flutning hrásykursins.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 140, 12.5.1998, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2010 frá 12. mars 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 30, 10.6.2010, bls. 19.

([1]) Stjtíð. EB L 175 19.7.1993, bls. 1.

2. Skriflega sönnunargagnið skal fylgja sendingunni alla flutningsleiðina til hreinsunarstöðvarinnar og heldur hreinsunarstöðin eftir afriti af því. Á skriflega sönnunargagnið skal áritað, greinilega og óafmáanlega, á einu eða fleiri tungumálum Bandalagsins: „Þessa vöru ber að hreinsa áður en hún er notuð til manneldis.“

3. Sé þess krafist skal stjórnandi matvælafyrirtækis, sem ber ábyrgð á flutningi og/eða hreinsun hrásykursins, afhenda þar til bærum opinberum matvælaeftirlitsyfirvöldum skriflega sönnunargagnið sem um getur í 1. og 2. mgr.

4. gr.

1. Hrásykur, sem hefur verið fluttur sjóleiðis í ílátum og/eða gámum/tankgámum, sem ekki eru ætluð til matvælaflutninga einvörðungu, skal fara í gegnum fullkomið og skilvirkt hreinsunarferli áður en hann telst hæfur til notkunar sem matvæli eða efnisþáttur í matvæli.

2. Stjórnendur matvælafyrirtækis, sem bera ábyrgð á flutningi og hreinsun sykursins, skulu líta svo á að það hreinsunarferli, sem fer fram áður en hrásykurinn er lestaður, hafi úrslitaþýðingu fyrir öryggi og heilnæmi hreinsaða sykursins í skilningi 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 93/43/EBE að teknu tilliti til þess hvers konar farmur var áður fluttur í ílátinu og/eða gáminum/tankgáminum.

5. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. ágúst 1998. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

6. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

7. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. apríl 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

TILSKIPUN RÁÐSINS 2008/120/EB **2013/EES/4/44**

frá 18. desember 2008

um lágmarkskröfur er varða vernd svína (*)

(Kerfisbundin útgáfa)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 37. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 91/630/EBE frá 19. nóvember 1991 þar sem mælt er fyrir um lágmarksdýraverndarkröfur fyrir svín ([2]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ([3]). Fyrir skýrleika sakir og til hagræðingar ber því að kerfisbinda tilskipunina.

2) Flest aðildarríkin hafa fullgilt Evrópusamninginn um vernd dýra í landbúnaði. Bandalagið hefur einnig samþykkt þennan samning, með ákvörðun ráðsins 78/923/EBE ([4]).

3) Í tilskipun ráðsins 98/58/EB frá 20. júlí 1998 um vernd dýra í landbúnaði ([5]) eru sett ákvæði Bandalagsins sem gilda fyrir öll alidýr að því er varðar byggingarkröfur vegna gripahúsa, einangrun, upphitunar- og loftræstingarskilyrði, skoðun búnaðar og eftirlit með búfé. Því er nauðsynlegt að fjalla um þessi mál í þessari tilskipun þegar fastsetja þarf ítarlegri kröfur.

4) Þar eð svín eru lifandi dýr eru þau tilgreind í skránni yfir afurðir sem sett er fram í I. viðauka við sáttmálann.

5) Svínaeldi er óaðskiljanlegur hluti landbúnaðar. Það er tekjulind fyrir hluta þess fólks sem stundar landbúnað.

6) Allur munur, sem kann að raska samkeppnisskilyrðum, hindrar að sameiginlegur markaður með svín og svínaafurðir geti starfað eðlilega.

7) Því er nauðsynlegt að fastsetja sameiginlegar lágmarkskröfur, er varða vernd svína sem eru haldin til kynbóta og eldis, í því skyni að tryggja skynsamlega þróun svínaræktar.

8) Svín skulu höfð í umhverfi sem uppfyllir þörf þeirra fyrir að hreyfa sig og snuðra. Svo virðist sem velferð svína sé í húfi vegna verulegrar takmörkunar á rými.

9) Þegar svín eru höfð í hópum skal gera viðeigandi ráðstafanir til að vernda þau og stuðla þannig að aukinni velferð þeirra.

10) Gyltur vilja hafa félagsskap af öðrum svínum þegar þær hafa frelsi til að hreyfa sig og fjölbreytilegt umhverfi. Því skal banna að hafa gyltur stöðugt innilokaðar í þröngu, lokuðu rými.

11) Líklegt er að halaklipping, tannklipping og tannslípun valdi bráðum sársauka og nokkrum viðvarandi sársauka hjá svínum. Vönun getur valdið viðvarandi sársauka sem verður meiri ef vefir rifna. Þessar aðgerðir eru því skaðlegar velferð svínanna, einkum þegar vanhæft og óreynt fólk annast þær. Þar af leiðandi skal mæla fyrir um reglur til að tryggja betri starfsvenjur.

12) Gæta skal jafnvægis milli ýmissa þátta sem taka skal tillit til að því er varðar velferð, þ.m.t. heilbrigði, efnahagsleg og félagsleg sjónarmið og jafnframt umhverfisáhrif.

13) Nauðsynlegt er að opinberar þjónustustofnanir, framleiðendur, neytendur og aðrir fái upplýsingar um þróun á þessu sviði. Framkvæmdastjórnin skal því, á grundvelli álits frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu, leggja kapp á vísindarannsóknir til að komast að niðurstöðu um hvers konar svínarækt tryggi best velferð svínanna. Því skal kveða á um aðlögunartíma til að gera framkvæmdastjórninni kleift að ljúka þessu verkefni með góðum árangri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 47, 18.2.2009, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2010 frá 30. apríl 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 37, 15.7.2010, bls. 1.

([1]) Stjtíð. ESB C 146 E, 12.6.2008, bls. 78.

([2]) Stjtíð. EB L 340, 11.12.1991, bls. 33.

([3]) Sjá A-hluta II. viðauka.

([4]) Stjtíð. EB L 323, 17.11.1978, bls. 12.

([5]) Stjtíð. EB L 221, 8.8.1998, bls. 23.

14) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

15) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti þeirra til lögleiðingar tilskipananna sem tilgreindar eru í B-hluta II. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um lágmarkskröfur er varða vernd svína sem eru haldin til kynbóta og eldis innandyra.

2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „svín“ merkir dýr af svínategund, á hvaða aldri sem er, sem er haldið til undaneldis eða eldis,

2. „göltur“ merkir kynþroska, karlkyns svín sem ætlað er til undaneldis,

3. „unggylta“ merkir kynþroska, kvenkyns svín sem hefur ekki gotið,

4. „gylta“ merkir kvenkyns svín eftir fyrsta got,

5. „gotgylta“ merkir kvenkyns svín á tímanum frá goti og fram að fráfærum,

6. „fanggylta“ merkir gyltu á tímanum frá fráfærum og fram að næsta goti,

7. „spenagrís“ merkir grís frá goti og fram að fráfærum,

8. „fráfærugrís“ merkir grís frá fráfærum og fram að 10 vikna aldri,

9. „alisvín“ merkir svín frá tíu vikna aldri og þar til því er slátrað eða það er notað til undaneldis,

10. „lögbært yfirvald“: lögbært yfirvald í skilningi 6. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan Bandalagsins með tiltekin dýr á fæti til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ([2]).

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að öll svínabú uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) gólfrými án hindrana fyrir hvern fráfærugrís eða alisvín í hópi, að frátöldum unggyltum, sem hafa fengið, og gyltum, skal a.m.k. vera:

Lífþyngd, kg	m^2
Allt að 10	0,15
Yfir 10 og allt að 20	0,20
Yfir 20 og allt að 30	0,30
Yfir 30 og allt að 50	0,40
Yfir 50 og allt að 85	0,55
Yfir 85 og allt að 110	0,65
Yfir 110	1,00

b) heildargólfrými án hindrana fyrir hverja unggyltu, sem hefur fengið, og hverja gyltu skal, þegar unggyltur og/eða gyltur eru hafðar í hópum, a.m.k. vera 1,64 m^2 fyrir hverja unggyltu og 2,25 m^2 fyrir hverja gyltu. Þegar þessi dýr eru höfð í hópum með færri en sex dýrum skal stækka gólfrými án hindrana um 10%. Þegar þessi dýr eru höfð í hópum með 40 eða fleiri dýrum má minnka gólfrými án hindrana um 10%.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að að yfirborð gólfa uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) þegar um er að ræða unggyltur, sem hafa fengið, og fanggyltur: hluti af svæðinu, sem krafist er í b-lið 1. mgr., sem er a.m.k. 0,95 m^2 fyrir hverja unggyltu og a.m.k. 1,3 m^2 fyrir hverja gyltu, skal vera samfellt, gegnheilt gólf þar sem í mesta lagi 15% fara undir frárennslisop,

b) þegar steypt rimlagólf er notað fyrir svín sem eru höfð í hópum:

   i. skal mesta breidd milli rimla vera:

      — 11 mm fyrir spenagrísi,

      — 14 mm fyrir fráfærugrísi,

      — 18 mm fyrir alisvín,

      — 20 mm fyrir unggyltur, sem hafa fengið, og gyltur,

([1]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.
([2]) Stjtíð. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29.

ii. skal lágmarksrimlabreidd vera:

— 50 mm fyrir spenagrísi og fráfærugrísi og

— 80 mm fyrir alisvín, unggyltur, sem hafa fengið, og gyltur.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að bann verði lagt við byggingu og breytingu mannvirkja þar sem gert er ráð fyrir að gyltur og unggyltur séu bundnar. Frá og með 1. janúar 2006 skal vera bannað að binda gyltur og unggyltur.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að gyltur og unggyltur séu hafðar í hópum á tímabili sem hefst fjórum vikum eftir að þær hafa fengið og lýkur þegar áætlað er að ein vika sé eftir í got. Hliðar stíunnar, sem hópurinn er hafður í, skulu vera lengri en 2,8 m. Ef færri en sex dýr eru í hópi skulu hliðar stíunnar, sem hópurinn er hafður í, vera lengri en 2,4 m.

Þrátt fyrir ákvæði fyrstu undirgreinar má hafa gyltur og unggyltur, sem eru aldar á svínabúum með færri en 10 gyltum, hverja út af fyrir sig á tímabilinu sem um getur í undirgreininni, að því tilskildu að þær geti snúið sér óhindrað á básum sínum.

5. Aðildarríkin skulu sjá til þess, með fyrirvara um kröfurnar, sem mælt er fyrir um í I. viðauka, að gyltur og unggyltur hafi stöðugt aðgang að efni til að róta í sem uppfyllir a.m.k. viðeigandi kröfur í viðaukanum.

6. Aðildarríkin skulu sjá til þess að gyltur og unggyltur, sem hafðar eru í hópum, séu fóðraðar samkvæmt kerfi sem tryggir að hvert dýr í hópnum fái nægilegt fóður jafnvel þótt samkeppni sé um fóðrið.

7. Aðildarríkin skulu sjá til þess að allar fanggyltur og unggyltur fái nóg af grófgerðu eða trefjaríku fóðri sem og orkuríku fóðri til að geta satt hungur sitt og fullnægt þörf sinni fyrir að tyggja.

8. Aðildarríkin skulu sjá til þess að svín sem hafa þarf í hópum, sem eru sérstaklega árásargjörn, sem önnur svín hafa ráðist á eða sem eru veik eða slösuð geti verið í sérstíum um tíma. Þegar svo háttar til skal sérstían vera nógu stór til að dýrið geti snúið sér auðveldlega enda sé það ekki í andstöðu við sérstakar ráðleggingar dýralæknis,

9. Ákvæðin, sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr., 2., 4., og 5. mgr. og síðasta málslið 8. mgr., skulu gilda um öll svínabú sem eru nýbyggð eða endurbyggð eða tekin í notkun í fyrsta sinn eftir 1. janúar 2003. Frá og með 1. janúar 2013 gilda þessi ákvæði um öll svínabú.

Ákvæðin, sem mælt er fyrir um í fyrsta undirlið 4. mgr., skulu ekki gilda um svínabú með færri en tíu gyltum.

4. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að skilyrði fyrir svínarækt séu í samræmi við almennu ákvæðin sem mælt er fyrir um í I. viðauka.

5. gr.

Heimilt er að breyta almennu ákvæðunum í I. viðauka í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 11. gr., í því skyni að taka tillit til framfara í vísindum.

6. gr.

Aðildarríkin skulu sjá til þess:

a) að allir sem ráða eða fá fólk í vinnu við að hirða um svín tryggi að fólkið hafi fengið fyrirmæli og leiðbeiningar varðandi viðeigandi ákvæði 3. gr. og I. viðauka,

b) að viðeigandi námskeið séu í boði. Einkum skulu slík námskeið leggja áherslu á þá þætti er varða velferð dýranna.

7. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal, helst eigi síðar en 1. janúar 2005 og í öllum tilvikum fyrir 1. júlí 2005, leggja skýrslu fyrir ráðið sem samin er á grundvelli álits frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu. Skýrslan skal samin með hliðsjón af félagshagfræðilegum afleiðingum, afleiðingum er varða heilbrigðismál, umhverfisáhrifum og mismunandi veðurfarsskilyrðum. Hún skal einnig taka mið af þróun tækni og aðferða fyrir svínarækt og kjötvinnslu sem kunna að draga úr þörfinni á að grípa til skurðaðgerðar við vönun. Ef nauðsyn krefur skulu skýrslunni fylgja viðeigandi lagatillögur um áhrifin af mismunandi þörf fyrir rými og mismunandi gerðum gólfa með tilliti til velferðar fráfærugrísa og alisvína.

2. Eigi síðar en 1. janúar 2008 skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir ráðið sem samin er á grundvelli álits frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu.

Í skýrslunni skal einkum fjalla um:

a) áhrifin af þéttleika dýra, þ.m.t. stærð hóps og aðferðir við að setja dýr í hópa, á velferð svína, þ.m.t. heilbrigði þeirra, í mismunandi búrekstrarkerfum,

b) áhrifin af hönnun svínahúsa og mismunandi gerðum gólfefna á velferð svína, þ.m.t. heilbrigði þeirra, að teknu tilliti til mismunandi veðurfarsskilyrða,

c) áhættuþætti, sem tengjast halabitum, og ráð til að draga úr þörfinni á halaklippingu,

d) frekari þróun á hópahýsingu fanggyltna með hliðsjón af meinafræðilegum, dýraræktarlegum, lífeðlisfræðilegum og atferlisfræðilegum þáttum mismunandi hýsingarkosta og heilbrigðis- og umhverfisáhrifum þeirra sem og mismunandi veðurfarsskilyrðum,

e) mat á rýmisþörf, þ.m.t. fengisvæði fyrir fullorðna gelti til undaneldis sem eru hafðir sér,

f) frekari þróun á kerfi lausagönguhúsa fyrir gyltur á fengisvæði og gotgyltur sem uppfylla þarfir gyltunnar án þess að stofna lífi spenagrísa í hættu,

g) viðhorf og hegðun neytenda gagnvart svínakjöti aukist velferð dýranna mismikið,

h) félagshagfræðileg áhrif mismunandi aðferða til svínaræktar og áhrif þeirra á aðila að viðskiptasamningum við Bandalagið.

Viðeigandi lagatillögur mega fylgja skýrslunni ef nauðsyn krefur.

8. gr.

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að skoðanir séu framkvæmdar á ábyrgð lögbæra yfirvaldsins til að ganga úr skugga um að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar.

Þessar skoðanir, sem heimilt er að framkvæma um leið og eftirlit fer fram í öðrum tilgangi, skulu á hverju ári ná til úrtaks sem er tölfræðilega dæmigert fyrir þær svínaræktaraðferðir sem eru notaðar í hverju aðildarríki.

2. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr., setja reglur sem beita skal við framkvæmd þeirra skoðana sem kveðið er á um í 1. mgr þessarar greinar.

3. Aðildarríkin skulu á tveggja ára fresti, eigi síðar en síðasta virka dag aprílmánaðar og í fyrsta sinn eigi síðar en 30. apríl 1996, tilkynna framkvæmdastjórninni um niðurstöður þeirra skoðana sem framkvæmdar voru á næstliðnum tveimur árum í samræmi við þessa grein, þ.m.t. fjölda framkvæmdra skoðana í hlutfalli við fjölda svínabúa á yfirráðasvæði þeirra.

9. gr.

Dýrum, sem flytja á inn í Bandalagið frá þriðja landi, skal fylgja vottorð, sem lögbært yfirvald þess lands gefur út, þar sem vottað er að þau hafi fengið meðhöndlun sem er a.m.k. jafngild þeirri sem dýr með uppruna í Bandalaginu hafa fengið, eins og kveðið er á um í þessari tilskipun.

10. gr.

Heilbrigðissérfræðingar frá framkvæmdastjórninni á sviði dýra og dýraafurða mega, beri til þess nauðsyn til að tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar, framkvæma vettvangseftirlit í samstarfi við lögbæru yfirvöldin. Þeir sem annast þetta eftirlit skulu gera þær sérstöku hreinlætisráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að útiloka áhættuna á því að breiða út sjúkdóm.

Aðildarríki skal veita sérfræðingunum alla aðstoð sem þeim er nauðsynleg til að inna af hendi skyldur sínar við eftirlit sem fram fer á yfirráðasvæði þess. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna lögbæru yfirvaldi í hlutaðeigandi aðildarríki um niðurstöður úr eftirlitinu.

Lögbært yfirvald í hlutaðeigandi aðildarríki skal grípa til allra ráðstafana, sem kunna að vera nauðsynlegar, til að taka tillit til niðurstaðna úr eftirlitinu.

Ákvæði III. kafla tilskipunar ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til Bandalagsins frá þriðju löndum ([1]) skulu gilda að því er varðar samskipti við þriðju lönd.

Almennar reglur um beitingu þessarar greinar skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 11. gr.

11. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra, sem komið var á fót skv. 58. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ([2]), hér á eftir kölluð „nefndin“.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.

Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

([1]) Stjtíð. EB L 268, 24.9.1991, bls. 56.
([2]) Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

12. gr.

Aðildarríkjunum er heimilt, í samræmi við almennar reglur sáttmálans, að viðhalda eða beita á yfirráðasvæði sínu strangari ákvæðum um vernd svína en þeim sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar slíkar ráðstafanir.

13. gr.

Tilskipun 91/630/EBE, eins og henni var breytt með gerðunum sem tilgreindar eru í A-hluta II. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti til lögleiðingar tilskipana, sem tilgreindar eru í B-hluta II. viðauka, í aðildarríkjunum.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í III. viðauka.

14. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

15. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. desember 2008.

Fyrir hönd ráðsins,

M. BARNIER

forseti.

I. VIÐAUKI

I. KAFLI

ALMENN SKILYRÐI

Auk viðeigandi ákvæða í viðaukanum við tilskipun 98/58/EB gilda eftirfarandi kröfur:

1. Í þeim hluta byggingar, þar sem svín eru höfð, skal reyna að komast hjá því að viðvarandi hávaði nái 85 dBA. Reyna skal að komast hjá stöðugum eða skyndilegum hávaða.

2. Lýsing, þar sem svín eru höfð, skal vera minnst 40 lúx í a.m.k. átta klukkustundir á dag.

3. Nærumhverfi svína skal hannað þannig að svínin:

   — geti haft aðgang að þægilegu og nægilega heitu og hreinu legusvæði, sem er með fullnægjandi frárennsli og nógu stórt til að öll dýrin geti legið á sama tíma,

   — geti hvílt sig og staðið upp eðlilega,

   — geti séð önnur svín. Í vikunni fyrir áætlaðan gottíma og á meðan goti stendur er þó heimilt að halda gyltum og unggyltum úr augsýn dýra af sömu tegund.

4. Þrátt fyrir 5. mgr. 3. gr. verða svínin að hafa stöðugan aðgang að nægilega miklu efni sem þau geta snuðrað og rótað í, s.s. hálmi, heyi, viði, sagi, sveppamoltu eða mó eða blöndu af þessu, sem getur ekki stofnað heilbrigði dýranna í hættu.

5. Gólf skulu vera slétt en ekki hál, til að koma í veg fyrir meiðsl á svínunum, og hönnuð, smíðuð og viðhaldið þannig að svínin hljóti hvorki áverka né líði þjáningar. Þau skulu henta stærð og þyngd svínanna og, ef enginn undirburður er á þeim, mynda stíft, slétt og traust yfirborð.

6. Öll svín skulu fóðruð a.m.k. einu sinni á dag. Ef svín eru fóðruð í hópum og þeim ekki gefið fóður eftir átlyst eða fóðruð með sjálfvirku fóðrunarkerfi skulu öll svínin í hópnum hafa aðgang að fóðrinu á sama tíma.

7. Öll svín, sem eru eldri en tveggja vikna, skulu hafa aðgang að nægilega miklu fersku vatni.

8. Allar aðgerðir, aðrar en þær sem fram fara í lækningar- eða greiningarskyni eða til að auðkenna svín í samræmi við viðeigandi lög, sem verða til þess að skaða viðkvæman líkamshluta eða að hann tapast, eða valda breytingu á beinabyggingu, eru bannaðar nema þær sem fela í sér:

   — að stytta á jafnan hátt jaðar- og augntennur spenagrísa með því að slípa þær eða klippa áður en þeir verða átta daga svo að eftir verður óskaddað, slétt yfirborð. Heimilt er að stytta augntennur galta ef nauðsyn krefur til að koma í veg fyrir að önnur dýr særist eða af öryggisástæðum,

   — að klippa hluta halans af,

   — að vana karlkyns svín á annan hátt en með því að rífa vefi,

   — að setja hring í trýni, en eingöngu þar sem dýr eru alin úti við og í samræmi við innlend lög.

Hvorki má halaklippa né stytta jaðar- og augntennur reglubundið heldur einungis ef sannað þykir að áverkar hafi orðið á spenum gyltna eða á eyrum eða hölum annarra svína. Áður en þessar aðgerðir fara fram skal gera aðrar ráðstafanir til að koma í veg fyrir halabit og annan óvana, að teknu tilliti til umhverfisins og þéttleika dýranna. Af þessum sökum verður að breyta ófullnægjandi umhverfisskilyrðum eða búrekstraraðferðum.

Dýralæknum einum eða einstaklingum með þjálfun, eins og kveðið er á um í 6. gr., og reynslu í að beita réttri tækni með viðeigandi búnaði við skilyrði þar sem hreinlætis er gætt, er heimilt að framkvæma aðgerðirnar sem lýst er hér að framan. Ef það tíðkast að vana eða halaklippa eftir að sjö dagar eru liðnir frá goti er það einungis heimilt ef dýralæknir annast aðgerðina og hann notar deyfilyf auk langverkandi, kvalastillandi lyfja eftir aðgerð.

II. KAFLI

SÉRÁKVÆÐI UM ÝMISS KONAR SVÍN

A. **Geltir**

Stíur fyrir gelti skulu hannaðar og komið þannig fyrir að gölturinn geti snúið sér og heyrt í öðrum svínum, fundið lyktina af þeim og séð þau. Gólfrými án hindrana fyrir hvern fullorðinn gölt skal vera a.m.k. 6 m^2.

Ef stíur eru einnig notaðar fyrir náttúrulega pörun skal gólfrými fyrir hvern fullorðinn gölt vera a.m.k. 10 m^2 og stían vera án allra hindrana.

B. **Gyltur og unggyltur**

1. Gera skal ráðstafanir til að halda árásarhneigð í hópum í lágmarki.

2. Fanggyltur og unggyltur með fangi skulu fá meðhöndlun vegna inn- og útsníkla ef nauðsyn ber til. Þrífa verður vandlega fanggyltur og unggyltur með fangi sem eru settar í gotbása.

3. Í vikunni fyrir áætlað got skulu gyltur og unggyltur fá nóg af heppilegu efni í gotbæli nema það sé ekki hægt af tæknilegum ástæðum vegna þess fyrirkomulags sem er notað á svínabúinu fyrir fljótandi húsdýraáburð.

4. Svæði án hindrana verður að vera aftan við gyltuna eða unggyltuna til þess að auðvelda got, hvort sem það er eðlilegt eða hjálpa þarf gyltunni.

5. Í gotstíum, þar sem gyltunum er leyft að vera lausum, verður að vera úrræði til að vernda spenagrísina, t.d. röragrindur á hliðar stíunnar (e. farrowing rails).

C. **Spenagrísir**

1. Hluti heildargólfsvæðis, sem er nægilega stór til að öll dýrin geti hvílst á sama tíma, skal vera fastur flötur eða þakinn mottu, hálmi eða öðru hentugu efni.

2. Ef notaðir eru gotbásar verða spenagrísirnir að hafa nægilegt rými til að geta auðveldlega verið á spena.

3. Spenagrísir skulu ekki færðir frá gyltunni fyrr en þeir eru 28 daga gamlir nema velferð og heilbrigði gyltu eða spenagríss sé að öðrum kosti stefnt í hættu.

   Þó er heimilt að færa spenagrísi frá gyltunni allt að sjö dögum fyrr ef þeir eru fluttir í sérhæfðar deildir sem eru tæmdar og hreinsaðar og sótthreinsaðar vandlega, áður en nýir hópar eru settir inn í þær, og eru aðskildar frá deildum þar sem gyltur eru hafðar svo að sem minnst hætta sé á að sjúkdómar berist í spenagrísina.

D. **Fráfærugrísir og alisvín**

1. Ef svínin eru höfð í hópum verður að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir slagsmál sem ganga lengra en getur talist eðlilegt atferli.

2. Þau skal hafa í hópum með sem minnstri blöndun milli hópa. Ef blanda á saman svínum sem koma hvert úr sinni áttinni er heppilegast að gera það meðan þau eru sem yngst og helst ekki síðar en einni viku eftir fráfærur. Þegar svín eru sett saman í hóp skulu þau geta farið afsíðis og falið sig fyrir öðrum svínum.

3. Ef merki um mikil slagsmál koma í ljós skal þegar í stað finna út hvað veldur þeim og gera viðeigandi ráðstafanir, s.s. að láta dýrin fá nóg af hálmi, ef hægt er, eða annað efni til að snuðra í. Dýrum í hættu eða sérstaklega árásarhneigðum dýrum skal haldið aðskildum frá hópnum.

4. Róandi lyf til að auðvelda blöndun skulu aðeins notuð í undantekningartilvikum og eingöngu að höfðu samráði við dýralækni.

II. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með síðari breytingum

(sem um getur í 13. gr.)

Tilskipun ráðsins 91/630/EBE
(Stjtíð. EB L 340, 11.12.1991, bls. 33)

Tilskipun ráðsins 2001/88/EB
(Stjtíð. EB L 316, 1.12.2001, bls. 1)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/93/EB
(Stjtíð. EB L 316, 1.12.2001, bls. 36)

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 806/2003 aðeins III. viðauki, 26. liður
(Stjtíð. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 1)

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 13. gr.)

Tilskipanir	Frestur til lögleiðingar
91/630/EBE	1. janúar 1994
2001/88/EB	1. janúar 2003
2001/93/EB	1. janúar 2003

III. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 91/630/EBE	Þessi tilskipun
1. og 2. gr.	1. og 2. gr.
Inngangsorð 3. gr.	—
1. liður 3. gr.	1. mgr. 3. gr
2. liður 3. gr.	2. mgr. 3. gr
3. liður 3. gr.	3. mgr. 3. gr
a-liður 4. liðar 3. gr.	Fyrsta undirgrein 4. mgr. 3. gr.
b-liður 4. liðar 3. gr.	Önnur undirgrein 4. mgr. 3. gr.
5. liður 3. gr.	5. mgr. 3. gr
6. liður 3. gr.	6. mgr. 3. gr
7. liður 3. gr.	7. mgr. 3. gr
8. liður 3. gr.	8. mgr. 3. gr
9. liður 3. gr.	9. mgr. 3. gr
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 4. gr.	4. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 4. gr.	—
2. mgr. 4. gr	—
5. gr.	5. gr.
Inngangsorð 5. gr. a	Inngangsorð 6. gr.
1. liður 5. gr. a	a-liður 6. gr.
2. liður 5. gr. a	b-liður 6. gr.
6. gr.	7. gr.
7. gr.	8. gr.
8. gr.	9. gr.
9. gr.	10. gr.
10. gr.	11. gr.
1. mgr. 11. gr	—
2. mgr. 11. gr	12. gr.
—	13. gr.
—	14. gr.
12. gr.	15. gr.
Viðauki	I. viðauki
—	II. viðauki
—	III. viðauki

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/45**

frá 18. mars 2009

um breytingu á ákvörðun 2008/185/EB að því er varðar skilyrði á sviði heilbrigðis dýra fyrir viðskipti með svín milli aðildarríkja eða héraða þeirra sem eru laus við Aujeszkys-veiki (*)

(tilkynnt með númeri C(2009) 1687)

(2009/248/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með nautgripi og svín ([1]), einkum 2. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 64/432/EBE er kveðið á um viðmiðanir til að lýsa megi aðildarríki eða svæði þess opinberlega laus við tiltekna smitsjúkdóma, þ.m.t. Aujeszkys-veiki. Í þeirri tilskipun er einnig kveðið á um að mæla skuli fyrir um viðbótarábyrgðir, almennar eða sértækar, sem kunna að vera nauðsynlegar í viðskiptum innan Bandalagsins í tengslum við þessi aðildarríki og svæði, í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í tilskipuninni.

2) Í I. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/185/EB frá 21. febrúar 2008 um viðbótarábyrgðir í viðskiptum innan Bandalagsins með svín í tengslum við Aujeszkys-veiki og um viðmiðanir fyrir upplýsingar sem veita skal um sjúkdóminn ([2]) er skrá yfir aðildarríki eða svæði þeirra sem eru laus við Aujeszkys-veikina og þar sem bólusetning er bönnuð.

3) Í ákvörðun 2008/185/EB er einnig mælt fyrir um viðbótarábyrgðir í tengslum viðsjúkdóminn fyrir flutning á svínum milli aðildarríkja. Viðbótarábyrgðir þessar eru tengdar sjúkdómastöðu viðkomandi aðildarríkja eða svæða þeirra.

4) Sú reynsla sem hefur hlotist af því að hrinda þessum ábyrgðum í framkvæmd hefur leitt í ljós að nauðsynlegt er að skýra að ekki er krafist viðbótarábyrgða fyrir flutning á svínum milli aðildarríkja eða svæða þeirra sem eru laus við Aujeszkys-veiki og þar sem bólusetning er bönnuð og sem eru skráð í I. viðauka við ákvörðun 2008/185/EB.

5) Því ber að breyta ákvörðun 2008/185/EB til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2008/185/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað inngangsorða 1. gr. komi eftirfarandi:

„Svín sem eru ætluð til undaneldis eða framleiðslu og eru send til aðildarríkja eða svæða í aðildarríkjum sem eru laus við Aujeszkys-veiki og eru skráð í I. viðauka skulu koma frá aðildarríki eða svæði í aðildarríki sem er skráð í viðaukann eða uppfylla eftirfarandi viðbótarskilyrði:“

2. Í stað inngangsorða 2. gr. komi eftirfarandi:

„Svín sem eru ætluð til slátrunar og eru send til aðildarríkja eða svæða í aðildarríkjum sem eru laus við Aujeszkys-veiki og eru skráð í I. viðauka skulu koma frá aðildarríki eða svæði í aðildarríki sem er skráð í viðaukann eða uppfylla eftirfarandi viðbótarskilyrði:“

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. mars 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla Vassilou

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 73, 19.3.2009, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2010 frá 30. apríl 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 37, 15.7.2010, bls. 1.

([1]) Stjtíð. EB 121, 29.7.1964, bls. 1977/64.

([2]) Stjtíð. ESB L 59, 4.3.2008, bls. 19.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR frá 20. mars 2009 2013/EES/4/46

um breytingu á ákvörðun 2003/135/EB að því er varðar áætlanir um útrýmingu og neyðarbólusetningu gegn svínapest í villtum svínum á tilteknum svæðum í sambandslöndunum Nordrhein-Westfalen og Rheinland-Pfalz (Þýskalandi) (*)

(tilkynnt með númeri C(2009) 1669)

(Einungis franski og þýski textinn hafa lagagildi)

(2009/255/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2001/89/EB frá 23. október 2001 um ráðstafanir Bandalagsins til að hafa eftirlit með svínapest ([1]), einkum 1. mgr. 16. gr. og 2. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/135/EB frá 27. febrúar 2003 til samþykktar áætlunum um að útrýma svínapest og um neyðarbólusetningu villtra svína við svínapest í Þýskalandi og í sambandsríkjunum Neðra-Saxlandi (Niedersachsen), Nordrhein-Westfalen, Rheinland-Pfalz og Saarland ([2]) var samþykkt sem ein af mörgum ráðstöfunum til að berjast gegn svínapest.

2) Þýskaland hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni um nýlega þróun sjúkdómsins í villtum svínum á tilteknum svæðum í sambandslöndunum Nordrhein-Westfalen og Rheinland-Pfalz.

3) Þessar upplýsingar gefa til kynna að svínapest í villtum svínum hafi verið útrýmt á tilteknum svæðum í þessum sambandslöndum. Til samræmis við það er ekki lengur þörf á að beita áætlunum um útrýmingu svínapestar í villtum svínum og neyðarbólusetningu á þessum svæðum.

4) Tilkynnt hefur verið um ný tilvik af svínapest í villtum svínum á svæði beggja vegna landamæranna á milli Nordrhein-Westfalen og Rheinland-Pfalz sem hafði fram að því verið laust við sjúkdóminn. Til samræmis við það er þörf á að beita áætlunum um útrýmingu svínapestar í villtum svínum og neyðarbólusetningu á þessum svæðum.

5) Því ber að breyta ákvörðun 2003/135/EB til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við ákvörðun 2003/135/EB komi viðaukinn við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Sambandslýðveldisins Þýskalands og Lýðveldisins Frakklands.

Gjört í Brussel 20. mars 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla Vassiliou

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 75, 21.3.2009, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2010 frá 30. apríl 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 37, 15.7.2010, bls. 1.

([1]) Stjt²Ħ EB L 316, 1.12.2001, bls. 5.

([2]) Stjt²Ħ ESB L 53, 28.2.2003, bls. 47.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

1. **SVÆÐI ÞAR SEM ÚTRÝMINGARÁÆTLANIR ERU Í GILDI**

A. **Í sambandslandinu Rheinland-Pfalz**

a) í Kreis Ahrweiler: sveitarfélögin Adenau og Altenahr,

b) í Landkreis Vulkaneifel: í sveitarfélaginu Obere Kyll þorpin Birgel, Esch, Feusdorf og Jünkenrath, í sveitarfélaginu Hillesheim þorpin Berndorf, Dohm-Lammersdorf, Hillelsheim, Kerpen, Nohn, Oberehe-Stroheich, Üxheim, Walsdorf og Wiesbaum, í sveitarfélaginu Daun þorpið Dreis-Brück, í sveitarfélaginu Kelberg þorpin Beinhausen, Bodenbach, Bongard, Borler, Boxberg, Brücktal, Drees, Gelenberg, Kelberg, Kirsbach, Neichen, Nitz, Reimerath og Welchenrath,

c) Kreis Altenkirchen og Kreis Neuwied,

d) í Kreis Westerwald: sveitarfélögin Bad Marienberg, Hachenburg, Ransbach-Baumbach, Rennerod, Selters, Wallmerod og Westerburg, sveitarfélagið Höhr-Grenzhausen norðan við hraðbraut A48, sveitarfélagið Montabaur norðan við hraðbraut A3 og sveitarfélagið Wirges norðan við hraðbrautirnar A48 og A3,

e) í Landkreis Südwestpfalz: sveitarfélagið Kröppen suðaustan við L 483, sveitarfélagið Vinningen suðaustan við L 478 og L 484, sveitarfélögin Schweix, Hilst, Trulben, Eppenbrunn, Ludwigswinkel, Fischbach bei Dahn, Schönau (Pfalz), Hirschthal, Rumbach, Bruchweiler-Bärenbach, Bundenthal, Niederschlettenbach, Nothweiler, Bobenthal, Erlenbach bei Dahn.

B. **Í sambandslandinu Nordrhein-Westfalen**

a) í Kreis Euskirchen: borgin Bad Münstereifel, í borginni Mechernich þorpin Antweiler, Harzheim, Holzheim, Lessenich, Rißdorf, Wachendorf og Weiler am Berge, í borginni Euskirchen þorpin Billig, Euenheim, Euskirchen, Flamersheim, Kirchheim, Kuchenheim, Kreuzweingarten, Niederkastenholz, Palmersheim, Rheder, Roitzheim, Schweinheim og Stotzheim, í sveitarfélaginu Nettersheim þorpin Bouderath, Buir, Engelgau, Frohngau, Holzmühlheim, Pesch, Tondorf og Roderath, í sveitarfélaginu Dahlem þorpið Dahlem og sveitarfélagið Blankenheim, að undanteknu þorpinu Blankenheimer Wald,

b) í Rhein-Sieg-Kreis: í borginni Meckenheim þorpin Ersdorf og Altendorf, í borginni Rheinbach þorpin Oberdrees, Niederdrees, Wormersdorf, Todenfeld, Hilberath, Merzbach, Irlenbusch, Queckenberg, Kleinschlehbach, Großschlehbach, Loch, Berscheidt, Eichen and Kurtenberg, í sveitarfélaginu Swisttal þorpin Miel og Odendorf, borgirnar Bad Honnef, Königswinter, Hennef (Sieg), Sankt Augustin, Niederkassel, Troisdorf, Siegburg og Lohmar og sveitarfélögin Neunkirchen-Seelscheid, Eitorf, Ruppichteroth, Windeck og Much,

c) í Kreis Siegen-Wittgenstein í sveitarfélaginu Kreuztal þorpin Krombach, Eichen, Fellinghausen, Osthelden, Junkernhees og Mittelhees, í borginni Siegen þorpin Sohlbach, Dillnhütten, Geisweid, Birlenbach, Trupbach, Seelbach, Achenbach, Lindenberg, Rosterberg, Rödgen, Obersdorf, Eisern og Eiserfeld, sveitarfélögin Freudenberg, Neunkirchen og Burbach, í sveitarfélaginu Wilnsdorf þorpin Rinsdorf og Wilden,

d) í Kreis Olpe í borginni Drolshagen þorpin Drolshagen, Lüdespert, Schlade, Hützemert, Feldmannshof, Gipperich, Benolpe, Wormberg, Gelsingen, Husten, Halbhusten, Iseringhausen, Brachtpe, Berlinghausen, Eichen, Heiderhof, Forth og Buchhagen, í borginni Olpe þorpin Olpe, Rhode, Saßmicke, Dahl, Friedrichsthal, Thieringhausen, Günsen, Altenkleusheim, Rhonard, Stachelau, Lütringhausen og Rüblinghausen, sveitarfélagið Wenden,

e) í Märkischer Kreis borgirnar Halver, Kierspe og Meinerzhagen,

f) í borginni Remscheid þorpin Halle, Lusebusch, Hackenberg, Dörper Höhe, Niederlangenbach, Durchsholz, Nagelsberg, Kleebach, Niederfeldbach, Endringhausen, Lennep, Westerholt, Grenzwall, Birgden, Schneppendahl, Oberfeldbach, Hasenberg, Lüdorf, Engelsburg, Forsten, Oberlangenbach, Niederlangenbach, Karlsruhe, Sonnenschein, Buchholzen, Bornefeld og Bergisch Born,

g) í borgunum Köln og Bonn, sveitarfélögin hægra megin við Rínarfljót,

h) borgin Leverkusen,

i) Rheinisch-Bergischer Kreis,

j) Oberbergischer Kreis.

2. **SVÆÐI ÞAR SEM NEYÐARBÓLUSETNING FER FRAM**

A. **Í sambandslandinu Rheinland-Pfalz**

a) í Kreis Ahrweiler: sveitarfélögin Adenau og Altenahr,

b) í Landkreis Vulkaneifel: í sveitarfélaginu Obere Kyll þorpin Birgel, Esch, Feusdorf og Jünkenrath, í sveitarfélaginu Hillesheim þorpin Berndorf, Dohm-Lammersdorf, Hillelsheim, Kerpen, Nohn, Oberehe-Stroheich, Üxheim, Walsdorf og Wiesbaum, í sveitarfélaginu Daun þorpið Dreis-Brück, í sveitarfélaginu Kelberg þorpin Beinhausen, Bodenbach, Bongard, Borler, Boxberg, Brücktal, Drees, Gelenberg, Kelberg, Kirsbach, Neichen, Nitz, Reimerath og Welchenrath,

c) Kreis Altenkirchen og Kreis Neuwied,

d) í Kreis Westerwald: sveitarfélögin Bad Marienberg, Hachenburg, Ransbach-Baumbach, Rennerod, Selters, Wallmerod og Westerburg, sveitarfélagið Höhr-Grenzhausen norðan við hraðbraut A48, sveitarfélagið Montabaur norðan við hraðbraut A3 og sveitarfélagið Wirges norðan við hraðbrautirnar A48 og A3,

e) í Landkreis Südwestpfalz: sveitarfélagið Kröppen suðaustan við L 483, sveitarfélagið Vinningen suðaustan við L 478 og L 484, sveitarfélögin Schweix, Hilst, Trulben, Eppenbrunn, Ludwigswinkel, Fischbach bei Dahn, Schönau (Pfalz), Hirschthal, Rumbach, Bruchweiler-Bärenbach, Bundenthal, Niederschlettenbach, Nothweiler, Bobenthal, Erlenbach bei Dahn.

B. **Í sambandslandinu Nordrhein-Westfalen**

a) í Kreis Euskirchen: borgin Bad Münstereifel, í borginni Mechernich þorpin Antweiler, Harzheim, Holzheim, Lessenich, Rißdorf, Wachendorf og Weiler am Berge, í borginni Euskirchen þorpin Billig, Euenheim, Euskirchen, Flamersheim, Kirchheim, Kuchenheim, Kreuzweingarten, Niederkastenholz, Palmersheim, Rheder, Roitzheim, Schweinheim og Stotzheim, í sveitarfélaginu Nettersheim þorpin Bouderath, Buir, Engelgau, Frohngau, Holzmühlheim, Pesch, Tondorf og Roderath, í sveitarfélaginu Dahlem þorpið Dahlem og sveitarfélagið Blankenheim, að undanteknu þorpinu Blankenheimer Wald,

b) í Rhein-Sieg-Kreis: í borginni Meckenheim þorpin Ersdorf og Altendorf, í borginni Rheinbach þorpin Oberdrees, Niederdrees, Wormersdorf, Todenfeld, Hilberath, Merzbach, Irlenbusch, Queckenberg, Kleinschlehbach, Großschlehbach, Loch, Berscheidt, Eichen and Kurtenberg, í sveitarfélaginu Swisttal þorpin Miel og Odendorf, borgirnar Bad Honnef, Königswinter, Hennef (Sieg), Sankt Augustin, Niederkassel, Troisdorf, Siegburg og Lohmar og sveitarfélögin Neunkirchen-Seelscheid, Eitorf, Ruppichteroth, Windeck og Much,

c) í Kreis Siegen-Wittgenstein í sveitarfélaginu Kreuztal þorpin Krombach, Eichen, Fellinghausen, Osthelden, Junkernhees og Mittelhees, í borginni Siegen þorpin Sohlbach, Dillnhütten, Geisweid, Birlenbach, Trupbach, Seelbach, Achenbach, Lindenberg, Rosterberg, Rödgen, Obersdorf, Eisern og Eiserfeld, sveitarfélögin Freudenberg, Neunkirchen og Burbach, í sveitarfélaginu Wilnsdorf þorpin Rinsdorf og Wilden,

d) í Kreis Olpe í borginni Drolshagen þorpin Drolshagen, Lüdespert, Schlade, Hützemert, Feldmannshof, Gipperich, Benolpe, Wormberg, Gelsingen, Husten, Halbhusten, Iseringhausen, Brachtpe, Berlinghausen, Eichen, Heiderhof, Forth og Buchhagen, í borginni Olpe þorpin Olpe, Rhode, Saßmicke, Dahl, Friedrichsthal, Thieringhausen, Günsen, Altenkleusheim, Rhonard, Stachelau, Lütringhausen og Rüblinghausen, sveitarfélagið Wenden,

e) í Märkischer Kreis borgirnar Halver, Kierspe og Meinerzhagen,

f) í borginni Remscheid þorpin Halle, Lusebusch, Hackenberg, Dörper Höhe, Niederlangenbach, Durchsholz, Nagelsberg, Kleebach, Niederfeldbach, Endringhausen, Lennep, Westerholt, Grenzwall, Birgden, Schneppendahl, Oberfeldbach, Hasenberg, Lüdorf, Engelsburg, Forsten, Oberlangenbach, Niederlangenbach, Karlsruhe, Sonnenschein, Buchholzen, Bornefeld og Bergisch Born,

g) í borgunum Köln og Bonn, sveitarfélögin hægra megin við Rínarfljót,

h) borgin Leverkusen,

i) Rheinisch-Bergischer Kreis,

j) Oberbergischer Kreis.“

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2008/128/EB **2013/EES/4/47**

frá 22. desember 2008

um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir litarefni til notkunar í matvæli (*)

(Kerfisbundin útgáfa)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/107/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi notkun leyfilegra aukefna í matvælum , einkum a-lið 3. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/45/EB frá 26. júlí 1995 um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir litarefni til notkunar í matvælum hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum . Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda tilskipunina.

2) Nauðsynlegt er að ákvarða hreinleikaskilyrði fyrir öll litarefni sem getið er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/36/EB frá 30. júní 1994 um litarefni til notkunar í matvælum .

3) Nauðsynlegt er að taka mið af forskriftum og greiningaraðferðum fyrir litarefni sem eru settar fram í Alþjóðamatvælaskránni sem sameiginleg sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um aukefni í matvælum (JECFA) hafa tekið saman.

4) Aukefni í matvælum, sem eru framleidd með aðferðum eða úr grunnefnum, sem eru verulega frábrugðin þeim sem vísindanefndin um matvæli hefur metið eða þeim sem um getur í þessari tilskipun, ber að senda Matvælaöryggisstofnun Evrópu til að fá hjá henni öryggismat með áherslu á hreinleikaskilyrði.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

6) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti þeirra til að taka tilskipanirnar, sem eru tilgreindar í B-hluta II. viðauka, upp í landslög.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Hreinleikaskilyrði samkvæmt a-lið 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 89/107/EBE fyrir litarefni, sem um getur í tilskipun 94/36/EB, eru tilgreind í I. viðauka við þessa tilskipun.

2. gr.

Tilskipun 95/45/EB, eins og henni var breytt með tilskipunum sem eru tilgreindar í A-hluta II. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti þeirra til að taka tilskipanirnar, sem um getur í B-hluta II. viðauka, upp í landslög.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í III. viðauka.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. desember 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 6, 10.1.2009, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2010 frá 30. apríl 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 37, 15.7.2010, bls. 8.

([1]) Stjtíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 27.

([2]) Stjtíð. EB L 226, 22.9.1995, bls. 1.

([3]) Sjá A-hluta II. viðauka.

([4]) Stjtíð. EB L 237, 10.9.1994, bls. 13.

I. VIÐAUKI

A. **ALMENNAR FORSKRIFTIR FYRIR ÁLSETLITAREFNI**

Skilgreining	Álsetlitarefni eru framleidd með efnahvörfum litarefna, sem uppfylla hreinleikaskilyrði samkvæmt tæmandi gæðalýsingu efnanna, og súrals í vatnsmiðli. Súrálið er jafnan óþurrkað efni, nýmyndað með efnahvörfum álsúlfats eða álklóríðs og natríum- eða kalsíumkarbónats eða -bíkarbónats eða ammóníaks. Eftir myndun setlitarefnisins er það síað, skolað með vatni og þurrkað. Óhvarfað súrál kann einnig að finnast í lokaafurðinni.
Óleysanlegt efni í HCl	Ekki yfir 0,5%
Efni sem er útdraganlegt í eter	Ekki yfir 0,2% (í hlutlausum miðli)
	Sérstök hreinleikaskilyrði fyrir tilsvarandi litarefni gilda jafnframt.

B**. SÉRSTÖK HREINLEIKASKILYRÐI**

E 100 KÚRKÚMÍN

Samheiti	Litaskrárheiti (CI): náttúrugult 3, gullinrótargult (túrmerik-gult), díferóýlmetan
Skilgreining	Kúrkúmín fæst með leysisútdrætti úr túrmeriki, þ.e. úr jarðstönglum náttúrulegra afbrigða Curcuma longa L. Til að fá fram hreint kúrkúmínduft er útdrátturinn kristallaður. Varan er aðallega gerð úr kúrkúmínum, þ.e. hinum eiginlega litandi efnisþætti (1,7-bis(4-hýdroxý-3-metoxýfenýl)hepta-1,6-díen-3,5-díón) og tveimur desmetoxýafleiðum hans í breytilegum hlutföllum. Í vörunni kann að vera olía og resín sem eru í túrmeriki í litlu magni frá náttúrunnar hendi. Aðeins er heimilt að nota eftirtalda leysa við útdráttinn: etýlasetat, aseton, koldíoxíð, díklórmetan, n-bútanól, metanól, etanól og hexan.
Flokkur	Dísinnamóýlmetan
Litaskrárnúmer	75300
EINECS-númer	207-280-5
Efnaheiti	I 1,7-bis(4-hýdroxý-3-metoxýfenýl)hepta-1,6-díen-3,5-díón II 1-(4-hýdroxýfenýl)-7-(4-hýdroxý-3-metoxý-fenýl-)hepta-1,6-díen-3,5-díón III 1,7-bis(4-hýdroxýfenýl)hepta-1,6-díen-3,5-díón
Efnaformúla	I $C_{21}H_{20}O_6$ II $C_{20}H_{18}O_5$ III $C_{19}H_{16}O_4$
Mólþyngd I. 368,39 II. 338,39 III. 308,39	
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 90% af litunarefnum alls $E_{1\ cm}^{1\%}$ 1 607 við u.þ.b. 426 nm í etanóli
Lýsing	Appelsínugult, kristallað duft
Sanngreining	
A. Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 426 nm í etanóli
B. Bræðslumarksbil	179–182 °C

Hreinleiki	
Leysisleifar	Etýlasetat, Aseton, n-bútanól, Metanól, Etanól: Ekki yfir 50 mg/kg, hvert fyrir sig eða í samsetningum
	Hexan
	Díklórmetan: ekki yfir 10 mg/kg
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg

E 101(i) RÍBÓFLAVÍN

Samheiti	Laktóflavín
Flokkur	Ísóalloxasín
EINECS-númer	201-507-1
Efnaheiti	7,8-dímetýl-10-(D-ríbó-2,3,4,5-tetrahýdroxýpentýl)bensó(g)teridín-2,4(3H,10H)-díón
	7,8-dímetýl-10-(1'-D-ríbítýl)ísóalloxasín
Efnaformúla	$C_{17}H_{20}N_4O_6$
Mólþyngd	376,37
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 98%, miðað við vatnsfrítt efni
	$E_{1\ cm}^{1\%}$ 328 við u.þ.b. 444 nm í vatnslausn
Lýsing	Gult til appelsínugult, kristallað duft sem lyktar lítillega
Sanngreining	
A. Litrófsgreining	Hlutfallið A_{375}/A_{267} er milli 0,31 og 0,33; Hlutfallið A_{444}/A_{267} er milli 0,36 og 0,39: í vatnslausn
	Hámark u.þ.b. 444 nm í vatni
B. Eðlissnúningur	$[\alpha]D^{20}$ milli – 115° og – 140° í 0,05 N natríumhýdroxíðlausn
Hreinleiki	
Efnistap við þurrkun	Ekki yfir 1,5% eftir þurrkun við 105 °C í 4 klukkustundir
Súlfataska	Ekki yfir 0,1%
Eingreind, arómatísk amín	Ekki yfir 100 mg/kg (reiknað sem anilín)
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg

E 101 (ii) RÍBÓFLAVÍN-5'-FOSFAT

Samheiti	Natríumríbóflavín-5'-fosfat
Skilgreining	Þessar forskriftir gilda um ríbóflavín-5´-fosfat með óbundnu ríbóflavíni og ríbóflavíndífosfati í litlu magni.

Flokkur	Ísóalloxasín
EINECS-númer	204-988-6
Efnaheiti	Mónónatríum (2R,3R,4S)-5-(3')10'-díhýdró-7',8'-dímetýl-2',4'-díoxó-10'- bensó[γ]pterídínýl)-2,3,4-tríhýdroxýpentýlfosfat, mónónatríumsalt af 5'-mónófosfatester af ríbóflavíni
Efnaformúla	Fyrir tvívatnaða formið: $C_{17}H_{20}N_4NaO_9P \cdot 2H_2O$ Í vatnsfríu formi: $C_{17}H_{20}N_4NaO_9P$
Mólþyngd	541,36
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 95% af litunarefnum alls, reiknað sem $C_{17}H_{20}N_4NaO_9P \cdot 2H_2O$ $E_{1\ cm}^{1\ \%}$ 250 við u.þ.b. 375 nm í vatnslausn
Lýsing	Gult til appelsínugult, kristallað, ídrægt duft sem lyktar lítillega og er beiskt á bragðið
Sanngreining	
A. Litrófsgreining	Hlutfallið A_{375}/A_{267} er milli 0,30 og 0,34 Hlutfallið A_{444}/A_{267} er milli 0,35 og 0,40 } í vatnslausn Hámark u.þ.b. 444 nm í vatni
B. Eðlissnúningur	$[\alpha]D_{20}$ milli + 38° og + 42° í 5 M saltsýrulausn
Hreinleiki	
Efnistap við þurrkun	Ekki yfir 8% (100 °C, 5 klukkustundir í lofttæmi yfir P_2O_5) fyrir tvívatnaða formið
Súlfataska	Ekki yfir 25%
Ólífrænt fosfat	Ekki yfir 1,0% (reiknað sem PO4 miðað við vatnsfrítt efni)
Önnur litunarefni	Ríbóflavín (óbundið): Ekki yfir 6% Ríbóflavíndífosfat: Ekki yfir 6%
Eingreind, arómatísk amín:	Ekki yfir 70 mg/kg (reiknað sem anilín)
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg

E 102 TARTRASÍN

Samheiti	Litaskrárheiti: matargult 4
Skilgreining	Tartrasín samanstendur aðallega af trínatríum-5-hýdroxý-1-(4-súlfónatófenýl)-4-(4-súlfónatófenýlasó)-H-pýrasól-3-karboxýlati og öðrum litunarefnum auk natríumklóríðs og/eða natríumsúlfats sem helstu ólituðu efnisþáttunum. Lýsingin á tartrasíni á við efnið sem natríumsalt. Kalsíum- og kalíumsaltið er einnig leyft.
Flokkur	Mónóasó
Litaskrárnúmer	19140
EINECS-númer	217-699-5
Efnaheiti	Trínatríum-5-hýdroxý-1-(4-súlfónatófenýl)-4- (4-súlfónatófenýlasó)-H-pýrasól-3-karboxýlat
Efnaformúla	$C_{16}H_9N_4Na_3O_9S_2$

Mólþyngd	534,37
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 85% af litunarefnum alls, reiknað sem natríumsalt
	$E_{1\ cm}^{1\%}$ 530 við u.þ.b. 426 nm í vatnslausn
Lýsing	Ljóst, appelsínugult duft eða kyrni
Sanngreining	
A. Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 426 nm í vatni
B. Gul lausn í vatni	
Hreinleiki	
Vatnsóleysanlegt efni	Ekki yfir 0,2%
Önnur litunarefni	Ekki yfir 1,0%
Lífræn efnasambönd, önnur en litunarefni:	
4-hýdrasínóbensensúlfónsýra 4-amínóbensen-1-súlfónsýra 5-oxó-1-(4-súlfófenýl)-2-pýrasólín-3-karboxýlsýra 4,4′-díasóamínódí-(bensensúlfónsýra) Tetrahýdroxýrafsýra	Ekki yfir 0,5% alls
Ósúlfuð, eingreind, arómatísk amín	Ekki yfir 0,01% (reiknað sem anilín)
Efni sem er útdraganlegt í eter	Ekki yfir 0,2% í hlutlausum miðli
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg

E 104 KÍNÓLÍNGULT

Samheiti	Litaskrárheiti: matargult 13
Skilgreining	Kínólíngult er framleitt með súlfun 2-(2-kínólýl)indan-1,3-díóns. Kínólíngult er aðallega samsett af natríumsöltum af blöndu dísúlfónata (að mestu leyti), mónósúlfónata og trísúlfónata framangreinds efnasambands og öðrum litunarefnum auk natríumklóríðs og/eða natríumsúlfats sem helstu ólituðu efnisþáttunum. Lýsingin á kínólíngulu á við efnið sem natríumsalt. Kalsíum- og kalíumsöltin eru einnig leyfileg.
Flokkur	Kínóþalón
Litaskrárnúmer	47005
EINECS-númer	305-897-5
Efnaheiti	Tvínatríumsölt dísúlfónata 2-(2-kínólýl)indan-1,3-díóns (helsti efnisþáttur)
Efnaformúla	$C_{18}H_9N\ Na_2O_8S_2$ (helsti efnisþáttur)
Mólþyngd	477,38 (helsti efnisþáttur)

Magngreining	Inniheldur að lágmarki 70%, af litunarefnum alls, reiknað sem natríumsalt
	Samsetning kínólínguls skal vera sem hér segir:
	Af heildarinnihaldi litunarefna skal:
	– minnst 80% vera dínatríum-2-(2-kínólýl)indan-1,3-díón-dísúlfónöt
	– mest 15% vera natríum-2-(2-kínólýl)indan-1,3-díón-mónósúlfónöt
	– mest 7,0% vera trínatríum-2-(2-kínólýl)indan-1,3-díón-trísúlfónat
	$E_{1\ cm}^{1\ \%}$ 865 (helsti efnisþáttur) við u.þ.b. 411 nm í ediksúrri vatnslausn
Lýsing	Gult duft eða kyrni
Sanngreining	
A. Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 411 nm í ediksúrri vatnslausn með pH-gildið 5
B. Gul lausn í vatni	
Hreinleiki	
Vatnsóleysanlegt efni	Ekki yfir 0,2%
Önnur litunarefni	Ekki yfir 4,0%
Lífræn efnasambönd, önnur en litunarefni:	
2-metýlkínólín	Ekki yfir 0,5% alls
2-metýlkínólín-súlfónsýra	
Þalsýra	
2,6-dímetýlkínólín	
2,6-dímetýlkínólínsúlfónsýra	
2-(2-kínólýl)indan-1,3-díón	Ekki yfir 4 mg/kg
Ósúlfuð, eingreind, arómatísk amín	Ekki yfir 0,01% (reiknað sem anilín)
Efni sem er útdraganlegt í eter	Ekki yfir 0,2% í hlutlausum miðli
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg

E 110 SÓLSETURSGULT FCF

Samheiti	Litaskrárheiti: matargult 3, appelsínugult S
Skilgreining	Sólsetursgult FCF samanstendur aðallega af dínatríum-2-hýdroxý-1-(4-súlfonatófenýlasó)naftalín-6-súlfónati og öðrum litunarefnum ásamt natríumklóríði og/eða natríumsúlfati sem helstu ólituðu efnisþáttunum.
	Lýsingin á sólsetursgulu FCF á við efnið sem natríumsalt. Kalsíum- og kalíumsöltin eru einnig leyfileg.
Flokkur	Mónóasó
Litaskrárnúmer	15985
EINECS-númer	220-491-7
Efnaheiti	Dínatríum-2-hýdroxý-1-(4-súlfónatófenýlasó)naftalín-6-súlfónat

Efnaformúla	$C_{16}H_{10}N_2Na_2O_7S_2$
Mólþyngd	452,37
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 85% af litunarefnum alls, reiknað sem natríumsalt
	$E_{1\ cm}^{1\%}$ 555 við u.þ.b. 485 nm í vatnslausn með pH-gildið 7
Lýsing	Appelsínurautt duft eða kyrni
Sanngreining	
A. Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 485 nm í vatnslausn með pH-gildið 7
B. Appelsínugul lausn í vatni	
Hreinleiki	
Vatnsóleysanlegt efni	Ekki yfir 0,2%
Önnur litunarefni	Ekki yfir 5,0%
1-(fenýlasó)-2-naftalínól (Súdan I)	Ekki yfir 0,5 mg/kg
Lífræn efnasambönd, önnur en litunarefni:	
4-amínóbensen-1-súlfónsýra	Ekki yfir 0,5% alls
3-hýdroxýnaftalín-2,7-dísúlfónsýra	
6-hýdroxýnaftalín-2-dísúlfónsýra	
7-hýdroxýnaftalín-1,3-dísúlfónsýra	
4,4′-díasóamínódí-(bensensúlfónsýra)	
6,6′-oxýdí(naftalín-2-súlfónsýra)	
Ósúlfuð, eingreind, arómatísk amín	Ekki yfir 0,01% (reiknað sem anilín)
Efni sem er útdraganlegt í eter	Ekki yfir 0,2% í hlutlausum miðli
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 2 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg

E 120 KÓKÍNÍL, KARMÍNSÝRA, KARMÍN

Skilgreining	Karmín og karmínsýra eru framleidd úr vatnsútdrætti, útdrætti vatns og vínanda eða útdrætti vínanda úr kókíníl sem samanstendur af þurrkuðum líkömum kvendýra af skordýrategundinni *Dactylopius coccus* costa. Hinn litandi efnisþáttur er karmínsýra. Unnt er að framleiða álsetlitarefni úr karmínsýru (karmín) þar sem ál og karmínsýra eru talin vera í mólhlutfallinu 1:2. Í verslunarvörum er hinn litandi efnisþáttur ásamt ammóníum-, kalsíum-, kalíum- eða natríumplúsjónum, einum sér eða saman, og geta þessar plúsjónir verið í of miklu magni. Í verslunarvörum geta einnig verið prótín úr sjálfu skordýrinu og óbundið karmínat eða smáleifar óbundinna álplúsjóna.
Flokkur	Antrakínón
Litaskrárnúmer	75470
EINECS-númer	Kókíníl: 215-680-6, karmínsýra: 215-023-3, karmín: 215-724-4

Efnaheiti	7-β-D-glúkópýranósýl-3,5,6,8-tetrahýdroxý-1-metýl-9,10-díoxóantrasen-2-karboxýlsýra (karmínsýra). Karmín er vatnað álklósamband þessarar sýru
Efnaformúla	$C_{22}H_{20}O_{13}$ (karmínsýra)
Mólþyngd	492,39 (karmínsýra)
Magngreining	Útdrættir með karmínsýru innihalda að lágmarki 2% af karmínsýru, klósambönd innihalda að lágmarki 50% af karmínsýru.
Lýsing	Rautt, allt að dökkrautt, auðmulið fast efni eða duft. Kókínílútdráttur er oftast dökkrauður vökvi en getur einnig verið þurr í duftformi.
Sanngreining	
Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 518 nm í vatnskenndri ammoníakslausn
Fyrir karmínsýru	Hámark u.þ.b. 494 nm í þynntri saltsýrulausn
Hreinleiki	
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg

E 122 ASÓRÚBÍN, KARMÓSÍN

Samheiti	Litaskrárheiti: matarrautt 3
Skilgreining	Asórúbín samanstendur aðallega af dínatríum-4-hýdroxý-3-(4-súlfonató-1-naftýlasó)naftalín-1-súlfónati og öðrum litunarefnum ásamt natríumklóríði og/eða natríumsúlfati sem helstu ólituðu efnisþáttunum. Lýsingin á asórúbíni á við efnið sem natríumsalt. Kalsíum- og kalíumsöltin eru einnig leyfileg.
Flokkur	Mónóasó
Litaskrárnúmer	14720
EINECS-númer	222-657-4
Efnaheiti	Dínatríum-4-hýdroxý-3-(4-súlfónató-1-naftýlasó)naftalín-1-súlfónat
Efnaformúla	$C_{20}H_{12}N_2Na_2O_7S_2$
Mólþyngd	502,44
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 85% af litunarefnum alls, reiknað sem natríumsalt $E_{1\ cm}^{1\ \%}$ 510 við u.þ.b. 516 nm í vatnslausn
Lýsing	Rautt, allt að rauðbrúnt, duft eða kyrni
Sanngreining	
A. Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 516 nm í vatni
B. Rauð lausn í vatni	
Hreinleiki	
Vatnsóleysanlegt efni	Ekki yfir 0,2%
Önnur litunarefni	Ekki yfir 2,0%
Lífræn efnasambönd, önnur en litunarefni:	
4-amínónaftalín-1-súlfónsýra 4-hýdroxýnaftalín-1-súlfónsýra	Ekki yfir 0,5% alls

Ósúlfuð, eingreind, arómatísk amín	Ekki yfir 0,01% (reiknað sem anilín)
Efni sem er útdraganlegt í eter	Ekki yfir 0,2% í hlutlausum miðli
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg

E 123 AMARANT

Samheiti	Litaskrárheiti: matarrautt 9
Skilgreining	Amarant er aðallega samsett af trínatríum-2-hýdroxý-1-(4-súlfónató-1-naftýlasó)naftalín-3,6-dísúlfónati og öðrum litunarefnum ásamt natríumklóríði og/eða natríumsúlfati sem helstu ólituðu efnisþáttunum. Lýsingin á amaranti á við efnið sem natríumsalt. Kalsíum- og kalíumsöltin eru einnig leyfileg.
Flokkur	Mónóasó
Litaskrárnúmer	16185
EINECS-númer	213-022-2
Efnaheiti	Trínatríum-2-hýdroxý-1-(4-súlfónató-1-naftýlasó)naftalín-3,6-dísúlfónat
Efnaformúla	$C_{20}H_{11}N_2Na_3O_{10}S_3$
Mólþyngd	604,48
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 85% af litunarefnum alls, reiknað sem natríumsalt $E_{1\ cm}^{1\ \%}$ 440 við u.þ.b. 520 nm í vatnslausn
Lýsing	Rauðbrúnt duft eða kyrni
Sanngreining	
A. Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 520 nm í vatni
B. Rauð lausn í vatni	
Hreinleiki	
Vatnsóleysanlegt efni	Ekki yfir 0,2%
Önnur litunarefni	Ekki yfir 3,0%
Lífræn efnasambönd, önnur en litunarefni:	
4-amínónaftalín-1-súlfónsýra 3-hýdroxýnaftalín-2,7-dísúlfónsýra 6-hýdroxýnaftalín-2-súlfónsýra 7-hýdroxýnaftalín-1,3-dísúlfónsýra 7-hýdroxýnaftalín-1,3-6-trísúlfónsýra	Ekki yfir 0,5% alls
Ósúlfuð, eingreind, arómatísk amín	Ekki yfir 0,01% (reiknað sem anilín)
Efni sem er útdraganlegt í eter	Ekki yfir 0,2% í hlutlausum miðli
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg

Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg

E 124 HÁRAUTT 4R, KÓKÍNÍLRAUTT A

Samheiti	Litaskrárheiti: matarrautt 7, nýtt kokkín
Skilgreining	Hárautt 4R er aðallega samsett af trínatríum-2-hýdroxý-1-(4-súlfónató-1-naftýlasó)naftalín-6,8-dísúlfónati og öðrum litunarefnum ásamt natríumklóríði og/eða natríumsúlfati sem helstu ólituðu efnisþáttunum. Lýsingin á hárauðu 4R á við efnið sem natríumsalt. Kalsíum- og kalíumsöltin eru einnig leyfileg.
Flokkur	Mónóasó
Litaskrárnúmer	16255
EINECS-númer	220-036-2
Efnaheiti	Trínatríum-2-hýdroxý-1-(4-súlfónató-1-naftýlasó)naftalín-6,8-dísúlfónat
Efnaformúla	$C_{20}H_{11}N_2Na_3O_{10}S_3$
Mólþyngd	604,48
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 80% af litunarefnum alls, reiknað sem natríumsalt. $E_{1\ cm}^{1\%}$ 430 við u.þ.b. 505 nm í vatnslausn
Lýsing	Rauðleitt duft eða kyrni
Sanngreining	
A. Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 505 nm í vatni
B. Rauð lausn í vatni	
Hreinleiki	
Vatnsóleysanlegt efni	Ekki yfir 0,2%
Önnur litunarefni	Ekki yfir 1,0%
Lífræn efnasambönd, önnur en litunarefni:	
4-amínónaftalín-1-súlfónsýra 7-hýdroxýnaftalín-1,3-dísúlfónsýra 3-hýdroxýnaftalín-2,7-dísúlfónsýra 6-hýdroxýnaftalín-2-súlfónsýra 7-hýdroxýnaftalín-1,3-6-trísúlfónsýra	Ekki yfir 0,5% alls
Ósúlfuð, eingreind, arómatísk amín	Ekki yfir 0,01% (reiknað sem anilín)
Efni sem er útdraganlegt í eter	Ekki yfir 0,2% í hlutlausum miðli
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg

Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg

E 127 ERÝTRÓSÍN

Samheiti	Litaskrárheiti: matarrautt 14
Skilgreining	Erýtrósín er aðallega samsett af dínatríum-2-(2,4,5,7-tetrajoð-3-oxídó-6-oxóx-anten-9-ýl)bensóatmónóhýdrati og öðrum litunarefnum ásamt vatni, natríum-klóríði og/eða natríumsúlfati sem helstu ólituðu efnisþáttunum. Lýsingin á erýtrósíni á við efnið sem natríumsalt. Kalsíum- og kalíumsöltin eru einnig leyfileg.
Flokkur	Xanten
Litaskrárnúmer	45430
EINECS-númer	240-474-8
Efnaheiti	Dínatríum-2-(2,4,5,7-tetrajoð-3-oxídó-6-oxóxanten-9-ýl)bensóatmónóhýdrat
Efnaformúla	$C_{20}H_6I_4Na_2O_5\ H_2O$
Mólþyngd	897,88
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 87% af litunarefnum alls, reiknað sem vatnsfrítt natríumsalt $E_{1\ cm}^{1\ \%}$ 1100 við u.þ.b. 526 nm í vatnslausn með pH-gildið 7
Lýsing	Rautt duft eða kyrni
Sanngreining	
A. Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 526 nm í vatni með pH-gildið 7
B. Rauð lausn í vatni	
Hreinleiki	
Ólífræn joðíð reiknuð sem natríumjoðíð	Ekki yfir 0,1%
Vatnsóleysanlegt efni	Ekki yfir 0,2%
Önnur litunarefni (nema flúrskinslausn)	Ekki yfir 4,0%
Flúrskinslausn	Ekki yfir 20 mg/kg
Lífræn efnasambönd, önnur en litunarefni:	
Tríjoðresorsínól	Ekki yfir 0,2%
2-(2,4-díhýdroxý-3,5-díjoðbensóýl)bensósýra	Ekki yfir 0,2%
Efni sem er útdraganlegt í eter	Ekki yfir 0,2% úr lausn með pH-gildi frá 7 til og með 8
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg
Álsetlitarefni	Aðferðin með að ákvarða efni, sem leysist ekki upp í saltsýru, á ekki við um þennan lit. Þess í stað er efni, sem ekki leysist upp í natríumhýdroxíðlausn, ákvarðað og má ekki vera hærra en 0,5%, sem á eingöngu við um þennan lit

.

E 128 RAUTT 2G

Samheiti	Litaskrárheiti: matarrautt 10, asógeranín
Skilgreining	Rautt 2G er aðallega samsett af dínatríum-8-asetamíðó-1-hýdroxý-2-fenýlasón-aftalín-3,6-dísúlfónati og öðrum litunarefnum auk natríumklóríðs og/eða natríumsúlfats sem helstu ólituðu efnisþáttunum. Lýsingin á rauðu 2G á við efnið sem natríumsalt. Kalsíum- og kalíumsöltin eru einnig leyfileg.
Flokkur	Mónóasó
Litaskrárnúmer	18050
EINECS-númer	223-098-9
Efnaheiti	Dínatríum-8-asetamíðó-1-hýdroxý-2-fenýlasó-naftalín-3,6-dísúlfónat
Efnaformúla	$C_{18}H_{13}N_3Na_2O_8S_2$
Mólþyngd	509,43
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 80% af litunarefnum alls, reiknað sem natríumsalt $E_{1\ cm}^{1\%}$ 620 við u.þ.b. 532 nm í vatnslausn
Lýsing	Rautt duft eða kyrni
Sanngreining	
A. Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 532 nm í vatni
B. Rauð lausn í vatni	
Hreinleiki	
Vatnsóleysanlegt efni	Ekki yfir 0,2%
Önnur litunarefni	Ekki yfir 2,0%
Lífræn efnasambönd, önnur en litunarefni:	
5-asetamíðó-4-hýdroxýnaftalín-2,7-dísúlfónsýra 5-amínó-4-hýdroxýnaftalín-2,7-dísúlfónsýra	Ekki yfir 0,5% alls
Ósúlfuð, eingreind, arómatísk amín	Ekki yfir 0,01% (reiknað sem anilín)
Efni sem er útdraganlegt í eter	Ekki yfir 0,2% í hlutlausum miðli
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg

E 129 ALLÚRARAUTT AC

Samheiti	Litaskrárheiti: matarrautt 17
Skilgreining	Allúrarautt AC er aðallega samsett af dínatríum-2-hýdroxý-1-(2-metoxý-5-metýl-4-súlfonatófenýlasó)naftalín-6-súlfónati og öðrum litunarefnum ásamt natríumklóríði og/eða natríumsúlfati sem helstu ólituðu efnisþáttunum. Lýsingin á allúrarauðu AC á við efnið sem natríumsalt. Kalsíum- og kalíumsöltin eru einnig leyfileg.
Flokkur	Mónóasó
Litaskrárnúmer	16035

EINECS-númer	247-368-0
Efnaheiti	Dínatríum-2-hýdroxý-1-(2-metoxý-5-metýl-4-súlfónatófenýlasó)naftalín-6-súlfónat
Efnaformúla	$C_{18}H_{14}N_2Na_2O_8S_2$
Mólþyngd	496,42
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 85% af litunarefnum alls, reiknað sem natríumsalt
	$E_{1\ cm}^{1\%}$ 540 við u.þ.b. 504 nm í vatnslausn með pH-gildið 7
Lýsing	Dökkrautt duft eða kyrni
Sanngreining	
A. Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 504 nm í vatni
B. Rauð lausn í vatni	
Hreinleiki	
Vatnsóleysanlegt efni	Ekki yfir 0,2%
Önnur litunarefni	Ekki yfir 3,0%
Lífræn efnasambönd, önnur en litunarefni:	
6-hýdroxý-2-naftalínsúlfónsýra, natríumsalt	Ekki yfir 0,3%
4-amínó-5-metoxý-2-metýlbensensúlfónsýra	Ekki yfir 0,2%
6,6-oxýbis (2-naftalínsúlfón-sýra)-dínatríumsalt	Ekki yfir 1,0%
Ósúlfuð, eingreind, arómatísk amín	Ekki yfir 0,01% (reiknað sem anilín)
Efni sem er útdraganlegt í eter	Ekki yfir 0,2% úr lausn með pH-gildið 7
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg

E 131 PATENTBLÁTT V

Samheiti	Litaskrárheiti: matarblátt 5
Skilgreining	Patentblátt V er aðallega samsett af kalsíum- eða natríumsamböndum innra salts [4-(α-(4-díetýlamínófenýl)-5-hýdroxý-2,4-dísúlfófenýl-metýlíden)2,5-sýklóhexadíen-1-ýlíden]díetýlammóníumhýdroxíðs og öðrum litunarefnum auk natríumklóríðs og/eða natríumsúlfats sem helstu ólituðu efnisþáttunum.
	Kalíumsaltið er einnig leyfilegt.
Flokkur	Tríarýlmetan
Litaskrárnúmer	42051
EINECS-númer	222-573-8
Efnaheiti	Kalsíum- eða natríumsamband innra salts [4-(α-(4-díetýlamínófenýl)-5-hýdroxý-2,4-dísúlfófenýl-metýlíden)-2,5-sýklóhexadíen-1-ýlíden]díetýl-ammóníumhýdroxíðs
Efnaformúla	Kalsíumsamband: $C_{27}H_{31}N_2O_7S_2Ca_{1/2}$
	Natríumsamband: $C_{27}H_{31}N_2O_7S_2Na$

Mólþyngd	Kalsíumsamband: 579,72 Natríumsamband: 582,67
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 85% af litunarefnum alls, reiknað sem natríumsalt $E_{1\ cm}^{1\ \%}$ 2000 við u.þ.b. 638 nm í vatnslausn með pH-gildið 5
Lýsing	Dökkblátt duft eða kyrni
Sanngreining	
A. Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 638 nm í vatni með pH-gildið 5
B. Blá lausn í vatni	
Hreinleiki	
Vatnsóleysanlegt efni	Ekki yfir 0,2%
Önnur litunarefni	Ekki yfir 2,0%
Lífræn efnasambönd, önnur en litunarefni:	
3-hýdroxýbensaldehýð 3-hýdroxýbensósýra 3-hýdroxý-4-súlfóbensósýra N,N-díetýlamínóbensensúlfónsýra	Ekki yfir 0,5% alls
Hvítbasi	Ekki yfir 4,0%
Ósúlfuð, eingreind, arómatísk amín	Ekki yfir 0,01% (reiknað sem anilín)
Efni sem er útdraganlegt í eter	Ekki yfir 0,2% úr lausn með pH-gildið 5
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg

E 132 INDÍGÓTÍN, INDÍGÓKARMÍN

Samheiti	Litaskrárheiti: matarblátt 1
Skilgreining	Indígótín er aðallega samansett af blöndu af dínatríum-3,3′díoxó-2,2′-bí-indólýlíden-5,5′-dísúlfónati og dínatríum-3,3′-díoxó-2,2′-bí-indólýlíden-5,7′-dísúlfónati og öðrum litunarefnum auk natríumklóríðs og/eða natríumsúlfats sem helstu óliuðu efnisþáttunum. Lýsingin á indígótíni á við efnið sem natríumsalt. Kalsíum- og kalíumsöltin eru einnig leyfileg.
Flokkur	Indígóíð
Litaskrárnúmer	73015
EINECS-númer	212-728-8
Efnaheiti	Dínatríum-3,3′-díoxó-2,2′-bí-indólýlíden-5,5′-dísúlfónat
Efnaformúla	$C_{16}H_8N_2Na_2O_8S_2$
Mólþyngd	466,36
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 85% af litunarefnum alls, reiknað sem natríumsalt, dínatríum-3,3′-díoxó-2,2′-bí-indólýlíden-5,7′-dísúlfónat: ekki yfir 18% $E_{1\ cm}^{1\ \%}$ 480 við u.þ.b. 610 nm í vatnslausn

Lýsing	Dökkblátt duft eða kyrni
Sanngreining	
A. Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 610 nm í vatni
B. Blá lausn í vatni	
Hreinleiki	
Vatnsóleysanlegt efni	Ekki yfir 0,2%
Önnur litunarefni	Önnur en dínatríum-3,3′-díoxó-2,2′-bí-indólýlíden-5,7′-dísúlfónat: ekki yfir 1,0%
Lífræn efnasambönd, önnur en litunarefni:	
Ísatín-5-súlfónsýra 5-súlfóantranílsýra Antranílsýra	Ekki yfir 0,5% alls
Ósúlfuð, eingreind, arómatísk amín	Ekki yfir 0,01% (reiknað sem anilín)
Efni sem er útdraganlegt í eter	Ekki yfir 0,2% í hlutlausum miðli
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg

E 133 SKÆRBLÁTT FCF

Samheiti	Litaskrárheiti: matarblátt 2
Skilgreining	Skærblátt FCF er aðallega samsett af dínatríum-α-(4-(N-etýl-3-súlfónató-bensýlamínó)fenýl)-α-(4-N-etýl-3-súlfónatóbensýlamínó)sýklóhexa-2,5-díenýlíden)tólúen-2-súlfónati og hverfum þess og öðrum litunarefnum auk natríumklóríðs og/eða natríumsúlfats sem helstu ólituðu efnisþáttunum. Lýsingin á skærbláu FCF á við efnið sem natríumsalt. Kalsíum- og kalíumsöltin eru einnig leyfileg.
Flokkur	Tríarýlmetan
Litaskrárnúmer	42090
EINECS-númer	223-339-8
Efnaheiti	Dínatríum-α-(4-(N-etýl-3-súlfónatóbensýlamínó)fenýl)-α-(4-N-etýl-3-súlfónatóbensýlamínó)sýklóhexa-2,5-díenýlíden)tólúen-2-súlfónat
Efnaformúla	$C_{37}H_{34}N_2Na_2O_9S_3$
Mólþyngd	792,84
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 85% af litunarefnum alls, reiknað sem natríumsalt $E_{1\ cm}^{1\%}$ 1630 við u.þ.b. 630 nm í vatnslausn
Lýsing	Rauðblátt duft eða kyrni
Sanngreining	
A. Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 630 nm í vatni
B. Blá lausn í vatni	
Hreinleiki	
Vatnsóleysanlegt efni	Ekki yfir 0,2%
Önnur litunarefni	Ekki yfir 6,0%

Lífræn efnasambönd, önnur en litunarefni:	
2-, 3- og 4-formýlbensensúlfónsýrur samanlagt	Ekki yfir 1,5%
3-((etýl)(4-súlfófenýl)amínó)-metýlbensensúlfónsýra	Ekki yfir 0,3%
Hvítbasi	Ekki yfir 5,0%
Ósúlfuð, eingreind, arómatísk amín	Ekki yfir 0,01% (reiknað sem anilín)
Efni sem er útdraganlegt í eter	Ekki yfir 0,2% við pH-gildið 7
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg

E 140 (i) KLÓRÓFÝLL

Samheiti	Litaskrárheiti: náttúrugrænt 3, magnesíumklórófýll, magnesíumfeófýtín
Skilgreining	Klórófýll eru framleidd með leysisútdrætti úr náttúrulegum afbrigðum af ætu jurtaefni, grösum, refasmára og netlum. Þegar leysirinn er því næst fjarlægður getur náttúrulegt innihald flókabundins magnesíums horfið úr klórófýllunum að hluta eða alveg þannig að tilsvarandi feófýtín myndist. Helstu litunarefni eru feófýtín og magnesíumklórófýll. Útdrátturinn, sem leysirinn hefur verið fjarlægður úr, inniheldur önnur fastlitarefni, t.d. karótenóíð og olíur, fituefni og vax úr grunnefninu. Aðeins er heimilt að nota eftirtalda leysa við útdráttinn: aseton, metýletýlketón, díklórmetan, koldíoxíð, metanól, etanól, própan-2-ól og hexan.
Flokkur	Porfýrín
Litaskrárnúmer	75810
EINECS-númer	Klórófýll: 215-800-7, klórófýll a: 207-536-6, klórófýll b: 208-272-4
Efnaheiti	Helstu litandi efnisþættir eru eftirfarandi: Fýtýl(13^2R,17S,18S)-3-(8-etýl-13^2-metoxýkarbónýl-2,7,12,18-tetrametýl-13′-oxó-3-vinýl-13^1-13^2-17,18-tetrahýdrósýklópenta[at]-porfýrín-17-ýl)própíónat, (feófýtín a), eða magnesíumflókinn (klórófýll a) Fýtýl(13^2R,17S,18S)-3-(8-etýl-7-formýl-13^2-metoxýkarbónýl-2,12,18-trímetýl-13′-oxó-3-vínyl-13^1-13^2-17,18-tetrahýdrósýklópenta[at]-porfýrín-17-ýl)própíónat, (feófýtín b), eða magnesíumflókinn (klórófýll b)
Efnaformúla	Klórófýll a (magnesíumflóki): $C_{55}H_{72}MgN_4O_5$ Klórófýll a: $C_{55}H_{74}N_4O_5$ Klórófýll b (magnesíumflóki): $C_{55}H_{70}MgN_4O_6$ Klórófýll b: $C_{55}H_{72}N_4O_6$
Mólþyngd	Klórófýll a (magnesíumflóki): 893,51 Klórófýll a: 871,22 Klórófýll b (magnesíumflóki): 907,49 Klórófýll b: 885,20
Magngreining	Innihald klórófýlla og magnesíumflóka þeirra samanlagt er að lágmarki 10% $E_{1\ cm}^{1\ \%}$ 700 við u.þ.b. 409 nm í klóróformi

Lýsing	Vaxkennt efni í föstu formi, breytilegt að lit, frá ólífugrænum til dökkgræns litar eftir innihaldi flókabundins magnesíums
Sanngreining	
Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 409 nm í klóróformi
Hreinleiki	
Leysisleifar	Aseton, Metýletýlketón, Metanól, Etanól, Própan-2-ól, Hexan: Ekki yfir 50 mg/kg, hvert fyrir sig eða í samsetningum Díklórmetan: Ekki yfir 10 mg/kg
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg

E 140 (ii) KLÓRÓFÝLLÍN

Samheiti	Litaskrárheiti: náttúrugrænt 5, natríumklórófýllín, kalíumklórófýllín
Skilgreining	Alkalísölt klórófýllína eru framleidd með sápun leysisútdráttar úr náttúrulegum afbrigðum af ætu jurtaefni, grösum, refasmára og netlum. Við sápun hverfa metýl- og fýtólesterahóparnir og sýklópentenýlhringurinn kann að rofna að hluta. Sýruhóparnir eru gerðir hlutlausir og mynda kalíum- og/eða natríumsölt. Aðeins er heimilt að nota eftirtalda leysa við útdráttinn: aseton, metýletýlketón, díklórmetan, koldíoxíð, metanól, etanól, própan-2-ól og hexan.
Flokkur	Porfýrín
Litaskrárnúmer	75815
EINECS-númer	287-483-3
Efnaheiti	Helstu litandi efnisþættir eru eftirfarandi (í sýruformi): – 3-(10-karboxýlató-4-etýl-1,3,5,8-tetrametýl-9-oxó-2-vinýlforbín-7-ýl)própíónat (klórófýllín a) og – 3-(10-karboxýlató-4-etýl-3-formýl-1,5,8-trímetýl-9-oxó-2-vinýlforbín-7-ýl)própíónat (klórófýllín b) Sýklópentenýlhringurinn kann að rofna, eftir því hve vatnsrof er mikið, svo að þriðji karboxýlsýruhópurinn myndast. Magnesíumflókar geta einnig verið til staðar.
Efnaformúla	Klórófýllín a (í súru formi) $C_{34}H_{34}N_4O_5$ Klórófýllín b (í súru formi) $C_{34}H_{32}N_4O_6$
Mólþyngd	Klórófýllín a: 578,68 Klórófýllín b: 592,66 Heimilt er að auka hvort tveggja um 18 dalton ef sýklópentenýlhringurinn er rofinn.

Magngreining	Eftir þurrkun sýnis við u.þ.b. 100 °C í eina klukkustund er innihald klórófýllína alls að lágmarki 95% af sýninu
	$E_{1\ cm}^{1\ \%}$ 700 við u.þ.b. 405 nm í vatnslausn með pH-gildið 9
	$E_{1\ cm}^{1\ \%}$ 140 við u.þ.b. 653 nm í vatnslausn með pH-gildið 9
Lýsing	Dökkgrænt, allt að blásvart, duft
Sanngreining	
Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 405 nm og u.þ.b. 653 nm í fosfatjafnalausn vatns með pH-gildið 9
Hreinleiki	
Leysisleifar	Aseton, Metýletýlketón, Metanól, Etanól, Própan-2-ól, Hexan: Ekki yfir 50 mg/kg, hvert fyrir sig eða í samsetningum
	Díklórmetan: ekki yfir 10 mg/kg
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg

E 141 (i) KLÓRÓFÝLL-KOPARFLÓKAR

Samheiti	Litaskrárheiti: náttúrugrænt 3, koparklórófýll, koparfeófýtín
Skilgreining	Koparklórófýll eru framleidd með því að bæta koparsalti við efnið sem fæst með leysisútdrætti úr náttúrulegum afbrigðum af ætu jurtaefni, grösum, refasmára og netlum. Efnið, sem leysirinn hefur verið fjarlægður úr, inniheldur önnur fastlitarefni, t.d. karótenóíð og fituefni og vax úr grunnefninu. Helstu litunarefni eru koparfeófýtín. Aðeins er heimilt að nota eftirfarandi leysa við útdráttinn: aseton, metýletýlketón, díklórmetan, koldíoxíð, metanól, etanól, própan-2-ól og hexan.
Flokkur	Porfýrín
Litaskrárnúmer	75815
EINECS-númer	Koparklórófýll a: 239-830-5, koparklórófýll b: 246-020-5
Efnaheiti	[Fýtýl-(13^2R,17S,18S)-3-(8-etýl-13^2-metoxýkarbónýl-2,7,12,18-tetrametýl-13′-oxó-3-vinýl-13^1-13^2-17,18-tetrahýdrósýklópenta[at]-porfýrín-17-ýl)própíónat]kopar (II) (koparklórófýll a)
	[Fýtýl-(13^2R,17S,18S)-3-(8-etýl-7-formýl-13^2-metoxýkarbónýl-2,12,18-trímetýl-13′-oxó-3-vinýl-13^1-13^2-17,18-tetrahýdrósýklópenta[at]-porfýrín-17-ýl)própíónat]kopar (II) (koparklórófýll b)
Efnaformúla	Koparklórófýll a: $C_{55}H_{72}Cu\ N_4O_5$
	Koparklórófýll b: $C_{55}H_{70}Cu\ N_4O_6$
Mólþyngd	Koparklórófýll a: 932,75
	Koparklórófýll b: 946,73
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 10% af koparklórófýllum alls.
	$E_{1\ cm}^{1\ \%}$ 540 við u.þ.b. 422 nm í klóróformi
	$E_{1\ cm}^{1\ \%}$ 300 við u.þ.b. 652 nm í klóróformi

Lýsing	Vaxkennt efni í föstu formi, breytilegt að lit, frá blágrænum til dökkgræns litar eftir því hvert grunnefnið er
Sanngreining	
Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 422 nm og u.þ.b. 652 nm í klóróformi
Hreinleiki	
Leysisleifar	Aseton, Metýletýlketón, Metanól, Etanól, Própan-2-ól, Hexan: ekki yfir 50 mg/kg, hvert fyrir sig eða í samsetningum Díklórmetan: ekki yfir 10 mg/kg
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Koparjónir	Ekki yfir 200 mg/kg
Heildarkoparinnihald	Ekki yfir 8,0% af heildarinnihaldi koparfeófýtína

E 141 (ii) KOPARFLÓKAR KLÓRÓFÝLLÍNA

Samheiti	Natríumkoparklórófýllín, kalíumkoparklórófýllín, litaskrárheiti: náttúrugrænt 5
Skilgreining	Alkalísölt koparklórófýllína eru framleidd með því að bæta kopar við efnið sem fæst með sápun leysisútdráttar úr náttúrulegum afbrigðum af ætu jurtaefni, grösum, refasmára og netlum, við sápun hverfa metýl- og fýtólesterhóparnir og sýklópentenýlhringurinn kann að rofna að hluta. Eftir að kopar hefur verið bætt við hreinsuðu klórófýllínin eru sýruhóparnir gerðir hlutlausir til að mynda kalíum- og/eða natríumsölt. Aðeins er heimilt að nota eftirfarandi leysa við útdráttinn: aseton, metýletýlketón, díklórmetan, koldíoxíð, metanól, etanól, própan-2-ól og hexan.
Flokkur	Porfýrín
Litaskrárnúmer	75815
EINECS-númer	
Efnaheiti	Helstu litandi efnisþættir eru eftirfarandi (í sýruformi): 3-(10-karboxýlató-4-etýl-1,3,5,8-tetrametýl-9-oxó-2-vinýlforbín-7-ýl)própíónat, koparflóki (koparklórópfýllín a) og 3-(10-karboxýlató-4-etýl-3-formýl-1,5,8-trímetýl-9-oxó-2-vinýlforbín-7-ýl)própíónat, koparflóki (koparklórópfýllín b)
Efnaformúla	Koparklórófýllín a (í súru formi) $C_{34}H_{32}Cu\ N_4O_5$ Koparklórófýllín b (í súru formi) $C_{34}H_{30}Cu\ N_4O_6$
Mólþyngd	Koparklórófýllín a: 640,20 Koparklórófýllín b: 654,18 Heimilt er að auka hvort tveggja um 18 dalton ef sýklópentenýlhringurinn er rofinn

Magngreining	Eftir þurrkun sýnis við 100 °C í eina klukkustund er samanlagt innihald koparklórófýllína ekki undir 95% af sýninu
	$E_{1\ cm}^{1\ \%}$ 565 við u.þ.b. 405 nm í vatnskenndri fosfatjafnalausn með pH-gildið 7,5
	$E_{1\ cm}^{1\ \%}$ 145 við u.þ.b. 630 nm í vatnskenndri fosfatjafnalausn með pH-gildið 7,5
Lýsing	Dökkgrænt, allt að blásvart, duft
Sanngreining	
Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 405 nm og u.þ.b. 630 nm í vatnskenndri fosfatjafnalausn með pH-gildið 7,5
Hreinleiki	
Leysisleifar	Aseton, Metýletýlketón, Metanól, Etanól, Própan-2-ól, Hexan: Ekki yfir 50 mg/kg, hvert fyrir sig eða í samsetningum
	Díklórmetan: ekki yfir 10 mg/kg
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Koparjónir	Ekki yfir 200 mg/kg
Heildarkoparinnihald	Ekki yfir 8% af heildarinnihaldi koparklórófyllína

E 142 GRÆNT S

Samheiti	Litaskrárheiti: matargrænt 4, skærgrænt BS
Skilgreining	Grænt S er aðallega samsett úr natríum-N-[4-(dímetýlamínó)fenýl]2-hýdroxý-3,6-dísúlfó-1-naftalínýl)metýlen]-2,5-sýklóhexadíen-1-ýlíden]-N-metýlmetanamíníum og öðrum litunarefnum ásamt natríumklóríði og/eða natríumsúlfati sem helstu ólituðu efnasamböndunum.
	Lýsingin á grænu S á við efnið sem natríumsalt. Kalsíum- og kalíumsöltin eru einnig leyfileg.
Flokkur	Tríarýlmetan
Litaskrárnúmer	44090
EINECS-númer	221-409-2
Efnaheiti	Natríum-N-[4-[[4-(dímetýlamínó)fenýl](2-hýdroxý-3,6-dísúlfó-1-naftalínýl)-metýlen]2,5-sýklóhexadíen-1-ýlíden]-N-metýlmetanamíníum,
	Natríum-5-[4-dímetýlamínó-α-(4-dímetýlimínósýklóhexa-2,5-díenýlíden)bensýl]-6-hýdroxý-7-súlfónató-naftalín-2-súlfónat (staðgönguefnaheiti).
Efnaformúla	$C_{27}H_{25}N_2NaO_7S_2$
Mólþyngd	576,63
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 80% af litunarefnum alls, reiknað sem natríumsalt
	$E_{1\ cm}^{1\ \%}$ 1720 við u.þ.b. 632 nm í vatnslausn
Lýsing	Dökkblátt eða dökkgrænt duft eða kyrni
Sanngreining	
A. Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 632 nm í vatni

B. Blá eða græn lausn í vatni	
Hreinleiki	
Vatnsóleysanlegt efni	Ekki yfir 0,2%
Önnur litunarefni	Ekki yfir 1,0 %
Lífræn efnasambönd, önnur en litunarefni:	
4,4′-bis(dímetýlamínó)-benshýdrýlalkóhól	Ekki yfir 0,1%
4,4′-bis(dímetýlamínó)-bensófenón	Ekki yfir 0,1%
3-hýdroxýnaftalín-2,7-dísúlfónsýra	Ekki yfir 0,2%
Hvítbasi	Ekki yfir 5,0%
Ósúlfuð, eingreind, arómatísk amín	Ekki yfir 0,01% (reiknað sem anilín)
Efni sem er útdraganlegt í eter	Ekki yfir 0,2% í hlutlausum miðli
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg

E 150a KARAMELLUBRÚNT

Skilgreining	Karamellubrúnt er framleitt með stýrðri hitameðferð kolvetna (nærandi sætuefna sem eru fáanleg á markaði, þ.e. einliðurnar glúkósi og frúktósi og/eða fjölliður þeirra, t.d. glúkósasíróp, súkrósi og/eða andsykurssíróp og þrúgusýkur). Heimilt er að nota sýrur, basa og sölt, að undanskildum ammóníumsamböndum og súlfítum, til að stuðla að karamellumyndun.
EINECS-númer	232-435-9
Lýsing	Dökkbrúnn, allt að svartur, vökvi eða fast efni
Hreinleiki	
Litur bundinn með díetýlamínóetýl-sellulósa (DEAE-sellulósa)	Ekki yfir 50%
Litur bundinn með fosfórýlsellulósa	Ekki yfir 50%
Litstyrkur ([1])	0,01, -0,12
Köfnunarefni alls	Ekki yfir 0,1%
Brennisteinn alls	Ekki yfir 0,2%
Arsen	Ekki yfir 1 mg/kg
Blý	Ekki yfir 2 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 25 mg/kg

([1]) Litstyrkur er skilgreindur sem gleypni 0,1%-lausnar (massi miðað við rúmmál) karamellubrúns, fasts efnis í vatni í 1 cm skál við 610 nm.

E 150b BASÍSKT, SÚLFÍTAÐ KARAMELLUBRÚNT

Skilgreining	Basískt, súlfítað karamellubrúnt er framleitt með stýrðri hitameðferð kolvetna (nærandi sætuefna sem eru fáanleg á markaði, þ.e. einliðurnar glúkósi og frúktósi og/eða fjölliður þeirra, t.d. glúkósasíróp, súkrósi og/eða andsykurssíróp og þrúgusykur) með eða án sýru eða basa og með aðstoð súlfítsambanda (brennisteinstvísýrlings, kalíumsúlfíts, kalíumbísúlfíts, natríumsúlfíts og natríumbísúlfíts) en ammóníumsambönd eru ekki notuð.
EINECS-númer	232-435-9
Lýsing	Dökkbrúnn, allt að svartur, vökvi eða fast efni
Hreinleiki	
Litur bundinn með DEAE-sellulósa	Meira en 50%
Litstyrkur ([1])	0,05, -0,13
Köfnunarefni alls	Ekki yfir 0,3% ([2])
Brennisteinsdíoxíð	Ekki yfir 0,2% ([2])
Brennisteinn alls	0,3-3,5% ([2])
Litur bundinn með DEAE-sellulósa	Meira en 40%
Gleypnihlutfall litar sem bundinn er með DEAE-sellulósa	19-34
Gleypnihlutfall	
(A 280/560)	Hærra en 50
Arsen	Ekki yfir 1 mg/kg
Blý	Ekki yfir 2 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 25 mg/kg

E 150c AMMÓNÍAÐ KARAMELLUBRÚNT

Skilgreining	Ammóníað karamellubrúnt er framleitt með stýrðri hitameðferð kolvetna (nærandi sætuefna sem eru fáanleg á markaði, þ.e. einliðurnar glúkósi og frúktósi og/eða fjölliður þeirra, t.d. glúkósasíróp, súkrósi og/eða andsykurssíróp og þrúgusykur) með eða án sýru eða basa og með hjálp súlfítsambanda (brennisteinstvísýrlings, kalíumsúlfíts, kalíumbísúlfíts, natríumsúlfíts og natríumbísúlfíts) en ammóníumsambönd eru ekki notuð.
EINECS-númer	232-435-9
Lýsing	Dökkbrúnn, allt að svartur, vökvi eða fast efni
Hreinleiki	
Litur bundinn með DEAE-sellulósa	Ekki yfir 50%
Litur bundinn með fosfórýlsellulósa	Meira en 50%
Litstyrkur	0,08, -0,36
Ammóníaksbundið köfnunarefni	Ekki yfir 0,3% ([2])
4-metýlimídasól	Ekki yfir 250 mg/kg ([2])
2-asetýl-4-tetrahýdroxý-bútýlimídasól	Ekki yfir 10 mg/kg ([2])

([1]) Litstyrkur er skilgreindur sem gleypni 0,1% lausnar (massi miðað við rúmmál) karamellubrúns fasts efnis í vatni 1 cm hólfi við 610 nm.

([2]) Gefið upp á jafngildum litagrundvelli, þ.e. sem var með litstyrk sem nemur 0,1 gleypnieiningum.

Brennisteinn alls	Ekki yfir 0,2% ([1])
Köfnunarefni alls	0,7-3,3% ([1])
Gleypnihlutfall litar sem bundinn er með fosfórýlsellulósa	13-35
Arsen	Ekki yfir 1 mg/kg
Blý	Ekki yfir 2 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 25 mg/kg

E 150d AMMÓNÍAÐ, SÚLFÍTAÐ KARAMELLUBRÚNT

Skilgreining	Ammóníað, súlfítað karamellubrúnt er framleitt með stýrðri hitameðferð kolvetna (nærandi sætuefna sem eru fáanleg á markaði, þ.e. einliðurnar glúkósi og frúktósi og/eða fjölliður þeirra, t.d. glúkósasíróp, súkrósi og/eða andsykurssíróp og þrúgusykur) með eða án sýru eða basa og með aðstoð bæði súlfít- og ammóníumsambanda (brennisteinstvísýrlings, kalíumsúlfíts, kalíumbísúlfíts, natríumsúlfíts, natríumbísúlfíts, ammóníumhýdroxíðs, ammóníumkarbónats, ammóníumvetniskarbónats, ammóníumfosfats, ammóníumsúlfats, ammóníumsúlfíts og ammóníumvetnissúlfíts).
EINECS-númer	232-435-9
Lýsing	Dökkbrúnn, allt að svartur, vökvi eða fast efni
Hreinleiki	
Litur bundinn með DEAE-sellulósa	Meira en 50%
Litstyrkur ([2])	0,10, -0,60
Ammóníaksbundið köfnunarefni	Ekki yfir 0,6% ([1])
Brennisteinsdíoxíð	Ekki yfir 0,2% ([1])
4-metýlimídasól	Ekki yfir 250 mg/kg ([1])
Köfnunarefni alls	0,3-1,7% ([1])
Brennisteinn alls	0,8-2,5% ([1])
Köfnunarefnis-/brennisteinshlutfall í alkóhólbotnfalli	0,7-2,7
Gleypnihlutfall fyrir alkóhólbotnfall ([3])	8-14
Gleypnihlutfall (A 280/560)	Ekki yfir 50
Arsen	Ekki yfir 1 mg/kg
Blý	Ekki yfir 2 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 25 mg/kg

E 151 GLJÁSVART BN, SVART PN

Samheiti	Litaskrárheiti: matarsvart 1

([1]) Gefið upp á jafngildum litagrundvelli, þ.e. sem var með litstyrk sem nemur 0,1 gleypnieiningum.
([2]) Litstyrkur er skilgreindur sem gleypni 0,1% lausnar (massi miðað við rúmmál) karamellubrúns fasts efnis í vatni 1 cm hólfi við 610 nm.
([3]) Gleypnihlutfall alkóhólbotnsfalls er skilgreint sem gleypni botnfallsins við 280 nm deilt með gleypninni við 560 nm (1 cm skál).

Skilgreining	Gljásvart BN samanstendur aðallega af tetranatríum-4-asetamíðó-5-hýdroxý-6-[7-súlfónató-4-(4-súlfónatófenýlasó)-1-naftýlasó]naftalín-1,7-dísúlfónati og öðrum litunarefnum auk natríumklóríðs og/eða natríumsúlfats sem helstu ólituðu efnisþáttunum. Lýsingin á gljásvörtu BN á við efnið sem natríumsalt. Kalsíum- og kalíumsöltin eru einnig leyfileg.
Flokkur	Bísasó
Litaskrárnúmer	28440
EINECS-númer	219-746-5
Efnaheiti	Tetranatríum-4-asetamíðó-5-hýdroxý-6-[7-súlfónató-4-(4-súlfónatófenýlasó)-1-naftýlasó]naftalín-1,7-dísúlfónat
Efnaformúla	$C_{28}H_{17}N_5Na_4O_{14}S_4$
Mólþyngd	867,69
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 80% af litunarefnum alls, reiknað sem natríumsalt $E_{1\ cm}^{1\%}$ 530 við u.þ.b. 570 nm í vatnslausn
Lýsing	Svart duft eða kyrni
Sanngreining	
A. Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 570 nm í vatni
B. Svartblá lausn í vatni	
Hreinleiki	
Vatnsóleysanlegt efni	Ekki yfir 0,2%
Önnur litunarefni	Ekki yfir 10% (í hlutfalli við leysilitarinnihald)
Lífræn efnasambönd, önnur en litunarefni:	
4-asetamíðó-5-hýdroxýnaftalín-1,7-dísúlfónsýra 4-amínó-5-hýdroxýnaftalín-1,7-dísúlfónsýra 8-amínónaftalín-2-súlfónsýra 4,4′-díasóamínódí-(bensensúlfónsýra)	Ekki yfir 0,8% alls
Ósúlfuð, eingreind, arómatísk amín	Ekki yfir 0,01% (reiknað sem anilín)
Efni sem er útdraganlegt í eter	Ekki yfir 0,2% í hlutlausum miðli
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg

E 153 VIÐARKOLSVART

Samheiti	Viðarkolsvart
Skilgreining	Viðarkolsvart er framleitt með kolun efna úr jurtaríkinu, t.d. viðar, sellulósaleifa, mós og kókoshnetuskelja og annarra skelja. Hráefnið er kolað við háan hita. Það er aðallega framleitt úr finskiptu kolefni. Það kann að innihalda köfnunarefni, vetni og súrefni í litlum mæli. Að framleiðslu lokinni kann efnið að gleypa í sig raka í einhverjum mæli.

Litaskrárnúmer	77266
EINECS-númer	215-609-9
Efnaheiti	Kolefni
Efnaformúla	C
Mólþyngd	12,01
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 95% af kolefnum, reiknað miðað við efnið án vatns og ösku.
Lýsing	Svart lyktar- og bragðlaust duft
Sanngreining	
A. Leysni	Óleysanlegt í vatni og lífrænum leysum.
B. Brennsla	Þegar efnið er hitað uns það er rauðglóandi brennur það hægt án þess að logi myndist
Hreinleiki	
Aska (alls)	Ekki yfir 4,0% (glóhitastig: 625℃)
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg
Fjölarómatísk vetniskolefni	Útdrátturinn, sem fæst með því að meðhöndla 1 g af efninu með 10 g af hreinu sýklóhexani í skiljunarbúnaði til samfellds útdráttar, skal vera litlaus og má ekki flúrljóma meira í útfjólublárau ljósi en lausn af 0,100 mg af kínínsúlfati í 1000 ml af 0,01 M brennisteinssýru.
Efnistap við þurrkun	Ekki yfir 12% (120 °C, 4 klukkustundir)
Leysanlegt efni í basa	Síuvökvinn, sem fæst með því að sjóða 2 g af sýninu með 20 ml. af N natríumhýdroxíði, skal að síun lokinni vera litlaus.

E 154 BRÚNT FK

Samheiti	Litaskrárheiti: matarbrúnt 1
Skilgreining	Brúnt FK er aðallega gert úr blöndu af:
	I natríum-2,4-(2,4-díamínófenýlasó)bensensúlfónati
	II natríum-4-(4,6-díamínó-m-tólýlasó)bensensúlfónati
	III dínatríum-4,4′-(4,6-díamínó-1,3-fenýlenbísasó)dí(bensensúlfónati)
	IV dínatríum-4,4′-(2,4-díamínó-1,3-fenýlenbísasó)dí(bensensúlfónati)
	V dínatríum-4,4′-(2,4-díamínó-5-metýl-1,3-fenýlenbísasó)dí(bensensúlfónati)
	VI trínatríum-4,4′,4″-(2,4-díamínóbensen-1,3,5-trísasó)trí-(bensensúlfónati)
	og öðrum litunarefnum auk vatns, natríumklóríðs og/eða natríumsúlfats sem helstu ólituðu efnisþáttunum.
	Lýsingin á brúnu FK á við efnið sem natríumsalt. Kalsíum- og kalíumsöltin eru einnig leyfileg.
Flokkur	Asó (blanda mónó-, bis- og tríasólita)
EINECS-númer	

Efnaheiti	Blanda af:
	I natríum-4-(2,4-díamínófenýlasó)bensensúlfónati
	II natríum-4-(4,6-díamínó-m-tólýlasó)bensensúlfónati
	III dínatríum-4,4′-(4,6-díamínó-1,3-fenýlenbísasó)dí(bensensúlfónati)
	IV dínatríum-4,4′-(2,4-díamínó-1,3-fenýlenbísasó)dí(bensensúlfónati)
	V dínatríum-4,4′-(2,4-díamínó-5-metýl-1,3-fenýlenbísasó)dí(bensensúlfónati)
	VI trínatríum-4,4′,4″-(2,4-díamínóbensen-1,3,5-trísasó)trí-(bensensúlfónati)
Efnaformúla	I $C_{12}H_{11}N_4NaO_3S$
	II $C_{13}H_{13}N_4NaO_3S$
	III $C_{18}H_{14}N_6Na_2O_6S_2$
	IV $C_{18}H_{14}N_6Na_2O_6S_2$
	V $C_{19}H_{16}N_6Na_2O_6S_2$
	VI $C_{24}H_{17}N_8Na_3O_9S_3$
Mólþyngd	I 314,30
	II 328,33
	III 520,46
	IV 520,46
	V 534,47
	VI 726,59
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 70% af litunarefnum alls
	Hlutfall einstakra efnisþátta af heildarinnihaldi litunarefna skal ekki fara yfir:
	I 26%
	II 17%
	III 17%
	IV 16%
	V 20%
	VI 16%
Lýsing	Rauðbrúnt duft eða kyrni
Sanngreining	
Appelsínugul, allt að rauðleit, lausn	
Hreinleiki	
Vatnsóleysanlegt efni	Ekki yfir 0,2%
Önnur litunarefni	Ekki yfir 3,5%
Lífræn efnasambönd, önnur en litunarefni:	
4-amínóbensen-1-súlfónsýra	Ekki yfir 0,7%
m-fenýlendíamín og 4-metýl-m-fenýlendíamín	Ekki yfir 0,35%
Ósúlfuð, eingreind, arómatísk amín, önnur en m-fenýlendíamín og 4-metýl-m-fenýlendíamín	Ekki yfir 0,007% (reiknað sem anilín)

Efni sem er útdraganlegt í eter	Ekki yfir 0,2% úr lausn með pH-gildið 7
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg

E 155 BRÚNT HT

Samheiti	Litaskrárheiti: matarbrúnt 3
Skilgreining	Brúnt HT samanstendur aðallega af dínatríum-4,4′-(2,4-díhýdroxý-5-hýdroxý-metýl-1,3-fenýlenbísasó)dí(naftalín-1-súlfónati) og öðrum litunarefnum ásamt natríumklóríði og/eða natríumsúlfati sem helstu ólituðu efnisþáttunum. Lýsingin á brúnu HT á við efnið sem natríumsalt. Kalsíum- og kalíumsöltin eru einnig leyfileg.
Flokkur	Bísasó
Litaskrárnúmer	20285
EINECS-númer	224-924-0
Efnaheiti	Dínatríum-4,4′-(2,4-díhýdroxý-5-hýdroxýmetýl-1,3-fenýlenbísasó)dí(naftalín-1-súlfónat)
Efnaformúla	$C_{27}H_{18}N_4Na_2O_9S_2$
Mólþyngd	652,57
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 70% af litunarefnum alls, reiknað sem natríumsalt $E_{1\ cm}^{1\ \%}$ 403 við u.þ.b. 460 nm í vatnslausn með pH-gildið 7
Lýsing	Rauðbrúnt duft eða kyrni
Sanngreining	
A. Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 460 nm í vatni með pH-gildið 7
B. Brún lausn í vatni	
Hreinleiki	
Vatnsóleysanlegt efni	Ekki yfir 0,2%
Önnur litunarefni	Ekki yfir 10% (aðferð með þunnlagsskilju (e. TLC method))
Lífræn efnasambönd, önnur en litunarefni:	
4-amínónaftalín-1-súlfónsýra	Ekki yfir 0,7%
Ósúlfuð, eingreind, arómatísk amín	Ekki yfir 0,01% (reiknað sem anilín)
Efni sem er útdraganlegt í eter	Ekki yfir 0,2% í lausn með pH-gildið 7
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg

E 160a (i) BLÖNDUÐ KARÓTÍN

1. ***Plöntukarótín***	
Samheiti	Litaskrárheiti: matarappelsínugult 5

Skilgreining	Blönduð karótín eru framleidd með leysisúrdrætti úr náttúrulegum afbrigðum af ætu jurtaefni, gulrótum, jurtaolíum, grösum, refasmára og netlum. Helsti litandi efnisþátturinn samanstendur af karótenóíðum þar sem stærsti hlutinn er ß-karótín. Einnig kunna að fyrirfinnast α- og γ-karótín og önnur fastlitarefni. Auk fastlitarefnanna kann þetta efni að innihalda olíur, fituefni og vaxefni sem eru í grunnefninu frá náttúrunnar hendi. Aðeins er heimilt að nota eftirfarandi leysa: aseton, metýletýlketón, metanól, etanól, própan-2-ól, hexan , díklórmetan og koldíoxíð.
Flokkur	Karótenóíð
Litaskrárnúmer	75130
EINECS-númer	230-636-6
Efnaformúla	ß-karótín: $C_{40}H_{56}$
Mólþyngd	ß-karótín: 536,88
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 5% af karótínum (reiknað sem ß-karótín). Fyrir efni sem eru framleidd með útdrætti úr jurtaolíum: minnst 0,2% í matarfeiti. $E_{1\ cm}^{1\ \%}$ 2500 við u.þ.b. 440-457 nm í sýklóhexani
Sanngreining	
Litrófsgreining	Hámark í sýklóhexani við 440-457 nm og 470-486 nm
Hreinleiki	
Leysisleifar	Aseton, Metýletýlketón, Metanól, Própan-2-ól, Hexan, Etanól: Ekki yfir 50 mg/kg, hvert fyrir sig eða í samsetningum Díklórmetan: Ekki yfir 10 mg/kg
Blý	Ekki yfir 5 mg/kg
2. ***Þörungakarótín***	
Samheiti	Litaskrárheiti: matarappelsínugult 5
Skilgreining	Blönduð karótín er einnig hægt að vinna úr náttúrulegum stofnum þörungsins Dunaliella salina sem er ræktaður í stórum saltvötnum í Whyalla í Suður-Ástralíu. ß-karótín er útdregið með ilmkjarnaolíu. Blandan er 20 til 30% sviflausn í matarolíu. Hlutfall snið- og hliðhverfa er á bilinu 50/50 til 71/29. Helsti litandi efnisþátturinn samanstendur af karótenóíðum þar sem stærsti hlutinn er ß-karótín. Einnig kunna að fyrirfinnast α-karótín, lútín, seaxatín og β-kryptóxantín. Auk fastlitarefnanna kann þetta efni að innihalda olíur, fituefni og vaxefni sem eru í grunnefninu frá náttúrunnar hendi.
Flokkur	Karótenóíð
Litaskrárnúmer	75130
Efnaformúla	ß-karótín: $C_{40}H_{56}$
Mólþyngd	ß-karótín: 536,88
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 20% af karótínum (reiknað sem ß-karótín) $E_{1\ cm}^{1\ \%}$ 2500 við u.þ.b. 440-457 nm í sýklóhexani
Sanngreining	
Litrófsgreining	Hámark í sýklóhexani við 440-457 nm og 474-486 nm

([1]) Bensen: ekki yfir 0,05%, rúmmálshlutfall.

Hreinleiki	
Náttúrleg tókóferól í matarolíum	Ekki yfir 0,3%
Blý	Ekki yfir 5 mg/kg

E 160a (ii) ß-KARÓTÍN

1. ***ß-karótín***	
Samheiti	Litaskrárheiti: matarappelsínugult 5
Skilgreining	Þessar forskriftir eiga við um ß-karótín sem er að megninu til alsniðhverfa með smávægilegu magni af öðrum karótenóíðum. Hlutföll snið- og hliðhverfa í þynntum og stöðguðum efnablöndum geta verið mismunandi.
Flokkur	Karótenóíð
Litaskrárnúmer	40800
EINECS-númer	230-636-6
Efnaheiti	ß-karótín, β,ß-karótín
Efnaformúla	$C_{40}H_{56}$
Mólþyngd	536,88
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 96% af litunarefnum alls (gefið upp sem ß-karótín)
	$E_{1\ cm}^{1\ \%}$ 2500 við u.þ.b. 440-457 nm í sýklóhexani
Lýsing	Rauðir eða rauðbrúnir kristallar eða kristallað duft
Sanngreining	
Litrófsgreining	Hámark í sýklóhexani við 453-456 nm
Hreinleiki	
Súlfataska	Ekki yfir 0,2%
Önnur litunarefni	Karótenóíð, önnur en ß-karótín: ekki yfir 3,0% af heildarinnihaldi litunarefna
Blý	Ekki yfir 2 mg/kg
2. ***ß-karótín úr Blakeslea trispora***	
Samheiti	Litaskrárheiti: matarappelsínugult 5
Skilgreining	Fæst með gerjun þar sem notuð er blönduð ræktun tveggja pörunargerða, (+) og (–), af náttúrlegum stofnum sveppsins Blakeslea trispora. β-karótínið er dregið út úr lífmassanum með etýlasetati eða ísóbútýlasetati og síðan með ísóprópýlalkóhóli og kristallað. Kristallaða afurðin er aðallega úr trans-β-karótíni. Þar sem ferlið er náttúrlegt eru blönduð karótenóíð u.þ.b. 3% af vörunni, sem er sérkennandi fyrir vöruna.
Flokkur	Karótenóíð
Litaskrárnúmer	40800
EINECS-númer	230-636-6
Efnaheiti	β-karótín, β,ß-karótín
Efnaformúla	$C_{40}H_{56}$
Mólþyngd	536,88
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 96% af litunarefnum alls (gefið upp sem ß-karótín)
	$E_{1\ cm}^{1\ \%}$ 2500 við u.þ.b. 440-457 nm í sýklóhexani
Lýsing	Rauðir, rauðbrúnir eða purpurarauðir/fjólubláir kristallar eða kristallað duft (litur getur verið breytilegur eftir útdráttarleysinum, sem er notaður, og skilyrðunum við kristöllunina)
Sanngreining	
Litrófsgreining	Hámark í sýklóhexani við 453-456 nm

Hreinleiki		
Leysisleifar	Etýlasetat Etanól	Ekki yfir 0,8%, hvort fyrir sig eða í samsetningum
	Ísóbútýlasetat: Ekki yfir 1,0%	
	Ísóprópýlalkóhól: Ekki yfir 0,1%	
Súlfataska	Ekki yfir 0,2 %	
Önnur litunarefni	Karótenóíð, önnur en ß-karótín: ekki yfir 3,0% af heildarinnihaldi litunarefna	
Blý	Ekki yfir 2 mg/kg	
Sveppaeitur (mýkótoxín):		
Aflatoxín B1	Ekkert	
Tríkótesen (T2)	Ekkert	
Okratoxín	Ekkert	
Searalenón	Ekkert	
Örverufræði:		
Myglusveppir	Ekki yfir 100/g	
Gersveppir	Ekki yfir 100/g	
Salmonella	Greinist ekki í 25 g	
Escherichia coli	Greinist ekki í 5 g	

E 160b ANNATTÓ, BIXÍN, NORBIXÍN

Samheiti	Litaskrárheiti: náttúruappelsínugult 4	
Skilgreining		
Flokkur	Karótenóíð	
Litaskrárnúmer	75120	
EINECS-númer	Annattó: 215-735-4, annattófræsútdráttur: 289-561-2, bixín: 230-248-7	
Efnaheiti	Bixín:	6′-metýlvetnis-9′-cis-6,6′-díapókarótín-6,6′-díóat
		6′-metýlvetnis-9′-trans-6,6′-díapókarótín-6,6′-díóat
	Norbixín:	9′cis-6,6′-díapókarótín-6,6′-dísýra
		9′-trans-6,6′-díapókarótín-6,6′-dísýra
Efnaformúla	Bixín:	$C_{25}H_{30}O_4$
	Norbixín:	$C_{24}H_{28}O_4$
Mólþyngd	Bixín:	394,51
	Norbixín:	380,48
Lýsing	Rauðbrúnt duft, sviflausn eða lausn	
Sanngreining		
Litrófsgreining	Bixín:	Hámark u.þ.b. 502 nm í klóróformi
	Norbixín:	Hámark u.þ.b. 482 nm í þynntri KOH-lausn.

i) *Bixín og norbixín útdregin með leysi*	
Skilgreining	Bixín er framleitt með útdrætti úr hýði fræs annattótrésins (Bixa orellana L.) með einum eða fleiri eftirtalinna leysa: asetoni, metanóli, hexani, díklórmetani eða koldíoxíði þar sem leysirinn er fjarlægður að útdrætti loknum. Norbixín er framleitt með vatnsrofi útdregins bixíns í vatnsbasa. Bixín og norbixín geta innihaldið önnur efni útdregin úr annettófræinu. Bixínduft inniheldur nokkra litaða efnisþætti þar sem bixín er sá mikilvægasti en það kann að fyrirfinnast bæði sem hlið- og sniðhverfa (e. cis- and trans-forms). Einnig geta verið til staðar efni sem koma fram við hitaniðurbrot bixíns. Helsti litandi efnisþáttur norbixíns er vatnsrofsefni bixíns í formi natríum- eða kalíumsalta. Bæði getur verið um hlið- og sniðhverfu að ræða.
Magngreining	Bixínduft inniheldur að lágmarki 75% af karótenóíðum alls, reiknað sem bixín. Norbixínduft inniheldur að lágmarki 25% af karótenóíðum alls, reiknað sem norbixín. Bixín: $E_{1\ cm}^{1\ \%}$ 2870 við u.þ.b. 502 nm í klóróformi Norbixín: $E_{1\ cm}^{1\ \%}$ 2870 við u.þ.b. 482 nm í KOH-lausn
Hreinleiki	
Leysisleifar	Aseton, Metanól, Hexan: Ekki yfir 50 mg/kg, hvert fyrir sig eða í samsetningum Díklórmetan: ekki yfir 10 mg/kg
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg
ii) *Annattó útdregið með basa*	
Skilgreining	Vatnsleysanlegt annattó er framleitt með útdrætti úr hýði fræs annattótrésins (Bixa orellana L.) með vatnsbasa (natríum- eða kalíumhýdroxíði). Helsti litandi efnisþátturinn í vatnsleysanlegu annattó er norbixín, sem er vatnsrofsefni bixíns, í formi natríum- eða kalíumsalta. Bæði getur verið um hlið- og sniðhverfu að ræða.
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 0,1% af karótenóíðum alls, gefið upp sem norbixín. Norbixín: $E_{1\ cm}^{1\ \%}$ 2870 við u.þ.b. 482 nm í KOH-lausn
Hreinleiki	
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg

iii) *Annattó útdregið með olíu*	
Skilgreining	Annattóútdrættir í olíu, sem lausn eða sviflausn, eru framleiddir með útdrætti úr hýði fræs annattótrésins (Bixa orellana L.) með jurtaolíu. Annattóútdráttur í olíu inniheldur nokkra litaða efnisþætti þar sem bixín er sá mikilvægasti en það kann að fyrirfinnast bæði sem hlið- og sniðhverfa. Einnig geta verið til staðar efni sem koma fram við hitaniðurbrot bixíns.
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 0,1% af karótenóíðum alls, gefið upp sem bixín.
	Bixín: $E_{1\ cm}^{1\%}$ 2870 við u.þ.b. 502 nm í klóróformi
Hreinleiki	
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg

E 160c PAPRIKUÚTDRÁTTUR, KAPSANTÍN, KAPSÓRÚBÍN

Samheiti	Paprikuóleóresín
Skilgreining	Paprikuútdráttur fæst með leysisútdrætti úr möluðum fræbelgjum náttúrulegra paprikuafbrigða tegundarinnar Capsicum annuum L, með eða án fræs, og hann inniheldur helstu litandi efnisþætti þessarar kryddjurtar. Helstu litandi efnisþættirnir eru kapsantín og kapsórúbín. Vitað er að paprika inniheldur fjölda annarra litaðra efnasambanda.
	Aðeins er heimilt að nota eftirfarandi leysa við útdráttinn: metanól, etanól, aseton, hexan, díklórmetan, etýlasetat og koldíoxíð.
Flokkur	Karótenóíð
EINECS-númer	Kapsantín: 207-364-1, kapsórúbín: 207-425-2
Efnaheiti	Kapsantín: (3R, 3′S, 5′R)-3,3′-díhýdroxý-β,k-karótín-6-ón
	Kapsórúbín: (3S, 3′S, 5R, 5R′)-3,3′-díhýdroxý-k,k-karótín-6,6′-díón
Efnaformúla	Kapsantín: $C_{40}H_{56}O_3$
	Kapsórúbín: $C_{40}H_{56}O_4$
Mólþyngd	Kapsantín: 584,85
	Kapsórúbín: 600,85
Magngreining	Paprikuútdráttur: inniheldur að lágmarki 7,0% af karótenóíðum
	Kapsantín/kapsórúbín: að lágmarki 30% af karótenóíðum alls
	$E_{1\ cm}^{1\%}$ 2100 við u.þ.b. 462 nm í asetoni
Lýsing	Dökkrauður, seigur vökvi
Sanngreining	
A. Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 462 nm í asetoni
B. Litahvarf	Með því að bæta einum dropa af brennisteinssýru við einn dropa af sýni sem er leyst upp í 2-3 dropum af klóróformi myndast dimmblár litur.
Hreinleiki	
Leysisleifar	Etýlasetat Metanól Etanól Aseton Hexan } Ekki yfir 50 mg/kg, hvert fyrir sig eða í samsetningum
	Díklórmetan: ekki yfir 10 mg/kg

Kapsaísín	Ekki yfir 250 mg/kg
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg

E 160d LÝKÓPEN

Samheiti	Náttúrugult 27
Skilgreining	Lýkópen fæst með leysisútdrætti úr náttúrulegum afbrigðum rauðra tómata (Lycopersicon esculentum L.) þar sem leysirinn er fjarlægður að útdrætti loknum. Aðeins er heimilt að nota eftirfarandi leysa í útdrættinum: díklórmetan, koldíoxíð, etýlasetat, aseton, própan-2-ól, metanól, etanól og hexan. Helstu litandi efnisþáttur tómata er lýkópen en einnig kunna önnur karótenóíðfastlitarefni að vera í þeim í litlum mæli. Auk annarra fastlitarefna getur efnið innihaldið olíur, fituefni, vax og bragðefnisþætti sem er að finna í tómötum frá náttúrunnar hendi.
Flokkur	Karótenóíð
Litaskrárnúmer	75125
Efnaheiti	Lýkópen, ψ,ψ-karótín
Efnaformúla	$C_{40}H_{56}$
Mólþyngd	536,85
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 5% af litunarefnum alls
	$E_{1\ cm}^{1\%}$ 3450 við u.þ.b. 472 nm í hexani
Lýsing	Dökkrauður, seigur vökvi
Sanngreining	
Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 472 nm í hexani
Hreinleiki	
Leysisleifar	Etýlasetat Metanól Etanól Aseton Hexan Próp-an-2-ól } Ekki yfir 50 mg/kg, hvert fyrir sig eða í samsetningum Díklórmetan: ekki yfir 10 mg/kg
Súlfataska	Ekki yfir 0,1%
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg

E 160e β-APÓ-8′-KARÓTENAL (C30)

Samheiti	Litaskrárheiti: matarappelsínugult 6

Skilgreining	Þessar forskriftir eiga við um β-apó-8′-karótenal sem er að megninu til alsniðhverfa með smávægilegu magni af öðrum karótenóíðum. Þynntar og stöðgaðar efnablöndur eru framleiddar úr β-apó-8′-karótenali, sem uppfyllir þessar forskriftir, en til þeirra heyra lausnir eða sviflausnir af ß-apó-8′-karótenali í matarfeiti eða -olíu, fleyti og dufti sem tvístra má í vatni. Hlutföll hlið- og sniðhverfa í þessum efnablöndum geta verið mismunandi.
Flokkur	Karótenóíð
Litaskrárnúmer	40820
EINECS-númer	214-171-6
Efnaheiti	β-apó-8′-karótenal, trans-β-apó-8′-karótínaldehýð
Efnaformúla	$C_{30}H_{40}O$
Mólþyngd	416,65
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 96% af litunarefnum alls
	$E_{1\ cm}^{1\%}$ 2640 við u.þ.b. 460-462 nm í sýklóhexani
Lýsing	Dökkfjólubláir kristallar með málmgljáa eða kristallað duft
Sanngreining	
Litrófsgreining	Hámark í sýklóhexani við 460-462 nm
Hreinleiki	
Súlfataska	Ekki yfir 0,1%
Önnur litunarefni	Karótenóíð, önnur en β-apó-8′-karótenal:
	ekki yfir 3,0% af heildarinnihaldi litunarefna
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg

E 160f β-APÓ-8′-KARÓTENSÝRUETÝLESTER (C30)

Samheiti	Litaskrárheiti: matarappelsínugult 7, β-apó-8′-karótensýruester
Skilgreining	Þessar forskriftir eiga við um β-apó-8′-karótensýruetýlester sem er að megninu til alsniðhverfa með smávægilegu magni af öðrum karótenóíðum. Þynntar og stöðgaðar efnablöndur eru tilreiddar úr β-apó-8′-karótensýruetýlester, sem uppfyllir þessar forskriftir, en til þeirra heyra lausnir eða sviflausnir af ß-apó-8′-karótensýruetýlester í matarfeiti eða -olíu, fleyti og dufti sem tvístra má í vatni. Hlutföll hlið- og sniðhverfa í þessum efnablöndum geta verið mismunandi.
Flokkur	Karótenóíð
Litaskrárnúmer	40825
EINECS-númer	214-173-7
Efnaheiti	B-apó-8′-karótensýruetýlester, etýl-8′-apó-β-karóten-8′-óat
Efnaformúla	$C_{32}H_{44}O_2$
Mólþyngd	460,70
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 96% af litunarefnum alls
	$E_{1\ cm}^{1\%}$ 2550 við u.þ.b. 449 nm í sýklóhexani
Lýsing	Rauðir, allt að rauðfjólubláir, kristallar eða kristallað duft
Sanngreining	
Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 449 nm í sýklóhexani

Hreinleiki	
Súlfataska	Ekki yfir 0,1%
Önnur litunarefni	Karótenóíð, önnur en β-apó-8′-karótensýruetýlester: ekki yfir 3,0% af heildarinnihaldi litunarefna.
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg
E 161b LÚTÍN	
Samheiti	Blönduð karótenóíð, xantófýll
Skilgreining	Lútín er myndað með leysisútdrætti úr náttúrulegum afbrigðum ætra aldina og jurta, grass, refasmára og tagetes erecta. Helsti litandi efnisþátturinn samanstendur af karótenóíðum þar sem stærsti hlutinn er lútín og fitusýruesterar. Efnið inniheldur einnig karótín í mismiklum mæli. Lútín getur innihaldið fituefni, olíur og vax sem er í plöntunum frá náttúrunnar hendi. Aðeins er heimilt að nota eftirfarandi leysa við útdráttinn: metanól, etanól, própan-2-ól, hexan, aseton, metýletýlketón, díklórmetan og koldíoxíð.
Flokkur	Karótenóíð
EINECS-númer	204-840-0
Efnaheiti	3,3′-díhýdroxý-d-karótín
Efnaformúla	$C_{40}H_{56}O_2$
Mólþyngd	568,88
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 4% af litunarefnum alls, reiknað sem lútín. $E_{1\ cm}^{1\ \%}$ 2550 við u.þ.b. 445 nm í klóróformi/etanóli (10 + 90) eða í hexani/etanóli/asetoni (80 + 10 + 10)
Lýsing	Dökkur, gulbrúnn vökvi
Sanngreining	
Litrófsgreining	Hámark í klóróformi/etanóli (10 + 90) við u.þ.b. 445 nm
Hreinleiki	
Leysisleifar	Aseton Metýletýlketón Metanól Etanól Própan-2-ól Hexan — Ekki yfir 50 mg/kg, hvert fyrir sig eða í samsetningum Díklórmetan: ekki yfir 10 mg/kg
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg

E 161g KANTAXANTÍN

Samheiti	Litaskrárheiti: matarappelsínugult 8
Skilgreining	Þessar forskriftir eiga við um kantaxantín sem er að megninu til alsniðhverfa með smávægilegu magni af öðrum karótenóíðum. Þynntar og stöðgaðar efnablöndur eru framleiddar úr kantaxantíni, sem uppfyllir þessar forskriftir, en til þeirra heyra lausnir eða sviflausnir af kantaxantíni í matarfeiti eða -olíu, fleyti og dufti sem tvístra má í vatni. Hlutföll hlið- og sniðhverfa í þessum efnablöndum geta verið mismunandi.
Flokkur	Karótenóíð
Litaskrárnúmer	40850
EINECS-númer	208-187-2
Efnaheiti	β-karótín-4,4′-díón, kantaxantín, 4,4′-díoxó-β-karótín
Efnaformúla	$C_{40}H_{52}O_2$
Mólþyngd	564,86
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 96% af litunarefnum alls (gefið upp sem kantaxantín)
	$E_{1\ cm}^{1\ \%}$ 2200 við u.þ.b. 485 nm í klóróformi
	við 468–472 nm í sýklóhexani
	við 464–467 nm í jarðolíueter
Lýsing	Dimmfjólubláir kristallar eða kristallað duft
Sanngreining	
Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 485 nm í klóróformi
	Hámark í sýklóhexani við 468–472 nm
	Hámark í jarðolíueter við 464–467 nm
Hreinleiki	
Súlfataska	Ekki yfir 0,1%
Önnur litunarefni	Karótenóíð, önnur en kantaxantín: ekki yfir 5,0% af litunarefnum alls
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg

E 162 RAUÐRÓFULITUR, BETANÍN

Samheiti	Betanín
Skilgreining	Rauðrófulitur fæst úr rótum náttúrulegra afbrigða rauðrófna (Beta vulgaris L. var. rubra) með pressun kraminna rauðrófna eða með vatnsútdrætti úr söxuðum rauðrófum þar sem auðgun virka efnisþáttarins fylgir í kjölfarið. Liturinn samanstendur af ýmsum fastlitarefnum í flokknum betalaín. Helsti litandi efnisþátturinn samanstendur af β-sýanínum (rautt) og þar af er betanín 75–95%. Einnig kann ß-xantín (gult) að fyrirfinnast í litlum mæli ásamt niðurbrotsefnum betalaíns (ljósbrúnt). Auk fastlitarefnanna inniheldur safinn eða útdátturinn sykrur, sölt og/eða prótín sem eru í rauðrófum frá náttúrunnar hendi. Auka má styrk lausnarinnar og sum efnin má hreinsa til að fjarlæga sykrurnar, söltin og prótínin að mestu.
Flokkur	Betalaín

EINECS-númer	231-628-5
Efnaheiti	(S-(R′,R′)-4-(2-(2-karboxý-5(β-D-glúkópýranósýloxý)-2,3-díhýdró-6-hýdroxý-1H-indól-1-ýl)etenýl)-2,3-díhýdró-2,6-pýridín-díkarboxýlsýra, 1-(2-(2,6-díkarboxý-1,2,3,4-tetrahýdró-4-pýridýlíden)etýlíden)-5-β-D-glúkópýranósýloxý)-6-hýdroxýindólíum-2-karboxýlat
Efnaformúla	Betanín: $C_{24}H_{26}N_2O_{13}$
Mólþyngd	550,48
Magngreining	Inniheldur minnst 0,4% af rauðu litarefni (gefið upp sem betanín)
	$E_{1\ cm}^{1\ \%}$ 1120 við u.þ.b. 535 nm í vatnslausn með pH-gildið 5
Lýsing	Rauður eða dökkrauður vökvi, deig, duft eða fast efni
Sanngreining	
Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 535 nm í vatni með pH-gildið 5
Hreinleiki	
Nítrat	Ekki yfir 2 g af nítratforskautsjónum fyrir hvert gramm af rauðu litarefni (reiknað út magngreiningunni)
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg

E 163 ANTÓSÝANÍN

Skilgreining	Antósýanín fást með útdrætti úr náttúrulegum stofnum grænmetis og ætra aldina með vatni, sem inniheldur súlfít, sýrðu vatni, koldíoxíði, metanóli eða etanóli. Antósýanín innihalda algenga efnisþætti grunnefnisins, t.d. antósýanín, lífrænar sýrur, tannín, sykrur, steinefni o.s.frv. en ekki endilega í sömu hlutföllum og í grunnefninu.
Flokkur	Antósýanín
EINECS-númer	208-438-6 (sýanidín), 205-125-6 (peónidín), 208-437-0 (delfinidín), 211-403-8 (malvidín), 205-127-7 (pelargónidín)
Efnaheiti	3,3′,4′,5,7-pentahýdroxý-flavýlíumklóríð (sýanidín)
	3,4′,5,7-tetrahýdroxý-3′-metoxýflavýlíumklóríð (peónidín)
	3,4′,5,7-tetrahýdroxý-3′,5′-dímetoxýflavýlíumklóríð (malvidín)
	3,5,7-tríhýdroxý-2-(3,4,5,tríhýdroxýfenýl)-1-bensópýrýlíumklóríð (delfinidín)
	3,3′4′,5,7-pentahýdroxý-5′-metoxýflavýlíumklóríð (petúnidín)
	3,5,7-tríhýdroxý-2-(4-hýdroxýfenýl)-1-bensópýrilíumklóríð (pelargónidín)
Efnaformúla	Sýanidín: $C_{15}H_{11}O_6C_l$
	Peónidín: $C_{16}H_{13}O_6C_l$
	Malvidín: $C_{17}H_{15}O_7C_l$
	Delfinidín: $C_{15}H_{11}O_7C_l$
	Petúnidín: $C_{16}H_{13}O_7C_l$
	Pelargónidín: $C_{15}H_{11}O_5C_l$

Mólþyngd	Sýanidín: 322,6
	Peónidín: 336,7
	Malvidín: 366,7
	Delfinidín: 340,6
	Petúnidín: 352,7
	Pelargónidín: 306,7
Magngreining	$E_{1\ cm}^{1\ \%}$ 300 fyrir hreint fastlitarefni við 515-535 nm og pH-gildið 3,0
Lýsing	Purpurarauður vökvi, duft eða deig með vægri, einkennandi lykt
Sanngreining	
Litrófsgreining	Hámark í metanóli með 0,01% af fullsterkri saltsýru (HCl)
	Sýanidín: 535 nm
	Peónidín: 532 nm
	Malvidín: 542 nm
	Delfinidín: 546 nm
	Petúnidín: 543 nm
	Pelargónidín: 530 nm
Hreinleiki	
Leysisleifar	Metanól, Etanól } Ekki yfir 50 mg/kg, hvort fyrir sig eða í samsetningum
Brennisteinsdíoxíð	Ekki yfir 1000 mg/kg fyrir hvern hundraðshluta fastlitarefnis
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg

E 170 KALSÍUMKARBÓNAT

Samheiti	Litaskrárheiti: hvítt fastlitarefni 18, kalk
Skilgreining	Kalsíumkarbónat er afurð sem fæst úr möluðum kalksteini eða með útfellingu kalsíumjóna með karbónatjónum.
Flokkur	Ólífrænn
Litaskrárnúmer	77220
EINECS-númer	Kalsíumkarbónat: 207-439-9
	Kalksteinn 215-279-6
Efnaheiti	Kalsíumkarbónat
Efnaformúla	$CaCO_3$
Mólþyngd	100,1
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 98%, miðað við vatnsfrítt efni
Lýsing	Hvítt kristallað eða ókristallað duft, lyktar- og bragðlaust
Sanngreining	
Leysni	Nánast óleysanlegt í vatni og alkóhóli. Leysist upp með gosi í þynntri ediksýru, þynntri saltsýru og þynntri saltpéturssýru og að suðu lokinni gefa lausnirnar jákvæða svörun í prófum fyrir kalsíumi.

Hreinleiki	
Efnistap við þurrkun	Ekki yfir 2,0% (200 °C, 4 klukkustundir)
Óleysanleg efni í sýru	Ekki yfir 0,2%
Magnesíum og alkalísölt	Ekki yfir 1,5%
Flúoríð	Ekki yfir 50 mg/kg
Antímon (sem Sb), Kopar (sem Cu), Króm (sem Cr), Sink (sem Zn), Baríum (sem Ba)	Ekki yfir 100 mg/kg, hvert fyrir sig eða í samsetningum
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg

E 171 TÍTANDÍOXÍÐ

Samheiti	Litaskrárheiti: hvítt fastlitarefni 6
Skilgreining	Títandíoxíð samanstendur aðallega af hreinu títandíoxíði í formi anatasa eða rútíls sem getur verið hjúpað með litlu magni af súráli og/eða kísli til að bæta tæknilega eiginleika vörunnar.
Flokkur	Ólífrænn
Litaskrárnúmer	77891
EINECS-númer	236-675-5
Efnaheiti	Títandíoxíð
Efnaformúla	TiO_2
Mólþyngd	79,88
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 99% án súráls og kísls.
Lýsing	Hvítt duft eða duft með örlitlum lit
Sanngreining	
Leysni	Óleysanlegt í vatni og lífrænum leysum. Leysist rólega í flússýru og í heitri, fullsterkri brennisteinssýru.
Hreinleiki	
Efnistap við þurrkun	Ekki yfir 0,5 % (105 °C, 3 klukkustundir)
Glæðitap	Ekki yfir 1,0% miðað við innihald án órokgjarnra efna (800 °C)
Áloxíð og/eða kísildíoxíð	Ekki yfir 2,0% alls
Efni sem leysist upp í 0,5 N HCl	Ekki yfir 0,5%, miðað við innihald án súráls og kísls, og auk þess, þegar um er að ræða vörur sem innihalda súrál og/eða kísl, ekki yfir 1,5% miðað við vöruna eins og hún er seld.
Vatnsleysanlegt efni	Ekki meira en 0,5 %
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Antímon	Ekki yfir 50 mg/kg við algera upplausn
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg við algera upplausn
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg við algera upplausn
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg við algera upplausn
Sink	Ekki yfir 50 mg/kg við algera upplausn

E 172 JÁRNOXÍÐ OG JÁRNHÝDROXÍÐ

Samheiti	Járnoxíðgult:	Litaskrárheiti: gult fastlitarefni 42 og 43	
	Járnoxíðrautt:	Litaskrárheiti: rautt fastlitarefni 101 og 102	
	Járnoxíðsvart:	Litaskrárheiti: svart fastlitarefni 11	
Skilgreining	Járnoxíð og járnhýdroxíð eru framleidd með efnasmíði og eru aðallega samsett af vatnsfríum og/eða vötnuðum járnoxíðum. Innan litasviðsins eru gulir, rauðir, brúnir og svartir litir. Það sem helst greinir járnoxíð, sem eru nothæf í matvæli, frá iðnaðarjárnoxíðum er að í þeim er mun minni mengun af völdum annarra málma. Það sem hér ræður úrslitum er val á og eftirlit með uppsprettu járnsins og/eða hve víðtæk, efnræn hreinsun fer fram meðan á framleiðslu stendur.		
Flokkur	Ólífrænn		
Litaskrárnúmer	Járnoxíðgult:	77492	
	Járnoxíðrautt:	77491	
	Járnoxíðsvart:	77499	
EINECS-númer	Járnoxíðgult:	257-098-5	
	Járnoxíðrautt:	215-168-2	
	Járnoxíðsvart:	235-442-5	
Efnaheiti	Járnoxíðgult:	vatnað járnoxíð, vatnað, þrígilt járnoxíð	
	Járnoxíðrautt:	vatnsfrítt járnoxíð, vatnsfrítt, þrígilt járnoxíð	
	Járnoxíðsvart:	ferroso-járnoxíð, tvígilt og þrígilt járnoxíð	
Efnaformúla	Járnoxíðgult:	$FeO(OH)\cdot H_2O$	
	Járnoxíðrautt:	Fe_2O_3	
	Járnoxíðsvart:	$FeO\cdot Fe_2O_3$	
Mólþyngd	88,85	FeO(OH)	
	159,70	Fe_2O_3	
	231,55	$FeO\cdot Fe_2O_3$	
Magngreining	Gult: að lágmarki 60%, rautt og svart: að lágmarki 68% járn alls, gefið upp sem járn		
Lýsing	Duft, gult, rautt, brúnt eða svart að lit.		
Sanngreining			
Leysni	Óleysanlegt í vatni og lífrænum leysum		
	Leysanlegt í fullsterkum, ólífrænum sýrum		
Hreinleiki			
Vatnsleysanlegt efni	Ekki yfir 1,0%		Við algera upplausn
Arsen	Ekki yfir 5 mg/kg		
Baríum	Ekki yfir 50 mg/kg		
Kadmíum	Ekki yfir 5 mg/kg		
Króm	Ekki yfir 100 mg/kg		
Kopar	Ekki yfir 50 mg/kg		
Blý	Ekki yfir 20 mg/kg		
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg		
Nikkel	Ekki yfir 200 mg/kg		
Sink	Ekki yfir 100 mg/kg		

E 173 ÁL

Samheiti	Litaskrárheiti: málmfastlitarefni, Al
Skilgreining	Álduft er samsett af fínskiptum álögnum. Við mölun er stundum bætt við matarolíum og/eða fitusýrum sem standast gæðakröfur sem gerðar eru til aukefna í matvælum. Álduft inniheldur ekki önnur viðbótarefni en matarolíur og/eða fitusýrur sem standast gæðakröfur sem gerðar eru til aukefna í matvælum.
Litaskrárnúmer	77000
EINECS-númer	231-072-3
Efnaheiti	Ál
Efnaformúla	Al
Atómþyngd	26,98
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 99%, reiknað sem Al án olíu
Lýsing	Silfurgrátt duft eða smáflögur
Sanngreining	
Leysni	Óleysanlegt í vatni og lífrænum leysum. Leysanlegt í þynntri saltsýru Lausnin sem fæst gefur jákvæða svörun í prófum fyrir áli.
Hreinleiki	
Efnistap við þurrkun	Ekki yfir 0,5% (105 °C uns stöðugri þyngd er náð)
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg

E 174 SILFUR

Samheiti	Argentum, Ag
Flokkur	Ólífrænn
Litaskrárnúmer	77820
EINECS-númer	231-131-3
Efnaheiti	Silfur
Efnaformúla	Ag
Atómþyngd	107,87
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 99,5% af Ag.
Lýsing	Silfurlitað duft eða smáflögur

E 175 GULL

Samheiti	Málmfastlitarefni 3, Aurum, Au
Flokkur	Ólífrænn
Litaskrárnúmer	77480
EINECS-númer	231-165-9
Efnaheiti	Gull
Efnaformúla	Au
Atómþyngd	197,0
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 90% af Au.

Lýsing	Gulllitað duft eða smáflögur	
Hreinleiki		
Silfur	Ekki yfir 7,0%	Eftir algjöra upplausn
Kopar	Ekki yfir 4,0%	

E 180 LÍTÓLRÚBÍN BK

Samheiti	Litaskrárheiti: rautt fastlitarefni 57, rúbínfastlitarefni, karmín 6B
Skilgreining	Litólrúbín BK er aðallega samsett af kalsíum-3-hýdroxý-4-(4-metýl-2-súlfónatófenýlasó)-2-naftalínkarboxýlati og öðrum litunarefnum ásamt vatni, kalsíumklóríði og/eða kalsíumsúlfati sem helstu ólituðu efnisþáttunum.
Flokkur	Mónóasó
Litaskrárnúmer	15850:1
EINECS-númer	226-109-5
Efnaheiti	Kalsíum-3-hýdroxý-4-(4-metýl-2-súlfónatófenýlasó)-2-naftalín-karboxýlat
Efnaformúla	$C_{18}H_{12}CaN_2O_6S$
Mólþyngd	424,45
Magngreining	Inniheldur að lágmarki 90% af litunarefnum alls
	$E_{1\ cm}^{1\ \%}$ 200 við u.þ.b. 442 nm í dímetýlformamíði
Lýsing	Rautt duft
Sanngreining	
Litrófsgreining	Hámark u.þ.b. 442 nm í dímetýlformamíði
Hreinleiki	
Önnur litunarefni	Ekki yfir 0,5%
Lífræn efnasambönd, önnur en litunarefni:	
2-amínó-5-metýlbensensúlfónsýra, kalsíumsalt	Ekki yfir 0,2%
3-amínó-5-metýlbensensúlfónsýra, kalsíumsalt	Ekki yfir 0,4%
Ósúlfuð, eingreind, arómatísk amín	Ekki yfir 0,01% (gefið upp sem anilín)
Efni sem er útdraganlegt í eter	Ekki yfir 0,2% úr lausn með pH-gildið 7
Arsen	Ekki yfir 3 mg/kg
Blý	Ekki yfir 10 mg/kg
Kvikasilfur	Ekki yfir 1 mg/kg
Kadmíum	Ekki yfir 1 mg/kg
Þungmálmar (sem Pb)	Ekki yfir 40 mg/kg

II. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með skrá yfir síðari breytingar hennar

(sem um getur í 2. gr.)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/45/EB	(Stjtíð. EB L 226, 22.9.1995, bls. 1)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/75/EB	(Stjtíð. EB L 206, 5.8.1999, bls. 19)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/50/EB	(Stjtíð. EB L 190, 12.7.2001, bls. 14)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/47/EB	(Stjtíð. ESB L 113, 20.4.2004, bls. 24)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/33/EB	(Stjtíð. ESB L 82, 21.3.2006, bls. 10)

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til að taka upp í landslög

(sem um getur í 2. gr.)

Tilskipun	Frestur til að taka upp í lög
95/45/EB	1. júlí 1996
1999/75/EB	1. júlí 2000
2001/50/EB	29. júní 2002
2004/47/EB	1. apríl 2005
2006/33/EB	10. apríl 2007

([1]) Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 95/45/EB má aftur á móti setja á markað vörur, sem settar hafa verið á markað eða merktar fyrir 1. júlí 1996 en eru ekki í samræmi við þá tilskipun, þar til birgðir eru uppurnar.

([2]) Samkvæmt 3. gr tilskipunar 2004/47/EB má setja á markað vörur, sem settar hafa verið á markað eða merktar fyrir 1. apríl 2005 en eru ekki í samræmi við þá tilskipun, þar til birgðir eru uppurnar.

III. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Tilskipun 95/45/EB	Þessi tilskipun
1. mgr. 1. gr.	1. gr.
2. mgr. 1. gr.	—
2. gr.	—
—	2. gr.
3. gr.	3. gr.
4. gr.	4. gr.
Viðauki	I. viðauki
—	II. viðauki
—	III. viðauki

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/48**

frá 26. október 2009

sem leysir Breska konungsríkið undan tilteknum skuldbindingum um að beita tilskipun ráðsins 66/402/EBE að því er varðar Avena strigosa Schreb. (*)

(tilkynnt með númeri C(2009) 8038)

(Einungis enski textinn hefur lagagildi)

(2009/786/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns ([1]), einkum 23. gr. a,

með hliðsjón af beiðni Breska konungsríkisins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt tilskipun 66/402/EBE er framkvæmdastjórninni heimilt, með tilteknum skilyrðum, að leysa aðildarríki undan skuldbindingum vegna markaðssetningar á fræjum korntegunda sem settar eru fram í þeirri tilskipun.

2) Breska konungsríkið hefur sótt um lausn frá skuldbindingum sínum að því er varðar Avena strigosa Schreb.

3) Fræ þeirrar tegundar eru yfirleitt ekki ræktuð eða markaðssett í Breska konungsríkinu. Að auki hefur ræktun Avena strigosa Schreb. afar lítið efnahagslegt gildi í framangreindu landi.

4) Meðan þessar aðstæður eru fyrir hendi skal leysa viðkomandi aðildarríki undan þeirri skyldu að beita ákvæði tilskipunar 66/402/EBE gagnvart viðkomandi efni.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Breska konungsríkið er leyst undan þeirri skyldu að beita tilskipun 66/402/EBE, að undanskilinni 1. mgr. 14. gr., að því er varðar tegundina Avena strigosa Schreb.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.

Gjört í Brussel 26. október 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla Vassilou

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 281, 28.10.2009, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2010 frá 30. apríl 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 37, 15.7.2010, bls. 14.

([1]) Stjtíð. EB 125, 11.7.1966, bls. 2309/66.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/64/EB

2013/EES/04/49

frá 13. júlí 2009

um deyfingu rafsegultruflana frá dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt (rafsegulsviðssamhæfi) (*)

(kerfisbundin útgáfa)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 75/322/EBE frá 20. maí 1975 um deyfingu rafsegultruflana af völdum dráttarvéla fyrir landbúnað eða skógrækt (rafsegulsviðssamhæfi) ([3]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ([4]). Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda tilskipunina.

2) Í tilskipun 75/322/EBE, sem er ein sértilskipana sem fjalla um EB-gerðarviðurkenningarkerfið sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum, en henni var skipt út með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB frá 26. maí 2003 um gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvögnum þeirra og útskiptanlegum, dregnum tækjum ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum ([5]), er mælt fyrir um tækniforskriftir varðandi deyfingu rafsegultruflana af völdum dráttarvéla fyrir landbúnað eða skógrækt (rafsegulsviðssamhæfi). Þessar tækniforskriftir varða samræmingu laga aðildarríkjanna til að gera kleift að EB-gerðarviðurkenningaraðferðin, sem kveðið er á um í tilskipun 2003/37/EB, eigi við um allar gerðir dráttarvéla. Af þessum sökum gilda ákvæðin, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2003/37/EB að því er varðar dráttarvélar fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvagna þeirra og útskiptanleg, dregin tæki ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum, um þessa tilskipun.

3) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti þeirra til að taka tilskipanirnar, sem tilgreindar eru í B-hluta XII. viðauka, upp í landslög og beita þeim.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í þessari tilskipun merkir „ökutæki“ öll ökutæki eins og þau eru skilgreind í d-lið 2. gr. tilskipunar 2003/37/EB.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 216, 20.8.2009, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 44/2010 frá 30. apríl 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 37, 15.7.2010, bls. 15.

([1]) Stjtíð. ESB C 44, 16.2.2008, bls. 34.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 19. febrúar 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 22. júní 2009.

([3]) Stjtíð. EB L 147, 9.6.1975, bls. 28.

([4]) Sjá A-hluta XII. viðauka

([5]) Stjtíð. ESB L 171, 9.7.2003, bls. 1.

2. gr.

1. Aðildarríkjum er óheimilt, af ástæðum er varða rafsegulsviðssamhæfi, að:

– synja um EB-gerðarviðurkenningu eða landsbundna gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki af hvaða gerð sem er,

– synja um EB-gerðarviðurkenningu fyrir íhluti eða tæknieiningar fyrir íhluti eða aðskildar tæknieiningar af hvaða gerð sem er,

– banna að ökutæki verði skráð, seld eða tekin í notkun,

– banna að íhlutir eða aðskildar tæknieiningar séu seld eða tekin í notkun,

ef ökutæki, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar eru í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar.w

2. Aðildarríkjum

– er ekki heimilt að veita EB-gerðarviðurkenningu ökutækja, EB-gerðarviðurkenningu íhlutar eða EB-gerðarviðurkenningu aðskilinna tæknieininga, og

– er heimilt að synja um landsbundna gerðarviðurkenningu,

fyrir ökutæki, íhlut eða aðskilda tæknieiningu af hvaða gerð sem er ef kröfunum í þessari tilskipun er ekki fullnægt.

3. Ákvæði 2. mgr. gilda hvorki um gerðir ökutækja, sem eru viðurkenndar fyrir 1. október 2002 samkvæmt tilskipun ráðsins 77/537/EBE frá 28. júní 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðgerðir gegn mengandi efnum í útblæstri dísilhreyfla til nota í landbúnaðardráttarvélum á hjólum ([1]), né um síðari rýmkun á þeim viðurkenningum.

4. Aðildarríkin:

– skulu líta svo á að samræmisvottorð, sem fylgja nýjum ökutækjum í samræmi við tilskipun 2003/37/EB, gildi ekki að því er varðar 1. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar og

– geta synjað um að nýjar rafmagns- eða rafeindaundireiningar, sem eru íhlutir eða aðskildar tæknieiningar, séu seldar eða teknar í notkun,

ef kröfum, sem um getur í þessari tilskipun, er ekki fullnægt.

5. Þrátt fyrir ákvæði 2. og 4. mgr., þegar um er að ræða varahluti, skulu aðildarríkin halda áfram að veita EB-gerðarviðurkenningu og heimila að seldir séu og teknir í notkun íhlutir eða aðskildar tæknieiningar, sem nota á í ökutækjagerðir sem eru viðurkenndar fyrir 1. október 2002, annaðhvort samkvæmt tilskipun 75/322/EBE eða tilskipun 77/537/EBE og, þar sem það á við, síðari rýmkanir slíkra viðurkenninga.

3. gr.

Líta ber á þessa tilskipun sem „aðra tilskipun Bandalagsins“ að því er varðar 4. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/108/EB frá 15. desember 2004 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi rafsegulsviðssamhæfi ([2]).

4. gr.

Allar breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að laga kröfurnar í I. til XI. viðauka að tækniframförum skal samþykkja í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 20. gr. tilskipunar 2003/37/EB.

5. gr.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

6. gr.

Tilskipun 75/322/EBE, eins og henni var breytt með gerðunum í A-hluta XII. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti til lögleiðingar og beitingar tilskipananna sem eru tilgreindar í B-hluta XII. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í XIII. viðauka.

([1]) Stjtíð. EB L 220, 29.8.1977, bls. 38.

([2]) Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 24.

7. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2010.

8. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. júlí 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.- G. PÖTTERING	E. ERLANDSSON
forseti.	*forseti.*

SKRÁ YFIR VIÐAUKA

I. VIÐAUKI KRÖFUR SEM ÖKUTÆKI OG RAFMAGNS- EÐA RAFEINDAUNDIREININGAR, SEM KOMIÐ ER FYRIR Í ÖKUTÆKJUM, ÞURFA AÐ UPPFYLLA

1. viðbætir Viðmiðunarmörk fyrir breiðbandsgeislun frá ökutæki: Fjarlægð milli loftnets og ökutækis: 10 m

2. viðbætir Viðmiðunarmörk fyrir breiðbandsgeislun frá ökutæki: Fjarlægð milli loftnets og ökutækis: 3 m

3. viðbætir Viðmiðunarmörk fyrir þröngbandsgeislun frá ökutæki: Fjarlægð milli loftnets og ökutækis: 10 m

4. viðbætir Viðmiðunarmörk fyrir þröngbandsgeislun frá ökutæki: Fjarlægð milli loftnets og ökutækis: 3 m

5. viðbætir Viðmiðunarmörk fyrir breiðbandsgeislun frá rafmagns- eða rafeindaundireiningu

6. viðbætir Viðmiðunarmörk fyrir þröngbandsgeislun frá rafmagns- eða rafeindaundireiningu

7. viðbætir Dæmi um EB-gerðarviðurkenningarmerki

II. VIÐAUKI Upplýsingaskjal nr. ... skv. I. viðauka við tilskipun 2003/37/EB sem fjallar um EB-gerðarviðurkenningu dráttarvélar fyrir landbúnað eða skógrækt með tilliti til rafsegulsviðssamhæfis (tilskipun 2009/64/EB)

1. viðbætir

2. viðbætir

III. VIÐAUKI Upplýsingaskjal nr. ... sem fjallar um EB-gerðarviðurkenningu rafmagns- eða rafeindaundireiningar með tilliti til rafsegulsviðssamhæfis (tilskipun 2009/64/EB)

1. viðbætir

2. viðbætir

IV. VIÐAUKI FYRIRMYND: EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ „ÖKUTÆKI“

Viðbætir við EB-gerðarviðurkenningarvottorð nr. ... vegna gerðarviðurkenningar ökutækis með tilliti til tilskipunar 2009/64/EB

V. VIÐAUKI FYRIRMYND: EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ „RAFMAGNS- EÐA RAFEINDA-UNDIREINING“

Viðbætir við EB-gerðarviðurkenningarvottorð nr. ... vegna gerðarviðurkenningar fyrir rafmagns- eða rafeindaundireiningu með tilliti til tilskipunar 2009/64/EB

VI. VIÐAUKI AÐFERÐ TIL AÐ MÆLA BREIÐBANDSRAFSEGULGEISLUN FRÁ ÖKUTÆKJUM

1. viðbætir **Mynd 1** PRÓFUNARSVÆÐI FYRIR DRÁTTARVÉL

Mynd 2 STAÐSETNING LOFTNETS MEÐ TILLITI TIL DRÁTTARVÉLAR

VII. VIÐAUKI AÐFERÐ TIL AÐ MÆLA ÞRÖNGBANDSRAFSEGULGEISLUN FRÁ ÖKUTÆKJUM

VIII. VIÐAUKI AÐFERÐ TIL AÐ PRÓFA RAFSEGULÓNÆMI ÖKUTÆKJA

1. viðbætir

2. viðbætir

3. viðbætir Einkenni prófunarmerkisins sem mynda á

IX. VIÐAUKI AÐFERÐ TIL AÐ MÆLA BREIÐBANDSRAFSEGULGEISLUN FRÁ RAFMAGNS- EÐA RAFEINDAUNDIREININGUM

1. viðbætir Útmörk svæðis þar sem prófun rafmagns- eða rafeindaundireiningar fer fram

2. viðbætir **Mynd 1** Útfærsla prófunar á rafsegulgeislun frá rafmagns- eða rafeindaundireiningum (almenn yfirlitsmynd)

Mynd 2 Rafsegulgeislun frá rafmagns- eða rafeindaundireiningum — langsnið af samhverfuplani prófunarbekks

X. VIÐAUKI AÐFERÐ TIL AÐ MÆLA ÞRÖNGBANDSRAFSEGULGEISLUN FRÁ RAFMAGNS- EÐA RAFEINDAUNDIREININGUM

XI. VIÐAUKI AÐFERÐIR TIL AÐ PRÓFA RAFSEGULÓNÆMI RAFMAGNS- EÐA RAFEINDAUNDIREININGA

1. viðbætir **Mynd 1** 150 mm flatleiðisprófun

Mynd 2 150 mm flatleiðisprófun

Mynd 3 800 mm flatleiðisprófun

Mynd 4 800 mm flatleiðismál

2. viðbætir Dæmi um uppsetningu vegna prófunar á strauminngjöf (BCI)

3. viðbætir **Mynd 1** TEM-hólfprófun

Mynd 2 Gerð rétthyrnds TEM-hólfs

Mynd 3 Dæmigerð mál TEM-hólfs

4. viðbætir Ónæmisprófun rafmagns- eða rafeindaundireiningar í opnu sviði

Mynd 1 Útfærsla prófunar (almenn yfirlitsmynd)

Mynd 2 Langsnið af samhverfuplani prófunarbekks

XII. VIÐAUKI A-HLUTI: Niðurfelld tilskipun með skrá yfir síðari breytingar hennar

B-HLUTI: Skrá yfir fresti til lögleiðingar og beitingar í aðildarríkjunum

XIII. VIÐAUKI Samsvörunartafla

I. VIÐAUKI

KRÖFUR SEM ÖKUTÆKI OG RAFMAGNS- EÐA RAFEINDAUNDIREININGAR, SEM KOMIÐ ER FYRIR Í ÖKUTÆKJUM, ÞURFA AÐ UPPFYLLA

1. GILDISSVIÐ

1.1. Þessi tilskipun gildir um rafsegulsviðssamhæfi ökutækja sem fjallað er um í 1. gr. Hún gildir einnig um aðskildar rafmagns- eða rafeindatæknieiningar sem eru ætlaðar til að setja í ökutæki.

2. SKILGREININGAR

2.1. *Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:*

2.1.1. „Rafsegulsviðssamhæfi“: Geta ökutækis, íhlutar eða aðskildrar tæknieiningar til að starfa eðlilega í rafsegulumhverfi sínu án þess að valda óviðunandi rafsegultruflunum í því umhverfi.

2.1.2. „Rafsegultruflun“: Öll rafsegulfyrirbæri sem kunna að draga úr nothæfi ökutækis eða íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar. Rafsegultruflun getur verið rafsegulsuð, óæskilegt merki eða breyting í sjálfum útbreiðslumiðlinum.

2.1.3. „Rafsegulónæmi“: Geta ökutækis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar til að starfa eðlilega án þess að skemmast þegar rafsegultruflun á sér stað.

2.1.4. „Rafsegulumhverfi“: Öll rafsegulfyrirbæri sem fyrirfinnast á tilteknum stað.

2.1.5. „Viðmiðunarmörk“: Þau nafnmörk sem bæði gerðarviðurkenning og framleiðslusamræmi miðast við.

2.1.6. „Viðmiðunarloftnet“: Fyrir tíðnisviðið 20 til 80 MHz: samhverft tvípólloftnet sem er hálfbylgjutvípóll með jafnaðri hermu við 80 MHz og fyrir tíðnisviðið fyrir ofan 80 MHz: hálfbylgjutvípóll með jafnaðri hermu sem er stilltur eftir mældri tíðni.

2.1.7. „Breiðbandsgeislun“: Geislun með meiri bandbreidd en tiltekið mælitæki eða viðtæki hefur.

2.1.8. „Þröngbandsgeislun“: Geislun með minni bandbreidd en tiltekið mælitæki eða viðtæki hefur.

2.1.9. „Rafmagns- eða rafeindakerfi“: Rafmagns- og/eða rafeindabúnaður eða samstæða slíks búnaðar, ásamt öllum tilheyrandi rafmagnstengingum og leiðslum, sem er hluti ökutækis en ekki er ætlast til að hljóti sérstaka gerðarviðurkenningu.

2.1.10. „Rafmagns- eða rafeindaundireining“ (ESA): Rafmagns- og/eða rafeindabúnaður eða samstæða slíks búnaðar, ásamt öllum tilheyrandi rafmagnstengingum og leiðslum, sem verða á hluti ökutækis og gegnir einu eða fleiri sérhæfðum hlutverkum. Að beiðni framleiðanda er heimilt að viðurkenna rafmagns- eða rafeindaundireiningu annaðhvort sem „íhlut“ eða „aðskilda tæknieiningu“ (sjá c-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2003/37/EB).

2.1.11. „Gerð ökutækis“: með tilliti til rafsegulsviðssamhæfis: ökutæki sem eru ekki innbyrðis ólík í grundvallaratriðum að því er varðar:

2.1.11.1. heildarstærð og -lögun vélarrýmis,

2.1.11.2. almenna niðurröðun rafmagns- og/eða rafeindaíhluta og almenna niðurröðun leiðslna,

2.1.11.3. það efni sem er aðallega notað í yfirbyggingu ökutækisins (til dæmis stál, ál eða trefjagler) en plötur úr ólíkum efnum breyta ekki gerð ökutækisins að því gefnu að grunnefni yfirbyggingarinnar sé óbreytt, engu að síður ber að greina frá slíkum afbrigðum.

2.1.12. „Gerð rafmagns- eða rafeindaundireiningar“ með tilliti til rafsegulsviðssamhæfis: Rafmagns- eða rafeindaundireiningar sem eru ekki innbyrðis ólíkar í grundvallaratriðum að því er varðar:

2.1.12.1. það hlutverk sem rafmagns- eða rafeindaundireiningin gegnir,

2.1.12.2. almenn niðurröðun rafmagns- og/eða rafeindaíhluta, ef við á.

3. UMSÓKN UM EB-GERÐARVIÐURKENNINGU

3.1. *Viðurkenning ökutækisgerðar*

3.1.1. Framleiðandi ökutækis leggur fram umsókn um gerðarviðurkenningu ökutækis að því er varðar rafsegulsviðssamhæfi skv. 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2003/37/EB.

3.1.2. Fyrirmynd að upplýsingaskjalinu er sett fram í II. viðauka.

3.1.3. Framleiðandi ökutækis skal semja áætlun þar sem lýst er öllum fyrirhuguðum samsetningum að því er varðar viðeigandi rafmagns- eða rafeindakerfi eða rafmagns- eða rafeindaundireiningar, útfærslur yfirbyggingar ([1]), afbrigði með tilliti til efnis yfirbyggingar ([1]), almenna niðurröðun leiðslna, hreyfilsafbrigði, afbrigði með stýrið hægra eða vinstra megin og afbrigði með mismunandi hjólhaf. Viðeigandi rafmagns- eða rafeindakerfi eða rafmagns- eða rafeindaundireiningar eru þau eða þær sem geta sent út umtalsverða breið- eða þröngbandsgeislun og/eða þau eða þær sem geta haft áhrif á beina stjórn ökumanns á ökutækinu (sjá lið 6.4.2.3).

3.1.4. Velja ber dæmigert ökutæki samkvæmt fyrrnefndri áætlun fyrir prófun samkvæmt gagnkvæmu samkomulagi milli framleiðanda og lögbærs yfirvalds. Ökutækið skal vera dæmigert fyrir ökutækisgerðina (sjá 1. viðbæti við II. viðauka). Miða ber val ökutækis við rafmagns- eða rafeindakerfin sem framleiðandi hefur á boðstólum. Framleiðandi og viðkomandi lögbært yfirvald geta gert gagnkvæmt samkomulag um að velja annað ökutæki, samkvæmt fyrrnefndri áætlun, til prófunar ef talið er að það sé búið annars konar rafmagns- eða rafeindakerfum sem líklegt er að hafi veruleg áhrif á rafsegulsviðssamhæfi ökutækisins samanborið við hið dæmigerða ökutæki sem fyrst var valið.

3.1.5. Samkvæmt málsmeðferðinni í lið 3.1.4 er einungis heimilt að velja ökutæki úr þeim samsetningum ökutækis og rafmagns- eða rafeindakerfa sem framleiða á í raun.

3.1.6. Framleiðanda er heimilt að láta umsókn fylgja skýrslu um prófanir sem hafa farið fram. Yfirvöldum sem annast viðurkenningu er heimilt að hafa slík gögn, sem eru látin í té, til hliðsjónar við útgáfu EB-gerðarviðurkenningarvottorðs.

3.1.7. Framkvæmi sú tækniþjónusta sem er ábyrg fyrir gerðarviðurkenningarprófuninni sjálf prófunina ber að láta í té ökutæki sem er dæmigert fyrir þá gerð sem viðurkenna á, samkvæmt lið 3.1.4.

3.2. *Viðurkenning á gerð rafmagns- eða rafeindaundireiningar*

3.2.1. Framleiðandi ökutækis eða rafmagns- eða rafeindaundireiningar leggur fram umsókn um gerðarviðurkenningu rafmagns- eða rafeindaundireiningar að því er varðar rafsegulsviðssamhæfi skv. 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2003/37/EB.

3.2.2. Fyrirmynd að upplýsingaskjalinu er sett fram í III. viðauka.

3.2.3. Framleiðanda er heimilt að láta umsókn fylgja skýrslu um prófanir sem hafa farið fram. Yfirvöldum sem annast viðurkenningu er heimilt að hafa slík gögn, sem eru látin í té, til hliðsjónar við útgáfu EB-gerðarviðurkenningarvottorðs.

3.2.4. Framkvæmi sú tækniþjónusta sem er ábyrg fyrir gerðarviðurkenningarprófuninni sjálf prófunina ber að láta í té sýnishorn af rafmagns- eða rafeindaundireiningunni sem er dæmigert fyrir þá gerð sem sótt er um viðurkenningu fyrir, ef nauðsyn krefur eftir viðræður við framleiðandann um, til dæmis, hugsanleg afbrigði að því er varðar fyrirkomulag, fjölda íhluta eða fjölda nema. Tækniþjónustunni er heimilt að velja annað sýnishorn telji hún það nauðsynlegt.

([1]) Ef við á.

3.2.5. Merkingar sýnishorna skulu vera greinilegar og óafmáanlegar, þar sem fram kemur viðskiptaheiti framleiðanda eða vörumerki og gerðarauðkenni.

3.2.6. Taka skal fram ef um einhverjar takmarkanir á notkun er að ræða. Slíkar takmarkanir skulu koma fram í upplýsingaskjalinu sem sett er fram í III. viðauka og/eða í EB-gerðarviðurkenningarvottorði sem sett er fram í V. viðauka.

4. GERÐARVIÐURKENNING

4.1. *Leiðir til að öðlast gerðarviðurkenningu*

4.1.1. Gerðarviðurkenning ökutækis

Framleiðanda er frjálst að velja milli eftirtalinna leiða til að öðlast gerðarviðurkenningu ökutækis.

4.1.1.1. Viðurkenning heils búnaðar í ökutækinu

Unnt er að öðlast beina gerðarviðurkenningu fyrir heilan búnað í ökutækinu með því að fara eftir ákvæðunum sem mælt er fyrir um í 6. lið. Ef framleiðandi ökutækis velur þessa leið eru sérstakar prófanir rafmagns- eða rafeindakerfa eða rafmagns- eða rafeindaundireininga óþarfar.

4.1.1.2. Viðurkenning ökutækisgerðar með því að prófa einstakar rafmagns- eða rafeindaundireiningar

Framleiðandi ökutækis getur öðlast viðurkenningu fyrir ökutæki með því að sýna viðurkenningaryfirvöldum að öll viðeigandi (sjá lið 3.1.3) rafmagns- eða rafeindakerfi eða allar rafmagns- eða rafeindaundireiningar hafi verið viðurkenndar sérstaklega í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar og hafi verið komið fyrir í ökutækinu í samræmi við öll skilyrði sem þar eru sett.

4.1.1.3. Óski framleiðandi þess getur hann öðlast viðurkenningu samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar fyrir ökutækið ef í því er enginn búnaður af þeirri gerð sem krafist er ónæmis- eða geislunarprófunar fyrir. Í ökutækinu skulu ekki vera nein þau kerfi sem tilgreind eru í lið 3.1.3 (ónæmi) og enginn neistakveikjubúnaður. Prófanir eru óþarfar vegna slíkra viðurkenninga.

4.1.2. Gerðarviðurkenning rafmagns- eða rafeindaundireiningar

Heimilt er að veita gerðarviðurkenningu fyrir rafmagns- eða rafeindaundireiningu sem setja á annaðhvort í hvaða gerð ökutækis sem er eða sérstaka gerð eða gerðir ökutækis að ósk framleiðanda. Rafmagns- eða rafeindaundireiningar sem hafa bein áhrif á stjórn ökutækis eru oftast gerðarviðurkenndar í samvinnu við framleiðanda ökutækis.

4.2. *Veiting gerðarviðurkenningar*

4.2.1. Ökutæki

4.2.1.1. Veita ber EB-gerðarviðurkenningu skv. 4. gr. tilskipunar 2003/37/EB ef dæmigert ökutæki fullnægir kröfum þessarar tilskipunar.

4.2.1.2. Fyrirmynd að EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu er sett fram í IV. viðauka.

4.2.2. Rafmagns- eða rafeindaundireining

4.2.2.1. Veita ber EB-gerðarviðurkenningu skv. 4. gr. tilskipunar 2003/37/EB ef dæmigerð rafmagns- eða rafeindaundireining fullnægir kröfum þessarar tilskipunar.

4.2.2.2 Fyrirmynd að EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu er að finna í V. viðauka.

4.2.3. Við útgáfu vottorðanna sem um getur í lið 4.2.1.2 eða lið 4.2.2.2 er lögbærum yfirvöldum í aðildarríkinu sem veitir gerðarviðurkenningu heimilt að styðjast við skýrslu samþykktrar eða viðurkenndrar rannsóknarstofu eða skýrslu sem er í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

4.3. *Breytingar á viðurkenningu*

4.3.1. Ákvæði 2. og 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 2003/37/EB gilda ef breyta á viðurkenningum sem eru veittar samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar.

4.3.2. Breyting á gerðarviðurkenningu ökutækis þegar rafmagns- eða rafeindaundireining er sett í ökutækið sem viðbót eða henni er skipt út

4.3.2.1. Heimilt er að breyta gerðarviðurkenningu ökutækis án frekari prófana hafi framleiðandi ökutækis öðlast viðurkenningu fyrir heilan búnað í ökutækinu og óskar þess að koma fyrir í honum viðbótarrafmagns- eða rafeindakerfi eða viðbótarrafmagns- eða rafeindaundireiningu eða skipta slíku kerfi eða einingu út sem þegar hefur hlotið viðurkenningu samkvæmt þessari tilskipun og sem verður komið fyrir í ökutækinu í samræmi við öll skilyrði sem þar eru sett. Að því er varðar framleiðslusamræmi ber að líta á viðbótar- eða vararafmagns- eða rafeindakerfi eða viðbótar- eða vararafmagns- eða rafeindaundireiningu sem hluta af ökutækinu.

4.3.2.2. Ef viðbótar- eða varahlutir hafa ekki hlotið viðurkenningu samkvæmt þessari tilskipun og ef prófun er talin nauðsynleg skal líta svo á að allt ökutækið fullnægi tilsettum kröfum ef unnt er að sýna fram á að nýir eða endurgerðir hlutir séu í samræmi við viðeigandi kröfur í 6. lið eða ef unnt er að sýna fram á með samanburðarprófun að ekki sé líklegt að nýi hluturinn komi í veg fyrir að gerð ökutækisins samræmist tilsettum kröfum.

4.3.2.3. Viðurkenning ökutækis fellur ekki úr gildi þótt framleiðandi ökutækis komi fyrir algengum einka- eða viðskiptabúnaði í viðurkenndu ökutæki, öðrum en farstöðvafjarskiptabúnaði ([1]) sem er í samræmi við tilskipun 2004/108/EB og komið er fyrir samkvæmt leiðbeiningum framleiðenda búnaðarins og ökutækisins eða skipti slíkum búnaði út eða fjarlægi hann. Þetta kemur ekki í veg fyrir að framleiðandi ökutækis komi fyrir fjarskiptabúnaði samkvæmt viðeigandi leiðbeiningum sem framleiðandi ökutækis og/eða framleiðandi slíks fjarskiptabúnaðar semja. Framleiðandi ökutækis skal færa sönnur á (ef prófunaryfirvöld fara fram á það) að ökutækið starfi eðlilega þrátt fyrir slíka senda. Hér getur verið um yfirlýsingu að ræða þess efnis að sendingarstyrkur og búnaðurinn séu þess eðlis að ónæmisviðmið þessarar tilskipunar veiti nægilega vernd þegar aðeins er um sendingar að ræða, það er fyrir utan sendingu í tengslum við prófanir sem um getur í 6. lið. Þessi tilskipun heimilar ekki notkun fjarskiptasendis þegar í gildi eru önnur ákvæði um slíkan búnað eða notkun hans. Framleiðandi ökutækis getur neitað að koma fyrir í ökutæki, sem hann framleiðir, algengum einka- eða viðskiptabúnaði sem er í samræmi við tilskipun 2004/108/EB.

5. MERKINGAR

5.1. *Allar rafmagns- eða rafeindaundireiningar í samræmi við gerð sem er viðurkennd samkvæmt þessari tilskipun skulu bera EB-gerðarviðurkenningarmerki.*

5.2. Merkið samanstendur af rétthyrningi sem umlykur lágstafinn „e“ og á eftir fylgir auðkennisnúmer þess aðildarríkis sem veitt hefur EB-gerðarviðurkenningu:

1 fyrir Þýskaland, 2 fyrir Frakkland, 3 fyrir Ítalíu, 4 fyrir Holland, 5 fyrir Svíþjóð, 6 fyrir Belgíu, 7 fyrir Ungverjaland, 8 fyrir Tékkland, 9 fyrir Spán, 11 fyrir Breska konungsríkið, 12 fyrir Austurríki, 13 fyrir Lúxemborg, 17 fyrir Finnland, 18 fyrir Danmörku, 19 fyrir Rúmeníu, 20 fyrir Pólland, 21 fyrir Portúgal, 23 fyrir Grikkland, 24 fyrir Írland, 26 fyrir Slóveníu, 27 fyrir Slóvakíu, 29 fyrir Eistland, 32 fyrir Lettland, 34 fyrir Búlgaríu, 36 fyrir Litháen, 49 fyrir Kýpur, 50 fyrir Möltu.

Nálægt rétthyrningnum skal staðsetja fjögurra stafa raðnúmer (með núllum fremst ef við á), hér eftir nefnt „grunnviðurkenningarnúmer“, sem kemur fram í 4. hluta gerðarviðurkenningarnúmersins í EB-gerðarviðurkenningarskírteininu sem er gefið út fyrir þá gerð af búnaði sem um ræðir (sjá V. viðauka) og þar fyrir framan þá tvo tölustafi sem gefa til kynna raðnúmer síðustu meiriháttar tæknibreytingar á tilskipun 75/322/EBE, sem þessi tilskipun kemur í stað, þegar viðkomandi EB-gerðarviðurkenning íhlutar var veitt.

5.3. Festa ber EB-gerðarviðurkenningarmerkið á meginhluta rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar (til dæmis á rafeindastýrieininguna) þannig að það sé vel læsilegt og óafmáanlegt.

5.4. Dæmi um EB-gerðarviðurkenningarmerkið er að finna í 7. viðbæti.

5.5. Engra merkinga er krafist fyrir rafmagns- eða rafeindakerfi sem eru í ökutækjagerðum sem eru viðurkenndar samkvæmt þessari tilskipun.

5.6. Merkingar á rafmagns- eða rafeindaundireiningum, sem eru í samræmi við lið 5.3, þurfa ekki að vera sýnilegar þegar rafmagns- eða rafeindaundireiningu er komið fyrir í ökutæki.

([1]) Dæmi: talstöðvar og almenningstalstöðvar (CB).

6. FORSKRIFTIR

6.1. *Almenn forskrift*

6.1.1. Ökutæki (og rafmagns- eða rafeindakerfi þeirra eða rafmagns- eða rafeindaundireiningar) skulu hönnuð, smíðuð og þannig gerð að þau geti fullnægt kröfum þessarar tilskipunar við venjulega notkun.

6.2. *Forskriftir vegna breiðbandsrafsegulgeislunar frá ökutækjum með neistakveikju*

6.2.1. Mæliaðferð

Mæla ber rafsegulgeislun sem dæmigert ökutæki fyrir viðkomandi gerð myndar samkvæmt aðferðinni sem er lýst í VI. viðauka í annarri þeirri loftnetsfjarlægð sem er gefin upp. Valið er framleiðanda ökutækisins.

6.2.2. Viðmiðunarmörk fyrir breiðbandsgeislun frá ökutæki

6.2.2.1. Ef mæliaðferðinni sem er lýst í VI. viðauka er beitt þar sem fjarlægð milli ökutækis og loftnets er 10,0 ± 0,2 m skulu viðmiðunarmörk fyrir geislun vera 34 dB míkróvolt/m (50 míkróvolt/m) á tíðnisviðinu 30 til 75 MHz og 34 til 45 dB míkróvolt/m (50 til 180 míkróvolt/m) á tíðnisviðinu 75 til 400 MHz og hækka þessi mörk logralega (línulega) fyrir tíðni sem er hærri en 75 MHz eins og fram kemur í 1. viðbæti við þennan viðauka. Á tíðnisviðinu 400 til 1000 MHz eru mörkin stöðug við 45 dB míkróvolt/m (180 míkróvolt/m).

6.2.2.2. Ef mæliaðferðinni sem er lýst í VI. viðauka er beitt þar sem fjarlægð milli ökutækis og loftnets er 3,0 ± 0,05 m skulu viðmiðunarmörk fyrir geislun vera 44 dB míkróvolt/m (160 míkróvolt/m) á tíðnisviðinu 30 til 75 MHz og 44 til 55 dB míkróvolt/m (160 til 562 míkróvolt/m) á tíðnisviðinu 75 til 400 MHz og hækka þessi mörk logralega (línulega) fyrir tíðni sem er hærri en 75 MHz eins og fram kemur í 2. viðbæti við þennan viðauka. Á tíðnisviðinu 400 til 1000 MHz eru mörkin stöðug við 55 dB míkróvolt/m (562 míkróvolt/m).

6.2.2.3. Mæld gildi í dB míkróvoltum/m (míkróvoltum/m) skulu vera a.m.k. 2,0 dB (20%) fyrir neðan viðmiðunarmörkin sem gilda fyrir dæmigert ökutæki fyrir viðkomandi gerð.

6.3. *Forskriftir vegna þröngbandsrafsegulgeislunar frá ökutækjum*

6.3.1. Mæliaðferð

Mæla ber rafsegulgeislun sem dæmigert ökutæki fyrir viðkomandi gerð myndar samkvæmt aðferðinni sem er lýst í VII. viðauka í annarri þeirri loftnetsfjarlægð sem er gefin upp. Valið er framleiðanda ökutækisins.

6.3.2. Viðmiðunarmörk fyrir þröngbandsgeislun frá ökutæki

6.3.2.1. Ef mæliaðferðinni sem er lýst í VII. viðauka er beitt þar sem fjarlægð milli ökutækis og loftnets er 10,0 ± 0,2 m skulu viðmiðunarmörk fyrir geislun vera 24 dB míkróvolt/m (16 míkróvolt/m) á tíðnisviðinu 30 til 75 MHz og 24 til 35 dB míkróvolt/m (16 til 56 míkróvolt/m) á tíðnisviðinu 75 til 400 MHz og hækka þessi mörk logralega (línulega) fyrir tíðni sem er hærri en 75 MHz eins og fram kemur í 3. viðbæti við þennan viðauka. Á tíðnisviðinu 400 til 1000 MHz eru mörkin stöðug við 35 dB míkróvolt/m (56 míkróvolt/m).

6.3.2.2. Ef mæliaðferðinni sem er lýst í VII. viðauka er beitt þar sem fjarlægð milli ökutækis og loftnets er 3,0 ± 0,05 m skulu viðmiðunarmörk fyrir geislun vera 34 dB míkróvolt/m (50 míkróvolt/m) á tíðnisviðinu 30 til 75 MHz og 34 til 45 dB míkróvolt/m (50 til 180 míkróvolt/m) á tíðnisviðinu 75 til 400 MHz og hækka þessi mörk logralega (línulega) fyrir tíðni sem er hærri en 75 MHz eins og fram kemur í 4. viðbæti við þennan viðauka. Á tíðnisviðinu 400 til 1000 MHz eru mörkin stöðug við 45 dB míkróvolt/m (180 míkróvolt/m).

6.3.2.3. Mæld gildi í dB míkróvoltum/m (míkróvoltum/m) skulu vera a.m.k. 2,0 dB (20%) fyrir neðan viðmiðunarmörkin sem gilda fyrir dæmigert ökutæki fyrir viðkomandi gerð.

6.3.2.4. Þrátt fyrir viðmiðunarmörkin í liðum 6.3.2.1, 6.3.2.2 og 6.3.2.3 í þessum viðauka er litið svo á að ökutækið sé í samræmi við kröfurnar sem gilda um þröngbandsgeislun ef í ljós kemur í fyrstu prófun samkvæmt aðferðinni sem er lýst í lið 1.3 í VII. viðauka að styrkur rafsegulbylgna mældur við fjarskiptaloftnet ökutækisins er undir 20 dB míkróvoltum (10 míkróvoltum/m) á tíðnisviðinu 88 til 108 MHz og því er ekki nauðsynlegt að framkvæma frekari prófanir á því.

6.4. *Forskriftir vegna ónæmis ökutækja fyrir rafsegulgeislun*

6.4.1. Prófunaraðferð

Prófa ber ónæmi ökutækisins, sem er dæmigert fyrir viðkomandi gerð, fyrir rafsegulgeislun samkvæmt aðferðinni sem er lýst í VIII. viðauka.

6.4.2. Viðmiðunarmörk fyrir ónæmi ökutækisins

6.4.2.1. Ef prófunaraðferðinni sem er lýst í VIII. viðauka er beitt skulu viðmiðunarmörk fyrir sviðsstyrk vera kvaðratmeðaltalsrótin 24 volt/m á a.m.k. 90% af tíðnisviðinu 20 til 1000 MHz og kvaðratmeðaltalsrótin 20 volt/m á öllu tíðnisviðinu 20 til 1000 MHz.

6.4.2.2. Ökutæki sem er dæmigert fyrir viðkomandi gerð er talið fullnægja kröfum um ónæmi ef engar óeðlilegar breytingar verða á snúningshraða drifhjóla, engar starfrænar truflanir verða sem gætu skapað glundroða fyrir aðra vegfarendur og engin truflun á beinni stjórn ökumanns á ökutækinu sem hann eða aðrir vegfarendur kunna að verða varir við þegar prófanir skv. VIII. viðauka eru gerðar á ökutækinu og það sett í sviðsstyrk sem uppgefinn í voltum/m er 25% yfir viðmiðunarmörkunum.

6.4.2.3. Bein stjórn ökumanns á ökutæki felst til dæmis í því að stýra, hemla eða stjórna snúningshraða hreyfils.

6.5. *Forskriftir vegna breiðbandsrafsegultruflana af völdum rafmagns- eða rafeindaundireininga*

6.5.1. Mæliaðferð

Mæla ber rafsegulgeislun, sem dæmigerð rafmagns- eða rafeindaundireining fyrir viðkomandi gerð myndar, samkvæmt aðferðinni sem er lýst í IX. viðauka.

6.5.2. Viðmiðunarmörk fyrir breiðbandsgeislun frá rafmagns- eða rafeindaundireiningum

6.5.2.1. Ef mæliaðferðinni sem er lýst í IX. viðauka er beitt skulu viðmiðunarmörk fyrir geislun vera 64 til 54 dB míkróvolt/m (1600 til 500 míkróvolt/m) á tíðnisviðinu 30 til 75 MHz, þar sem þau lækka lógaritmískt (línulega) fyrir tíðni sem er hærri en 30 MHz, og 54 til 65 dB míkróvolt/m (500 til 1800 míkróvolt/m) á tíðnisviðinu 75 til 400 MHz, þar sem þessi mörk lækka logralega (línulega) fyrir tíðni sem er hærri en 75 MHz, eins og fram kemur í 5. viðbæti við þennan viðauka. Á tíðnisviðinu 400 til 1000 MHz eru mörkin stöðug við 65 dB míkróvolt/m (1800 míkróvolt/m).

6.5.2.2. Mæld gildi í dB míkróvoltum/m (míkróvoltum/m) skulu vera a.m.k. 2,0 dB (20%) fyrir neðan viðmiðunarmörkin sem gilda fyrir dæmigerða rafmagns- eða rafeindaundireiningu fyrir viðkomandi gerð.

6.6. *Forskriftir vegna þröngbandsrafsegultruflana af völdum rafmagns- eða rafeindaundireininga*

6.6.1. Mæliaðferð

Mæla ber rafsegulgeislun, sem dæmigerð rafmagns- eða rafeindaundireining fyrir viðkomandi gerð myndar, samkvæmt aðferðinni sem er lýst í X. viðauka.

6.6.2. Viðmiðunarmörk fyrir þröngbandsgeislun frá rafmagns- eða rafeindaundireiningum

6.6.2.1. Ef mæliaðferðinni sem er lýst í X. viðauka er beitt skulu viðmiðunarmörk fyrir geislun vera 54 til 44 dB míkróvolt/m (500 til 160 míkróvolt/m) á tíðnisviðinu 30 til 75 MHz, þar sem þau lækka lógaritmískt (línulega) fyrir tíðni sem er hærri en 30 MHz, og 44 til 55 dB míkróvolt/m (160 til 560 míkróvolt/m) á tíðnisviðinu 75 til 400 MHz, þar sem þessi mörk lækka logralega (línulega) fyrir tíðni sem er hærri en 75 MHz, eins og fram kemur í 6. viðbæti við þennan viðauka. Á tíðnisviðinu 400 til 1000 MHz eru mörkin stöðug við 55 dB míkróvolt/m (560 míkróvolt/m).

6.6.2.2. Mælt gildi í dB míkróvoltum/m (míkróvoltum/m) skal vera a.m.k. 2,0 dB (20%) fyrir neðan viðmiðunarmörkin sem gilda fyrir dæmigerða rafmagns- eða rafeindaundireiningu fyrir viðkomandi gerð.

6.7. *Forskriftir vegna ónæmis rafmagns- eða rafeindaundireininga fyrir rafsegulgeislun*

6.7.1. Prófunaraðferðir

Prófa ber ónæmi rafmagns- eða rafeindaundireiningar, sem er dæmigerð fyrir viðkomandi gerð, fyrir rafsegulgeislun samkvæmt aðferðinni sem er lýst í XI. viðauka.

6.7.2. Viðmiðunarmörk fyrir ónæmi rafmagns- eða rafeindaundireininga

6.7.2.1. Ef prófunaraðferðinni sem er lýst í XI. viðauka er beitt skulu viðmiðunarmörk fyrir ónæmisprófun vera 48 volt/m fyrir 150 mm flatleiðisprófunaraðferðina, 12 volt/m fyrir 800 mm flatleiðisprófunaraðferðina, 60 volt/m fyrir TEM-hólfprófunaraðferðina (TEM-öldulag), 48 mA fyrir strauminngjafarprófunaraðferðina (BCI) og 24 volt/m fyrir prófunaraðferðina í opnu sviði.

6.7.2.2. Í rafmagns- eða rafeindaundireiningunni sem er dæmigerð fyrir viðkomandi gerð skal ekki koma fram nein bilun, sem gæti valdið starfrænum truflunum sem gætu skapað glundroða fyrir aðra vegfarendur eða truflun á beinni stjórn ökumanns á ökutækinu, sem kerfinu hefur verið komið fyrir í, sem hann eða aðrir vegfarendur kunna að verða varir við, á sviðs- eða straumstyrk sem er 25% yfir viðmiðunarmörkum, uppgefinn í viðeigandi línulegum einingum.

7. SAMRÆMI FRAMLEIÐSLU

7.1. Samræmi framleiðslu með tilliti til rafsegulsviðssamhæfis ökutækisins eða íhlutar aðskilinnar tæknieiningar skal kannað á grundvelli lýsingar sem er gefin í EB-gerðarviðurkenningarvottorðinu og lýst í IV. viðauka og/eða V. viðauka, eftir því sem við á.

7.2. Þegar eftirlit fer fram með raðframleiddum ökutækjum, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum er litið svo á að framleiðslan, með tilliti til breiðbands- eða þröngbandsgeislunar, sé í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar ef mæld gildi fara ekki meir en 2 dB (25%) fram yfir viðmiðunarmörkin sem er lýst í liðum 6.2.2.1, 6.2.2.2, 6.3.2.1 og 6.3.2.2 (eftir því sem við á).

7.3. Við samræmisprófun á raðframleiddum ökutækjum, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum er litið svo á að framleiðslan, með tilliti til ónæmis gegn rafsegulgeislun, sé í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar ef engar truflanir koma fram í ökutækinu, íhlutnum eða aðskildu tæknieiningunni með tilliti til beinnar stjórnar ökutækisins, sem ökumaður eða aðrir vegfarendur kunna að verða varir við, þegar ökutækið, íhluturinn eða aðskilda tæknieiningin er í því ástandi sem er tilgreint í 4. lið VIII. viðauka og verður fyrir sviðsstyrk sem mældur í voltum/m er í hæsta lagi 80% af viðmiðunarmörkunum sem eru tilgreind í lið 6.4.2.1 í þessum viðauka.

8. UNDANÞÁGUR

8.1. Líta ber svo á að ökutæki, rafmagns- eða rafeindakerfi eða rafmagns- eða rafeindaundireining sem er ekki búin rafeindasveiflugjafa með hærri vinnslutíðni en 9 kHz sé í samræmi við lið 6.3.2 eða 6.6.2 í þessum viðauka og við VII. og X. viðauka.

8.2. Ekki er nauðsynlegt að prófa ökutæki sem eru án rafmagns- eða rafeindakerfa eða rafmagns- eða rafeindaundireininga sem tengjast beinni stjórn ökutækisins með tilliti til ónæmis og líta ber svo á að slík ökutæki séu í samræmi við lið 6.4 í þessum viðauka og við VIII. viðauka.

8.3. Ekki er nauðsynlegt að prófa rafmagns- eða rafeindaundireiningar sem tengjast ekki beinni stjórn ökutækisins með tilliti til ónæmis og líta ber svo á að þær séu í samræmi við lið 6.7 í þessum viðauka og við XI. viðauka.

8.4. *Rafstöðuafhleðsla*

Líta má á yfirbyggingu eða undirvagn ökutækis með hjólbörðum sem rafeinangraða smíð. Markverðir rafstöðukraftar með tilliti til ytra umhverfis ökutækisins koma aðeins fram þegar ökumaður og/eða farþegar stíga inn og út úr ökutækinu. Þar eð ökutækið er í kyrrstöðu á meðan er litið svo á að gerðarviðurkenningarprófanir með tilliti til rafstöðuafhleðslu séu óþarfar.


8.5. *Sveipir frá rafmagnsleiðslum*

Engir sveipir frá rafmagnsleiðslum myndast með tilliti til ytra umhverfis þar eð um engar rafmagnstengingar er að ræða við ökutæki utan frá í venjulegum akstri. Framleiðanda ber að tryggja að tækjabúnaður þoli sveipi frá rafmagnsleiðslum í ökutækinu, til dæmis af völdum álagsskiptingar og víxlverkunar milli kerfa. Litið er svo á að gerðarviðurkenningarprófanir með tilliti til sveipa frá rafmagnsleiðslum séu óþarfar.

1. viðbætir

Viðmiðunarmörk fyrir breiðbandsgeislun frá ökutæki

Fjarlægð milli loftnets og ökutækis: 10 m




Tíðni — megarið (MHz) — logruð

Sjá lið 6.2.2.1 í I. viðauka

2. viðbætir

Viðmiðunarmörk fyrir breiðbandsgeislun frá ökutæki

Fjarlægð milli loftnets og ökutækis: 3 m




Tíðni — megarið (MHz) — logruð

Sjá lið 6.2.2.2 í I. viðauka

3. viðbætir

Viðmiðunarmörk fyrir þröngbandsgeislun frá ökutæki

Fjarlægð milli loftnets og ökutækis: 10 m




Tíðni — megarið (MHz) — logruð

Sjá lið 6.3.2.2 í I. viðauka

4. viðbætir

Viðmiðunarmörk fyrir þröngbandsgeislun frá ökutæki

Fjarlægð milli loftnets og ökutækis: 3 m




Tíðni — megarið (MHz) — logruð

Sjá lið 6.3.2.2 í I. viðauka

5. viðbætir

Viðmiðunarmörk fyrir breiðbandsgeislun frá rafmagns- eða rafeindaundireiningu




Tíðni — megarið (MHz) — logruð

Sjá lið 6.5.2.1 í I. viðauka

6. viðbætir

Viðmiðunarmörk fyrir þröngbandsgeislun frá rafmagns- eða rafeindaundireiningu




Tíðni — megarið (MHz) — logruð

Sjá lið 6.6.2.1 í I. viðauka

7. VIÐBÆTIR

Dæmi um EB-gerðarviðurkenningarmerki



Rafmagns- eða rafeindaundireiningin, sem ber EB-gerðarviðurkenningarmerkið hér að ofan, er búnaður sem hefur fengið gerðarviðurkenningu í Þýskalandi (e1) með grunnviðurkenningarnúmerinu 0148

Fyrstu tveir tölustafirnir (02) gefa til kynna að búnaðurinn uppfylli kröfur tilskipunar 75/322/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 2000/2/EB.

Tölustafirnir eru aðeins til leiðbeiningar.

II. VIÐAUKI

Upplýsingaskjal nr. ... skv. i. viðauka við tilskipun 2003/37/eb sem fjallar um eb-gerðarviðurkenningu dráttarvélar fyrir landbúnað eða skógrækt með tilliti til rafsegulsviðssamhæfis (tilskipun 2009/64/eb)

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð.

Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar. Ef kerfi, íhlutir eða tæknieiningar eru búin rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0. ALMENNT

0.1. Tegund (-ir) (vörumerki skráð af framleiðanda):

0.2. Gerð (tilgreinið öll afbrigði og útfærslur):

0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu:

0.3.1. Auðkennisspjald framleiðanda (staðsetning og aðferð við að festa á):

0.4. Ökutækjaflokkur:

0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:

0.8. Heiti og heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS

Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki:

1.2. Staðsetning og fyrirkomulag hreyfils:

3. HREYFILL

3.1.2. Gerð og verslunarheiti stofnhreyfils (eins og það er sett á hreyfilinn eða annars konar auðkenning):

3.1.4. Heiti og heimilisfang framleiðanda:

3.1.6. Vinnsluháttur:

– neistakveikja/þjöppukveikja ([1])

– bein innsprautun/innsprautun ([1])

– fjórgengis-/tvígengishreyfill ([1])

3.2.1.6. Fjöldi og fyrirkomulag strokka:

3.2.1.9. Hámarkssnúningvægi … mín–1

3.2.3. Eldsneytisgjöf:

3.2.3.1. Fæðidæla:

Þrýstingur eða kennilína … kPa

3.2.3.2. Innsprautunarkerfi:

3.2.4.2.1. Kerfislýsing:

3.2.5.	Rafstýringarbúnaður:
	Kerfislýsing:
3.11.	Rafkerfi:
3.11.1.	Málspenna …,jákvæð/neikvæð jarðtenging (1)
3.11.2.	Rafall:
3.11.2.1.	Gerð
3.11.2.2.	Nafnafl VA
4.	GÍRSKIPTING
4.2.	Gerð (beinskipting, vökvaskipting, rafskipting o.s.frv):
4.2.1.	Stutt lýsing á rafmagns- eða rafeindaíhlutum (ef um þá er að ræða):
6.	FJÖÐRUN (EF VIÐ Á)
6.2.2.	Stutt lýsing á rafmagns- eða rafeindaíhlutum (ef um þá er að ræða):
7.	STÝRISBÚNAÐUR
7.2.2.1.	Stutt lýsing á rafmagns- eða rafeindaíhlutum (ef um þá er að ræða):
7.2.6.	Stillingarsvið og stillingaraðferð stjórnvalar, ef við á:
8.	HEMLAR
8.5.	Fyrir dráttarvélar með læsivarið hemlakerfi, lýsing á vinnsluhætti kerfisins (að öllum rafeindahlutum meðtöldum), teikning af rafkerfi og vökva- eða loftrásum:
9.	SJÓNSVIÐ, RÚÐUR, FRAMRÚÐUÞURRKUR OG BAKSÝNISSPEGLAR
9.2.	Rúður:
9.2.3.4.	Stutt lýsing á rafmagns- eða rafeindaíhlutum (ef ísettir) stýrikerfis fyrir hliðarrúður:
9.3.	Framrúðuþurrkur:
	Tæknilýsing:
9.4.	Baksýnisspeglar (staðsetning hvers og eins):
9.4.6.	Stutt lýsing á rafmagns- eða rafeindaíhlutum (ef ísettir) stillibúnaðar:
9.5.	Afísing og móðuhreinsun:
9.5.1.	Tæknilýsing:
10.	VELTIGRINDUR, VEÐRAVÖRN, SÆTI, HLEÐSLUPALLAR
10.3.	Sæti og fóthvílur:
10.3.1.4.	Staðsetning og helstu eiginleikar:
10.3.1.5.	Stillibúnaður:
10.3.1.6.	Færslubúnaður og læsibúnaður:

10.5. Deyfing rafsegultruflana:

10.5.1. Lýsing og teikningar/ljósmyndir af lögun og smíðaefni þeirra hluta yfirbyggingar sem mynda vélarrými og þeirra hluta farþegarýmis sem næst því eru:

10.5.2. Teikningar eða ljósmyndir af staðsetningu málmíhluta inni í vélarrými (t.d. upphitunarbúnaði, varahjóli, loftsíu, stýrisbúnaði o.s.frv.):

10.5.3. Tafla og teikning af deyfibúnaði vegna rafsegultruflana:

10.5.4. Upplýsingar um nafngildi jafnstraumsviðnáms og, ef um er að ræða viðnámskveikjuþræði, nafnviðnám þeirra á metra:

11. LJÓSA- OG LJÓSMERKJABÚNAÐUR

11.3. Stutt lýsing á rafmagns- eða rafeindaíhlutum öðrum en ljóskerum (ef um þá er að ræða):

12. ÝMISLEGT

12.8. Lýsing á rafeindahlutum ökutækisins sem notaðir eru við að knýja og stýra búnaði sem er komið fyrir á ökutæki eða dreginn:

([1]) Ef við á.
([2]) Sýnið vikmörk

1. viðbætir

Lýsing ökutækis sem er valið sem dæmigert eintak fyrir viðkomandi gerð

Lögun yfirbyggingar:

Stýri vinstra eða hægra megin:

Hjólhaf:

Valfrjálsir íhlutir:

2. viðbætir

Viðeigandi prófunarskýrslur sem framleiðandi eða samþykktar eða viðurkenndar rannsóknarstofur láta í té til að hafa til hliðsjónar við skráningu EB-gerðarviðurkenningarvottorðs.

III. VIÐAUKI

Upplýsingaskjal nr. ... sem fjallar um eb-gerðarviðurkenningu rafmagns- eða rafeindaundireiningar með tilliti til rafsegulsviðssamhæfis (tilskipun 2009/64/eb)

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti ef við á. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef rafknúinn stjórnbúnaður er í kerfum, íhlut eða aðskildum tæknieiningum skulu fylgja upplýsingar um hvernig hann vinnur.

0. ALMENNT

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):

0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti:

0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:

0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EB-gerðarviðurkenningarmerkið á, ef um er að ræða íhluti og aðskildar tæknieiningar:

0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

1. VIÐURKENNA BER ÞESSA RAFMAGNS- EÐA RAFEINDAUNDIREININGU SEM ÍHLUT/AÐSKILDA TÆKNIEININGU ([1])

2. TAKMARKANIR Á NOTKUN OG SKILYRÐI FYRIR ÁFESTINGU:

([1]) Strikið yfir það sem á ekki við.

1. viðbætir

Lýsing rafmagns- eða rafeindaundireiningar sem er valin sem dæmigert eintak fyrir viðkomandi gerð:

2. viðbætir

Viðeigandi prófunarskýrslur sem framleiðandi eða samþykktar eða viðurkenndar rannsóknarstofur láta í té til að hafa til hliðsjónar við skráningu EB-gerðarviðurkenningarvottorðs.

IV. VIÐAUKI

FYRIRMYND

(HÁMARKSSTÆRÐ: A4 (210 × 297 MM))

EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

„ÖKUTÆKI“

Stimpill yfirvalds

Tilkynning um:

– EB-gerðarviðurkenningu ([1])

– rýmkun EB-gerðarviðurkenningar ([1])

– synjun EB-gerðarviðurkenningar ([1])

– afturköllun EB-gerðarviðurkenningar ([1])

á gerð ökutækis með hliðsjón af tilskipun 2009/64/EB.

EB-gerðarviðurkenningarnúmer:

Ástæða fyrir rýmkun:

I. ÞÁTTUR

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):

0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti:

0.3. Gerðarauðkenni, ef slíkt er á ökutækinu/íhlutnum/aðskildu tæknieiningunni ([1]) ([2]):

0.3.1. Staðsetning auðkennisins:

0.4. Ökutæki:

0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:

0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

II. ÞÁTTUR

1. Frekari upplýsingar (ef við á): Sjá viðbæti

2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:

3. Dagsetning prófunarskýrslu:

4. Númer prófunarskýrslu:

5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): Sjá viðbæti

6. Staður:

7. Dagsetning:

8. Undirskrift:

9. Meðfylgjandi er skrá yfir innihald upplýsingasafnsins sem viðurkenningaryfirvöld varðveita en það má fá afhent sé þess óskað

([1]) Strikið yfir það sem á ekki við.

([2]) Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð nær til skal setja spurningarmerki í upplýsingaskjöl í stað rittáknanna (t.d. ABC???123???).

Viðbætir við EB-gerðarviðurkenningarvottorð nr. ... vegna gerðarviðurkenningar fyrir ökutæki með tilliti til tilskipunar 2009/64/EB

1. Viðbótarupplýsingar

1.1. Sérstakur búnaður að því er varðar ákvæði IV. viðauka við þessa tilskipun (ef við á): (til dæmis: ...)

1.2. Málspenna rafkerfis: V jákvæð/neikvæð jarðtenging

1.3. Gerð yfirbyggingar:

1.4. Skrá yfir rafeindakerfi sem er komið fyrir í prófuðu(m) ökutæki(jum) sem takmarkast ekki við liðina í upplýsingaskjalinu (sjá 1. viðbæti við II. viðauka):

1.5. Samþykkt eða viðurkennd rannsóknarstofa (að því er varðar þessa tilskipun) sem annast framkvæmd prófananna:

5. Athugasemdir:

(t. d. gildir jafnt um ökutæki með stýri hægra og vinstra megin.)

V. VIÐAUKI

FYRIRMYND

(HÁMARKSSTÆRÐ: A4 (210 × 297 MM))

EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

„RAFMAGNS- EÐA RAFEINDAUNDIREINING“

Stimpill yfirvalds

Tilkynning um:

– EB-gerðarviðurkenningu ([1])

– rýmkun EB-gerðarviðurkenningar ([1])

– synjun EB-gerðarviðurkenningar ([1])

– afturköllun EB-gerðarviðurkenningar ([1])

vegna gerðar íhlutar/aðskilinnar tæknieiningar með hliðsjón af tilskipun 2009/64/EB.

EB-gerðarviðurkenningarnúmer:

Ástæða fyrir rýmkun:

I. ÞÁTTUR

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):

0.2. Gerð og almennt/almenn verslunarheiti:

0.3. Gerðarauðkenni, ef slíkt er á ökutækinu/íhlutnum/aðskildu tæknieiningunni ([1]) ([2]):

0.3.1. Staðsetning auðkennisins:

0.4. Ökutæki:

0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:

0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EB-gerðarviðurkenningarmerkið ef um er að ræða íhluti og aðskildar tæknieiningar:

0.8. Heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

II. ÞÁTTUR

1. Frekari upplýsingar (ef við á): Sjá viðbæti

2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:

3. Dagsetning prófunarskýrslu:

4. Númer prófunarskýrslu:

5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): Sjá viðbæti

6. Staður:

7. Dagsetning:

8. Undirskrift:

9. Meðfylgjandi er skrá yfir innihald upplýsingasafnsins, sem viðurkenningaryfirvöld varðveita, en það má fá afhent sé þess óskað.

([1]) Strikið yfir það sem á ekki við.

([2]) Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð nær til skal setja spurningarmerki í upplýsingaskjöl í stað rittáknanna: „?“ (t. d. ABC?? 123??).

Viðbætir við EB-gerðarviðurkenningarvottorð nr. ... vegna gerðarviðurkenningar fyrir rafmagns- eða rafeindaundireiningu með tilliti til tilskipunar 2009/64/EB

1. Viðbótarupplýsingar

1.1. Málspenna rafkerfis: …… V

1.2. Heimilt er að nota þessa rafmagns- eða rafeindaundireiningu í allar gerðir ökutækja með eftirtöldum takmörkunum:

1.2.1. Skilyrði fyrir ísetningu, ef einhver:

1.3. Aðeins er heimilt að nota rafmagns- eða rafeindaundireininguna í eftirtaldar gerðir ökutækja:

1.3.1. Skilyrði fyrir ísetningu, ef einhver:

1.4. Eftirtalin(dar) sértilgreind(ar) prófunaraðferð(ir) og eftirtalin tíðnibil eru notuð til að ákvarða ónæmi: (tilgreina ber nákvæmlega hvaða aðferð í IX. viðauka er notuð)

1.5. Samþykkt eða viðurkennd rannsóknarstofa (að því er varðar þessa tilskipun) sem annast framkvæmd prófananna:

5. Athugasemdir:

VI. VIÐAUKI

AÐFERÐ TIL AÐ MÆLA BREIÐBANDSRAFSEGULGEISLUN FRÁ ÖKUTÆKJUM

1. ALMENNT

1.1. Prófunaraðferðin sem er lýst í þessum viðauka gildir aðeins fyrir ökutæki.

1.2. *Mælitæki*

Mælitæki skulu vera í samræmi við kröfurnar í riti Alþjóðafastanefndarinnar um rafsegultruflanir (CISPR) nr. 16-1 frá 1993.

Nota skal toppígildisnema til að mæla breiðbandsrafsegulgeislun sem um getur í þessum viðauka eða, ef toppgildisnemi er notaður, nauðsynlegan leiðréttingarstuðul eftir því um hvaða púlshraða neista er að ræða.

1.3. *Prófunaraðferð*

Þessari prófun er ætlað að mæla breiðbandsrafsegulgeislun sem myndast í neistakveikjukerfum og rafmagnshreyflum sem eru hluti af föstum búnaði ökutækisins (rafknúnum dráttarhreyflum, vélum fyrir hita- eða afísingarkerfi, eldsneytisdælum, vatnsdælum o.s.frv.).

Um tvo kosti er að ræða að því er varðar fjarlægð viðmiðunarloftnets frá ökutæki, tíu eða þrjá metra. Í báðum tilvikum ber að fara að kröfunum í 3. lið.

2. FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Gefa skal niðurstöður mælinga til kynna í dB míkróvoltum/m (míkróvoltum/m) fyrir 120 kHz bandbreidd. Ef raunveruleg bandbreidd mælitækisins B (gefin upp í kHz) víkur frá 120 kHz skal breyta álestri í míkróvoltum/m í 120 kHz bandbreidd með margföldun með stuðlinum 120/B.

3. MÆLISTAÐUR

3.1. Prófun skal fara fram á láréttu svæði þar sem hvorki eru til staðar hindranir né fletir sem endurkasta rafsegulbylgjum innan minnst 30 m radíusar sem er mældur frá punkti sem er miðja vegu milli ökutækis og loftnets (sjá mynd 1 í 1. viðbæti).

3.2. Heimilt er að mælibúnaður, prófunarklefi eða ökutæki þar sem mælibúnaði er komið fyrir sé á prófunarstað, en aðeins á leyfilegu svæði sem er sýnt á mynd 1 í 1. viðbæti.

Heimilt er að önnur mæliloftnet séu inni á prófunarsvæðinu í a.m.k. 10 m fjarlægð frá bæði móttökuloftneti og ökutæki sem verið er að prófa, að því tilskildu að unnt sé að sýna fram á að það hafi ekki áhrif á niðurstöður prófana.

3.3. Heimilt er að nota lokaða prófunarstöð ef unnt er að sýna fram á að gagnkvæmt samband sé á milli hennar og prófunarstaðar sem er utandyra. Lokuð prófunarstöð þarf ekki að fullnægja öðrum mælikröfum sem koma fram á mynd 1 í 1. viðbæti en kröfum um fjarlægð milli ökutækis og loftnets og um hæð loftnets. Þá þarf ekki að ganga úr skugga um geislun í umhverfi fyrir og eftir prófun með tilliti til fyrrnefnds búnaðar eins og kemur fram í lið 3.4.

3.4. *Umhverfi*

Til að tryggja að ekki sé um framandi suð eða merki að ræða af styrkleika sem getur haft áhrif á mælingarnar skal mæla fyrir og eftir aðalprófunina. Ef ökutækið er til staðar þegar umhverfismælingar fara fram er nauðsynlegt að tryggja að geislun frá því hafi ekki marktæk áhrif á þær mælingar, til dæmis með því að fjarlægja ökutækið af prófunarsvæðinu, fjarlægja kveikjulykil eða aftengja rafgeymi. Báðar mælingar skulu gefa til kynna að framandi suð eða merki séu a.m.k. 10 dB fyrir neðan viðmiðunarmörkin í lið 6.2.2.1 eða 6.2.2.2 (eftir því sem við á) í I. viðauka fyrir utan leyfilegar þröngbandsumhverfisútsendingar.

4. ÁSTAND ÖKUTÆKIS MEÐAN Á PRÓFUN STENDUR

4.1. *Hreyfill*

Hreyfillinn skal vera í gangi við eðlilegt hitastig og gírskipting í hlutlausri stöðu. Ef ekki er unnt að verða við þessu af ástæðum sem lúta að framkvæmd er framleiðanda og prófunaryfirvöldum heimilt að gera gagnkvæmt samkomulag um annað verklag.

Þess skal gætt að tryggt sé að hraðastillingarbúnaðurinn hafi ekki áhrif á rafsegulgeislun. Við hverja mælingu skal hreyfillinn látinn ganga með eftirfarandi hætti:

Gerð hreyfils	Mæliaðferð	
	Toppígildi	Toppgildi
Neistakveikja	Snúningshraði	Snúningshraði
Einn strokkur	2500 sn./mín. ± 10%	2500 sn./mín. ± 10%
Fleiri en einn strokkur	1500 sn./mín. ± 10%	1500 sn./mín. ± 10%

4.2. Prófun skal ekki fara fram meðan regn eða önnur úrkoma fellur á ökutækið eða innan 10 mínútna eftir að styttir upp.

5. GERÐ LOFTNETS, STAÐSETNING OG STEFNA

5.1. *Gerð loftnets*

Heimilt er að nota öll loftnet sem unnt er að stilla eins og viðmiðunarloftnet. Heimilt er að nota aðferð til að kvarða loftnetið sem er lýst í viðbæti A í 3. útgáfu rits Alþjóðafastanefndarinnar um rafsegultruflanir (CISPR) nr. 12.

5.2. *Mælihæð og -fjarlægð*

5.2.1. Hæð

5.2.1.1. Prófun í 10 m fjarlægð

Fasamiðpunktur loftnetsins skal vera 3,00 ± 0,05 m fyrir ofan flötinn sem ökutækið stendur á.

5.2.1.2. Prófun í 3 m fjarlægð

Fasamiðpunktur loftnetsins skal vera 1,80 ± 0,05 m fyrir ofan flötinn sem ökutækið stendur á.

5.2.1.3. Enginn af móttökuhlutum loftnetsins skal vera nær fletinum sem ökutækið stendur á en 0,25 m.

5.2.2. Mælifjarlægð

5.2.2.1. Prófun í 10 m fjarlægð

Lárétt fjarlægð milli loftnetsendans eða annars viðeigandi punkts þess, sem er ákveðinn þegar stilling sem er lýst í lið 5.1 fer fram, og ytra yfirborðs ökutækisins skal vera 10,0 ± 0,2 m.

5.2.2.2. Prófun í 3 m fjarlægð

Lárétt fjarlægð milli loftnetsendans eða annars viðeigandi punkts þess, sem er ákveðinn þegar stilling sem er lýst í lið 5.1 fer fram, og ytra yfirborðs ökutækisins skal vera 3,00 ± 0,05 m.

5.2.2.3. Fari prófun fram í lokaðri stöð sem er varin gegn rafsegulgeislun með hátíðni skulu móttökuhlutar loftnetsins ekki vera nær efni af hvaða gerð sem er sem sogar í sig hátíðnibylgjur en 1,0 m og ekki nær vegg hinnar lokuðu stöðvar en 1,5 m. Ekkert íseygt efni skal vera milli móttökuloftnetsins og ökutækisins sem verið er að prófa.

5.3. *Staðsetning loftnets með tilliti til ökutækis*

Staðsetja ber loftnetið fyrst vinstra megin og síðan hægra megin við ökutækið samsíða samhverfuplani þess og í beinni línu við miðpunkt hreyfilsins (sjá mynd 1 í 1. viðbæti) og í beinni línu við miðpunkt ökutækisins sem er skilgreindur sem punktur á aðalási ökutækisins þaðan sem jafnlangt er til miðju fram- og afturáss ökutækisins.

5.4. *Stefna loftnets*

Mæla ber á öllum mælistöðum bæði með loftnetið í láréttri og lóðréttri skautun (sjá mynd 2 í 1. viðbæti).

5.5. *Álestur*

Líta ber á hæsta álestrargildi af fjórum samkvæmt liðum 5.3 og 5.4 fyrir hverja og eina tíðni sem einkennandi gildi fyrir viðkomandi tíðni.

6. TÍÐNI

6.1. *Mælingar*

Mæla ber á öllu tíðnisviðinu 30 til 1000 MHz. Til að staðfesta að ökutækið fullnægi skilyrðum þessa viðauka skal prófunaryfirvaldið prófa á allt að 13 stöðum á fyrrnefndu tíðnisviði, til dæmis á 45, 65, 90, 120, 150, 190, 230, 280, 380, 450, 600, 750 og 900 MHz. Sé farið út fyrir tilsett mörk meðan á prófun stendur skal ganga úr skugga um að ökutækið valdi því en ekki geislun frá umhverfi.

6.1.1. Mörkin gilda á öllu tíðnisviðinu 30 til 1000 MHz.

6.1.2. Heimilt er að mæla annaðhvort með toppígildis- eða toppgildisnema. Uppgefin mörk í liðum 6.2 og 6.5 í I. viðauka eru fyrir toppígildismælingu. Ef um toppmælingu er að ræða ber að bæta við 38 dB fyrir 1 MHz bandbreidd eða draga frá 22 dB fyrir 1 kHz bandbreidd.

6.2. *Vikmörk*

Stök tíðni (MHz)	Vikmörk (MHz)
45, 65, 90, 120, 150, 190 og 230	±5
280, 380, 450, 600, 750 og 900	±20


Vikmörkin fyrir þá tíðni sem um getur hér að framan þjóna þeim tilgangi að komast hjá truflunum frá útsendingum á eða nálægt einstakri nafntíðni meðan á mælingu stendur.

1. viðbætir

Mynd 1


PRÓFUNARSVÆÐI FYRIR DRÁTTARVÉL

(Slétt svæði þar sem ekki eru til staðar fletir sem endurkasta rafsegulbylgjum)




Mynd 2

STAÐSETNING LOFTNETS MEÐ TILLITI TIL DRÁTTARVÉLAR



Séð framan frá

Tvískauta loftnet í stöðu til að mæla lóðrétta geislun



Séð ofan frá P

Tvískauta loftnet í stöðu til að mæla lárétta geislun*

VII. VIÐAUKI

AÐFERÐ TIL AÐ MÆLA ÞRÖNGBANDSRAFSEGULGEISLUN FRÁ ÖKUTÆKJUM

1. ALMENNT

1.1. Prófunaraðferðin sem er lýst í þessum viðauka gildir aðeins fyrir ökutæki.

1.2. *Mælitæki*

Mælitæki skulu vera í samræmi við kröfurnar í riti Alþjóðafastanefndarinnar um rafsegultruflanir (CISPR) nr. 16-1 frá 1993.

Nota ber meðalgildis- eða toppgildisnema til að mæla þröngbandsrafsegulgeislun sem um getur í viðaukanum.

1.3. *Prófunaraðferð*

1.3.1. Með þessari prófun er unnt að mæla þröngbandsgeislun eins og þá sem getur stafað frá kerfum sem byggja á örgjörvum eða frá öðrum þröngbandsgeislagjöfum.

1.3.2. Í upphafi ber að mæla geislun á FM-tíðnisviði (88 til 108 MHz) við útvarpsloftnet ökutækisins með tækjabúnaði sem er lýst í lið 1.2. Ef niðurstaða mælingar fer ekki yfir mörkin sem eru tilgreind í lið 6.3.2.4 í I. viðauka ber að líta svo á að ökutækið fullnægi kröfum þessa viðauka með tilliti til fyrrnefnds tíðnisviðs og ekki er þörf á að framkvæma fullkomna mælingu.

1.3.3. Þegar um fullkomna mælingu er að ræða er unnt að velja tvenns konar fjarlægð milli loftnets og ökutækis: tíu eða þrjá metra. Í báðum tilvikum ber að fullnægja kröfunum í 3. lið í þessum viðauka.

2. FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Gefa skal niðurstöður mælinga til kynna í dB míkróvoltum/m (míkróvoltum/m).

3. MÆLISTAÐUR

3.1. Prófun skal fara fram á láréttu svæði þar sem hvorki eru til staðar hindranir né fletir sem endurkasta rafsegulbylgjum innan minnst 30 m radíusar sem er mældur frá punkti sem er miðja vegu milli ökutækis og loftnets (sjá mynd 1 í 1. viðbæti við VI. viðauka).

3.2. Heimilt er að mælibúnaður, prófunarklefi eða ökutæki þar sem mælibúnaði er komið fyrir sé á prófunarstað, en aðeins á leyfilegu svæði sem er sýnt á mynd 1 í 1. viðbæti við VI. viðauka.

Heimilt er að önnur mæliloftnet séu inni á prófunarsvæðinu í a.m.k. 10 m fjarlægð frá bæði móttökuloftneti og ökutæki sem verið er að prófa, að því tilskildu að unnt sé að sýna fram á að það hafi ekki áhrif á niðurstöður prófana.

3.3. Heimilt er að nota lokaða prófunarstöð ef unnt er að sýna fram á að gagnkvæmt samband sé á milli hennar og prófunarstaðar sem er utandyra. Lokuð prófunarstöð þarf ekki að fullnægja öðrum mælikröfum sem koma fram á mynd 1 í 1. viðbæti við VI. viðauka en kröfum um fjarlægð milli ökutækis og loftnets og um hæð loftnets. Þá þarf ekki að ganga úr skugga um geislun í umhverfi fyrir og eftir prófun með tilliti til fyrrnefnds búnaðar eins og kemur fram í lið 3.4 í þessum viðauka.

3.4. *Umhverfi*

Til að tryggja að ekki sé um framandi suð eða merki að ræða af styrkleika sem getur haft áhrif á mælingarnar skal mæla fyrir og eftir aðalprófunina. Nauðsynlegt er að tryggja að geislun frá ökutækinu hafi ekki marktæk áhrif á umhverfismælingar, til dæmis með því að fjarlægja ökutækið af prófunarsvæðinu, fjarlægja kveikjulykil eða aftengja rafgeymi. Báðar mælingar skulu gefa til kynna að framandi suð eða merki séu a.m.k. 10 dB fyrir neðan viðmiðunarmörkin í lið 6.3.2.1 eða 6.3.2.2 (eftir því sem við á) í I. viðauka fyrir utan leyfilegar þröngbands-umhverfisútsendingar.

4. ÁSTAND ÖKUTÆKIS MEÐAN Á PRÓFUN STENDUR

4.1. Rafeindakerfi ökutækisins skulu vera í sama ástandi og við venjulega notkun og ökutækið skal vera kyrrstætt.

4.2. Straumur skal vera á rafkerfi. Hreyfill skal ekki vera í gangi.

4.3. Mælingar skulu ekki fara fram meðan regn eða önnur úrkoma fellur á ökutækið eða innan 10 mínútna eftir að styttir upp.

5. GERÐ LOFTNETS, STAÐSETNING OG STEFNA

5.1. *Gerð loftnets*

Heimilt er að nota öll loftnet sem unnt er að stilla eins og viðmiðunarloftnet. Heimilt er að nota aðferð til að kvarða loftnetið sem er lýst í viðbæti A í 3. útgáfu rits Alþjóðafastanefndarinnar um rafsegultruflanir (CISPR) nr. 12.

5.2. *Mælihæð og -fjarlægð*

5.2.1. Hæð

5.2.1.1. Prófun í 10 m fjarlægð

Fasamiðpunktur loftnetsins skal vera 3,00 ± 0,05 m fyrir ofan flötinn sem ökutækið stendur á.

5.2.1.2. Prófun í 3 m fjarlægð

Fasamiðpunktur loftnetsins skal vera 1,80 ± 0,05 m fyrir ofan flötinn sem ökutækið stendur á.

5.2.1.3. Enginn af móttökuhlutum loftnetsins skal vera nær fletinum sem ökutækið stendur á en 0,25 m.

5.2.2. Mælifjarlægð

5.2.2.1. Prófun í 10 m fjarlægð

Lárétt fjarlægð milli loftnetsendans eða annars viðeigandi punkts þess, sem er ákveðinn þegar stilling sem er lýst í lið 5.1 fer fram, og ytra yfirborðs ökutækisins skal vera 10,0 ± 0,2 m.

5.2.2.2. Prófun í 3 m fjarlægð

Lárétt fjarlægð milli loftnetsendans eða annars viðeigandi punkts þess, sem er ákveðinn þegar stilling sem er lýst í lið 5.1 fer fram, og ytra yfirborðs ökutækisins skal vera 3,00 ± 0,05 m.

5.2.2.3. Fari prófun fram í lokaðri stöð sem er varin gegn rafsegulgeislun með hátíðni skulu móttökuhlutar loftnetsins ekki vera nær efni af hvaða gerð sem er sem sogar í sig hátíðnibylgjur en 1,0 m og ekki nær vegg hinnar lokuðu stöðvar en 1,5 m. Ekkert íseygt efni skal vera milli móttökuloftnetsins og ökutækisins sem verið er að prófa.

5.3. *Staðsetning loftnets með tilliti til ökutækis*

Staðsetja ber loftnetið fyrst vinstra megin og síðan hægra megin við ökutækið samsíða samhverfuplani þess og í beinni línu við miðpunkt hreyfilsins (sjá mynd 2 í 1. viðbæti við VI. viðauka).

5.4. *Stefna loftnets*

Mæla ber á öllum mælistöðum bæði með loftnetið í láréttri og lóðréttri skautun (sjá mynd 2 í 1. viðbæti við VI. viðauka).

5.5. *Álestur*

Líta ber á hæsta álestrargildi af fjórum samkvæmt liðum 5.3 og 5.4 fyrir hverja og eina tíðni sem einkennandi gildi fyrir viðkomandi tíðni.

6. TÍÐNI

6.1. *Mælingar*

Mæla ber á öllu tíðnisviðinu 30 til 1000 MHz. Deila ber þessu tíðnisviði í 13 hluta. Heimilt er að prófa einn stað á hverjum hluta tíðnisviðs til að sýna fram á að tilskilin mörk séu virt. Til að staðfesta að ökutækið uppfylli kröfurnar í þessum viðauka skal prófunaryfirvaldið prófa á einum slíkum stað á öllum 13 eftirfarandi hlutum tíðnisviðsins:

30 til 50, 50 til 75, 75 til 100, 100 til 130, 130 til 165, 165 til 200, 200 til 250, 250 til 320, 320 til 400, 400 til 520, 520 til 660, 660 til 820, 820 til 1000 MHz.

Sé farið út fyrir tilsett mörk meðan á prófun stendur skal ganga úr skugga um að ökutækið valdi því en ekki geislun frá umhverfi

VIII. VIÐAUKI

AÐFERÐ TIL AÐ PRÓFA RAFSEGULÓNÆMI ÖKUTÆKJA

1. ALMENNT

1.1. Prófunaraðferðin sem er lýst í þessum viðauka gildir aðeins fyrir ökutæki.

1.2. *Prófunaraðferð*

Prófun fer fram í þeim tilgangi að sýna fram á að ökutækið sé ónæmt fyrir neikvæðum áhrifum á beina stjórn þess. Prófa skal ökutækið í því rafsegulsviði sem er lýst í þessum viðauka. Vakta skal ökutækið meðan á prófununum stendur.

2. FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Gefa skal niðurstöður mælinga á sviðsstyrk til kynna í voltum/m að því er varðar prófanir sem er lýst í þessum viðauka.

3. MÆLISTAÐUR

Í prófunarstöðinni skal vera unnt að ná fram sviðsstyrk á þeim tíðnisviðum sem eru skilgreind í þessum viðauka. Prófunarstöðin skal vera í samræmi við gildandi (innlend) lagaákvæði um útgeislun rafsegulmerkja.

Þess skal gætt að útgeislunarsvið hafi ekki áhrif á stjórn- og eftirlitsbúnað með þeim hætti að prófanir verði ómarktækar.

4. ÁSTAND ÖKUTÆKIS MEÐAN Á PRÓFUN STENDUR

4.1. Ökutækið skal vera óhlaðið að nauðsynlegum prófunartækjum undanskildum.

4.1.1. Hreyfillinn skal venjulega snúa drifhjólum á föstum hraða sem samsvarar þremur fjórðu hlutum af hámarkshraða ökutækisins nema framleiðandi hafi tæknilega ástæðu til að ákveða annan hraða. Hreyfill ökutækisins verður að vera beittur hæfilegu snúningsátaki. Ef þörf krefur má aftengja drifsköft (til dæmis þegar um er að ræða ökutæki með fleiri en tveimur ásum) að því tilskildu að þau knýi ekki einingar sem valda truflunum.

4.1.2. Aðalljósker skulu stillt á lággeisla.

4.1.3. Kveikt skal vera á vinstra eða hægra stefnuljósi.

4.1.4. Öll önnur kerfi sem hafa áhrif á stjórn ökumanns á ökutækinu skulu vera (í gangi) eins og þegar ökutækið gengur eðlilega.

4.1.5. Engar rafmagnstengingar skulu vera milli ökutækisins og prófunarsvæðisins eða tækjabúnaðar af hvaða gerð sem er nema þess sé krafist samkvæmt liðum 4.1.1 eða 4.2. Snerting hjólbarða við jörð innan prófunarsvæðis telst ekki vera rafmagnstenging.

4.2. Ef um er að ræða rafmagns- eða rafeindakerfi sem eru þáttur í beinni stjórn ökutækisins en virka ekki við þau skilyrði sem er lýst í lið 4.1 er framleiðanda heimilt að leggja fyrir prófunaryfirvöld skýrslu eða viðbótargögn sem staðfesta að viðkomandi rafmagns- eða rafeindakerfi séu í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar. Slík gögn skal varðveita með gerðarviðurkenningargögnum.

4.3. Aðeins skal nota tæki sem ekki valda truflunum þegar prófun ökutækis fer fram. Fylgjast skal með ytra borði ökutækisins og farþegarými þess til þess að ganga úr skugga um hvort ákvæðum þessa viðauka sé fylgt (til dæmis með því að beita myndupptökuvél eða -vélum).

4.4. Við venjulegar aðstæður skal framenda ökutækisins beint að föstu loftneti. Ef vel flestar rafeindastýrieiningar og tilheyrandi leiðslur eru aftur í ökutækinu skal prófun þó fara fram við venjulegar aðstæður með framenda þess beint frá loftnetinu. Ef um er að ræða löng ökutæki (nánar tiltekið önnur en fólksbifreiðar og léttar sendibifreiðar), þar sem vel flestar rafeindastýrieiningar og tilheyrandi leiðslur eru í ökutækinu miðju, er heimilt að ákveða viðmiðunarpunkt (sjá lið 5.4) annaðhvort hægra eða vinstra megin við ökutækið. Viðmiðunarpunkturinn skal vera annaðhvort í miðju ökutækisins á langveginn eða á öðrum stað við hlið þess sem framleiðandi og viðkomandi lögbært yfirvald ákveða í sameiningu eftir að hafa kannað staðsetningu rafeindakerfa og leiðslna.

Slíkar prófanir skulu aðeins fara fram ef efnisleg bygging klefans leyfir það. Greina ber frá staðsetningu loftnetsins í prófunarskýrslu.

5. GERÐ, STAÐSETNING OG STEFNA SVÐSMYNDUNARBÚNAÐAR

5.1. *Gerð sviðsmyndunarbúnaðar*

5.1.1. Velja ber sviðsmyndunarbúnað með tilliti til þess að unnt sé að mynda með honum þann sviðsstyrk sem er óskað eftir á viðmiðunarpunktinum (sjá lið 5.4) á viðeigandi tíðni.

5.1.2. Sviðsmyndunarbúnaður getur annaðhvort verið loftnet eða flutningslínukerfi (TLS).

5.1.3. Sviðsmyndunarbúnaður skal gerður og honum beint þannig að það svið sem myndast sé skautað annaðhvort í lóðrétta eða lárétta stefnu á tíðnisviðinu 20 til 1000 MHz.

5.2. *Mælihæð og -fjarlægð*

5.2.1. Hæð

5.2.1.1. Fasamiðpunktur loftnets skal vera a.m.k. 1,5 m fyrir ofan flötinn sem ökutækið stendur á eða a.m.k. 2,0 m fyrir ofan flötinn sem ökutækið stendur á ef þakhæð ökutækisins er yfir 3 m.

5.2.1.2. Enginn af útgeislunarhlutum loftnetsins skal vera nær fletinum sem ökutækið stendur á en 0,25 m.

5.2.2. Mælifjarlægð

5.2.2.1. Mestu líkindum við eðlilega notkun er náð með því að staðsetja sviðsmyndunarbúnaðinn eins langt frá ökutækinu og frekast er unnt. Dæmigerð fjarlægð í þessu tilliti er einn til fimm metrar.

5.2.2.2. Fari prófun fram í lokaðri stöð skulu útgeislunarhlutar sviðsmyndunarbúnaðarins ekki vera nær efni af hvaða gerð sem er sem sogar í sig útvarpsbylgjur en 1,0 m og ekki nær vegg hinnar lokuðu stöðvar en 1,5 m. Ekkert íseygt efni skal vera milli móttökuloftnetsins og ökutækisins sem verið er að prófa.

5.3. *Staðsetning loftnets með tilliti til ökutækis*

5.3.1. Útgeislunarhlutar sviðsmyndunarbúnaðarins skulu ekki vera nær ytra borði ökutækisins en 0,5 m.

5.3.2. Staðsetja ber sviðsmyndunarbúnaðinn á miðlínu ökutækisins (samhverfuplani).

5.3.3. Enginn hluti flutningslínu, að undanskildum fletinum sem ökutækið stendur á, skal vera nær hvaða hluta ökutækisins sem er en 0,5 m.

5.3.4. Sviðsmyndunarbúnaður sem er staðsettur yfir ökutækinu skal vera yfir miðju þess og þekja a.m.k. 75% af lengd þess.

5.4. *Viðmiðunarpunktur*

5.4.1. Í viðauka þessum er viðmiðunarpunktur sá punktur þar sem sviðsstyrkur er ákveðinn og er hann skilgreindur á eftirfarandi hátt:

5.4.1.1. a.m.k. tvo metra lárétt frá fasamiðju loftnetsins eða a.m.k einn metra lóðrétt frá útgeislunarhlutum flutningslínu,

5.4.1.2. á miðlínu ökutækisins (samhverfuplani),

5.4.1.3. í 1,0 ± 0,05 m hæð yfir fletinum sem ökutækið stendur á eða 2,0 ± 0,05 m ef lágmarksþakhæð einhvers ökutækis af sömu tegund fer yfir 3,0 m,

5.4.1.4. fyrir lýsingu að framan, annaðhvort:

– 1,0 ± 0,2 m inni í ökutækinu mælt frá skurðpunkti framrúðu þess og vélarhlífar (punktur C í 1. viðbæti) eða

– 0,2 ± 0,2 m frá miðlínu framáss dráttarvélarinnar mælt í átt að miðju hennar (punktur D í 2. viðbæti),

hvort gildið sem færir viðmiðunarpunktinn nær loftnetinu,

5.4.1.5. fyrir lýsingu að aftan, annaðhvort:

– 1,0 ± 0,2 m inni í ökutækinu mælt frá skurðpunkti framrúðu þess og vélarhlífar (punktur C í 1. viðbæti) eða

– 0,2 ± 0,2 m frá miðlínu afturáss dráttarvélarinnar mælt í átt að miðju hennar (punktur D í 2. viðbæti),

hvort gildið sem færir viðmiðunarpunktinn nær loftnetinu.

5.5. Ef ákvörðun er tekin um að geisla afturhluta ökutækisins ber að ákvarða viðmiðunarpunkt með sama hætti og í lið 5.4. Framhluta ökutækisins er því næst beint frá loftnetinu eins og ökutækinu hafi verið snúið 180 gráður um miðpunkt sinn, nánar tiltekið þannig að fjarlægðin milli loftnetsins og þess ytri hluta yfirbyggingar ökutækisins sem næstur er haldist óbreytt. Sjá skýringamynd í 3. viðbæti.

6. PRÓFUNARKRÖFUR

6.1. *Tíðnisvið, viðstöðutími, skautun*

Ökutækið skal verða fyrir rafsegulgeislun á tíðnisviðinu 20 til 1000 MHz.

6.1.1. Til að staðfesta að ökutækið uppfylli kröfurnar í þessum viðauka ber að prófa ökutækið á allt að 14 stöðum á fyrrnefndu tíðnisviði, t.d.:

27, 45, 65, 90, 120, 150, 190, 230, 280, 380, 450, 600, 750 og 900 MHz.

Taka ber tillit til svartíma þess búnaðar sem verið er að prófa og skal viðstöðutími vera nægur til þess að búnaðurinn geti svarað við eðlileg skilyrði. Tíminn skal aldrei vera styttri en tvær sekúndur.

6.1.2. Nota ber einn skautunarmáta fyrir hverja tíðni, samanber lið 5.1.3.

6.1.3. Allir aðrir prófunarþættir skulu vera í samræmi við skilgreiningar þessa viðauka.

6.1.4. Standist ökutæki ekki prófunina sem um getur í lið 6.1.1 skal sannreyna að það hafi hent við eðlileg prófunarskilyrði en ekki af völdum sviða sem ekki verður stjórnað.

7. MYNDUN RÉTTS SVIÐSSTYRKS

7.1. *Prófunaraðferð*

7.1.1. Beita ber svonefndri „skiptiaðferð“ til að mynda rétt prófunarsvið.

7.1.2. Kvörðunaráfangi

Veita ber afli inn í sviðsmyndunarbúnaðinn við hvert það tíðnisvið sem óskað er eftir til þess að mynda æskilegan sviðsstyrk á viðmiðunarpunktinum (samanber skilgreiningu í 5. lið) á prófunarsvæðinu þegar ökutækið er ekki til staðar og skal mæla og skrá þetta áhrifasvið eða aðra færibreytu sem er í beinum tengslum við sviðsstyrkinn. Prófunartíðnin skal vera á bilinu 20 til 1000 MHz. Hefja ber kvörðun við 20 MHz og hækka sig um mest 2% milli skrefa uns 1000 MHz er náð. Nota ber þessar niðurstöður við gerðarviðurkenningarprófanir nema að breytingar verði á stöðinni eða tækjum þannig að nauðsynlegt verði að endurtaka ferlið.

7.1.3. Prófunaráfangi

Þá skal færa ökutækið inn á prófunarsstöðina og staðsetja það í samræmi við ákvæði 5. liðar. Sviðsmyndunarbúnaðurinn er síðan stilltur til að virka á því áhrifasviði sem um getur í lið 7.1.2 fyrir hvern þann stað á tíðnisviðinu sem um getur í lið 6.1.1.

7.1.4. Óháð því hvaða mæliþáttur var valinn til að ákvarða það svið sem krafist er samkvæmt lið 7.1.2 ber að nota sama mæliþátt til að ákvarða æskilegan sviðsstyrk meðan prófun stendur yfir.

7.1.5. Þegar prófun fer fram skal nota eins sviðsmyndunarbúnað og staðsetningu og forskriftirnar sem fylgja aðgerðunum í lið 7.1.2 mæla fyrir um.

7.1.6. Sviðsstyrksmælir

Nota ber viðeigandi sviðsstyrksmæli til að ákvarða sviðsstyrk meðan kvörðunaráfangi skiptiaðferðarinnar varir.

7.1.7. Meðan kvörðunaráfangi skiptiaðferðarinnar varir ber að staðsetja fasamiðju sviðsstyrksmælisins í viðmiðunarpunktinum.

7.1.8. Ef kvarðað móttökuloftnet er notað fyrir sviðsstyrksmæli ber að lesa af í þrjár áttir sem eru hornréttar innbyrðis og líta ber á einsátta jafngildi aflestranna sem þann sviðsstyrk sem um ræðir.

7.1.9. Til þess að unnt sé að taka tillit til mismunandi rúmfræðilegrar lögunar ökutækja kann að vera nauðsynlegt að ákvarða fleiri en eina loftnetsstöðu eða viðmiðunarpunkt fyrir tiltekna prófunarstöð.

7.2. *Fyrirmörk sviðsstyrks*

7.2.1. Meðan kvörðunaráfangi skiptiaðferðarinnar varir (áður en ökutækið er fært inn á prófunarsvæðið) skal sviðsstyrkur í a.m.k. 80% kvörðunarþrepa ekki vera undir 50% af nafnsviðsstyrk á eftirfarandi stöðum:

a) að því er varðar allan sviðsmyndunarbúnað, 0,5 ± 0,05 m beggja vegna viðmiðunarpunktsins á línu sem sker punktinn hornrétt á samhverfuplan ökutækisins og í sömu hæð og viðmiðunarpunkturinn,

b) að því er varðar flutningslínur, 1,50 ± 0,05 m á línu sem sker viðmiðunarpunktinn í sömu hæð og hann og eftir lengdarási ökutækisins.

7.3. *Meðsveiflunarskilyrði klefans*

Þrátt fyrir þau skilyrði sem eru sett fram í lið 7.2.1 skulu prófanir ekki fara fram á meðsveiflunartíðnisviðum klefans.

7.4. *Einkenni prófunarmerkisins sem mynda á*

7.4.1. Mesta frávik kúrvunnar

Mesta frávik prófunarmerkisins skal jafngilda fráviki ómótaðrar sínusbylgju með kvaðratmeðaltalsrót í voltum/m eins og skilgreint er í lið 6.4.2 í I. viðauka (sjá 3. viðbæti við þennan viðauka).

7.4.2. Bylgjulögun prófunarmerkis


Prófunarmerkið skal vera sínusbylgja með hátíðni, víddarmótuð með 1 kHz sínusbylgju með mótunardýpt m sem er $0,8 \pm 0,04$.

7.4.3. Mótunardýpt


Mótunardýpt m er skilgreind þannig:

m = (mesta frávik kúrvunnar – minnsta frávik kúrvunnar)/(mesta frávik kúrvunnar + minnsta frávik kúrvunnar)

1. viðbætir



1,0 ± 0,2 m
Viðmiðunarpunkturinn er í öðrum hvorum þessara flata (sbr. lið 5.4.1.4)
C-punktur
Skurðpunktur framrúðu ökutækis og vélarhlífar eða þar sem þessum hlutum verður komið fyrir á fullbúnu ökutæki
D-punktur
0,2 ± 0,2 m

2. viðbætir


Viðmiðunarpunkturinn er í öðrum hvorum þessara flata (sbr. lið 5.4.1.5)
0,20 ± 0,2 m
Skurðpunktur framrúðu ökutækis og vélarhlífar eða þar sem þessum hlutum verður komið fyrir á fullbúinni dráttarvél: C-punktur
D-punktur Afturás
1,0 ± 0,2 m

3. viðbætir

Einkenni prófunarmerkisins sem mynda á



Ómótuð sínusbylgja með kvaðratmeðaltalsrót eins og skilgreint er í lið 6.4.2 í I. viðauka	Prófunarmerki 80%, sínusbylgja víddarmótuð: mesta frávik kúrvunnar skal jafngilda mesta fráviki ómótaðrar sínusbylgju með kvaðratmeðaltalsrót eins og skilgreint er í lið 6.4.2 í I. viðauka

IX. VIÐAUKI

AÐFERÐ TIL AÐ MÆLA BREIÐBANDSRAFSEGULGEISLUN FRÁ RAFMAGNS- EÐA RAFEINDAUNDIREININGUM

1. ALMENNT

1.1. Prófunaraðferðin sem er lýst í þessum viðauka gildir fyrir rafmagns- eða rafeindaundireiningar sem heimilt er síðar að festa á ökutæki sem eru í samræmi við ákvæði VI. viðauka.

1.2. *Mælitæki*

Mælitæki skulu vera í samræmi við kröfurnar í riti Alþjóðafastanefndarinnar um rafsegultruflanir (CISPR) nr. 16-1 frá 1993.

Nota skal toppígildisnema til að mæla breiðbandsrafsegulgeislun sem um getur í þessum viðauka eða, ef toppgildisnemi er notaður, nauðsynlegan leiðréttingarstuðul eftir því hver púlstíðni truflananna er.

1.3. *Prófunaraðferð*

Þessi prófun er ætluð til að mæla breiðbandsrafsegulgeislun frá rafmagns- eða rafeindaundireiningum.

2. FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Gefa skal niðurstöður mælinga til kynna í dB míkróvoltum/m (míkróvoltum/m) fyrir 120 kHz bandbreidd. Ef raunveruleg bandbreidd mælitækisins B (gefin upp í kHz) víkur frá 120 kHz skal breyta álestri í míkróvoltum/m í 120 kHz bandbreidd með margföldun með stuðlinum 120/B.

3. MÆLISTAÐUR

3.1. Prófunarstaður skal vera í samræmi við kröfurnar í riti Alþjóðafastanefndarinnar um rafsegultruflanir (CISPR) nr. 16-1 frá 1993 (sjá I. viðbæti).

3.2. Staðsetja skal mælibúnað, prófunarklefa eða ökutæki þar sem mælibúnaði er komið fyrir utan þeirra marka sem eru sýnd í 1. viðbæti.

3.3. Heimilt er að nota lokaða prófunarstöð ef unnt er að sýna fram á að gagnkvæmt samband sé á milli hennar og viðurkennds prófunarstaðar sem er utandyra. Lokuð prófunarstöð þarf ekki að fullnægja öðrum mælikröfum sem koma fram í 1. viðbæti en kröfum um fjarlægð milli rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa og loftnets og um hæð loftnets (sjá mynd 1 og 2 í 2. viðbæti).

3.4. *Umhverfi*

Til að tryggja að ekki sé um framandi suð eða merki að ræða af styrkleika sem getur haft áhrif á mælingarnar skal mæla fyrir og eftir aðalprófunina. Báðar mælingar skulu gefa til kynna að framandi suð eða merki séu a.m.k. 10 dB fyrir neðan viðmiðunarmörkin í lið 6.5.2.1 í I. viðauka fyrir utan leyfilegar þröngbandsumhverfisútsendingar.

4. ÁSTAND RAFMAGNS- EÐA RAFEINDAUNDIREININGAR MEÐAN Á PRÓFUNUM STENDUR

4.1. Rafmagns- eða rafeindaundireiningin sem verið er að prófa skal vera eðlilega starfandi.

4.2. Mælingar skulu ekki fara fram meðan regn eða önnur úrkoma fellur á rafmagns- eða rafeindaundireininguna sem verið er að prófa eða innan 10 mínútna eftir að styttir upp.

4.3. *Prófunaruppsetning*

4.3.1. Rafmagns- eða rafeindaundireiningunni, sem verið er að prófa og tilheyrandi leiðslum, er komið fyrir 50 ± 5 mm ofan við tréborð eða borð úr áþekku efni sem leiðir ekki. Ef gert er hins vegar ráð fyrir raftengingu einhvers hluta rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa við málmyfirbyggingu ökutækisins skal sá hluti hvíla á jarðtengdri plötu og vera raftengdur við hana. Jarðtengda platan skal vera a.m.k. 0,5 mm þykk málmþynna. Lágmarksstærð jarðtengdu plötunnar fer eftir stærð rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa en hlutar hennar og vírar verða að rýmast á henni. Jarðtengda platan skal vera tengd við varnarleiðslur jarðsambandsins. Staðsetja skal jarðtengdu plötuna í 1,0 ± 0,1 m hæð yfir undirlagi prófunarstöðvarinnar og samhliða henni.

4.3.2. Koma skal rafmagns- eða rafeindaundireiningunni sem verið er að prófa fyrir og tengja hana eins og til er ætlast. Leiðslur frá aflgjafa skulu liggja meðfram og innan við 100 mm frá þeim jaðri jarðtengdu plötunnar/borðsins sem er næst loftnetinu.

4.3.3. Tengja skal rafmagns- eða rafeindaundireininguna sem verið er að prófa við jarðsamband samkvæmt uppsetningarforskrift framleiðanda og eru engar viðbótartengingar við jörð heimilaðar.

4.3.4. Minnsta fjarlægð rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa frá öllum öðrum rafmagnsleiðurum, t.d. veggjum skermaðs svæðis (að undanskilinni jarðtengdu plötunni/borðinu sem prófunarhluturinn hvílir á), skal vera 1,0 m.

4.4. Rafmagns- eða rafeindaundireiningunni sem verið er að prófa skal séð fyrir rafstraumi frá 5µ H/50 Ω gervinetkerfi (AN) sem skal vera raftengt jarðtengdu plötunni. Rafspennu frá aflgjafa skal haldið innan ± 10% af nafnrekstrarspennu einingarinnar. Gáruspenna skal vera minni en 1,5% af nafnrekstrarspennu einingarinnar mæld í vöktunartengi gervinetsins.

4.5. Ef rafmagns- eða rafeindaundireiningin sem verið er að prófa er samsett úr fleiri en einum hluta skal tengja hlutana saman með sömu leiðslum og fyrirhugað er að nota í ökutækinu. Ef slíkar leiðslur eru ekki fyrir hendi skal fjarlægðin milli rafeindastýrieiningar og gervinetkerfis vera 1500 ± 75 mm.

Ganga skal frá öllum leiðsluendum á eins raunhæfan hátt og frekast er unnt og tengja, ef við verður komið, við raunverulegt álag og gangsetningarbúnað.

Ef utanaðkomandi búnaður er nauðsynlegur til að starfrækja rafmagns- eða rafeindaundireininguna, sem verið er að prófa, á réttan hátt skal leiðrétting fara fram með tilliti til þess þáttar sem hann á í mældri útgeislun.

5. GERÐ LOFTNETS, STAÐSETNING OG STEFNA

5.1. *Gerð loftnets*

Heimilt er að nota öll línulega skautuð loftnet sem unnt er að stilla eins og viðmiðunarloftnet.

5.2. *Mælihæð og -fjarlægð*

5.2.1. Hæð

Fasamiðpunktur loftnetsins skal vera 150 ± 10 mm fyrir ofan jarðtengdu plötuna.

5.2.2. Mælifjarlægð

Lárétt fjarlægð milli fasamiðju loftnetsins eða enda þess og jaðars jarðtengdu plötunnar skal vera 1,00 ± 0,05 m. Enginn hluti loftnetsins skal vera nær jarðtengdu plötunni en 0,5 m.

Staðsetja skal loftnetið samsíða plani sem er hornrétt á jarðtengdu plötuna og gengur í gegnum þann jaðar hennar sem flestar leiðslur liggja meðfram.

5.2.3. Fari prófun fram í lokaðri stöð sem er varin gegn rafsegulgeislun með hátíðni skulu móttökuhlutar loftnetsins ekki vera nær efni af hvaða gerð sem er sem sogar í sig hátíðnibylgjur en 0,5 m og ekki nær vegg hinnar lokuðu stöðvar en 1,5 m. Ekkert íseygt efni skal vera milli móttökuloftnetsins og rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa.

5.3. *Stefna loftnets og skautun*

Mæla ber á öllum mælistöðum bæði með loftnetið í lóðréttri og láréttri skautun.

5.4. *Álestur*

Líta ber á hærra álestrargildi af tveimur (samkvæmt lið 5.3) fyrir hverja og eina tíðni sem einkennandi gildi fyrir viðkomandi tíðni.

6. TÍÐNI

6.1. *Mælingar*

Mæla ber á öllu tíðnisviðinu 30 til 1000 MHz. Taldar eru miklar líkur á að rafmagns- eða rafeindaundireining fullnægi kröfum á öllu tíðnisviðinu geri hún það á eftirtöldum 13 stöðum á tíðnisviðinu: 45, 65, 90, 120, 150, 190, 230, 280, 380, 450, 600, 750 og 900 MHz.

Sé farið út fyrir tilsett mörk meðan á prófun stendur skal ganga úr skugga um að rafmagns- eða rafeindaundireiningin valdi því en ekki geislun frá umhverfi.

6.1.1. Mörkin gilda á öllu tíðnisviðinu 30 til 1000 MHz.

6.1.2. Heimilt er að mæla annaðhvort með toppígildis- eða toppgildisnema. Uppgefin mörk í liðum 6.2 og 6.5 í I. viðauka eru fyrir toppígildismælingu. Ef um toppmælingu er að ræða ber að bæta við 38 dB fyrir 1 MHz bandbreidd eða draga frá 22 dB fyrir 1 kHz bandbreidd.

6.2. Vikmörk


Stök tíðni (MHz)	Vikmörk (MHz)
45, 65, 90, 120, 150, 190 og 230	±5
280, 380, 450, 600, 750 og 900	±20

Vikmörkin fyrir þá tíðni sem um getur hér að framan þjóna þeim tilgangi að komast hjá truflunum frá útsendingum á eða nálægt einstakri nafntíðni meðan á mælingu stendur.

1. viðbætir

Útmörk svæðis þar sem prófun rafmagns- eða rafeindaundireiningar fer fram


Slétt opið svæði þar sem hvorki eru til staðar hindranir né fletir sem endurkasta rafsegulbylgjum



2. viðbætir


Mynd 1

Útfærsla prófunar á rafsegulgeislun frá rafmagns- eða rafeindaundireiningum (almenn yfirlitsmynd)



Mynd 2

Rafsegulgeislun frá rafmagns- eða rafeindaundireiningum — langsnið af samhverfuplani prófunarbekks



X. VIÐAUKI

AÐFERÐ TIL AÐ MÆLA ÞRÖNGBANDSRAFSEGULGEISLUN FRÁ RAFMAGNS- EÐA RAFEINDAUNDIREININGUM

1. ALMENNT

1.1. Prófunaraðferðin sem er lýst í þessum viðauka gildir fyrir rafmagns- eða rafeindaundireiningar.

1.2. *Mælitæki*

Mælitæki skulu vera í samræmi við kröfurnar í riti Alþjóðafastanefndarinnar um rafsegultruflanir (CISPR) nr. 16-1 frá 1993.

Nota ber meðalgildis- eða toppgildisnema til að mæla þröngbandsrafsegulgeislun sem um getur í viðaukanum.

1.3. *Prófunaraðferð*

1.3.1. Þessi prófun er ætluð til að mæla þröngbandsgeislun eins og þá sem getur stafað frá kerfum sem byggja á örgjörvum.

1.3.2. Í upphafi (fyrstu tvær til þrjár mínúturnar) er heimilt, eftir að skautun loftnets hefur verið valin, að fara í gegnum tíðnisviðið sem um getur í lið 6.1 með rófgreini til þess að finna og/eða staðsetja hámarksútgeislun. Þetta kann að hjálpa til við að velja þau tíðnisvið sem prófun skal fara fram á (sjá 6. lið).

2. FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Gefa skal niðurstöður mælinga til kynna í dB míkróvoltum/m (míkróvoltum/m).

3. MÆLISTAÐUR

3.1. Prófunarstaður skal vera í samræmi við kröfurnar í riti Alþjóðafastanefndarinnar um rafsegultruflanir (CISPR) nr. 16-1 frá 1993 (sjá I. viðbæti við IX. viðauka).

3.2. Staðsetja skal mælibúnað, prófunarklefa eða ökutæki þar sem mælibúnaði er komið fyrir utan þeirra marka sem eru sýnd í 1. viðbæti við IX. viðauka.

3.3. Heimilt er að nota lokaða prófunarstöð ef unnt er að sýna fram á að gagnkvæmt samband sé á milli hennar og prófunarstaðar sem er utandyra. Lokuð prófunarstöð þarf ekki að fullnægja öðrum mælikröfum sem koma fram 1. viðbæti við IX. viðauka en kröfum um fjarlægð milli rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa og um hæð loftnets (sjá mynd 1 og 2 í 2. viðbæti við IX. viðauka).

3.4. *Umhverfi*

Til að tryggja að ekki sé um framandi suð eða merki að ræða af styrkleika sem getur haft áhrif á mælingarnar skal mæla fyrir og eftir aðalprófunina. Báðar mælingar skulu gefa til kynna að framandi suð eða merki séu a.m.k. 10 dB fyrir neðan viðmiðunarmörkin í lið 6.6.2.1 í I. viðauka fyrir utan leyfilegar þröngbandsumhverfisútsendingar.

4. ÁSTAND RAFMAGNS- EÐA RAFEINDAUNDIREININGAR MEÐAN Á PRÓFUNUM STENDUR

4.1. Rafmagns- eða rafeindaundireiningin sem verið er að prófa skal vera eðlilega starfandi.

4.2. Mælingar skulu ekki fara fram meðan regn eða önnur úrkoma fellur á rafmagns- eða rafeindaundireininguna sem verið er að prófa eða innan 10 mínútna eftir að styttir upp.

4.3. *Prófunaruppsetning*

4.3.1. Rafmagns- eða rafeindaundireiningunni, sem verið er að prófa og tilheyrandi leiðslum, er komið fyrir 50 ± 5 mm ofan við tréborð eða borð úr áþekku efni sem leiðir ekki. Ef gert er hins vegar ráð fyrir raftengingu einhvers hluta rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa við málmyfirbyggingu ökutækisins skal sá hluti hvíla á jarðtengdri plötu og vera raftengdur við hana.

Jarðtengda platan skal vera a.m.k. 0,5 mm þykk málmþynna. Lágmarksstærð jarðtengdu plötunnar fer eftir stærð rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa en hlutar hennar og vírar verða að rýmast á henni. Jarðtengda platan skal vera tengd við varnarleiðslur jarðsambandsins. Staðsetja skal jarðtengdu plötuna í 1,0 ± 0,1 m hæð yfir undirlagi prófunarstöðvarinnar og samhliða henni.

4.3.2. Koma skal rafmagns- eða rafeindaundireiningunni sem verið er að prófa fyrir og tengja hana eins og til er ætlast. Leiðslur frá aflgjafa skulu liggja meðfram og innan við 100 mm frá þeim jaðri jarðtengdu plötunnar/borðsins sem er næst loftnetinu.

4.3.3. Tengja skal rafmagns- eða rafeindaundireininguna sem verið er að prófa við jarðsamband samkvæmt uppsetningarforskrift framleiðanda og eru engar viðbótartengingar við jörð heimilaðar.

4.3.4. Minnsta fjarlægð rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa frá öllum öðrum rafmagnsleiðurum, t.d. veggjum skermaðs svæðis (að undanskilinni jarðtengdu plötunni/borðinu sem prófunarhluturinn hvílir á), skal vera 1,0 m.

4.4. Rafmagns- eða rafeindaundireiningunni sem verið er að prófa skal séð fyrir rafstraumi frá gervinetkerfi (AN) með 5 µ H/50 Ω viðnám sem skal vera raftengt jarðtengdu plötunni. Rafspennu frá aflgjafa skal haldið innan ± 10% af nafnrekstrarspennu einingarinnar. Gáruspenna skal vera minni en 1,5 % af nafnrekstrarspennu einingarinnar mæld í vöktunartengi gervinetsins.

4.5. Ef rafmagns- eða rafeindaundireiningin sem verið er að prófa er samsett úr fleiri en einum hluta skal tengja hlutana saman með sömu leiðslum og fyrirhugað er að nota í ökutækinu. Ef slíkar leiðslur eru ekki fyrir hendi skal fjarlægðin milli rafeindastýrieiningar og gervinetkerfis vera 1500 ± 75 mm. Ganga skal frá öllum leiðsluendum á eins raunhæfan hátt og frekast er unnt og tengja, ef við verður komið, við raunverulegt álag og gangsetningarbúnað. Ef utanaðkomandi búnaður er nauðsynlegur til að starfrækja rafmagns- eða rafeindaundireininguna, sem verið er að prófa, á réttan hátt skal leiðrétting fara fram með tilliti til þess þáttar sem hann á í mældri útgeislun.

5. GERÐ LOFTNETS, STAÐSETNING OG STEFNA

5.1. *Gerð loftnets*

Heimilt er að nota öll línulega skautuð loftnet sem unnt er að stilla eins og viðmiðunarloftnet.

5.2. *Mælihæð og -fjarlægð*

5.2.1. Hæð

Fasamiðpunktur loftnetsins skal vera 150 ± 10 mm fyrir ofan jarðtengdu plötuna.

5.2.2. Mælifjarlægð

Lárétt fjarlægð milli fasamiðju loftnetsins eða enda þess og jaðars jarðtengdu plötunnar skal vera 1,00 ± 0,05 m. Enginn hluti loftnetsins skal vera nær jarðtengdu plötunni en 0,5 m.

Staðsetja skal loftnetið samsíða plani sem er hornrétt á jarðtengdu plötuna og gengur í gegnum þann jaðar hennar sem flestar leiðslur liggja meðfram.

5.2.3. Fari prófun fram í lokaðri stöð sem er varin gegn rafsegulgeislun með hátíðni skulu móttökuhlutar loftnetsins ekki vera nær efni af hvaða gerð sem er sem sogar í sig hátíðnibylgjur en 0,5 m og ekki nær vegg hinnar lokuðu stöðvar en 1,5 m. Ekkert íseygt efni skal vera milli móttökuloftnetsins og rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa.

5.3. *Stefna loftnets og skautun*

Mæla ber á öllum mælistöðum bæði með loftnetið í lóðréttri og láréttri skautun.

5.4. *Álestur*

Líta ber á hærra álestrargildi af tveimur (samkvæmt lið 5.3) fyrir hverja og eina tíðni sem einkennandi gildi fyrir viðkomandi tíðni.

6. TÍÐNI

6.1. *Mælingar*

Mæla ber á öllu tíðnisviðinu 30 til 1000 MHz. Deila ber þessu tíðnisviði í 13 hluta. Heimilt er að prófa einn stað á hverjum hluta tíðnisviðs til að sýna fram á að tilskilin mörk séu virt. Til að staðfesta að rafmagns- eða rafeindaundireiningin sem verið er að prófa fullnægi skilyrðum þessa viðauka skal prófunaryfirvaldið prófa á einum slíkum stað á öllum 13 eftirfarandi hlutum tíðnisviðsins:

30 til 50, 50 til 75, 75 til 100, 100 til 130, 130 til 165, 165 til 200, 200 til 250, 250 til 320, 320 til 400, 400 til 520, 520 til 660, 660 til 820, 820 til 1000 MHz.

Sé farið út fyrir tilsett mörk meðan á prófun stendur skal ganga úr skugga um að rafmagns- eða rafeindaundireiningin valdi því en ekki geislun frá umhverfi.

6.2. Ef í ljós kemur í fyrstu prófun samkvæmt aðferðinni sem er lýst í lið 1.3 að þröngbandsgeislun á öllum þeim sviðum sem um getur í lið 6.1 er a.m.k. 10 dB undir viðmiðunarmörkum skal líta svo á að rafmagns- eða rafeindaundireiningin sé í samræmi við ákvæði þessa viðauka með tilliti til þess tíðnisviðs.

XI. VIÐAUKI

AÐFERÐIR TIL AÐ PRÓFA RAFSEGULÓNÆMI RAFMAGNS- EÐA RAFEINDAUNDIREININGA

1. ALMENNT

1.1. Prófunaraðferðin eða -aðferðirnar sem er lýst í þessum viðauka gildir fyrir rafmagns- eða rafeindaundireiningar.

1.2. Prófunaraðferðir

1.2.1. Rafmagns- eða rafeindaundireiningar skulu fullnægja kröfunum í einni af eftirfarandi mæliaðferðum eða samsetningu þeirra að vali framleiðanda, að því gefnu að allt tíðnisviðið sem um getur í lið 5.1 sé spannað.

– Flatleiðisprófunaraðferðin: sjá 1. viðbæti

– Strauminngjafarprófun: sjá 2. viðbæti

– TEM-hólfprófun: sjá 3. viðbæti

– Prófunaraðferð í opnu sviði: sjá 4. viðbæti

1.2.2. Til þess að komast hjá geislun frá rafsegulsviðum meðan á prófun stendur skal hún ætíð fara fram á skermuðu svæði (TEM-hólfið er skermað svæði).

2. FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Gefa skal niðurstöður mælinga á sviðsstyrk til kynna í voltum/m og á inngefnum straumi í millíamperum að því er varðar prófanir sem er lýst í þessum viðauka.

3. MÆLISTAÐUR

3.1. Í prófunarstöðinni skal vera unnt að ná fram nauðsynlegu merki á þeim tíðnisviðum sem eru skilgreind í þessum viðauka. Prófunarstöðin skal vera í samræmi við gildandi (innlend) lagaákvæði um útgeislun rafsegulmerkja.

3.2. Koma skal prófunarbúnaði fyrir utan klefans.

4. ÁSTAND RAFMAGNS- EÐA RAFEINDAUNDIREININGAR MEÐAN Á PRÓFUNUM STENDUR

4.1. Rafmagns- eða rafeindaundireiningin sem verið er að prófa skal vera eðlilega starfandi. Henni skal komið fyrir eins og tekið er fram í þessum viðauka nema annað komi fram varðandi einstakar prófunaraðferðir.

4.2. Rafmagns- eða rafeindaundireiningunni sem verið er að prófa skal séð fyrir rafstraumi frá (5 µ H/50 Ω) gervinetkerfi sem skal vera raftengt jarðtengdu plötunni. Rafspennu frá aflgjafa skal haldið innan ± 10% af nafnrekstrarspennu einingarinnar. Gáruspenna skal vera minni en 1,5 % af nafnrekstrarspennu einingarinnar mæld í vöktunartengi gervinetsins.

4.3. Meðan kvörðunaráfangi varir skal annar utanaðkomandi búnaður sem er nauðsynlegur til að starfrækja rafmagns- eða rafeindaundireininguna sem verið er að prófa vera á sínum stað. Enginn utanaðkomandi búnaður skal vera nær viðmiðunarpunktinum en 1 m meðan kvörðun fer fram.

4.4. Til að tryggja samanburðarnákvæmar niðurstöður mælinga þegar prófanir og mælingar eru endurteknar skal stilla búnaðinn sem myndar prófunarmerkið og koma honum fyrir samkvæmt sömu forskrift og fylgt var við samsvarandi kvörðunaráfanga (liður 7.2, 7.3.2.3, 8.4, 9.2 og 10.2).

4.5. Ef rafmagns- eða rafeindaundireiningin sem verið er að prófa er samsett úr fleiri en einum hluta skal tengja hlutana saman með sömu leiðslum og fyrirhugað er að nota í ökutækinu. Ef slíkar leiðslur eru ekki fyrir hendi skal fjarlægðin milli rafeindastýrieiningar og gervinetkerfis vera 1500 ± 75 mm. Ganga skal frá öllum leiðsluendum á eins raunhæfan hátt og frekast er unnt og tengja, ef við verður komið, við raunverulegt álag og gangsetningarbúnað.

5. TÍÐNISVIÐ OG VIÐSTÖÐUTÍMI

5.1. Mæla ber á öllu tíðnisviðinu 20 til 1000 MHz.

5.2. Til að staðfesta að rafmagns- eða rafeindaundireiningin fullnægi ákvæðum þessa viðauka skulu prófanir fara fram á allt að 14 stöðum á fyrrnefndu tíðnisviði, til dæmis:

27, 45, 65, 90, 120, 150, 190, 230, 280, 380, 450, 600, 750 og 900 MHz

Taka ber tillit til svartíma þess búnaðar sem verið er að prófa og skal viðstöðutími vera nægur til þess að búnaðurinn geti svarað við eðlileg skilyrði. Tíminn skal aldrei vera styttri en tvær sekúndur.

6. EINKENNI PRÓFUNARMERKISINS SEM MYNDA Á

6.1. Mesta frávik kúrvunnar

Mesta frávik prófunarmerkisins skal jafngilda fráviki ómótaðrar sínusbylgju með kvaðratmeðaltalsrót í voltum/m eins og skilgreint er í lið 6.4.2 í I. viðauka (sjá 3. viðbæti við VIII. viðauka).

6.2. Bylgjulögun prófunarmerkis

Prófunarmerkið skal vera sínusbylgja með hátíðni, víddarmótuð með 1 kHz sínusbylgju með mótunardýpt m sem er 0,8 ± 0,04.

6.3. Mótunardýpt

Mótunardýpt m er skilgreind þannig:

m = (mesta frávik kúrvunnar — minnsta frávik kúrvunnar)/(mesta frávik kúrvunnar + minnsta frávik kúrvunnar)

7. FLATLEIÐISPRÓFUN

7.1. Prófunaraðferð

Prófunaraðferðin gengur út á að leiðslurnar sem tengja einstaka hluta í rafmagns- eða rafeindaundireiningunni verði fyrir tilteknum sviðsstyrk.

7.2. Mæling sviðsstyrks í flatleiðisstraumrásinni

Veita ber afli inn í flatleiðisstraumrásina við hvert það tíðnisvið sem óskað er eftir til þess að mynda æskilegan sviðsstyrk á prófunarsvæðinu þegar rafmagns- eða rafeindaundireiningin sem verið er að prófa er ekki til staðar og skal mæla og skrá þetta áhrifasvið eða annan mæliþátt sem er í beinum tengslum við sviðsstyrkinn. Nota ber þessar niðurstöður við gerðarviðurkenningarprófanir nema að breytingar verði á stöðinni eða tækjum þannig að nauðsynlegt verði að endurtaka ferlið. Meðan á þessu stendur ber að staðsetja mælihöfuð kannans undir þeim leiðara sem er virkur, langsum, þversum og lóðrétt. Halda ber kassanum með rafeindahlutum kannans eins langt frá lengdarási flatleiðisins og við verður komið.

7.3. Uppsetning rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa

7.3.1. 150 mm flatleiðisprófun

Aðferðin felst í því að myndað er einsleitt svið milli virks leiðara (flatleiðirinn með 50 Ω samviðnám) og jarðtengdrar plötu (leiðandi yfirborð vinnuborðsins) þar sem hægt er að koma fyrir hluta leiðslnanna. Stýrieiningu(m) rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa er komið fyrir á jarðtengdu plötunni en utan við flatleiðinn þar sem einn af jöðrum hennar er samhliða virka leiðara flatleiðisins. Hún skal vera í 200 ± 10 mm fjarlægð frá línu sem liggur í plani jarðtengdu plötunnar beint undir jaðri virka leiðarans.

Fjarlægðin milli jaðra virka leiðarans og jaðarbúnaðar sem er notaður til mælinga skal vera a.m.k. 200 mm.

Koma skal leiðslum rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa fyrir í láréttri stöðu milli virka leiðarans og jarðtengdu plötunnar (sjá mynd 1 og 2 í 1. viðbæti).

7.3.1.1. Leiðslurnar sem er komið fyrir undir flatleiðinum, að meðtöldum straumleiðslum til rafeindastýrieiningarinnar, skulu vera a.m.k. 1,5 m langar nema að leiðslurnar í ökutækinu séu styttri en 1,5 m. Í því tilviki skulu leiðslurnar vera af sömu lengd og lengstu leiðslur í uppsetningunni í ökutækinu. Allar greinar sem kvíslast frá leiðslunum í þeirri lengd skulu liggja hornrétt á lengdarás línunnar.

7.3.1.2. Að öðrum kosti skal lengd leiðslnanna til samans vera 1,5 m að lengstu greininni meðtalinni.

7.3.2. 800 mm flatleiðisprófun

7.3.2.1. Prófunaraðferð

Flatleiðirinn er myndaður úr tveimur samhliða málmplötum sem 800 mm bil aðskilur. Búnaðinum sem verið er að prófa er komið fyrir mitt á milli platnanna og settur í rafsegulsvið (sjá mynd 3 og 4 í 1. viðbæti).

Unnt er að prófa fullkomin rafeindakerfi með þessari aðferð, m.a. nema og gangsetningarbúnað og einnig stýrieiningu og leiðsluvef. Hún hentar tækjabúnaði með stærsta mál sem er einn þriðji af fjarlægðinni milli platnanna eða minna.

7.3.2.2. Staðsetning flatleiðis

Flatleiðinum skal komið fyrir í skermuðu rými (til að koma í veg fyrir utanaðkomandi geislun) í 2 m fjarlægð frá veggjum og málmflötum til þess að koma í veg fyrir endurkast rafsegulbylgna. Heimilt er að nota efni sem gleypir hátíðnibylgjur til að draga úr slíku endurkasti. Koma skal flatleiðinum fyrir á undirstöðum sem leiða ekki, minnst 0,4 m fyrir ofan undirlag þeirra.

7.3.2.3. Kvörðun flatleiðis

Kanna til sviðsmælinga er komið fyrir í rýminu milli samhliða platnanna tveggja, innan eins þriðja af vegalengdinni frá miðju þess, í lárétta og lóðrétta stefnu og á þverveginn, þar sem kerfið sem verið er að prófa er ekki til staðar. Staðsetja skal aukamælibúnaðinn fyrir utan skermaða rýmið.

Veita ber afli inn í flatleiðisstraumrásina við hvert það tíðnisvið sem óskað er eftir til þess að mynda æskilegan sviðsstyrk við loftnetið. Nota ber þetta afl eða annan mæliþátt sem er í beinum tengslum við sviðsstyrkinn, við gerðarviðurkenningarprófanir nema að breytingar verði á stöðinni eða tækjum þannig að nauðsynlegt verði að endurtaka ferlið.

7.3.2.4. Uppsetning rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa

Aðalstýrieiningunni er komið fyrir í rýminu milli samhliða platnanna tveggja, innan eins þriðja af vegalengdinni frá miðju þess, í lárétta og lóðrétta stefnu og á þverveginn. Hún skal hvíla á undirstöðu úr efni sem leiðir ekki.

7.3.2.5. Aðalleiðslur og leiðslur nema/gangsetningarbúnaðar

Aðalleiðslur og leiðslur nema/gangsetningarbúnaðar skulu liggja lóðrétt upp frá stýrieiningu til efstu jarðtengdu plötu (það stuðlar að því að ná sem bestri tengingu við rafsegulsviðið). Þaðan skulu þær liggja eftir neðra borði plötunnar að einum jaðri hennar sem er laus og í lykkju þar yfir og eftir efra borði jarðtengdu plötunnar alla leið að strauminntaki flatleiðisins. Þá skulu leiðslurnar liggja að aukabúnaði sem staðsetja ber á svæði utan rafsegulsviðsins, t.d. á gólfi skermaða rýmisins, 1 m langsum frá flatleiðinum.

8. ÓNÆMISPRÓFUN RAFMAGNS- EÐA RAFEINDAUNDIREININGAR Í OPNU SVIÐI

8.1. Prófunaraðferð

Prófunaraðferðin gerir kleift að prófa rafmagns- eða rafeindaeiningar í ökutækjum með því að setja rafmagns- eða rafeindaundireiningu í rafsegulgeislun frá loftneti.

8.2. Lýsing prófunarbekks

Prófun skal fara fram á prófunarbekk í klefa með dempuðu endurkasti.

8.2.1. Jarðtengd plata

8.2.1.1. Þegar um ræðir ónæmisprófun í opnu sviði skal koma rafmagns- eða rafeindaundireiningunni sem verið er að prófa og tilheyrandi leiðslum fyrir 50 ± 5 mm ofan við tréborð eða borð úr áþekku efni sem leiðir ekki. Ef gert er hins vegar ráð fyrir raftengingu einhvers hluta rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa við málmyfirbyggingu ökutækisins skal sá hluti hvíla á jarðtengdri plötu og vera raftengdur við hana. Jarðtengda platan skal vera a.m.k. 0,5 mm þykk málmþynna. Lágmarksstærð jarðtengdu plötunnar fer eftir stærð rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa en hlutar hennar og vírar verða að rýmast á henni. Jarðtengda platan skal vera tengd við varnarleiðslur jarðsambandsins. Staðsetja skal jarðtengdu plötuna í 1,0 ± 0,1 m hæð yfir undirlagi prófunarstöðvarinnar og samhliða henni.

8.2.1.2. Koma skal rafmagns- eða rafeindaundireiningunni sem verið er að prófa fyrir og tengja hana eins og til er ætlast. Leiðslur frá aflgjafa skulu liggja meðfram og innan við 100 mm frá þeim jaðri jarðtengdu plötunnar/borðsins sem er næst loftnetinu.

8.2.1.3. Tengja skal rafmagns- eða rafeindaundireininguna sem verið er að prófa við jarðsamband samkvæmt uppsetningarforskrift framleiðanda og eru engar viðbótartengingar við jörð heimilaðar.

8.2.1.4. Minnsta fjarlægð rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa frá öllum öðrum rafmagnsleiðurum, t.d. veggjum skermaðs svæðis (að undanskilinni jarðtengdu plötunni/borðinu sem prófunarhluturinn hvílir á), skal vera 1,0 m.

8.2.1.5. Jarðtengda platan skal vera a.m.k. 2,25 fermetrar að stærð og styttri hliðin a.m.k. 750 mm löng. Jarðtengda platan er tengd við klefann með tengireimum þannig að jafnstraumsviðnám tengingarinnar er mest 2,5 mΩ.

8.2.2. Uppsetning rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa

Þegar um er að ræða stóran tæknibúnað sem er komið fyrir á prófunarstandi úr málmi ber að líta á prófunarstandinn sem hluta jarðtengdu plötunnar að því er prófun varðar og skal hann tengdur með tilliti til þess. Hliðar prófunareintaksins skulu vera a.m.k. í 200 mm fjarlægð frá jaðri jarðtengdu plötunnar. Allar leiðslur skulu liggja a.m.k. 100 mm frá jaðri jarðtengdu plötunnar og (þar sem leiðslurnar liggja lægst) a.m.k. 50 ± 5 mm fyrir ofan jarðtengdu plötuna. Rafmagns- eða rafeindaundireiningunni sem verið er að prófa skal séð fyrir rafstraumi frá (5 µ H/50 Ù) gervinetkerfi .

8.3. Gerð, staðsetning og stefna sviðsmyndunarbúnaðar

8.3.1. Gerð sviðsmyndunarbúnaðar

8.3.1.1. Velja ber sviðsmyndunarbúnað með tilliti til þess að unnt sé að mynda með honum þann sviðsstyrk sem er óskað eftir á viðmiðunarpunktinum (sjá lið 8.3.4) á viðeigandi tíðni.

8.3.1.2. Sviðsmyndunarbúnaður getur annaðhvort verið loftnet eða plötuloftnet.

8.3.1.3. Sviðsmyndunarbúnaður skal gerður og honum beint þannig að það svið sem myndast sé skautað annaðhvort í lóðrétta eða lárétta stefnu á tíðnisviðinu 20 til 1000 MHz.

8.3.2. Mælihæð og -fjarlægð

8.3.2.1. Hæð

Fasamiðpunktur loftnets skal vera 150 ± 10 mm fyrir ofan jarðtengdu plötuna sem rafmagns- eða rafeindaundireiningin sem verið er að prófa stendur á. Enginn af útgeislunarhlutum loftnetsins skal vera nær gólffleti prófunarstöðvarinnar en 250 mm.

8.3.2.2. Mælifjarlægð

8.3.2.2.1. Mestu líkindum við eðlilega notkun er náð með því að staðsetja sviðsmyndunarbúnaðinn eins langt frá rafmagns- eða rafeindaundireiningunni og frekast er unnt. Dæmigerð fjarlægð í þessu tilliti er einn til fimm metrar.

8.3.2.2.2. Fari prófun fram í lokaðri stöð skulu útgeislunarhlutar sviðsmyndunarbúnaðarins ekki vera nær efni af hvaða gerð sem er sem sogar í sig útvarpsbylgjur en 0,5 m og ekki nær vegg stöðvarinnar en 1,5 m. Ekkert íseygt efni skal vera milli móttökuloftnetsins og rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa.

8.3.3. Staðsetning loftnets með tilliti til rafmagns- eða rafeindaundireiningar sem verið er að prófa

8.3.3.1. Útgeislunarhlutar sviðsmyndunarbúnaðarins skulu ekki vera nær jaðri jarðtengdu plötunnar en 0,5 m.

8.3.3.2. Fasamiðpunktur sviðsmyndunarbúnaðarins skal vera í plani:

a) sem er hornrétt á jarðtengdu plötuna,

b) sem sker jaðar jarðtengdu plötunnar og miðpunkt stærsta hluta leiðslnanna og

c) sem er hornrétt á jaðar jarðtengdu plötunnar og stærsta hluta leiðslnanna.

Staðsetja ber sviðsmyndunarbúnaðinn samhliða þessu plani (sjá mynd 1 og 2 í 4. viðbæti).

8.3.3.3. Sviðsmyndunarbúnaður sem er staðsettur yfir jarðtengdu plötunni eða rafmagns- eða rafeindaundireiningunni sem verið er að prófa skal ná yfir alla einingunа.

8.3.4. Viðmiðunarpunktur

Í viðauka þessum er viðmiðunarpunktur sá punktur þar sem sviðsstyrkur er ákveðinn og skilgreindur á eftirfarandi hátt:

8.3.4.1 að minnsta kosti einn metra lárétt frá fasamiðju loftnetsins eða a.m.k einn metra lóðrétt frá útgeislunarhlutum plötuloftnets,

8.3.4.2. í plani:

a) sem er hornrétt á jarðtengdu plötuna,

b) sem er hornrétt á jaðar jarðtengdu plötunnar sem stærsti hluti leiðslnanna liggur eftir,

c) sem sker jaðar jarðtengdu plötunnar og miðpunkt stærsta hluta leiðslnanna og

d) sem er samfallandi við miðpunkt stærsta hluta leiðslnanna sem liggur eftir jaðri jarðtengdu plötunnar sem er næst loftnetinu,

8.3.4.3. 150 ± 10 mm yfir jarðtengdu plötunni.

8.4. Myndun rétts sviðsstyrks: prófunaraðferð

8.4.1. Beita ber svonefndri „skiptiaðferð“ til að mynda rétt prófunarsvið.

8.4.2. Skiptiaðferð

Veita ber afli inn í sviðsmyndunarbúnaðinn við hvert það tíðnisvið sem óskað er eftir til þess að mynda æskilegan sviðsstyrk á viðmiðunarpunktinum (samanber skilgreiningu í lið 8.3.4) þegar rafmagns- eða rafeindaundireiningin er ekki til staðar og skal mæla og skrá þetta áhrifasvið eða annan mæliþátt sem er í beinum tengslum við sviðsstyrkinn. Nota ber þessar niðurstöður við gerðarviðurkenningarprófanir nema að breytingar verði á stöðinni eða tækjum þannig að nauðsynlegt verði að endurtaka ferlið.

8.4.3. Enginn utanaðkomandi búnaður skal vera nær viðmiðunarpunktinum en 1 m meðan kvörðun fer fram.

8.4.4. Sviðsstyrksmælir

Nota ber viðeigandi sviðsstyrksmæli til að ákvarða sviðsstyrk meðan kvörðunaráfangi skiptiaðferðarinnar varir.

8.4.5. Staðsetja ber fasamiðju sviðsstyrksmælisins í viðmiðunarpunktinum.

8.4.6. Þá skal færa rafmagns- eða rafeindaundireininguna sem verið er að prófa og kann að hafa jarðtengda viðbótarplötu inn í prófunarstöðina og staðsetja hana í samræmi við kröfurnar í lið 8.3. Ef jarðtengd viðbótarplata er notuð skal hún vera innan 5 mm frá jarðtengdu plötu prófunarbekksins og raftengd henni. Sviðsmyndunarbúnaðurinn er síðan stilltur til að virka á því áhrifasviði sem um getur í lið 8.4.2 fyrir hvern þann stað á tíðnisviðinu sem um getur í 5. lið.

8.4.7. Óháð því hvaða mæliþáttur var valin til að ákvarða það svið sem krafist er samkvæmt lið 8.4.2 ber að nota sama mæliþátt til að ákvarða æskilegan sviðsstyrk meðan prófun stendur yfir.

8.5. Fyrirmörk sviðsstyrks

8.5.1. Meðan kvörðunaráfangi skiptiaðferðarinnar varir (áður en rafmagns- eða rafeindaundireiningin sem verið er að prófa er færð inn á prófunarsvæðið) skal sviðsstyrkur ekki vera undir 50% af nafnsviðsstyrk í tveimur punktum sem liggja 0,5 ± 0,05 m beggja vegna viðmiðunarpunktsins á línu sem er samhliða þeim jaðri jarðtengdu plötunnar sem er næst loftnetinu og sker viðmiðunarpunktinn.

9. TEM-HÓLFPRÓFUN

9.1. Prófunaraðferð

TEM-hólfið (TEM = Transverse Electromagnetic Mode, TEM-öldulag) myndar einsleitt svið milli innri leiðara (skilrúms) og hússins (jarðtengdrar plötu). Það er notað til að prófa rafmagns- eða rafeindaundireiningar (sjá mynd 1 í 3. viðbæti).

9.2. Mæling sviðsstyrks í TEM-hólfi

9.2.1. Reikna skal út sviðsstyrk í TEM-hólfinu með jöfnunni:

$$|E| = (\sqrt{(P \times Z)})/d$$

E = Styrkur rafsviðs (volt/m)

P = Orka til hólfsins (W)

Z = Samviðnám hólfsins (50 Ω)

d = Bil sem aðskilur (í metrum) efri vegg og plötu (skilrúmið).

9.2.2. Að öðrum kosti skal koma viðeigandi sviðsstyrksnema fyrir í efri hluta TEM-hólfsins. Í þessum hluta TEM-hólfsins hefur rafeindastýrieiningin aðeins takmörkuð áhrif á prófunarsviðið. Frálag sviðsstyrksnemans ákveður sviðsstyrkinn.

9.3. Mál TEM-hólfsins

Í því skyni að viðhalda einsleitu sviði í TEM-hólfinu og fá fram niðurstöður sem unnt er að endurtaka skal prófunarhluturinn ekki vera hærri en nemur einum þriðja af innri hæð hólfsins.

Mál fyrir TEM-hólf, sem mælt er með, koma fram á mynd 2 og 3 í 3. viðbæti.

9.4. Leiðslur til aflgjafa, merkjasendingarbúnaðar og stýringar

Festa ber TEM-hólfið við samása tengiborð og tengja með eins stuttum leiðslum og við verður komið við tengil með nægilega mörgum pinnum. Tengja ber leiðslur til straumgjafa og merkjasendingaleiðslur frá tenginu á hólfvegg beint við prófunarhlutinn.

Tengja ber utanaðkomandi búnað, t.d. nema, aflgjafa og stýrieiningar:

a) við skermaðan jaðarbúnað,

b) við ökutæki í grennd við TEM-hólfið eða

c) beint við skermaða tengitöflu.

Nota ber einangraðar leiðslur til að tengja TEM-hólfið við jaðarbúnað eða ökutækið ef ökutækið eða jaðarbúnaðurinn er ekki í sama eða nærliggjandi skermuðu rými.

10. STRAUMINNGJAFARPRÓFUN

10.1. Prófunaraðferð

Þessi ónæmisprófun felst í því að veita straumi beint á leiðslur með strauminngjafarkanna. Strauminngjafarkanninn samanstendur af tengiklemmu sem leiðslur rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa liggja í gegnum. Ónæmisprófunin fer fram með þeim hætti að breyta tíðni hinna spönuðu merkja.

Heimilt er að koma rafmagns- eða rafeindaundireiningunni fyrir á jarðtengdri plötu samanber lið 8.2.1 eða í ökutæki í samræmi við hönnunarforskrift ökutækisins.

10.2. Kvörðun strauminngjafarkannans áður en prófun hefst

Strauminngjafarkannanum er komið fyrir í kvörðunarhaldi. Um leið og farið er í gegnum allt prófunartíðnisviðið er stöðugt fylgst með því hve mikla orku þarf til að ná fram þeim straumstyrk sem um getur í lið 6.7.2.1 í I. viðauka. Á þennan hátt er unnt að kvarða framafl strauminngjafar á móti spönuðum straumstyrk áður en prófun fer fram og þá er unnt að veita sama straumi á strauminngjafarkannann, þegar hún er tengd við rafmagns- eða rafeindaundireininguna sem verið er að prófa með sömu leiðslu, og notaður er við kvörðunina. Vakin er athygli á því að það er sá straumur sem veitt er á strauminngjafarkannann sem ber að skrá.

10.3. Uppsetning rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa

Ef rafmagns- eða rafeindaundireiningunni er komið fyrir á jarðtengdri plötu eins og um getur í lið 8.2.1 skal ganga frá öllum leiðsluendum á eins raunhæfan hátt og frekast er unnt og tengja, ef við verður komið, við raunverulegt álag og gangsetningarbúnað. Bæði að því er varðar rafmagns- eða rafeindaundireiningar sem er komið fyrir á jarðtengdri plötu eða á ökutæki skal koma strauminngjafarkannanum umhverfis einstaka leiðslur, hverja eftir aðra, í 150 ± 10 mm fjarlægð frá einstökum tengjum við rafstýringareiningar (ECU), tækjaeiningar og virka skynjara, eins og kemur fram í 2. viðbæti.

10.4. Leiðslur til aflgjafa, merkjasendingarbúnaðar og stýringar


Að því er varðar rafmagns- eða rafeindaundireiningu sem verið er að prófa og komið er fyrir á jarðtengdri plötu, eins og um getur í lið 8.2.1, skal tengja aðalrafstýringareininguna með leiðslu við gervinetkerfi. Leiðslan skal liggja samhliða jaðri jarðtengdu plötunnar í minnst 200 mm fjarlægð frá honum. Í leiðslunni skal vera þáttur sem sér rafstýringareiningunni fyrir straumi frá rafgeymi ökutækisins og straumleiðari til baka ef um slíkan leiðara er að ræða í ökutækinu.

Fjarlægðin milli rafstýringareiningarinnar og gervinetkerfisins skal vera lengd leiðslunnar sem er notuð í ökutækinu til að tengja rafstýringareininguna og rafgeyminn, ef hún er þekkt, þó mest 1,0 ± 0,1 m. Ef notuð er leiðsla úr ökutæki skulu allir þættir hennar af fyrrnefndri lengd liggja meðfram jarðtengdu plötunni en hornrétt í átt frá jaðri hennar. Að öðrum kosti skulu þættir úr leiðslu rafmagns- eða rafeindaundireiningarinnar sem verið er að prófa og eru í fyrrnefndri lengd koma fram við gervinetkerfið.

1. viðbætir

Mynd 1

150 mm flatleiðisprófun




1 = skermað rými
2 = leiðslur
3 = prófunareining
4 = endaviðnám
5 = tíðnimyndunarbúnaður
6/7 = aukarafgeymir
8 = aflgjafi
9 = sía
10 = jaðarbúnaður
11 = sía
12 = myndtökubúnaður
13 = ljós-raforkuumbreytir
14 = myndleiðslur
15 = jaðarbúnaður sem ekki er geislavarinn
16 = línulegur eða geislavarinn jaðarbúnaður
17 = ljós-raforkuumbreytir
18 = einangrandi botnplata
19 = myndupptökuvél

Öll mál í mm


Mynd 2

150 mm flatleiðisprófun



L = 2 500 mm
S = 800 mm
W = 740 mm
h = 150 mm


Öll mál í mm




1 = prófunareining
2 = leiðslur
3 = jaðarbúnaður
4 = endaviðnám
5 = einangrandi botnplata


Mynd 3

800 mm flatleiðisprófun





Straumgjafi flatleiðis, stækkuð mynd



Endabúnaður flatleiðis, stækkuð mynd

1 = Jarðtengd plata

2 = Aðalleiðslur og leiðslur nema/gangsetningarbúnaðar

3 = Viðargrind


4 = Virk plata


5 = Einangrari

6 = Prófunarhlutur

Mynd 4

800 mm flatleiðismál






Öll mál í mm

2. viðbætir

DÆMI UM UPPSETNINGU VEGNA PRÓFUNAR Á STRAUMINNGJÖF (BCI)



1 = Búnaður til prófunar (e. Device under test (DUT))

2 = Mælikanni hátíðni (RF) (valfrjáls)

3 = Inngjafarkanni hátíðni

4 = Gervinetkerfi

5 = Síukerfi fyrir skermað rými

6 = Aflgjafi

7 = Tenging við búnað til prófunar: aflvaki og vöktunarbúnaður

8 = Merkjavaki

9 = Breiðbandsmagnari

10 = Hátíðni (RF) 50 Ω stefnutengir


11 = Orkumælir hátíðni (RF) eða sambærilegur mælir

12 = Rófgreinir eða sambærilegt tæki (valfrjáls)

3. viðbætir

Mynd 1

TEM-hólfprófun



1 = Ytri leiðari, hlíf

2 = Innri leiðari (skilrúm)

3 = Einangrari

4 = Inntak

5 = Einangrari

6 = Lúga

7 = Tengiborð

8 = Aflgjafi prófunarhlutar


9 = Endaviðnám, 50 Ω


10 = Einangrun

11 = Prófunarhlutur (hámarkshæð: einn þriðji bilsins milli hólfbotns og skilrúms)

Mynd 2

Gerð rétthyrnds TEM-hólfs





Mynd 3


Í töflunni hér á eftir eru gefin upp mál fyrir gerð hólfs með tilgreindum efri tíðnimörkum:

Efri tíðni (MHz)	Formstuðull hólfs W: b	Formstuðull hólfs L/W	Bil milli platna b (cm)	Skilrúm S (cm)
200	1,69	0,66	56	70
200	1,00	1,00	60	50

Dæmigerð mál TEM-hólfs

4. viðbætir


Mynd 1



Ónæmisprófun rafmagns- eða rafeindaundireiningar í opnu sviði

Útfærsla prófunar (almenn yfirlitsmynd)

Mynd 2



Ónæmisprófun rafmagns- eða rafeindaundireiningar í opnu sviði

Langsnið af samhverfuplani prófunarbekks

XII. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með skrá yfir síðari breytingar hennar

(sem um getur í 6. gr.)

Tilskipun ráðsins 75/322/EBE (Stjtíð. EB L 147, 9.6.1975, bls. 28)	
Tilskipun ráðsins 82/890/EBE (Stjtíð. EB L 378, 31.12.1982, bls. 45)	einungis að því er varðar tilvísanir í tilskipun 75/322/EBE í 1. mgr. 1. gr.
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB (Stjtíð. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24)	einungis að því er varðar tilvísanir í tilskipun 75/322/EBE í fyrsta undirlið 1. gr.
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/2/EB (Stjtíð. EB L 21, 26.1.2000, bls. 23)	einungis 1. gr. og viðauki
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/3/EB (Stjtíð. EB L 28, 30.1.2001, bls. 1) Liður I.A.13 í II. viðauka við aðildarlögin frá 2003 (Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 57)	einungis 2. gr. og II. viðauki
Tilskipun ráðsins 2006/96/EB (Stjtíð. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 81)	einungis að því er varðar tilvísanir í tilskipun 75/322/EBE í 1. gr. og lið A.12 í viðauka.

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar og beitingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 6. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar	Gildistökudagur
75/322/EBE	21. nóvember 1976	—
82/890/EBE	21. júní 1984	—
97/54/EB	22. september 1998	23. september 1998
2000/2/EB	31. desember 2000 (1)	—
2001/3/EB	30. júní 2002	—
2006/96/EB	31. desember 2006	—

([1]) Í samræmi við 2. gr. tilskipunar 2000/2/EB:

„1 Frá og með 1. janúar 2001 er aðildarríkjunum óheimilt, af ástæðum er varða rafsegulsviðssamhæfi:

– synja um EB-gerðarviðurkenningu eða landsbundna gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki af hvaða gerð sem er,
– synja um EB-gerðarviðurkenningu fyrir íhluti eða tæknieiningar fyrir íhluti eða aðskildar tæknieiningar af hvaða gerð sem er,
– banna að ökutæki verði skráð, seld eða tekin í notkun,
– banna að íhlutir eða aðskildar tæknieiningar séu seld eða tekin í notkun,

ef ökutæki, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar eru í samræmi við kröfur í tilskipun 75/322/EBE eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

2. Frá og með 1. október 2002 skulu aðildarríkin:

– ekki lengur heimilt að veita EB-gerðarviðurkenningu ökutækja, EB-gerðarviðurkenningu íhlutar eða EB-gerðarviðurkenningu aðskilinnar tæknieiningar, og
– er heimilt að synja um landsbundna gerðarviðurkenningu,

fyrir ökutæki, íhlut eða aðskilda tæknieiningu af hvaða gerð sem er ef kröfunum í tilskipun 75/322/EBE, eins og þeim er breytt með þessari tilskipun, er ekki fullnægt.

3. Ákvæði 2. mgr. gilda hvorki um ökutækisgerðir, sem hafa hlotið gerðarviðurkenningu fyrir 1. október 2002 í samræmi við tilskipun 77/537/EBE csf csf Stjtíð. EB L 220, 29.8.1977, bls. 38. né síðari útvíkkanir á þeim viðurkenningum.

4. Frá og með 1. október 2008 skulu aðildarríkin:

– líta svo á að samræmisvottorð, sem fylgja nýjum ökutækjum í samræmi við ákvæði tilskipunar 74/150/EBE, gildi ekki lengur að því er varðar 1. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar og

– geta synjað um að nýjar rafmagns- eða rafeindaundireiningar, sem eru íhlutir eða aðskildar tæknieiningar, séu seldar eða teknar í notkun,

ef kröfum, sem um getur í þessari tilskipun, er ekki fullnægt.

5. Þrátt fyrir ákvæði 2. og 4. mgr., þegar um er að ræða varahluti, skulu aðildarríkin halda áfram að veita EB-gerðarviðurkenningu og heimila að seldir séu og teknir í notkun íhlutir eða aðskildar tæknieiningar, sem nota á í ökutækjagerðir sem eru viðurkenndar fyrir 1. október 2002, annaðhvort samkvæmt tilskipun 75/322/EBE eða tilskipun 77/537/EBE og, þar sem það á við, síðari útvíkkanir slíkra viðurkenninga.

(*) Stjtíð. EB L 220, 29.8.1977, bls. 38.

XIII. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 75/322/EBE	Tilskipun 2000/2/EB	Þessi tilskipun
1. gr.		1. gr.
	2. gr.	2. gr.
4. gr.		3. gr.
5. gr.		4. gr.
1. mgr. 6. gr.		—
2. mgr. 6. gr.		5. gr.
—		6. gr.
—		7. gr.
7. gr.		8. gr.
I. viðauki		I. viðauki
II. viðauki A		II. viðauki
II. viðauki B		III. viðauki.
III. viðauki A		IV. viðauki
III. viðauki B		V. viðauki
IV. viðauki		VI. viðauki
V. viðauki		VII. viðauki
VI. viðauki		VIII. viðauki
VII. viðauki		IX. viðauki.
VIII. viðauki		X. viðauki
IX. viðauki		XI. viðauki
—		XII. viðauki
—		XIII. viðauki

TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/50**

frá 29. júní 2009

um ráðstafanir til að bæta starfsemi innri markaðarins (*)

(2009/524/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 211. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Vel starfandi innri markaður er grundvöllur hagvaxtar og atvinnu og forsenda efnahagslegs stöðugleika. Því skilvirkari sem innri markaðurinn er því meira bætir hann viðskiptaumhverfið sem hvetur fyrirtæki til þess að fjárfesta og skapa ný störf sem aftur eykur tiltrú neytenda og eftirspurn. Þar af leiðir að vel starfandi innri markaður hefur mikla þýðingu fyrir efnahagsbata í Evrópu þegar efnahagslægð ríkir.

2) Rétt lögleiðing, beiting, framfylgd og eftirlit með reglum Bandalagsins um starfsemi innri markaðarins (hér á eftir „reglur innri markaðarins“) og fullnægjandi samræming þeirra er forsenda vel starfandi innri markaðar.

3) Samráð og greining vegna undirbúnings orðsendingarinnar „Innri markaður fyrir Evrópu á 21. öld“ (hér á eftir „endurskoðun innri markaðarins“) ([1]) leiddi í ljós fjölda annmarka sem sýna að innri markaðurinn er ekki enn jafn skilvirkur og hann ætti að vera. Frekari vinna er nauðsynleg á mörgum sviðum og í mörgum geirum. Einstaklingar jafnt og fyrirtæki geta oft ekki gripið þau mörgu tækifæri sem innri markaðurinn býður upp á því reglum er ekki beitt eða fylgt eftir á tilhlýðilegan hátt.

4) Framkvæmdastjórnin lagði því til markvissar ráðstafanir við endurskoðun innri markaðarins til að tryggja að einstaklingar jafnt og fyrirtæki haldi áfram að njóta góðs af þeim efnahagslega ávinningi er innri markaðurinn skapar ([2]).

5) Ráðstafanir sem aðildarríkin gera og ráðstafanir sem framkvæmdastjórnin gerir skulu styðja hverjar við aðra. Samræmd nálgun og samstarfsstefna er þýðingarmikil — í samvinnu milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna — fyrir það sameiginlega markmið að bæta innleiðingu, beitingu og framfylgd reglna innri markaðarins, í því skyni að tryggja að hann starfi rétt. Samstarfsstefnan innan ramma þessara tilmæla gengur lengra en sú samvinna sem þegar fer fram í mörgum málaflokkum innri markaðarins. Hún krefst þess að nánu samstarfi aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar sé komið á og því viðhaldið á öllum sviðum sem máli skipta fyrir innri markaðinn. Hún er einnig fólgin í því að aðildarríkin taki sameiginlega ábyrgð og séu þar með virkari í stjórnun innri markaðarins.

6) Við endurskoðun innri markaðarins, einkum í umræðum sem fylgdu í kjölfarið við aðildarríkin, voru tilgreind svið sem hafa úrslitaþýðingu fyrir vel starfandi innri markað, nánar tiltekið að samræmd afstaða í málefnum innri markaðarins sé tryggð, að samvinna á milli aðildarríkjanna og við framkvæmdastjórnina sé bætt, að lögleiðing reglna um innri markaðinn sé bætt, að eftirlit sé haft með mörkuðum og geirum til að greina hugsanlegar truflanir á starfsemi innri markaðarins, að beiting reglna innri markaðarins sé bætt, að framfylgd reglna innri markaðarins sé styrkt og úrlausn vandamála sé efld, að reglubundið mat á landslöggjöf sé aukið og að borgarar og fyrirtæki séu upplýst um réttindi þeirra á innri markaðinum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 176, 7.7.2009, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2010 frá 30. apríl 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 37, 15.7.2010, bls. 22.

([1]) COM(2007) 724 lokagerð, 20.11.2007.

([2]) Verg landsframleiðsla í Bandalaginu jókst um 2,15% og 2,75 milljónir nýrra starfa urðu til á tímabilinu 1992-2006, viðskipti innan Bandalagsins jukust jafnframt um 30% frá 1995-2005 (SEC(2007) 1521, 20.11.2007).

7) Í þessum tilmælum er að miklu leyti byggt á lausnum sem þegar hafa verið innleiddar í tilteknum aðildarríkjum og hafa reynst vel í framkvæmd. Hvert aðildarríki fyrir sig velur þær aðferðir sem best eru til þess fallnar að tryggja framkvæmd þessara tilmæla, að teknu tilliti til þess hvaða leið er skilvirkust fyrir viðkomandi aðildarríki, þar sem ekki er sjálfgefið að málsmeðferð og venjur sem eru skilvirkar í einu aðildarríki séu jafn skilvirkar í öðru aðildarríki.

8) Rannsóknir sýna að aðildarríkin þurfa að bæta innri samræmingu í málefnum innri markaðarins, þar sem viðeigandi valdheimildir eru oft dreifðar milli ýmissa landsyfirvalda ([1]). Þar sem beiting reglna innri markaðarins getur krafist aðkomu margra ólíkra lands-, svæðis- og staðaryfirvalda í hverju aðildarríki ber að efla samstarf á milli þeirra. Því ber aðildarríkjunum að tryggja og efla samræmingarstarfsemi í þágu innri markaðarins innan landsbundinna stjórnvalda sinna í samræmi við það tiltekna landsbundna stjórnsýslufyrirkomulag og hefðir sem eru fyrir hendi. Þau yfirvöld sem þessi samræmingarstarfsemi fellur undir skulu bera heildarábyrgð á skipulagningu, umsjón og mati á framkvæmd þessara tilmæla.

9) Náið samstarf yfir landamæri á milli yfirvalda aðildarríkjanna, sem málefni innri markaðarins heyra undir, gerir kleift að byggja upp gagnkvæmt traust og hefur afgerandi þýðingu fyrir rétta beitingu á reglum innri markaðarins. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að netkerfi yfir landamæri eða rafræn upplýsingakerfi sem framkvæmdastjórnin hefur komið á fót (t.d. upplýsingakerfi fyrir innri markaðinn (IMI), Bandalagskerfi um skjót skipti á upplýsingum (RAPEX) ([2]), hraðviðvörunarkerfi fyrir matvæli og fóður (RASFF) ([3]) eða samvinnukerfi fyrir neytendavernd (CPC) séu starfhæf með því að gera viðeigandi ráðstafanir, þ.m.t. úthlutun fjármagns.

10) Stigatafla innri markaðarins hefur leitt í ljós að enn er þörf á umbótum varðandi tímamörk og gæði lögleiðingar tilskipana um innri markaðinn. Þó að tilmælum framkvæmdastjórnarinnar frá 12. júlí 2004 um lögleiðingu tilskipana sem hafa áhrif á innri markaðinn ([4]) (hér eftir nefnd tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 2004) hafi verið framfylgt að mestu leyti og þó að það hafi leitt til þess að hraði lögleiðinga hafi batnaði umtalsvert þarf samt sem áður að beita vissum þáttum umræddra tilmæla á skilvirkari hátt. Í þessum tilmælum er vísað til aðgerða sem áfram teljast nauðsynlegar og byggjast á aðgerðum sem mælt var með í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar frá 2004 og eru áfram viðmiðun fyrir þær stjórnsýslustofnanir aðildarríkjanna sem lögleiðing heyrir undir. Tilmæli þessi byggja einnig á orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar — Árangursmiðuð Evrópa — Beiting laga Bandalagsins ([5]) og á orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar — Endurskoðun Lamfalussy-ferlis —Styrking á samleitni eftirlits ([6]).

11) Markaðseftirlit er nauðsynlegt svo hægt sé að skilgreina þau svið þar sem markaðir starfa ekki eðlilega fyrir neytendur eða fyrirtæki og leggja megi áherslu á stefnu innri markaðarins á þeim sviðum. Af þeim sökum skal það vera óaðskiljanlegur þáttur við útfærslu og eftirlit með stefnu innri markaðarins (t.d. með „stigatöflu neytendamarkaðarins“). Samvinna milli framkvæmdastjórnarinnar og yfirvalda aðildarríkjanna við markaðseftirlit og gagnasöfnun mun auka gæði gagna og greiningar sem notuð er á vettvangi Bandalagsins og í einstökum ríkjum og auðvelda að ná samstöðu í málefnum innri markaðarinn. Aðildarríkin eru hvött til þátttöku í markaðseftirliti á vegum framkvæmdastjórnarinnar og til að framkvæma samskonar eftirlit á landsvísu sem lagað skal að þörfum hvers ríkis.

12) Ýmsar landsbundnar rannsóknir hafa undirstrikað mikilvægi starfsþjálfunar í þeim tilgangi að aðstoða embættismenn, þ.m.t. dómarar, í stjórnsýslu á lands-, svæðis- og staðarvísu við rétta lögleiðingu, beitingu og framfylgd reglna innri markaðarins. Í þessu samhengi er mikilvægt að tryggja að ávallt sé tekið tillit til reglnanna og áhrifa þeirra almennt á samkeppnishæfni Bandalagsins út á við þegar landslöggjöf er samin. Mikilvægi starfsþjálfunar var staðfest enn frekar í nýlegri rannsókn og ályktun Evrópuþingsins um hlutverk landsbundinna dómara og ályktun þess frá 2005 um samkeppnislög ([7]), auk nýlegrar ályktunar ráðsins ([8]). Jafnframt skal veita embættismönnum leiðsögn um lög Bandalagsins almennt og um reglur innri markaðarins sérstaklega.

13) Skilvirk framkvæmd reglna innri markaðarins og réttar ráðstafanir til þess að leysa vandamál sem borgarar og fyrirtæki eiga við að etja skiptir sköpum í því að auðvelda þeim að njóta góðs af frelsinu sem er tryggt í sáttmálanum. Með því að byggja á samstarfinu við lausn vandamála sem þegar hefur verið komið á, einkum í gegnum net til úrlausnar vandamála á innri markaði (SOLVIT) ([9]), skulu aðildarríkin, með fulltingi

([1]) Vinnuskjal starfsfólks framkvæmdastjórnarinnar um tæki til nútímavæðingar á stefnu innri markaðarins (SEC(2007) 1518, 20.11.2007).
([2]) Hraðviðvörunarkerfi fyrir aðrar hættulegar neytendavörur en matvæli.
([3]) Hraðviðvörunarkerfi fyrir matvæli og fóður.
([4]) Stjtíð. ESB L 98, 16.4.2005, bls. 47.
([5]) COM(2007) 502 lokagerð, 5.9.2007.
([6]) COM(2007) 727 lokagerð, 20.11.2007.
([7]) Ályktun Evrópuþingsins um hlutverk landsbundinna dómara í evrópska dómskerfinu (INI/2007/2027, 9.7.2008), ályktun Evrópuþingsins um skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um stefnu í samkeppnismálum 2004 (INI/2005/2209, 20.3.2006).
([8]) Ályktun ráðsins og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna sem komu saman á vegum ráðsins, 14757 frá 28. október 2008.
([9]) Orðsending frá framkvæmdastjórninni til ráðsins, Evrópuþingsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar: „Árangursrík úrlausn vandamála á innri markaðnum (SOLVIT)“ (COM(2001) 702 lokaútgáfa, 27.11.2001).

framkvæmdastjórnarinnar, bæta virkni fyrirkomulags til úrlausnar vandamála — annaðhvort á vettvangi landsbundinna dómstóla eða utan réttar — í þágu skilvirkrar úrlausnar. Mikilvægt er að fást við þær aðstæður sem leiða til þeirra vandamála sem koma upp.

14) Reglulegt eftirlit og mat á landslöggjöf er þýðingarmikið, þar sem það gerir kleift að sannreyna hversu árangursrík beiting reglna innri markaðarins er í raun, sem og greining ákvæða sem gætu komið í veg fyrir að borgarar og fyrirtæki geti nýtt sér þær til fulls. Slíkt eftirlit skal vera kerfisbundnara í aðildarríkjunum.

15) Nýjar kannanir á viðhorfum almennings í Evrópu ([1]) og erindi, sem hefur verið beint til upplýsingaþjónustu og þjónustu til úrlausnar vandamála hjá framkvæmdastjórninni, leiða í ljós nauðsyn þess að veita borgurum og fyrirtækjum meiri upplýsingar um réttindi þeirra á innri markaðinum til að gera þeim kleift að nýta þessi réttindi í raun. Auk þess skulu borgarar og fyrirtæki eiga þess kost að fá aðstoð við nýtingu þessara réttinda. Í því skyni skulu aðildarríkin, með fulltingi framkvæmdastjórnarinnar og hagsmunaaðila, ef við á, tryggja framboð á ráðgjöf og hagnýtum upplýsingum um málefni sem varða borgara og fyrirtæki sem vilja búa, vera við nám, vinna, stofna fyrirtæki eða bjóða vörur og þjónustu í öðru aðildarríki.

16) Í viðauka við þessi tilmæli eru settar fram ráðstafanir sem aðildarríkin gætu gert til að koma tilmælunum til framkvæmda og þar er jafnframt skrá yfir starfsvenjur tiltekinna aðildarríkja, sem ráðstafanirnar eru byggðar á. Litið er svo á að jafnvel þótt tilteknar ráðstafanir geti haft í för með sér kostnað til að byrja með eigi þær að gera sparnað mögulegan, t.d. með því að auka hagkvæmni landsbundinnar stjórnsýsluvenja, og leiða til bættrar starfsemi innri markaðarins til langs tíma, og þar af leiðandi koma neytendum og fyrirtækjum til góða.

17) Fylgjast skal með framkvæmd þessara tilmæla í náinni samvinnu framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna, þ.m.t. með umfjöllun í ráðgjafarnefnd um innri markaðinn (IMAC), á grundvelli viðmiða og vísa. Til að gera framkvæmdastjórninni kleift að meta áhrif tilmælanna fjórum árum eftir birtingu þeirra í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, skulu aðildarríkin leggja skýrslur fyrir framkvæmdastjórnina um aðgerðir þeirra til að koma tilmælunum í framkvæmd þremur árum eftir að þau hafa birtust í Stjórnartíðindum ESB.

LEGGUR TIL AÐ AÐILDARRÍKIN:

1. Tryggi og efli samræmingarstarfsemi í þágu innri markaðarins til að stuðla að skilvirkri samræmingu innan og milli yfirvalda, sem bera ábyrgð á málefnum innri markaðarins á lands-, svæðis- og staðarvísu, og að þau séu viðmiðunarpunktur hvað varðar málefni innri markaðarins innan stjórnsýslunnar.

2. Auðveldi samvinnu milli yfirvalda á sviði stjórnsýslu sem bera ábyrgð á málefnum innri markaðarins í hinum ýmsu aðildarríkjum og samvinnu þeirra við framkvæmdastjórnina með því að úthluta nægilega miklu fjármagni.

3. Geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til að bæta lögleiðingu tilskipana sem hafa áhrif á starfsemi innri markaðarins.

4. Styðji vinnu framkvæmdastjórnarinnar við markaðseftirlit og gagnasöfnun í tengslum við það með því að taka virkan þátt í eftirliti á vettvangi Bandalagsins og, ef við á, með því að framkvæma samskonar eftirlit á landsvísu.

5. Tryggi að landsyfirvöld og embættismenn hafi næga þekkingu á lögum Bandalagsins almennt og reglum innri markaðarins sérstaklega svo beiting þeirra sé skilvirk og, ef við á, taka tillit til reglnanna þegar ný landslöggjöf er undirbúin og innleidd.

6. Auðveldi og hvetji til þess að vandamál, sem verða á vegi borgara og fyrirtækja þegar þau nýta réttindi sín á innri markaðinum, séu leyst á skjótan og skilvirkan hátt með því að gera ráðstafanir til að bæta framkvæmd reglna innri markaðarins almennt, og með því að tryggja að dómsvaldið hafi nægilega þekkingu á lögum Bandalagsins sérstaklega, þ.m.t. reglur innri markaðarins, ásamt nægilegum stuðningi við fyrirkomulag til úrlausnar vandamála.

7. Annist reglubundið mat og úttekt á landslöggjöf til að tryggja að reglur innri markaðarins séu uppfylltar að fullu og hafi með því móti til endurskoðunar allar undanþágur eða frávik frá gildandi reglum um innri markaðinn.

8. Styrki hagnýta upplýsingagjöf um málefni innri markaðarins til fyrirtækja og borgara.

9. Skoði ráðstafanir og starfsvenjur sem settar eru fram í viðaukanum og að teknu tilliti til hefða landsbundinna stofnana, taka upp þær starfsvenjur sem munu eða gera má ráð fyrir að muni leiða til bættrar starfsemi innri markaðarins og eru best til þess fallnar að framkvæma þessi tilmæli.

([1]) http://ec.europa.eu/internal_market/strategy/index_en.htm#061204

10. Vinni með framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum við eftirlit með framkvæmd þessara tilmæla, upplýsi framkvæmdastjórnina með reglulegu millibili um aðgerðir til framkvæmdar á þessum tilmælum og afhendi framkvæmdastjórninni lokaskýrslu þremur árum eftir birtingu þessara tilmæla í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 29. júní 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Charlie McCREEVY

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Ráðstafanir og starfsvenjur sem bæta starfsemi innri markaðarins

1. RÁÐSTAFANIR SEM TRYGGJA BETRI SAMRÆMINGU Í MÁLEFNUM INNRI MARKAÐARINS

Aðildarríkin eru hvött til að grípa til eftirfarandi ráðstafana:

a) fela nýju eða núverandi yfirvaldi innan landsbundinna stjórnvalda ábyrgðina á samræmingu málefna innri markaðarins,

b) tryggja samræmi á milli ráðuneyta og stofnana hins opinbera í málefnum sem varða innri markaðinn,

c) tryggja samræmi milli ráðuneyta og stofnana hins opinbera annars vegar, og svæðisbundinna yfirvalda eða staðaryfirvalda hins vegar, og jafnframt milli svæðisbundinna yfirvalda og staðaryfirvalda,

d) tryggja að viðkomandi ráðuneyti og stofnanir hins opinbera, sem og aðrar stofnanir, taki tillit til reglna innri markaðarins,

e) taka til athugunar möguleikann á því að sameina ábyrgð á ýmissi starfsemi viðvíkjandi innri markaðinum svo hún sé á hendi eins yfirvalds, að teknu tilliti til skipulags landsbundinna stjórnvalda,

f) skipuleggja, vakta og meta framkvæmd þessara tilmæla.

Fyrirliggjandi starfsvenjur í tilteknum aðildarríkjum varðandi ráðstafanirnar sem hafa verið lagðar til	
Ábyrgð á samræmingu málefna innri markaðarins	— Sumar opinberar stofnanir eru þegar nálægt því að gegna samræmingarhlutverki hvað varðar innri markaðinn. Þær vinna náið með öðrum yfirvöldum að málefnum innri markaðarins, tryggja að landslöggjöf sé í samræmi við reglur innri markaðarins og bera ábyrgð á ýmissi starfsemi viðvíkjandi innri markaðinum.
Samvinna milli ráðuneyta	— Sameiginlegir vinnuhópar ráðuneyta um málefni sem varða innri markaðinn sameina fulltrúa viðkomandi yfirvalda,
Lóðrétt samræming	— Sérstök kerfi eru fyrir hendi, t.d. á sviði opinberra innkaupa eða markaðseftirlits sem tengja svæðisbundin yfirvöld og staðaryfirvöld. Þessi kerfi hafa yfir að ráða sameiginlegum gagnagrunnum eða vefsetrum,
	— Svæðisbundnir fulltrúar og staðarfulltrúar koma að málefnum þar sem þeir eiga hagsmuna að gæta í gegnum sameiginlega vinnuhópa ráðuneyta,
Sýnileiki á pólitískum vettvangi	— Umræður um stefnu í málefnum innri markaðarins fara fram með reglubundnu millibili, t.d. í undirnefndum landsbundins ráðherraráðs.
	— Þjóðþing taka virkan þátt í greiningu á málefnum innri markaðarins, t.d. með skýrslugerð eða framkvæmd rannsókna.
Stuðningur	— Stofnanir ríkisins tryggja að landslöggjöf sé í samræmi við reglur innri markaðarins með því m.a. að skima drög að landslöggjöf.
Sameining starfsemi viðvíkjandi innri markaðinum	— Ýmis starfsemi viðvíkjandi innri markaðinum heyrir undir ríkisstofnanir, t.d. net til úrlausnar vandamála á innri markaði, upplýsingakerfi fyrir innri markaðinn, tilkynningar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB ([1]) og reglugerð ráðsins (EB) nr. 2679/98 ([2]) og samræming á uppsetningu upplýsinga- og þjónustumiðstöðva skv. vörupakkanum (e. Goods Package).

1) Tilskipun frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta á sviði tæknistaðla og reglugerða (Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37).

2) Reglugerð frá 7. desember 1998 um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga milli aðildarríkjanna (Stjtíð. EB L 337, 12.12.1998, bls. 8).

2. RÁÐSTAFANIR SEM BÆTA SAMVINNU MILLI AÐILDARRÍKJANNA OG VIÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNINA

Aðildarríkin eru hvött til að grípa til eftirfarandi ráðstafana:

a) að veita til frambúðar menntun í viðeigandi tungumálum og upplýsingatækni og á öðrum sviðum og auka vitund um upplýsingakerfi sem fyrir eru og viðeigandi reglur varðandi gagnavernd og að taka netkerfi Bandalagsins (t.d. IM-upplýsingakerfið, RAPEX-tilkynningakerfið, RASFF-tilkynningakerfið eða CPC-netkerfi og önnur netkerfi) í fulla notkun á landsvísu,

b) að skipuleggja — t.d. í gegnum fyrirliggjandi netkerfi — skipti á embættismönnum sem bera ábyrgð á málefnum innri markaðarins á milli landsbundinna stjórnvalda,

c) að tryggja að virkt samstarf á milli yfirvalda sem bera ábyrgð á málefnum innri markaðarins í mismunandi aðildarríkjum sé hluti af landsbundinni stjórnsýslumenningu,

d) að gera skipulagsráðstafanir til að tryggja að aðildarríkjunum sé kleift að svara þegar í stað beiðnum framkvæmdastjórnarinnar um upplýsingar varðandi beitingu reglna innri markaðarins á landsvísu og einkum í tengslum við tilraunaverkefni ESB (e. EU Pilot project) ([1]) og málsmeðferð vegna brota.

Fyrirliggjandi starfsvenjur í tilteknum aðildarríkjum varðandi ráðstafanirnar sem hafa verið lagðar til	
Samstarf milli landsyfirvalda	— Náið samstarf er á milli norrænna ríkja og Eystrasaltsríkjanna hvað varðar markaðseftirlit, framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006 um þjónustu á innri markaðnum ([1]) og önnur málefni innri markaðarins.
	— Samstarf er fyrir hendi á milli landsyfirvalda á sviði opinberra innkaupa (t.d. í gegnum samvinnukerfi fyrir opinber innkaup) og markaðseftirlits. Landsyfirvöld sem annast markaðseftirlit á sviði öryggis neytendavara annarra en matvæla eiga náið samstarf í gegnum PROSAFE-kerfið (e. Product Safety Enforcement Forum of Europe) og ICSMS-kerfið gerir markaðseftirlit kleift með tæknilegum vörum,
Skipti á milli stjórnsýslustofnana	— Landsbundin samkeppnisyfirvöld skiptast á embættismönnum í tengslum við Evrópska samkeppnisnetið,
	— Ýmis landsyfirvöld sem annast markaðseftirlit og yfirvöld sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd eru þátttakendur í skiptum á embættismönnum í tengslum við örygginet fyrir neytendur samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB ([2]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 ([3]),
Fjármögnunar- og mannauðsstuðningur	— Sérstakir hópar hafa verið skipaðir til að setja upp upplýsingakerfi fyrir innri markaðinn, IM-upplýsingakerfið, og hafa þeir yfir nægilegu fjármagni og nægilegum fjölda starfsmanna að ráða til að geta þróað upplýsingakerfið í sínum aðildarríkjum,
Starfsþjálfun	— Fulltrúar landsyfirvalda þjálfa aðra aðila að IM-upplýsingakerfinu á landsvísu, að lokinni starfsþjálfun á vegum framkvæmdastjórnarinnar. Þetta fyrirkomulag reynist best ef starfsþjálfunin er hluti af starfslýsingu viðkomandi embættismanna.

1) Stjtíð. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 36.
2) Stjtíð. ESB L 11, 15.1.2002, bls. 4.
3) Stjtíð. ESB L 364, 9.12.2004, bls. 1.

3. RÁÐSTAFANIR TIL AÐ BÆTA LÖGLEIÐINGU REGLNA INNRI MARKAÐARINS

Aðildarríkin eru hvött til að grípa til eftirfarandi ráðstafana:

a) að búa sig undir að lögleiða, beita og framfylgja tilskipunum um innri markaðinn á landsvísu á skilvirkan hátt og með fyrirvara,

b) að tryggja að allir embættismenn sem um ræðir vinni náið saman og að allir embættismenn sem bera ábyrgð á lögleiðingu og beitingu tilskipunar á landsvísu komi einnig að samningaviðræðum um viðkomandi tilskipun,

c) að bæta samstarf á milli landsbundinna stjórnvalda og lands-, svæðis- og undirþinga og svæðis- og staðaryfirvalda sem koma að lögleiðingu og veita þeim, ef nauðsyn krefur, allar viðkomandi upplýsingar varðandi samningaviðræðurnar og lögleiðingarferlið,

1) Prófunaráfanga „tilraunaverkefnis ESB“, sem hefur að markmiði að tryggja hraðari svörun við fyrirspurnum og kvörtunum varðandi rétta túlkun og framkvæmd laga Bandalagsins með óformlegri starfsaðferðum í samskiptum framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna, var hleypt af stokkunum í apríl 2008 í 15 aðildarríkjum.

d) að veita hagsmunaaðilum upplýsingar meðan á lögleiðingarferlinu stendur, ef nauðsyn krefur, um tillögur að nýrri löggjöf um innri markaðinn sem gætu gagnast fyrirtækjum og borgurum,

e) að forðast að viðbótarákvæðum sem ekki eru nauðsynleg til þess að lögleiða tilskipun sé bætt við (1),

f) að greiða fyrir skoðanaskiptum við framkvæmdastjórnina um lögleiðingu tilskipana um innri markaðinn með margvíslegum úrræðum, s.s. samsvörunartöflum, sem hafa að markmiði að gera landslöggjöf gegnsærri og notendavænni.

Fyrirliggjandi starfsvenjur í tilteknum aðildarríkjum varðandi ráðstafanirnar sem hafa verið lagðar til	
Tímanlegur undirbúningur	— Landsbundið mat á áhrifum tilskipunar fer fram þegar framkvæmdastjórnin leggur hana fram. Matið felst í nákvæmri greiningu á áhrifunum í viðkomandi aðildarríki og hugsanlegum áhrifum í kjölfar lögleiðingar og beitingar tilskipunarinnar. Það er uppfært á meðan á lögleiðingarferlinu stendur,
Samfelldni	— Náin samvinna milli embættismanna sem annast samningaviðræður, lögleiðingu og framfylgd tilskipana er tryggð. Áhersla er lögð á þörf fyrir slíka samfelldni í landsbundnum leiðbeiningum um lögleiðingarferli tilskipana,
Samvinna við þing	— Upplýsingar varðandi framvindu lögleiðingar tilskipana Bandalagsins eru sendar til þjóðþinga snemma í ferlinu og með reglulegu millibili, m.a. í gegnum stigatöflu um lögleiðingu sem gerð er á hverjum ársfjórðungi,
Samvinna við svæðis- og staðaryfirvöld	— Embættismenn frá svæðis- eða staðaryfirvöldum eiga þátt í þeirri vinnu sem samræmingarhópar ráðuneyta um lögleiðingu inna af hendi.
	— Starfsþjálfun og ráðstefnur um lögleiðingarferlið eru skipulagðar fyrir öll stig opinberrar stjórnsýslu og fyrir frjáls félagasamtök,
Samskipti við hagsmunaaðila	— Almenningur hefur aðgang að einfölduðum gagnagrunni um lögleiðingarferlið í gegnum Netið. Upplýsingar um framvindu lögleiðingar eru veittar á vefsetrum ráðuneyta og einnig er birtur listi yfir tilskipanir sem ekki hafa verið lögleiddar innan tímamarka á Netinu,
	— Landsyfirvöldum ber skylda til að veita borgurunum upplýsingar um ný lög sem lögleiða tilskipanir a.m.k. 12 vikum áður en þau taka gildi,
Komist hjá „óþarfa viðbótarkröfum“	— Sértæk málsmeðferð er fyrir hendi til að stemma stigu við hættunni á því að ráðstöfunum sem augljóslega eru óþarfar sé bætt við þegar tilskipanir eru lögleiddar, t.d. getur nefnd sem stjórnvöld tilnefna haft kerfisbundið eftirlit með drögum að landslöggjöf sem lögleiðir tilskipanir sem ganga lengra en kröfur tilskipana,
Samsvörunartöflur	— Samsvörunartöflur eru settar upp til þess að miðla upplýsingum og fyrir skimun

4. RÁÐSTAFANIR TIL AÐ BÆTA EFTIRLIT MEÐ MÖRKUÐUM OG GEIRUM TIL AÐ GREINA HUGSANLEGAR TRUFLANIR Á STARFSEMI INNRI MARKAÐARINS

Aðildarríkin eru hvött til að grípa til eftirfarandi ráðstafana:

a) að safna megindlegum og eigindlegum upplýsingum um markaði og geira undir eftirliti, t.d. með markaðsgreiningu háskólamanna, ráðgjafa eða hagsmunaaðila, eða með gögnum sem hagstofur aðildarríkja og stofnanir sem annast kærur safna,

b) að auðkenna staðbundnar uppsprettur upplýsinga og auðvelda aðkomu staðbundinna hagsmunaaðila að markaðseftirlitsferlinu, t.d. með því að skipuleggja staðbundið samráð eða fundi með framkvæmdastjórninni og staðbundnum hagsmunaaðilum sem gegna lykilhlutverki,

c) að taka þátt í tilteknum þáttum eftirlitsstarfsins, svo sem samkeppnisgreiningu, mati á eftirliti eða gagnasöfnun til að mæla hvernig markaðir virka gagnvart neytendum (t.d. með reglulegum könnunum á meðalverði fyrir sambærilegar neytendavörur og þjónustu, flokkun kvartana frá neytendum og þróun viðeigandi mælikvarða til að mæla gæði framkvæmdar).

1) Með fyrirvara um lögleiðingu ákvæða sem setja fram lágmarkskröfur í tilskipunum sem verða til vegna sameiginlegra valdheimilda í samræmi við stofnsáttmála Evrópubandalaganna (einkum 137. gr. sáttmálans).

Fyrirliggjandi starfsvenjur í tilteknum aðildarríkjum varðandi ráðstafanirnar sem hafa verið lagðar til	
Söfnun upplýsinga	— Aðildarríkin veita framkvæmdastjórninni upplýsingar um markaði eða geira sem eftirlit er haft með (t.d. í tengslum við markaðseftirlit með smásöluverslun),
Einstakir þættir eftirlits	— Eftirlit fer einnig fram með tilliti til neytenda- (t.d. með árlegri birtingu vísis um stöðu neytenda sem ber saman skilyrði á 57 mörkuðum og hefur sama aðferð verið tekin upp í öðrum aðildarríkjum) og samkeppnissjónarmiða (t.d. með samkeppniseftirliti á landsbundnum smásölumarkaði).
Eftirlit á landsvísu	— Skoðun fór fram í tilraunaskyni í nánu samstarfi við framkvæmdastjórnina til þess að kanna hvort unnt væri að beita aðferðafræði framkvæmdastjórnarinnar á landsvísu og til að veita stefnumið fyrir ítarlegri greiningar í aðildarríkjunum.

5. RÁÐSTAFANIR TIL ÞESS AÐ BÆTA BEITINGU REGLNA INNRI MARKAÐARINS

Aðildarríkin eru hvött til þess að gera eftirfarandi ráðstafanir varðandi embættismenn sem bera ábyrgð á beitingu reglna innri markaðarins:

a) að gefa kost á starfsþjálfun um lög Bandalagsins almennt og reglur innri markaðarins sérstaklega þegar þeir eru ráðnir til starfa,

b) að koma á samfelldri þjálfunaráætlun á vinnustað um lög Bandalagsins almennt og um reglur innri markaðarins sérstaklega

c) að veita hagnýta leiðsögn í reglum innri markaðarins og beitingu þeirra.

Fyrirliggjandi starfsvenjur í tilteknum aðildarríkjum varðandi ráðstafanirnar sem hafa verið lagðar til	
Starfsþjálfun	— Skyldubundin starfsþjálfun fyrir embættismenn um lög Bandalagsins, t.d. með því að gera lög Bandalagsins að skyldubundnum þætti í undirbúningi fyrir starf í opinberri stjórnsýslu, auk skipulagningar skyldubundinna námskeiða um málefni í opinberri stjórnsýslu, þ.m.t. kynning á málefnum Bandalagsins,
Samfelld starfsþjálfun	— Starfsþjálfun um málefni Bandalagsins og innri markaðarins fer fram í gegnum námseiningar á netinu, með reglulegri útgáfu fréttabréfa, í gegnum ráðstefnur eða reglubundin fræðslunámskeið á vegum landsbundinna stjórnvalda,
	— Sérstök þjálfunarnámskeið um innri markaðinn eru fyrir hendi fyrir embættismenn,
Hagnýtar leiðbeiningar og ráðleggingar	— Sértækar leiðbeiningar um innri markaðinn auðvelda landsbundnum embættismönnum að bæta þekkingu sína og færni, einnig eru ítarlegar leiðbeiningar um gagnkvæma viðurkenningu í kjölfar samþykktar vörupakkans í þróun,
	— Sérstakt þjónustuborð annast fyrirspurnir embættismanna um innri markaðinn,
	— Útskýringar í formi leiðbeininga um hvernig á að skilja og túlka löggerninga eru birtar á vefsetrum landsbundinna ráðuneyta í þeim tilgangi að upplýsa sérstaklega um beitingu þeirra,
Lög Bandalagsins eru skyldubundinn þáttur menntunar á sviði lögfræði,	— Fræðsla og próf um lög Bandalagsins og reglur innri markaðarins
	— Embættismenn skulu standast próf sem m.a. tekur til laga Bandalagsins og reglna innri markaðarins til þess að geta gegnt stöðu innan opinberrar stjórnsýslu.

6. RÁÐSTAFANIR TIL AÐ STYRKJA FRAMKVÆMD REGLNA INNRI MARKAÐARINS OG EFLA FYRIRKOMULAG VIÐ ÚRLAUSN VANDAMÁLA

(1) Kerfi til að leysa vanda utan réttar

Aðildarríkin eru hvött til að grípa til eftirfarandi ráðstafana:

a) að tryggja að gagnsæjar, einfaldar og ódýrar aðferðir standi borgurum og fyrirtækjum til boða fyrir annars konar lausnir deilumála.

b) að taka þátt í og leggja af mörkum til starfsemi og frekari þróunar fyrirkomulags til úrlausnar vandamála á vettvangi Bandalagsins, s.s. net til úrlausnar vandamála á innri markaði og tilraunaverkefni ESB, með virkum hætti, ekki síst með nægilegu fjármagni,

c) að veita borgurum og fyrirtækjum fullnægjandi upplýsingar á vefsetrum sem tengjast innri markaðinum um fyrirliggjandi fyrirkomulag til úrlausnar vandamála á landsbundnum vettvangi og vettvangi Bandalagsins,

d) að takast á við ástæður að baki vandamálum sem leiða til beitingar fyrirkomulags til úrlausnar vandamála.

2) Landsbundið dómskerfi

Aðildarríkin eru hvött til að grípa til eftirfarandi ráðstafana:

a) að gefa dómurum kost á grunnþjálfum í lögum Bandalagsins almennt og reglum innri markaðarins sérstaklega þegar þeir taka til starfa, sem og samfelldri starfsþjálfun, þ.m.t. í gegnum Evrópunet um menntun dómara og saksóknara (1) sem skipuleggur og fjármagnar skipti á dómurum,

b) að tryggja auðveldan aðgang að ítarlegum og uppfærðum upplýsingum um löggjöf Bandalagsins um málefni innri markaðarins og dómaframkvæmd Evrópudómstólsins, þ.m.t. í gegnum fyrirhugaða upplýsingagátt Bandalagsins um réttarkerfið og dómsmál (e. e-Justice) (2) sem mun veita aðgang á einum stað að rafrænu kerfi með upplýsingum um réttarkerfi og málarekstur í Evrópu,

c) að hvetja landsbundna dómstóla til að safna upplýsingum um mikilvæga dóma á sviði innri markaðarins og gera þær aðgengilegar, ekki síst landsbundna dóma þar sem forúrskurðum Evrópudómstólsins er beitt.

Fyrirliggjandi starfsvenjur í tilteknum aðildarríkjum varðandi ráðstafanirnar sem hafa verið lagðar til	
Fyrirkomulag við annars konar úrlausn deilumála	— Starfandi er kerfi lítilla dómstóla í einkamálum sem ætlaðir eru fyrir lítilsháttar ágreining er starfrækt til að hægt sé að auka hraða og skilvirkni við uppkvaðningu úrskurða og draga úr kostnaði, Það tekur til deilumála sem leyst eru fyrir dómi og utan dómstóla.
Þátttaka í fyrirkomulagi við annars konar úrlausn deilumála á vettvangi Bandalagsins	— Miðstöðvar tengdar neti til úrlausnar vandamála á innri markaði fara með mál fyrir hærra stig innan stjórnsýslunnar, sem annað úrræði, til þess að leita lausnar á því hafi samvinna lögbærs landsyfirvalds ekki verið fullnægjandi.
Upplýsingar um fyrirkomulag við annars konar úrlausn deilumála	— Net til úrlausnar vandamála á innri markaði er kynnt með náinni samvinnu við hópa hagsmunaaðila og með því að senda þeim upplýsingablöð,
Starfsþjálfun	— Dómsmálaráðuneytið skipuleggur sérstök þjálfunarnámskeið um reglur innri markaðarins fyrir dómara.
	— Þjálfunaráætlanir um lög Bandalagsins eru skyldubundnar fyrir verðandi dómara.
Greiður aðgangur að upplýsingum	— Samantektir um dómaframkvæmd í Bandalaginu eru unnar af sérstakri deild í landsbundnum ráðuneytum sem hafa sérþekkingu á reglum innri markaðarins til notkunar af dómsvaldinu.
	— Samantektir á þýðingarmiklum dómum eru birtar í tilkynningum um lagaleg efni,
Miðlun mikilvægra landsbundinna dóma sem tengjast beitingu reglna innri markaðarins	— Landsbundnum dómstólum er skylt að tilkynna um mikilvæga dóma sem varða lög Bandalagsins og ákvarðanir um forúrskurði og eru tilkynningar birtar í fréttabréfi.

7. RÁÐSTAFANIR SEM STUÐLA AÐ REGLULEGU MATI Á LANDSLÖGGJÖF

Aðildarríkin eru hvött til að grípa til eftirfarandi ráðstafana:

a) að þróa kerfisbundnar aðferðir við eftirlit og mat á landslöggjöf um framkvæmd reglna innri markaðarins til að greina ósamræmi í beitingu þeirra, þ.m.t. með samráði við hagsmunaaðila, endurgjöf frá fyrirliggjandi fyrirkomulagi til úrlausnar vandamála, o.s.frv.,

b) að endurskoða, þar sem því verður við komið, gildandi landsbundnar reglur og stjórnsýsluvenjur til að finna ákvæði sem gætu komið í veg fyrir að borgarar og fyrirtæki nýttu sér tækifæri innri markaðarins til fulls og aðlaga landsbundinn lagaramma þar sem þörf krefur,

1) http://www.ejtn.net/www/en/html/index.htm
2) Evrópska „e-Justice“-upplýsingagáttin tekur til starfa 14. desember 2009.

c) að gera skipulagsráðstafanir til að tryggja að fylgst sé náið með dómaframkvæmd Evrópudómstólsins og meta reglulega í því samhengi hvort landslöggjöf og stjórnsýsluvenjur séu í samræmi við reglur innri markaðarins.

Fyrirliggjandi starfsvenjur í tilteknum aðildarríkjum varðandi ráðstafanirnar sem hafa verið lagðar til	
Mat á framkvæmd	— Skýrslur og úttektir um eftirámat á áhrifum eru útbúnar til að fylgjast með framkvæmd tilskipana um innri markaðinn,
	— Kerfisbundið samráðsferli við hagsmunaaðila er í þróun til að ræða hvernig (og hvort) valdir pakkar innbyrðis tengdra reglna innri markaðarins séu framkvæmdir og hvernig áhrif þær hafi á borgara og fyrirtæki,
Endurskoðun landsreglna og málsmeðferðar	— Ítarleg endirskoðun fer fram á landslöggjöf á sviði frjáls flutnings á vöru og þjónustu,
Áhrif forúrskurða Evrópudómstólsins könnuð	— Landsbundin yfirvöld greina kerfisbundið hvort breyta þurfi landslöggjöf í framhaldi af nýlegum dómum Evrópudómstólsins.

8. RÁÐSTAFANIR TIL AÐ BÆTA UPPLÝSINGAGJÖF TIL BORGARA OG FYRIRTÆKJA UM RÉTTINDI ÞEIRRA Á INNRI MARKAÐINUM

Aðildarríkin eru hvött til að grípa til eftirfarandi ráðstafana:

a) að efla og auka vitund um upplýsingaþjónustu Bandalagsins (1) innan landsbundinna stjórnvalda og utan þeirra á lands-, svæðis- og staðarvísu, í samræmi við vinnu framkvæmdastjórnarinnar, ekki síst í tengslum við stoðþjónustu um málefni innri markaðarins,

b) að tryggja aukna samræmingu milli landsbundinna tengiliða sem bera ábyrgð á upplýsingaþjónustu Bandalagsins,

c) að gera upplýsingar um réttindi og skyldur á innri markaðinum aðgengilegar á öðrum tungumálum og í gegnum vefsetur á Netinu, og færa inn skýrar millivísanir á milli allra viðkomandi landsbundinna gátta og gátta á vegum Bandalagsins þar sem upplýsingar um innri markaðinn er að finna, ekki síst í gegnum gáttina „Þín Evrópa“ (e. „Your Europe“),

d) að skipuleggja upplýsingaherferðir og -áætlanir um ávinning og tækifæri sem felast í innri markaðinum.

Fyrirliggjandi starfsvenjur í tilteknum aðildarríkjum varðandi ráðstafanirnar sem hafa verið lagðar til	
Efling upplýsingaþjónustu Bandalagsins	— Markviss upplýsingamiðlun til hlutaðeigandi hópa hagsmunaaðila fer fram í gegnum Netið, með útgáfu bæklinga og pésa, námskeiðum og upplýsingaherferðum,
Samhæfing upplýsingaþjónustu Bandalagsins á landsvísu	— Samræmingarhópur leiðir saman tengiliði Evópskrar upplýsingaþjónustu (e. Europe Direct), Evrópsks fyrirtækjanets (e. Enterprise Europe Network), Evrópsku réttaraðstoðarinnar (e. Eurojust), Evrópsku neytendamiðstöðvarinnar (e. ECC Net) og kvörtunarnets gegn fjármálaþjónustuaðilum (e. FIN-NET).
Upplýsingar sem auðvelt er að nálgast	— Töluvert magn upplýsinga og ráðgjafar varðandi innri markaðinn er tiltækt fyrir erlenda borgara og fyrirtæki, sem og fyrir ríkisborgara og fyrirtæki sem vilja fara út fyrir landsteinana, í gegnum þverlægar, rafrænar stjórnsýslugáttir, landsbundin vefsetur um málefni Bandalagsins eða sérstök vefsetur ætluð borgurum og fyrirtækjum,
	— Landsbundin upplýsingaveita um innri markaðinn er fyrirhuguð. Hún yrði kostuð af einu stjórnvaldi og viðhaldið af öðrum yfirvöldum sem hlut eiga að máli,
Upplýsingaherferðir	— Unnið er að upplýsingaáætlun um innri markaðinn sem mun fela í sér dreifingu á útgefnu efni, þjálfunarnámskeið og opna fyrirlestra til að upplýsa borgara og fyrirtæki um tækifæri á innri markaðinum.

1) Til dæmis Evrópsk upplýsingaþjónusta, Leiðbeiningaþjónusta fyrir borgara, Þín Evrópa, vinnumiðlunarnet Evrópu, Evrópunet neytendamiðstöðva, Evrópskt fyrirtækjanet.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/51**

frá 20. desember 2007

um breytingu á ákvörðun 2004/407/EB um bráðabirgðareglur varðandi hreinlæti og vottun samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar innflutning á gelatíni til ljósmyndunar frá tilteknum þriðju löndum (*)

(tilkynnt með númeri C(2007) 6487)

(Einungis enski, franski og hollenski textinn hafa lagagildi)

(2008/48/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis ([1]), einkum 4. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 32. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 1774/2002 er lagt bann við innflutningi og umflutningi aukaafurða úr dýrum og unninna afurða inn í Bandalagið nema þær séu leyfðar í samræmi við þá reglugerð.

2) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/407/EB ([2]) er, þrátt fyrir þetta bann í reglugerð (EB) nr. 1774/2002, kveðið á um að Belgía, Frakkland, Lúxemborg, Holland og Breska konungsríkið skuli heimila, í samræmi við þá ákvörðun, innflutning á gelatíni framleiddu úr efni sem inniheldur hryggjarsúlu nautgripa og er flokkað sem efni í 1. flokki samkvæmt þeirri reglugerð, sem er eingöngu ætlað fyrir ljósmyndaiðnaðinn (gelatín til ljósmyndunar).

3) Frakkland hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni að Kodak-verksmiðjan í Châlon-sur-Saône flytji ekki lengur inn gelatín til ljósmyndunar frá Japan og Bandaríkjum Ameríku, í samræmi við ákvörðun 2004/407/EB.

4) Að auki skal fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir dýr og dýraafurðir, sem sett er fram í ákvörðun 2004/407/EB, samrýmd við Traces, samþætta, tölvuvædda upplýsingakerfið um heilbrigði dýra og dýraafurða, sem var innleitt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/292/EB ([3]).

5) Því ber að breyta ákvörðun 2004/407/EB til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2004/407/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„*1. gr.*

Undanþága varðandi innflutning á gelatíni til ljósmyndunar

Þrátt fyrir 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 skulu Belgía, Lúxemborg, Holland og Breska konungsríkið heimila, í samræmi við þessa ákvörðun, innflutning á gelatíni, framleiddu úr efni sem inniheldur hryggjarsúlu nautgripa og er flokkað sem efni í 1. flokki samkvæmt þeirri reglugerð, sem er eingöngu ætlað fyrir ljósmyndaiðnaðinn (gelatín til ljósmyndunar).“

2. Í stað 7. gr. komi eftirfarandi:

„*7. gr.*

Samræmi við þessa ákvörðun í hlutaðeigandi aðildarríki

Viðkomandi aðildarríki skulu þegar í stað gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun þessari og birta þessar ráðstafanir. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 11, 15.1.2008, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2010 frá 11. júní 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 49, 16.9.2010, bls. 1.

([1]) Stjtíð. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1. Reglugerðinni eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1432/2007 (Stjtíð. ESB L 320, 6. 12. 2007, bls. 13).

([2]) Stjtíð ESB L 151, 30.4.2004, bls. 11; leiðrétt í Stjtíð. ESB L 208, 10.6.2004, bls. 9. Ákvörðunin eins og henni var breytt með ákvörðun 2006/311/EB (Stjtíð. ESB L 115, 28.4.2006, bls. 40).

([3]) Stjtíð. ESB L 94, 31.3.2004, bls. 63. Ákvörðunin eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 2005/515/EB (Stjtíð. ESB L 187, 19.7.2005, bls. 29).

3. Ákvæðum I. og III. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. janúar 2008.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Belgíu, Lýðveldisins Frakklands, Stórhertogadæmisins Lúxemborgar, Konungsríkisins Hollands og Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.

Gjört í Brussel 20. desember 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos Kyprianou

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Ákvæðum I. og III. viðauka er breytt sem hér segir:

1. Í stað I. viðauka komi eftirfarandi:

„I. VIÐAUKI

ÞRIÐJU LÖND SEM ERU UPPRUNALÖND, UPPRUNASTÖÐVAR, VIÐTÖKUAÐILDARRÍKI, SKOÐUNARSTÖÐVAR Á LANDAMÆRUM ÞAR SEM VÖRURNAR KOMA FYRST INN Í BANDALAGIÐ OG SAMÞYKKTAR VERKSMIÐJUR FYRIR LJÓSMYNDAVÖRUR

Þriðja land sem er upprunaland	Upprunastöðvar	Viðtökuaðildarríki	Skoðunarstöð á landamærum þar sem vörurnar koma fyrst inn í Bandalagið	Samþykktar verksmiðjur fyrir ljósmyndavörur
Japan	Nitta Gelatin Inc. 2-22 Futamata Yao-City, Osaka 581 – 0024 Japan, Jellie Co. Ltd 7-1, Wakabayashi 2-Chome, Wakabayashi-ku, Sendai-city, Miyagi, 982 Japan, NIPPI Inc. Gelatin Division 1 Yumizawa-Cho Fujinomiya City Shizuoka 418 – 0073 Japan,	Holland	Rotterdam	Fuji Photo Film BV, Tilburg
	Nitta Gelatin Inc. 2-22 Futamata Yao-City, Osaka 581 – 0024 Japan,	Breska konungsríkið	Liverpool Felixstowe	Kodak Ltd Headstone Drive, Harrow, MIDDX HA4 4TY
Bandaríki Ameríku	Eastman Gelatine Corporation, 227 Washington Street, Peabody, MA, 01960 USA,	Lúxemborg	Antwerp Zaventem Luxembourg	DuPont Teijin Luxembourg SA PO Box 1681 L-1016 Luxembourg
	Gelita North America, 2445 Port Neal Industrial Road Sergeant Bluff, Iowa, 51054 USA	Breska konungsríkið	Liverpool Felixstowe	Kodak Ltd Headstone Drive, Harrow, MIDDX HA4 4TY“

2. Í stað III. viðauka komi eftirfarandi:

„III. VIÐAUKI

FYRIRMYNDIR AÐ HEILBRIGÐISVOTTORÐUM VIÐ INNFLUTNING FRÁ ÞRIÐJU LÖNDUM Á TÆKNILEGU GELATÍNI TIL NOTA Í LJÓSMYNDAIÐNAÐI

Athugasemdir

a) Útflutningslandið skal framvísa heilbrigðisvottorðum fyrir dýraafurðir við innflutning á tæknilegu gelatíni til nota í ljósmyndaiðnaði, byggðum á fyrirmyndinni í þessum III. viðauka. Í vottorðunum skulu vera þær yfirlýsingar sem krafist er fyrir viðkomandi þriðja land og eftir atvikum þær viðbótarábyrgðir sem krafist er fyrir það þriðja land sem er útflutningsland eða hluta þess.

b) Frumrit hvers vottorðs skal vera á einu blaði, áprentað báðum megin, eða form þess skal vera þannig, ef textinn þarf að vera lengri, að allar síðurnar myndi hluta af samþættri og órjúfanlegri heild.

c) Það skal vera á a.m.k. einu opinberu tungumáli þess aðildarríkis ESB þar sem skoðunin á landamærastöðinni skal fara fram og á tungumáli viðtökuaðildarríkis ESB. Þessi aðildarríki geta þó heimilað önnur tungumál, ef þörf krefur, ef þeim fylgir opinber þýðing.

d) Ef viðbótarblöð eru fest við vottorðið til auðkenningar á vörum í sendingunni skulu þau teljast hluti af frumriti vottorðsins með undirskrift og stimpli opinbera dýralæknisins á hverri síðu fyrir sig

e) Ef vottorðið, þ.m.t. viðbótareyðublöðin sem um getur í d-lið, er meira en ein síða skal hver síða númeruð – (blaðsíðunúmer) af (heildarsíðufjölda) – neðst, og efst skal vera kóðanúmer vottorðsins sem lögbært yfirvald hefur tilgreint.

f) Opinberi dýralæknirinn skal fylla út frumrit vottorðsins og undirrita það. Með því skulu lögbær yfirvöld útflutningslandsins sjá til þess að farið sé að meginreglum um útgáfu vottorðs sem eru jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 96/93/EB.

g) Undirskrift skal vera í öðrum lit en prentaði textinn. Það sama á við um stimpla nema þeir séu upphleyptir eða séu vatnsmerki.

h) Frumrit vottorðsins skal fylgja sendingunni að skoðunarstöð ESB á landamærum þar til hún kemur til viðtökuverksmiðju fyrir ljósmyndavörur.

HEILBRIGÐISVOTTORÐ

fyrir tæknilegt gelatín, sem ekki er ætlað til manneldis, til nota í ljósmyndaiðnaði og ætlað til sendingar til Evrópubandalagsins

LAND

Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu

I.1. Sendandi Nafn Heimilisfang Símanr.				I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs		I.2.a.	
				I.3. Lögbært stjórnvald			
				I.4. Lögbært staðaryfirvald			
I.5. Viðtakandi Nafn Heimilisfang Póstnúmer Símanr.				I.6.			
I.7. Upprunaland	ISO-kóði	I.8. Upprunasvæði	Kóði	I.9. Viðtökuland	ISO-kóði	I.10. Viðtökusvæði	Kóði
I.11. Upprunastaður Nafn Heimilisfang		Samþykkisnúmer		I.12.			
I.13. Fermingarstaður				I.14. Brottfarardagur			
I.15. Flutningatæki Flugvél ☐ Skip ☐ Járnbrautarvagn ☐ Ökutæki ☐ Annað ☐ Sanngreining Tilvísun í skjöl				I.16. Skoðunarstöð á landamærum við innflutning inn í ESB I.17. CITES-Nr.			
I.18. Lýsing á vöru				I.19. Vörunúmer (ST-kóði)			
				I.20. Magn			
I.21. Hitastig afurðar Umhverfi ☐ Kæld ☐ Frosin ☐				I.22. Fjöldi pakkninga			
I.23. Auðkenni gáms/innsiglisnúmer				I.24. Tegund umbúða			
I.25. Vörur sem eru vottaðar Til tæknilegra nota ☐							
I.26.				I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB ☐			
I.28. Auðkenning vörunnar Tegund (Vísindaheiti)		Samþykkisnúmer starfsstöðva verksmiðja		Nettóþyngd		Númer framleiðslulotu	

LAND **Tæknilegt gelatín, sem ekki er ætlað til manneldis, til nota í ljósmyndaiðnaði**

II. hluti: Vottun

II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

Heilbrigðisvottun

Ég, undirritaður embættismaður, lýsi yfir því að ég hef lesið og skilið reglugerð (EB) nr. 1774/2002 ([1]) og votta að gelatín til ljósmyndunar sem er lýst hér að framan:

II.1. er eingöngu gelatín til nota í ljósmyndaiðnaði og ekki ætlað til notkunar í öðrum tilgangi,

II.2. hefur verið framleitt og geymt í stöð, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, fullgilt og haft umsjón með í samræmi við 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002, þar sem ekki er framleitt gelatín í matvæli, fóður eða til annarra tæknilegra nota, ætlað til sendingar til Evrópubandalagsins,

II.3. hefur verið framleitt úr aukaafurðum úr dýrum í 3. flokki og/eða hryggjarsúlu nautgripa, flokkaðri sem efni í 1. flokki,

II.4. hefur verið sett í innri og ytri umbúðir og geymt og flutt við fullnægjandi skilyrði að því er varðar hollustuhætti,

II.5. hefur verið framleitt með aðferð sem tryggir að hráefnið sé

a) meðhöndlað með vinnsluaðferð 1 ([2]), sem sett er fram í III. kafla V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1774/2002, eða
b) hefur verið
   i. meðhöndlað með sýru í a.m.k. tvo daga, skolað af með vatni og meðhöndlað með basískri lausn í a.m.k. 20 daga; sýrustigið skal aðlagað og efnið hreinsað með síun og dauðhreinsun við 138–140 °C í fjórar sekúndur eða
   ii. meðhöndlað með basa í a.m.k. tvo daga, skolað af með vatni og meðhöndlað með sýrulausn í 10–12 klst; sýrustigið skal aðlagað og efnið hreinsað með síun og dauðhreinsað við 138–140 °C í fjórar sekúndur.

II.6. hefur verið sett í innri og ytri umbúðir sem á stendur „GELATÍN TIL LJÓSMYNDUNAR, EINGÖNGU FYRIR LJÓSMYNDAIÐNAÐINN“.

Athugasemdir

I. hluti:

— Reitur I.5: fyrirhugaður viðtökustaður fyrir gelatín til ljósmyndunar getur einungis verið Lúxemborg, Holland eða Breska konungsríkið.
— Reitur I.19: viðtökuland: gildir einungis fyrir Lúxemborg, Holland eða Breska konungsríkið.
— Reitur I.15: gefa skal upp skráningarnúmer (járnbrautarvagnar eða gámar og vöruflutningabifreiðar), flugnúmer (loftfar) eða heiti (skip), ef til affermingar og umhleðslu kemur.
— Reitur I.23: auðkenni gáms/innsiglisnúmer; aðeins þar sem við á.

II. hluti:

([1]) Stjtíð. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1.

([2]) Aðferð 1 er sem hér segir:

„Smækkun

1. Ef stærð einstakra bita aukaafurða úr dýrum, sem eiga að fara til vinnslu, er yfir 50 millimetrum skal smækka bitana með viðeigandi búnaði sem er stilltur þannig að stærð bita eftir smækkunina verði ekki yfir 50 millimetrum. Kanna skal skilvirkni búnaðarins daglega og ástand hans skal skráð. Ef bitar, sem eru stærri en 50 millimetrar, finnast við skoðun skal vinnsluferlið stöðvað og viðgerð fara fram áður en ferlið er sett af stað á ný.

Tími, hitastig og þrýstingur

2. Að smækkun lokinni skulu aukaafurðirnar úr dýrunum hitaðar þannig að kjarnahitinn verði meiri en 133 °C í a.m.k. 20 mínútur án hlés og þrýstingur (algildur), sem er haldið uppi með mettaðri gufu, sé a.m.k. 3 bör; heimilt er að beita hitameðhöndluninni sem eina ferlinu en hún getur líka verið dauðhreinsunarstig á undan eða eftir vinnslunni.

3. Vinnslan getur farið fram í framleiðslulotum eða í órofnu kerfi.“

— Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en prentaður texti.

— Athugasemd til einstaklingsins sem er ábyrgur fyrir farminum í ESB: þetta vottorð varðar aðeins heilbrigði dýraafurða og verður að fylgja sendingunni frá skoðunarstöð á landamærum þar til hún kemur til viðtökuverksmiðjunnar.

Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður

Nafn (með hástöfum):	Menntun, hæfi og titill:
Dagsetning:	Undirritun:
Stimpill:“	

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS **2013/EES/4/52**

frá 23. júní 2008

um skipun helmings stjórnarmanna í stjórn Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (*)

(2008/486/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ([1]), einkum 1. mgr. 25. gr.,

með hliðsjón af skrá yfir umsækjendur sem framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna lagði fyrir ráðið,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Nauðsynlegt er að tryggja óhæði, vönduð vísindastörf, gagnsæi og skilvirkni Matvælaöryggisstofnunar Evrópu. Samvinna við aðildarríkin er einnig ómissandi.

2) Skipunartíma helmings stjórnarmanna í stjórn Matvælaöryggisstofnunarinnar lýkur 30. júní 2008.

3) Umsóknirnar hafa verið skoðaðar með það í huga að skipa sjö nýja stjórnarmenn á grundvelli þeirra gagna sem framkvæmdastjórnin hefur lagt fram og í ljósi álits Evrópuþingsins. Markmiðið er að tryggja að stjórnarmenn séu afburðahæfir og hafi víðtæka sérfræðikunnáttu á viðeigandi sviðum, t.d. í stjórnun og opinberri stjórnsýslu, og að þeir komi sem víðast að úr Evrópusambandinu.

4) Þrír þessara stjórnarmanna skulu hafa starfað í samtökum sem vinna í þágu neytenda og annarra hagsmunaaðila í matvælaferlinu.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1.gr.

Eftirtaldir skulu skipaðir stjórnarmenn í stjórn Matvælaöryggisstofnunar Evrópu fyrir tímabilið frá 1. júlí 2008 til 30. júní 2012:

— Davies, Sue (*)

— Facelli, Piergiuseppe

— Horst, Matthias (*)

— Pogačnik, Milan

— Ruprich, Jiri

— Turunen, Sinikka (*)

— Url, Bernhard.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 165, 26.6.2008, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2010 frá 11. júní 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 49, 16.9.2010, bls. 3.

([1]) Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1. Reglugerðin eins og henni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 202/2008 (Stjtíð. ESB L 60, 5.3.2008, bls. 17).

(*) Stjórnarmaður sem hefur starfað í samtökum sem vinna í þágu neytenda og annarra hagsmunaaðila í matvælaferlinu.

2. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Lúxemborg 23. júní 2008.

Fyrir hönd ráðsins,

I. Jarc

forseti.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/62/EB 2013/EES/4/53

frá 13. júlí 2009

um flöt til að festa skráningarmerki að aftan á vélknúin ökutæki sem eru á tveimur eða þremur hjólum (*)

(Kerfisbundin útgáfa)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 93/94/EBE frá 29. október 1993 um flöt fyrir aftara skráningarmerki á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum ([3]) hefur verið breytt í veigamiklum atriðum ([4]). Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda tilskipunina.

2) Í tilskipun 93/94/EBE, sem er ein sértilskipananna sem fjalla um EB-gerðarviðurkenningarkerfið sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 92/61/EBE frá 30. júní 1992 um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum en henni var skipt út með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB frá 18. mars 2002 um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum ([5]), er mælt fyrir um tækniforskriftir varðandi hönnun og smíði vélknúinna ökutækja sem eru á tveimur eða þremur hjólum að því er varðar flöt til að festa skráningarmerki að aftan. Þessar tækniforskriftir varða samræmingu laga aðildarríkjanna til að gera kleift að EB-gerðarviðurkenningaraðferðin, sem kveðið er á um í tilskipun 2002/24/EB, eigi við um allar gerðir ökutækja. Af því leiðir að ákvæðin, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2002/24/EB, sem varða kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar í ökutækjum, eiga við um þessa tilskipun.

3) Markmið með þessari tilskipun er ekki að samræma mál skráningarmerkja sem notuð eru í aðildarríkjunum. Aðildarríkin skulu því tryggja að skráningarmerki sem skaga út skapi ekki hættu fyrir notendur, án þess þó að þetta krefjist einhverra breytinga með tilliti til smíði ökutækisins.

4) Þessi tilskipun hefur ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti þeirra til að lögleiða tilskipanirnar, sem tilgreindar eru í B-hluta II. viðauka, í landslög og beita þeim.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Þessi tilskipun gildir um flöt til að festa skráningarmerki að aftan á öllum gerðum vélknúinna ökutækja eins og þau eru skilgreind í 1. gr. tilskipunar 2002/24/EB.

2. gr.

Aðferðin við að veita EB-gerðarviðurkenningu íhlutar að því er varðar flöt til að festa skráningarmerki að aftan fyrir gerð vélknúins ökutækis sem er á tveimur eða þremur hjólum og skilyrðin fyrir frjálsum flutningi slíkra ökutækja skulu vera eins og mælt er fyrir um í II. og III. kafla tilskipunar 2002/24/EB.

3. gr.

Samþykkja skal nauðsynlegar breytingar til að laga kröfurnar í I. viðauka að tækniframförum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 18. gr. tilskipunar 2002/24/EB.

4. gr.

1. Aðildarríkjum er óheimilt af ástæðum sem varða flöt til að festa skráningarmerki að aftan:

– að synja um EB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð vélknúins ökutækis sem er á tveimur eða þremur hjólum,

– að banna að vélknúin ökutæki sem eru á tveimur eða þremur hjólum verði skráð, seld eða tekin í notkun,

ef flöturinn til að festa skráningarmerki að aftan uppfyllir kröfurnar í þessari tilskipun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 198, 30.7.2009, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2010 frá 11. júní 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 49, 16.9.2010, bls. 7.

([1]) Stjtíð. EB C 324, 30.12.2006, bls. 11.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 25. september 2007 (Stjtíð. EB C 219 E, 28.8.2008, bls. 66) og ákvörðun ráðsins frá 22. júní 2009.

([3]) Stjtíð. EB L 311, 14.12.1993, bls. 83.

([4]) Sjá A-hluta II. viðauka.

([5]) Stjtíð. EB L 124, 9.5.2002, bls. 1.

2. Aðildarríkin skulu synja um EB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð vélknúins ökutækis, sem er á tveimur eða þremur hjólum, af ástæðum sem varða flöt til að festa skráningarmerki að aftan, ef kröfunum í þessari tilskipun er ekki fullnægt.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

Tilskipun 93/94/EBE, eins og henni var breytt með tilskipuninni sem er tilgreind í A-hluta II. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti þeirra til að lögleiða tilskipanirnar sem eru tilgreindar í B-hluta II. viðauka í landslög og beita þeim.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í III. viðauka.

6. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2010.

7. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. júlí 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	E. ERLANDSSON
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

1. MÁL

Mál flatar til að festa skráningarmerki að aftan á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum eru sem hér segir:

1.1. **Létt bifhjól og létt fjórhjól án yfirbyggingar**

1.1.1. Breidd: 100 mm,

1.1.2. Hæð: 175 mm,

eða

1.1.3. Breidd: 145 mm,

1.1.4. Hæð: 125 mm.

1.2. **Bifhjól, bifhjól með þremur hjólum upp að 15 kW hámarksafli og fjórhjól, önnur en létt fjórhjól án yfirbyggingar**

1.2.1. Breidd: 280 mm,

1.2.2. Hæð: 210 mm.

1.3. **Bifhjól með þremur hjólum með hámarksafl yfir 15 kW, létt fjórhjól með yfirbyggingu og fjórhjól, önnur en létt fjórhjól með yfirbyggingu**

1.3.1. Ákvæðin um fólksbifreiðar sem sett eru fram í tilskipun ráðsins 70/222/EBE gilda.

2. ALMENN STAÐSETNING

2.1. Flötur til að festa skráningarmerki að aftan skal staðsettur aftan á ökutækinu þannig að:

2.1.1. skráningarmerkið geti verið innan lengdarplana sem liggja í gegnum ystu punkta ökutækisins.

3. HALLI

3.1. Skráningarmerki að aftan:

3.1.1. skal vera hornrétt á lengdarmiðjuplan ökutækisins,

3.1.2. má ekki halla meira frá lóðréttu plani en 30°, þegar ökutækið er án hleðslu og platan með skráningarnúmerinu snýr upp,

3.1.3. má ekki halla meira frá lóðréttu plani en 15°, þegar ökutækið er án hleðslu og platan með skráningarnúmerinu snýr niður.

4. HÁMARKSHÆÐ

4.1. Enginn punktur á fleti til að festa skráningarmerki að aftan má vera meira en 1,5 m fyrir ofan jörðu þegar ökutækið er án hleðslu.


([1]) Ef um er að ræða létt bifhjól á þetta við um öll skráningarmerki/og eða auðkennisplötur.
([2]) Stjtíð. EB L 76, 6.4.1970, bls. 25.

5. LÁGMARKSHÆÐ

5.1. Enginn punktur á fleti til að festa skráningarmerki að aftan skal vera minna en 0,20 m fyrir ofan jörðu eða minna en sem nemur radíus hjóls fyrir ofan jörðu ef hann er minni en 0,20 m, þegar ökutækið er án hleðslu.


6. RÚMFRÆÐILEGUR SÝNILEIKI

6.1. Flöturinn til að festa merkið skal vera sýnilegur innan rýmis sem afmarkast af tveimur rúmhornum: öðru með láréttri brún sem afmarkast af tveimur plönum sem liggja í gegnum efri og neðri láréttar brúnir flatarins til að festa skráningarmerkið, en hornin eru sýnd á mynd 1 miðað við lárétt, hinu með merkjanlegri lóðréttri brún sem afmarkast af tveimur plönum sem liggja sitt í gegnum hvora hlið skráningarmerkisins, en hornin eru sýnd á mynd 2 miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins.



Mynd 1

Horn rúmfræðilegs sýnileika (rúmhorn með láréttri brún)



Mynd 2

Horn rúmfræðilegs sýnileika (rúmhorn með merkjanlegri láréttri brún)

1. viðbætir

Upplýsingaskjal varðandi flöt til að festa skráningarmerki að aftan á gerð vélknúins ökutækis sem er á tveimur eða þremur hjólum

(skal fylgja með umsókn um EB-gerðarviðurkenningu íhlutar ef hún er ekki lögð fram á sama tíma og umsókn um EB-gerðarviðurkenningu ökutækisins)

Raðnúmer (sem umsækjandi tilgreinir):

Með umsókn um EB-gerðarviðurkenningu íhlutar að því er varðar flöt til að festa skráningarmerki að aftan á gerð vélknúins ökutækis sem er á tveimur eða þremur hjólum skulu fylgja upplýsingarnar sem um getur í eftirfarandi liðum A-þáttar 1. hluta II. viðauka við tilskipun ráðsins 2002/24/EB:

– 0.1

– 0.2

– 0.4 til 0.6

– 2.2

– 2.2.1

– 9.6

– 9.6.1.

2. viðbætir

Eb-gerðarviðurkenningarvottorð íhlutar varðandi flöt til að festa skráningarmerki að aftan á gerð vélknúins ökutækis sem er á tveimur eða þremur hjólum

FYRIRMYND

Skýrsla nr. ..... tækniþjónusta ..... dagsetning .....

EB-gerðarviðurkenningarnúmer íhlutar..... Rýmkun nr. .....

1. Vörumerki eða viðskiptaheiti ökutækis .....

2. Gerð ökutækis .....

3. Nafn og heimilisfang framleiðanda .....

.....

4. Nafn og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver) .....

.....

5. Ökutæki lagt fram til prófunar þann .....

6. EB-gerðarviðurkenning íhlutar er veitt/synjað er um EB-gerðarviðurkenningu íhlutar[1].

7. Staður .....

8. Dagsetning .....

9. Undirskrift .....

([1]) Strikið yfir það sem á ekki við.

II. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með breytingum

(sem um getur í 5. gr.)

Tilskipun ráðsins 93/94/EBE	(Stjtíð. EB L 311, 14.12.1993, bls. 83)
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/26/EB	(Stjtíð. EB L 118, 6.5.1999, bls. 32)

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar og beitingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 5. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar	Gildistökudagur
93/94/EBE	30. apríl 1995	1. nóvember 1995
1999/26/EB	31. desember 1999	1. janúar 2000

([1]) Í samræmi við 4. gr. tilskipunar 93/94/EBE:
„Frá [1. maí 1995] mega aðildarríkin ekki, af ástæðum er varða flöt fyrir aftara skráningarmerki, banna að ökutæki sem eru í samræmi við þessa tilskipun séu tekin í notkun í fyrsta sinn.“

([2]) Í samræmi við 2. gr. tilskipunar 1999/26/EB:
„1. Frá og með 1. janúar 2000 er aðildarríkjum óheimilt, af ástæðum er varða flöt fyrir aftara skráningarmerki:
– að synja um EB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis sem er á tveimur eða þremur hjólum,
– að banna að ökutæki, sem eru á tveimur eða þremur hjólum, verði skráð, seld eða tekin í notkun,
ef flöturinn fyrir aftara skráningarmerki er í samræmi við kröfur tilskipunar 93/94/EBE eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

2. Frá og með 1. júlí 2000 skulu aðildarríkin synja um EB-gerðarviðurkenningu fyrir allar gerðir ökutækja, sem eru á tveimur eða þremur hjólum, af ástæðum er varða flötinn fyrir aftara skráningarmerki ef kröfur tilskipunar 93/94/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, eru ekki uppfylltar.“

III. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Tilskipun 93/94/EBE	Tilskipun 1999/26/EB	Þessi tilskipun
1., 2. og 3. gr.		1., 2. og 3. gr.
	1. mgr. 2. gr.	1. mgr. 4. gr.
	2. mgr. 2. gr.	2. mgr. 4. gr.
1. mgr. 4. gr.		—
2. mgr. 4. gr.		3. mgr. 4. gr.
—		5. gr.
—		6. gr.
5. gr.		7. gr.
Viðauki		I. viðauki
—		II. viðauki
—		III. viðauki

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/79/EB 2013/EES/4/54

frá 13. júlí 2009

um handföng fyrir farþega á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur hjólum (*)

(Kerfisbundin útgáfa)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 93/32/EBE frá 14. júní 1993 um handföng fyrir farþega á ökutækjum sem eru á tveimur hjólum ([3]) hefur verið breytt í veigamiklum atriðum ([4]). Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda tilskipunina.

2) Í tilskipun 93/32/EBE, sem er ein sértilskipananna sem fjalla um EB-gerðarviðurkenningarkerfið sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 92/61/EBE frá 30. júní 1992 um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum en henni var skipt út með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB frá 18. mars 2002 um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum ([5]), er mælt fyrir um tækniforskriftir varðandi hönnun og smíði vélknúinna ökutækja sem eru á tveimur hjólum að því er varðar handföng þeirra fyrir farþega. Þessar tækniforskriftir varða samræmingu laga aðildarríkjanna til að gera kleift að EB-gerðarviðurkenningaraðferðin, sem kveðið er á um í tilskipun 2002/24/EB, eigi við um allar gerðir ökutækja. Af því leiðir að ákvæðin, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2002/24/EB, sem varða kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar í ökutækjum, eiga við um þessa tilskipun.

3) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að veita EB-gerðarviðurkenningu íhlutar með tilliti til handfanga fyrir farþega fyrir gerð vélknúins ökutækis sem er á tveimur hjólum, og því verður betur náð á vettvangi Bandalagsins vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

4) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti þeirra til að lögleiða tilskipanirnar, sem tilgreindar eru í B-hluta II. viðauka, í landslög og beita þeim.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun þessi gildir um handföng fyrir farþega á öllum gerðum vélknúinna ökutækja á tveimur hjólum sem tilgreindar eru í 1. gr. tilskipunar 2002/24/EB.

2. gr.

Aðferðin við að veita EB-gerðarviðurkenningu íhlutar með tilliti til handfanga fyrir farþega fyrir gerð vélknúins ökutækis á tveimur hjólum og skilyrði fyrir frjálsum flutningi slíkra ökutækja skulu vera eins og mælt er fyrir um í II. og III. kafla tilskipunar 2002/24/EB.

3. gr.

Samþykkja skal nauðsynlegar breytingar til að laga kröfurnar í I. viðauka að tækniframförum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 18. gr. tilskipunar 2002/24/EB.

4. gr.

1. Aðildarríkjum er óheimilt, af ástæðum er varða handföng fyrir farþega:

– að synja um EB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis sem er á tveimur hjólum eða fyrir gerð handfanga fyrir farþega,

– að banna að vélknúin ökutæki, sem eru á tveimur hjólum, verði skráð, seld eða tekin í notkun eða að handföng fyrir farþega verði seld eða tekin í notkun,

ef handföngin fyrir farþega eru í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 201, 1.8.2009, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2010 frá 11. júní 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 49, 16.9.2010, bls. 7.

([1]) Stjtíð. EB L 234, 30.9.2003, bls. 19.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 25. september 2007 (Stjtíð. EB C 219 E, 28.8.2008, bls. 65) og ákvörðun ráðsins frá 7. júlí 2009.

([3]) Stjtíð. EB L 188, 29.7.1993, bls. 28.

([4]) Sjá A-hluta II. viðauka.

([5]) Stjtíð. EB L 124, 9.5.2002, bls. 1.

2. Aðildarríkin skulu synja um EB-gerðarviðurkenningu fyrir allar gerðir vélknúinna ökutækja, sem eru á tveimur hjólum, af ástæðum sem varða handföng fyrir farþega og fyrir allar gerðir handfanga fyrir farþega, ef kröfur þessarar tilskipunar eru ekki uppfylltar.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

Tilskipun 93/32/EBE, eins og henni var breytt með tilskipuninni sem er tilgreind í A-hluta II. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti þeirra til að lögleiða tilskipanirnar sem eru tilgreindar í B-hluta II. viðauka í landslög og beita þeim.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í III. viðauka.

6. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2010.

7. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. júlí 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	E. ERLANDSSON
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

1. **ALMENNAR KRÖFUR**

Ef gert er ráð fyrir að ökutækið flytji farþega skal það búið handföngum fyrir farþega og skulu þau vera ól, handarhald eða handarhöld.

1.1. **Ól**

Ólin skal fest við sætið eða aðra hluta, sem eru tengdir við grindina, þannig að farþegi geti auðveldlega notað hana. Ólin og festingar hennar skulu hannaðar á þann hátt að þær þoli 2000 N lóðréttan togkraft, sem beitt er í kyrrstöðu á miðja ólina með hámarksþrýstingnum 2 MPa, án þess að hrökkva í sundur.

1.2. **Handarhald**

Ef handarhald er notað skal það vera nálægt hnakknum og samhverft um lengdarmiðjuplan ökutækisins.

Handarhaldið skal hannað á þann hátt að það þoli 2000 N lóðréttan togkraft sem beitt er í kyrrstöðu á miðju handarhaldsins með hámarksþrýstingnum 2 MPa án þess að hrökkva í sundur.

Ef notuð eru tvö handarhöld skal þeim komið fyrir samhverft sitt á hvorri hlið

Handarhöldin skulu hönnuð á þann hátt að þau þoli 1000 N lóðréttan togkraft sem beitt er í kyrrstöðu á miðju handarhaldsins með hámarksþrýstingnum 1 MPa án þess að hrökkva í sundur.

1. viðbætir

Upplýsingaskjal varðandi handföng fyrir farþega á gerð vélknúins ökutækis sem er á tveimur hjólum

(skal fylgja með umsókn um EB-gerðarviðurkenningu íhlutar ef hún er ekki lögð fram á sama tíma og umsókn um EB-gerðarviðurkenningu ökutækisins)

Raðnúmer (sem umsækjandi tilgreinir): .....

Með umsókn um EB-gerðarviðurkenningu íhlutar með tilliti til handfanga fyrir farþega á gerð vélknúins ökutækis sem er á tveimur hjólum skulu fylgja upplýsingarnar sem um getur í eftirfarandi liðum II. viðauka við tilskipun ráðsins 2002/24/EB:

– A-þáttur 1. hluta, liðir:
  – 0.1,
  – 0.2,
  – 0.4 til 0.6
– B-þáttur 1. hluta, liðir:
  – 1.4 til 1.4.2.

2. viðbætir

Heiti yfirvalds

EB-gerðarviðurkenningarvottorð íhlutar varðandi festibúnað fyrir farþega á gerð vélknúins ökutækis sem er á tveimur hjólum

FYRIRMYND

Skýrsla nr. ..... tækniþjónustu ..... dagsetning .....

EB-gerðarviðurkenningarnúmer íhlutar: ..... Rýmkunarnúmer: .....

1. Vörumerki eða viðskiptaheiti ökutækis: .....

2. Gerð ökutækis: .....

3. Heiti og heimilisfang framleiðanda: .....

4. Nafn og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver): .....

5. Ökutæki lagt fram til prófunar þann: .....

6. EB-gerðarviðurkenning íhlutar er veitt/synjað er um EB-gerðarviðurkenningu íhlutar ([1])

7. Staður: .....

8. Dagsetning: .....

9. Undirskrift: .....

1) Strikið yfir það sem á ekki við.

II. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með breytingum

(sem um getur í 5. gr.)

Tilskipun ráðsins 93/32/EBE	(Stjtíð. EB L 188, 29.7.1993, bls. 28).
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/24/EB	(Stjtíð. EB L 104, 21.4.1999, bls. 16).

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar og beitingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 5. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar	Gildistökudagur
93/32/EBE	14. desember 1994	14. júní 1995 (*)
1999/24/EB	31. desember 1999	1. janúar 2000 (**)

(*) Í samræmi við þriðja undirlið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 93/32/EBE:
„Frá þeim degi sem um getur í fyrstu undirgrein mega aðildarríkin ekki, af ástæðum er varða handföng fyrir farþega, banna að ökutæki sem eru í samræmi við þessa tilskipun séu tekin í notkun í fyrsta sinn.“
Fyrrnefnd dagsetning er 14. desember 1994, sjá fyrsta undirlið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 93/32/EBE.

(**) Í samræmi við 2. gr. tilskipunar 1999/24/EB,
„1. Frá og með 1. janúar 2000 er aðildarríkjunum óheimilt, af ástæðum sem varða handföng fyrir farþega:
– að synja um EB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis sem er á tveimur hjólum eða fyrir gerð handfanga fyrir farþega,
– að banna að vélknúin ökutæki, sem eru á tveimur hjólum, verði skráð, seld eða tekin í notkun eða að handföng fyrir farþega verði seld eða tekin í notkun,
ef handföngin fyrir farþega eru í samræmi við kröfur tilskipunar ráðsins 93/32/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.
2. Frá og með 1. júlí 2000 skulu aðildarríkin synja um EB-gerðarviðurkenningu fyrir allar gerðir ökutækja, sem eru á tveimur eða þremur hjólum, af ástæðum er varða handföng fyrir farþega og fyrir allar gerðir handfanga fyrir farþega, ef kröfur tilskipunar 93/32/EBE, eins og henni var breytt með þessari tilskipun, eru ekki uppfylltar.“

III. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Tilskipun 93/32/EBE	Tilskipun 1999/24/EB	Þessi tilskipun
1., 2. og 3. gr.		1., 2. og 3. gr.
1. mgr. 4. gr.		—
	1. mgr. 2. gr.	1. mgr. 4. gr.
	2. mgr. 2. gr.	2. mgr. 4. gr.
2. mgr. 4. gr.		3. mgr. 4. gr.
—		5. gr.
—		6. gr.
5. gr.		
7. gr.		
Viðauki		I. viðauki
1. viðbætir		
1. viðbætir		
2. viðbætir		
2. viðbætir		
—		II. viðauki
—		III. viðauki

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/80/EB 2013/EES/4/55

frá 13. júlí 2009

um merkingu stjórnrofa, gaumljósa og merkjabúnaðar á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum (*)

(Kerfisbundin útgáfa)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 93/29/EBE frá 14. júní 1993 um merkingu stjórnrofa, gaumljósa og merkjabúnaðar á vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum ([3]) hefur verið breytt í veigamiklum atriðum ([4]). Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda tilskipunina.

2) Í tilskipun 93/29/EBE, sem er ein sértilskipananna sem fjalla um EB-gerðarviðurkenningarkerfið sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 92/61/EBE frá 30. júní 1992 um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum en henni var skipt út með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB frá 18. mars 2002 um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum ([5]), er mælt fyrir um tækniforskriftir varðandi hönnun og smíði vélknúinna ökutækja sem eru á tveimur eða þremur hjólum að því er varðar merkingu stjórnrofa, gaumljósa og merkjabúnaðar. Þessar tækniforskriftir varða samræmingu laga aðildarríkjanna til að gera kleift að EB-gerðarviðurkenningaraðferðin, sem kveðið er á um í tilskipun 2002/24/EB, eigi við um allar gerðir ökutækja. Af því leiðir að ákvæðin, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2002/24/EB, sem varða kerfi, íhluti og aðskildar tækieiningar í ökutækjum, eiga við um þessa tilskipun.

3) Í því skyni að auðvelda aðgang að mörkuðum landa sem ekki eru innan Bandalagsins skulu kröfur þessarar tilskipunar og þeirra sem koma fram í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 60 jafngildar.

4) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti þeirra til að lögleiða tilskipanirnar sem tilgreindar eru í B-hluta III. viðauka í landslög og beita þeim.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun þessi gildir um merkingu stjórnrofa, gaumljósa og merkjabúnaðar allra ökutækja sem um getur í 1. gr. tilskipunar 2002/24/EB.

2. gr.

Aðferðin við að veita EB-gerðarviðurkenningu íhlutar að því er varðar merkingu stjórnrofa, gaumljósa og merkjabúnaðar fyrir gerð vélknúins ökutækis sem er á tveimur eða þremur hjólum og skilyrðin fyrir frjálsum flutningi slíkra ökutækja skulu vera eins og mælt er fyrir um í II. og III. kafla tilskipunar 2002/24/EB.

3. gr.

1. Í samræmi við ákvæði 11. gr. tilskipunar 2002/24/EB er jafngildi krafna sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og þeirra krafna sem mælt er fyrir um í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 60 ([6]) hér með viðurkennt.

2. Yfirvöld í aðildarríkjunum sem veita EB-gerðarviðurkenningu íhlutar skulu samþykkja viðurkenningar sem veittar eru í samræmi við kröfur reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu, sem um getur í 1. mgr., svo og gerðarviðurkenningarmerki íhlutar, sem valkost við samsvarandi viðurkenningar sem veittar eru í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 202, 4.8.2009, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2010 frá 11. júní 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 49, 16.9.2010, bls. 7

([1]) Stjtíð. ESB L 325, 30.12.2006, bls. 28.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 19. júní 2007 (Stjtíð. ESB C 146 E, 12.6.2008, bls. 72) og ákvörðun ráðsins frá 7. júlí 2009.

([3]) Stjtíð. EB L 188, 29.7.1993, bls. 1.

([4]) Sjá A-hluta III. viðauka.

([5]) Stjtíð. EB L 124, 9.5.2002, bls. 1.

([6]) E/ECE/TRANS/505 — 59. viðbót

4. gr.

Heimilt er að breyta þessari tilskipun í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 18. gr. tilskipunar 2002/24/EB í því skyni að:

a) taka tillit til breytinga á reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu sem um getur í 3. gr.,

b) aðlaga I. og II. viðauka að tækniframförum.

5. gr.

1. Aðildarríkjum er óheimilt, af ástæðum er varða merkingu stjórnrofa, gaumljósa og merkjabúnaðar:

– að synja um EB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð vélknúinna ökutækja sem eru á tveimur eða þremur hjólum, eða

– að banna að vélknúin ökutæki, sem eru á tveimur eða þremur hjólum, verði skráð, seld eða tekin í notkun,

ef merking stjórnrofa, gaumljósa og merkjabúnaðar uppfyllir kröfurnar í þessari tilskipun.

2. Aðildarríkin skulu synja um EB-gerðarviðurkenningu fyrir nýja gerð vélknúins ökutækis, sem er á tveimur eða þremur hjólum, af ástæðum sem varða merkingu stjórnrofa, gaumljósa og merkjabúnaðar, ef kröfunum í þessari tilskipun er ekki fullnægt.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

6. gr.

Tilskipun 93/29/EBE, eins og henni var breytt með tilskipuninni sem er tilgreind í A-hluta III. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti þeirra til að lögleiða tilskipanirnar, sem eru tilgreindar í B-hluta III. viðauka, í landslög og beita þeim.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í IV. viðauka.

7. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2010.

8. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. júlí 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	E. ERLANDSSON
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

KRÖFUR VARÐANDI EB-GERÐARVIÐURKENNINGU ÍHLUTAR FYRIR ÖKUTÆKI SEM ERU Á TVEIMUR EÐA ÞREMUR HJÓLUM MEÐ TILLITI TIL MERKINGAR STJÓRNROFA, GAUMLJÓSA OG MERKJABÚNAÐAR

1. SKILGREININGAR

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1.1. „stjórnrofi“: sá hluti eða íhluti ökutækis sem ökumaður notar og veldur breytingu á ástandi eða starfsemi ökutækisins eða hluta þess,

1.2. „gaumljós“: merki sem sýnir hvenær búnaður er gangsettur, að hann sé virkur, óeðlilegt ástand eða bilun búnaðar eða að búnaður virki ekki,

1.3. „merkjabúnaður“: búnaður sem gefur upplýsingar um rétta starfsemi eða ástand kerfis eða hluta af kerfi eins og stöðu vökva.

1.4. „tákn“: útlínuteikning sem auðkennir stjórnrofa, gaumljós eða merkjabúnað.

2. KRÖFUR

2.1. **Merkingar**

Þegar stjórnrofar, gaumljós og merkjabúnaður sem um getur í lið 2.1.5 eru sett á ökutæki skulu þau merkt í samræmi við eftirfarandi kröfur.

2.1.1. Táknin skulu vera skýrt aðgreind frá bakgrunninum.

2.1.2. Táknin skulu vera staðsett á stjórnrofanum eða stjórnrofa gaumljóssins til auðkenningar eða mjög nálægt honum. Ef það er ekki mögulegt skal tengja táknið og stjórnrofann, eða gaumljósið, með samfelldu striki sem er eins stutt og mögulegt er.

2.1.3. Háljósker skulu sýnd með samsíða láréttum ljósgeislum og lágljósker með samsíða ljósgeislum sem vísa niður.

2.1.4. Eftirfarandi litir hafa þessa merkingu þegar þeir eru notaðir sem gaumljós:

— rauður : hætta,

— gulur : varúð,

— grænn : í lagi.


Blár er eingöngu fyrir gaumljós háljóskera.

2.1.5. Merking og auðkenning tákna

Mynd 1

Stjórnrofi fyrir aðalljósker — Háljósker


Litur gaumljóss: blár.



Mynd 2

Stjórnrofi fyrir aðalljósker — Lágljósker

Litur gaumljóss: grænn




Mynd 3

Stefnuljós

Athugasemd: ef gaumljós fyrir vinstra og hægra stefnuljós eru aðskilin er einnig heimilt að nota örvarnar tvær, hvora í sínu lagi.

Litur gaumljóss: grænn



Mynd 4

Viðvörunarbúnaður


Tveir möguleikar:

– auðkennandi tákn staðsett hlið við hlið

Litur gaumljóss: rauður

eða


– Virkni stefnuljósa samtímis (báðar örvar á mynd 3).



Mynd 5


Handvirkt innsog

Litur gaumljóss: gulur.



Mynd 6


Hljóðmerkjabúnaður



Mynd 7

Eldsneytisstaða


Litur gaumljóss: gulur.



Mynd 8

Hitastig á kælivökva hreyfils


Litur gaumljóss: rauður.



Mynd 9

Hleðsla rafgeymis


Litur gaumljóss: rauður.



Mynd 10

Smurolía


Litur gaumljóss: rauður.



Mynd 11

Þokuljós að framan (3)


Litur gaumljóss: grænn.



Mynd 12


Þokuljós að aftan (3)

Litur gaumljóss: gulur.




Mynd 13

Stjórnrofi fyrir ræsingu eða stöðvun hreyfils í stöðunni „ekki í notkun“



Mynd 14


Stjórnrofi fyrir ræsingu eða stöðvun hreyfils í stöðunni „í notkun“



Mynd 15

Ljósarofi

Litur gaumljóss: grænn




Mynd 16

Stöðu(hliðar)ljósker

Athugasemd. ef stjórnrofinn er ekki aðskilinn má auðkenna hann með tákninu sem er sýnt á mynd 15.


Litur gaumljóss: grænn



Mynd 17


Merkjabúnaður fyrir „gírkassa í hlutlausum“

Litur gaumljóss: grænn



Mynd 18


Rafræsir



Athugasemdir:
1) Heimilt er að svæðið innan rammans sé litað.
2) Í stað dökka hluta táknsins má vera skuggamynd af því; hvíti hlutinn á þessari skýringamynd getur því verið alveg dökkur.
3) Ef einn stjórnrofi er notaður fyrir þokuljós að framan og aftan skal nota táknið fyrir „þokuljós að framan“.

Viðbætir

Gerð grunnfyrirmynda að táknunum sem um getur í lið 2.1.5



Mynd 1

Grunnfyrirmynd

Grunnfyrirmyndin samanstendur af:

1. grunnferningi með 50 mm hliðar; þessi stærð er jöfn nafnstærðinni „a“ í frumgerðinni,
2. grunnhring sem er 56 mm í þvermál og hefur um það bil sama flatarmál og grunnferningurinn (1),
3. öðrum hring sem er 50 mm í þvermál og er dreginn innan í grunnferningnum (1),
4. öðrum ferningi þar sem hornin snerta grunnhringinn (2) og hliðarnar eru samsíða hliðum grunnferningsins (1),
5. og 6. tveimur ferhyrningum með sama flatarmál og grunnferningurinn (1); þeir liggja hornrétt hvor á annan og skera andstæðar hliðar grunnferningsins samhverft,
7. þriðja ferningnum með hliðar sem ganga í gegnum skurðpunkta grunnferningsins (1) og grunnhringsins (2) og mynda 45° horn við lárétt plan og gefur þannig stærstu láréttu og lóðréttu mál í grunnmynstrinu,
8. óreglulegum átthyrningi sem myndaður er úr línum sem mynda 30° horn við hliðar ferningsins (7).

Grunnfyrirmyndin er lögð á hnitakerfi með lægri hliðina 12,5 mm og fellur saman við grunnferninginn (1).

II. VIÐAUKI

1. viðbætir

Upplýsingaskjal varðandi merkingu stjórnrofa, gaumljósa og merkjabúnaðar á gerð vélknúinna ökutækja sem eru á tveimur eða þremur hjólum

(skal fylgja með umsókn um EB-gerðarviðurkenningu íhlutar ef hún er ekki lögð fram á sama tíma og umsókn um EB-gerðarviðurkenningu ökutækisins)

Raðnúmer (sem umsækjandi tilgreinir):

Með umsókn um EB-gerðarviðurkenningu íhlutar að því er varðar merkingu stjórnrofa, gaumljósa og merkjabúnaðar á gerð vélknúins ökutækis sem er á tveimur eða þremur hjólum skulu fylgja upplýsingarnar sem um getur í eftirfarandi liðum A-þáttar 1. hluta II. viðauka við tilskipun ráðsins 2002/24/EB:

– 0.1,

– 0.2,

– 0.4 til 0.6,

– 9.2.1.

2. viðbætir

Heiti yfirvalds

EB-gerðarviðurkenningarvottorð íhlutar varðandi merkingu stjórnrofa, gaumljósa og merkjabúnaðar á gerð vélknúins ökutækis sem er á tveimur eða þremur hjólum

FYRIRMYND

Skýrsla nr. ..... tækniþjónusta ..... dagsetning: .....

EB-gerðarviðurkenningarnúmer íhlutar: ..... Rýmkun nr.: .....

1. Tegund ökutækis: .....

2. Gerð ökutækis og allar útfærslur og afbrigði: .....

3. Nafn og heimilisfang framleiðanda: .....

4. Nafn og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver): .....

.....

5. Ökutæki lagt fram til prófunar þann: .....

6. EB-gerðarviðurkenning íhlutar er veitt/synjað er um EB-gerðarviðurkenningu íhlutar ([1]) .....

7. Staður: .....

8. Dagsetning: .....

9. Undirskrift: .....

([1]) Strikið yfir það sem á ekki við.

III. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með breytingum

(sem um getur í 6. gr.)

Tilskipun ráðsins 93/29/EBE (Stjtíð. EB L 188, 29.7.1993, bls. 1)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/74/EB (Stjtíð. EB L 300, 29.11.2000, bls. 24)

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar og beitingar í aðildarríkjum

(sem um getur í 6. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar	Gildistökudagur
93/29/EBE	14. desember 1994	14. júní 1995 (*)
2000/74/EB	31. desember 2001	1. janúar 2002 (**)

(*) Í samræmi við þriðja undirlið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 93/29/EBE:
„Frá þeim degi sem um getur í fyrstu undirgrein mega aðildarríkin ekki, af ástæðum er varða merkingu stjórnrofa, gaumljósa og merkjabúnaðar, banna að ökutæki sem eru í samræmi við þessa tilskipun séu tekin í notkun í fyrsta sinn.“
Fyrrnefnd dagsetning er 14. desember 1994, sjá fyrsta undirlið 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 93/29/EBE.

(**) Í samræmi við 2. gr. tilskipunar 2000/74/EB:
„1. Frá og með 1. janúar 2002 er aðildarríkjum óheimilt, af ástæðum er varða merkingu stjórnrofa, gaumljósa og merkjabúnaðar:
– að synja um EB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð vélknúinna ökutækja sem eru á tveimur eða þremur hjólum, eða
– að banna að ökutæki, sem eru á tveimur eða þremur hjólum, verði skráð, seld eða tekin í notkun,
ef merking stjórnrofa, gaumljósa og merkjabúnaðar er í samræmi við kröfur tilskipunar 93/29/EBE eins og henni er breytt með þessari tilskipun.
2. Frá og með 1. júlí 2002 skulu aðildarríkin synja um EB-gerðarviðurkenningu fyrir nýja gerð vélknúins ökutækis, sem er á tveimur eða þremur hjólum, af ástæðum er varða merkingu stjórnrofa, gaumljósa og merkjabúnaðar ef kröfunum í tilskipun 93/29/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, er ekki fullnægt.“

IV. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 93/29/EBE	Tilskipun 2000/74/EB	Þessi tilskipun
1. og 2. gr.		1. og 2. gr.
Fyrsta málsgrein 3. gr.		1. mgr. 3. gr
Önnur málsgrein 3. gr.		2. mgr. 3. gr
Inngangsorð 4. gr.		Inngangsorð 4. gr.
Fyrsti undirliður 4. gr.		a-liður 4. gr.
Annar undirliður 4. gr.		b-liður 4. gr.
1. mgr. 5. gr		—
	1. mgr. 2. gr	1. mgr. 5. gr
	2. mgr. 2. gr	2. mgr. 5. gr
2. mgr. 5. gr		3. mgr. 5. gr
—		6. og 7. gr.
6. gr.		8. gr.
I. og II. viðauki		I. og II. viðauki
—		III. viðauki
—		IV. viðauki

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/63/EB **2013/EES/4/56**

frá 13. júlí 2009

um tiltekna hluta og eiginleika dráttarvéla á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt (*)

(kerfisbundin útgáfa)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 74/151/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi tiltekna hluta og eiginleika landbúnaðardráttarvéla á hjólum ([3]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ([4]). Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda tilskipunina.

2) Í tilskipun 74/151/EBE, sem er ein sértilskipananna sem fjalla um EB-gerðarviðurkenningarkerfið sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum, en henni var skipt út með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB frá 26. maí 2003 um gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvögnum þeirra og útskiptanlegum, dregnum tækjum ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum ([5]), er mælt fyrir um tækniforskriftir varðandi hönnun og smíði dráttarvéla fyrir landbúnað eða skógrækt að því er varðar m.a. leyfilegan hámarksmassa ökutækis með hleðslu, staðsetningu og festingar á skráningarmerki að aftan, geyma fyrir fljótandi eldsneyti, þyngdarklossa, hljóðmerkjabúnað, leyfilegt hljóðstig og útblásturskerfi (hljóðdeyfi). Þessar tækniforskriftir varða samræmingu laga aðildarríkjanna til að gera kleift að EB-gerðarviðurkenningaraðferðin, sem kveðið er á um í tilskipun 2003/37/EB, eigi við um allar gerðir dráttarvéla. Af þessum sökum gilda ákvæðin, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2003/37/EB að því er varðar dráttarvélar fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvagna þeirra og útskiptanleg, dregin tæki ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum, um þessa tilskipun.

3) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti til að taka upp í landslög og beita tilskipununum sem eru tilgreindar í B-hluta VII. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. „Dráttarvél“ (fyrir landbúnað eða skógrækt): vélknúið ökutæki á hjólum eða beltum sem hefur a.m.k. tvo ása og er notagildi þess aðallega fólgið í dráttaraflinu þar sem það er sérstaklega hannað til þess að draga, ýta, flytja eða knýja tiltekin verkfæri, vélar eða eftirvagna til notkunar í landbúnaði eða skógrækt. Heimilt er að útbúa það fyrir farm- og fólksflutninga.

2. Tilskipun þessi gildir eingöngu um dráttarvélar sem skilgreindar eru í 1. mgr. og hafa loftfyllta hjólbarða og eru hannaðar fyrir hámarkshraða á bilinu 6 til 40 km/klst.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 214, 19.8.2009, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2010 frá 11. júní 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 49, 16.9.2010, bls. 9.

([1]) Stjtíð. ESB L 161, 13.7.2007, bls. 36.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 19. júní 2007 (Stjtíð. ESB C 146 E, 12.6.2008, bls. 74) og ákvörðun ráðsins frá 22. júní 2009.

([3]) Stjtíð. EB L 84, 28.3.1974, bls. 25.

([4]) Sjá A-hluta VII. viðauka.

([5]) Stjtíð. ESB L 171, 9.7.2003, bls. 1.

2. gr.

1. Aðildarríkjum er óheimilt að synja um EB-gerðarviðurkenningu eða landsbundna gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar af ástæðum sem varða eftirfarandi hluta og eiginleika ef þeim kröfum sem tilgreindar eru í I. til VI. viðauka er fullnægt:

— leyfilegan hámarksmassa með hleðslu,

— staðsetningu og festingu skráningarmerkja að aftan,

— eldsneytisgeyma,

— þyngdarklossa,

— hljóðmerkjabúnað,

— leyfilegt hljóðstig og útblásturskerfi (hljóðdeyfi).

2. Að því er varðar ökutæki sem eru ekki í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, skulu aðildarríkin, af ástæðum sem varða efnisatriði þessarar tilskipunar:

— hætta að gefa út EB-gerðarviðurkenningu,

— hafa heimild til að synja um landsbundna gerðarviðurkenningu,

3. Að því er varðar ný ökutæki sem eru ekki í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, skulu aðildarríkin, af ástæðum sem varða efnisatriði þessarar tilskipunar:

— líta svo á að samræmisvottorð, sem fylgja nýjum ökutækjum í samræmi við ákvæði tilskipunar 2003/37/EB, gildi ekki lengur að því er varðar 1. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar,

— hafa heimild til að neita að ný ökutæki verði skráð, seld eða tekin í notkun.

3. gr.

Aðildarríkjum er óheimilt að synja um að dráttarvél sé skráð eða banna sölu hennar, að hún sé tekin í notkun eða notuð af ástæðum sem tengjast þeim hlutum eða eiginleikum sem nefndir eru í 1. mgr. 2. gr. ef þeim kröfum sem nefndar eru í I. til VI. viðauka er fullnægt.

4. gr.

Breytingar sem eru nauðsynlegar til þess að laga kröfur I. til VI. viðauka að tækniframförum, að frátöldum þeim sem nefndar eru í lið 1.1 og 1.4.1.2 í VI. viðauka, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 20. gr. tilskipunar 2003/37/EB.

5. gr.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

6. gr.

Tilskipun 74/151/EBE, eins og henni var breytt með tilskipunum sem eru tilgreindar í A-hluta VII. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti til lögleiðingar og beitingar tilskipananna sem eru tilgreindar í B-hluta VII. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í VIII. viðauka.

7. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2010.

8. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. júlí 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	E. ERLANDSSON
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

LEYFILEGUR HÁMARKSMASSI MEÐ HLEÐSLU

1. Lögbærum stjórnvöldum ber að samþykkja þann tæknilega leyfilega hámarksmassa með hleðslu sem gefin er upp af framleiðanda sem leyfilegan hámarksmassi með hleðslu að því tilskildu að:

1.1. niðurstöður þeirra prófana sem yfirvöld gera, einkum þeirra er varða hemla og stýri, séu fullnægjandi,

1.2. leyfilegur hámarksmassi með hleðslu og leyfilegur hámarksmassi á hvern ás sem ræðst af flokki ökutækis fari ekki yfir gildin sem gefin eru í töflu 1.

Tafla 1

Leyfilegur hámarksmassi með hleðslu og leyfilegur hámarksmassi á hvern ás sem ræðst af flokki ökutækis

Ökutækjaflokkur	Fjöldi ása	Leyfilegur hámarksmassi (t)	Leyfilegur hámarksmassi á hvern ás	
			Drifás (t)	Driflaus ás (t)
T1, T2, T4.1	2	18 (með hleðslu)	11,5	10
	3	24 (með hleðslu)	11,5	10
T3	2, 3	0,6 (án hleðslu)	([a])	([a])
T4.3	2, 3, 4	10 (með hleðslu)	([a])	([a])

([a]) Ekki er nauðsynlegt að setja öxultakmarkanir fyrir ökutækjaflokka T3 og T4.3 þar sem þeir hafa samkvæmt skilgreiningu takmörkun á leyfilegum hámarksmassa með hleðslu og/eða massa án hleðslu.

2. Hvernig sem hleðslu dráttarvélarinnar er háttað má ásþyngd á framás ekki vera undir 20% af massa dráttarvélarinnar án hleðslu.

II. VIÐAUKI

1. **STÆRÐ OG LÖGUN FLATAR FYRIR SKRÁNINGARMERKI AÐ AFTAN**

Flöturinn sem skráningarmerkjunum er komið fyrir á skal mynda slétt eða því sem næst slétt, rétthyrnt yfirborð með eftirfarandi lágmarksmálum:

— lengd: 255 eða 520 mm,

— hæð: 165 eða 120 mm,

Við val skal taka mið af þeim málum sem gilda í viðtökuaðildarríkjunum.

2. **STAÐSETNING FLATAR SEM SKRÁNINGARMERKI ERU FEST Á**

Flöturinn sem skráningarmerkjunum er komið fyrir á skal vera þannig að eftir að skráningarmerkin hafa verið fest á réttan hátt fullnægi þau eftirfarandi kröfum:

2.1. **Staðsetning skráningarmerkis með tilliti til breiddar**

Miðpunktur skráningarmerkisins má ekki vera lengra til hægri en samhverfuplan dráttarvélarinnar.

Vinstri brún skráningarmerkisins má ekki vera staðsett lengra til vinstri en lóðrétt plan sem liggur samsíða samhverfuplani dráttarvélarinnar og snertir punktinn þar sem þversnið hennar er breiðast.

2.2. **Staðsetning skráningarmerkja með tilliti til samhverfuplans dráttarvélarinnar á langveginn**

Skráningarmerkið á að vera hornrétt eða því sem næst hornrétt á samhverfuplan dráttarvélarinnar.

2.3. **Staðsetning skráningarmerkja með tilliti til lóðrétta plansins**

Skráningarmerkið á að vera lóðrétt með 5° vikmörkum. Þar sem lögun dráttarvélarinnar krefst þess má halla því frá lóðréttri stöðu:

2.3.1. þó ekki meira en 30° þegar flöturinn með skráningarmerkinu hallast upp á við, að því tilskildu að efri brún skráningarmerkisins sé ekki í meiri hæð en 1,20 metra frá jörðu.

2.3.2. þó ekki meira en 15° þegar flöturinn með skráningarmerkinu hallast niður á við, að því tilskildu að efri brún skráningarmerkisins sé í meiri hæð en 1,20 metra frá jörðu.

2.4. **Hæð skráningarmerkis frá jörðu**

Neðri brún skráningarmerkisins skal vera í a.m.k. 0,30 metra hæð frá jörðu. Hæð efri brúnar skráningarmerkisins frá jörðu má ekki vera meiri en 4,0 metrar.

2.5. **Ákvörðun hæðar skráningarmerkis frá jörðu**

Hæðin sem gefin er upp í liðum 2.3 og 2.4. skal mæld á meðan dráttarvélin er óhlaðin.

III. VIÐAUKI

GEYMAR FYRIR FLJÓTANDI ELDSNEYTI

1. Eldsneytisgeymar verða að vera tæringarþolnir. Þeir þurfa að standast lekaprófanir sem framkvæmdar eru af framleiðanda við þrýsting sem jafngildir tvöföldum vinnuþrýstingi, þó aldrei við minni þrýsting en 0,3 bör. Allan umframþrýsting eða þrýsting sem fer yfir vinnuþrýsting þarf að jafna með hentugum búnaði (ventlum, öryggislokum, o.s.frv.) Ventlana þarf að hanna þannig að þeir komi í veg fyrir eldhættu. Eldsneytið má ekki komast út um lok eldsneytisgeymisins eða í gegnum þann búnað sem á að jafna umframþrýsting jafnvel þótt geymirinn snúist á hvolf. Leyfilegt er að dropi úr geyminum.

2. Eldsneytisgeymum ber að koma þannig fyrir að þeir séu varðir fyrir afleiðingum af höggum á fram- eða afturhluta dráttarvélarinnar. Engir útstæðir hlutar, skarpar brúnir o.þ.h. skulu vera nálægt geymunum.

   Koma skal eldsneytisskömmtunarleiðslum og áfyllingaropi fyrir utan við stýrishúsið.

IV. VIÐAUKI

ÞYNGDARKLOSSAR

Ef búa á dráttarvél þyngdarklossum, til að fullnægja öðrum ákvæðum vegna EB-gerðarviðurkenningar, eiga slíkir þyngdarklossar að koma frá framleiðanda dráttarvélarinnar, vera ætlaðir til að festa þá við dráttarvélina og á þeim skal vera merki framleiðandans og uppgefin þyngd þeirra í kílóum með ± 5% nákvæmni. Þyngdarklossar að framan, sem eru hannaðir til þess að verða áfestir eða teknir af margsinnis, skulu hafa a.m.k. 25 mm öryggisbil við handföngin. Festa ber þyngdarklossana með þeim hætti að þeir losni ekki fyrir slysni (t.d. ef dráttarvélin veltur).

V. VIÐAUKI

HLJÓÐMERKJABÚNAÐUR

1. Hljóðmerkjabúnaður verður að bera EB-viðurkenningarmerki sem tilskipun ráðsins 70/388/EBE frá 27. júlí 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um hljóðmerkjabúnað vélknúinna ökutækja ([1]) mælir fyrir um.

2. **Eiginleikar hljóðmerkjabúnaðar á dráttarvélum**

2.1. Hljóðprófanir

Þegar dráttarvél er gerðarviðurkennd skulu eiginleikar viðvörunarbúnaðar þeirrar gerðar prófaðir á eftirfarandi hátt:

2.1.1. Þegar búnaðinum er komið fyrir í dráttarvélinni skal mæla hljóðþrýstistigið 7 metrum fyrir framan dráttarvélina, á eins opnum og sléttum stað og mögulegt er. Stöðva skal hreyfil dráttarvélarinnar. Spennan á að vera sú sem nefnd er í lið 1.2.1. í I. viðauka tilskipunar 70/388/EBE.

2.1.2. Mælingar skulu framkvæmdar með „A“ hljóðstigsmælingarstaðli Alþjóðaraftæknineфndarinnar (IEC).

2.1.3. Hámarkshljóðþrýstistig skal ákvarðað í 0,5 og 1,5 metra hæð frá jörðu.

2.1.4. Hámarkshljóðþrýstistig skal vera lægst 93 dB (A) og hæst 112 dB (A).

([1]) Stjtíð. EB L 176, 10.8.1970, bls. 12.

VI. VIÐAUKI

1. **LEYFILEGT HLJÓÐSTIG**

1.1. **Mörk**

Hljóðstig dráttarvéla sem um getur í 1. gr. þessarar tilskipunar má ekki fara yfir eftirfarandi mörk þegar mælt er samkvæmt skilyrðunum sem tilgreind eru í viðauka þessum:

— 89 dB (A) fyrir dráttarvélar sem vega yfir 1,5 tonn án hleðslu,

— 85 dB (A) fyrir dráttarvélar sem vega innan við 1,5 tonn án hleðslu.

1.2. **Mælitæki**

Mæla skal hávaða frá dráttarvélum með hljóðstigsmæli af þeirri gerð sem lýst er í 1. útgáfu (1965) af riti nr. 179 frá Alþjóðaraftækninefndinni.

1.3. **Skilyrði við mælingu**

Mælingar skulu gerðar á óhlöðnum dráttarvélum á svæði sem er nægilega hávaðalaust og víðáttumikið (hávaði frá umhverfinu og veðurhljóð skulu vera a.m.k. 10 dB (A) lægri en hávaðinn sem verið er að mæla).

Hentugt svæði gæti t.d. verið opið svæði með 50 m radíus þar sem í miðju er tiltölulega slétt svæði með a.m.k. 20 m radíus og þar sem yfirborðið er steypt eða malbikað og ekki hávaxið gras, laus mold, aska né lausamjöll.

Yfirborð prófunarbrautarinnar skal vera þannig að ekki verði óþarfa hávaði af hjólbörðunum. Þetta skilyrði gildir einungis þegar verið er að prófa hávaða frá dráttarvélum á ferð.

Mælingar skulu gerðar í lygnu og góðu veðri. Enginn má vera í nánd við dráttarvélina eða hljóðnemann nema mælingarmaðurinn af því að návist áhorfenda við dráttarvélina eða hljóðnemann getur haft umtalsverð áhrif á mælingarnar. Ekki ber að taka mark á stórum sveiflum í mælingum sem virðast vera án tengsla við hljóðstigið almennt.

1.4. **Aðferð við mælingu**

1.4.1. Mæling á hávaða frá dráttarvélum á ferð (fyrir gerðarviðurkenningu).

Gera skal mælingar a.m.k. tvisvar, báðum megin við dráttarvélina. Heimilt er að gera undirbúningsmælingar til að stilla tækin en þær mælingar teljast ekki marktækar.

Setja skal upp hljóðnema 1,2 m frá jörðu og 7,5 m frá miðlínu dráttarvélar, CC, þar sem fjarlægðin er mæld hornrétt á þá línu, PP' (mynd 1).

Merkja skal tvær línur á prófunarbrautina, AA' og BB', samsíða línu PP', 10 m fyrir framan og 10 m fyrir aftan hana. Aka skal dráttarvél að línu AA' með jöfnum hraða eins og lýst er hér á eftir. Þá skal inngjöf eldsneytis aukin eins mikið og hratt og framast er unnt, og haldið þannig áfram þar til aftasti hluti dráttarvélarinnar ([1]) fer yfir línu BB'; þá er aftur dregið úr eldsneytisgjöf eins hratt og unnt er.

Niðurstaða mælingarinnar er hæsta hljóðstigið sem mælist.

1.4.1.1 Prófunarhraðinn á að vera þrír fjórðu af hámarkshraða í hæsta gír sem notaður er í akstri á vegi.

1.4.1.2 Túlkun niðurstaðna


1.4.1.2.1. Með hliðsjón af hugsanlegri ónákvæmni í mælitækjunum skal lækka útkomuna úr hverri mælingu um 1 dB (A).

1.4.1.2.2. Mælingar teljast gildar ef munurinn á tveimur mælingum í röð, sömu megin við dráttarvél, er ekki meiri en 2 dB (A).

1.4.1.2.3. Niðurstaða mælinganna er hæsta hljóðstigið sem mælist. Ef niðurstaðan er meira en 1 dB (A) hærri en mesta leyfilega hljóðstig fyrir þann flokk dráttarvéla sem verið er að prófa skal endurtaka mælingar tvisvar. Í þremur af þessum fjórum skiptum skal útkoman vera innan tilgreindra marka.

([1]) Ef dráttarvél hefur eftirvagn ber ekki að taka tillit til hans við ákvörðun um hvenær ökutæki fer yfir línu BB'.

Mælingar á hávaða frá dráttarvélum á ferð



Mynd 1

1.4.2. Mælingar á hávaða frá kyrrstæðri dráttarvél (ekki krafist við gerðarviðurkenningu, en verður að skrá).

1.4.2.1 Staðsetning hljóðstigsmælis

Gera skal mælingar frá punkti X (eins og sýnt er í mynd 2) í 7 m fjarlægð frá þeim punkti dráttarvélarinnar sem næstur er.

Setja skal upp hljóðnema í 1,2 m hæð frá jörðu.

1.4.2.2 Fjöldi mælinga

Gera skal a.m.k. tvær mælingar.

1.4.2.3 Prófunarskilyrði

Í dráttarvél sem hefur ekki hraðatakmarkara skal láta hreyfilinn snúast á þremur fjórðu af þeim snúningshraða sem, samkvæmt upplýsingum framleiðandans, er hámarksafl hans. Mæla ber snúningshraða hreyfilsins með utanaðkomandi búnaði, t.d. rúllupalli og snúningshraðamæli. Ef hreyfillinn hefur takmarkara sem takmarkar snúningshraða hans við hámarksafl skal hann látinn ganga á þeim hámarkshraða sem takmarkarinn leyfir.

Áður en mæling er gerð skal láta hreyfilinn ná eðlilegu hitastigi við notkun.

1.4.2.4 Túlkun niðurstaðna


Allar mælingar á hljóðstigi skulu skráðar í skýrsluna.

Einnig ber að sýna þá aðferð sem notuð er til að reikna hreyfilafl, ef unnt er. Taka skal fram hvort dráttarvél var hlaðin eða ekki.

Mælingar teljast gildar ef munurinn á tveimur mælingum í röð, sömu megin við dráttarvélina, er ekki meiri en 2 dB (A).

Niðurstaða mælingarinnar er hæsta hljóðstigið sem mælist.

Mælingar á hávaða frá kyrrstæðum dráttarvélum



Mynd 2

2. **ÚTBLÁSTURSKERFI (HLJÓÐDEYFIR)**

2.1. Hafi dráttarvél búnað til að deyfa hávaðann frá útblásturskerfinu (hljóðdeyfi) skulu kröfurnar í 2. lið gilda. Ef nauðsynlegt er að hafa loftsíu við loftinntak hreyfilsins til að tryggja að hljóðstig sé innan leyfilegra marka, telst sían vera hluti af hljóðdeyfinum og kröfurnar í 2. lið gilda einnig um hana.

Staðsetja skal útblástursrörið þannig að útblástursloftið geti ekki komist inn í stýrishúsið.

2.2. Teikning af útblásturskerfinu skal fylgja gerðarviðurkenningarvottorði dráttarvélarinnar.

2.3. Hljóðdeyfir skal hafa auðkenni sem sýna tegund og gerð hans og eru auðlæsileg og óafmáanleg.

2.4. Einungis er heimilt að nota íseygt trefjaefni við gerð hljóðdeyfa ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

2.4.1. Íseygt trefjaefni er ekki haft í þeim hlutum hljóðdeyfisins sem lofttegundir fara í gegnum.

2.4.2. Notaður er búnaður sem tryggir að íseygt trefjaefni færist ekki úr stað allan þann tíma sem hljóðdeyfirinn er í notkun.

2.4.3. Íseygt trefjaefni skal þola hita sem er a.m.k. 20% meiri en hugsanlegt er við notkun í þeim hlutum hljóðdeyfisins þar sem efnið er haft.

VII. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelldar tilskipanir með áorðnum breytingum (sem um getur í 6. gr.)

(sem um getur í 6. gr.)

Tilskipun ráðsins 74/151/EBE (Stjtíð. EB L 84, 28.3.1974, bls. 25).	
Tilskipun ráðsins 82/890/EBE (Stjtíð. EB L 378, 31.12.1982, bls. 45).	Einungis að því er varðar tilvísanir í tilskipun 74/151/EBE í 1. mgr. 1. gr.
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 88/410/EBE (Stjtíð. EB L 200, 26.7.1988, bls. 27).	
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB (Stjtíð. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24).	Einungis tilvísanir í tilskipun 74/151/EBE í fyrsta undirlið 1. gr.
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/38/EB (Stjtíð. EB L 170, 16.6.1998, bls. 13).	
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/26/EB (Stjtíð. ESB L 65, 7.3.2006, bls. 22).	Aðeins 1. gr.

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar og beitingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 6. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar	Gildistökudagur
74/151/EBE	8. september 1975	—
82/890/EBE	22. júní 1984	—
88/410/EBE	30. september 1988 ([1])	—
97/54/EB	22. september 1998	23. september 1998
98/38/EB	30. apríl 1999 ([2])	—
2006/26/EB	31. desember 2006 ([3])	—

([1]) Samkvæmt 2. gr. tilskipunar 88/410/EBE:
„1. Frá 1. október 1988 er aðildarríkjunum óheimilt að:
— neita að veita gerðum dráttarvéla EBE-gerðarviðurkenningu eða neita að gefa út skjalið sem um getur í síðasta undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE eða að veita innlenda gerðarviðurkenningu, eða
— banna að dráttarvélar séu teknar í notkun,
ef eldsneytisgeymar fyrir fljótandi eldsneyti, þyngdarklossar og leyfilegt hljóðstig þessarar gerðar dráttarvélar eða dráttarvéla er í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.
2. Frá 1. október 1989 er aðildarríkjunum:
— óheimilt að gefa lengur út skjalið sem um getur í síðasta undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE vegna gerðar dráttarvélar, ef eldsneytisgeymar fyrir fljótandi eldsneyti, þyngdarklossar og leyfilegt hljóðstig hennar er ekki í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar,
— heimilt að neita að veita gerð dráttarvélar innlenda gerðarviðurkenningu ef eldsneytisgeymar, þyngdarklossar og leyfilegt hljóðstig hennar er ekki í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.“

([2]) Samkvæmt 2. gr. tilskipunar 98/38/EB:
„1. Frá 1. maí 1999 er aðildarríkjum óheimilt:
— að synja um EB-gerðarviðurkenningu, útgáfu skjalsins sem um getur í síðasta undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar, eða
— að banna að dráttarvélar séu teknar í notkun,
ef þær uppfylla kröfur tilskipunar 74/151/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.
2. Frá 1. október 1999 mega aðildarríkin:
— ekki lengur gefa út skjalið sem um getur í síðasta undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE fyrir gerð dráttarvélar sem uppfyllir ekki kröfur tilskipunar 74/151/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun,
— synja um innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar ef hún uppfyllir ekki kröfur tilskipunar 74/151/EBE, eins og henni var breytt með þessari tilskipun.“

([3]) Samkvæmt 5. gr. tilskipunar 2006/26/EB:

„1. Að því er varðar ökutæki sem eru í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipunum 74/151/EBE, 78/933/EBE, 77/311/EBE og 89/173/EBE, eins og þeim var breytt með þessari tilskipun, skulu aðildarríkin ekki, frá og með 1. janúar 2007, af ástæðum sem varða efnisatriði hlutaðeigandi tilskipunar:

a) synja um EB-gerðarviðurkenningu eða veitingu innlendrar gerðarviðurkenningar,

b) banna að téð ökutæki verði skráð, seld eða tekin í notkun.

2. Að því er varðar ökutæki sem eru ekki í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipunum 74/151/EBE, 78/933/EBE, 77/311/EBE og 89/173/EBE, eins og þeim var breytt með þessari tilskipun, skulu aðildarríkin, frá og með 1. júlí 2007, af ástæðum sem varða efnisatriði viðkomanditilskipunar:

a) hætta að veita EB-gerðarviðurkenningu,

b) hafa heimild til að synja um innlenda gerðarviðurkenningu.

3. Að því er varðar ökutæki sem eru ekki í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipunum 74/151/EBE, 78/933/EBE, 77/311/EBE og 89/173/EBE, eins og þeim var breytt með þessari tilskipun, skulu aðildarríkin, frá og með 1. júlí 2009, af ástæðum sem varða efnisatriði hlutaðeigandi tilskipunar:

a) líta svo á að samræmisvottorð, sem fylgja nýjum ökutækjum í samræmi við ákvæði tilskipunar 2003/37/EB, gildi ekki lengur að því er varðar 1. mgr. 7. gr.,

b) hafa heimild til að neita að ný ökutæki verði skráð, seld eða tekin í notkun.“

VIII. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Tilskipun 74/151/EBE	Tilskipun 2006/26/EB	Þessi tilskipun
1. gr.		1. gr.
1. mgr. 2. gr.		1. mgr. 2. gr.
	2. mgr. 5. gr.	2. mgr. 2. gr.
	3. mgr. 5. gr.	3. mgr. 2. gr.
3. gr.		3. gr.
4. gr.		4. gr.
1. mgr. 5. gr.		—
2. mgr. 5. gr.		5. gr.
—		6. gr.
—		7. gr.
6. gr.		8. gr.
I. til VI. viðauki		I. til VI. viðauki
—		VII. viðauki
—		VIII. viðauki

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/66/EB

2013/EES/4/57

frá 13. júlí 2009

um stýrisbúnað dráttarvéla á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt (*)

(Kerfisbundin útgáfa)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 75/321/EBE frá 20. maí 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi stýrisbúnað landbúnaðardráttarvéla á hjólum ([3]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ([4]). Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda tilskipunina.

2) Í tilskipun 75/321/EBE, sem er ein sértilskipananna sem fjalla um EB-gerðarviðurkenningarkerfið sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum, en henni var skipt út með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB frá 26. maí 2003 um gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvögnum þeirra og útskiptanlegum, dregnum tækjum ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum ([5]), er mælt fyrir um tækniforskriftir varðandi hönnun og smíði dráttarvéla á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt að því er varðar stýrisbúnað. Þessar tækniforskriftir varða samræmingu laga aðildarríkjanna til að gera kleift að EB-gerðarviðurkenningaraðferðin, sem kveðið er á um í tilskipun 2003/37/EB, eigi við um allar gerðir dráttarvéla. Af þessum sökum gilda ákvæðin, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2003/37/EB að því er varðar dráttarvélar fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvagna þeirra og útskiptanleg, dregin tæki ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum, um þessa tilskipun.

3) Þessi tilskipun hefur ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti þeirra til að lögleiða tilskipanirnar sem tilgreindar eru í B-hluta II. viðauka í landslög og beita þeim.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. „Dráttarvél“ (fyrir landbúnað eða skógrækt): vélknúið ökutæki á hjólum eða beltum sem hefur a.m.k. tvo ása og er notagildi þess aðallega fólgið í dráttaraflinu þar sem það er sérstaklega hannað til þess að draga, ýta, flytja eða knýja tiltekin verkfæri, vélar eða eftirvagna til notkunar í landbúnaði eða skógrækt. Heimilt er að útbúa það fyrir farm- og fólksflutninga.

2. Tilskipun þessi gildir eingöngu um dráttarvélar sem skilgreindar eru í 1. mgr. og hafa loftfyllta hjólbarða, og hámarkshönnunarhraða á bilinu 6 til 40 km/klst.

2. gr.

1. Aðildarríkjum er óheimilt að synja um EB-gerðarviðurkenningu, útgáfu skjalsins sem um getur í u-lið 2. gr. tilskipunar 2003/37/EB eða landsbundna gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar af ástæðum sem varða stýrisbúnað þeirra ef hann uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í I. viðauka.

2. Aðildarríkjum er ekki lengur heimilt að gefa út skjalið sem um getur í u-lið 2. gr. tilskipunar 2003/37/EB fyrir gerð dráttarvélar sem uppfyllir ekki kröfur þessarar tilskipunar,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 201, 1.8.2009, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2010 frá 11. júní 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 49, 16.9.2010, bls. 9.

([1]) Stjtíð. ESB C 161, 13.7.2007, bls. 38.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 19. júní 2007 (Stjtíð. ESB C 146 E, 12.6.2008, bls. 73) og ákvörðun ráðsins frá 22. júní 2009.

([3]) Stjtíð. EB L 147, 9.6.1975, bls. 19.

([4]) Sjá A-hluta II. viðauka.

([5]) Stjtíð. ESB L 171, 9.7.2003, bls. 1.

Aðildarríkjum er heimilt að synja um landsbundna gerðarviðurkenningu að því er varðar gerð dráttarvélar ef hún uppfyllir ekki kröfur þessarar tilskipunar.

3. gr.

Aðildarríkjum er óheimilt að synja um að dráttarvél sé skráð eða að banna sölu hennar, að hún sé tekin í notkun eða notuð af ástæðum sem tengjast stýrisbúnaði, ef þeim kröfum sem settar eru fram í I. viðauka er fullnægt.

4. gr.

Samþykkja skal nauðsynlegar breytingar til að laga kröfurnar í I. viðauka að tækniframförum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 20. gr. tilskipunar 2003/37/EB.

5. gr.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

6. gr.

Tilskipun 75/321/EBE, eins og henni var breytt með tilskipununum sem eru tilgreindar í A-hluta II. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti til lögleiðingar og beitingar tilskipananna sem eru tilgreindar í B-hluta II. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í III. viðauka.

7. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2010.

8. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel, 13. júlí 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	E. ERLANDSSON
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

1. SKILGREININGAR

1.1. **„Stýrisbúnaður“**

„Stýrisbúnaður“: allur sá búnaður sem gerir kleift að breyta akstursstefnu dráttarvélarinnar.

Til stýrisbúnaðar getur talist:

— stýrishjól,

— stýrisvél,

— stýrð hjól,

sérstakur búnaður til að framleiða viðbótarafl eða sjálfstætt afl, ef við á.

1.1.1. *Stýrishjól*

„Stýrishjól“: sá hluti sem ökumaður notar til að stýra dráttarvélinni.

1.1.2. *Stýrisvél*

„Stýrisvél“: allir íhlutir á milli stýrishjóls og stýrðra hjóla, að undanskildum þeim sérstaka búnaði sem um getur í lið 1.1.4. Stýrisvélin getur verið aflvél, vökvaknúin, loftknúin eða rafknúin, eða sambland af þessu.

1.1.3. *Stýrð hjól*

„Stýrð hjól“:

— hjól sem breyta má stefnu á, beint eða óbeint, miðað við stefnu dráttarvélarinnar til þess að breyta akstursstefnu hennar,

— öll hjól dráttarvélar með eftirvagn (-vagna),

— hjól á sama ási sem breyta má hraða á til þess að breyta akstursstefnu dráttarvélarinnar,

Sporgöngusmáhjól teljast ekki til stýrðra hjóla.

1.1.4. *Sérstakur búnaður*

„Sérstakur búnaður“: sá hluti stýrisbúnaðar sem framleiðir viðbótarafl eða sjálfstætt afl. Viðbótarafl eða sjálfstætt afl má framleiða með hvaða aflrænu kerfi, vökvakerfi, loftkerfi eða rafkerfi sem er, eða samblandi af þessu (t.d. með olíudælu, loftdælu eða rafgeymi, o.s.frv.).

1.2. **„Ólíkar gerðir stýrisbúnaðar“**

1.2.1. Það ræðst af aflgjafa, sem nauðsynlegur er fyrir stefnubreytingu stýrðra hjóla, hverja af eftirfarandi gerðum stýrisbúnaðar um er að ræða:

1.2.1.1. *Handvirkur stýrisbúnaður,* þar sem stýrisafl fæst eingöngu með vöðvaafli ökumanns,

1.2.1.2. *Stýrisbúnaður með hjálparafli*, þar sem stýrisafl fæst bæði með vöðvaafli ökumanns og þeim sérstaka búnaði sem skilgreindur er í lið 1.1.4,

Stýrisbúnaður þar sem stýrisafl fæst venjulega eingöngu með þeim sérstaka búnaði sem um getur í lið 1.1.4, en hægt er að nota vöðvaafl ökumanns til þess að stýra ef sérstaki búnaðurinn bilar telst vera „stýrisbúnaður með hjálparafli.“

1.2.1.3. *Sjálfstýribúnaður* þar sem stýrisafl fæst eingöngu með þeim sérstaka búnaði sem skilgreindur er í lið 1.1.4.

1.3. **Stýriskraftur**

„Stýriskraftur“ sá kraftur sem ökumaður beitir á stýrishjól til þess að stýra dráttarvélinni.

2. KRÖFUR UM SMÍÐI, UPPSETNINGU OG EFTIRLIT

2.1. **Almennar kröfur**

2.1.1. Stýrisbúnaður verður að tryggja auðvelda og örugga stýringu dráttarvélar og verður að standast sértæku kröfurnar sem settar eru fram í lið 2.2.

2.2. **Sértækar kröfur**

2.2.1. *Stýrishjól*

2.2.1.1. Stýrishjólið skal vera auðvelt í notkun og verður að veita gott grip. Það skal vera hannað á þann hátt að stefnubreyting verði jöfn. Stefna stýrishjóls verður að svara til þeirrar stefnu dráttarvélarinnar sem ætlunin er að aka í.

2.2.1.2. Stýriskraftur, sem nauðsynlegur er til að breyta stefnu dráttarvélar úr beinum akstri yfir í beygjuhring með 12 m radíus, má hvergi á beygjuferlinum fara yfir 25 daN. Ef stýrisbúnaðurinn er með hjálparafli, sem er ekki tengdur við annan búnað má stýriskrafturinn ekki fara yfir 60 daN (þegar hjálparaflgjafinn er frátengdur).

2.2.1.3. Eftirlit með kröfunum í lið 2.2.1.2 er framkvæmt þannig að dráttarvélin er látin keyra í spíral á 10 km hraða á klst. úr beinum akstri, á þurrum, sléttum vegi þar sem hjólbarðar ná góðu veggripi. Stýriskraftur á stýrishjól er skráður þegar hann nær þeirri stöðu sem svarar til þess að dráttarvélin aki í beygjuhring með 12 m radíus. Tímalengd stefnubreytingarinnar (tíminn sem líður frá því að fyrst er lagt á stýrishjólið og þar til mælingin er gerð) má ekki fara yfir fimm sekúndur í venjulegum tilfellum og átta sekúndur ef sérstaki búnaðurinn bregst. Ein stefnubreyting skal gerð til vinstri og ein til hægri.

Í prófuninni skal dráttarvélin vera hlaðin tæknilega leyfilegri hámarksþyngd. Þrýstingur í hjólbörðum og skipting þyngdar milli ása verður að samrýmast fyrirmælum framleiðandans.

2.2.2. *Stýrisvél*

2.2.2.1. Stýrisbúnaðurinn má hvorki hafa rafknúna né einungis loftknúna stýrisvél.

2.2.2.2. Stýrisvélin verður að vera hönnuð þannig að hún standist allar vinnslukröfur. Það verður að vera auðvelt að komast að henni til viðhalds og eftirlits.

2.2.2.3. Þegar um er að ræða stýrisvél sem er ekki algerlega vökvaknúin verður að vera hægt að aka dráttarvélinni þótt íhlutir vökva- eða loftkerfis stýrisvélarinnar bili.

2.2.2.4. Stýrisvél sem einungis er vökvaknúin og sérstaki búnaðurinn sem skilgreindur er í lið 1.1.4 verða að uppfylla eftirfarandi kröfur:

2.2.2.4.1. Ein eða fleiri gerðir af búnaði til að takmarka þrýsting skulu vernda alla straumrásina eða hluta hennar fyrir umframþrýstingi.

2.2.2.4.2. Þrýstingstakmörkunarbúnaðurinn skal þannig stilltur að hann fari ekki yfir þrýstinginn T sem er jafn hámarksvinnsluþrýstingi sem framleiðandinn gefur upp.

2.2.2.4.3. Eiginleikar og stærð leiðslukerfisins skulu vera þannig að leiðslurnar þoli fjórfaldan T þrýsting (sem þrýstingstakmörkunarbúnaður leyfir) og séu varðar á stöðum og komið fyrir á þann hátt að hætta á skemmdum vegna höggs eða árekstrar sé í lágmarki, og hættan á skemmdum vegna núnings sé óveruleg.

2.2.3. *Stýrð hjól*

2.2.3.1. Öll hjól geta verið stýrð hjól.

2.2.4. *Sérstakur búnaður*

2.2.4.1. Sérstaki búnaðurinn sem skilgreindur er í lið 1.1.4 og notaður er í þeim gerðum stýrisbúnaðar sem skilgreindar eru í liðum 1.2.1.2 og 1.2.1.3 skal leyfður við eftirfarandi aðstæður:

2.2.4.1.1. Ef dráttarvélin er útbúin stýrisbúnaði með hjálparafli eins og hann er skilgreindur í lið 1.2.1.2 verður að vera hægt að aka þrátt fyrir bilun í sérstaka búnaðinum eins og þegar hefur komið fram í lið 2.2.1.2. Ef stýrisbúnaður með hjálparafli hefur ekki sinn eigin aflgjafa, verður hann að vera með varaaflgeymi. Í stað varaaflgeymis getur komið sjálfhleðslubúnaður sem sér stýrisbúnaðinum fyrir afli og hefur forgang á önnur kerfi sem eru tengd við sameiginlega orkugjafann. Með fyrirvara um ákvæði tilskipunar 76/432/EBE frá 6. apríl 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hemlabúnað landbúnaðardráttarvéla á hjólum ([1]), ef um er að ræða vökvatengi milli vökvastýrisbúnaðar og vökvahemlabúnaðar, og ef þeir hafa sameiginlegan orkugjafa, skal aflið sem nota þarf vegna stýrisbúnaðar ekki vera meira en 40 daN ef annað kerfið yrði óvirkt. Ef aflgjafinn er þrýstiloft verður að vernda þrýstiloftsgeyminn með einstefnuloka.

Ef sérstakur búnaður eins og um getur í lið 1.1.4 sér einungis fyrir stýrisafli verður stýrisbúnaður með hjálparafli að vera með tæki sem, ef til bilunar sérstaka búnaðarins kemur og stýriskrafturinn fer yfir 25 daN, gefur ljós- eða hljóðmerki um slíka bilun.

2.2.4.1.2. Ef dráttarvélin er með sjálfstýribúnaði eins og hann er skilgreindur í lið 1.2.1.3 og sé hann með stýrisvél sem er algerlega vökvaknúin, verður að vera hægt að framkvæma stefnubreytingarnar tvær sem tilgreindar eru í lið 2.2.1.3 með sérstökum viðbótarbúnaði bili sérstaki búnaðurinn eða hreyfillinn. Þessi sérstaki viðbótarbúnaður getur verið þrýstilofts- eða gasgeymir. Nota má olíudælu eða þjöppu sem sérstakan viðbótarbúnað ef sá búnaður er knúinn af snúningi hjóla dráttarvélarinnar og ekki er hægt að taka hann úr sambandi við þau. Ef til bilunar sérstaka búnaðarins kemur skal ljós- eða hljóðmerki gefa viðvörun um slíka bilun.

2.2.4.1.2.1. Ef sérstaki búnaðurinn er loftknúinn verður hann að vera með þrýstiloftsgeymi sem er varinn með einstefnuloka. Rúmmál þrýstiloftsgeymis verður að reikna þannig út að í það minnsta sé hægt að snúa sjö heila snúninga (á milli lása) áður en þrýstingur geymisins fellur niður í helming vinnsluþrýstings. Prófunina verður að framkvæma þegar stýrð hjól eru laus frá jörðu.

([1]) Stjtíð. EB L 122, 8.5.1976, bls. 1.

II. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með síðari breytingum

(sem um getur í 6. gr.)

Tilskipun ráðsins 75/321/EBE (Stjtíð. EB L 147, 9.6.1975, bls. 24).	
Tilskipun ráðsins 82/890/EBE (Stjtíð. EB L 378, 31.12.1982, bls. 45).	Einungis að því er varðar tilvísanir í tilskipun 75/321/EBE í 1. mgr. 1. gr.
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 88/411/EBE (Stjtíð. EB L 200, 26.7.1988, bls. 30).	
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB (Stjtíð. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24).	Einungis að því er varðar tilvísanir í tilskipun 75/321/EBE í fyrsta undirlið 1. gr.
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/39/EB (Stjtíð. EB L 170, 16.6.1998, bls. 15).	

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar og beitingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 6. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar	Gildistökudagur
75/321/EBE	22. nóvember 1976	—
82/890/EBE	22. júní 1984	—
88/411/EBE	30. september 1988 ([1])	—
97/54/EB	22. september 1998	23. september 1998
98/39/EB	30. apríl 1999 ([2])	—

([1]) Í samræmi við 2. gr. tilskipunar 88/411/EBE,
„1. Frá 1. október 1988 er aðildarríkjunum óheimilt:
— að neita að veita gerðum dráttarvéla EBE-gerðarviðurkenningu, neita að gefa út skjalið sem um getur í síðasta undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE, eða neita að veita innlenda gerðarviðurkenningu, eða
— að banna að dráttarvélar séu teknar í notkun,
ef stýrisbúnaður þessarar gerðar dráttarvélar eða dráttarvéla er í samræmi við ákvæði þeirrar tilskipunar.
2. Frá 1. október 1989 er aðildarríkjunum:
— óheimilt að gefa lengur út skjalið sem um getur í síðasta undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE, vegna gerðar dráttarvélar ef stýrisbúnaður hennar er ekki í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar,
— heimilt að neita að veita gerð dráttarvélar innlenda gerðarviðurkenningu ef stýrisbúnaður hennar er ekki í samræmi við ákvæði þeirrar tilskipunar.“

([2]) Í samræmi við 2. gr. tilskipunar 98/39/EB,
„1. Frá 1. maí 1999 er aðildarríkjunum óheimilt:
— að synja um EB-gerðarviðurkenningu, útgáfu skjalsins sem um getur í þriðja undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar ráðsins 74/150/EBE eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar, eða
— að banna að dráttarvélar séu teknar í notkun,
ef þær uppfylla kröfur tilskipunar 75/321/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.
2. Frá 1. október 1999 mega aðildarríkin:
— ekki lengur gefa út skjalið sem um getur í þriðja undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE fyrir gerð dráttarvélar sem uppfyllir ekki kröfur tilskipunar 75/321/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.
— synja um innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar ef hún uppfyllir ekki kröfur tilskipunar 75/321/EBE, eins og henni var breytt með þessari tilskipun.“

III. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Tilskipun 75/321/EBE	Tilskipun 98/39/EB	Þessi tilskipun
1. gr.		1. gr.
	2. gr.	2. gr.
3. og 4. gr.		3. og 4. gr.
1. mgr. 5. gr.		—
2. mgr. 5. gr.		5. gr.
—		6. gr.
—		7. gr.
6. gr.		8. gr.
Viðauki		I. viðauki
—		II. viðauki
—		III. viðauki

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/76/EB 2013/EES/4/58

frá 13. júlí 2009

um hávaðamörk fyrir ökumenn dráttarvéla á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt (*)

(Kerfisbundin útgáfa)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 77/311/EBE frá 29. mars 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hávaðamörk fyrir ökumenn landbúnaðardráttarvéla á hjólum ([3]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ([4]). Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda tilskipunina.

2) Í tilskipun 73/311/EBE, sem er ein sértilskipananna sem fjalla um EB-gerðarviðurkenningarkerfið sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum, en henni var skipt út með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB frá 26. maí 2003 um gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvögnum þeirra og útskiptanlegum, dregnum tækjum ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum ([5]), er mælt fyrir um tækniforskriftir varðandi hönnun og smíði dráttarvéla fyrir landbúnað eða skógrækt að því er varðar hávaðamörk. Þessar tækniforskriftir varða samræmingu laga aðildarríkjanna til að gera kleift að EB-gerðarviðurkenningaraðferðin, sem kveðið er á um í tilskipun 2003/37/EB, eigi við um allar gerðir dráttarvéla. Af þessum sökum gilda ákvæðin, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2003/37/EB að því er varðar dráttarvélar fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvagna þeirra og útskiptanleg, dregin tæki ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum, um þessa tilskipun.

3) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti þeirra til að lögleiða tilskipanirnar, sem tilgreindar eru í B-hluta IV. viðauka, í landslög og beita þeim.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Í þessari tilskipun er „dráttarvél“ (fyrir landbúnað eða skógrækt) vélknúið ökutæki, á hjólum eða beltum, sem hefur a.m.k. tvo ása og er notagildi þess aðallega fólgið í dráttaraflinu þar sem það er sérstaklega hannað til þess að draga, ýta, flytja eða knýja tiltekin verkfæri, vélar eða eftirvagna til notkunar í landbúnaði eða skógrækt. Heimilt er að útbúa það fyrir farm- og fólksflutninga.

2. Tilskipun þessi gildir eingöngu um dráttarvélar sem skilgreindar eru í 1. mgr. og hafa loftfyllta hjólbarða, og hámarkshönnunarhraða á bilinu 6 til 40 km/klst.

2. gr.

1. Aðildarríkjum er óheimilt að synja um EB-gerðarviðurkenningu eða landsbundna gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar af ástæðum sem varða hávaðamörk fyrir ökumenn ef þau eru innan eftirfarandi marka:

– 90 dB (A) í samræmi við I. viðauka,

eða

– 86 dB (A) í samræmi við II. viðauka.

2. Að því er varðar ökutæki sem eru ekki í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, skulu aðildarríkin, af ástæðum sem varða efnisatriði þessarar tilskipunar:

– hætta að gefa út EB-gerðarviðurkenningu,

– hafa heimild til að synja um landsbundna gerðarviðurkenningu.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 201, 1.8.2009, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2010 frá 11. júní 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 49, 16.9.2010, bls. 9.

([1]) OJ C 120, 16.5.2008, p. 15.

([2]) Opinion of the European Parliament of 19 February 2008 (not yet published in the Official Journal) and Council Decision of 25 June 2009.

([3]) OJ L 105, 28.4.1977, p. 1.

([4]) See Annex IV, Part A.

([5]) OJ L 171, 9.7.2003, p. 1.

3. Að því er varðar ný ökutæki sem eru ekki í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, skulu aðildarríkin, af ástæðum sem varða efnisatriði þessarar tilskipunar:

– líta svo á að samræmisvottorð, sem fylgja nýjum ökutækjum í samræmi við ákvæði tilskipunar 2003/37/EB, gildi ekki lengur að því er varðar 1. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar,

– hafa heimild til að neita að ný ökutæki verði skráð, seld eða tekin í notkun.

4. Aðildarríkjum er óheimilt að synja um að dráttarvél sé skráð eða banna sölu hennar, að hún sé tekin í notkun eða notuð af ástæðum sem varða hávaðamörk fyrir ökumenn ef þau eru innan eftirfarandi marka:

– 90 dB (A) í samræmi við I. viðauka,

eða

– 86 dB (A) í samræmi við II. viðauka.

3. gr.

Í þessari tilskipun er „stýrishús“ yfirbygging úr hörðum íhlutum, einnig gagnsæjum, sem umlykja ökumanninn algerlega og einangra hann frá umhverfinu og hægt er að hafa lokað að staðaldri á meðan tækið er í notkun.

4. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að hvorki í söluumbúnaði né auglýsingum komi nokkuð fram sem gefur til kynna að dráttarvélarnar hafi eiginleika varðandi hávaðamörk fyrir ökumenn sem eru ekki fyrir hendi.

5. gr.

Samþykkja skal nauðsynlegar breytingar til að laga kröfurnar í I., II. og III. viðauka að tækniframförum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 20. gr. tilskipunar 2003/37/EB.

6. gr.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

7. gr.

Tilskipun 77/311/EBE, eins og henni var breytt með gerðunum sem skráðar eru í A-hluta IV. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti þeirra til lögleiða tilskipanirnar sem tilgreindar eru í B-hluta IV. viðauka í landslög og beita þeim.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í V. viðauka.

8. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2010.

9. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. júlí 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	E. ERLANDSSON
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

MÆLITÆKI, SKILYRÐI OG MÆLIAÐFERÐ

1. MÆLIEINING OG MÆLITÆKI

1.1. Mælieining

Mæla skal A-vegin hávaðamörk LA í dB, gefin upp sem dB(A).

1.2. Mælitæki

Mæla skal hávaðamörk fyrir ökumenn með hljóðstigsmæli eins og lýst er í fyrstu prentun af útgáfu nr. 179/1965 frá alþjóðaraftæknineFndinni.

Ef álestrar eru breytilegir er tekið meðaltal hámarksgilda.

2. SKILYRÐI VIÐ MÆLINGU

Mælingar skulu gerðar við eftirfarandi skilyrði:

2.1. dráttarvélin á að vera án hleðslu, þ.e. án aukabúnaðar, en með kælivökva, smurolíu, fullum eldsneytisgeymi, verkfærum og ökumanni. Ökumaður má ekki vera í óvenjulega þykkum fötum, með trefil eða höfuðfat. Enginn hlutur má vera í dráttarvélinni sem hugsanlega gæti breytt hávaðamörkunum,

2.2. loft er sett á hjólbarðana þar til þrýstingur er eins og dráttarvélarframleiðandinn mælir fyrir um, hreyfill, gírkassar og drifásar verða að hafa náð eðlilegum ganghita og ef kæliþekjur eru til staðar eru þær hafðar opnar meðan mælingar fara fram,

2.3. aukabúnaður sem gengur fyrir afli hreyfilsins eða er sjálfknúinn, s.s. rúðuþurrkur, hitablásari eða aflúttak, má ekki vera í gangi meðan mælingar fara fram ef líkur eru á að hann hafi áhrif á hávaðamörkin. Búnaður sem er yfirleitt í gangi á sama tíma og hreyfillinn gengur, s.s. kælivifta hreyfils, er hafður í gangi meðan mælingar fara fram,

2.4. prófunarsvæðið verður að vera á stað þar sem nægilega hljótt er og víðáttumikið. Það má t.d. vera opið svæði með 50 m radíus með tiltölulega sléttu svæði í miðjunni með a.m.k. 20 m radíus eða vegarspotti með harðri braut með eins flötu og sléttu yfirborði og kostur er. Brautin verður að vera eins hrein og þurr og hægt er (þ.e. þar má ekki vera möl, laufblöð, snjór o.s.frv.). Brekkur og ójöfnur eru því aðeins leyfilegar að breytingar á hávaðamörkum sem þær framkalla séu innan leyfilegra vikmarka mælitækis,

2.5. yfirborð brautarinnar á að vera þannig að hávaði frá hjólbörðum verði ekki of mikill,

2.6. veðrið á að vera gott og þurrt og hægur eða enginn vindur.

Mörk á umhverfishávaða sem orsakast af vindi eða öðru verða að vera minnst 10 dB(A) fyrir neðan hávaðamörk dráttarvélar,

2.7. ef ökutæki er notað við mælingarnar verður að draga það eða aka því nægilega langt frá dráttarvélinni til að forðast truflanir. Meðan mælingar standa yfir má enginn hlutur sem truflar mælingarnar eða fletir sem endurvarpa hljóði vera innan 20 m hvorum megin prófunarbrautar og ekki innan 20 m fyrir framan eða aftan dráttarvélina. Þessu skilyrði telst vera fullnægt ef breytt hávaðamörk sem af þessu stafa eru innan leyfilegra vikmarka. Að öðrum kosti verður að hætta mælingum meðan truflunin varir,

2.8. allar mælingar í tilteknum flokki verða að fara fram á sömu braut.

3. MÆLIAÐFERÐ

3.1. Hljóðneminn er hafður til hliðar við miðjuplan sætisins, í 250 mm fjarlægð frá þeirri hlið þar sem hávaðamörkin eru hærri.

Hljóðhimna hljóðnemans er látin snúa fram og miðja hljóðnemans skal vera 790 mm fyrir ofan og 150 mm fyrir framan viðmiðunarpunkt sætis eins og lýst er í III. viðauka. Koma skal í veg fyrir að hljóðnemar titri of mikið.

3.2. Efstu hávaðamörk í dB (A) skulu ákvörðuð með eftirfarandi hætti:

3.2.1. öll op (þ.e. dyr, gluggar) á dráttarvélum með raðsmíðaðri yfirbyggingu eru höfð lokuð í fyrstu umferð mælinga.

3.2.1.1. Í annarri umferð eru þau höfð opin, að því tilskildu að slíkt skapi ekki umferðarhættu, en opnanlegar framrúður eru lokaðar,

3.2.2. hávaði er mældur með því að stilla hljóðstigsmæli á „hægt“ við álag er framkallar hámarkshávaða og dráttarvélin höfð í þeim gír sem gefur hraða áfram sem er næst því að vera 7,5 km/klst.

Eldsneytisgjöf er höfð fullopin. Byrjað er án álags, síðan er álagið aukið þar til efstu hávaðamörk finnast. Á eftir hverri álagsaukningu þarf að líða nægilega langur tími fram að næstu mælingu eða þar til hávaðinn er orðinn jafn og stöðugur,

3.2.3. hávaði er mældur með því að stilla hljóðstigsmæli á „hægt“ við álag er framkallar hámarkshávaða í hvaða gír sem er, nema þeim sem um getur í lið 3.2.2., sem hefur skráð hávaðamörk minnst 1 dB (A) ofar skráðum mörkum í gírnum sem vísað er til í lið 3.2.2.

Eldsneytisgjöf er höfð fullopin. Byrjað er án álags, síðan er álagið aukið þar til efstu hávaðamörk finnast. Á eftir hverri álagsaukningu þarf að líða nægilega langur tími fram að næstu mælingu eða þar til hávaðinn er orðinn jafn og stöðugur,

3.2.4. hávaðinn er mældur á hámarkshönnunarhraða dráttarvélarinnar án hleðslu,

3.3. Prófunarskýrslan skal ná til hávaðamælinga sem gerðar eru við eftirtalin skilyrði:

3.3.1. í gír sem gefur hraða áfram sem er næst því að vera 7,5 km/klst.,

3.3.2. í hvaða gír sem er, ef skilyrðunum sem lýst er í lið 3.2.3 er fullnægt,

3.3.3. á hámarkshönnunarhraða.

4. MATSVIÐMIÐANIR

Mælingarnar sem lýst er í liðum 3.2.1, 3.2.2, 3.2.3 og 3.2.4 mega ekki fara yfir þau mörk sem mælt er fyrir um í 2. gr.

II. VIÐAUKI

MÆLITÆKI, SKILYRÐI OG MÆLIAÐFERÐ

1. MÆLIEINING OG MÆLITÆKI

1.1. Mælieining

Mæla skal A-vegin hávaðamörk LA í dB, gefin upp sem dB(A).

1.2. Mælitæki

Mæla skal hávaðamörk fyrir ökumenn með hljóðstigsmæli eins og lýst er í fyrstu prentun af útgáfu nr. 179/1965 frá alþjóðaraftæknineфndinni.

Ef álestrar eru breytilegir er tekið meðaltal hámarksgilda.

2. SKILYRÐI VIÐ MÆLINGU

Mælingar skulu gerðar við eftirfarandi skilyrði:

2.1. dráttarvélin á að vera án hleðslu, þ.e. án aukabúnaðar, en með kælivökva, smurolíu, fullum eldsneytisgeymi, verkfærum og ökumanni. Ökumaður má ekki vera í óvenjulega þykkum fötum, með trefil eða höfuðfat. Enginn hlutur má vera í dráttarvélinni sem hugsanlega gæti breytt hávaðamörkunum,

2.2. loft er sett á hjólbarðana þar til þrýstingur er eins og dráttarvélarframleiðandinn mælir fyrir um, hreyfill, gírar og drifásar verða að vera á eðlilegum ganghita og ef kæligrindur eru á hreyflinum eru þær hafðar opnar meðan mælingar fara fram,

2.3. aukabúnaður sem gengur fyrir afli hreyfilsins eða er sjálfknúinn, s.s. rúðuþurrkur, hitablásari eða aflúttak, má ekki vera í gangi meðan mælingar fara fram ef líkur eru á að hann hafi áhrif á hávaðamörkin. Búnaður sem er yfirleitt í gangi á sama tíma og hreyfillinn gengur, s.s. kælivifta hreyfils, er hafður í gangi meðan mælingar fara fram,

2.4. prófunarsvæðið verður að vera á stað þar sem nægilega hljótt er og viðáttumikið: Það má t.d. vera opið svæði með 50 m radíus með tiltölulega sléttu svæði í miðjunni með a.m.k. 20 m radíus eða vegarspotti með harðri braut með eins flötu og sléttu yfirborði og kostur er. Brautin verður að vera eins hrein og þurr og hægt er (þ.e. þar má ekki vera möl, laufblöð, snjór o.s.frv.). Brekkur og ójöfnur eru því aðeins leyfilegar að breytingar á hávaðamörkum sem þær framkalla séu innan leyfilegra vikmarka mælitækis,

2.5. yfirborð brautarinnar á að vera þannig að hávaði frá hjólbörðum verði ekki of mikill,

2.6. veðrið á að vera gott og þurrt og hægur eða enginn vindur.

Mörk á umhverfishávaða sem orsakast af vindi eða öðru verða að vera minnst 10 dB(A) fyrir neðan hávaðamörk dráttarvélar,

2.7. ef ökutæki er notað við mælingarnar verður að draga það eða aka því nægilega langt frá dráttarvélinni til að forðast truflanir. Meðan mælingar standa yfir má enginn hlutur sem truflar mælingarnar eða fletir sem endurvarpa hljóði vera innan 20 m hvorum megin prófunarbrautar og ekki innan 20 m fyrir framan eða aftan dráttarvélina. Þessu skilyrði telst vera fullnægt ef breytt hávaðamörk sem af þessu stafa eru innan leyfilegra vikmarka. Að öðrum kosti verður að hætta mælingum meðan truflunin varir,

2.8. allar mælingar í tilteknum flokki verða að fara fram á sömu braut.

3. MÆLIAÐFERÐ

3.1. Hljóðneminn er hafður til hliðar við miðjuplan sætisins, í 250 mm fjarlægð frá þeirri hlið þar sem hávaðamörkin eru hærri.

Hljóðhimna hljóðnemans er látin snúa fram og miðja hljóðnemans skal vera 790 mm fyrir ofan og 150 mm fyrir framan viðmiðunarpunkt sætis eins og lýst er í III. viðauka. Koma skal í veg fyrir að hljóðnemar titri of mikið.

3.2. Hávaðamörk skulu ákvörðuð með eftirfarandi hætti:

3.2.1. dráttarvélin verður að fara eftir brautinni á sama prófunarhraða minnst þrisvar sinnum í minnst tíu sekúndur,

3.2.2. öll op (þ.e. dyr, gluggar) á dráttarvélum með raðsmíðaðri yfirbyggingu eru höfð lokuð í fyrstu umferð mælinga.

3.2.2.1. Í annarri umferð eru þau höfð opin, að því tilskildu að slíkt skapi ekki umferðarhættu, en opnanlegar framrúður eru hafðar lokaðar,

3.2.3. hávaði er mældur á hámarkssnúningshraða með því að stilla hljóðstigsmæli á „hægt“, og dráttarvélin höfð í þeim gír sem gefur hraða áfram sem er næst því að vera 7,5 km/klst. Dráttarvélin verður að vera án hleðslu meðan mælingar standa yfir.

4. MATSVIÐMIÐANIR

Mælingarnar sem lýst er í liðum 3.2.2 og 3.2.3 mega ekki fara yfir þau mörk sem mælt er fyrir um í 2. gr.

III. VIÐAUKI

VIÐMIÐUNARPUNKTUR SÆTIS ÁKVARÐAÐUR

1. SKILGREINING

1.1. Viðmiðunarpunktur sætis (S) skal vera punkturinn í miðju lengdarplani sætisins þar sem snertiflötur neðri hluta bakstoðar og lárétt plan skerast. Þetta lárétta plan sker burðarflöt sætisins að neðanverðu 150 mm fyrir framan viðmiðunarpunkt þess.

2. VIÐMIÐUNARPUNKTUR SÆTIS ÁKVARÐAÐUR

2.1. Viðmiðunarpunkturinn skal ákvarðaður með búnaði, sbr. myndir 1 og 2 í viðbæti við þennan viðauka, er gerir kleift að líkja eftir því að ökumaður sitji í sætinu.

2.2. Sætið á að vera í miðstillingu lóðréttu stillingarinnar, sem er óháð láréttu stillingunni. Til að ákvarða staðsetningu hljóðnemans sem vísað er til í 3. lið I. og II. viðauka verður sætið að vera við eða eins nálægt miðstillingu lárétta stillisviðsins og kostur er.

3. LÝSING Á BÚNAÐINUM

3.1. Búnaðurinn sem um getur í lið 2.1 skal vera sætisplata og tvær bakplötur.

3.2. Neðri bakplatan skal vera með samskeytum í mjaðmarhæð (A) og lendarhæð (B), og er hæð samskeyta (B) stillanleg (sjá mynd 2).

4. UPPSETNING BÚNAÐARINS

Búnaðurinn skal settur upp á eftirfarandi hátt:


4.1. búnaðurinn er settur á sætið,

4.2. síðan er settur á það 550 N kraftur á stað sem er 50 mm fyrir framan samskeyti (A), þar næst er þrýst létt á bakplöturnar tvær í snertistefnu að bakstoðinni,

4.3. ef ekki er mögulegt að ákvarða ákveðinn snertiflöt við neðri hluta bakstoðar verður að þrýsta neðri bakplötunni sem er í lóðréttri stöðu léttilega að bakstoðinni,

4.4. þegar fjöðrunarbúnaður í sæti lagar sig eftir þyngd ökumanns skal stilla fjöðrunina þannig að sætið sé mitt á milli tveggja ystu punkta.


Viðbætir



(Mál í mm)

Mynd 1

Búnaður til að ákvarða viðmiðunarpunkt sætis



(Mál í mm)

Mynd 2

Aðferð til að ákvarða viðmiðunarpunkt sætis

IV. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með skrá yfir síðari breytingar hennar

(sem um getur í 7. gr.)

Tilskipun ráðsins 77/311/EBE (Stjtíð. EB L 105, 28.4.1977, bls. 1).	
Tilskipun ráðsins 82/890/EBE (Stjtíð. EB L 378, 31.12.1982, bls. 45).	Eingöngu tilvísanir í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 77/311/EBE
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB (Stjtíð. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24).	Eingöngu tilvísanir í fyrsta undirlið 1. gr. tilskipunar 77/311/EBE
Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/627/EB (Stjtíð. EB L 282, 1.11.1996, bls. 72).	
Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/63/EB (Stjtíð. EB L 22, 27.1.2000, bls. 66).	
Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/26/EB (Stjtíð. ESB L 65, 7.3.2006, bls. 22).	Einungis 2. gr. og II. viðauki

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar og beitingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 7. gr.)

Gerð	Frestur til lögleiðingar	Gildistökudagur
77/311/EBE	1. október 1978	—
82/890/EBE	22. júní 1984	—
97/54/EB	22. september 1998	23. september 1998
96/627/EB	29. september 1999	—
2006/63/EB	30. september 2001	—
2006/26/EB	31. desember 2006	—

([1]) Í samræmi við 5. gr. tilskipunar 2006/26/EB:
„1. Að því er varðar ökutæki sem eru í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipunum 74/151/EBE, 78/933/EBE, 77/311/EBE og 89/173/EBE, eins og þeim var breytt með þessari tilskipun, skulu aðildarríkin ekki, frá og með 1. janúar 2007, af ástæðum sem varða efnisatriði hlutaðeigandi tilskipunar:
a) synja um EB-gerðarviðurkenningu eða veitingu innlendrar gerðarviðurkenningar,
b) banna að téð ökutæki verði skráð, seld eða tekin í notkun.
2. Að því er varðar ökutæki sem eru ekki í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipunum 74/151/EBE, 78/933/EBE, 77/311/EBE og 89/173/EBE, eins og þeim var breytt með þessari tilskipun, skulu aðildarríkin, frá og með 1. júlí 2007, af ástæðum sem varða efnisatriði hlutaðeigandi tilskipunar:
a) hætta að veita EB-gerðarviðurkenningu,
b) hafa heimild til að synja um innlenda gerðarviðurkenningu.
3. Að því er varðar ökutæki sem eru ekki í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipunum 74/151/EBE, 78/933/EBE, 77/311/EBE og 89/173/EBE, eins og þeim var breytt með þessari tilskipun, skulu aðildarríkin, frá og með 1. júlí 2009, af ástæðum sem varða efnisatriði hlutaðeigandi tilskipunar:
a) líta svo á að samræmisvottorð, sem fylgja nýjum ökutækjum í samræmi við ákvæði tilskipunar 2003/37/EB, gildi ekki lengur að því er varðar 1. mgr. 7. gr.,
b) hafa heimild til að neita að ný ökutæki verði skráð, seld eða tekin í notkun.

V. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Tilskipun 77/311/EBE	Tilskipun 2006/26/EB	Þessi tilskipun
1. gr.		1. gr.
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 2. gr.		1. og 4. mgr. 2. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 2. gr.		—
2. mgr. 2. gr.		—
	2. mgr. 5. gr.	2. mgr. 2. gr.
	3. mgr. 5. gr.	3. mgr. 2. gr.
3., 4. og 5. gr.		3., 4. og 5. gr.
1. mgr. 6. gr.		—
2. mgr. 6. gr.		6. gr.
		7. gr.
		8. gr.
7. gr.		9. gr.
I. viðauki		I. viðauki
II. viðauki		II. viðauki
III. viðauki		III. viðauki
—		IV. viðauki
—		V. viðauki

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/59**

frá 4. júní 2009

um breytingu á viðaukanum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB, að því er varðar undanþágur varðandi notkun blýs sem íbótarefni í Faraday-snúð af RIG-gerð, sem notaður er í fjarskiptakerfi með ljósleiðurum, í því skyni að laga hann að tækniframförum (*)

(tilkynnt með númeri C(2009) 4165)

(2009/428/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB frá 27. janúar 2003 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ([1]), einkum c-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt tilskipun 2002/95/EB er þess krafist að framkvæmdastjórnin endurskoði undanþágur frá 1. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar að því er varðar tiltekinn efnivið og íhluti fyrir raf- og rafeindabúnað.

2) Eftir að hafa unnið nauðsynlegt, tæknilegt og vísindalegt mat telur framkvæmdastjórnin að Faraday-snúðar af RIG-gerð (e. rare earth iron garnet), sem uppfylla þann hámarksstyrk sem er fastsettur með tilskipun 2002/95/EB, séu nú í boði og að endurskoða skuli undanþáguna sem veitt var í því samhengi.

3) Því ber að breyta tilskipun 2002/95/EB til samræmis við það.

4) Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2002/95/EB hefur framkvæmdastjórnin haft samráð við hlutaðeigandi aðila. Við samráðið kom fram að framleiðendur þurfa fullnægjandi tíma til að sjá til þess að Faraday-snúðar af RIG-gerð uppfylli þær kröfur um takmarkanir á blýi sem mælt er fyrir um í tilskipun 2002/95/EB. Því skal sjá til þess að ekki sé líklegt að áhrif á heilbrigði eða öryggi neytenda af völdum útskiptingar verði meiri en sá ávinningur sem hlýst af áhrifum útskiptingarinnar á umhverfið, heilbrigði eða öryggi neytenda, einkum að því er varðar öryggisbúnað á borð við fjarskiptakerfi.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv.18. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB ([2]),

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við tilskipun 2002/95/EB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. júní 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 139, 5.6.2009, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2010 frá 11. júní 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 49, 16.9.2010, bls. 16.

([1]) Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 19.

([2]) Stjtíð. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 9.

VIÐAUKI

Í stað 22. liðar viðaukans við tilskipun 2002/95/EB komi eftirfarandi:

„22. Blý sem íbótarefni í Faraday-snúð af RIG-gerð (e. rare earth iron garnet) sem notaður er í fjarskiptakerfum með ljósleiðurum til 31. desember 2009.“

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/60**

frá 10. júní 2009

um breytingu á viðaukanum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB, að því er varðar undanþágur varðandi notkun blýs, kadmíums og kvikasilfurs, í því skyni að laga hann að tækniframförum (*)

(tilkynnt með númeri C(2009) 4187)

(2009/443/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB frá 27. janúar 2003 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ([1]), einkum b-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt tilskipun 2002/95/EB ber framkvæmdastjórninni að meta tiltekin hættuleg efni sem eru bönnuð skv. 1. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar.

2) Tiltekinn efniviður og íhlutir, sem innihalda blý og kadmíum, skulu undanþegnir banninu þar eð enn er tæknilega eða vísindalega ógerlegt að hætta notkun þessara hættulegu efna í þessum efniviði og íhlutum.

3) Að svo stöddu er ógerlegt að nota staðgönguefni fyrir blý í lóðningarefni til að lóða þunnan koparvír í aflspennum sem er með þvermál sem er 100 μm eða minna.

4) Engin nothæf staðgönguefni eru fyrir hendi fyrir blý í málmhúðunarlagi í háspennudíóðum á sökkli á peru úr sinkbóratgleri.

5) Að svo stöddu er ógerlegt að nota staðgönguefni fyrir kadmíum og kadmíumoxíð í þykklagsmössum sem notaðir eru á álbundnu beryllíumoxíði.

6) Tæknilegar lausnir í stað hliðrænna hljóðvinnslurása svo komast megi hjá notkun ljóstengja sem innihalda kadmíum í öllum hljóðbúnaði til faglegra nota ættu að verða tiltækar eigi síðar en 31. desember 2009.

7) Notkun staðgönguefnis fyrir kvikasilfur sem er notað til að koma í veg fyrir að bakskaut snarki í jafnskautsplasmaskjáum með allt að 30 mg innihald á hvern skjá er að svo stöddu ekki tæknilega gerlegt en ætti að vera það eigi síðar en 1. júlí 2010.

8) Því ber að breyta tilskipun 2002/95/EB til samræmis við það.

9) Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2002/95/EB hefur framkvæmdastjórnin haft samráð við hlutaðeigandi aðila.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 18. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB ([2]).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við tilskipun 2002/95/EB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. júní 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros Dimas

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 148, 11.6.2009, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 66/2010 frá 11. júní 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 49, 16.9.2010, bls. 16.

([1]) Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 19.

([2]) Stjtíð. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 9.

VIÐAUKI

Eftirfarandi liðir 33–38 bætist við viðaukann við tilskipun 2002/95/EB:

„33. Blý í lóðningarefni til að lóða þunnan koparvír í aflspennum sem er með þvermál sem er 100 µm eða minna.

34. Blý í málmkeramíkeiningum fyrir stilliviðnám.

35. Kadmíum í viðnámsljósnemum fyrir ljóstengi í hljóðbúnaði til faglegra nota, til og með 31. desember 2009.

36. Kvikasilfur sem er notað til að koma í veg fyrir að bakskaut snarki í jafnskautsplasmaskjáum með allt að 30 mg innihald á hvern skjá, til og með 1. júlí 2010.

37. Blý í málmhúðunarlagi í háspennudíóðum á sökkli á peru úr sinkbóratgleri.

38. Kadmíum og kadmíumoxíð í þykklagsmössum sem notaðir eru á álbundnu beryllíumoxíði.“

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/61**

frá 14. desember 2009

um breytingu á ákvörðun 2007/230/EB um eyðublað varðandi ákvæði félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum (*)

(tilkynnt með númeri C(2009) 9895)

(2009/959/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/22/EB frá 15. mars 2006 um lágmarksskilyrði fyrir framkvæmd reglugerða ráðsins (EBE) nr. 3820/85 og (EBE) nr. 3821/85 varðandi félagsmálalöggjöf er varðar flutninga-starfsemi á vegum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 88/599/EBE([1]), einkum 3. mgr. 11. gr. og 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Aðalheimild upplýsinga við vegaeftirlit felst í skráningu ökuritans. Vöntun á skráningu er einungis talin réttlætanleg ef skráning ökurita, þ.m.t. handskráðar færslur, var ekki möguleg af hlutlægum ástæðum. Í slíkum tilvikum skal leggja fram staðfestingu sem skýringu á þessum ástæðum.

2) Eyðublaðið fyrir staðfestinguna sem er í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/230/EB([2]) reyndist ófullnægjandi þar sem það tók ekki til þeirra tilvika þar sem það er tæknilega ómögulegt að skrá starfsathafnir ökumanns með skráningarbúnaðinum.

3) Í því skyni að auka árangur og skilvirkni eftirlits aðildarríkjanna með því að farið sé að ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 frá 15. mars 2006 um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum og um breytingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 3821/85 og (EB) nr. 2135/98 og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85([3]), skal breyta eyðublaðinu með því að bæta við þáttum til viðbótar þeim sem tilgreindir eru í 3. mgr. 11. gr. tilskipunar 2006/22/EB.

4) Eyðublaðið fyrir staðfestinguna skal aðeins nota ef ökuritaskrárnar geta ekki, af hlutlægum, tæknilegum ástæðum, sýnt fram á að ákvæði reglugerðar (EB) nr. 561/2006 hafi verið virt.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 18. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3821/85 frá 20. desember 1985 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum([4]),

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við ákvörðun 2007/230/EB komi viðaukinn við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. desember 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Antonio TAJANI

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 330, 16.12.2009, bls. 80. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2010 frá 11. júní 2010 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 49, 16.9.2010, bls. 23.

([1]) Stjtíð. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 35.

([2]) Stjtíð. ESB L 99, 14.4. 2007, bls. 14.

([3]) Stjtíð. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 1.

([4]) Stjtíð. EB L 370, 31.12.1985, bls. 8.

VIÐAUKI

STAÐFESTING Á STARFSEMI (1) SAMKVÆMT

REGLUGERÐ (EB) NR. 561/2006 EÐA EVRÓPUSAMNINGNUM UM STÖRF ÁHAFNA ÖKUTÆKJA SEM ANNAST ALÞJÓÐLEGA FLUTNINGA Á VEGUM (AETR-samningurinn)(2)

Fylla skal eyðublaðið út með vélritun og það undirskrifað áður en ferð hefst.

Eyðublaðið skal geymt með upprunalegum skrám stjórnbúnaðarins á geymslustað þeirra.

Staðfesting sem er fölsuð felur í sér brot.

Fyllist út af fyrirtækinu

1. Nafn fyrirtækis: .....
2. Heimilisfang, póstnúmer, borg, land: .....
3. Símanúmer (þ.m.t. landsnúmer): .....
4. Bréfsímanúmer (þ.m.t. landsnúmer): .....
5. Tölvupóstfang: .....

Ég, undirrituð/undirritaður:

6. Kenninafn og eiginnafn: .....
7. Staða innan fyrirtækisins: .....

lýsi því yfir að ökumaðurinn:

8. Kenninafn og eiginnafn: .....
9. Fæðingardagur (dagur/mánuður/ár): .....
10. Númer ökuskírteinis eða kennivottorðs eða vegabréfs: .....
11. sem hóf störf hjá fyrirtækinu hinn (dagur/mánuður/ár): .....

á tímabilinu:

12. frá (tími/dagur/mánuður/ár): .....
13. til (tími/dagur/mánuður/ár): .....
14. ☐ var í veikindaleyfi (*)
15. ☐ var í orlofi (*)
16. ☐ var í leyfi eða hvíldartíma (*)
17. ☐ ók ökutæki sem er undanþegið gildissviði reglugerðar (EB) nr. 561/2006 eða AETR-samningnum (*)
18. ☐ var við annað starf en akstur (*)
19. ☐ var tiltækur (*)
20. Staður: ..... Dagsetning.: .....

    Undirskrift

21. Ég, ökumaðurinn, staðfesti að ég hafi ekki ekið ökutæki sem fellur undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 561/2006 eða AETR-samninginn á því tímabili sem tilgreint er hér að framan.
22. Staður: ..... Dagsetning: .....

    Undirskrift ökumanns

---

(1) Þetta eyðublað fæst á rafrænu og prenttæku formi á eftirfarandi veffangi: http://ec.europa.eu
(2) Evrópusamningur um störf áhafna ökutækja sem annast alþjóðlega flutninga á vegum
(*) Aðeins skal merkja við einn reit.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/62**

frá 2. október 2009

um fyrirkomulag upplýsingaskipta með rafrænum hætti milli aðildarríkjanna skv. VI. kafla tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB um þjónustu á innri markaðnum (*)

(tilkynnt með númeri C(2009) 7493)

(2009/739/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/123/EB frá 12. desember 2006 um þjónustu á innri markaðnum ([1]), einkum öðrum málslið 36. gr.,

að höfðu samráði við Evrópsku persónuverndarstofnunina,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Sú skylda sem lögð er á aðildarríkin og mælt er fyrir um í 28.–36. gr. tilskipunar 2006/123/EB um gagnkvæma aðstoð og skilvirka samvinnu aðildarríkja hefur í för með sér að lögbær yfirvöld þeirra skiptist á upplýsingum. Til að samstarf milli aðildarríkja séu með tilhlýðilegum hætti er þörf á tæknilegum úrræðum sem gera möguleg bein og hröð samskipti milli lögbærra yfirvalda þeirra. Í þessum tilgangi er kveðið á um það í 1. mgr. 34. gr. tilskipunar 2006/123/EB, að framkvæmdastjórnin skuli, í samstarfi við aðildarríkin, koma á fót rafrænu kerfi, til að aðildarríkin geti skipst á upplýsingum, að teknu tilliti til þeirra upplýsingakerfa sem fyrir eru.

2) Upplýsingakerfi fyrir innri markaðinn, (IM-upplýsingakerfið), sem komið var á fót samkvæmt ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/387/EB frá 21. apríl 2004 um rekstrarsamhæfða, samevrópska, rafræna þjónustu hins opinbera við opinberar stjórnsýslustofnanir, fyrirtæki og borgara (IDABC) ([2]), er rafrænt tæki til stuðnings fjölda lagagerða á sviði innri markaðarins sem krefst þess að stjórnsýslustofnanir aðildarríkjanna skiptist á upplýsingum. Þar sem IM-upplýsingakerfið gerir möguleg örugg og skipulögð upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda með rafrænum hætti og þar sem það gerir lögbærum yfirvöldum einnig kleift að finna viðeigandi tengilið í hinum aðildarríkjunum og eiga samskipti sín á milli á hraðan og skilvirkan hátt, er viðeigandi að nota IM-upplýsingakerfið til þess að skiptast á upplýsingum innan ramma tilskipunar 2006/123/EB.

3) Til að gera lögbærum yfirvöldum aðildarríkja kleift að skiptast á upplýsingum með rafrænum hætti á skilvirkan hátt er nauðsynlegt að mæla fyrir um hagnýta tilhögun slíkra skipta fyrir tilstuðlan IM-upplýsingakerfisins.

4) Auk beiðna um upplýsingar og um að láta fara fram eftirlit, skoðanir og rannsóknir ásamt því að fá svör við þessum beiðnum er kveðið á um tvenns konar upplýsingaskipti í 2006/123/EB: upplýsingaskipti um tiltekna, alvarlega atburði og aðstæður í tengslum við þjónustustarfsemi sem gætu valdið alvarlegu tjóni á heilsu eða öryggi einstaklinga eða á umhverfinu (viðvaranir), skv. 3. mgr. 29. gr. og 1. mgr. 32. gr. tilskipunar 2006/123/EB, og upplýsingaskipti um neyðarráðstafanir er varða öryggi þjónustu (undanþágur í hverju tilviki fyrir sig), skv. 18. og 35. gr. tilskipunar 2006/123/EB.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 263, 7.10.2009, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2010 frá 2. júlí 2010 um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 21.10.2010, bls. 9.

([1]) Stjtíð. ESB L 376, 27.12.2006, bls. 36.

([2]) Stjtíð. ESB L 181, 18.5.2004, bls. 25.

5) Þar sem viðvaranir varða alvarlega hættu fyrir heilsu eða öryggi einstaklinga eða umhverfið, er náin samvinna milli lögbærra yfirvalda mismunandi aðildarríkja nauðsynleg til að útiloka umrædda hættu og til að halda þessum lögbæru yfirvöldum nægilega upplýstum um aðgerðir sem hin yfirvöldin grípa til, sem og um það hvort tekist hafi að útiloka hættuna eða hvort hún sé enn fyrir hendi. Til að tryggja skilvirkt eftirlit lögbærra yfirvalda með þjónustuveitendum og þeirri þjónustu sem þeir veita, sem og viðeigandi vernd persónuupplýsinga sem fram koma í viðvörunum, er nauðsynlegt að kveða á um niðurfellingu viðvörunar, sem aðildarríki hefur gefið út samkvæmt tilskipun 2006/123/EB, þegar skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 29. gr. og 1. mgr. 32. gr. eru ekki lengur uppfyllt. Aðildarríkjum skal gert kleift að mótmæla tillögu um niðurfellingu viðvörunar ef áfram er hætta á alvarlegu tjóni á heilsu eða öryggi einstaklinga eða á umhverfinu.

6) Samkvæmt 43. gr. tilskipunar 2006/123/EB skal framkvæmd og beiting þeirrar tilskipunar, einkum ákvæði um eftirlit, samrýmast reglum um vernd persónuupplýsinga eins og kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([1]) og í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/58/EB frá 12. júlí 2002 um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipun um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti) ([2]). Þar af leiðandi skulu rafræn upplýsingaskipti milli aðildarríkja samrýmast reglum um vernd persónuupplýsinga samkvæmt tilskipunum 95/46/EB og 2002/58/EB. Vinnsla upplýsinga af hálfu framkvæmdastjórnarinnar skal samrýmast reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([3]).

7) Til að tryggja öfluga vernd persónuupplýsinga með tilliti til reksturs IM-upplýsingakerfisins, samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun 2008/49/EB frá 12. desember 2007 um framkvæmd upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn (IMI) að því er varðar vernd persónuupplýsinga ([4]) og tilmæli 2009/329/EB frá 26. mars 2009 um leiðbeiningar við gagnavernd að því er varðar upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn (IMI) ([5]).

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 40. gr. tilskipunar 2006/123/EB.

([1]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.
([2]) Stjtíð. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37.
([3]) Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.
([4]) Stjtíð. ESB L 13, 16.1.2008, bls. 18.
([5]) Stjtíð. ESB L 100, 18.4.2009, bls. 12.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Notkun IM-upplýsingakerfisins við upplýsingaskipti

1. Nota skal IM-upplýsingakerfið við upplýsingaskipti milli aðildarríkja með rafrænum hætti í þeim tilgangi að uppfylla ákvæði um samvinnu stjórnvalda, eins og sett er fram í VI. kafla tilskipunar 2006/123/EB, þar sem kveðið er á um eftirfarandi:

a) beiðnir um upplýsingar og um að framkvæma athuganir, skoðanir og rannsóknir ásamt því að fá svör við þessum beiðnum skv. VI. kafla tilskipunar 2006/123/EB,

b) viðvaranir, skv. 3. mgr. 29. gr. og 1. mgr. 32. gr. tilskipunar 2006/123/EB,

c) beiðnir og tilkynningar í hverju tilviki fyrir sig, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2., 3. og 6. mgr. 35. gr. tilskipunar 2006/123/EB.

2. Heimilt er að tilgreina samræmingaraðila IM-upplýsingakerfisins, sem um getur í 8. gr. ákvörðunar 2008/49/EB, sem tengiliði skv. 2. mgr. 28. gr. tilskipunar 2006/123/EB.

2. gr.

Hlutverk IM-upplýsingakerfisins í tengslum við beiðnir um upplýsingar og um að framkvæma athuganir, skoðanir og rannsóknir ásamt því að fá svör við þessum beiðnum

Að því er varðar beiðnir um upplýsingar og um að framkvæma athuganir, skoðanir og rannsóknir ásamt því að fá svör við þessum beiðnum, skal IM-upplýsingakerfið gefa kost á eftirfarandi aðgerðum:

a) að senda beiðnir,

b) að senda og óska eftir viðbótarupplýsingum,

c) að taka við beiðnum,

d) að framsenda beiðnir,

e) að svara beiðnum.

3. gr.

Hlutverk IM-upplýsingakerfisins í tengslum við viðvaranir

1. Að því er varðar upplýsingaskipti um viðvaranir skal IM-upplýsingakerfið gefa kost á eftirfarandi aðgerðum:

a) að senda viðvaranir þegar skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 29. gr. og 1. mgr. 32. gr. tilskipunar 2006/123/EB eru uppfyllt,

b) að senda og óska eftir viðbótarupplýsingum varðandi viðvaranir,

c) að afturkalla viðvaranir sem sendar eru án þess að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 29. gr og 1. mgr. 32. gr. tilskipunar 2006/123/EB, séu uppfyllt;

d) að leiðrétta upplýsingar sem fram koma í viðvörunum,

e) að senda tillögur um niðurfellingu viðvarana,

f) að mótmæla tillögum um niðurfellingu viðvarana,

g) að fella niður viðvörun þegar skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 29. gr. og 1. mgr. 32. gr., eru ekki lengur uppfyllt.

2 . Að því varðar sendingu viðvarana og tengdra upplýsinga til hinna aðildarríkjanna og viðtöku viðvarana frá hinum aðildarríkjunum, skal í IM-upplýsingakerfinu gert ráð fyrir samræmingaraðila viðvarana. Þeir aðilar að IM-upplýsingakerfinu sem kveðið er á um í 7. og 8. gr. ákvörðunar 2008/49/EB geta gengt hlutverki samræmingaraðila viðvarana.

3. Áður en upplýsingum er eytt úr kerfinu, samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 4. gr. ákvörðunar 2008/49/EB, skulu þær, þ.m.t. persónuupplýsingar sem koma fram í viðvörun sem felld hefur verið niður, ekki vera sýnilegar notandendum IM-upplýsingakerfisins.

4. gr.

Hlutverk IM-upplýsingakerfisins í tengslum við undanþágur í hverju tilviki fyrir sig

Að því er varðar upplýsingaskipti um undanþágur í hverju tilviki fyrir sig skal IM-upplýsingakerfið gefa kost á eftirfarandi aðgerðum:

a) að senda beiðni til staðfestuaðildarríkisins skv. 2. mgr. 35. gr. tilskipunar 2006/123/EB,

b) að svara beiðni sem er send skv. 2. mgr. 35. gr. tilskipunar 2006/123/EB,

c) að senda framkvæmdastjórninni og staðfestuaðildarríkinu tilkynningu skv. 3. og 6. mgr. 35. gr. tilskipunar 2006/123/EB,

d) að upplýsa samræmingaraðila sjálfvirkt um aðgerðir sem kveðið er á um í a-, b- og c-lið.

5. gr.

Vernd persónuupplýsinga

Vinnsla persónuupplýsinga, að því er varðar upplýsingaskipti með rafrænum hætti milli aðildarríkja, skal samrýmast tilskipunum 95/46/EB og 2002/58/EB.

Vinnsla persónuupplýsinga af hálfu framkvæmdastjórnarinnar skal samrýmast reglugerð (EB) nr. 45/2001.

6. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 2. október 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Charlie McCREEVY

framkvæmdastjóri.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2009/543/EB **2013/EES/4/63**

frá 13. ágúst 2008

um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir utanhússmálningu og –lökk (*)

(tilkynnt með númeri C(2008) 4452)

(2009/543/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis Bandalagsins ([1]), einkum annarri undirgrein 1. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er heimilt að veita umhverfismerki Bandalagsins fyrir vöru sem býr yfir eiginleikum sem gera það að verkum að hún stuðlar að verulegum umbótum að því er varðar helstu umhverfisþætti.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að setja skuli sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerkið fyrir hvern vöruflokk.

3) Rétt er að samþykkja nýja ákvörðun um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir utanhússmálningu og -lökk.

4) Vistfræðilegu viðmiðanirnar og tilheyrandi kröfur vegna mats- og sannprófunar skulu gilda í fjögur ár.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, byggjast á drögum að viðmiðunum sem umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins hefur sett fram en henni var komið á fót skv. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Undir vöruflokkinn „utanhússmálning og –lökk“ falla utanhússmálning og -lökk til fegrunar, hlífðarmálning og -lökk, viðarbæs og skyldar vörur sem eru ætluð til notkunar fyrir almenning og fagmenn á byggingar og útihúsgögn, gólf og grindverk, í samræmi við 2. mgr., og aðallega þróuð til nota utanhúss og markaðssett þannig.

Undir þetta fellur m.a. gólflakk og gólfmálning, vörur sem smásalar litblanda að beiðni viðskiptavina eða faglærðra málara, litakerfi og málning til fegrunar, í fljótandi formi eða deigformi, sem framleiðandi hefur e.t.v. formeðhöndlað, litblandað eða undirbúið til að uppfylla þarfir notenda, þ.m.t. viðarmálning, viðar- og gólfbæs, yfirborðsmeðferðarefni fyrir steinfleti (e. masonry coatings) og málmáferðarefni (að undanskildum áferðarefnum og grunnmálningu til varnar tæringu), sem og grunnmálning (og undirmálning) í slíkum vörukerfum.

2. „Málning“: hvers kyns yfirborðsmeðferðarefni með fastlitarefnum í fljótandi formi, deigformi eða duftformi sem myndar ógagnsætt lag á undirlagi sem það er borið á og verndar, fegrar eða hefur sérstaka, tæknilega eiginleika.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 181, 14.7.2009, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2010 frá 2. júlí 2010 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 21.10.2010, bls. 17.

([1]) Stjtíð. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

„Lakk“: glært yfirborðsmeðferðarefni sem er borið á undirlag og myndar hart, gagnsætt lag sem verndar, fegrar eða hefur sérstaka, tæknilega eiginleika.

Þegar málning og lakk hafa verið borin á þorna þau og verða að harðri, viðloðandi varnarhúð.

Málning og lökk til fegrunar eru málning og lökk sem eru borin, til fegrunar og verndar, á byggingar og hluti til skreytingar og frágangs á byggingum sem og á útihúsgögn, gólf og grindverk. Þau eru borin á á staðnum. Þótt þau séu fyrst og fremst notuð til fegrunar gegna þau einnig verndarhlutverki.

Viðarbæs (lasúr) er yfirborðsmeðferðarefni sem myndar gagnsætt eða hálfgagnsætt lag og er notað til að skreyta og vernda við gegn veðrun en það auðveldar viðhald viðarins.

Yfirborðsmeðferðarefni fyrir steinfleti mynda lag til fegrunar og verndar og eru ætluð til notkunar á steinsteypu, (málanlega) múrsteinshleðslu (e. brickwork), hleðslu úr forsniðnum steinum (e. blockwork), múrhúð, kalksandstein eða trefjastyrktan sementsstein. Þau eru einkum ætluð til notkunar utanhúss en þau má einnig nota innanhúss eða á þakskegg og svalaloft.

„Litakerfi“ eru kerfi til að búa til litaða málningu með því að blanda saman „stofni“ og lit.

3. Eftirtaldar vörur eru ekki í þessum flokki:

a) tæringarvarnarefni,

b) gróðurhindrandi málning,

c) viðarvarnarefni,

d) yfirborðsmeðferðarefni til sérstakrar notkunar í iðnaði og í atvinnuskyni, þ.m.t. slitþolin efni til yfirborðsmeðferðar,

e) vörur sem eru aðallega ætlaðar til nota innanhúss og eru markaðssettar þannig.

2. gr.

1. Málning og lökk fá því aðeins umhverfismerki Bandalagsins samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 að þau falli undir vöruflokkinn „utanhússmálning og -lökk“, eins og hann er skilgreindur í 1. gr., og séu í samræmi við þær vistfræðilegu viðmiðanir sem eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun, sbr. þó ákvæði 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

2. Tveggja þátta yfirborðsmeðferðarefni til sértækrar notkunar skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) báðir efnisþættirnir skulu hvor um sig vera í samræmi við vistfræðilegar viðmiðanir sem eru settar fram í viðaukanum (að undanskilinni viðmiðuninni fyrir rokgjörn, lífræn efnasambönd),

b) þeim skulu fylgja upplýsingar þar sem útskýrt er að ekki megi nota annan hvorn efnisþáttinn einan sér eða blanda honum saman við aðrar vörur,

c) lokaafurðin, tilbúin til notkunar, skal þó einnig uppfylla vistfræðilegar viðmiðanir, þ.m.t. viðmiðun fyrir lífræn rokefni.

3. Yfirborðsmeðferðarefni, sem eru markaðssett bæði til notkunar innanhúss og utanhúss, skulu bæði vera í samræmi við þær viðmiðanir, sem eru settar fram í þessari ákvörðun fyrir utanhússmálningu og -lökk, sem og þær viðmiðanir sem eru settar fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/544/EB (2) fyrir innanhússmálningu og -lökk.

3. gr.

Vistfræðilegar viðmiðanir fyrir vöruflokkinn „utanhússmálning og -lökk“ og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar skulu gilda í fjögur ár frá gildistökudegi þessarar ákvörðunar.

4. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „33“ notað fyrir vöruflokkinn „utanhússmálning og -lökk“.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. ágúst 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Olli Rehn

framkvæmdastjóri.

(2) Stjtíð. ESB, L 181, 14.7.2009, bls. 39.

VIÐAUKI

A. **RAMMI**

Markmiðið með viðmiðununum

Markmiðið með þessum viðmiðunum er einkum:

— að hagkvæmni sé gætt í notkun vörunnar og úrgangi haldið í lágmarki,

— að dregið verði úr umhverfisáhættu og annarri áhættu (t.d. er tengist ósoni í veðrahvolfinu) með því að draga úr losun leysiefna,

— að dregið verði úr losun eiturefna eða losun annarra mengandi efna í vötn. Viðmiðanirnar eru hafðar þannig að þær stuðli að merkingu utanhússmálningar og -lakka sem hafa lítil umhverfisáhrif.

Kröfur vegna mats og sannprófunar

Sértækar kröfur vegna mats og sannprófunar eru tilgreindar í hverri viðmiðun.

Ef þess er krafist að umsækjandi leggi fram yfirlýsingar, skjöl, niðurstöður greininga, prófunarskýrslur eða annað til staðfestingar á samræmi við viðmiðanirnar mega þessi gögn vera frá umsækjanda sjálfum og/eða birgjum hans og/eða undirbirgjum þeirra eftir því sem við á.

Heimilt er að nota, eftir því sem við á, aðrar prófunaraðferðir en þær sem tilgreindar eru fyrir hverja viðmiðun ef þar til bær stofnun, sem metur umsóknina, fellst á að aðferðirnar séu jafngildar.

Eftir því sem við á geta þar til bærar stofnanir krafist fylgiskjala og framkvæmt óháðar sannprófanir.

Mælt er með því að þar til bærar stofnanir taki tillit til þess, við mat á umsóknum og eftirlit með samræmi við viðmiðanirnar, hvort viðurkenndum umhverfisstjórnunarkerfum, s.s. EMAS eða EN ISO 14001, er beitt (aths.: þess er ekki krafist að slíkum stjórnunarkerfum sé beitt).

Ef vísað er til innihaldsefna í viðmiðunum tekur það einnig til efna og efnablandna. Skilgreiningar á „efnum“ og „efnablöndum“ eru gefnar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 (efnareglunum (REACH)) ([1]).

Umsækjandi skal veita þar til bæru stofnuninni nákvæmar upplýsingar um samsetningu vörunnar sem tekur til allra efna sem hann notar í hana. Gefa skal upp sérhvert efni, þ.m.t. óhreinindi, sem er í meira en 0.01% styrk í vörunni (massahlutfall) nema minni styrkur sé tilgreindur annars staðar í viðmiðununum.

B. **VISTFRÆÐILEGAR VIÐMIÐANIR**

Allar viðmiðanir, nema 3. viðmiðun varðandi viðmiðunarmörk fyrir lífræn rokefni, gilda um málningu eða lakk í umbúðum sínum. Í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB ([2]) eiga viðmiðunarmörk fyrir lífræn rokefni við um vöru sem er tilbúin til notkunar og þar af leiðandi skal í útreikningi á hámarksinnihaldi lífrænna rokefna gera ráð fyrir öllum viðbótarefnum, sem mælt er með að nota, eins og litgjöfum og/eða þynni. Við þennan útreikning er þörf á gögnum frá hráefnabirgjum varðandi innihald fastra efna og lífrænna rokefna og varðandi eðlismassa vörunnar.

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 87.

1. og 2. viðmiðun gilda einungis um hvíta og ljóslitaða málningu (þ.m.t. áferðarefni, grunnmálningu, undirmálningu og/eða milliefni).

Þegar um litakerfi er að ræða gilda 1. og 2. viðmiðun einungis um hvíta stofninn (stofninn sem inniheldur mest af TiO_2). Í tilvikum þar sem hvíti stofninn uppfyllir ekki kröfuna samkvæmt viðmiðun 7.a um efnisþekju sem er a.m.k. 6 m^2 á lítra með 98% hulu teljast viðmiðanirnar uppfylltar þegar litblöndun hefur framkallað staðallitinn RAL 9010.

1. og 2. viðmiðun gilda ekki um gagnsæ yfirborðsmeðferðarefni.

1. **Hvítir fastlitir**

Innihald hvítra fastlita (hvítra, ólífrænna fastlita með brotstuðli sem er hærri en 1,8): Málningin skal innihalda 38 g eða minna af hvítum fastlitum miðað við fermetra af þurru lagi með 98% ógagnsæi. Þessi krafa gildir ekki um lökk og viðarbæs.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal annaðhvort leggja fram yfirlýsingu um að efnið sé ekki notað eða gefa upp innihald hvítra fastlita og efnisþekju ásamt ítarlegum útreikningi sem sýnir fram á samræmi við þessa viðmiðun.

2. **Títandíoxíð**

Títandíoxíð: Losun og slepping úrgangsefna í tengslum við framleiðslu á títandíoxíðfastlitum má ekki fara yfir eftirfarandi (samkvæmt tilvísunarskjali um bestu, fáanlegu tækni til framleiðslu á miklu magni af ólífrænum íðefnum (BREF) (ágúst 2007)):

— SO_x-losun (gefin upp sem SO^2): 266 mg á fermetra af þurrfilmu (98% ógagnsæi),

— súlfatúrgangur: 19 g á fermetra af þurrfilmu (98% ógagnsæi),

— klóríðúrgangur: 3,9, 6,8 og 12,5 g á fermetra af þurrfilmu (98% ógagnsæi) að því er varðar (í sömu röð) náttúrulegt rútíl, gervirútíl og gjall.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal annaðhvort leggja fram yfirlýsingu um að efnið sé ekki notað eða leggja fram frekari gögn þar sem losun og slepping úrgangsefna fyrir þessa mæliþætti er tilgreind, svo og títandíoxíðinnihald vörunnar og efnisþekjan, ásamt ítarlegum útreikningum sem sýna fram á samræmi við þessa viðmiðun.

3. **Rokgjörn, lífræn efnasambönd (lífræn rokefni)**

Innihald lífrænna rokefna skal ekki fara yfir:

Vöruflokkun (tilskipun 2004/42/EB)	Viðmiðunarmörk fyrir lífræn rokefni (g/l, þ.m.t. vatn)
Yfirborðsmeðferðarefni til notkunar utanhúss á veggi úr jarðefnum	40
Málning fyrir hluti til skreytingar og klæðningar úr viði og málmi utanhúss, þ.m.t. undirmálning	90
Lakk og viðarbæs fyrir hluti til skreytingar utanhúss, þ.m.t. þekjandi viðarbæs	90
Viðarbæs með lágmarksþykkt til notkunar utanhúss	75
Grunnmálning (til notkunar utanhúss)	15
Bindigrunnur (til notkunar utanhúss)	15
Eins þáttar yfirborðsmeðferðarefni	100
Tveggja þátta yfirborðsmeðferðarefni til sértækrar notkunar, s.s. á gólf	100

Í þessu samhengi eru rokgjörn, lífræn efnasambönd (lífræn rokefni) skilgreind sem sérhvert lífrænt efnasamband með upphafssuðumarki sem er að hámarki 250 °C við staðalþrýstinginn 101,3 kPa eins og skilgreint er í tilskipun 2004/42/EB. Undirflokkar fyrir málningu og lökk í tilskipuninni eru notaðir við skilgreiningu á viðmiðunarmörkum fyrir lífræn rokefni. Hér eru einungis tilgreindir flokkar sem varða yfirborðsmeðferðarefni utanhúss

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun. Umsækjandi skal tilgreina innihald lífrænna rokefna fyrir allar vörur.

4. **Rokgjörn, arómatísk vetniskolefni**

Ekki skal bæta rokgjörnum, arómatískum vetniskolefnum beint við vöruna á undan litblöndun eða meðan á litblöndun stendur (eftir atvikum) en hins vegar má bæta við innihaldsefnum sem innihalda rokgjörn, arómatísk vetniskolefni svo fremi að innihald rokgjarnra, arómatískra vetniskolefna í lokaafurðinni fari ekki yfir 0,1% (miðað við massa).

Í þessu samhengi er rokgjarnt, arómatískt vetniskolefni skilgreint sem sérhvert lífrænt efnasamband, eins og það er skilgreint í tilskipun 2004/42/EB, með upphafssuðumarki, sem er að hámarki 250 °C við staðalþrýstinginn 101,3 kPa, og með a.m.k. einn arómatískan kjarna í byggingarformúlu sinni.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun þar sem fram komi að engum rokgjörnum, arómatískum vetniskolefnum hafi verið bætt við nema þeim sem voru í forunnum innihaldsefnum og, eftir atvikum, yfirlýsingar frá birgjum viðkomandi innihaldsefna sem staðfesta innihald rokgjarnra, arómatískra kolvatnsefna í þeim.

5. **Þungmálmar**

Eftirfarandi þungmálma og efnasambönd þeirra skal ekki nota sem innihaldsefni í vöruna eða litinn (ef við á) (hvorki sem efni né sem hluta af efnablöndu sem er notuð): kadmíum, blý, sexgilt króm, kvikasilfur, arsen, baríum (að undanskildu baríumsúlfati), selen og antímon.

Ekki skal heldur bæta við kóbalti sem innihaldsefni, að undanskildum kóbaltsöltum sem eru notuð sem þurrkefni í alkýðmálningu. Þau má nota svo fremi að styrkur kóbaltmálms í lokaafurðinni fari ekki yfir 0,05% (miðað við massa). Kóbalt í fastlitarefnum er einnig undanþegið þessari kröfu.

Innihaldsefni mega innihalda snefilmagn af þessum málmum, allt að 0,01% (miðað við massa), sem rekja má til óhreininda í hráefninu.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun ásamt yfirlýsingum frá birgjum innihaldsefna (eftir atvikum).

6. **Hættuleg efni**

a) **Varan:** Varan skal ekki flokkuð, hvorki fyrir né eftir litblöndun (eftir atvikum), sem vara sem er mjög eitruð, eitruð, hættuleg umhverfinu, krabbameinsvaldandi, sem hefur eiturhrif á æxlun, er skaðleg, ætandi, stökkbreytandi eða ertandi (aðeins ef orsökin er innihaldsefni sem eru merkt með H43) í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB ([1]).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun ásamt öryggisblaði fyrir vöruna sem uppfyllir kröfurnar í II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 (efnareglurnar (REACH)).

b) **Innihaldsefni (sem eru mjög eitruð, eitruð, krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun):** Ekki er heimilt að nota innihaldsefni, þ.m.t. þau sem eru notuð við litblöndun (ef við á), sem hafa fengið eða kunna að fá einhverja af eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningar þeirra) þegar umsókn er lögð fram:

— H23 (eitrað við innöndun),

([1]) Stjtíð. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1.

— H24 (eitrað í snertingu við húð),

— H25 (eitrað við inntöku),

— H26 (mjög eitrað við innöndun),

— H27 (mjög eitrað í snertingu við húð),

— H28 (mjög eitrað við inntöku),

— H33 (hætta á heilsutjóni eykst við reglubundna notkun),

— H39 (hætta á alvarlegu, varanlegu heilsutjóni),

— H40 (getur hugsanlega valdið krabbameini),

— H42 (getur valdið ofnæmi við innöndun),

— H45 (getur valdið krabbameini),

— H46 (getur valdið arfgengum skaða),

— H48 (hætta á alvarlegu heilsutjóni við langvarandi váhrif),

— H49 (getur valdið krabbameini við innöndun),

— H60 (getur dregið úr frjósemi),

— H61 (getur skaðað barn í móðurkviði),

— H62 (getur hugsanlega dregið úr frjósemi),

— H63 (getur hugsanlega skaðað barn í móðurkviði),

— H68 (getur valdið varanlegu heilsutjóni),

eins og mælt er fyrir um í tilskipun 67/548/EBE ([1]) og síðari breytingum á henni. Virk innihaldsefni, sem eru notuð sem rotvarnarefni í formúlunni og hafa fengið einhverja af hættusetningunum H23, H24, H25, H26, H27, H28, H39 eða H48 (eða samsetningar þeirra), mega samt sem áður vega allt að 0,1% (miðað við massa) í samsetningu málningarinnar.

([1]) Stjtíð. EB L 196, 16.8 1967, bls. 1.

Að öðrum kosti kemur til greina að nota hnattsamræmda flokkunarkerfið (HSK) ([1]). Í því tilviki skal ekki nota innihaldsefni, þ.m.t. þau sem eru notuð við litblöndun (ef við á), sem hafa verið flokkuð í einhvern eftirfarandi flokka (eða samsetningar þeirra):

— bráð eiturhrif (við inntöku) — I., II. og III. hættuundirflokkur,

— bráð eiturhrif (um húð) — I., II. og III. hættuundirflokkur,

— bráð eiturhrif (við innöndun) — I., II. og III. hættuundirflokkur,

— næming öndunarfæra — I. hættuundirflokkur,

— stökkbreytandi efni — I. og II. hættuundirflokkur,

— krabbameinsvaldandi efni — I. og II. hættuundirflokkur,

— efni sem hafa eiturhrif á æxlun — I. og II. hættuundirflokkur,

— sértæk eiturhrif á marklíffæri (váhrif í eitt skipti) — I. og II. hættuundirflokkur,

— sértæk eiturhrif á marklíffæri (endurtekin váhrif) — I og II. hættuundirflokkur,

eins og mælt er fyrir um í ST/SG/AC.10/30 ([2]) og endurskoðað í ST/SG/AC.10/34/3. viðbæti um hnattsamræmda kerfið til flokkunar og merkingar á íðefnum (e. the Globally Harmonised System of Classification and Labelling of Chemicals). Virk innihaldsefni, sem eru notuð sem varnarefni í formúlunni og hafa verið flokkuð í einhvern af eftirfarandi HSK-flokkum, mega samt sem áður vega allt að 0,1% (miðað við massa) í heildarsamsetningu málningarinnar:

— bráð eiturhrif (við inntöku, um húð, við innöndun) — I., II. og III. hættuundirflokkur (aðeins við inntöku og um húð),

— sértæk eiturhrif á marklíffæri (váhrif í eitt skipti og/eða endurtekin váhrif) – I. og II. hættuundirflokkur (eða samsetningar þeirra) og

— krabbameinsvaldandi áhrif, II. hættuundirflokkur.

Metýletýlketoxím má nota í alkýðmálningu en innihald þess má ekki vera yfir 0,3% (miðað við massa).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun ásamt öryggisblaði fyrir vöruna sem uppfyllir kröfurnar í II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 (efnareglurnar (REACH)).

c) **Innihaldsefni (sem eru hættuleg umhverfinu):** Ekkert innihaldsefni skal vega meira en 2% (miðað við massa), þ.m.t. innihaldsefni sem eru notuð við litblöndun (ef við á), hafi það fengið eða kann að fá einhverja af eftirfarandi hættusetningum þegar umsókn er lögð fram:

— N H50 (mjög eitrað vatnalífverum),

([1]) Þann 27. júní 2007 samþykkti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tillögu að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna og um breytingu á tilskipun 67/548/EBE og reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (COM(2007) 355, lokagerð). Frekari upplýsingar um hvernig gildandi kerfi og hnattsamræmda kerfið (HSK) skarast má finna í VII. viðauka í III. bindi tillögunnar sem var samþykkt: http://ec.europa.eu/enterprise/reach/docs/ghs/ghs_prop_vol_iii_en.pdf

([2]) Sérfræðinganefnd Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum varningi og um hnattsamræmda kerfið til flokkunar og merkingar á íðefnum: http://www.unece.org/trans/main/dgdb/dgcomm/ac10rep.html

— N H50/H53 (mjög eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni),

— N H51/H53 (eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni),

— N H52/53 (skaðlegt vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni),

— H51 (eitrað vatnalífverum),

— H52 (skaðlegt vatnalífverum),

— H53 (getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni),

eins og mælt er fyrir um í tilskipun 67/548/EBE eða í tilskipun 1999/45/EB.

Að öðrum kosti kemur til greina að nota hnattsamræmda flokkunarkerfið (HSK) ([1]). Í því tilviki skal ekkert innihaldsefni vega meira en 2% (miðað við massa), þ.m.t. þau sem eru notuð við litblöndun (ef við á), hafi það verið eða kann að verða flokkað í einhvern eftirfarandi flokka þegar umsókn er lögð fram:

Hættundirflokkar fyrir eiturhrif á vatnsumhverfi (og samsetningar þeirra):

— bráð eiturhrif, I., II. og III. hættuundirflokkur,

— langvinn eiturhrif, I., II., III., og IV. hættuundirflokkur,

eins og mælt er fyrir um í ST/SG/AC.10/30 og endurskoðað í ST/SG/AC.10/34/3. viðbæti um hnattsamræmda kerfið til flokkunar og merkingar á íðefnum.

Í hvorugu tilvikinu skal samanlagt magn innihaldsefna fara yfir 4% (miðað við massa) hafi efnin fengið eða kunna að fá, þegar umsókn er lögð fram, einhverja af þessum hættusetningum (eða samsetningar þeirra) eða HSK-flokkun.

Þessi krafa gildir ekki um ammoníak eða alkýlammoníak.

Þessi krafa hefur ekki áhrif á þá skyldu að uppfylla kröfuna sem sett er fram í viðmiðun 6.a hér að framan.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun ásamt skrá yfir innihaldsefni og öryggisblað fyrir sérhvert innihaldsefni sem uppfyllir kröfurnar í II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 (efnareglurnar (REACH)).

d) **Alkýlfenóletoxýlöt (APEO):** Alkýlfenóletoxýlöt skulu ekki notuð í vöruna á undan litblöndun eða meðan á henni stendur (ef við á).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun.

([1]) Sjá 5. nmgr.

e) **Ísóþíasólínónefnasambönd:** Innihald ísóþíasólínónefnasambanda í vörunni skal ekki fara yfir 0,05% (miðað við massa), hvorki fyrir né eftir litblöndun (ef við á). Í viðarþekjuefnum skal innihald ísóþíasólínónefnasambanda ekki fara yfir 0,2% (miðað við massa). Eins skal innihald blöndunnar 5-klór-2-metýl-2H-ísóþíasól-3-óns (EB-nr. 247-500-7) og 2-metýl-2H-ísóþíasól-3-óns (EB-nr. 220-239-6) (3:1) í vörunni ekki vera meira en 0,0015% (miðað við massa).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun og tilgreina magntölur (ef um notkun er að ræða).

f) Ekki er heimilt að nota í vöruna perflúoruð alkýlsúlfónöt (PFAS), perflúoraðar karboxýlsýrur (PFCA), þ.m.t. perflúoroktansýra (PFOA), og skyld efni sem eru talin upp í bráðabrigðaskrám Efnahags- og framfarastofnunarinnar yfir perflúoroktansúlfónöt (PFOS), perflúoruð alkýlsúlfónöt (PFAS), perflúoroktansýrur (PFOA) og perflúoraðar karboxýlsýrur (PFCA) og skyld efnasambönd og íðefni sem kunna að brotna niður í perflúoraðar karboxýlsýrur (PFCA) (endurskoðuð útgáfa frá 2007). Skrá Efnahags- og framfarastofnunarinnar er tilgreind í viðaukanum við þetta viðmiðanaskjal.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun.

g) **Formaldehýð:** Ekki skal bæta óbundnum formaldehýðum við. Efnasambönd, sem innihalda formaldehýð, má aðeins nota í því magni að heildarinnihald óbundins formaldehýðs eftir litblöndun (ef við á) verði ekki meira en 0,001% (miðað við massa).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun. Að auki skal umsækjandi leggja fram prófunarniðurstöður frá hráefnabirgjum, þar sem notuð hefur verið VdL-RL-03-prófunaraðferðin (VdL-viðmiðunarregla-03), *In-can concentration of formaldehyde determined by the acetyl-acetone method*, auk útreikninga sem tengja gögnin úr þessum prófunum við lokaafurðina, til þess að sýna fram á að hæsti mögulegi lokastyrkur formaldehýðs, sem losnar frá efnum sem gefa frá sér formaldehýð, fari ekki yfir 0.001 % (miðað við massa). Annar kostur er að mæla í lokaafurðinni formaldehýð frá efnasamböndum, sem innihalda formaldehýð, með háþrýstivökvaskiljun samkvæmt landsstaðli eða fullgiltri aðferð eins og lýst er í ISO/IEC 17025.

h) **Halógenaðir, lífrænir leysar:** Þrátt fyrir viðmiðanir 6.a, 6.b og 6.c eru það einungis þau halógenuðu efnasambönd, sem hafa verið áhættumetin þegar umsókn er lögð fram og ekki flokkuð með eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningum þeirra): H26/27, H45, H48/20/22, H50, H51, H52, H53, H50/53, H51/53, H52/53 og H59, í samræmi við tilskipanir 67/548/EBE og 1999/45/EB, sem heimilt er að nota í vöruna á undan litblöndun eða á meðan á henni stendur (ef við á).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun.

i. **Þalöt:** Þrátt fyrir viðmiðanir 6.a, 6.b og 6.c eru það einungis þau þalöt, sem hafa verið áhættumetin þegar umsókn er lögð fram og ekki flokkuð með eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningum þeirra): H60, H61, H62, H50, H51, H52, H53, H50/53, H51/53 og H52/53, í samræmi við tilskipun 67/548/EBE með áorðnum breytingum, sem heimilt er að nota í vöruna á undan litblöndun eða á meðan á henni stendur (ef við á). Ekki er heldur heimilt að nota dínoktýlþalat (DNOP), díísónónýlþalat (DNP) og díísódekýlþalat (DIDP) í vöruna.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun.

7. **Notagildi**

a) **Efnisþekja:** Efnisþekja hvítrar og ljóslitaðrar málningar, (þ.m.t. áferðarefni, grunnmálning, undirmálning og/eða milliefni) skal vera (með 98% hulu) a.m.k. 6 m^2 á lítra af vörunni.

Þegar um litakerfi er að ræða gildir þessi viðmiðun einungis um hvíta stofninn (stofninn sem inniheldur mest af TiO_2). Í tilvikum þar sem hvíti stofninn uppfyllir ekki kröfuna um efnisþekju sem er a.m.k. 6 m^2 á lítra með 98% hulu telst viðmiðunin uppfyllt þegar litblöndun hvíta stofnsins hefur framkallað staðallitinn RAL 9010. Þessi viðmiðun gildir ekki fyrir aðra stofna sem eru notaðir til að framleiða litblandaðar vörur enda eru það stofnar sem innihalda almennt minna af TiO_2 og ná ekki að uppfylla lágmarkskröfuna um efnisþekju sem er a.m.k. 6 m^2 á lítra með 98% hulu. Þegar um er að ræða málningu sem er hluti af litakerfi skal umsækjandi ráðleggja endanlegum notanda á vöruumbúðum og/eða afhendingarstað hvaða lit eða grunnmálningu/undirmálningu (sem helst skal bera evrópska umhverfismerkið) skuli nota sem undirlag áður en borinn er á dekkri litur.

Efnisþekja grunnmálningar með sérstaka hindrunar-/þéttieiginleika og góða smygni-/bindieiginleika og grunnmálningar með sérstaka viðloðunareiginleika fyrir álfleti og galvanhúðaða fleti skal vera (með 98% hulu) a.m.k. 6 m^2 á lítra.

Efnisþekja gúmteygjumálningar (e. elastomeric paint) skal vera (með 98% hulu) a.m.k. 4 m^2 á lítra.

Þessi krafa gildir ekki um lökk, viðarbæs, gólflakk og gólfmálningu, undirmálningu, aðra viðloðunargrunna eða önnur gagnsæ yfirborðsmeðferðarefni.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á aðferðinni: ISO6504/1 (*Paints and varnishes — determination of hiding power* — 1. hluti: *Kubelka-Munk method for white and light-coloured paints*) eða 6504/3 (3. hluti: *Determination of contrast ratio (opacity) of light-coloured paints at a fixed spreading rate*) eða, fyrir málningu sem er sérstaklega hönnuð til að ná fram skrauthrifum í þrívídd og einkennist af afar þykku lagi, aðferðinni NF T 30 073 (eða annarri sambærilegri aðferð). Þegar um er að ræða stofna sem eru notaðir til að framleiða litblandaðar vörur og hafa ekki verið metnir samkvæmt framangreindum kröfum skal umsækjandi færa sönnur á að endanlegum notanda sé ráðlagt að nota grunnmálningu og/eða gráa undirmálningu (eða undirmálningu í öðrum viðeigandi lit) áður en varan er borin á.

b) **Vatnsþol:** Lökk, gólflökk og gólfmálning skulu hafa það mikið vatnsþol, eins og það er ákvarðað með aðferð samkvæmt ISO 2812-3, að eftir 24 klukkustunda áraun og 16 klukkustunda hvíld hafi ekki orðið nein breyting á gljáa eða lit.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á aðferðinni ISO 2812-3 (*Paints and varnishes — determination of resistance to liquids* — 3. hluti: *Method using an absorbent medium*).

c) **Viðloðun:** Málning fyrir steinfleti (að gagnsærri grunnmálningu undanskilinni) skal standast afrifspróf fyrir viðloðun samkvæmt EN 24624 (ISO 4624) og gólflakk, gólfmálning og undirmálning fyrir steinsteypu og yfirborðborðsmeðferðarefni fyrir við og málm skulu fá að lágmarki 2 stig í þversögunarprófi fyrir viðloðun samkvæmt EN 2409. Þegar beitt er aðferð samkvæmt EN 24624 og samloðunarstyrkur undirstöðuefnisins reynist minni en viðloðunarstyrkur málningar telst prófið staðið en annars þarf viðloðun málningarinnar að vera meiri en lágmarksgildið 1.5MPa sem þarf til þess að standast prófið.

Umsækjandi skal meta grunnmálningu og/eða áferðarefni, bæði hvort fyrir sig og sem hluta af kerfi (ef hægt er skal kerfið, þegar það er prófað, taka til vara sem merktar eru með evrópska umhverfismerkinu (undanskilin eru kerfi sem eru ætluð fyrir málmfleti)). Þegar áferðarefni er prófað eitt sér skal miða við verstu sviðsmynd með tilliti til viðloðunar.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á aðferðinni EN ISO 2409 eða EN 24624 (ISO 4624) eftir því sem við á.

d) **Slit:** Gólflökk og gólfmálning skulu hafa þann slitstyrk að þyngdartap sé ekki meira en 70 mg eftir 1000 prófunarlotur með 1000 g álagi og CS10-hjóli í samræmi við EN ISO 7784-2:2006.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu sem sýnir, með aðferðinni EN ISO 7784-2:2006, fram á samræmi við þessa viðmiðun.

e) **Veðrun:** Áferðarmálning fyrir steinfleti og áferðarefni fyrir við og málm, þ.m.t. lökk, skulu gangast undir gerviveðrun í búnaði með flúrperum með útfjólublau ljósi og vatnsþéttingu eða vatnsúðun í samræmi við 11507:2007. Málning fyrir steinfleti skal gangast undir prófunarskilyrðin í 1000 klst., viðar- og málmáferðarefni (þ.m.t. lökk) skulu gangast undir prófunarskilyrðin í 500 klst. Prófunarskilyrðin eru: Útfjólublá A-geislun í 4 klst. við 60 °C + raki í 4 klst. við 50 °C.

Að öðrum kosti má láta viðaráferðarefni og viðarlökk gangast undir veðrun í 500 klst. í QUV-hraðveðrunarbúnaði með lotubundinni áraun með útfjólublárri A-geislun og úðun samkvæmt EN 927-6.

Litabreyting sýnishorna, sem hafa undirgengist veðrun, skal ekki vera meiri en $\Delta E^* = 4$ og gljáatap lakka skal ekki vera meira en 30% af upprunalegu gildi. Gljáa skal mæla samkvæmt ISO 2813. Viðmiðunin fyrir litabreytingu á ekki við um gagnsæ lökk og stofna.

Kölkun skal prófa með aðferðinni EN ISO 4628-6:2007 á áferðarefni fyrir steinfleti sem og áferðarefni fyrir við og málm (eftir atvikum) eftir að sýnishorn hafa undirgengist veðrun. Yfirborðsmeðferðarefni skulu fá 1,5 stig eða meira (0,5 eða 1,0) í þessu prófi. Í staðlinum er að finna skýringarmyndir með tilvísunum.

Eftirfarandi mæliþætti skal einnig meta hjá áferðarefnum fyrir steinfleti og áferðarefnum fyrir við og málm eftir að sýnishornin hafa undirgengist veðrun:

— flögnun samkvæmt ISO 4628-5:2003; flöguþéttleiki 2 eða minni, flögustærð 2 eða minni,

— sprungumyndun samkvæmt ISO 4628-4:2003, sprungumagn 2 eða minna og sprungustærð 3 eða minni,

— blöðrumyndun samkvæmt ISO 4628-2:2003, blöðruþéttleiki 3 eða minni, blöðrustærð 3 eða minni.

Vegna mikils fjölda mögulegra lita eftir blöndun verða þessi próf takmörkuð við málningarstofninn sem er notaður.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu sem byggist annaðhvort á staðlinum ISO11507:2007, í samræmi við tilgreinda mæliþætti, eða EN 927-6 eða báðum stöðlunum (ef við á) Að auki skal umsækjandi leggja fram prófunarskýrslur sem byggjast á EN ISO 4628-2, 4, 5, 6, eftir atvikum. Umsækjandi skal einnig leggja fram yfirlýsingu um (eftir atvikum) að litabreytingar á yfirborðsmeðferðarefninu séu innan þeirra marka sem tilgreind eru fyrir þennan mæliþátt í skjalinu.

f) **Gegnstreymanleiki vatnsgufu (e. water vapour permeability):** Ef fyllyrt er að utanhússmálning fyrir steinfleti og steinsteypu geti andað skal málningin flokkuð í II. flokk (meðalgegnstreymanleiki vatnsgufu) eða betri flokk samkvæmt prófunarðferðinni í EN ISO 7783-2. Vegna mikils fjölda mögulegra lita eftir blöndun skal þessi viðmiðun takmörkuð við prófun á málningarstofninum en þessi krafa á ekki við um gagnsæja grunnmálningu.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á aðferðafræði samkvæmt EN ISO 7783-2.

g) **Gegnstreymanleiki vatns í vökvaástandi (e. liquid water permeability):** Ef fullyrt er að utanhússmálning fyrir steinfleti og steinsteypu hrindi frá sér vatni eða sé gúmteygjukennd skal yfirborðsmeðferðarefnið flokkað í III. flokk (lítill vatnsgegnstreymanleiki) samkvæmt aðferðinni DIN EN 1062-3:1999. Vegna mikils fjölda mögulegra lita eftir blöndun skal þessi viðmiðun takmörkuð við prófun á stofninum. Öll önnur málning fyrir steinfleti skal flokkuð í II. flokk (miðlungsgegnstreymanleiki vatns) eða betri flokk samkvæmt prófunaraðferðinni DIN EN 1062-3:1999.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á aðferðafræði samkvæmt DIN EN 1062-3:1999.

h) **Sveppavörn:** Ef fullyrt er að áferðarefni fyrir steinfleti hafi sveppavarnareiginleika skal yfirborðsmeðferðarefnið hafa hlotið 2 stig eða fleiri (minna en 10% sveppaþekja) í ákvörðun samkvæmt aðferðinni BS 3900:G6. Vegna mikils fjölda mögulegra lita eftir blöndun skal þessi viðmiðun takmörkuð við prófun á málningarstofninum.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á aðferð samkvæmt BS 3900:G6.

i) **Sprungubrúun:** Ef fullyrt er að málning fyrir steinfleti (eða steinsteypumálning) hafi gúmteygjueiginleika skal að lágmarki flokka hana sem A1 við 23 °C samkvæmt DIN EN 1062-7:2004. Vegna mikils fjölda mögulegra lita eftir blöndun skal þessi viðmiðun takmörkuð við prófun á stofninum.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á aðferð samkvæmt DIN EN 1062-7:2004.

j) **Alkalíþol:** Málning og grunnmálning fyrir steinfleti skal ekki láta á sjá eftir blettun í sólarhring með 10% natríumhýdroxíðlausn samkvæmt aðferðinni í ISO 2812-4:2007. Matið skal fara fram eftir að málningin hefur fengið að þorna og jafna sig í sólarhring.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á aðferð samkvæmt ISO 2812-4:2007.

8. **Neytendaupplýsingar**

Eftirfarandi upplýsingar skal birta á umbúðunum eða láta fylgja þeim:

— upplýsingar um notkun, undirstöðuefni og skilyrðin fyrir tilætlaðri notkun efnisins. Þetta felur í sér ráð varðandi undirbúningsvinnu o.s.frv., t.d. réttan undirbúning fyrir undirlagið, ráð varðandi notkun utanhúss (eftir því sem við á) eða hitastig,

— ráðleggingar varðandi hreinsun á verkfærum og viðeigandi meðhöndlun úrgangs (til að takmarka vatnsmengun). Þessar ráðleggingar skal laga að viðkomandi vörutegund og notkunarsviði og nota má skýringarmyndir (e. pictogram) ef við á;

— ráðleggingar varðandi geymslu á vörunni eftir að umbúðirnar hafa verið opnaðar (til að takmarka úrgang í föstu formi), þ.m.t. varnaðarorð ef við á,

— þegar um er að ræða dökk yfirborðsmeðferðarefni sem viðmiðun 7.a á ekki við um skal gefa ráð varðandi notkun á réttri grunnmálningu eða réttum stofni (sem helst skal bera evrópska umhverfismerkið),

— texta með ábendingu um að förgun ónotaðrar málningar á öruggan og umhverfisvænan hátt útheimti sérhæfða meðhöndlun og henni skuli því ekki fleygt með heimilissorpi eða hellt niður. Upplýsingar um að leita skuli ráða um förgun og söfnun hjá staðaryfirvöldum;

— ráðleggingar varðandi fyrirbyggjandi verndarráðstafanir fyrir málarann. Eftirfarandi texta (eða sambærilegan texta) skal birta á umbúðunum eða láta fylgja þeim:

„Frekari upplýsingar um það hvers vegna þessari vöru hefur verið veitt „Blómið“ fást á vefsetrinu: http://ec.europa.eu/environment/ecolabel“.

Mat og sannprófun: Með umsókninni skal leggja fram sýnishorn af umbúðum vörunnar ásamt tilheyrandi yfirlýsingu um samræmi við þessar viðmiðanir, eins og við á.

9. **Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerkinu**

Eftirfarandi texti skal standa í 2. reit á umhverfismerkinu:

— hentar vel til notkunar utanhúss,

— takmarkað innihald hættulegra efna,

— inniheldur lítið af leysum.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram sýnishorn af umbúðum vörunnar, þar sem merkið sést, ásamt yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/64**

frá 13. ágúst 2008

um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir innanhúss-málningu og –lökk (*)

(tilkynnt með númeri C(2008) 4453)

(2009/544/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis Bandalagsins ([1]), einkum annarri undirgrein 1. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er heimilt að veita umhverfismerki Bandalagsins fyrir vöru sem býr yfir eiginleikum sem gera það að verkum að hún stuðlar að verulegum umbótum að því er varðar helstu umhverfisþætti.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að setja skuli sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerki fyrir hvern vöruflokk og skuli þær byggjast á drögum að viðmiðunum sem umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins hefur sett fram.

3) Þar er einnig kveðið á um að endurskoðun á viðmiðunum fyrir umhverfismerkið, sem og á kröfum vegna mats og sannprófunar er varða viðmiðanirnar, skuli fara fram í tæka tíð fyrir lok gildistímabils viðmiðananna sem tilgreindar eru fyrir viðkomandi vöruflokk.

4) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1980/2000 hafa vistfræðilegu viðmiðanirnar verið endurskoðaðar innan tilskilins tíma og einnig tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar sem settar voru fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/739/EB frá 3. september 2002 um endurskoðaðar, vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir innanhússmálningu og -lökk og um breytingu á ákvörðun 1999/10/EB ([2])). Þessar vistfræðilegu viðmiðanir og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar gilda til og með 28. febrúar 2009.

5) Í ljósi þessarar endurskoðunar og til að taka tillit til þróunar í vísindum og á markaði er rétt að breyta skilgreiningunni á vöruflokknum og setja nýjar, vistfræðilegar viðmiðanir.

6) Því ber að skipta út ákvörðun 2002/739/EB til.

7) Vistfræðilegu viðmiðanirnar og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar skulu gilda í fjögur ár frá tilkynningardegi þessarar ákvörðunar.

8) Heimila skal umbreytingartímabil fyrir framleiðendur, ef vörum þeirra hefur verið veitt umhverfismerkið fyrir innanhússmálningu og lökk fyrir 18. ágúst 2008, eða framleiðendur, sem hafa sótt um slíka veitingu fyrir 18. ágúst 2008, svo að þeir hafi nægan tíma til að laga vörur sínar að endurskoðuðum viðmiðunum og kröfum. Til að tryggja réttarvissu skal framleiðendum heimilt til 28. febrúar 2009 að leggja fram umsóknir sem settar eru fram samkvæmt viðmiðunum í ákvörðun 2002/739/EB. Eftir þann dag gilda eingöngu þær viðmiðanir, sem eru settar fram í þessari ákvörðun.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Undir vöruflokkinn „innanhússmálning og -lökk“ falla innanhússmálning og -lökk til fegrunar, viðarbæs og skyldar vörur, eins og skilgreint er í 2. mgr., sem eru ætluð til notkunar fyrir almenning og fagmenn og aðallega þróuð til nota innanhúss og markaðssett þannig.

Undir þetta fellur m.a. gólflakk og gólfmálning, vörur sem smásalar litblanda að beiðni viðskiptavina eða faglærðra málara, litakerfi og málning til fegrunar, í fljótandi formi eða deigformi, sem framleiðandi hefur e.t.v. formeðhöndlað, litblandað eða undirbúið til að uppfylla þarfir notenda, þ.m.t. grunnmálning og undirmálning í slíkum vörukerfum.

2. „Málning“: hvers kyns yfirborðsmeðferðarefni með fastlitarefnum í fljótandi formi, deigformi eða duftformi sem myndar ógagnsætt lag á undirlagi sem það er borið á og verndar, fegrar eða hefur sérstaka, tæknilega eiginleika.

„Lakk“: glært yfirborðsmeðferðarefni sem er borið á undirlag og myndar hart, gagnsætt lag sem verndar, fegrar eða hefur sérstaka, tæknilega eiginleika.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 181, 14.7.2009, bls. 39. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2010 frá 2. júlí 2010 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 21.10.2010, bls. 17.

([1]) Stjtíð. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 236, 4.9.2002, bls. 4

Málning og lökk til fegrunar eru málning og lökk sem eru borin, til fegrunar og verndar, á byggingar og hluti til skreytingar og frágangs í þeim. Þau eru borin á á staðnum. Þótt þau séu fyrst og fremst notuð til fegrunar gegna þau einnig verndarhlutverki.

Viðarbæs (lasúr) er yfirborðsmeðferðarefni sem myndar gagnsætt eða hálfgagnsætt lag og er notað til að fegra og vernda við gegn veðrun en það auðveldar viðhald viðarins.

„Litakerfi“ eru kerfi til að útbúa litaða málningu með því að blanda saman „stofni“ og lit.

3. Eftirtaldar vörur eru ekki í þessum flokki:

a) tæringarvarnarefni,

b) gróðurhindrandi málning,

c) viðarvarnarefni,

d) yfirborðsmeðferðarefni til sérstakrar notkunar í iðnaði og í atvinnuskyni, þ.m.t. slitþolin efni til yfirborðsmeðferðar,

e) utanhússmálning og -lökk,

f) vörur sem eru aðallega ætlaðar til nota utanhúss og markaðssettar þannig.

2. gr.

1. Málning og lökk fá því aðeins umhverfismerki Bandalagsins samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 að þau falli undir vöruflokkinn „innanhússmálning og -lökk“, eins og hann er skilgreindur í 1. gr., og séu í samræmi við þær vistfræðilegu viðmiðanir sem eru settar fram í viðaukanum við þessa ákvörðun, sbr. þó ákvæði 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

2. Tveggja þátta yfirborðsmeðferðarefni til sértækrar notkunar skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) báðir efnisþættirnir skulu hvor um sig vera í samræmi við vistfræðilegar viðmiðanir sem eru settar fram í viðaukanum (að undanskilinni viðmiðuninni fyrir rokgjörn, lífræn efnasambönd),

b) þeim skulu fylgja upplýsingar þar sem útskýrt er að ekki megi nota annan hvorn efnisþáttinn einan sér eða blanda honum saman við aðrar vörur,

c) lokaafurðin, tilbúin til notkunar, skal þó einnig uppfylla vistfræðilegar viðmiðanir, þ.m.t. viðmiðun fyrir lífræn rokefni.

3. Yfirborðsmeðferðarefni, sem eru markaðssett bæði til notkunar innanhúss og utanhúss, skulu bæði vera í samræmi við þær viðmiðanir, sem eru settar fram í þessari ákvörðun fyrir innanhússmálningu og -lökk, sem og þær viðmiðanir sem eru settar fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (2009/543/EB) ([1]) fyrir utanhússmálningu og -lökk.

3. gr.

Vistfræðilegar viðmiðanir fyrir vöruflokkinn „innanhússmálning og lökk" og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar skulu gilda í fjögur ár frá gildistökudegi þessarar ákvörðunar.

4. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „07“ notað fyrir vöruflokkinn „innanhússmálning og -lökk“.

5. gr.

Ákvörðun 2002/739/EB er felld úr gildi.

6. gr.

1. Heimilt er að nota umhverfismerki, sem veitt voru fyrir 18. ágúst 2008 fyrir vörur sem falla undir vöruflokkinn „innanhússmálning og lökk“, til 28. febrúar 2009.

2. Ef umsóknir um veitingu umhverfismerkisins fyrir vörur, sem falla undir vöruflokkinn „innanhússmálning og lökk“, hafa verið lagðar fram fyrir 18. ágúst 2008 skal veita þessum vörum umhverfismerkið með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2002/739/EB. Í þeim tilvikum er heimilt að nota umhverfismerkið til 28. febrúar 2009.

3. Umsóknir um veitingu umhverfismerkisins fyrir vörur í vöruflokknum „innanhússmálning og lökk“, sem eru lagðar fram eftir 18. ágúst 2008 en fyrir 1. mars 2009, mega hvort heldur er byggjast á viðmiðunum, sem eru settar fram í ákvörðun 2002/739/EB, eða á viðmiðunum sem eru settar fram í þessari ákvörðun.

Ef umsóknin byggist á viðmiðunum sem eru settar fram í ákvörðun 2002/739/EB er heimilt að nota umhverfismerkið til 28. febrúar 2009.

7. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. ágúst 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Olli Rehn

framkvæmdastjóri.

([1]) Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 27.

VIÐAUKI

A. **ALMENN ÁKVÆÐI**

Markmiðið með viðmiðununum

Markmiðið með þessum viðmiðunum er einkum:

— að hagkvæmni sé gætt í notkun vörunnar og úrgangi haldið í lágmarki,

— að dregið verði úr umhverfisáhættu og annarri áhættu (t.d. er tengist ósoni í veðrahvolfinu) með því að draga úr losun leysiefna,

— að dregið verði úr losun eiturefna eða losun annarra mengandi efna í vötn. Viðmiðanirnar eru hafðar þannig að þær stuðli að merkingu innanhússmálningar og -lakka sem hafa lítil umhverfisáhrif.

Kröfur vegna mats og sannprófunar

Sértækar kröfur vegna mats og sannprófunar eru tilgreindar í hverri viðmiðun.

Ef þess er krafist að umsækjandi leggi fram yfirlýsingar, skjöl, niðurstöður greininga, prófunarskýrslur eða annað til staðfestingar á samræmi við viðmiðanirnar mega þessi gögn vera frá umsækjanda sjálfum og/eða birgjum hans og/eða undirbirgjum þeirra, eins og við á.

Heimilt er að nota, eftir því sem við á, aðrar prófunaraðferðir en þær sem tilgreindar eru fyrir hverja viðmiðun ef þar til bær stofnun, sem metur umsóknina, fellst á að þær séu jafngildar.

Eftir því sem við á geta þar til bærar stofnanir krafist fylgiskjala og framkvæmt óháðar sannprófanir.

Mælt er með því að þar til bærar stofnanir taki tillit til þess, við mat á umsóknum og eftirlit með samræmi við viðmiðanirnar, hvort viðurkenndum umhverfisstjórnunarkerfum, s.s. EMAS eða ISO 14001, er beitt (aths.: þess er ekki krafist að slíkum stjórnunarkerfum sé beitt).

Ef vísað er til innihaldsefna í viðmiðunum tekur það einnig til efna og efnablandna. Skilgreiningar á „efnum“ og „efnablöndum“ eru gefnar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 (efnareglunum (REACH)) ([1]).

Umsækjandi skal veita þar til bæru stofnuninni nákvæmar upplýsingar um samsetningu vörunnar sem tekur til allra efna sem hann notar í hana. Gefa skal upp sérhvert efni, þ.m.t. óhreinindi, sem er í meira en 0,01% styrk í vörunni (miðað við massa) nema minni styrkur sé tilgreindur annars staðar í viðmiðununum.

B. **VISTFRÆÐILEGAR VIÐMIÐANIR**

Allar viðmiðanir, nema 3. viðmiðun varðandi viðmiðunarmörk fyrir lífræn rokefni, gilda um málningu eða lakk í umbúðum sínum. Í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB ([2]) eiga viðmiðunarmörk fyrir lífræn rokefni við um vöru sem er tilbúin til notkunar og því skal við útreikning á hámarksinnihaldi lífrænna rokefna gera ráð fyrir öllum viðbótarefnum sem mælt er með að nota, s.s. litarefnum og/eða þynnum. Við þennan útreikning er þörf á gögnum frá hráefnabirgjum varðandi innihald fastra efna og lífrænna rokefna og varðandi eðlismassa vörunnar.

1. og 2. viðmiðun gilda einungis um hvíta og ljóslitaða málningu (þ.m.t. áferðarefni, grunnmálning, undirmálning og/eða milliefni).

Þegar um litakerfi er að ræða gilda 1. og 2. viðmiðun einungis um hvíta stofninn (stofninn sem inniheldur mest af TiO2). Í tilvikum þar sem hvíti stofninn uppfyllir ekki kröfuna samkvæmt viðmiðun 7.a um efnisþekju sem er a.m.k. 8 m2 á lítra með 98% hulu teljast viðmiðanirnar uppfylltar þegar litblöndun hefur framkallað staðallitinn RAL 9010.

1. og 2. viðmiðun gilda ekki um gagnsæ yfirborðsmeðferðarefni.

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 87.

1. **Hvítir fastlitir**

Innihald hvítra fastlita (hvítra, ólífrænna fastlita með brotstuðli sem er hærri en 1,8): Málningin skal innihalda 36 g eða minna af hvítum fastlitum miðað við fermetra af þurru lagi með 98% ógagnsæi. Þessi krafa gildir ekki um lökk og viðarbæs.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal annaðhvort leggja fram yfirlýsingu um að efnið sé ekki notað eða gögn um innihald hvítra fastlita og efnisþekju ásamt ítarlegum útreikningi sem sýnir fram á samræmi við þessa viðmiðun.

2. **Títandíoxíð**

Títandíoxíð: Losun og slepping úrgangsefna í tengslum við framleiðslu á títandíoxíðfastlitum má ekki fara yfir eftirfarandi (samkvæmt tilvísunarskjali um bestu, fáanlegu tækni til framleiðslu á miklu magni af ólífrænum íðefnum (BREF) (ágúst 2007):

— SOx-losun (gefin upp sem SO2): 252 mg á fermetra af þurrfilmu (98% ógagnsæi),

— súlfatúrgangur: 18 g á fermetra af þurrfilmu (98% ógagnsæi),

— klóríðúrgangur: 3,7, 6,4 og 11,9 g á fermetra af þurrfilmu (98% ógagnsæi) að því er varðar (í sömu röð) náttúrulegt rútíl, gervirútíl og gjall.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal annaðhvort leggja fram yfirlýsingu um að efnið sé ekki notað eða leggja fram frekari gögn þar sem losun og slepping úrgangsefna fyrir þessa mæliþætti er tilgreind, svo og títandíoxíðinnihald vörunnar og efnisþekjan, ásamt ítarlegum útreikningum sem sýna fram á samræmi við þessa viðmiðun.

3. **Rokgjörn, lífræn efnasambönd (lífræn rokefni)**

Innihald lífrænna rokefna skal ekki fara yfir:

Vöruflokkun (tilskipun 2004/42/EB)	Viðmiðunarmörk fyrir lífræn rokefni (g/l, þ.m.t. vatn)
Mött innanhússmálning (veggir og loft) (gljái <25@60 °)	15
Innanhússmálning með gljáa (veggir/loft) (gljái > 25@60 °)	60
Innanhússmálning fyrir hluti til skreytingar og klæðningar úr viði og málmi, þ.m.t. undirmálning	90
Lakk og viðarbæs fyrir hluti til skreytingar innanhúss, þ.m.t. þekjandi viðarbæs	75
Viðarbæs með lágmarksþykkt til notkunar innanhúss.	75
Grunnar	15
Bindigrunnar	15
Eins þáttar yfirborðsmeðferðarefni	100
Tveggja þátta yfirborðsmeðferðarefni til sértækrar notkunar, s.s. á gólf	100
Hrifmálning	90

Í þessu samhengi eru lífræn rokefni sérhvert lífrænt efnasamband með upphafssuðumarki sem er að hámarki 250 °C við staðalþrýstinginn 101,3 kPa eins og skilgreint er í tilskipun 2004/42/EB. Undirflokkar fyrir málningu og lökk í tilskipuninni eru notaðir við skilgreiningu á viðmiðunarmörkum fyrir lífræn rokefni. Hér eru einungis tilgreindir flokkar sem varða yfirborðsmeðferðarefni innanhúss.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun. Umsækjandi skal tilgreina innihald lífrænna rokefna fyrir allar vörur.

4. **Rokgjörn, arómatísk vetniskolefni**

Ekki skal bæta rokgjörnum, arómatískum vetniskolefnum beint við vöruna á undan litblöndun eða meðan á litblöndun stendur (eftir atvikum) en hins vegar má bæta við innihaldsefnum sem innihalda rokgjörn, arómatísk kolvatnsefni svo fremi að innihald rokgjarnra, arómatískra vetniskolefna í lokaafurðinni fari ekki yfir 0,1 % (miðað við massa).

Í þessu samhengi er rokgjarnt, arómatískt vetniskolefni sérhvert lífrænt efnasamband, eins og það er skilgreint í tilskipun 2004/42/EB, með upphafssuðumarki, sem er að hámarki 250 °C við staðalþrýstinginn 101,3 kPa, og með minnst einum arómatískum kjarna í byggingarformúlu sinni.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun þar sem fram komi að engum rokgjörnum, arómatískum vetniskolefnum hafi verið bætt við nema þeim sem voru í forunnum innihaldsefnum og, eftir atvikum, yfirlýsingar frá birgjum viðkomandi innihaldsefna sem staðfesta innihald rokgjarnra, arómatískra kolvatnsefna í þeim.

5. **Þungmálmar**

Eftirfarandi þungmálma og efnasambönd þeirra skal ekki nota sem innihaldsefni í vöruna eða litinn (ef við á) (hvorki sem efni né sem hluta af efnablöndu sem er notuð): kadmíum, blý, sexgilt króm, kvikasilfur, arsen, baríum (að undanskildu baríumsúlfati), selen og antímon.

Ekki skal heldur bæta kóbalti við sem innihaldsefni, að undanskildum kóbaltsöltum sem eru notuð sem þurrkefni í alkýðmálningu. Þau má nota svo fremi að styrkur kóbaltmálms í lokaafurðinni fari ekki yfir 0,05% (miðað við massa). Kóbalt í fastlitarefnum er líka undanþegið þessari kröfu.

Innihaldsefni mega innihalda snefilmagn af þessum málmum, allt að 0,01% (miðað við massa), sem rekja má til óhreininda í hráefninu.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun og (eftir atvikum) yfirlýsingar frá birgjum viðkomandi innihaldsefna.

6. **Hættuleg efni**

a) **Varan:** Varan skal ekki flokkuð, hvorki fyrir né eftir litblöndun (eftir atvikum), sem vara sem er mjög eitruð, eitruð, hættuleg umhverfinu, krabbameinsvaldandi, sem hefur eiturhrif á æxlun, er skaðleg, ætandi, stökkbreytandi eða ertandi (aðeins ef orsökin er innihaldsefni sem eru merkt með H43) í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB ([1]).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun ásamt öryggisblaði fyrir vöruna sem uppfyllir kröfurnar í II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 (efnareglurnar (REACH)).

b) **Innihaldsefni (sem eru mjög eitruð, eitruð, krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun):** Ekki er heimilt að nota innihaldsefni, þ.m.t. þau sem eru notuð við litblöndun (ef við á), sem uppfylla flokkunarviðmiðanir fyrir einhverja af eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningar þeirra) þegar umsókn er lögð fram:

— H23 (eitrað við innöndun),

— H24 (eitrað í snertingu við húð),

— H25 (eitrað við inntöku),

— H26 (mjög eitrað við innöndun),

— H27 (mjög eitrað í snertingu við húð),

— H28 (mjög eitrað við inntöku),

— H33 (hætta á heilsutjóni eykst við reglubundna notkun),

— H39 (hætta á alvarlegu, varanlegu heilsutjóni),

— H40 (getur hugsanlega valdið krabbameini),

— H42 (getur valdið ofnæmi við innöndun),

([1]) Stjtíð. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1.

— R45 (getur valdið krabbameini),

— H46 (getur valdið arfgengum skaða),

— H48 (hætta á alvarlegu heilsutjóni við langvarandi váhrif),

— H49 (getur valdið krabbameini við innöndun),

— H60 (getur dregið úr frjósemi),

— H61 (getur skaðað barn í móðurkviði),

— H62 (getur hugsanlega dregið úr frjósemi),

— H63 (getur hugsanlega skaðað barn í móðurkviði),

— R68 (getur valdið varanlegu heilsutjóni),

eins og mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 67/548/EBE ([1]) eða í tilskipun 1999/45/EB. Virk innihaldsefni, sem eru notuð sem rotvarnarefni í formúlunni og hafa fengið einhverja af hættusetningum H23, H24, H25, H26, H27, H28, H39 eða H48 (eða samsetningar þeirra), mega samt sem áður vega allt að 0,1 % (miðað við massa) í samsetningu málningarinnar.

Að öðrum kosti kemur til greina að nota hnattsamræmda flokkunarkerfið (HSK) ([2]). Í því tilviki skal ekki nota innihaldsefni, þ.m.t. þau sem eru notuð við litblöndun (ef við á), sem hafa verið flokkuð í einhvern eftirfarandi flokka (eða samsetningar þeirra):

— bráð eiturhrif (við inntöku) – I., II. og III. hættuundirflokkur,

— bráð eiturhrif (um húð) – I., II. og III. hættuundirflokkur,

— bráð eiturhrif (við innöndun) – I., II. og III. hættuundirflokkur,

— næming öndunarfæra – I. hættuundirflokkur,

— stökkbreytandi efni – I. og II. hættuundirflokkur,

— krabbameinsvaldandi efni – I. og II. hættuundirflokkur,

— efni sem hafa eiturhrif á æxlun – I. og II. hættuundirflokkur,

— sértæk eiturhrif á marklíffæri (váhrif í eitt skipti) – I. og II. hættuundirflokkur,

— sértæk eiturhrif á marklíffæri (endurtekin váhrif) – I. og II. hættuundirflokkur,

eins og mælt er fyrir um í ST/SG/AC.10/30 ([3]) og endurskoðað í ST/SG/AC.10/34/3. viðbæti um hnattsamræmda kerfið til flokkunar og merkingar á íðefnum (e. the Globally Harmonised System of Classification and Labelling of Chemicals). Virk innihaldsefni, sem eru notuð sem rotvarnarefni í formúlunni og hafa verið verið sett í einhvern af eftirfarandi HSK-hættuundirflokkum, mega samt sem áður vega allt að 0,1% (miðað við massa) í heildarsamsetningu málningarinnar:

— bráð eiturhrif (um munn, gegnum húð, innöndun) – I., II. og III. hættuundirflokkur (aðeins við inntöku og um húð),

— sértæk eiturhrif á marklíffæri (váhrif í eitt skipti og/eða endurtekin váhrif) – I. og II. hættuundirflokkur (eða samsetningar þeirra) og,

— krabbameinsvaldandi áhrif, II. hættuundirflokkur.

Metýletýlketoxím má nota í alkýðmálningu en innihald þess má ekki vera yfir 0,3% (miðað við massa).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun ásamt öryggisblaði fyrir vöruna sem uppfyllir kröfurnar í II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 (efnareglurnar (REACH)).

([1]) Stjtíð. EB L 196, 16.8.1967, bls. 1.

([2]) Þann 27. júní 2007 samþykkti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tillögu að reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna og um breytingu á tilskipun 67/548/EBE og reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (COM(2007) 355, lokagerð). Frekari upplýsingar um hvernig gildandi kerfi og hnattsamræmda kerfið (HSK) skarast má finna í VII. viðauka í III. bindi tillögunnar sem var samþykkt: http://ec.europa.eu/enterprise/reach/docs/ghs/ghs_prop_vol_iii_en.pdf

([3]) Sérfræðinganefnd Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum varningi og um hnattsamræmda kerfið til flokkunar og merkingar á íðefnum: http://www.unece.org/trans/main/dgdb/dgcomm/ac10rep.html

c) **Innihaldsefni (sem eru hættuleg umhverfinu):** Ekkert innihaldsefni skal vega meira en 2% (miðað við massa), þ.m.t. innihaldsefni sem eru notuð við litblöndun (ef við á), ef það uppfyllir flokkunarviðmiðanirnar fyrir eftirfarandi hættusetningar (eða samsetningar þeirra) þegar umsókn er lögð fram:

— N H50 (mjög eitrað vatnalífverum),

— H50/H53 (mjög eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni),

— H51/53 (eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni),

— H52/53 (skaðlegt vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni),

— R51 (eitrað vatnalífverum),

— H52 (skaðlegt vatnalífverum),

— H53 (getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni),

eins og mælt er fyrir um í tilskipun 67/548/EBE eða tilskipun 1999/45/EB.

Að öðrum kosti kemur til greina að nota hnattsamræmda flokkunarkerfið (HSK) ([1]). Í því tilviki skal ekkert innihaldsefni vega meira en 2% (miðað við massa), þ.m.t. þau sem eru notuð við litblöndun (ef við á), hafi það verið eða kann að verða flokkað í einhvern eftirfarandi flokka þegar umsókn er lögð fram:

Hættuundirflokkar fyrir eiturhrif á lífríki í vatni (og samsetningar þeirra):

— bráð eiturhrif, I., II. og III. hættuundirflokkur,

— langvinn eiturhrif, I., II., III., og IV. hættuundirflokkur,

eins og mælt er fyrir um í ST/SG/AC.10/30 og endurskoðað í ST/SG/AC.10/34/3. viðbæti um hnattsamræmda kerfið til flokkunar og merkingar á íðefnum.

Í hvorugu tilvikinu skal samanlagt magn innihaldsefna fara yfir 4% (miðað við massa) hafi efnin fengið eða kunna að fá, þegar umsókn er lögð fram, einhverja af þessum hættusetningum (eða samsetningar þeirra) eða HSK-flokkun.

Þessi krafa gildir ekki um ammoníak eða alkýlammoníak.

Þessi krafa hefur ekki áhrif á þá skyldu að uppfylla kröfuna sem sett er fram í viðmiðun 6.a hér að framan.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun ásamt skrá yfir innihaldsefni og öryggisblað fyrir sérhvert innihaldsefni sem uppfyllir kröfurnar í II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 (efnareglurnar (REACH)).

d) **Alkýlfenóletoxýlöt (APEO):** Alkýlfenóletoxýlöt skulu ekki notuð í vöruna á undan litblöndun eða meðan á henni stendur (ef við á).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun.

e) **Ísóþíasólínónefnasambönd:** Innihald ísóþíasólínónefnasambanda í vörunni skal ekki fara yfir 0,05% (miðað við massa), hvorki fyrir né eftir litblöndun (ef við á). Eins skal innihald blöndunnar 5-klór-2-metýl-2H05/1048-ísóþíasól-3-óns (EB-nr. 247-500-7) og 2-metýl-2H-ísóþíasól-3-óns (EB-nr. 220-239-6) (3:1) í vörunni ekki vera meira en 0,0015 % (miðað við massa).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun og tilgreina magntölur (ef um notkun er að ræða).

f) Ekki er heimilt að nota í vöruna perflúoruð alkýlsúlfónöt (PFAS), perflúoraðar karboxýlsýrur (PFCA), þ.m.t. perflúoroktansýra (PFOA), og skyld efni sem eru talin upp í bráðabirgðaskrám Efnahags- og framfarastofnunarinnar yfir perflúoroktansúlfónöt (PFOS), perflúoruð alkýlsúlfónöt (PFAS), perflúoroktansýrur (PFOA) og perflúoraðar karboxýlsýrur (PFCA) og skyld efnasambönd og íðefni sem kunna að brotna niður í perflúoraðar karboxýlsýrur (PFCA) (endurskoðuð útgáfa frá 2007). Skrá Efnahags- og framfarastofnunarinnar er tilgreind í viðaukanum við þetta viðmiðanaskjal.

([1]) Sjá neðanmálsgrein 5.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun.

g) **Formaldehýð:** Ekki skal bæta óbundnum formaldehýðum við. Efnasambönd, sem innihalda formaldehýð, má aðeins nota í því magni að heildarinnihald óbundins formaldehýðs eftir litblöndun (ef við á) verði ekki meira en 0,001% (miðað við massa).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun. Að auki skal umsækjandi leggja fram prófunarniðurstöður frá hráefnabirgjum, þar sem notuð hefur verið VdL-RL-03-prófunaraðferðin (VdL-viðmiðunarregla-03), In-can concentration of formaldehyde determined by the acetyl-acetone method, auk útreikninga sem tengja gögnin úr þessum prófunum við lokaafurðina, til þess að sýna fram á að hæsti mögulegi lokastyrkur formaldehýðs, sem losnar frá efnum sem gefa frá sér formaldehýð, fari ekki yfir 0,001% (miðað við massa). Annar kostur er að mæla í lokaafurðinni formaldehýð frá efnasamböndum, sem innihalda formaldehýð, með því að nota staðal sem byggist á háþrýstivökvaskiljun.

h) **Halógenaðir, lífrænir leysar:** Þrátt fyrir viðmiðanir 6.a, 6.b og 6.c eru það einungis þau halógenuðu efnasambönd, sem hafa verið áhættumetin þegar umsókn er lögð fram og ekki flokkuð með eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningum þeirra): H6/27, H45, H48/20/22, H50, H51, H52, H53, H50/53, H51/53, H52/53 og H59, í samræmi við tilskipanir 67/548/EBE og 1999/45/EB, sem heimilt er að nota í vöruna á undan litblöndun eða á meðan á henni stendur (ef við á).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun.

i) **Þalöt:** Þrátt fyrir viðmiðanir 6.a, 6.b og 6.c eru það einungis þau þalöt, sem hafa verið áhættumetin þegar umsókn er lögð fram og ekki flokkuð með eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningum þeirra): R60, R61, R62, R50, R51, R52, R53, R50/53, R51/53, R52/53, í samræmi við tilskipun 67/548/EBE með áorðnum breytingum, sem heimilt er að nota í vöruna á undan litblöndun eða á meðan á henni stendur (ef við á). Ekki er heldur heimilt að nota DNOP (dí-n-oktýlþalat), DINP (dí-ísónónýlþalat) og DIDP (díísódekýlþalat) í vöruna.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun.

7. **Notagildi**

a) **Efnisþekja:** Efnisþekja hvítrar og ljóslitaðrar málningar (þ.m.t. áferðarefni, grunnmálning, undirmálning og/eða milliefni) skal vera (með 98% hulu) a.m.k. 8 m2 á lítra af vörunni.

Þegar um litakerfi er að ræða gildir þessi viðmiðun einungis um hvíta stofninn (stofninn sem inniheldur mest af TiO2). Í tilvikum þar sem hvíti stofninn uppfyllir ekki kröfuna um efnisþekju sem er a.m.k. 8 m2 á lítra með 98% hulu telst viðmiðunin uppfyllt þegar litblöndun hvíta stofnsins hefur framkallað staðallitinn RAL 9010. Þessi viðmiðun gildir ekki fyrir aðra stofna sem eru notaðir til að framleiða litblandaðar vörur enda eru það stofnar sem innihalda almennt minna af TiO2 og ná ekki að uppfylla lágmarkskröfuna um efnisþekju sem er a.m.k. 8 m2 á lítra með 98% hulu.. Þegar um er að ræða málningu sem er hluti af litakerfi skal umsækjandi ráðleggja endanlegum notanda á vöruumbúðum og/eða afhendingarstað hvaða lit eða grunnmálningu/undirmálningu (sem helst skal bera evrópska umhverfismerkið) skuli nota sem undirlag áður en borinn er á dekkri litur.

Efnisþekja grunnmálningar með sérstaka hindrunar-/þéttieiginleika og góða smygni-/bindieiginleika og grunnmálningar með sérstaka viðloðunareiginleika fyrir álfleti og galvanhúðaða fleti skal vera (með 98% hulu) a.m.k. 6 m2 á lítra.

Efnisþekja þykkrar málningar, sem er ætluð til fegrunar (málningar sem er sérstaklega hönnuð til að ná fram skrauthrifum í þrívídd og einkennist af afar þykku lagi), skal hins vegar vera 1 m2/kg.

Þessi krafa gildir ekki um lökk, viðarbæs, gólflakk og gólfmálningu, undirmálningu, viðloðunargrunna eða önnur gagnsæ yfirborðsmeðferðarefni.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á aðferðinni: ISO 6504/1, (Paints and varnishes — determination of hiding power — 1. hluti: Kubelka-Munk method for white and light-coloured paints) eða 6504/3 (3. hluti: Determination of contrast ratio (opacity) of light-coloured paints at a fixed spreading rate) eða, fyrir málningu sem er sérstaklega hönnuð til að ná fram skrauthrifum í þrívídd og einkennist af afar þykku lagi, aðferðinni NF T 30 073 (eða annarri sambærilegri aðferð). Þegar um er að ræða stofna sem eru notaðir til að framleiða litblandaðar vörur og hafa ekki verið metnir samkvæmt framangreindum kröfum skal umsækjandi færa sönnur á að endanlegum notanda sé ráðlagt að nota grunnmálningu og/eða gráa undirmálningu (eða undirmálningu í öðrum viðeigandi lit) áður en varan er borin á.

b) **Votþvottheldni:** Veggmálning (samkvæmt EN 13300), sem fullyrt er (hvort sem það er á umbúðum vörunnar eða í tilheyrandi markaðsefni) að þoli þvott, hreinsun eða burstun, skal hafa votþvottheldni (e. wet scrub resistance), samkvæmt EN 13300 og EN ISO 11998, í 2. flokki eða betri (ekki yfir 20 míkron eftir 200 þvotta).

Vegna þess fjölda hugsanlegra lita sem fá má fram með blöndun er þessi viðmiðun takmörkuð við prófun á þeim stofnum sem á að lita.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu samkvæmt EN 13300, sem byggist á aðferðinni EN ISO 11998 (prófun á hreingerningarhæfni og þvottheldni), og staðfestingu þess (á vöruumbúðum eða í tilheyrandi markaðsefni) að endanlegur notandi sé, þegar um er að ræða loftmálningu, upplýstur um að varan hafi ekki verið prófuð með tilliti til votþvottheldni.

c) **Vatnsþol:** Lökk, gólflökk og gólfmálning skulu hafa það mikið vatnsþol, eins og það er ákvarðað með aðferð samkvæmt EN ISO 2812-3, að eftir 24 klukkustunda áraun og 16 klukkustunda hvíld hafi ekki orðið nein breyting á gljáa eða lit.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á aðferðinni ISO 2812-3: (Paints and varnishes — determination of resistance to liquids — 3. hluti: Method using an absorbent medium).

d) **Viðloðun:** Gólflökk, gólfmálning og undirmálning fyrir gólf og málm- og viðarundirmálning skulu fá a.m.k. 2 stig í EN 2409-prófuninni fyrir viðloðun. Grunnmálning með fastlitarefnum fyrir steinfleti stenst afrifspróf samkvæmt EN 24624 (ISO 4624) ef samloðunarstyrkur undirlagsins reynist minni en viðloðunarstyrkur málningar en annars þarf viðloðun málningarinnar að vera meiri en lágmarksgildið 1,5MPa sem þarf til að standast prófunina.

Gagnsæ grunnmálning er ekki talin með í þessari kröfu.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á aðferðinni EN ISO 2409 eða EN 24624 (ISO 4624) eftir því sem við á.

e) **Slit:** Gólflökk og gólfmálning skulu hafa þann slitstyrk að þyngdartap sé ekki meira en 70 mg eftir 1000 prófunarlotur með 1000 g álagi og CS10-hjóli í samræmi við EN ISO 7784-2:2006.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu sem sýnir, með aðferðinni EN ISO 7784-2:2006, fram á samræmi við þessa viðmiðun.

8. **Neytendaupplýsingar**

Eftirfarandi upplýsingar skal birta á umbúðunum eða láta fylgja þeim:

— upplýsingar um notkun, undirstöðuefni og skilyrðin fyrir tilætlaðri notkun efnisins. Þetta felur í sér ráð varðandi undirbúningsvinnu o.s.frv., t.d. réttan undirbúning fyrir undirlagið, ráð varðandi notkun innanhúss (eftir því sem við á) eða hitastig;

— ráðleggingar varðandi hreinsun á verkfærum og viðeigandi meðhöndlun úrgangs (til að takmarka vatnsmengun). Þessar ráðleggingar skal laga að viðkomandi vörutegund og notkunarsviði og nota má skýringarmyndir (e. pictogram) ef við á;

— ráðleggingar varðandi geymslu á vörunni eftir að umbúðirnar hafa verið opnaðar (til að takmarka úrgang í föstu formi), þ.m.t. varnaðarorð ef við á,

— þegar um er að ræða dökk yfirborðsmeðferðarefni sem viðmiðun 7.a á ekki við um skal gefa ráð varðandi notkun á réttri grunnmálningu eða stofni (sem helst skal bera umhverfismerki Bandalagsins ef unnt er),

— þegar um er að ræða þykka málningu sem er ætluð til fegrunar skal veita upplýsingar um að þetta sé sérhönnuð málning með skrauthrifum í þrívídd,

— texta með ábendingu um að förgun ónotaðrar málningar á öruggan og umhverfisvænan hátt útheimti sérhæfða meðhöndlun og henni skuli því ekki fleygt með heimilissorpi. Upplýsingar um að leita skuli ráða um förgun og söfnun hjá staðaryfirvöldum;

— ráðleggingar varðandi fyrirbyggjandi verndarráðstafanir fyrir málarann. Eftirfarandi texta (eða sambærilegan texta) skal birta á umbúðunum eða láta fylgja þeim:

„Frekari upplýsingar um það hvers vegna þessari vöru hefur verið veitt „Blómið“ fást á vefsetrinu: http://ec.europa.eu/environment/ecolabel.“

Mat og sannprófun: Með umsókninni skal leggja fram sýnishorn af umbúðum vörunnar ásamt tilheyrandi yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun, eins og við á.

9. **Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerkinu**

Eftirfarandi texti skal standa í 2. reit á umhverfismerkinu:

— hentar vel til notkunar innanhúss,

— takmarkað innihalda hættulegra efna

— inniheldur lítið af leysum.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram sýnishorn af umbúðum vörunnar, þar sem merkið sést, ásamt yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2009/563/EB 2013/EES/4/65

frá 9. júlí 2009

um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir skófatnað (*)

(tilkynnt með númeri C(2009) 5612)

(2009/563/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis Bandalagsins ([1]), einkum annarri undirgrein 1. mgr. 6. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er heimilt að veita umhverfismerki Bandalagsins fyrir vöru sem býr yfir eiginleikum sem gera það að verkum að hún stuðlar að verulegum umbótum að því er varðar helstu umhverfisþætti.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að setja skuli sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerkið fyrir hvern vöruflokk og skuli þær byggjast á drögum að viðmiðunum sem umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins hefur sett fram.

3) Þar er einnig kveðið á um að endurskoðun á viðmiðunum fyrir umhverfismerkið, sem og á kröfum vegna mats og sannprófunar er varða viðmiðanirnar, skuli fara fram í tæka tíð fyrir lok gildistímabils viðmiðananna sem tilgreindar eru fyrir viðkomandi vöruflokk.

4) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1980/2000 hafa vistfræðilegu viðmiðanirnar verið endurskoðaðar innan tilskilins tíma og einnig tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar sem settar voru fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/231/EB frá 18. mars 2002 um [endurskoðaðar] vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir skófatnað og breytingu á ákvörðun 1999/179/EB ([2]). Þessar vistfræðilegu viðmiðanir og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar gilda til og með 31. mars 2010.

5) Í ljósi þessarar endurskoðunar og til að taka tillit til þróunar í vísindum og á markaði er rétt að breyta skilgreiningunni á vöruflokknum og setja nýjar vistfræðilegar viðmiðanir.

6) Vistfræðilegu viðmiðanirnar og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar skulu gilda í fjögur ár frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

7) Því skal skipta út ákvörðun 2002/231/EB.

8) Heimila skal umbreytingartímabil fyrir framleiðendur, ef vörum þeirra hefur verið veitt umhverfismerkið fyrir skófatnað á grundvelli viðmiðana í ákvörðun 2002/231/EB, svo að þeir hafi nægan tíma til að laga vörur sínar að endurskoðuðum viðmiðunum og kröfum. Framleiðendum skal einnig vera heimilt að leggja fram umsóknir samkvæmt viðmiðunum, sem kveðið er á um í ákvörðun 2002/231/EB, eða samkvæmt viðmiðunum, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, þar til fyrrnefnda ákvörðunin fellur úr gildi.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Undir vöruflokkinn „skófatnaður“ fellur allur fatnaður sem er hannaður í því skyni að vernda eða hylja fótinn og er með föstum ytri sóla sem kemst í snertingu við jörðu. Skófatnaður skal hvorki innihalda rafmagns- né rafeindaíhluti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 196, 28.7.2009, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2010 frá 2. júlí 2010 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 21.10.2010, bls. 17.

([1]) Stjtíð. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 77, 20.3.2002, bls. 50.

2. gr.

Til að unnt sé að veita skófatnaði umhverfismerki Bandalagsins fyrir vörur sem falla undir vöruflokkinn skófatnaður samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 (hér á eftir nefnt „umhverfismerkið“) skal skófatnaðurinn vera í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

3. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „skófatnaður“ og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar skulu gilda í fjögur ár frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

4. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „017“ notað fyrir vöruflokkinn „skófatnaður“.

5. gr.

Ákvörðun 2002/231/EB er felld úr gildi.

6. gr.

1. Umsóknir um umhverfismerki fyrir vörur í vöruflokknum skófatnaður, sem lagðar eru fram fyrir samþykktardag þessarar ákvörðunar, skulu metnar í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2002/231/EB.

2. Umsóknir um umhverfismerki fyrir vörur í vöruflokknum skófatnaður, sem lagðar eru fram eftir samþykktardag þessarar ákvörðunar en eigi síðar en 31. mars 2010, geta annað hvort grundvallast á viðmiðunum, sem kveðið er á um í ákvörðun 2002/231/EB, eða viðmiðunum sem kveðið er á um í þessari ákvörðun.

Þessar umsóknir skulu metnar samkvæmt þeim viðmiðunum sem þær grundvallast á.

3. Þegar umhverfismerki hefur verið veitt á grundvelli umsóknar sem hefur verið metin samkvæmt viðmiðunum sem settar eru fram í ákvörðun 2002/231/EB má nota það umhverfismerki í tólf mánuði frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

7. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. júlí 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros Dimas

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

RAMMI

Markmiðið með viðmiðununum

Markmiðið með þessum viðmiðunum er einkum:

— að takmarka magn eitraðra leifa,

— að takmarka losun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda og

— að stuðla að því að framleiddar verði endingarbetri vörur.

Viðmiðanirnar eru hafðar þannig að þær stuðli að merkingu skófatnaðar sem hefur lítil umhverfisáhrif.

Kröfur vegna mats og sannprófunar

Sértækar kröfur vegna mats og sannprófunar eru tilgreindar í hverri viðmiðun.

Heimilt er að nota, eftir því sem við á, aðrar prófunaraðferðir en þær sem tilgreindar eru fyrir hverja viðmiðun ef þar til bær stofnun, sem metur umsóknina, fellst á að aðferðirnar séu jafngildar.

Viðmiðunareiningin er eitt skópar. Kröfur eru miðaðar við skóstærð 40 samkvæmt franska kerfinu (e. Paris point). Fyrir barnaskó gilda kröfurnar fyrir skóstærð 32 samkvæmt franska kerfinu (eða stærsta númer ef hámarksstærð er minni en 32 samkvæmt franska kerfinu).

Við beitingu viðmiðananna skal ekki taka tillit til efnisþátta í yfirleðri sem vega minna en 3% af heildarþyngd efri hlutans. Við beitingu viðmiðananna skal ekki taka tillit til efnisþátta í sóla sem vega minna en 3% af heildarþyngd ytri sóla.

Ef við á geta þar til bærar stofnanir krafist stuðningsgagna og framkvæmt óháðar sannprófanir.

Mælt er með því að þar til bærar stofnanir taki tillit til þess, við mat á umsóknum og eftirlit með samræmi við viðmiðanirnar, hvort viðurkenndum umhverfisstjórnunarkerfum, s.s. EMAS eða ISO 14001, er beitt (*aths*.: ekki er gerð krafa um að slíkum stjórnunarkerfum sé beitt).

VIÐMIÐANIR

1. **Hættuleg efni í fullunninni vöru**

a) Þegar um er að ræða skó úr leðri skal ekkert sexgilt króm vera í fullunnu vörunni.

Mat og sannprófun: umsækjandi og/eða birgir eða birgjar hans skulu leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á prófunaraðferðinni EN ISO 17075 (greiningarmark 3 milljónarhlutar). Undirbúningur sýna skal vera í samræmi við leiðbeiningar í EN ISO 4044.

(*Athugasemd*: Við greiningu á tilteknum lituðum leðurvörum geta komið upp vandkvæði í mælingum vegna truflana)

b) Ekki skal vera arsen, kadmíum né blý í búnaði sem er notaður við samsetningu vörunnar eða í fullunnu vörunni.

Mat og sannprófun: umsækjandi og/eða birgir eða birgjar hans skulu leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á einni af eftirfarandi prófunaraðferðum í EN 14602:

— Prófun á búnaði sem er notaður við samsetningu vörunnar. Efnin, sem eru tilgreind í viðmiðuninni, skulu ekki vera greinanleg í búnaði sem er notaður til framleiðslu á fullunnu vörunni.

— Prófun á fullunnu vörunni. Efnin, sem eru tilgreind í viðmiðuninni, skulu hvorki vera greinanleg í efri né neðri hlutum skófatnaðarins eftir að þeir hafa verið aðskildir og fínmalaðir.

Að því er leðurvörur varðar skal undirbúningur sýnis vera samkvæmt EN ISO 4044.

c) Styrkur óbundins og vatnsrofins formaldehýðs í einstökum hlutum skófatnaðarins skal ekki fara yfir eftirfarandi mörk:

— textílefni: ekki greinanlegur,

— leður: 150 milljónarhlutar.

Mat og sannprófun: umsækjandi og/eða birgir eða birgjar hans skulu leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á eftirfarandi prófunaraðferðum: Textílefni: EN ISO 14184-1 (greiningarmörk: 20 milljónarhlutar), leður: EN ISO 17226-1 eða 2.

2. **Minnkun vatnsnotkunar (einungis við sútun á húðum og skinnum)**

Ekki skal fara yfir eftirfarandi mörk fyrir vatnsnotkun við sútun á húðum og skinnum ([1]):

— húðir: 35 m^3/t,

— skinn: 55 m^3/t.

Mat og sannprófun: umsækjandi og/eða birgir eða birgjar hans skulu leggja fram viðeigandi skjöl sem sýna að ekki hafi verið farið yfir tilgreind mörk.

3. **Losun sem verður við hráefnisframleiðsluna**

a) Ef skólp frá sútunarverksmiðjum og textíliðnaði er losað beint í ferskvatn skal efnafræðileg súrefnisþörf (COD) ekki nema meira en 250 mg COD/l af því vatni sem losað er.

Ef skólpi frá sútunarverksmiðjum er veitt í skólphreinsistöð sveitarfélags skal viðmiðun þessi ekki gilda, að því tilskildu að unnt sé að sýna fram á eftirfarandi:

— að losun skólps frá sútunarverksmiðjunni í skólphreinsistöð sveitarfélagsins sé heimiluð og

— að skólphreinsistöð sveitarfélagsins sé starfandi og að eftirfylgjandi fráveita á hreinsuðu úrgangsvatni í ferskvatnskerfið sé í samræmi við lágmarkskröfur Bandalagsins samkvæmt tilskipun ráðsins 91/271/EBE (2).

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu og viðbótarupplýsingar sem byggjast á eftirfarandi prófunaraðferð: Efnafræðileg súrefnisþörf (COD): ISO 6060 — *Water quality, determination of chemical oxygen demand.*

Þegar skólpi er veitt í skólphreinsistöð sveitarfélags skal leggja fram skjöl frá viðeigandi yfirvaldi sem sýna að losunin er heimil og að skólphreinsistöð sveitarfélagsins er starfandi og stenst lágmarkskröfur í tilskipun 91/271/EBE.

b) Skólp frá sútunarstöðvum skal ekki innihalda meira en 1 mg af þrígildu krómi á lítra eftir meðhöndlun.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu og viðbótarupplýsingar sem byggjast á eftirfarandi prófunaraðferðum: ISO 9174 eða EN 1233 eða EN ISO 11885 fyrir Cr.

4. **Notkun skaðlegra efna (þar til sala til notenda fer fram)**

a) Óheimilt er að nota pentaklórfenól (PCP) og tetraklórfenól (TCP) og sölt þeirra og estera.

Mat og sannprófun: umsækjandi og/eða birgir eða birgjar hans skulu leggja fram yfirlýsingu um að hráefnin innihaldi ekki slík klórfenól auk prófunarskýrslu sem byggist á eftirfarandi prófunaraðferðum: Leður, EN ISO 17070 (greiningarmörk 0,1 milljónarhlutar), textílefni, XP G 08-015 (greiningarmörk 0,05 milljónarhlutar)

b) Óheimilt er að nota asóliti sem geta klofnað í einhver af eftirtöldum arómatískum amínum:

— 44-amínódífenýl	(92-67-1)
— bensidín	(92-87-5)
— 4-klór-o-tólúidín	(95-69-2)
— 2-naftýlamín	(91-59-8)
— o-amínó-asótólúen	(97-56-3)
— 2-amínó-4-nítrótólúen	(99-55-8)
— p-klóranilín	(106-47-8)
— 2,4-díamínóanisól	(615-05-4)
— 4,4′-díamínódífenýlmetan	(101-77-9)
— 3,3′-díklórbensidín	(91-94-1)

([1]) Húð er skilgreind sem „ysta þekjan á fullþroskuðu eða fullvöxnu, stórvöxnu dýri, s.s. nautgrip, hesti, kameldýri, fíl o.s.frv. …“. Skinn er skilgreint sem „ysta þekjan á fremur smávöxnu dýri, t.d. sauðkind eða geit eða óþroskuðum stórgrip, t.d. kálfi. Húð af svíni, skriðdýri, fugli og fiski flokkast undir skinn“. (Alþjóðlegt orðasafn yfir hugtök í leðuriðnaði ICT).

([2]) Stjtíð. EB L 135, 30.5.1991, bls. 40.

— 3,3′-dímetoxýbensidín (119-90-4)

— 3,3′-dímetýlbensidín (119-93-7)

— 3,3′-dímetýl-4,4_-díamínódífenýlmetan (838-88-0)

— p-kresidín (120-71-8)

— 4,4'-metýlen-bis-(2-klóranilín) (101-14-4)

— 4,4′-oxýdíanilín (101-80-4)

— 4,4′-þíódíanilín (139-65-1)

— o-tólúidín (95-53-4)

— 2,4-díamínótólúen (95-80-7)

— 2.4,5-trímetýlanilín (137-17-7)

— 4-amínóasóbensen (60-09-3)

— o-anisidín (90-04-0)

Mat og sannprófun: umsækjandi og/eða birgir eða birgjar hans skulu lýsa yfir því að slíkir asólitir hafi ekki verið notaðir. Verði þessi yfirlýsing sannprófuð skal nota eftirfarandi prófunaraðferðir: Leður — CEN ISO TS 17234, textílefni — EN 14362-1 eða 2.

Viðmiðunarmörk fyrir textílefni eru 30 milljónarhlutar (athugasemd: falsjákvæðar niðurstöður eru hugsanlegar að því er varðar 4-amínóasóbensen og því er mælt með því að niðurstaðan verði staðfest).

Viðmiðunarmörk fyrir leður eru 30 milljónarhlutar (athugasemd: falsjákvæðar niðurstöður eru hugsanlegar að því er varðar 4-amínóasóbensen, 4-amínódífenýl og 2-naftýlamín og því er mælt með því að niðurstaðan verði staðfest).

c) Eftirfarandi N-nítrósamín mega ekki greinast í gúmmíi:

— N-nítrósódímetýlamín (NDMA)

— N-nítrósódíetýlamín (NDEA)

— N-nítrósódípropýlamín (NDPA)

— N-nítrósódíbútýlamín (NDBA)

— N-nítrósópíperidín (NPIP)

— N-nítrósópýrrólidín (NPYR)

— N-nítrósómorfólín (NMOR)

— N-nítrósó-N-metýl-N-fenýlamín (NMPhA)

— N-nítrósó-N-etýl-N-fenýlamín (NEPhA)

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu sem grundvallast á prófunaraðferð EN 12868 (1999-12) eða EN 14602.

d) Klóralkön, C_{10}–C_{13}, mega ekki vera í leður-, gúmmí- eða textílhlutum skófatnaðar.

Mat og sannprófun: umsækjandi og/eða birgir eða birgjar hans skulu lýsa yfir því að slík klóralkön hafi ekki verið notuð.

e) Engir leysilitir, sem uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun sem krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi, sem efni sem hafa eiturhrif á æxlun, sem hættulegir umhverfinu og sem hafa fengið eftirfarandi hættusetningar: H40, H45, H49, H50, H51, H52, H53, H60, H61, H62, H63 eða H68 (eða samsetningar þeirra), skulu notaðir. (Flokkunarreglur samkvæmt tilskipun ráðsins 67/548/EBE ([3]) eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB ([4]).

([3]) Stjtíð. EB L 196, 16.8 1967, bls. 1.

([4]) Stjtíð. EB L 200, 30.7.1991, bls. 1.

Að öðrum kosti kemur til greina flokkun samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([5]). Í slíkum tilvikum má hvorki bæta efnum né efnablöndum í hráefnin sem hafa fengið, eða kunna að fá, þegar umsóknin er lögð inn, einhverja af eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningar þeirra): H351, H350, H350i, H400, H410, H411, H412, H413, H360F, H360D, H361f, H361d, H360FD, H361fd, H360Fd, H360Df, H341.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að þessir leysilitir séu ekki notaðir.

f) Ekki skal nota alkýlfenóletoxýlat (APE) og perflúoroktansúlfónöt (PFOS).

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að þessi efni séu ekki notuð.

g) Ekki skal nota leysiliti sem flokkast sem næmandi fyrir húð (H43). (Flokkunarreglur samkvæmt tilskipun 67/548/EBE eða tilskipun 1999/45/EB).

Að öðrum kosti kemur til greina flokkun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008. Í slíkum tilvikum má hvorki bæta efnum né efnablöndum í hráefnin sem hafa fengið, eða kunna að fá, þegar umsóknin er lögð inn, eftirfarandi hættusetningu: H317.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að þessir leysilitir séu ekki notaðir.

h) Þalöt: Einungis þalöt, sem hafa verið áhættumetin þegar umsóknin er lögð inn og hafa ekki verið flokkuð með einhverri af eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningum þeirra): H60, H61, H62, H50, H51, H52, H53, H50/53, H51/53, H52/53, í samræmi við tilskipun 67/548/EBE, má nota í vöruna (ef við á). Þar að auki eru efnin DNOP (dí-n-oktýlþalat), DINP (dí-ísónónýlþalat) og DIDP (dí-ísódekýlþalat) ekki leyfð í vöruna.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun.

i) Sæfiefni: Eingöngu er leyfilegt að nota sæfiefni sem innihalda sæfandi, virk efni sem eru skráð í I. viðauka A við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins ([6]) 98/8/EB og eru leyfð til notkunar í skófatnað.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að kröfur samkvæmt þessari viðmiðun séu uppfylltar ásamt skrá yfir sæfiefnin sem eru notuð.

5. **Notkun rokgjarnra, lífrænna efnasambanda (lífrænna rokefna) við endanlega samsetningu skófatnaðar**

Lífræn rokefni eru skilgreind sem hvert það lífræna efnasamband sem, við 293,15 K, hefur gufuþrýsting, sem er 0,01 kPa eða meiri eða er rokgjarnt í svipuðum mæli við þær notkunaraðstæður sem um er að ræða.

Heildarnotkun lífrænna rokefna á lokastigi skóframleiðslunnar skal að meðaltali ekki vera meiri en 20 g af lífrænum rokefnum á hvert skópar.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram útreikninga, sem sýna heildarnotkun lífrænna rokefna á lokastigi skóframleiðslunnar, ásamt stuðningsgögnum, prófunarniðurstöðum og upplýsingaskjölum, eftir því sem við á, og skulu útreikningarnir byggjast á EN 14602. (Skylt er að halda skrá yfir aðkeypt leður, lím, áferðarefni og framleiðslu skófatnaðar a.m.k. síðustu sex mánaða.)

6. **Orkunotkun**

Tilgreina skal orkunotkun á framleiðslustiginu.

Mat og sannprófun: þess er farið á leit við umsækjandann að hann leggi fram viðeigandi upplýsingar samkvæmt lið A1 í tæknilega viðbætinum.

7. **Umbúðir fullunninnar vöru**

Ef pappakassar eru notaðir sem lokaumbúðir um skófatnað skulu þeir vera að 100% úr endurunnu efni. Ef plastpokar eru notaðir sem lokaumbúðir um skófatnað skulu þeir hið minnsta vera að 75% úr endurunnu efni eða úr lífbrjótanlegu eða myltanlegu efni í samræmi við skilgreiningar í EN 13432 ([7]).

([5]) Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.
([6]) Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.
([7]) EN 13432 *Kröfur vegna umbúða sem eru endurheimtanlegar með moltun og lífrænu niðurbroti — Prófunarkerfi og matsviðmiðanir við lokasamþykki umbúða* (e. *Requirements for packaging recoverable through composting and biodegradation — Testing scheme and evaluation criteria for the final acceptance of packaging*).

Mat og sannprófun: með umsókninni skal leggja fram sýnishorn af umbúðum vörunnar ásamt tilheyrandi yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun. Aðeins grunnumbúðir, eins og þær eru skilgreindar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB ([8]), falla undir viðmiðanir þessar.

8. **Upplýsingar á umbúðunum**

a) *Notendaleiðbeiningar*

Eftirfarandi upplýsingar (eða samsvarandi texti) skulu fylgja vörunni:

— „Þessir skór hafa fengið meðferð sem eykur vatnsfráhrindandi eiginleika þeirra. Frekari meðferð er óþörf.“ (Þessi viðmiðun á aðeins við um skófatnað sem hefur verið meðhöndlaður í því skyni að hann hrindi betur frá sér vatni)

— „Láttu gera við skóna, ef þess er kostur, fremur en að henda þeim. Það veldur minni umhverfisspjöllum.“

— „Þegar skófatnaði er hent skal koma honum á viðeigandi endurvinnslustöð í grenndinni ef um hana er að ræða.“

b) *Upplýsingar um umhverfismerkið*

Eftirfarandi texti (eða samsvarandi texti) skal koma fram á umbúðunum:

„Unnt er að fá frekari upplýsingar um umhverfismerki ESB á vefsetrinu: http://www.ecolabel.eu.“

c) *Upplýsingar fyrir neytendur*

Setja skal upplýsingareit á umbúðirnar þar sem umsækjandi útskýrir nálgun sína að umhverfislegri sjálfbærni.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram sýnishorn af umbúðum vörunnar og upplýsingar, sem fylgja vörunni, ásamt yfirlýsingu um samræmi við sérhvern hluta þessarar viðmiðunar.

9. **Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerkinu**

Eftirfarandi texti skal standa í 2. reit á umhverfismerkinu:

— lítil vatns- og loftmengun,

— dregið úr skaðlegum efnum.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram sýnishorn af umbúðum vörunnar, þar sem merkið sést, ásamt yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun.

10. **Mæliþættir sem stuðla að aukinni endingu**

Vinnu- og öryggisskór skulu bera EB-merkið (í samræmi við tilskipun ráðsins 89/686/EBE (9)).

Allur annar skófatnaðar skal uppfylla þær kröfur sem eru tilgreindar í töflunni hér fyrir aftan.

Mat og sannprófun: umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu sem tekur til mæliþáttanna í töflunni hér fyrir aftan og byggist á eftirfarandi prófunaraðferðum:

— EN 13512 — Yfirleður — Sveigjuþol

— EN 13571 — Yfirleður — Mótstaða gegn því að rifna

— EN 17707 — Sólar — Sveigjuþol

— EN 12770 — Sólar — Slitstyrkur

— EN 17708 — Allur sólinn — Viðloðun sóla

— EN 12771 — Sólar — Mótstaða gegn því að rifna

— EN ISO 17700 — *Test methods for uppers, linings and in socks — Colour fastness to rubbing.*

([8]) Stjtíð. EB L 365, 31.12.1994, a-liður 1. mgr. 3. gr. bls. 10.: „söluumbúðir eða grunnumbúðir, þ.e. umbúðir sem eru þannig gerðar að á sölustað mynda þær sölueiningu fyrir notanda eða neytanda“.

([9]) Stjtíð. EB L 399, 30.12.1989, bls. 18.

	Íþróttaskór	Barnaskór	Léttir hversdagsskór	Götuskór karla	Kuldaskór	Götuskór kvenna	Tískuskór	Ungbarnaskór	Inniskór
Sveigjuþol yfirleðurs: (kc án sýnilegra skemmda)	Þurrir = 100 Rakir = 20	Þurrir = 100 Rakir = 20	Þurrir = 80 Rakir = 20	Þurrir = 80 Rakir = 20	Þurrir = 100 Rakir = 20 – 20° = 30	Þurrir = 50 Rakir = 10	Þurrir = 15	Þurrir = 15	Þurrir = 15
Mótstaða yfirleðurs gegn því að rifna: (Meðalkraftur við rifnun, N)									
Leður	≥ 80	≥ 60	≥ 60	≥ 60	≥ 60	≥ 40	≥ 30	≥ 30	≥ 30
Önnur efni	≥ 40	≥ 40	≥ 40	≥ 40	≥ 40	≥ 40	≥ 30	≥ 30	≥ 30
Sveigjuþol sóla:									
Skurðstækkun (mm)	≤ 4	≤ 4	≤ 4	≤ 4	≤ 4	≤ 4	|	|	
NSC = engar sjálfsprottnar sprungur	NSC	NSC	NSC	NSC	NSC við – 10 °C	NSC	|	|	
Slitstyrkur sóla:									
D ≥ 0,9 g/cm^3 (mm^3)	≤ 200	≤ 200	≤ 250	≤ 350	≤ 200	≤ 400	|		≤ 450
D < 0,9 g/cm^3 (mg)	≤ 150	≤ 150	≤ 170	≤ 200	≤ 150	≤ 250	|		
Viðloðun yfirleðurs við sóla: (N/mm)	≥ 4,0	≥ 4,0	≥ 3,0	≥ 3,5	≥ 3,5	≥ 3,0	≥ 2,5	≥ 3,0	≥ 2,5
Mótstaða sóla gegn því að rifna: (Meðalkraftur, N/mm)									
D ≥ 0,9 g/cm^3	8	8	8	6	8	6	5	6	5
D < 0,9 g/cm^3	6	6	6	4	6	4	4	5	4
Litheldni innra byrðis skófatnaðarins (fóðurs eða innra byrðis yfirleðurs). Grákvarði á filti eftir 50 þvotta	≥ 2/3	≥ 2/3	≥ 2/3	≥ 2/3	≥ 2/3	≥ 2/3		≥ 2/3	≥ 2/3

Tæknilegur viðbætir

A1. **Útreikningur á orkunotkun**

Útreikningur á orkunotkun á eingöngu við um samsetningu (framleiðslustig) fullunnar vöru.

Hægt er að reikna út meðalraforkunotkun (AEC) fyrir hvert skópar á tvo vegu:

Á grundvelli heildarskóframleiðslu verksmiðjunnar á dag:

— MJ_{dp} = meðalorkunotkun á dag við skóframleiðslu (rafmagn + jarðefnaeldsneyti) (reiknað á ársgrundvelli),

— N = meðalfjöldi skópara sem eru framleidd á dag (reiknað á ársgrundvelli),

$$AEC = \frac{MJ_{dp}}{N}$$

Á grundvelli framleiðslu verksmiðjunnar á skóm sem bera umhverfismerkið:

— MJ_{ep} = meðalorkunotkun á dag við framleiðslu á skóm sem bera umhverfismerkið (rafmagn + jarðefnaeldsneyti) (reiknað á ársgrundvelli),

— N_{ep} = meðalfjöldi skópara, sem bera umhverfismerkið, sem eru framleidd á dag (reiknað á ársgrundvelli),

$$AEC = \frac{MJ_{ep}}{N_{ep}}$$

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/66**

frá 9. júlí 2009

um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir tjaldstæði (*)

(tilkynnt með númeri C(2009) 5618)

(2009/564/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis Bandalagsins ([1]), einkum annarri undirgrein 1. mgr. 6. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er heimilt að veita umhverfismerki Bandalagsins fyrir vöru sem býr yfir eiginleikum sem gera það að verkum að hún stuðlar að verulegum umbótum að því er varðar helstu umhverfisþætti.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að setja skuli sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerkið fyrir hvern vöruflokk og skuli þær byggjast á drögum að viðmiðunum sem umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins hefur sett fram.

3) Þar er einnig kveðið á um að endurskoðun á viðmiðununum fyrir umhverfismerkið, sem og á kröfum vegna mats og sannprófunar er varða viðmiðanirnar, skuli fara fram í tæka tíð fyrir lok gildistímabils viðmiðananna sem tilgreindar eru fyrir viðkomandi vöruflokk.

4) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1980/2000 hafa vistfræðilegu viðmiðanirnar verið endurskoðaðar innan tilskilins tíma og einnig tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar sem settar voru fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/338/EB frá 14. apríl 2005 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir tjaldstæði ([2]). Þessar vistfræðilegu viðmiðanir og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar gilda til og með 31. október 2009.

5) Í ljósi þessarar endurskoðunar og til að taka tillit til þróunar í vísindum og á markaði er rétt að breyta skilgreiningunni á vöruflokknum og setja nýjar, vistfræðilegar viðmiðanir.

6) Vistfræðilegu viðmiðanirnar og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar skulu gilda í fjögur ár frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

7) Að því er varðar tjaldstæði skal skipta vistfræðilegu viðmiðununum í lögboðnar viðmiðanir og valkvæðar viðmiðanir.

8) Að því er varðar gjöld fyrir umsóknir örfyrirtækja, eins og þau eru skilgreind í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreiningu á örfyrirtækjum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum ([3]), um umhverfismerkið og notkun örfyrirtækjanna á því er rétt að kveða á um lækkun gjaldanna skv. 5. gr. ákvörðunar 2000/728/EB, til viðbótar þeirri lækkun sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1980/2000 og 1. og 2. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2000/728/EB frá 10. nóvember 2000 um ákvörðun á gjöldum vegna afgreiðslu umsókna um umhverfismerki Bandalagsins ásamt árgjöldum ([4]), í því skyni að taka tillit til takmarkaðra tekjulinda örfyrirtækja og sérstaks mikilvægis þeirra innan þessa vöruflokks.

9) Því ber að skipta út ákvörðun 2005/338/EB.

10) Heimila skal umbreytingartímabil fyrir þjónustuveitendur, sem veitt hefur verið umhverfismerkið fyrir tjaldstæði, á grundvelli viðmiðananna í ákvörðun 2005/338/EB, svo þeir hafi nægan tíma til að laga þjónustu sína að endurskoðuðum viðmiðunum og kröfum. Þjónustuveitendum skal einnig vera heimilt að leggja fram umsóknir samkvæmt viðmiðununum sem settar eru fram í ákvörðun 2005/338/EB eða samkvæmt viðmiðununum sem settar eru fram í þessari ákvörðun þar til fyrrnefnda ákvörðunin fellur úr gildi.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 196, 28.7.2009, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2010 frá 2. júlí 2010 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 21.10.2010, bls. 17.

([1]) Stjtíð. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 108, 29.4.2005, bls. 67.

([3]) Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36.

([4]) Stjtíð. EB L 293, 22.11.2000, bls. 18.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Vöruflokkurinn „tjaldstæði“ nær til þjónustu sem felst einkum í því að leigja út, gegn gjaldi, stæði með útbúnaði fyrir færanlega aðstöðu til gistingar innan afmarkaðs svæðis.

Flokkurinn nær einnig til annarrar gistiaðstöðu og sameiginlegra þjónustusvæða, sé þau að finna innan afmarkaða svæðisins.

2. „Tjaldstæðið“ innan afmarkaða svæðisins getur einnig náð yfir matsölu og aðstöðu til frístundastarfsemi sem er undir stjórn rekstraraðila tjaldstæðisins eða í eigu hans.

3. Í þessari ákvörðun fellur morgunverður undir matsölu; undir aðstöðu til líkamsræktar og frístundastarfsemi falla sánaböð, sundlaugar og öll slík aðstaða, sem er á umráðasvæði gistiaðstöðunnar, og græn svæði, svo sem almenningsgarðar og ræktaðir garðar, sem eru opin gestum en ekki hluti af tjaldstæðinu.

4. Í þessari ákvörðun gildir sama skilgreining á örfyrirtækjum og í tilmælum 2003/361/EB.

2. gr.

1. Tjaldstæði, sem fær umhverfismerki Bandalagsins samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 (hér á eftir nefnt „umhverfismerkið“), skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

a) það skal falla undir vöruflokkinn „tjaldstæði“,

b) það skal uppfylla allar þær viðmiðanir sem settar eru fram í A-þætti viðaukans við þessa ákvörðun,

c) það skal uppfylla nægilega margar þeirra viðmiðana sem settar eru fram í B-þætti viðaukans við þessa ákvörðun til að fá tilskilinn fjölda stiga eins og um getur í 2. og 3. mgr.

2. Að því er varðar c-lið 1. mgr. skal tjaldstæðið ná a.m.k.:

a) 20 stigum fyrir meginþátt þjónustunnar,

b) 24 stigum ef önnur gistiaðstaða er í boði þar að auki.

3. Ef aðilinn sem rekur eða á tjaldstæðið býður upp á eftirfarandi þjónustu skal bæta við lágmarksfjölda stiganna, sem um getur í 2. mgr., sem hér segir:

a) 3 stig fyrir matsölu,

b) 3 stig fyrir græn svæði/útisvæði sem eru aðgengileg gestum, en eru ekki hluti af tjaldstæðinu,

c) 3 stig fyrir aðstöðu til frístundastarfsemi og líkamsræktar eða 5 stig ef aðstaðan til frístundastarfsemi og líkamsræktar er í heilsumiðstöð.

3. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2000/728/EB skal gjald vegna umsóknar lækkað um 75% þegar um er að ræða örfyrirtæki sem sækir um umhverfismerkið og er ekki kostur á frekari lækkun.

2. Þrátt fyrir ákvæði fyrsta málsliðar 5. mgr. 2.gr. ákvörðunar 2000/728/EB skal lágmarksárgjald örfyrirtækis fyrir notkun umhverfismerkisins vera 100 evrur.

3. Heildarsala tjaldstæðisins á hverju ári skal reiknuð með því að margfalda afhendingarverðið með fjölda gistinátta og lækka töluna, sem þannig fæst, um 50%. Afhendingarverðið er meðalgjaldið sem gesturinn greiðir fyrir næturdvölina, þ.m.t. er öll þjónusta sem veitt er án sérstaks gjalds.

4. Lækkunin á lágmarksárgjaldinu, sem kveðið er á um í 6.–10. mgr. 2. gr. ákvörðunar 2000/728/EB, gildir.

4. gr.

Vistfræðilegar viðmiðanir fyrir vöruflokkinn „tjaldstæði“ og viðeigandi kröfur vegna mats og sannprófunar skulu gilda í fjögur ár frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

5. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „026“ notað fyrir vöruflokkinn „tjaldstæði“.

6. gr.

Ákvörðun 2005/338/EB fellur úr gildi.

7. gr.

1. Umsóknir um umhverfismerkið, sem falla undir vöruflokkinn „tjaldstæði“ og eru lagðar fram fyrir samþykktardag þessarar ákvörðunar, skulu metnar í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2005/338/EB.

2. Umsóknir um umhverfismerkið, sem falla undir vöruflokkinn „tjaldstæði“ og eru lagðar fram eftir samþykktardag þessarar ákvörðunar en eigi síðar en 31. október 2009, má byggja annaðhvort á viðmiðununum, sem settar eru fram í ákvörðun 2005/338/EB, eða viðmiðununum sem settar eru fram í þessari ákvörðun.

Umsóknirnar skulu metnar í samræmi við viðmiðanirnar sem þær eru byggðar á.

3. Þegar umhverfismerkið er veitt á grundvelli umsóknar, sem metin er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í ákvörðun 2005/338/EB, má nota það umhverfismerki í tólf mánuði frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

8. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. júlí 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros Dimas

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

RAMMI

Markmiðið með viðmiðununum

Markmiðið með þessum viðmiðunum er að takmarka helstu umhverfisáhrif á öllum þremur stigum þjónustuferlis tjaldstæðisins (innkaupum, veitingu þjónustunnar, úrgangi). Þeim er einkum ætlað að:

— draga úr orkunotkun,

— draga úr vatnsnotkun,

— draga úr myndun úrgangs,

— stuðla að notkun endurnýjanlegra auðlinda og ýta undir að valin séu umhverfisvænni efni en áður voru notuð,

— efla kynningu og fræðslu um umhverfismál.

Nánari lýsing

Færanleg aðstaða til gistingar, sem um getur í 1. gr., eru t.d. tjöld, hjólhýsi, húsvagnar og húsbílar. Undir gistiaðstöðu flokkast t.d. smáhýsi, leigð, færanleg aðstaða til gistingar og íbúðir. Svæði fyrir sameiginlega þjónustu eru t.d. þvotta- og eldunaraðstaða, kjörbúðir og upplýsingabásar.

Kröfur vegna mats og sannprófunar

Sértækar kröfur vegna mats og sannprófunar eru tilgreindar fyrir neðan hverja viðmiðun sem sett er fram í A- og B-þætti.

Þar sem við á er heimilt að nota aðrar prófunaraðferðir og staðla en tilgreind eru í hverri viðmiðun ef þar til bær stofnun, sem metur umsóknina, fellst á að aðferðirnar og staðlarnir séu jafngild.

Ef þess er krafist að umsækjandi leggi fram yfirlýsingar, upplýsingaskjöl, niðurstöður greininga, prófunarskýrslur eða annað til staðfestingar á því að farið sé að viðmiðunum ríkir sá skilningur að þessi plögg geti annaðhvort verið frá umsækjanda sjálfum og/eða birgjum hans eða undirbirgjum þeirra o.s.frv., eftir því sem við á.

Þar til bærar stofnanir skulu annast skoðanir á staðnum áður en leyfið er veitt.

Ef við á geta þar til bærar stofnanir krafist fylgiskjala og framkvæmt óháða sannprófun. Á gildistíma leyfisins skulu þar til bærar stofnanir hafa eftirlit með því að viðmiðanirnar séu uppfylltar.

Við mat á umsóknum og eftirlit með því að viðmiðanirnar séu uppfylltar er mælt með því að þar til bærar stofnanir taki tillit til þess hvort viðurkenndum umhverfisstjórnunarkerfum, svo sem umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) eða ISO 14001, er beitt.

(*Athugasemd*: Þess er ekki krafist að slíkum stjórnunarkerfum sé beitt).

Almennar kröfur

Til að geta sótt um umhverfismerkið verður umsækjandinn að uppfylla kröfur Bandalagsins og aðildarríkjanna og staðbundnar kröfur. Einkum skal eftirfarandi tryggt:

1. Byggingin sé reist löglega og í samræmi við öll gildandi lög og reglugerðir er varða svæðið þar sem hún er reist, einkum lög og reglugerðir í tengslum við landvernd og verndun líffræðilegrar fjölbreytni.

2. Gerð byggingarinnar sé í samræmi við lög og reglur Bandalagsins og hvers aðildarríkis fyrir sig og staðbundin lög og reglugerðir varðandi orkusparnað, vatnslindir, hreinsun og frárennsli vatns, söfnun og förgun úrgangs, viðhald og eftirlit tækja og öryggis- og heilbrigðisráðstafanir.

3. Fyrirtækið sé í rekstri og skráð, samkvæmt landslögum og/eða staðbundnum lögum, og starfsfólk þess sé löglega ráðið og tryggt.

A-ÞÁTTUR

LÖGBOÐNAR VIÐMIÐANIR SEM UM GETUR Í 1. MGR. 2. GR.

ORKA

1. **Raforka frá endurnýjanlegum orkugjöfum**

Að minnsta kosti 50% af allri raforku skulu koma frá endurnýjanlegum orkugjöfum, eins og þeir eru skilgreindir í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB (1).

Þessi viðmiðun gildir ekki um tjaldstæði sem hafa ekki aðgang að markaði þar sem raforka, sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum, stendur til boða.

Bindandi samningsskilmálar (s.s. um sektir), sem gilda í a.m.k. tvö ár þegar skipt er um orkuveitu, geta talist vera „enginn aðgangur“ að markaði þar sem í boði er raforka sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá orkuveitunni (eða samning við hana) þar sem fram kemur eðli endurnýjanlega orkugjafans eða orkugjafanna, hve stór hundraðshluti raforkunnar, sem notuð er, kemur frá endurnýjanlegum orkugjafa, gögn um hitakatlana (varmagjafana) sem notaðir eru, ef einhverjir eru, og hve stór hundraðshluti raforkunnar getur verið frá endurnýjanlegum orkugjafa þegar best lætur. Samkvæmt tilskipun 2001/77/EB eru endurnýjanlegir orkugjafar skilgreindir sem orkugjafar sem eru ekki endurnýjanlegt jarðefnaeldsneyti (vindorka, sólarorka, jarðvarmaorka, öldu- og sjávarfallaorka, vatnsorka og orka úr lífmassa, hauggasi, gasi frá skólphreinsunarstöðvum og lífgasi). Hafi tjaldsvæðið ekki aðgang að markaði þar sem raforka frá endurnýjanlegum orkugjöfum stendur til boða skal leggja fram gögn sem sýna að óskað hafi verið eftir endurnýjanlegri orku.

2. **Kol og svartolía**

Ekki skal nota nein kol sem orkugjafa og heldur ekki neina svartolíu sem inniheldur meira af brennisteini en 0,1%. Kol fyrir eldstæði til skrauts eru undanþegin þessari viðmiðun.

Þessi viðmiðun gildir einungis um tjaldstæði með sjálfstætt hitunarkerfi.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt og tilgreina eðli þeirra orkugjafa sem eru notaðir.

3. **Nýtni og varmaframleiðsla**

Ef ný tæki til varmaframleiðslu eru sett upp á gildistíma umhverfismerkisins skulu þau vera einingar fyrir samvinnslu með góða orkunýtni (samkvæmt skilgreiningunni í 3. gr. og III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB (2), varmadæla eða orkunýtinn ketill. Í síðara tilvikinu skal orkunýtni ketilsins vera fjögurra stjarna (u.þ.b. 92% við 50 °C og 95% við 70 °C), mæld samkvæmt tilskipun ráðsins 92/42/EBE (3), eða samkvæmt gildandi framleiðslustöðlum og reglum fyrir þá katla sem falla ekki undir ákvæði þessarar tilskipunar.

Heitavatnskatlar, sem fyrir eru og hitaðir með fljótandi eldsneyti eða gasi samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 92/42/EBE, skulu uppfylla staðla um nýtni, a.m.k. sem svarar þremur stjörnum, eins og tilgreint er í tilskipuninni. Þær einingar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, sem fyrir eru, skulu vera í samræmi við skilgreininguna á góðri orkunýtni í tilskipun 2004/8/EB.

Nýtni katla, sem falla ekki undir tilskipun 92/42/EBE (4), skal vera í samræmi við leiðbeiningar framleiðandans, landslög og staðbundna löggjöf um nýtni, en að því er varðar slíka katla sem fyrir eru (að frátöldum lífmassakötlum) skal nýtni þeirra vera að lágmarki 88% .

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram tækniforskrift frá þeim sem ber ábyrgð á sölu og/eða viðhaldi ketilsins þar sem nýtnin er tilgreind.

(1) Stjtíð. EB L 283, 27.10.2001, bls. 33.
(2) Stjtíð. ESB L 52, 21.2.2004, bls. 50.
(3) Stjtíð. EB L 167, 22.6.1992, bls. 17.
(4) Í 3. gr. tilskipunar 92/42/EBE eru eftirfarandi katlar undanskildir: heitavatnskatlar, sem kynda má með mismunandi eldsneyti, þ.m.t. fast eldsneyti, gegnumstreymishitarar fyrir vatn, katlar, sem eru gerðir til að brenna eldsneyti sem að eiginleikum er verulega frábrugðið fljótandi eldsneyti og gasi sem er algengt á markaði (úrgangsgas frá iðnaði, lífgas o.s.frv.), eldavélar og búnaður sem er einkum ætlað að hita það rými, sem tækin eru sett upp í, og hitar auk þess vatn fyrir miðstöðvarkerfi og vatn til heimilishalds.

4. **Loftræsting**

Allar loftræstisamstæður til heimilisnota, sem keyptar voru á gildistíma umhverfismerkisins, skulu vera í orkunýtniflokki A eða ofar, eins og mælt er fyrir um í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/31/EB ([1]), eða vera með samsvarandi orkunýtni.

Athugasemd: Þessi viðmiðun gildir ekki um loftræstisamstæður, sem geta einnig nýtt aðra orkugjafa, tæki, sem flytja varma frá lofti til vatns eða frá vatni til vatns, eða einingar með afköst (kæligetu) sem eru meiri en 12 kW.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram tækniforskrift frá framleiðandanum eða faglærðum tæknimönnum sem bera ábyrgð á uppsetningu, sölu og/eða viðhaldi loftræstikerfisins.

5. **Orkunýtni bygginga**

Tjaldstæðið skal vera í samræmi við landslög og staðbundnar byggingarreglugerðir varðandi orkunýtni og orkunýtingu bygginga.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram orkuvottun samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/91/EB ([2]) eða, ef það er ekki fyrir hendi í framkvæmdakerfi viðkomandi lands, niðurstöður orkuúttektar óháðs sérfræðings í orkunýtingu bygginga.

6. **Einangrun í gluggum**

Allir gluggar í upphituðum og/eða loftræstum herbergjum og sameiginlegu rými skulu vera nægilega vel varmaeinangraðir samkvæmt staðbundnum reglugerðum og með tilliti til loftslags á viðkomandi stað og hljóðeinangrun þeirra skal einnig vera viðunandi. (Þetta gildir ekki um leigð hjólhýsi eða leigða húsvagna ef rekstraraðilar tjaldstæðisins eru ekki eigendur þeirra.)

Allir gluggar í upphituðum og/eða loftræstum herbergjum og sameiginlegu rými, sem settir eru í eða endurnýjaðir eftir að umhverfismerki Bandalagsins hefur fengist, skulu vera í samræmi við tilskipun 2009/91/EB (4., 5. og 6. gr.) og tilskipun ráðsins 89/106/EBE ([3]) og tilheyrandi tæknireglugerðir hvers lands um sig að því er varðar framkvæmd þeirra.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá faglærðum tæknimanni um að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt upplýsingum um kólnunartölu (varmatapsstuðla, U-gildi). Umsækjandi skal leggja fram orkuvottun fyrir glugga sem uppfylla tilskipun 2002/91/EB eða yfirlýsingu frá verktakanum, sé orkuvottun ekki fyrir hendi í framkvæmdakerfi viðkomandi lands.

7. **Stjórnun upphitunar eða loftræstingar**

Ef ekki slokknar sjálfkrafa á hitunar- og/eða loftræstibúnaði þegar gluggar eru opnaðir skulu vera greinilegar upplýsingar til að minna gesti á að loka glugga eða gluggum ef hitunar- eða loftræstikerfi eru í gangi. Stök hitunar-/loftræstikerfi, sem sett eru upp eftir að vottun með umhverfismerki Bandalagsins hefur fengist, skulu búin sjálfvirkum slökkvibúnaði sem fer í gang þegar gluggar eru opnaðir.

Þessi viðmiðun gildir einungis um aðstöðu á tjaldstæði þar sem er upphitun og/eða loftræsting.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt texta með upplýsingunum sem miðlað er til gestanna (ef við á).

8. **Stjórnun lýsingar**

Ef ljós slokkna ekki sjálfkrafa í leigða gistirýminu skulu vera greinilegar upplýsingar til gesta þar sem þeir eru beðnir um að slökkva ljós þegar þeir yfirgefa rýmið.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt og tilgreina hvernig upplýsingunum er komið á framfæri.

9. **Orkunýtnar ljósaperur**

a) Að minnsta kosti 80% allra ljósapera á tjaldstæðinu skulu vera í orkunýtniflokki A, eins og skilgreint er í tilskipun framkvæmdarstjórnarinnar 98/11/EB ([4]). Þetta gildir ekki um ljósabúnað sem er þeirrar gerðar að ekki er unnt að nota orkunýtnar perur.

([1]) Stjtíð. EB L 86, 3.4.2002, bls. 26.
([2]) Stjtíð. ESB L 1, 4.1.2003, bls. 65.
([3]) Stjtíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12.
([4]) Stjtíð. EB L 71, 10.3.1998, bls. 1.

b) Allar ljósaperur, sem eru á stöðum þar sem líklegt er að kveikt sé á þeim lengur en fimm klukkustundir á dag, skulu vera í orkunýtniflokki A, eins og skilgreint er í tilskipun 98/11/EB. Þetta gildir ekki um ljósabúnað sem er þeirrar gerðar að ekki er unnt að nota orkunýtnar perur.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að báðir þættir þessarar viðmiðunar hafi verið uppfylltir og tilgreina orkunýtniflokk þeirra ljósapera sem eru notaðar.

10. **Tæki til hitunar utandyra**

Á tjaldstæðinu skal einungis nota tæki sem knúin eru með endurnýjanlegum orkugjöfum til að hita útisvæði, svo sem reykingasvæði eða veitingasvæði utandyra.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt og tilgreina eðli þeirra orkugjafa sem eru notaðir þegar um er að ræða tæki sem knúin eru með endurnýjanlegum orkugjöfum.

VATN

11. **Rennsli vatns úr krönum og sturtum**

Meðalrennsli úr krönum og sturtuhausum, að undanskildum baðkrönum, eldhúskrönum og krönum við áfyllingastaði, skal ekki vera meira en 9 lítrar á mínútu.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt tilheyrandi gögnum, þ.m.t. skýringar á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt á tjaldstæðinu.

12. **Ruslafötur á salernum**

Á hverju salerni skal vera ruslafata við hæfi og gestir skulu hvattir til að setja viðeigandi úrgang í fötuna í stað salernisins.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt viðeigandi gögnum varðandi upplýsingar til gestanna.

13. **Skolun þvagskála**

Allar þvagskálar skulu hafa annaðhvort sjálfvirkt (tímastillt) eða handvirkt skolunarkerfi til að koma í veg fyrir stöðuga skolun.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt viðeigandi gögnum um uppsettar þvagskálar.

14. Skipti á handklæðum og lökum

Gestir skulu upplýstir um umhverfisstefnu tjaldstæðisins við komu. Í upplýsingunum skal koma fram að skipt sé um lök og handklæði í leigðu gistirými þegar beðið eru um það eða sjálfgefið eins oft og umhverfisstefna tjaldstæðisins segir til um eða eins og krafist er samkvæmt lögum og/eða lagaákvæðum viðkomandi lands. Þetta gildir einungis um leigt gistirými þar sem handklæði og/eða lök eru innifalin í þjónustunni.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt viðeigandi gögnum um það hvernig þessu er komið á framfæri við gestina og hvernig óskir gestanna eru virtar á tjaldstæðinu.

15. **Rétt losun skólps**

Forsvarsmenn tjaldstæðisins skulu upplýsa gesti og starfsfólk um rétta aðferð við losun skólps til að forðast að í það berist efni sem gætu hindrað hreinsun skólps í samræmi við áætlanir sveitarfélagsins varðandi skólp og reglugerðir Bandalagsins. Ef sveitarfélagið er ekki með áætlun varðandi skólp skulu forsvarsmenn tjaldstæðisins leggja fram skrá yfir efni sem ekki má farga með skólpinu samkvæmt grunnvatnstilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/118/EB ([1]).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt og viðeigandi gögn (áætlun um losun skólps, liggi hún fyrir, og upplýsingar fyrir gesti og starfsfólk).

([1]) Stjtíð. ESB L 372, 27.12.2006, bls. 19.

ÞVOTTA- OG HREINSIEFNI OG SÓTTHREINSIEFNI

16. **Losunarstaður fyrir ferðasalerni**

Ef tjaldstæðið er tengt við rotþró skal safna úrgangi úr ferðasalernum sérstaklega eða á annan réttan hátt og hann meðhöndlaður samkvæmt því. Sé stæðið tengt við almenna fráveitu nægir sérstök þró eða tæmingareining sem kemur í veg fyrir leka út í umhverfið.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt og viðeigandi gögn, þ.m.t. hvers kyns sértækar förgunarkröfur staðaryfirvalda ásamt upplýsingum um efnaþróna.

17. **Sótthreinsiefni**

Sótthreinsiefni skulu því aðeins notuð að þau séu nauðsynleg til þess að uppfylla lögbundnar kröfur um hreinlæti.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt tilgreiningu á því hvar og hvenær sótthreinsiefni eru notuð.

ÚRGANGUR

18. **Þátttaka gesta í flokkun úrgangs**

Upplýsa skal gesti um hvernig og hvar þeir geta flokkað úrgang, samkvæmt bestu kerfum viðkomandi staðar eða lands, innan svæðanna sem tjaldstæðið tilheyrir. Aðgengi að hentugum gámum fyrir flokkun úrgangs skal vera jafn gott og aðgengi að tunnum fyrir almennt sorp.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt viðeigandi gögnum um upplýsingarnar sem er miðlað til gestanna og gögnum sem sýna hvar gámarnir eru á tjaldstæðinu.

19. **Flokkun úrgangs**

Flokka skal úrgang þannig að unnt sé að meðhöndla hvern flokk um sig í úrgangsmeðhöndlunarstöðvum sem starfa á staðar- eða landsvísu og skal sérstök aðgát höfð varðandi hættulegan úrgang, sem skal flokkaður sérstaklega og honum safnað saman og fargað samkvæmt skránni í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB ([1]), og skal leitast við að farga úrganginum á viðeigandi hátt. Skráin tekur til prentdufts, bleks, kæli- og rafbúnaðar, rafhlaða, orkunýtinna ljósapera, lyfja, fitu/olíu og raftækja, eins og tilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB ([2]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB ([3]).

Ef staðaryfirvöld annast ekki sérstaka söfnun og/eða förgun flokkaðs úrgangs skal forsvarsmaður tjaldstæðisins skrifa þeim og láta í ljós vilja sinn til að flokka úrgang og láta í ljós áhyggjur sínar vegna þess að ekki hefur verið komið á söfnun og/eða förgun flokkaðs úrgangs. Ef staðaryfirvöld annast ekki förgun hættulegs úrgangs skal umsækjandinn leggja árlega fram yfirlýsingu frá staðaryfirvöldum þess efnis að ekki hafi verið komið upp kerfi til að farga hættulegum úrgangi.

Beiðnin til staðaryfirvalda þess efnis að komið verði á söfnun og/eða förgun flokkaðs úrgangs skal lögð fram árlega.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt og tilgreina þá flokka úrgangs, sem staðaryfirvöld taka við, og/eða viðeigandi samninga við einkaaðila. Ef við á skal umsækjandinn leggja árlega fyrir staðaryfirvöld yfirlýsingu sama efnis.

20. **Einnota vörur**

Ekki skal nota snyrtivörur, svo sem hárþvottalög og sápu, í einnota umbúðum (umbúðum sem ekki eru endurfyllanlegar) eða aðrar einnota vörur, svo sem baðhettur, bursta, naglaþjalir o.s.frv., nema þess sé krafist samkvæmt lögum. Sé notkunar slíkrar einnota vöru krafist samkvæmt lögum skal umsækjandinn bjóða gestum upp á báðar lausnirnar og hvetja þá með viðeigandi upplýsingum til að nota margnota vörurnar.

Einungis skal nota einnota drykkjarílát (bolla og glös), diska og hnífapör ef þau eru úr endurnýjanlegum hráefnum, lífbrjótanleg og myltast samkvæmt EN 13432.

([1]) Stjtíð. EB L 226, 6.9.2000, bls. 3.
([2]) Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 24.
([3]) Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 19.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt, ásamt viðeigandi gögnum þar sem fram kemur hvernig hún er uppfyllt (þ.m.t. vísun í löggjöf þar sem notkunar á einnota vörum er krafist), og samræmdar upplýsingar að því er varðar margnota vörur og/eða upplýsingarnar til gestanna þar sem þeir eru hvattir til að nota margnota vörur (ef við á).

Til að sýna fram á að einnota bollar og glös, diskar og hnífapör uppfylli þessa viðmiðun skulu fylgja gögn til staðfestingar því að farið sé að EN 13432.

21. **Notkun umbúða við morgunverð**

Engar stakskammtapakkningar skulu notaðar við morgunverð eða aðra matsölu, að undanskildu mjólkurviðbiti (s.s. smjör, smjörlíki og mjúkur ostur), súkkulaðismuráleggi og hnetusmjörsviðbiti, og sultum og mauki sem eru sérfæði eða fyrir sykursjúka, nema þess sé krafist samkvæmt lögum.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt greinargóðri lýsingu á því hvernig hún er uppfyllt í gistiaðstöðunni, auk skrár yfir vörur sem notaðar eru í stökum skömmtum og vísunar í löggjöf þar sem þessa er krafist.

ÖNNUR ÞJÓNUSTA

22. **Reykingabann í sameiginlegu rými**

Í öllu sameiginlegu rými innandyra skal vera svæði þar sem bannað er að reykja.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt.

23. **Almenningssamgöngur**

Gestir og starfsfólk skulu eiga greiðan aðgang að upplýsingum, í gegnum aðalsamskiptamiðil tjaldstæðisins, um hvernig nota megi almenningssamgöngur til að komast að og frá tjaldstæðinu. Ef engar almenningssamgöngur við hæfi eru í boði skal veita upplýsingar um aðra vistvæna samgöngukosti.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt afriti af upplýsingaefninu sem liggur fyrir.

ALMENN STJÓRNUN

Umsækjendur, sem hafa umhverfisstjórnunarkerfi sem er skráð samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 ([1]) eða hafa hlotið vottun samkvæmt ISO-staðli 14001, uppfylla sjálfkrafa eftirfarandi viðmiðanir um almenna stjórnun, að undanskildum 28., 29. og 30. viðmiðun (gagnasöfnun og upplýsingar). Í þeim tilvikum er EMAS-skráning eða vottun samkvæmt ISO 14001 staðfesting á samræmi við þessar viðmiðanir.

24. **Eftirlit og viðhald á kötlum og loftræstikerfum**

Eftirlit og viðhald á kötlum og loftræstikerfum skal eiga sér stað a.m.k. árlega, en oftar ef þess er krafist samkvæmt lögum eða nauðsyn krefur, og það skal unnið af mönnum með viðeigandi starfsréttindi sem fylgja CEI-stöðlum eða landsstöðlum, ef þeir gilda, eða leiðbeiningum framleiðandans.

Viðhald loftræstikerfa (eftirlit með leka og viðgerðir) skal framkvæma samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 ([2]), í samræmi við það magn flúoraðra gasa (flúoraðra gróðurhúsalofttegunda) sem búnaðurinn inniheldur, sem hér segir:

— að minnsta kosti á tólf mánaða fresti á búnaði sem inniheldur 3 kg eða meira af flúoruðum gösum (þetta gildir ekki um búnað með loftþéttum kerfum, sem er merktur þannig og inniheldur minna en 6 kg af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum),

— að minnsta kosti á sex mánaða fresti á búnaði sem inniheldur 30 kg eða meira af flúoruðum gösum,

— að minnsta kosti á þriggja mánaða fresti á búnaði sem inniheldur 300 kg eða meira af flúoruðum gösum.

([1]) Stjtíð. EB L 114, 24.4.2001, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 1.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að allir þættir þessarar viðmiðunar séu uppfylltir, ásamt lýsingu á kötlunum og viðhaldsáætlun varðandi þá og upplýsingar um einstaklinga/fyrirtæki sem annast viðhald þeirra og hvaða þættir eru skoðaðir í tengslum við eftirlitið.

Að því er varðar loftræstikerfi sem innihalda 3 kg eða meira af flúoruðum gösum skal umsækjandinn leggja fram skrár yfir magn og tegundir flúoraðra gasa í búnaðinum, magnið sem bættist við og magnið sem var endurheimt meðan á viðhaldinu stóð, eftirlit og endanlega förgun og auðkenni fyrirtækisins eða tæknimannsins sem sá um eftirlitið eða viðhaldið, auk dagsetninga og niðurstaðna úr lekaeftirlitinu og viðeigandi upplýsinga þar sem ýmis staðbundinn búnaður, með meira en 30 kg af flúoruðum gösum, er sérstaklega tilgreindur.

25. **Umhverfisstefna og umhverfisáætlun**

Stjórnendur tjaldstæðisins skulu fylgja stefnu sem miðar að vernd umhverfisins og semja einfalda yfirlýsingu um umhverfisstefnuna og nákvæma aðgerðaáætlun til að tryggja framkvæmd umhverfisstefnunnar.

Í aðgerðaáætluninni skulu tilgreind stefnumið um vistvænleika varðandi orku, vatn, íðefni og úrgang, þau skulu sett til tveggja ára í senn og taka skal tillit til valkvæðu viðmiðananna og gagna sem aflað er, liggi þau fyrir. Þar skal tilgreina þann einstakling sem verður umhverfisstjóri tjaldstæðisins og ber ábyrgð á að nauðsynlegum aðgerðum sé hrundið í framkvæmd og að stefnumiðunum verði náð. Almenningur skal hafa aðgang að umhverfisstefnunni. Taka skal tillit til athugasemda og svara gesta við spurningalistum eða gátlistum.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt afriti af umhverfisstefnunni eða stefnuyfirlýsingunni og aðgerðaáætluninni og hvernig tekið er tillit til athugasemda og viðbragða gesta.

26. **Fræðsla og þjálfun starfsfólks**

Af hálfu tjaldstæðisins skal upplýsa og fræða starfsfólkið, m.a. með skriflegum verklagsreglum eða handbókum, til að tryggja að ráðstöfunum á sviði umhverfismála verði hrundið í framkvæmd og í því skyni að auka vitund um vistvæna hegðun. Einkum skal taka tillit til eftirfarandi atriða:

Orkusparnaður:

— Starfsfólk skal þjálfað í því hvernig spara má orku.

Sparnaður á vatni:

— Starfsfólk skal þjálfað í því að kanna daglega hvort sýnilegur leki sé einhvers staðar og gera viðeigandi ráðstafanir eftir þörfum.

— Blómjurtir og útisvæði skulu að jafnaði vökvuð áður en sól er hæst á lofti eða eftir sólsetur, eftir því sem best hentar með tilliti til staðbundinna eða veðurfarslegra skilyrða.

— Starfsfólk skal upplýst um stefnu tjaldstæðisins varðandi 14. viðmiðun um skipti á handklæðum og fá fyrirmæli um hvernig á að fylgja henni.

Íðefni:

— Starfsfólki skal kennt að nota ekki meira af þvotta- og hreinsiefni og sótthreinsiefni en tilgreint er á umbúðum efnanna.

Úrgangur:

— Starfsfólk skal þjálfað í að safna, skilja að og farga úrgangi á viðeigandi hátt í flokkum sem hægt er að meðhöndla sérstaklega í úrgangsmeðhöndlunarstöðvum sem starfa á staðar- eða landsvísu eins og skilgreint er í 19. viðmiðun.

— Starfsfólk skal þjálfað í að safna, skilja að og farga hættulegum úrgangi á viðeigandi hátt samkvæmt skránni í ákvörðun 2000/532/EB og skilgreiningunni í 19. viðmiðun.

Allir nýir starfsmenn skulu hljóta nægilega fræðslu innan fjögurra vikna frá ráðningu og allir starfsmenn a.m.k. einu sinni á ári.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt upplýsingum um fræðsluáætlunina og inntak hennar og tilgreina skal hvaða starfsmenn hafa fengið fræðslu og þjálfun, hvers eðlis hún er og hvenær hún var veitt. Umsækjandinn skal einnig leggja fram afrit af verklagsreglum og tilkynningum til starfsfólks um öll framangreind atriði.

27. **Upplýsingar til gesta**

Forsvarsmenn tjaldstæðisins skulu veita gestum sínum, m.a. ráðstefnugestum, upplýsingar um umhverfisstefnu sína, þ.m.t. öryggis- og eldvarnaþættir, og hvetja þá til að leggja sitt af mörkum við framkvæmd hennar. Upplýsingarnar til gestanna skulu varða aðgerðirnar sem gripið hefur verið til í tengslum við umhverfisstefnuna og veita upplýsingar um umhverfismerki Bandalagsins. Í móttökunni skulu öllum gestum veittar þessar upplýsingar og þeir skulu fá í hendur spurningalista um skoðanir þeirra á umhverfisþáttum tjaldstæðisins. Tilkynningar, þar sem gestir eru hvattir til að styðja umhverfismarkmiðin, skulu vera sýnilegar, einkum í sameiginlegu rými og leigðu gistirými.

Sértækar aðgerðir fyrir einstök rými skulu vera eftirfarandi:

Orka:

— Upplýsa skal gesti um það hvernig slökkt er á hitunar-/loftræstibúnaði og ljósum, skv. 7. og 8. viðmiðun, ef við á.

Vatn og skólp:

— Á hreinlætisaðstöðu og baðherbergjum skulu vera nægilegar upplýsingar fyrir gesti um hvernig þeir geti stuðlað að vatnssparnaði á tjaldstæðinu.

— Gestir skulu hvattir til að láta starfsfólk vita um hvers kyns leka.

— Á snyrtingum skulu vera veggspjöld þar sem gestir eru beðnir um að henda úrgangi í sorptunnur en ekki í salernin.

— Gestir skulu upplýstir um nauðsyn þess að skólp sé losað á réttan hátt úr færanlegri gistiaðstöðu og um skyldur sínar í þeim efnum.

Úrgangur:

— Gestir skulu upplýstir um þá stefnu tjaldstæðisins að draga úr úrgangi og nota gæðavörur í stað einnota vara og vara sem notaðar eru í stökum skömmtum og þeir skulu hvattir til að nota margnota vörur, einnig þegar þess er krafist samkvæmt lögum að notaðar séu einnota vörur.

— Þeir skulu upplýstir um hvernig og hvar þeir geta flokkað úrgang, samkvæmt kerfum viðkomandi staðar eða lands, innan yfirráðasvæðis tjaldstæðisins og hvar þeir geta fargað hættulegum efnum.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt afritum af upplýsingum og tilkynningum til gesta og tilgreina aðferðir við dreifingu og söfnun upplýsinga og spurningalista og með hvaða hætti svör eru tekin til greina.

28. **Gögn um orku- og vatnsnotkun**

Á tjaldstæðinu skulu vera í gildi verklagsreglur um söfnun gagna um heildarorkunotkun (kWh) og eftirlit með þeim, notkun rafmagns og annarrar orku (kWh) og vatnsnotkun (í lítrum).

Gögnum skal safnað þar sem því verður við komið, mánaðarlega eða a.m.k. árlega, á því tímabili sem tjaldstæðið er opið og þau skulu einnig gefin upp sem notkun fyrir hverja gistinótt og fyrir hvern m2 innanhúss.

Forsvarsmenn tjaldstæðisins skulu árlega skýra þar til bærri stofnun, sem metur umsóknina, frá niðurstöðunum.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt lýsingu á aðferðunum sem notaðar eru. Við umsókn skal umsækjandinn leggja fram gögn um framangreinda notkun fyrir a.m.k. sex næstliðna mánuði (liggi þau fyrir) og síðan skal hann árlega leggja fram þessi gögn fyrir árið á undan eða fyrir tímabilið þegar opið er. Hvað íbúðabyggð snertir (langtímadvöl) getur gistináttafjöldi byggst á áætlun eiganda tjaldstæðisins.

29. **Söfnun annarra gagna**

Á tjaldstæðinu skulu vera í gildi verklagsreglur um söfnun gagna um notkun íðefna, sem gefin er upp í kílógrömmum og/eða lítrum, og eftirlit með þeim og tekið skal fram hvort efnin eru óblönduð eða ekki og tilgreint það magn úrgangs sem fellur til (lítrar og/eða kg óflokkaðs úrgangs).

Gögnum skal safnað þar sem því verður við komið, mánaðarlega eða a.m.k. árlega, og þau skulu einnig gefin upp sem notkun eða framleiðsla fyrir hverja gistinótt og fyrir hvern m2 innanhúss.

Forsvarsmenn tjaldstæðisins skulu árlega skýra þar til bærri stofnun, sem metur umsóknina, frá niðurstöðunum.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt lýsingu á aðferðunum sem notaðar eru. Við umsókn skal umsækjandinn leggja fram gögn um framangreinda notkun fyrir a.m.k. sex næstliðna mánuði (liggi þau fyrir) og síðan skal hann árlega leggja fram þessi gögn fyrir árið á undan eða fyrir tímabilið þegar opið er. Umsækjandinn skal tilgreina þá þjónustu sem stendur til boða og hvort þvottur er þveginn á staðnum.

30. **Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerkinu**

Eftirfarandi texti skal standa í reit 2 á umhverfismerkinu:

— Á þessu tjaldstæði eru gerðar ráðstafanir til að nota endurnýjanlega orkugjafa, spara orku og vatn, minnka úrgang og bæta umhverfi staðarins.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal tilgreina dæmi um fyrirhugaða notkun merkisins og leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt.

B-ÞÁTTUR

VALKVÆÐAR VIÐMIÐANIR SEM UM GETUR Í 1. OG 2. MGR. 2. GR.

Sérhverri viðmiðun, sem sett er fram í þessum þætti, hefur verið úthlutað gildi sem gefið er upp í stigum eða brotum úr stigum. Til þess að hægt sé að veita tjaldstæðum umhverfismerkið verða þau að ná lágmarksfjölda stiga. Bjóðist ekki gistiaðstaða undir þaki á tjaldstæðinu fyrir næturgesti sem hluti af þjónustunni er lágmarksfjöldi stiga 20 en standi hún til boða er lágmarksfjöldi stiga 24.

Heildarfjöldi stiga, sem krafist er, skal aukinn um 3 stig fyrir hverja af eftirfarandi tegundum viðbótarþjónustu sem stendur til boða og er undir stjórn eða í eigu rekstraraðila tjaldstæðisins:

— matsala (þ.m.t. morgunverður),

— aðstaða til frístundastarfsemi og líkamsræktar, þ.m.t. sánaböð, sundlaugar og hvers kyns önnur svipuð aðstaða á umráðasvæði tjaldstæðisins. Ef aðstaðan til frístundastarfsemi og líkamsræktar er í heilsumiðstöð skal fjölga stigunum, sem krafist er, um 5 í stað 3,

— græn svæði, svo sem almenningsgarðar, skógar og ræktaðir garðar, sem eru opin gestum en eru ekki hluti af tjaldstæðinu.

ORKA

31. **Framleiðsla rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum (allt að 4 stig)**

Á tjaldstæðinu skulu vera sólarrafhlöður (plötur/þiljur) eða rafmagnsframleiðsla með vatnsafls-, jarðvarma-, lífmassa- eða vindorkuveri sem framleiðir að lágmarki sem svarar 20% af heildarraforkunotkun á ári (2 stig).

Dreifikerfi tjaldstæðisins skal flytja tiltekið nettómagn af raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum (2 stig).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt gögnum um sólarrafhlöðurnar, vatnsaflsvirkjunina, jarðvarmavirkjunina, lífmassa- eða vindrafstöðvarnar, hve mikið þær geta framleitt og hver raunveruleg framleiðsla þeirra er og gögn um raforkuflæði að og frá dreifikerfinu til að sýna fram á nettóframlag eða raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum til dreifikerfisins.

32. **Orka frá endurnýjanlegum orkugjöfum (allt að 2 stig)**

Af þeirri heildarorku, sem er notuð til að hita upp eða kæla niður herbergi eða til að hita upp grávatn (e. sanitary water), skulu a.m.k. 70% fást með endurnýjanlegum orkugjöfum. (1,5 stig, 2 stig ef 100% af orku tjaldstæðisins, sem er notuð í þessum tilgangi, fást með endurnýjanlegum orkugjöfum).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt gögnum um orku, sem er notuð til að hita upp herbergi og vatn, og gögnum sem sýna fram á að a.m.k. 70% eða 100% þeirrar orku fáist með endurnýjanlegum orkugjöfum.

33. **Orkunýtni ketils (1,5 stig)**

Á tjaldstæðinu skal vera fjögurra stjarna ketill, einn eða fleiri, samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 92/42/EBE.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt fullnægjandi gögnum.

34. **NOx-losun ketilsins (1,5 stig)**

Katlarnir skulu vera í 5. flokki samkvæmt staðlinum EN 297 prA3 um stjórnun á NOx-losun og losunin frá þeim skal vera undir 60 mg NOx/kWh (gasþéttikatlar) eða 70 mg NOx/kWh (aðrir gaskatlar með framleiðsluafköst allt að 120kW).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt skýrslu eða tækniforskriftum frá faglærðu tæknimönnunum sem bera ábyrgð á sölu og/eða viðhaldi ketilsins.

35. **Fjarhitun (1,5 stig)**

Tjaldstæðið skal hitað með varma frá skilvirkri fjarhitun, sem skilgreind er á eftirfarandi hátt að því er varðar umhverfismerkið.

Varminn myndast annaðhvort í samvinnslueiningum með góða orkunýtni, samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 2004/8/EB og öðrum gerningum framkvæmdastjórnarinnar sem samþykktir voru til beitingar þeirrar tilskipunar, eða í kötlum sem eingöngu framleiða varma og þar sem orkunýtni katlanna samsvarar eða er betri en viðeigandi viðmiðunargildi sem er fastsett með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/74/EB ([1]).

Að auki gildir eftirfarandi:

— Lagnirnar í dreifikerfi fjarhitunarinnar skulu uppfylla kröfurnar sem eru settar fram í viðeigandi CEN-staðli fyrir slíkar lagnir.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt gögnum sem staðfesta tengingu við fjarhitun.

36. **Samþætt varma- og raforkuvinnsla — samvinnsla raf- og varmaorku (1,5 stig)**

Rafmagn og upphitun á hreinlætisaðstöðu, í sameiginlegu rými og leigðu gistirými skal koma frá samvinnslueiningum með góða orkunýtni samkvæmt tilskipun 2004/8/EB. Ef slík eining fyrir samvinnslu raf- og varmaorku er fyrir hendi á tjaldstæðinu skal hita- og rafmagnsframleiðsla hennar standa undir a.m.k. 70% af heildarnotkun á hita og rafmagni á staðnum. Framleiðslan skal reiknuð í samræmi við aðferðina sem kveðið er á um í tilskipun 2004/8/EB.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt gögnum um samþætta varma- og raforkuverið.

37. **Varmadæla (allt að 2 stig)**

Á tjaldstæðinu skal vera varmadæla sem sér fyrir varma til upphitunar og/eða fyrir varma fyrir loftræstisamstæðu (1,5 stig). Á tjaldstæðinu skal vera varmadæla með umhverfismerki Bandalagsins eða öðru umhverfismerki af gerð I samkvæmt ISO-staðli (2 stig).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt gögnum um varmadæluna.

38. **Varmaendurvinnsla (allt að 1,5 stig)**

Á tjaldstæðinu skal vera varmaendurvinnslukerfi fyrir eitt (1 stig) eða tvennt (1,5 stig) af eftirfarandi: kælikerfi, viftur, þvottavélar, uppþvottavélar, sundlaug(ar) og skólp frá hreinlætisaðstöðu.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt gögnum um varmaendurvinnslukerfið.

39. **Hitastýring (1,5 stig)**

Hitastig sameiginlegs rýmis og leigðs gistirýmis skal stillt í hverju rými um sig.

([1]) Stjtíð. ESB L 32, 6.2.2007, bls. 183.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt gögnum um hitastýrikerfið.

40. **Úttekt á orkunýtingu bygginga (1,5 stig)**

Óháður sérfræðingur skal gera úttekt á orkunýtingu tjaldstæðisins annað hvert ár og á vegum þess skal hrundið í framkvæmd a.m.k. tvennum tilmælum um að bæta orkunýtingu sem sett eru fram á grundvelli niðurstöðu úttektarinnar.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram úttektarskýrsluna um orkunýtinguna og leggja fram greinargóð gögn um það hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni.

41. **Loftræsting (allt að 2 stig)**

Orkunýting allra loftræstisamstæðna til heimilisnota á tjaldstæðinu er 15% betri en sem nemur viðmiðunarmörkunum fyrir A-flokk í tilskipun 2002/31/EB (1,5 stig). Orkunýting allra loftræstisamstæðna til heimilisnota á tjaldstæðinu er a.m.k. 30% betri en sem nemur viðmiðunarmörkunum fyrir A-flokk í tilskipun 2002/31/EB (2 stig).

Þessi viðmiðun gildir ekki um loftræstisamstæður sem geta einnig nýtt aðra orkugjafa, tæki sem flytja varma frá lofti til vatns eða frá vatni til vatns, eða einingar með afköst (kæligetu) sem eru meiri en 12 kW.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram viðeigandi gögn til staðfestingar því að farið sé að viðmiðuninni.

42. **Sjálfvirk stöðvun loftræsti- og hitunarkerfa (1,5 stig)**

Sjálfvirkt kerfi skal sjá til þess að stöðva loftræstisamstæðu og hitunarkerfi í leigðu gistirými þegar gluggar eru opnir.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram tækniforskrift frá faglærðum tæknimönnum sem bera ábyrgð á uppsetningu, sölu og/eða viðhaldi loftræstikerfisins.

43. **Lífveðurfræðileg byggingarlist (3 stig)**

Hús á tjaldstæðinu skulu byggð í samræmi við meginreglur lífveðurfræðilegrar byggingarlistar.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt á tjaldstæðinu ásamt viðeigandi gögnum.

44. **Orkunýtnir kæliskápar (1 stig), ofnar (1 stig), uppþvottavélar (1 stig), þvottavélar (1 stig), þurrkarar (1 stig) og skrifstofubúnaður (allt að 3 stig)**

a) (1 stig): Allir kæliskápar til heimilisnota skulu vera í orkunýtniflokki A+ eða A++ samkvæmt tilskipun ráðsins 94/2/EB ([1]) og allir smákælar og smábarir skulu vera a.m.k. í orkunýtniflokki B.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram gögn þar sem orkunýtniflokkur allra kæliskápa, smákæla og smábara er tilgreindur.

b) (1 stig): Allir rafmagnsbakarofnar til heimilisnota skulu vera í orkunýtniflokki A eins og mælt er fyrir um í tilskipun 2002/40/EB ([2]).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram gögn þar sem orkunýtniflokkur allra rafmagnsbakarofna til heimilisnota er tilgreindur.

Athugasemd: Þessi viðmiðun gildir ekki um ofna sem ekki eru knúnir raforku eða falla að öðru leyti ekki undir tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/40/EB (t.d. iðnaðarofna).

c) (1 stig): Allar uppþvottavélar til heimilisnota skulu vera í orkunýtniflokki A eins og mælt er fyrir um í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/17/EB ([3]).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram gögn þar sem orkuflokkur allra uppþvottavéla er tilgreindur.

Athugasemd: Þessi viðmiðun gildir ekki um uppþvottavélar sem ekki falla undir tilskipun 97/17/EB (t.d. uppþvottavélar til iðnaðarnota).

([1]) Stjtíð. EB L 45, 17.2.1994, bls. 1

([2]) Stjtíð. EB L 128, 15.5.2002, bls. 45.

([3]) Stjtíð. EB L 118, 7.5.1997, bls. 1.

d) (1 stig): Allar þvottavélar til heimilisnota skulu vera í orkunýtniflokki A eins og mælt er fyrir um í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/12/EB ([1]).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram gögn þar sem orkunýtniflokkur allra þvottavéla er tilgreindur.

Athugasemd: Þessi viðmiðun gildir ekki um þvottavélar sem ekki falla undir tilskipun 95/12/EB (t.d. þvottavélar til iðnaðarnota).

e) (1 stig): Að minnsta kosti 80% skrifstofubúnaðar (einkatölvur, skjáir, bréfasímar, prentarar, skannar, ljósritunarvélar) skulu uppfylla viðmiðanir fyrir Orkustjörnuna (e. energy star) eins og mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 106/2008 ([2]) og í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/168/EB ([3]).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram gögn þess efnis að skrifstofubúnaðurinn uppfylli kröfur Orkustjörnunnar.

f) (1 stig): Allir rafknúnir þurrkarar skulu vera í orkunýtniflokki A eins og mælt er fyrir um í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/13/EB ([4]).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram gögn þar sem orkunýtniflokkur allra rafknúinna þurrkara er tilgreindur.

Athugasemd: Þessi viðmiðun gildir ekki um rafknúna þurrkara sem ekki falla undir tilskipun 95/13/EB (t.d. þurrkara til iðnaðarnota).

45. **Rafknúnar hand- og hárþurrkur með nándarnema (allt að 2 stig)**

Allar rafknúnar handþurrkur (1 stig) og hárþurrkur (1 stig) skulu búnar nándarnema eða hafa hlotið umhverfismerki af gerð I samkvæmt ISO-staðli.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi fylgiskjöl um það hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt á tjaldstæðinu.

46. **Staðsetning kæliskápa (1 stig)**

Kæliskápnum eða kæliskápunum í eldhúsi, söluturni og verslun skal komið fyrir í samræmi við meginreglur um orkusparnað og þeir stilltir í samræmi við sömu reglur til að minnka orkusóun.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt á tjaldstæðinu.

47. **Sjálfvirk stjórnun ljósa í leigðu gistirými (1,5 stig)**

Sjálfvirkt kerfi, sem slekkur ljósin þegar gestir hverfa úr leigða gistirýminu, skal vera í 95% gistirýmis tjaldstæðisins.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram tækniforskrift frá faglærðum tæknimönnum sem bera ábyrgð á uppsetningu og/eða viðhaldi þessara kerfa.

48. **Tímamælir fyrir sánaböð (1 stig)**

Í öllum sánaböðum og tyrkneskum böðum skal vera tímamælir eða verklagsreglur fyrir starfsfólk um að slökkva og kveikja á þeim.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram tækniforskrift frá faglærðum tæknimönnum sem bera ábyrgð á uppsetningu og/eða viðhaldi þessara kerfa.

([1]) Stjtíð. EB L 136, 21.6.1995, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB L 67, 12.3.2003, bls. 22.
([4]) Stjtíð. EB L 136, 21.6.1995, bls. 28.

49. **Hitun sundlauga með endurnýjanlegum orkugjöfum (allt að 1,5 stig)**

Orka, sem notuð er til að hita sundlaugarvatn, skal fást með endurnýjanlegum orkugjöfum. Að minnsta kosti 50%: 1 stig, 100%: 1,5 stig.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt gögnum um orku, sem notuð er til að hita sundlaugarvatn, og gögnum sem sýna fram á hversu mikill hluti orkunnar er fenginn með endurnýjanlegum orkugjöfum.

50. **Sjálfvirk stjórnun ljósa utanhúss (1,5 stig)**

Ljós utanhúss, sem ekki eru nauðsynleg af öryggisástæðum, skulu slökkt með sjálfvirkum búnaði eftir ákveðinn tíma eða kveikt með nándarnema.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram tækniforskrift frá faglærðum tæknimönnum sem bera ábyrgð á uppsetningu og/eða viðhaldi þessara kerfa.

VATN

51. **Notkun regnvatns (2 stig) og endurnýtts vatns (2 stig)**

a) (2 stig): Regnvatni skal safnað og það notað til annars en í heimilishaldi og ekki sem drykkjarvatn.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt á tjaldstæðinu ásamt viðeigandi fylgigögnum og færa sönnur á að grávatni og drykkjarvatni sé algerlega haldið aðskildu frá regnvatninu.

b) (2 stig): Endurnýttu vatni skal safnað og það notað til annars en í heimilishaldi og ekki sem drykkjarvatn.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt á tjaldstæðinu ásamt viðeigandi fylgigögnum og færa sönnur á að grávatni og drykkjarvatni sé algerlega haldið aðskildu frá regnvatninu.

52. **Sjálfvirkt vökvunarkerfi fyrir útisvæði (1,5 stig)**

Tjaldstæðið skal nota sjálfvirkt kerfi sem finnur bestu vökvunartíma fyrir útiplöntur/gras og nýtir vatnið eins vel og unnt er.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt á tjaldstæðinu ásamt viðeigandi fylgigögnum.

53. **Rennsli vatns úr krönum og sturtuhausum (1,5 stig)**

Meðalrennsli úr öllum krönum og sturtuhausum, að undanskildum baðkrönum og krönum við áfyllingarstaði, skal ekki vera meira en 8 lítrar á mínútu.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt á tjaldstæðinu ásamt viðeigandi fylgigögnum.

54. **Skolun salerna (1,5 stig)**

Að minnsta kosti 95% salerna skulu skolast með 6 lítrum vatns eða minna við fulla skolun.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt á tjaldstæðinu ásamt viðeigandi fylgigögnum.

55. **Vatnsnotkun uppþvottavélar (1 stig)**

Vatnsnotkun uppþvottavéla (gefin upp sem $W_{(mælt)}$) skal vera minni eða jöfn mörkunum, sem eru skilgreind í jöfnunni hér á eftir, miðað við sömu prófunaraðferð samkvæmt EN 50242 og sama þvottakerfi og var valið fyrir tilskipun 97/17/EB:

$$W_{(mælt)} \leq (0{,}625 \times S) + 9{,}25$$

þar sem:

$W_{(mælt)}$ = mæld vatnsnotkun uppþvottavélarinnar í lítrum í einum þvotti, gefin upp með einum aukastaf,

S = fjöldi borðbúnaðareininga af staðalstærð sem uppþvottavélin getur tekið.

Viðmiðunin gildir eingöngu um uppþvottavélar til heimilisnota.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram tækniforskrift frá faglærðum tæknimönnum sem bera ábyrgð á framleiðslu, sölu eða viðhaldi uppþvottavélanna eða staðfestingu þess að uppþvottavélarnar hafa hlotið umhverfismerki Bandalagsins.

56. **Vatnsnotkun þvottavélar (1 stig)**

Þvottavélarnar, sem notaðar eru af gestum og starfsfólki tjaldstæðisins eða þvottahúsi sem þjónar tjaldstæðinu, skulu ekki nota meira en 12 lítra af vatni á hvert kílógramm af þvotti, mælt samkvæmt EN 60456, þar sem notað er sama staðlaða 60 °C þvottakerfið fyrir baðmull og var valið fyrir tilskipun 95/12/EB.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram tækniforskrift frá faglærðum tæknimönnum sem bera ábyrgð á framleiðslu, sölu eða viðhaldi þvottavélanna eða staðfestingu þess að þvottavélarnar hafa hlotið umhverfismerki Bandalagsins. Forsvarsmenn tjaldstæðisins skulu leggja fram tæknigögn frá þvottahúsinu sem þjónar tjaldstæðinu sem staðfesta að þvottavél þeirra uppfylli þessa viðmiðun.

57. **Hiti og rennsli kranavatns (1 stig)**

Unnt skal vera að stjórna nákvæmlega og stöðugt hita og rennsli vatns í a.m.k. 95% krana.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt á tjaldstæðinu ásamt viðeigandi fylgigögnum.

58. **Tímamælar fyrir sturtur (1,5 stig)**

Allar sturtur í hreinlætisaðstöðu/sameiginlegu rými skulu vera með tímamæli/nema sem rýfur vatnsstreymi eftir ákveðinn tíma eða þegar sturtan er ekki í notkun.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt á tjaldstæðinu ásamt viðeigandi fylgigögnum.

59. **Yfirbreiðsla sundlaugar (1 stig)**

Breiða skal yfir sundlaug, sem er full af vatni, að næturlagi og ef hún stendur ónotuð lengur en einn dag til að koma í veg fyrir að vatnið kólni og til að draga úr uppgufun.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt á tjaldstæðinu ásamt viðeigandi fylgigögnum.

60. **Hálkueyðing (allt að 1,5 stig)**

Sé nauðsynlegt að eyða hálku af vegum skal gera það með vélrænum hætti eða nota sand/möl til að öruggt sé að ferðast um vegi á tjaldstæðinu þrátt fyrir ís/snjó (1,5 stig).

Séu íðefni notuð til að eyða hálku skal nota efni sem innihalda að hámarki 1% klóríðjónir (Cl) (1 stig) eða hálkueyði sem hlotið hefur umhverfismerki Bandalagsins eða önnur umhverfismerki, lands- eða svæðisbundin, af gerð I samkvæmt ISO-staðli (1,5 stig).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt á tjaldstæðinu ásamt viðeigandi fylgigögnum.

61. **Upplýsingar um vatnshörku (allt að 2 stig)**

Ef ekki er notað sjálfvirkt skömmtunarkerfi (1 stig), sem nýtir þvotta- og hreinsiefni sem allra best í samræmi við hörku vatnsins, skulu vera til sýnis nálægt hreinlætisaðstöðu/þvottavélum/uppþvottavélum upplýsingar um hörku vatnsins (1 stig) á staðnum til að gestir og starfsfólk geti nýtt þvotta- og hreinsiefni betur.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt og viðeigandi gögn um það hvernig þessu er komið á framfæri við gestina.

62. **Vatnssparandi þvagskálar (1,5 stig)**

Við skolun allra þvagskála skal nota vatnslaust kerfi eða handvirkt/sjálfvirkt kerfi þannig að hver skál sé einungis skoluð við notkun og þá aðeins einu sinni.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóð fylgigögn um það hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt á tjaldstæðinu.

63. **Heimahagategundir notaðar til nýrrar plöntunar utandyra (1 stig)**

Við alla plöntun trjáa og limgerða á útisvæðum skal nota heimahagaplöntutegundir.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi forskrift að því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt á tjaldstæðinu ásamt viðeigandi fylgigögnum frá sérfræðingi.

ÞVOTTA- OG HREINSIEFNI OG SÓTTHREINSIEFNI

64. **Þvotta- og hreinsiefni (allt að 3 stig)**

Að minnsta kosti 80% af þvotta- og hreinsiefni, sem er notað til uppþvottar í höndum, og/eða þvottaefni fyrir uppþvottavélar og/eða þvottavélar og/eða alhliða hreinsiefnum og/eða þvottaefni fyrir hreinlætistæki og/eða sápum og hárþvottalegi, sem notað er á tjaldstæðinu, skulu hafa hlotið umhverfismerki Bandalagsins eða önnur umhverfismerki, lands- eða svæðisbundin, af gerð I samkvæmt ISO-staðli (1 stig fyrir hvern þessara flokka þvotta- og hreinsiefna, að hámarki 3 stig).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram gögn (m.a. viðeigandi reikninga) sem sýna hve mikið er notað af þessum vörum og hve mikið af þeim eru vörur sem hafa hlotið umhverfismerkið.

65. **Innan- og utanhússmálning og lakk (allt að 2 stig)**

Við málun innan- og/eða utanhúss skulu a.m.k. 50% málningar og lakks í mannvirkjum og leigðu gistirými, að frátöldum leigðum hjólhýsum og húsvögnum, hafa hlotið umhverfismerki Bandalagsins eða önnur umhverfismerki, lands- eða svæðisbundin, af gerð I samkvæmt ISO-staðli (1 stig fyrir innanhússmálningu og -lakk, 1 stig fyrir utanhússmálningu og -lakk).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram gögn (m.a. viðeigandi reikninga) sem sýna hve mikið er notað af þessum vörum og hve mikið af þeim eru vörur sem hafa hlotið umhverfismerkið.

66. **Bifreiðar einungis þvegnar á sérútbúnum svæðum (1 stig)**

Þvottur á bifreiðum er bannaður með öllu eða einungis leyfður á svæðum sem eru sérútbúin til að taka við vatni og þvotta- og hreinsiefnum, sem notuð eru, og beina hvoru tveggja í fráveitukerfið.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt viðeigandi fylgigögnum.

67. **Stuðningur við aðra kosti en tilbúna grillkveikjara (1 stig)**

Auk tilbúinna grillkveikivara skal bjóða til sölu í verslunum aðrar vörur sem komið geta í staðinn, svo sem repjuolíu og hampvörur.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt.

68. **Sundlaugar: Skammtar af sótthreinsiefni (1 stig) eða náttúrulegar/vistvænar sundlaugar (1 stig)**

Í sundlaug skal vera búnaður með sjálfvirku skömmtunarkerfi sem notar aðeins það lágmarksmagn sótthreinsiefnis sem þarf til að tryggja viðeigandi hreinlæti (1 stig)

eða

sundlaugin skal vera vistvæn/náttúruleg og eingöngu skal notast við náttúrulega þætti til að tryggja hreinlæti og öryggi gestanna.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram tæknigögn um sjálfvirka skömmtunarkerfið eða um gerð vistvænu/náttúrulegu sundlaugarinnar og viðhald hennar.

69. **Vélræn hreinsun (1 stig)**

Á tjaldstæðinu skulu vera til taks nákvæmar verklagsreglur um hvernig megi beita íðefnafrírri hreinsun, svo sem hreinsun með örtrefjum eða hreinsiefnum án íðefna eða öðrum aðferðum sem skila sama árangri.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt á tjaldstæðinu ásamt viðeigandi fylgigögnum ef við á.

70. **Lífræn garðvinna (2 stig)**

Útisvæði skulu annaðhvort ræktuð án þess að nokkur varnarefni séu notuð eða í samræmi við meginreglur í lífrænum búskap, eins og mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ([1]) eða eins og mælt er fyrir um í landslögum eða viðurkenndu landskerfi fyrir lífræna ræktun.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt á tjaldstæðinu ásamt viðeigandi fylgigögnum ef við á.

71. **Efni sem fæla skordýr og meindýr (allt að 2 stig)**

Hönnun gististaðarins og hollustuhættir (svo sem bygging húsa á stólpum til að koma í veg fyrir að rottur komist inn og notkun flugnaneta og -vafninga) skulu sjá til þess að notkun efna sem fæla skordýr og meindýr sé í algeru lágmarki á tjaldstæðinu (1 stig).

Séu notuð efni til að fæla skordýr og meindýr skulu einungis notuð efni sem leyfð eru í lífrænum búskap (sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007) eða efni sem hafa hlotið umhverfismerki Bandalagsins eða önnur umhverfismerki, lands- eða svæðisbundin, af gerð I samkvæmt ISO-staðli (1 stig).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt á tjaldstæðinu ásamt viðeigandi fylgigögnum ef við á.

ÚRGANGUR

72. **Moltugerð (allt að 2 stig)**

Á tjaldstæðinu skal skilja frá lífrænan úrgang (garðaúrgangur 1 stig, eldhúsúrgangur 1 stig) og tryggja að hann sé notaður til moltugerðar í samræmi við leiðbeiningar staðaryfirvalda (t.d. samkvæmt leiðbeiningum staðaryfirvalda, gististaðarins sjálfs eða einkafyrirtækis).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt á tjaldstæðinu ásamt viðeigandi fylgigögnum ef við á.

73. **Einnota drykkjarílát (2 stig)**

Drykkjarvörur í einnota ílátum skulu ekki vera í boði á svæðum sem eru í eigu tjaldstæðisins eða eru undir beinni stjórn þess.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt tilgreiningu á því hverjar af þessum einnota vörum eru notaðar, ef einhverjar, og hvaða lög gera kröfu um þessa notkun.

74. **Förgun feiti/olíu (allt að 2 stig)**

Fituskiljur skulu settar upp og safna skal saman feiti/olíu, sem er notuð við steikingu á pönnu eða djúpsteikingu, og farga á viðeigandi hátt (1 stig). Gestum býðst viðeigandi förgun á eigin feiti/olíu (1 stig).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt á tjaldstæðinu ásamt viðeigandi fylgigögnum.

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

75. **Afrennsli af bílastæðum (1 stig)**

Safna skal olíu og áþekku afrennsli ökutækja á bílastæðum og því fargað á réttan hátt.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt á tjaldstæðinu ásamt viðeigandi fylgigögnum.

76. **Notaðar textílvörur, húsgögn og aðrar vörur (allt að 2 stig)**

Notuð húsgögn, textílvörur og aðrar vörur, t.d. rafeindabúnaður, skulu gefin til góðgerðarmála samkvæmt stefnu tjaldstæðisins (2 stig) eða seld (1 stig) samtökum sem taka við og dreifa slíkum vörum.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt á tjaldstæðinu ásamt viðeigandi fylgigögnum frá viðkomandi samtökum.

ÖNNUR ÞJÓNUSTA

77. **Stjórn umferðar á tjaldstæðinu (1 stig)**

Öll umferð (gesta og vegna viðhalds/flutninga) á tjaldstæðinu skal takmarkast við tilgreinda tíma og svæði

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt á tjaldstæðinu ásamt viðeigandi fylgigögnum.

78. **Umferð vegna flutninga eða viðhalds á tjaldstæðinu (1 stig)**

Á vegum tjaldstæðisins skulu ekki notuð vélknúin ökutæki með brunahreyflum til flutninga eða viðhalds á svæðinu.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt á tjaldstæðinu ásamt viðeigandi fylgigögnum.

79. **Handdregnir flutningavagnar handa gestum tjaldstæðisins (1 stig)**

Handdregnir flutningavagnar eða önnur samgöngutæki, sem ekki eru vélknúin, skulu standa gestum til boða án endurgjalds til að flytja farangur og vörur um svæðið.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt á tjaldstæðinu ásamt viðeigandi fylgigögnum.

80. **Yfirborð án bundins slitlags (1 stig)**

Að minnsta kosti 90% yfirborðs tjaldstæðisins skulu ekki þakin asfalti/steypu eða öðrum bindiefnum sem koma í veg fyrir að vatn renni nægilega vel úr jarðveginum og að loftun hans verði næg.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt á tjaldstæðinu ásamt viðeigandi fylgigögnum.

81. **Gróður á þökum (2 stig)**

Að minnsta kosti 50% þeirra bygginga tjaldstæðisins sem hafa þök sem henta til þess að setja gróður á (flöt þök eða hallalítil) og eru ekki notuð í öðrum tilgangi skulu vera torfþök eða með öðrum gróðri.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt á tjaldstæðinu ásamt viðeigandi fylgigögnum.

82. **Orðsendingar og fræðsla um umhverfismál (allt að 3 stig)**

Af hálfu tjaldstæðisins skal beina orðsendingum og fræðslu til gesta um fjölbreytni í lífríki staðarins, landslag og náttúruverndaraðgerðir (1,5 stig). Afþreying fyrir gesti skal fela í sér þætti sem tengjast umhverfisfræðslu (1,5 stig).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt á tjaldstæðinu ásamt viðeigandi fylgigögnum.

83. **Reykingar bannaðar í sameiginlegu rými og leigðu gistirými (allt að 1,5 stig)**

Reykingar skulu bannaðar í öllu sameiginlegu rými innandyra og í a.m.k. 70% (1 stig) eða í a.m.k. 95% (1,5 stig) af leigðu gistirými.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal tilgreina fjölda og eðli svæðanna og tilgreina hver þeirra eru reyklaus.

84. **Reiðhjól (1,5 stig)**

Gestir skulu hafa afnot af reiðhjólum. (A.m.k. þrjú reiðhjól fyrir hver 50 stæði og/eða leigt gistirými).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt á tjaldstæðinu.

85. **Skutlþjónusta (1 stig)**

Af hálfu tjaldstæðisins skal bjóða gestum, sem nota almenningssamgöngur, upp á umhverfisvæna skutlþjónustu, t.d. með rafknúnum bifreiðum eða hestasleðum, við komu.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt á tjaldstæðinu og gefa dæmi um það hvernig þessum upplýsingum er miðlað til gesta.

86. **Skilaflöskur eða margnota flöskur (allt að 3 stig)**

Á tjaldstæðinu skal boðið upp á drykki í skilaflöskum/margnota flöskum: gosdrykki (1 stig), bjór (1 stig), vatn (1 stig).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt á tjaldstæðinu ásamt viðeigandi fylgigögnum frá flöskubirgjunum.

87. **Notkun á endurhlaðanlegum/áfyllanlegum vörum (allt að 2 stig)**

Á tjaldstæðinu skal einungis nota endurhlaðanlegar rafhlöður fyrir sjónvarpsfjarstýringar (1 stig), og/eða áfyllanleg prentdufthylki fyrir prentara og ljósritunarvélar (1 stig).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt á tjaldstæðinu ásamt viðeigandi fylgigögnum frá rafhlöðubirgjunum og/eða frá þeim aðilum sem sjá um að fylla á prentdufthylkin.

88. **Pappírsvörur (allt að 3 stig)**

Að minnsta kosti 80% af salernis-/hreinlætispappír og/eða skrifstofupappír og/eða prentuðum pappír, sem er notaður á tjaldstæðinu, skulu hafa hlotið umhverfismerki Bandalagsins eða önnur umhverfismerki, lands- eða svæðisbundin, af gerð I samkvæmt ISO-staðli (1 stig fyrir hvern þessara þriggja flokka pappírsvara).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram gögn (m.a. viðeigandi reikninga) sem sýna hve mikið er notað af þessum vörum og hve mikið af þeim eru vörur sem hafa hlotið umhverfismerkið.

89. **Varanlegar neysluvörur (allt að 3 stig)**

Að minnsta kosti 30% af hvers kyns varanlegum neysluvörum (svo sem rúmfötum, handklæðum, borðdúkum, einkatölvum, fartölvum, sjónvarpstækjum, dýnum, húsgögnum, þvottavélum, uppþvottavélum, kæliskápum, ryksugum, gólfefnum, ljósaperum) sem eru í notkun á tjaldstæðinu, þ.m.t. leigt gistirými, skulu hafa hlotið umhverfismerki Bandalagsins eða önnur umhverfismerki, lands- eða svæðisbundin, af gerð I samkvæmt ISO-staðli (1 stig fyrir hvern af allt að þremur flokkum varanlegra neysluvara).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram gögn sem sýna hvað tjaldstæðið á mikið af þessum vörum og hve mikill hluti þeirra hefur hlotið umhverfismerki.

90. **Matvæli úr heimahéraði (allt að 3 stig)**

Bjóða skal upp á a.m.k. tvær matvælategundir úr heimahéraði sem tilheyra árstíðinni (á við um ferska ávexti og grænmeti) í hverri máltíð, þ.m.t. morgunverður (1,5 stig).

Ef við á skal banna neyslu á afurðum úr tegundum í útrýmingarhættu, sem lifa á staðnum, svo sem tilteknum fisk- og krabbadýrategundum, „villibráð“ („bushmeat“) og rækju frá eldissvæðum sem stofna fenjaviðarskógum í hættu, í matsölu (1,5 stig) og í verslunum (1,5 stig).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt viðeigandi fylgigögnum.

91. **Lífrænt ræktuð matvæli (allt að 3 stig)**

Megininnihaldsefni a.m.k. tveggja rétta (1 stig) eða allra rétta á matseðli, þ.m.t. morgunverður, (2 stig) og a.m.k. fjögurra vara sem seldar eru í verslun (1 stig) skulu vera ræktuð með aðferðum lífræns búskapar, eins og mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007, eða framleidd í samræmi við umhverfismerki I samkvæmt ISO-staðli.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt viðeigandi fylgigögnum.

92. **Loftgæði innandyra (allt að 4 stig)**

Tryggja skal ákjósanlegustu loftgæði innandyra á tjaldstæðinu með annarri af eftirfarandi ráðstöfunum eða báðum:

— herbergin, leigða gistirýmið og sameiginlega rýmið skulu vera í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. lið I. viðauka við tilskipun ráðsins 89/106/EBE ([1]) og þar skal einungis vera málning, skreytingar, húsgögn og önnur efni og búnaður sem hlotið hafa vottun umhverfismerkis Bandalagsins eða annars umhverfismerkis af gerð I samkvæmt ISO-staðli að því er varðar litla losun lofttegunda (2 stig),

— herbergin, leigða gistirýmið og sameiginlega rýmið skulu vera laus við ilmefni, lökin, handklæðin og textílefnin skulu þvegin með ilmefnalausu þvotta- og hreinsiefni (1 stig) og við þrif skal nota efni og vörur sem eru án ilmefna (1 stig).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt viðeigandi fylgigögnum. Að því er varðar kröfuna um efni og vörur án ilmefna skal það teljast fullnægjandi að lagður sé fram listi yfir efnisþætti/innihaldsefni ilmefnalausu efnanna og varanna sem notuð eru við þvotta og þrif.

ALMENN STJÓRNUN

93. **EMAS-skráning (3 stig), ISO-vottun (2 stig) tjaldstæðis**

Tjaldstæðið skal skráð samkvæmt umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) (3 stig) eða vottað samkvæmt staðlinum ISO 14001 (2 stig).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi staðfestingu á EMAS-skráningu eða vottun samkvæmt ISO-staðli 14001.

94. **EMAS-skráning (1,5 stig) eða ISO-vottun (1 stig) birgja**

Að minnsta kosti einn af helstu birgjum eða þjónustuveitendum tjaldstæðisins skal hafa EMAS-skráningu (1,5 stig) eða vottun samkvæmt ISO-staðli 14001 (1 stig).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi staðfestingu á EMAS-skráningu eða vottun samkvæmt ISO-staðli 14001 fyrir a.m.k. einn af helstu birgjum sínum.

95. **Staðfesting á því að undirverktakar uppfylli lögboðnar viðmiðanir (allt að 4 stig)**

Þar sem undirverktaki sér um viðbótarþjónustu varðandi matvæli eða aðstöðu til frístundastarfsemi/líkamsræktar skal sú þjónusta vera í samræmi við allar lögboðnar viðmiðanir þessa viðauka sem eiga við um þá sérþjónustu (2 stig fyrir hverja tegund sérþjónustu varðandi matvæli og drykkjarvöru og/eða aðstöðu til frístundastarfsemi sem er til staðar á tjaldstæðinu).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram viðeigandi gögn um samninga sem hann hefur gert við undirverktaka sína varðandi það að undirverktakarnir uppfylli lögboðnar viðmiðanir.

([1]) Stjtíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12.

96. **Orku- og vatnsmælar (allt að 2 stig)**

Á tjaldstæðinu skulu vera viðbótarmælar sem settir eru upp til að safna gögnum um orku- og vatnsnotkun í mismunandi starfsemi og/eða orku- og vatnsnotkun véla, t.d. í herbergjum, þvottahúsi og eldhúsi og/eða notkun einstakra tækja, s.s. ísskápa, þvottavéla o.s.frv. (1 stig). Hvert stæði hefur sinn orku- og/eða vatnsmæli (1 stig).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt á tjaldstæðinu og greiningu á þeim gögnum sem aflað er (liggi þau fyrir).

97. **Frekari aðgerðir á sviði umhverfismála (að hámarki 3 stig)**

Annaðhvort

a) Viðbótaraðgerðir í umhverfismálum (allt að 1,5 stig fyrir hverja aðgerð, að hámarki 3 stig): Stjórnendur tjaldstæðisins skulu grípa til aðgerða til að auka vistvænleika þess, til viðbótar þeim aðgerðum sem kveðið er á um í viðmiðunum þessa þáttar eða A-þáttar. Þar til bær stofnun, sem metur umsóknina, skal gefa stig fyrir þessar aðgerðir, þó ekki meira en 1,5 stig fyrir hverja aðgerð.

   Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt fullnaðarlýsingu á hverri viðbótaraðgerð sem umsækjandi óskar eftir að tillit verði tekið til.

   eða

b) Veiting umhverfismerkis (3 stig): Tjaldstæðið skal hafa hlotið eitt af lands- eða svæðisbundnu umhverfismerkjunum af gerð I samkvæmt ISO-staðli.

   Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi staðfestingu á því að honum hafi verið veitt umhverfismerkið.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/67**

frá 9. júlí 2009

um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir textílvörur (*)

(tilkynnt með númeri C(2009) 4595)

(2009/567/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis Bandalagsins ([1]), einkum annarri undirgrein 1. mgr. 6. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er heimilt að veita umhverfismerki Bandalagsins fyrir vöru sem býr yfir eiginleikum sem gera það að verkum að hún stuðlar að verulegum umbótum að því er varðar helstu umhverfisþætti.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að setja skuli sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerkið fyrir hvern vöruflokk og skuli þær byggjast á drögum að viðmiðunum sem umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins hefur sett fram.

3) Þar er einnig kveðið á um að endurskoðun á viðmiðunum fyrir umhverfismerkið, sem og á kröfum vegna mats og sannprófunar er varða viðmiðanirnar, skuli fara fram í tæka tíð fyrir lok gildistímabils viðmiðananna sem tilgreindar eru fyrir viðkomandi vöruflokk.

4) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1980/2000 hafa vistfræðilegu viðmiðanirnar verið endurskoðaðar innan tilskilins tíma og einnig tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar sem settar voru fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/178/EB frá 17. febrúar 1999 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir textílvörur ([2]) eins og henni var breytt með ákvörðun 2002/371/EB frá 15. maí 2002 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir textílvörur ([3]). Þessar vistfræðilegu viðmiðanir og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar gilda til og með 31. desember 2009 hið lengsta.

5) Í ljósi þessarar endurskoðunar og til að taka tillit til þróunar í vísindum og á markaði er rétt að breyta skilgreiningunni á vöruflokknum og setja nýjar, vistfræðilegar viðmiðanir.

6) Vistfræðilegu viðmiðanirnar og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar skulu gilda í fjögur ár frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

7) Því ber að skipta út ákvörðun 1999/178/EB til.

8) Heimila skal umbreytingartímabil fyrir framleiðendur, ef vörum þeirra hefur verið veitt umhverfismerkið fyrir textílvörur á grundvelli viðmiðana í ákvörðun 1999/178, svo að þeir hafi nægan tíma til að laga vörur sínar að endurskoðuðum viðmiðunum og kröfum. Framleiðendum skal einnig vera heimilt að leggja fram umsóknir samkvæmt viðmiðunum, sem kveðið er á um í ákvörðun 1999/178/EB, eða samkvæmt viðmiðunum, sem kveðið er á um í þessarri ákvörðun, þar til fyrrnefnda ákvörðunin fellur úr gildi.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 197, 29.7.2009, bls. 70. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2010 frá 2. júlí 2010 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 21.10.2010, bls. 17.

([1]) Stjtíð. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 57, 5.3.1999, bls. 21.

([3]) Stjtíð. EB L 133, 18.5.2002, bls. 29.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Undir vöruflokkinn „textílvörur“ fellur:

a) textílfatnaður og fylgihlutir: fatnaður og fylgihlutir (s.s. vasaklútar, hálsklútar, töskur, innkaupatöskur, bakpokar, belti o.fl.) sem eru hið minnsta 90%, miðað við þyngd, úr textíltrefjum,

b) textílvörur til innanhússnota: textílvörur til nota innanhúss sem eru hið minnsta 90%, miðað við þyngd, úr textíltrefjum, Mottur og teppi eru þar með talin. Gólfefni ætluð á heil gólf og veggklæðningar eru undanskilin,

c) trefjar, garn og vefnaður (þ.m.t. endingargóður, óofinn trefjadúkur), ætlaður til notkunar í textílfatnað og fylgihluti eða textílvörur til innanhússnota.

Þessi vöruflokkur inniheldur ekki textílefni sem eru meðhöndluð með sæfiefnum nema um sé að ræða sæfiefni sem eru skráð í I. viðauka A við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ([1]), viðkomandi sæfiefni gæði textílefnin viðbótareiginleikum í þeim tilgangi beinlínis að vernda heilbrigði manna (t.d. sæfiefni sem bætt er í textílnet og fatnað til að fæla frá moskítóflugur og flær, mítla eða ofnæmisvalda) og virka efnið sé viðurkennt fyrir þá notkun, sem um er að ræða, samkvæmt V. viðauka við tilskipun 98/8/EB.

Þegar um er að ræða „textílfatnað og fylgihluti“ og „textílvörur til innanhússnota“ þarf ekki að taka dún, fjaðrir, himnur eða yfirborðsmeðferðarefni með í útreikningum á hundraðshluta textíltrefja.

2. gr.

Til að unnt sé að veita textílvöru umhverfismerki Bandalagsins fyrir vörur sem falla undir vöruflokkinn textílvörur samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 skal textílvaran vera í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

3. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „textílvörur“ og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar skulu gilda í fjögur ár frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

4. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „016“ notað fyrir vöruflokkinn „textílvörur“.

5. gr.

Ákvörðun 1999/178/EB er felld úr gildi.

6. gr.

1. Umsóknir um umhverfismerki fyrir vörur í vöruflokknum textílvörur, sem lagðar eru fram fyrir samþykktardag þessarar ákvörðunar, skulu metnar í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í ákvörðun 1999/178/EB.

2. Umsóknir um umhverfismerki fyrir vörur í vöruflokknum textílvörur, sem lagðar eru fram eftir samþykktardag þessarar ákvörðunar en eigi síðar en 31. desember 2009, má byggja annaðhvort á viðmiðunum, sem settar eru fram í ákvörðun 1999/178/EB, eða viðmiðunum sem settar eru fram í þessari ákvörðun.

Þær umsóknir skulu metnar í samræmi við viðmiðanirnar sem þær byggjast á.

3. Þegar umhverfismerki hefur verið veitt á grundvelli umsóknar sem hefur verið metin samkvæmt viðmiðunum sem settar eru fram í ákvörðun 1999/178/EB má nota það umhverfismerki í tólf mánuði frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

7. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. júlí 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros Dimas

framkvæmdastjóri.

([1]) Stjtíð. EB L 123, 4.4.1998, bls. 1.

VIÐAUKI

RAMMI

Markmiðið með viðmiðununum

Þessar viðmiðanir miða einkum að því að draga úr mengun vatns sem rekja má til lykilferla í framleiðslu textílvara, þ.m.t. framleiðsla trefja, spuni, vefnaður, prjón, bleiking, litun og frágangur.

Viðmiðanirnar eru hafðar þannig að þær stuðli að merkingu textílvara sem hafa lítil umhverfisáhrif.

Kröfur vegna mats og sannprófunar

Sértækar kröfur vegna mats og sannprófunar eru tilgreindar í hverri viðmiðun.

Ef þess er krafist að umsækjandi leggi fram yfirlýsingar, skjöl, niðurstöður greininga, prófunarskýrslur eða annað til staðfestingar á samræmi við viðmiðanirnar mega þessi gögn vera frá umsækjanda sjálfum og/eða birgjum hans og/eða undirbirgjum þeirra eftir því sem við á.

Heimilt er að nota, eftir því sem við á, aðrar prófunaraðferðir en þær sem tilgreindar eru fyrir hverja viðmiðun ef þar til bær stofnun, sem metur umsóknina, fellst á að aðferðirnar séu jafngildar.

Sú viðmiðunareining, sem miða ber ílag og frálag við, er 1 kg af textílvöru við staðalskilyrði (rakastig 65% ± 4% og 20 °C ± 2 °C, en þessi staðalskilyrði eru tilgreind í ISO 139 Textiles — standard atmospheres for conditioning and testing).

Ef við á geta þar til bærar stofnanir krafist stuðningsgagna og framkvæmt óháðar sannprófanir.

Mælt er með því að þar til bærar stofnanir taki tillit til þess, við mat á umsóknum og eftirlit með samræmi við viðmiðanirnar, hvort viðurkenndum umhverfisstjórnunarkerfum, svo sem EMAS eða ISO 14001, er beitt (aths.: ekki er gerð krafa um að slíkum stjórnunarkerfum sé beitt).

VISTFRÆÐILEGAR VIÐMIÐANIR

Þessum viðmiðunum er skipt í þrjá meginflokka er varða textíltrefjar, vinnsluferli og íðefni og notagildi.

VIÐMIÐANIR FYRIR TEXTÍLTREFJAR

Í þessum þætti eru settar trefjasértækar viðmiðanir fyrir akrýl, baðmull og aðrar náttúrulegar beðmistrefjar úr fræi, elastan, hör og aðrar basttrefjar, óþvegna ull og aðrar hyrnistrefjar, tilbúnar beðmistrefjar, pólýamíð, pólýestera og pólýprópýlen.

Einnig er heimilt að nota annars konar trefjar sem trefjasértækar viðmiðanir hafa ekki verið settar fyrir, að undanskildum steinullar-, gler-, málm- og kolefnistrefjum og öðrum ólífrænum trefjum.

Ekki þarf að fylgja þeim viðmiðunum sem eru settar í þessum þætti fyrir tiltekna gerð trefja ef þær trefjar nema minna en 5% af heildarþyngd textíltrefjanna í vörunni. Ekki er heldur skylt að fylgja þeim ef um endurunnar trefjar er að ræða. Í þessu samhengi eru endurunnar trefjar skilgreindar sem trefjar sem eingöngu eru upprunnar úr afskurði í textíl- og fataiðnaði eða rusli frá neytendum (textílefnum eða öðru). Minnst 85% allra trefja í vörunni, miðað við þyngd, skulu þó annaðhvort vera í samræmi við samsvarandi trefjasértækar viðmiðanir, ef þær eru fyrir hendi, eða vera endurunnar.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal láta í té nákvæmar upplýsingar um efnasamsetningu textílvörunnar.

1. **Akrýl**

1.1. Innihald akrýlnítrílleifa í óunnum trefjum frá trefjaframleiðslustöð skal vera minna en 1,5 mg/kg.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á eftirfarandi prófunaraðferð: útdrætti með sjóðandi vatni og magngreiningu með gas-vökvagreiningu með hárpípu.

1.2. Losun akrýlnítríls út í andrúmsloftið (við fjölliðun og þar til framleidd hefur verið lausn sem spinna má úr), gefin upp sem ársmeðaltal, skal vera minni en 1 g/kg af framleiddum trefjum.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram ítarleg skjöl og/eða prófunarskýrslur, sem sýna að varan er í samræmi við þessa viðmiðun, ásamt samræmisyfirlýsingu.

2. **Baðmull og aðrar náttúrlegar beðmistrefjar úr fræi (þ.m.t. glansull)**

Baðmullartrefjar og aðrar náttúrlegar trefjar úr fræi (hér á eftir kölluð baðmull) skulu ekki innihalda meira en 0,05 milljónarhluta (að því tilskildu að prófunaraðferðin sé nógu nákvæm) af hverju eftirtalinna efna: aldríni, kaptafóli, klórdani, DDT, díeldríni, endríni, heptaklór, hexaklórbenseni, hexaklórsýklóhexani (allar hverfur), 2,4,5-T, klórdímeformi, klórbensílati, dínósebi og söltum þess, mónókrótófosi, pentaklórfenóli, toxafeni, metamídófosi, metýlparaþíóni, paraþíóni og fosfamídóni. Prófunin skal gerð á óunninni baðmull áður en hún fer í blautvinnslu og á hverri framleiðslueiningu baðmullar eða tvisvar á ári ef tekið er við fleiri en tveimur framleiðslueiningum af baðmull á ári.

Þessi krafa á ekki við ef meira en 50% af baðmullarinnihaldi vörunnar er lífrænt ræktuð baðmull eða baðmull ræktuð á umbreytingartímabili, þ.e.a.s. baðmull sem óháð stofnun hefur vottað að hafi verið framleidd í samræmi við framleiðslu- og eftirlitskröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ([1]).

Þessi krafa á ekki við ef unnt er að leggja fram skrifleg sönnunargögn, sem staðfesta hvaða bændur hafa framleitt minnst 75% af þeirri baðmull, sem er í vörunni fullunninni, ásamt yfirlýsingu viðkomandi bænda um að þeir hafi ekki notað framangreind efni á baðmullarakrana, baðmullarplönturnar eða sjálfa baðmullina.

Ef a.m.k 95% af baðmullinni í vöru er lífræn baðmull, þ.e.a.s. baðmull sem óháð stofnun hefur vottað að hafi verið framleidd í samræmi við framleiðslu- og eftirlitskröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007, er umsækjanda heimilt að setja orðin „lífræn baðmull“ við umhverfismerkið. Þegar 70% til 95% af baðmullinni í vöru er lífræn baðmull má merkja hana með „framleidd úr xy% lífrænni baðmull“.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal annaðhvort leggja fram staðfestingu á lífrænni vottun eða skjöl, sem sýna að bændur hafi ekki notað framangreind efni, eða prófunarskýrslu sem byggist á þeirri eftirfarandi prófunaraðferða sem við á: US EPA 8081 A (lífræn klórvarnarefni, útdráttur sem byggist á úthljóðs- eða Soxhlet-tækni og óskautuðum leysum (ísóoktan eða hexan)), 8151 A (klóraðir illgresiseyðar, þar sem metanól er notað), 8141 A (lífræn fosfórsambönd) eða 8270 C (hálfrokgjörn, lífræn efnasambönd).

Árlega þarf að nota að lágmarki 3% af lífrænni baðmull, þ.e.a.s. baðmull sem óháð stofnun hefur vottað að hafi verið framleidd í samræmi við framleiðslu- og eftirlitskröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007.

Umsækjandi skal leggja fram:

— upplýsingar um vottunaraðila,

— yfirlýsingu um hlutfall vottaðrar, lífrænnar baðmullar sem notuð er í heildarframleiðslu umhverfismerktra textílefna árlega.

Þar til bæra stofnunin getur óskað eftir frekari gögnum svo að hún geti metið hvort kröfur samkvæmt staðlinum og vottunarkerfinu hafi verið uppfylltar.

3. **Elastan**

3.1. Óheimilt er að nota lífræn tinsambönd.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að halógenuð burðarefni séu ekki notuð.

3.2. Losun arómatískra díísósýanata út í andrúmsloftið við fjölliðun og framleiðslu trefja, mæld á framleiðslustigunum þar sem hún á sér stað, dreifð losun einnig meðtalin, gefin upp sem ársmeðaltal, skal vera minni en 5 mg/kg af framleiddum trefjum.

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram ítarleg skjöl og/eða prófunarskýrslur, sem sýna að varan er í samræmi við þessa viðmiðun, ásamt samræmisyfirlýsingu.

4. **Hör og annars konar basttrefjar (þ.m.t hampur, júta og ramí (kínagras))**

Óheimilt er að framleiða hör og annars konar basttrefjar með því að feygja þær í vatni nema tryggt sé að skólpið frá feygingunni sé hreinsað þannig að efnafræðileg súrefnisþörf (COD) eða heildarmagn lífræns kolefnis (TOC) minnki um a.m.k. 75% fyrir hamptrefjar og um a.m.k. 95% fyrir hör og aðrar basttrefjar.

Mat og sannprófun: Ef feygt er í vatni skal umsækjandi leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á eftirfarandi prófunaraðferð: ISO 6060 (efnafræðileg súrefnisþörf).

5. **Óþvegin ull og aðrar hyrnistrefjar (þ.m.t. ull af sauðfé, kameldýrum, alpökum og geitum)**

5.1. Samanlagt innihald eftirfarandi efna skal ekki vera meira en 0,5 milljónarhlutar: (γ-hexaklórsýklóhexan (lindan), α-hexaklórsýklóhexan, ß-hexaklórsýklóhexan, δ-hexaklórsýklóhexan, aldrín, díeldrín, endrín, p,p'-DDT og p,p'-DDD.

5.2. Samanlagt innihald eftirfarandi efna skal ekki vera meira en 2 milljónarhlutar: díasínón, própetamfos klórfenvinfos, díklórfenþíón, klórpýrífos, fenklórfos, eþíón, pírímífosmetýl.

5.3. Samanlagt innihald eftirfarandi efna skal ekki vera meira en 0,5 milljónarhlutar: sýpermetrín, deltametrín, fenvalerat, sýhalótrín, flúmetrín.

5.4. Samanlagt innihald eftirfarandi efna skal ekki vera meira en 2 milljónarhlutar: díflúbensúrón, tríflúmúrón, dísýklaníl.

Prófunin skal gerð á óunninni ull áður en hún fer í blautvinnslu og á hverri framleiðslueiningu ullar eða tvisvar á ári ef tekið er við fleiri en tveimur framleiðslueiningum á ári.

Þessar kröfur (sem tilgreindar eru í liðum 5.1, 5.2, 5.3 og 5.4 og eru teknar hver fyrir sig) eiga ekki við ef unnt er að leggja fram skrifleg sönnunargögn, sem staðfesta hvaða bændur hafa framleitt minnst 75% af viðkomandi ull eða hyrnistrefjum, ásamt yfirlýsingu þessara bænda um að þeir hafi ekki notað framangreind efni á akrana eða dýrin sem um er að ræða.

Mat og sannprófun á liðum 5.1, 5.2, 5.3. og 5.4: Umsækjandi skal annaðhvort leggja fram framangreind skjöl eða prófunarskýrslu sem byggist á eftirfarandi prófunaraðferð: drögum Alþjóðlegu ullartextílsamtakanna (IWTO) að prófunaraðferð 59.

5.5. Efnafræðileg súrefnisþörf í skólpi frá ullarþvotti, sem er losað í fráveitu, skal ekki vera meiri en 60 g/kg af óþveginni ull og utan stöðvarinnar skal hreinsa skólpið þannig að efnafræðileg súrefnisþörf, gefin upp sem ársmeðaltal, minnki um minnst 75% til viðbótar.

Efnafræðileg súrefnisþörf í skólpi frá ullarþvotti, sem er hreinsað á staðnum og losað í yfirborðsvatn, skal ekki vera meiri en 45 g/kg af óþveginni ull. pH-gildi skólpsins, sem er losað í yfirborðsvatn, skal vera milli 6 og 9 (nema pH-gildi viðtökuvatnsins sé utan þessara marka) og hitinn skal vera lægri en 40 °C (nema viðtökuvatnið sé heitara). Lýsa skal nákvæmlega hvernig skólpið frá ullarþvottastöðinni er meðhöndlað og stöðugt skal vakta efnafræðilega súrefnisþörf.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram viðeigandi gögn og prófunarskýrslur sem tengjast þessari viðmiðun og byggjast á eftirfarandi prófunaraðferð: ISO 6060.

6. **Tilbúnar beðmistrefjar (þ.m.t. viskósa, lýósell, asetat, kúpró og tríasetat)**

6.1. Styrkur aðseygra, lífrænna halógensambanda (AOX) í trefjunum skal ekki vera meiri en 250 milljónarhlutar.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslu sem byggist á eftirfarandi prófunaraðferð: ISO 11480.97 (stýrður bruni og örrafhleðslugreining (e. microcoulometry)).

6.2. Við framleiðslu viskósutrefja skal brennisteinsinnihald í losun brennisteinssambanda út í andrúmsloftið, gefið upp sem ársmeðaltal, ekki vera meira en 120 g/kg af framleiddum heilþræði (e. filament fibre) og ekki meiri en 30 g/kg af skornum þræði (e. staple fibre). Ef báðar gerðir þráðar eru framleiddar á sama stað skal heildarlosunin ekki vera umfram samsvarandi vegið meðaltal.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram ítarleg skjöl og/eða prófunarskýrslur, sem sýna að varan er í samræmi við þessa viðmiðun, ásamt samræmisyfirlýsingu.

6.3. Við framleiðslu viskósutrefja skal losun sinks frá framleiðslustað í vatn, gefin upp sem ársmeðaltal, ekki vera meiri en 0,3 g/kg.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram ítarleg skjöl og/eða prófunarskýrslur, sem sýna að varan er í samræmi við þessa viðmiðun, ásamt samræmisyfirlýsingu.

6.4. Við framleiðslu kúprótrefja skal koparinnihald í fráveituvatni frá staðnum, gefið upp sem ársmeðaltal, ekki vera meira en 0,1 milljónarhluti.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram ítarleg skjöl og/eða prófunarskýrslur, sem sýna að varan er í samræmi við þessa viðmiðun, ásamt samræmisyfirlýsingu.

7. **Pólýamíð**

Losun N2O út í andrúmsloftið við einliðuframleiðslu, gefin upp sem ársmeðaltal, skal ekki vera meiri en 10 g/kg af framleiddum pólýamíð-6-trefjum og 50 g/kg af framleiddum pólýamíð-6,6-trefjum.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram ítarleg skjöl og/eða prófunarskýrslur, sem sýna að varan er í samræmi við þessa viðmiðun, ásamt samræmisyfirlýsingu.

8. **Pólýester**

8.1. Antímonmagn í pólýestertrefjum skal ekki fara yfir 260 milljónarhluta. Ef ekki er notað antímon er umsækjanda heimilt að setja orðin „án antímons“ (eða sambærilegan texta) við umhverfismerkið.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal annaðhvort leggja fram yfirlýsingu um að antímon sé ekki notað eða prófunarskýrslu sem byggist á eftirfarandi prófunaraðferð: beinni ákvörðun með frumeindagleypnimælingu. Prófunin skal gerð á óunnum trefjum áður en þær fara í blautvinnslu.

8.2. Losun lífrænna rokefna við fjölliðun og framleiðslu pólýestertrefja, mæld á vinnslustigunum þar sem hún á sér stað, dreifð losun einnig meðtalin, gefin upp sem ársmeðaltal, skal ekki vera meiri en 1,2 g/kg af framleiddum pólýestertrefjum. (Lífræn rokefni eru skilgreind sem sérhvert lífrænt efnasamband sem hefur gufuþrýsting sem er 0,01 kPa eða meiri við 293,15 K eða er rokgjarnt í svipuðum mæli við þær notkunaraðstæður sem um er að ræða).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram ítarleg skjöl og/eða prófunarskýrslur, sem sýna að varan er í samræmi við þessa viðmiðun, ásamt samræmisyfirlýsingu.

9. **Pólýprópýlen**

Óheimilt er að nota fastlitarefni sem innihalda blý.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að halógenuð burðarefni séu ekki notuð.

VIÐMIÐANIR FYRIR VINNSLUFERLI OG ÍÐEFNI (e. CHEMICALS)

Viðmiðanirnar í þessum þætti gilda, eftir því sem við á, um öll stig í framleiðslu vörunnar, þ.m.t. um framleiðslu trefjanna. Endurunnar trefjar mega engu að síður innihalda nokkuð af þeim leysilitum og öðrum efnum sem þessar viðmiðanir útiloka annars en þó því aðeins að þessum efnum hafi verið bætt við á fyrra lífsferli trefjanna.

10. **Hjálparefni og frágangsefni fyrir trefjar og garn**

10.1. Stærð: Minnst 95% (miðað við þurrvigt) af efnisþáttunum í límsterkjublöndum, sem eru notaðar á garn, skulu vera nægilega lífbrjótanlegir en skulu að öðrum kosti endurunnir.

Tekið er tillit til summu hvers efnisþáttar.

Mat og sannprófun: Í þessu samhengi telst efni nægilega lífbrjótanlegt:

— ef prófun með aðferð OECD 301 A, OECD 301 E, ISO 7827, OECD 302 A, ISO 9887, OECD 302 B eða ISO 9888 leiðir í ljós að niðurbrot efnisins nemur a.m.k. 70% á 28 dögum

— eða ef prófun með aðferð OECD 301 B, ISO 9439, OECD 301 C, OECD 302 C, OECD 301 D, ISO 10707, OECD 301 F, ISO 9408, ISO 10708 eða ISO 14593 leiðir í ljós að niðurbrot efnisins nemur a.m.k. 60% á 28 dögum,

— eða ef prófun með aðferð OECD 303 eða ISO 11733 leiðir í ljós að niðurbrot efnisins nemur a.m.k. 80% á 28 dögum,

— eða ef unnt er að sýna fram á samsvarandi lífniðurbrot fyrir þau efni sem ekki er hægt að nota þessar prófunaraðferðir á.

Umsækjandi skal leggja fram viðeigandi skjöl, öryggisblöð, prófunarskýrslur og/eða yfirlýsingar þar sem tilgreindar eru prófunaraðferðir og niðurstöður samkvæmt því sem að framan segir og sem sýna samræmi við þessa viðmiðun fyrir allar límsterkjublöndur sem eru notaðar.

10.2. Íblöndunarefni fyrir spunalausnir, spunaíblöndunarefni og undirbúningsefni fyrir frumspuna (þ.m.t. kembiolíur, spunafrágangsefni og spunaolíur: Minnst 90% (miðað við þurrvigt) af efnisþáttunum skulu vera nægilega lífbrjótanlegir eða þess eðlis að hægt sé að fjarlægja þá í skólphreinsistöðvum.

Þessi krafa gildir ekki um undirbúningsefni fyrir frekari spuna (spunaolíur, spunabætandi efni), keiluspóluolíur (e. coning oils), olíur fyrir uppistöðu í vefstól (e. warping oils) og olíur fyrir tvinnun (e. twisting oils), vax, prjónaolíur (e. knitting oils), sílíkonolíur og ólífræn efni. Tekið er tillit til summu hvers efnisþáttar.

Mat og sannprófun: Í þessu samhengi telst efni nægilega lífbrjótanlegt eða þess eðlis að unnt sé að fjarlægja það í skólphreinsistöðvum:

— ef prófun með aðferð OECD 301 A, OECD 301 E, ISO 7827, OECD 302 A, ISO 9887, OECD 302 B eða ISO 9888 leiðir í ljós að niðurbrot efnisins nemur a.m.k. 70% á 28 dögum

— eða ef prófun með aðferð OECD 301 B, ISO 9439, OECD 301 C, OECD 302 C, OECD 301 D, ISO 10707, OECD 301 F, ISO 9408, ISO 10708 eða ISO 14593 leiðir í ljós að niðurbrot efnisins nemur a.m.k. 60% á 28 dögum,

— eða ef prófun með aðferð OECD 303 eða ISO 11733 leiðir í ljós að niðurbrot efnisins nemur a.m.k. 80% á 28 dögum,

— eða ef unnt er að sýna fram á samsvarandi lífbrjótanleika eða fjarlægingu efnis fyrir þau efni þar sem þessar prófunaraðferðir verða ekki notaðar.

Umsækjandi skal leggja fram viðeigandi skjöl, öryggisblöð, prófunarskýrslur og/eða yfirlýsingar þar sem tilgreindar eru prófunaraðferðir og niðurstöður samkvæmt því sem að framan segir og sem sýna samræmi við þessa viðmiðun fyrir öll íblöndunarefni eða undirbúningsefni sem eru notuð.

10.3. Innihald fjölhringa, arómatískra vetniskolefna (PAH) í jarðolíuhluta vöru skal vera minna en 3% af þyngd vörunnar.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram viðeigandi skjöl, öryggisblöð, vöruupplýsingar eða yfirlýsingar þar sem annað hvort kemur fram innihald fjölhringa, arómatískra vetniskolefna eða að ekki séu notaðar vörur sem innihalda jarðolíur.

11. **Sæfiefni eða lífhamlandi efni**

Klórfenól (sölt þeirra og esterar), fjölklóruð bífenýl (PCB) og lífræn tinsambönd skulu ekki notuð í tengslum við flutning eða geymslu vara og hálfunninna vara.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að þessi efni eða efnasambönd séu ekki notuð í garnið, vefnaðinn eða lokaafurðina. Ef sannprófa skal réttmæti yfirlýsingarinnar skal nota eftirfarandi prófunaraðferð og viðmiðunarmörk: útdrátt, eftir því sem við á, afleiðslu með ediksýruanhýdríði, ákvörðun með gas-vökvagreiningu með hárpípu ásamt greiningu með rafeindahremmingu, viðmiðunargildi 0,05 milljónarhlutar.

12. **Aflitun eða fjarlæging fastlitarefna**

Óheimilt er að nota sölt þungmálma (nema járns) eða formaldehýð til þess að aflita eða fjarlægja fastlitarefni.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að halógenuð burðarefni séu ekki notuð.

13. **Þynging**

Óheimilt er að nota seríumsambönd við þyngingu á garni eða vefnaði.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að halógenuð burðarefni séu ekki notuð.

14. **Öll íðefni og íðefnablöndur**

Óheimilt er að nota eftirfarandi: alkýlfenóletoxýlöt (APEO), línuleg alkýlbensensúlfónöt (LAS), bis(hert tólgaralkýl)-dímetýlammóníumklóríð (DTDMAC), dísterýldímetýlammóníumklóríð (DSDMAC), dí(hert tólg)dímetýlammóníumklóríð (DHTDMAC), etýlendíamíntetraasetat (EDTA) og díetýlentríamínpentaasetat (DTPA) og þessi efni mega ekki vera hluti af neinni efnablöndu eða efnasamsetningu sem er notuð.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að halógenuð burðarefni séu ekki notuð.

15. **Þvottaefni, mýkingarefni og bindlar (e. complexing agents)**

Á hverjum blautvinnslustað skulu minnst 95%, miðað við þyngd, af mýkingarefnum, bindlum, og þvottaefnum vera nægilega niðurbrjótanleg eða þess eðlis að unnt sé að fjarlægja þau í skólphreinsistöðvum.

Þetta er með þeirri undantekningu að yfirborðsvirk efni í þvottaefnum og mýkingarefnum á hverjum blautvinnslustað skulu vera fullnaðarlífbrjótanleg við loftháðar aðstæður.

Mat og sannprófun: „nægilega lífbrjótanlegt eða þess eðlis að unnt sé að fjarlægja það“ hefur þá merkingu sem fram kemur í viðmiðuninni hér að framan fyrir hjálparefni og frágangsefni fyrir trefjar og garn. Umsækjandi skal leggja fram viðeigandi skjöl, öryggisblöð, prófunarskýrslur og/eða yfirlýsingar þar sem tilgreindar eru prófunaraðferðir og niðurstöður samkvæmt því sem að framan segir og sem sýna samræmi við þessa viðmiðun fyrir öll þvottaefni, mýkingarefni og bindla sem eru notuð.

„Fullnaðarlífniðurbrot við loftháðar aðstæður“ ber að túlka eins og mælt er fyrir um í III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2004 ([1]). Umsækjandi skal leggja fram viðeigandi skjöl, öryggisblöð, prófunarskýrslur og/eða yfirlýsingar þar sem tilgreindar eru prófunaraðferðir og niðurstöður samkvæmt því sem að framan segir og sem sýna samræmi við þessa viðmiðun fyrir öll yfirborðsvirk efni í þvottaefnum og mýkingarefnum sem eru notuð.

16. **Bleikiefni: Óheimilt er að nota klórefni til aflitunar á garni, textílefnum og fullunninni vöru.**

Þessi krafa gildir ekki um framleiðslu tilbúinna beðmistrefja. (Sjá viðmiðun 6.1).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að klórbleikiefni séu ekki notuð.

17. **Óhreinindi í leysilitum: Trefjasækin litarefni (leysanleg eða óleysanleg).**

Styrkur jóníska óhreininda í leysilitum má ekki vera yfir eftirtöldum gildum (í milljónarhlutum): Ag 100, As 50, Ba 100, Cd 20, Co 500, Cr 100, Cu 250, Fe 2500, Hg 4, Mn 1000, Ni 200, Pb 100, Se 20, Sb 50, Sn 250, Zn 1500.

Ekki er tekið tillit til málma, sem eru óaðskiljanlegur hluti af leysilitarsameindinni (t.d. þegar um er að ræða leysiliti úr málmflókum, tiltekna hvarfgjarna leysiliti o.fl.), þegar metið er samræmi við þessi gildi sem varða aðeins óhreinindi.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram samræmisyfirlýsingu.

18. **Óhreinindi í fastlitarefnum: Óleysanleg litarefni án trefjasækni**

Styrkur jóníska óhreininda í fastlitarefnum má ekki vera yfir eftirtöldum gildum (í milljónarhlutum): As 50, Ba 100, Cd 50, Cr 100, Hg 25, Pb 100, Se 100, Sb 250, Zn 1000.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram samræmisyfirlýsingu.

([1]) Stjtíð. ESB L 104, 8.4.2004, bls. 1.

19. **Litun með krómlitfesti**

Litun með krómlitfesti er óheimil.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að halógenuð burðarefni séu ekki notuð.

20. **Leysilitir úr málmflókum**

Ef leysilitir úr kopar-, króm- eða nikkelflóka eru notaðir gildir eftirfarandi:

20.1. Þegar leysilitir úr málmflókum eru hluti af leysilitaruppskriftinni við litun beðmis skal losa minna en 20% af hverjum málmflókaleysilit, sem er notaður (ílag í ferlið), í skólphreinsun (hvort sem hreinsunin fer fram á staðnum eða utan hans).

Við alla aðra litun gildir að þegar leysilitir úr málmflókum eru hluti af leysilitaruppskriftinni skal losa minna en 7% af hverjum málmflókaleysilit, sem er notaður (ílag í ferlið), í skólphreinsun (hvort sem hreinsunin fer fram á staðnum eða utan hans).

Umsækjandi skal annaðhvort leggja fram yfirlýsingu um að leysilitir úr málmflókum séu ekki notaðir eða skjöl og prófunarskýrslur sem byggjast á eftirfarandi prófunaraðferðum: ISO 8288 fyrir Cu, Ni; EN 1233 fyrir Cr.

20.2. Losun í vatn eftir meðhöndlun skal ekki fara yfir: Cu, 75 mg/kg (trefjar, garn eða textílefni), Cr, 50 mg/kg, Ni, 75 mg/kg.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal annaðhvort leggja fram yfirlýsingu um að leysilitir úr málmflókum séu ekki notaðir eða skjöl og prófunarskýrslur sem byggjast á eftirfarandi prófunaraðferðum: ISO 8288 fyrir Cu, Ni; EN 1233 fyrir Cr.

21. **Asólitir**

Óheimilt er að nota asóliti sem geta klofnað í eitthvert eftirtalinna arómatískra amína:

4-amínódífenýl	(92-67-1)
Bensidín	(92-87-5)
4-klór-o-tólúidín	(95-69-2)
2-naftýlamín	(91-59-8)
o-amínó-asótólúen	(97-56-3)
2-amínó-4-nítrótólúen	(99-55-8)
p-klóranilín	(106-47-8)
2,4-díamínóanísól	(615-05-4)
4,4′-díamínódífenýlmetan	(101-77-9)
3,3′-díklórbensidín	(91-94-1)
3,3′-dímetoxýbensidín	(119-90-4)
3,3′-dímetýlbensidín	(119-93-7)
3,3'-dímetýl-4,4'-díamínódísýklóhexýlmetan	(838-88-0)
p-kresidín	(120-71-8)
4,4′-oxýdíanilín	(101-80-4)

4,4′-þíódíanilín	(139-65-1)
o-tólúidín	(95-53-4)
2,4-díamínótólúen	(95-80-7)
2,4,5-trímetýlanilín	(137-17-7)
4-amínóasóbensen	(60-09-3)
o-anisídín	(90-04-0)
2,4-xýlidín	|
2,6-xýlidín	|

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að þessir leysilitir séu ekki notaðir. Ef sannprófa á réttmæti yfirlýsingarinnar skal nota eftirfarandi staðal: EN 14 362-1 og 2. (Aths.: falsjákvæðar niðurstöður eru hugsanlegar að því er varðar 4-amínóasóbensen og því er mælt með því að niðurstaðan verði staðfest).

22. **Leysilitir sem eru krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða hafa eiturhrif á æxlun**

22.1. Óheimilt er að nota eftirfarandi leysiliti:

— Litaskrárheiti: Basic Red 9

— Litaskrárheiti: Disperse Blue 1

— Litaskrárheiti: Acid Red 26

— Litaskrárheiti: Basic Violet 14

— Litaskrárheiti: Disperse Orange 11

— Litaskrárheiti: Direct Black 38

— Litaskrárheiti: Direct Blue 6

— Litaskrárheiti Direct Red 28

— Litaskrárheiti: Disperse Yellow 3.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að þessir leysilitir séu ekki notaðir.

22.2. Ekki er heimilt er að nota leysilitarefni eða leysilitarblöndur sem innihalda meira en 0,1%, miðað við þyngd, af efnum sem hafa fengið eða kunna að fá einhverja af eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningar þeirra) þegar umsókn er lögð fram:

— H40 (getur hugsanlega valdið krabbameini)

— H45 (getur valdið krabbameini),

— H46 (getur valdið arfgengum skaða)

— H49 (getur valdið krabbameini við innöndun)

— H60 (getur dregið úr frjósemi),

— H61 (getur skaðað barn í móðurkviði)

— H62 (getur hugsanlega dregið úr frjósemi),

— H63 (getur hugsanlega skaðað barn í móðurkviði)

— H68 (getur valdið varanlegu heilsutjóni),

eins og mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 67/548/EBE ([1]).

Að öðrum kosti kemur til greina flokkun samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([2]). Í því tilviki má ekki bæta neinum efnum eða efnablöndum við hráefnin sem hafa fengið eða kunna að fá einhverja af eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningar þeirra) þegar umsókn er lögð fram: H351, H350, H340, H350i, H360F, H360D, H361f, H361d H360FD, H361fd, H360Fd, H360Df, H341.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að þessir leysilitir séu ekki notaðir.

23. **Leysilitir sem kunna að vera næmandi**

Óheimilt er að nota eftirfarandi leysiliti:

— Litaskrárheiti: Disperse Blue 3	Litaskrárheiti: 61 505
— Litaskrárheiti: Disperse Blue 7	Litaskrárheiti: 62 500
— Litaskrárheiti: Disperse Blue 26	Litaskrárheiti: 63 305
— Litaskrárheiti: Disperse Blue 35	
— Litaskrárheiti: Disperse Blue 102	
— Litaskrárheiti: Disperse Blue 106	
— Litaskrárheiti: Disperse Blue 124	|
— Litaskrárheiti: Disperse Brown 1	
— Litaskrárheiti: Disperse Orange 1	Litaskrárheiti: 11 080
— Litaskrárheiti: Disperse Orange 3	Litaskrárheiti: 11 005
— Litaskrárheiti: Disperse Orange 37	
— Litaskrárheiti: Disperse Orange 76 (áður nefndur Orange 37)	
— Litaskrárheiti: Disperse Red 1	Litaskrárheiti: 11 110
— Litaskrárheiti: Disperse Red 11	Litaskrárheiti: 62 015
— Litaskrárheiti: Disperse Red 17	Litaskrárheiti: 11 210
— Litaskrárheiti: Disperse Yellow 1	Litaskrárheiti: 10 345
— Litaskrárheiti: Disperse Yellow 9	Litaskrárheiti: 10 375
— Litaskrárheiti: Disperse Yellow 39	
— Litaskrárheiti: Disperse Yellow 49	

([1]) Stjtíð. EB L 196, 16.8.1967, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að þessir leysilitir séu ekki notaðir.

24. **Halógenuð burðarefni fyrir pólýestera**

Óheimilt er að nota halógenuð burðarefni.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að halógenuð burðarefni séu ekki notuð.

25. **Prentun**

25.1. Prentfarfi skal ekki innihalda meira en 5% af rokgjörnum, lífrænum efnasamböndum, s.s. terpentínu (lífræn rokefni eru skilgreind sem sérhvert lífrænt efnasamband sem hefur gufuþrýsting sem er 0,01 kPa eða meiri við 293,15 K eða er rokgjarnt í svipuðum mæli við þær notkunaraðstæður sem um er að ræða).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal annaðhvort leggja fram yfirlýsingu um að engin prentun hafi átt sér stað eða viðeigandi skjöl, sem sýna að varan er í samræmi við þessa viðmiðun, ásamt samræmisyfirlýsingu.

25.2. Prentun með plastisól sem grunnefni er óheimil.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal annaðhvort leggja fram yfirlýsingu um að engin prentun hafi átt sér stað eða viðeigandi skjöl, sem sýna að varan er í samræmi við þessa viðmiðun, ásamt samræmisyfirlýsingu.

26. **Formaldehýð**

Styrkur óbundins og að hluta vatnsrjúfanlegs formaldehýðs í fullunnum vefnaði má ekki vera meiri en 20 milljónarhlutar í vörum fyrir börn yngri en þriggja ára, ekki meiri en 30 milljónarhlutar í vörum, sem eru í beinni snertingu við húð, og ekki meiri en 75 milljónarhlutar í öðrum vörum.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal annaðhvort leggja fram yfirlýsingu um að vörur, sem innihalda formaldehýð, séu ekki notaðar eða prófunarskýrslu sem byggist á eftirfarandi prófunaraðferð: EN ISO 14184-1.

27. **Losun skólps frá blautvinnslu**

27.1. Skólp frá blautvinnslustöðum (nema frá ullarþvottastöðum og hörfeygingarstöðum) skal, þegar það er losað í frárennsli að lokinni hreinsun (hvort sem hún fer fram á staðnum eða utan hans), hafa efnafræðilega súrefnisþörf (COD) undir 20 g/kg, gefna upp sem ársmeðaltal.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram ítarleg skjöl og/eða prófunarskýrslur byggðar á ISO 6060, sem sýna að varan er í samræmi við þessa viðmiðun, ásamt samræmisyfirlýsingu.

27.2. Ef fráveituvatnið er hreinsað á staðnum og losað beint í vatn skal pH-gildi þess einnig vera á bilinu 6 til 9 (nema pH-gildi viðtökuvatnsins sé utan þessara marka) og hitinn skal vera lægri en 40 °C (nema viðtökuvatnið sé heitara).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram skjöl og prófunarskýrslur, sem sýna að varan er í samræmi við þessa viðmiðun, ásamt samræmisyfirlýsingu.

28. **Eldtefjandi efni**

Aðeins er leyfilegt að nota eldtefjandi efni sem eru efnafræðilega bundin í trefjafjölliðuna eða á yfirborð trefjanna (hvarfgjörn, eldtefjandi efni). Hafi eldtefjandi efnin, sem eru notuð, fengið einhverja H-setninganna sem eru taldar upp hér fyrir aftan skal efnafræðilegt eðli þessara hvarfgjörnu, eldtefjandi efna breytast þannig við notkun að ekki sé lengur ástæða til að flokka þau samkvæmt neinni eftirfarandi H-setninga. (Minna en 0,1% af eldtefjandi efni á meðhöndluðu garni eða vefnaði má vera eftir í því formi sem það var fyrir meðhöndlunina.):

— H40 (getur hugsanlega valdið krabbameini)

— H45 (getur valdið krabbameini),

— H46 (getur valdið arfgengum skaða)

— H49 (getur valdið krabbameini við innöndun)

— H50 (mjög eitrað vatnalífverum),

— H51 (eitrað vatnalífverum),

— H52 (skaðlegt vatnalífverum),

— H53 (getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni),

— H60 (getur dregið úr frjósemi),

— H61 (getur skaðað barn í móðurkviði)

— H62 (getur hugsanlega dregið úr frjósemi),

— H63 (getur hugsanlega skaðað barn í móðurkviði)

— H68 (getur valdið varanlegu heilsutjóni),

eins og mælt er fyrir um í tilskipun 67/548/EBE.

Eldtefjandi efni, sem eru eingöngu blönduð með eðlisrænum aðferðum saman við fjölliðutrefjarnar eða yfirborðsmeðferðarefnið á textílefninu, eru undanskilin (eldtefjandi íblöndunarefni).

Að öðrum kosti kemur til greina flokkun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008. Í því tilviki má ekki bæta neinum efnum eða efnablöndum við hráefnin sem hafa fengið eða kunna að fá einhverja af eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningar þeirra) þegar umsókn er lögð fram: H351, H350, H340, H350i, H400, H410, H411, H412, H413, H360F, H360D, H361f, H361d H360FD, H361fd, H360Fd, H360Df, H341.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að eldtefjandi íblöndunarefni hafi ekki verið notuð og tilgreina hvaða hvarfgjörnu, eldtefjandi efni, ef einhver, hafi verið notuð og leggja fram skjöl (s.s. öryggisblöð) og/eða yfirlýsingar um að eldtefjandi efnin séu í samræmi við þessa viðmiðun.

29. **Frágangsmeðhöndlun gegn þæfingu**

Halógenuð efni eða efnablöndur skal aðeins nota á ullarlyppur og lausa, þvegna ull.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að halógenuð efni og efnablöndur séu ekki notuð (nema á ullarlyppur eða lausa, þvegna ull).

30. **Frágangsmeðhöndlun á vefnaði**

Hugtakið „frágangsmeðhöndlun“ nær yfir alla eðlisfræðilega og efnafræðilega meðhöndlun sem gefur textílefnunum sértæka eiginleika, s.s. mýkt eða vatnsheldni eða auðveldar umhirðu þeirra.

Ekki er heimilt að nota frágangsefni eða frágangsefnablöndur sem innihalda meira en 0,1%, miðað við þyngd, af efnum sem hafa fengið eða kunna að fá einhverja af eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningar þeirra) þegar umsókn er lögð fram:

— H40 (getur hugsanlega valdið krabbameini)

— H45 (getur valdið krabbameini),

— H46 (getur valdið arfgengum skaða)

— H49 (getur valdið krabbameini við innöndun)

— H50 (mjög eitrað vatnalífverum),

— H51 (eitrað vatnalífverum),

— H52 (skaðlegt vatnalífverum),

— H53 (getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni),

— H60 (getur dregið úr frjósemi),

— H61 (getur skaðað barn í móðurkviði)

— H62 (getur hugsanlega dregið úr frjósemi),

— H63 (getur hugsanlega skaðað barn í móðurkviði)

— H68 (getur valdið varanlegu heilsutjóni),

eins og mælt er fyrir um í tilskipun 67/548/EBE.

Að öðrum kosti kemur til greina flokkun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1272/2008. Í því tilviki má ekki bæta neinum efnum eða efnablöndum við hráefnin sem hafa fengið eða kunna að fá einhverja af eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningar þeirra) þegar umsókn er lögð fram: H351, H350, H340, H350i, H400, H410, H411, H412, H413, H360F, H360D, H361f, H361d H360FD, H361fd, H360Fd, H360Df, H341.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal annaðhvort leggja fram yfirlýsingu um að frágangsefni hafi ekki verið notuð eða tilgreina hvaða frágangsefni hafi verið notuð og leggja fram skjöl (s.s. öryggisblöð) og/eða yfirlýsingar um að frágangsefnin séu í samræmi við þessa viðmiðun.

31. **Fylliefni**

31.1. Fylliefni úr textíltrefjum skulu vera í samræmi við viðmiðanirnar fyrir textíltrefjar (1.–9.) eftir því sem við á.

31.2. Fylliefni skulu vera í samræmi við 11. viðmiðun um sæfiefni eða lífhamlandi efni og 26. viðmiðun um formaldehýð.

31.3. Þvottaefni og önnur efni, sem eru notuð til að þvo fylliefni (dún, fjaðrir og, náttúrulegar eða tilbúnar trefjar), skulu vera í samræmi við 14. viðmiðun um hjálparefni og 15. viðmiðun um þvottaefni, mýkingarefni og bindla.

Mat og sannprófun: Eins og tilgreint er í samsvarandi viðmiðun.

32. **Efni til yfirborðsmeðferðar, plasthúðun og himnur**

32.1. Vörur úr pólýúretani skulu vera í samræmi við viðmiðun 3.1 um lífrænt tin og viðmiðun 3.2. um losun arómatískra díísósýanata út í andrúmsloftið.

Mat og sannprófun: Eins og tilgreint er í samsvarandi viðmiðun.

32.2. Vörur úr pólýester skulu vera í samræmi við viðmiðun 8.1 um magn antímons og viðmiðun 8.2 um losun lífrænna rokefna út í andrúmsloftið við fjölliðun.

Mat og sannprófun: Eins og tilgreint er í samsvarandi viðmiðun.

32.3. Ekki skal framleiða efni til yfirborðsmeðferðar, plasthúð og himnur með því að nota mýkiefni eða leysiefni sem hafa fengið eða kunna að fá einhverja af eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningar þeirra) þegar umsókn er lögð fram:

— H40 (getur hugsanlega valdið krabbameini)

— H45 (getur valdið krabbameini),

— H46 (getur valdið arfgengum skaða)

— H49 (getur valdið krabbameini við innöndun)

— H50 (mjög eitrað vatnalífverum),

— H51 (eitrað vatnalífverum),

— H52 (skaðlegt vatnalífverum),

— H53 (getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni),

— H60 (getur dregið úr frjósemi),

— H61 (getur skaðað barn í móðurkviði)

— H62 (getur hugsanlega dregið úr frjósemi),

— H63 (getur hugsanlega skaðað barn í móðurkviði)

— H68 (getur valdið varanlegu heilsutjóni),

eins og mælt er fyrir um í tilskipun 67/548/EBE.

Að öðrum kosti kemur til greina flokkun samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ([1]). Í því tilviki má ekki bæta neinum efnum eða efnablöndum við hráefnin sem hafa fengið eða kunna að fá einhverja af eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningar þeirra) þegar umsókn er lögð fram: H351, H350, H340, H350i, H400, H410, H411, H412, H413, H360F, H360D, H361f, H361d H360FD, H361fd, H360Fd, H360Df, H341.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu um að þessi mýki- eða leysiefni séu ekki notuð.

32.4. Losun lífrænna rokefna út í andrúmsloftið skal ekki vera yfir 10 g C/kg.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram skjöl og prófunarskýrslur, sem sýna að varan er í samræmi við þessa viðmiðun, ásamt samræmisyfirlýsingu.

33. **Orku- og vatnsnotkun**

Umsækjandi skal leggja fram gögn um vatns- og orkunotkun á framleiðslustöðum þar sem blautvinnsla fer fram.

Mat og sannprófun: Farið er fram á að umsækjandinn leggi fram ofangreindar upplýsingar.

NOTAGILDISVIÐMIÐANIR

Eftirfarandi viðmiðanir gilda annaðhvort fyrir litað garn, fullunninn vefnað eða fullunna vöru og skulu viðeigandi prófanir gerðar eftir því sem við á.

34. **Breyting á stærð í þvotti og við þurrkun**

Breyting á stærð eftir þvott og þurrkun skal ekki vera meiri en:

— ± 2% fyrir gluggatjöld og fyrir húsgagnaáklæði sem unnt er að fjarlægja og þvo,

— – 8% eða + 4% fyrir aðrar ofnar vörur og endingargóðar óofnar vörur, aðrar prjónaðar vörur eða fyrir handklæðafrotteefni.

Þessi viðmiðun gildir ekki um:

— trefjar eða garn,

([1]) Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

— vörur sem eru greinilega merktar með „þurrhreinsun eingöngu“ eða annarri sambærilegri merkingu (að því marki sem venja er að merkja slíkar vörur þannig),

— húsgagnaáklæði sem ekki er unnt að fjarlægja og þvo.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslur sem byggjast á stöðlunum EN ISO 63 30, ISO 5077 eins og hér segir:

Þrír þvottar við það hitastig, sem tilgreint er á vörunni, með þurrkun í þurrkara eftir hverja þvottalotu nema önnur þurrkunaraðferð sé tilgreind á vörunni,

35. **Litheldni í þvotti**

Litheldni í þvotti skal vera a.m.k. 3-4 stig, að því er varðar litabreytingu, og a.m.k. 3-4 stig að því er varðar litasmit.

Þessi viðmiðun gildir ekki um vörur sem eru greinilega merktar með „þurrhreinsun eingöngu“ eða annarri sambærilegri merkingu (að því marki sem venja er að merkja slíkar vörur þannig), um hvítar vörur eða vörur, sem eru hvorki litaðar né áprentaðar, eða um húsgagnaáklæði sem ekki má þvo.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslur sem byggjast á eftirfarandi staðli EN: ISO 105 C06 (einn þvottur við hitastig, sem er tilgreint á vörunni, með perbóratþvottadufti).

36. **Litheldni gegn svita (súrum og basískum)**

Litheldni gegn svita (súrum og basískum) skal vera að minnsta kosti 3-4 stig (litabreyting og litasmit).

Þó eru 3 stig leyfileg ef um er að ræða vefnað sem er hvort tveggja dökkur að lit (staðalstyrkur > 1/1) og úr endurunninni ull eða meira en 20% silki.

Þessi viðmiðun gildir ekki um hvítar vörur, um vörur sem eru hvorki litaðar né áprentaðar né um húsgagnaáklæði, gluggatjöld eða áþekkar textílvörur sem eru ætlaðar til skreytingar innanhúss.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslur sem byggjast á eftirfarandi staðli EN: ISO 105 E04 (súr og basískur, samanburður við fjöltrefja vefnað).

37. **Litheldni við núning í votu ástandi**

Litheldni við núning í votu ástandi skal vera a.m.k. 2-3 stig. Þó eru 2 stig leyfileg fyrir indígólitað denim.

Þessi viðmiðun gildir ekki um hvítar vörur eða vörur sem eru hvorki litaðar né áprentaðar.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslur sem byggjast á eftirfarandi staðli EN: ISO 105 X12.

38. **Litheldni við núning í þurru ástandi.**

Litheldni við núning í þurru ástandi skal vera a.m.k. 4 stig.

Þó eru 3-4 stig leyfileg fyrir indígólitað denim.

Þessi viðmiðun gildir ekki um hvítar vörur, um vörur sem eru hvorki litaðar né áprentaðar né um gluggatjöld eða áþekkar textílvörur sem eru ætlaðir til skreytingar innanhúss.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslur sem byggjast á eftirfarandi staðli EN: ISO 105 X12.

39. **Litheldni gegn ljósi**

Litheldni vefnaðar, sem er ætlaður í húsgagnaáklæði, gluggatjöld eða önnur tjöld, gegn ljósi skal a.m.k. vera 5 stig. Fyrir allar aðrar vörur skal litheldni gegn ljósi vera a.m.k. 4 stig.

Þó eru 4 stig leyfileg ef um er að ræða vefnað sem er ætlaður í húsgagnaáklæði, gluggatjöld eða önnur tjöld, er hvort tveggja ljós að lit (staðalstyrkur < 1/12) og inniheldur meira en 20% ull eða aðrar hyrnistrefjar eða meira en 20% silki eða meira en 20% hör eða aðrar basttrefjar.

Þessar kröfur gilda ekki fyrir dýnulök, dýnuhlífar né nærfatnað.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram prófunarskýrslur sem byggjast á eftirfarandi staðli EN: ISO 105 B02.

40. **Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerkinu**

Eftirfarandi texti skal standa í 2. reit á umhverfismerkinu:

— hvatning til notkunar á sjálfbærum trefjum,

— þol og mikil gæði,

— notkun hættulegra efna takmörkuð.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram sýnishorn af umbúðum vörunnar, þar sem merkið sést, ásamt yfirlýsingu um samræmi við þessa viðmiðun.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/68**

frá 9. júlí 2009

um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir gistiaðstöðu í ferðaþjónustu (*)

(tilkynnt með númeri C(2009) 5619)

(2009/578/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis Bandalagsins ([1]), einkum annarri undirgrein 1. mgr. 6. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er heimilt að veita umhverfismerki Bandalagsins fyrir vöru sem býr yfir eiginleikum sem gera það að verkum að hún stuðlar að verulegum umbótum að því er varðar helstu umhverfisþætti.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að setja skuli sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerkið fyrir hvern vöruflokk og skuli þær byggjast á drögum að viðmiðunum sem umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins hefur sett fram.

3) Þar er einnig kveðið á um að endurskoðun á viðmiðununum fyrir umhverfismerkið, sem og á kröfum vegna mats og sannprófunar er varða viðmiðanirnar, skuli fara fram í tæka tíð fyrir lok gildistímabils viðmiðananna sem tilgreindar eru fyrir viðkomandi vöruflokk.

4) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1980/2000 hafa vistfræðilegu viðmiðanirnar verið endurskoðaðar innan tilskilins tíma og einnig tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar sem settar voru fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/287/EB frá 14. apríl 2003 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir gistiaðstöðu í ferðaþjónustu ([2]). Þessar vistfræðilegu viðmiðanir og tilheyrandi kröfur vegna mats-og sannprófunar gilda til 31. október 2009.

5) Í ljósi þessarar endurskoðunar er rétt, til að unnt sé að taka tillit til vísinda- og markaðsþróunar, að breyta skilgreiningunni á vöruflokknum og setja nýjar vistfræðilegar viðmiðanir.

6) Vistfræðilegu viðmiðanirnar og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar skulu gilda í fjögur ár frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

7) Að því er varðar gistiaðstöðu í ferðaþjónustu skulu vistfræðilegar viðmiðanir skiptast í lögboðnar viðmiðanir og valkvæðar.

8) Að því er varðar gjöld fyrir umsóknir örfyrirtækja, eins og þau eru skilgreind í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum ([3]), um umhverfismerkið og notkun örfyrirtækjanna á því er rétt að kveða á um lækkun gjaldanna skv. 5. gr. ákvörðunar 2000/728/EB, til viðbótar þeirri lækkun sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1980/2000 og 1. og 2. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2000/728/EB frá 10. nóvember 2000 um ákvörðun á gjöldum vegna afgreiðslu umsókna um umhverfismerki Bandalagsins ásamt árgjöldum ([4]), í því skyni að taka tillit til takmarkaðra tekjulinda örfyrirtækja og sérstaks mikilvægis þeirra innan þessa vöruflokks.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 198, 30.7.2009, bls. 57. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2010 frá 2. júlí 2010 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 21.10.2010, bls. 17.

([1]) Stjtíð. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 102, 24.4.2003, bls. 82.

([3]) Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36.

([4]) Stjtíð. EB L 293, 22.11.2000, bls. 18.

9) Því ber að skipta út ákvörðun 2003/287/EB.

10) Heimila skal umbreytingartímabil fyrir þjónustuveitendur sem veitt hefur verið umhverfismerkið fyrir gistiaðstöðu í ferðaþjónustu, á grundvelli viðmiðananna í ákvörðun 2003/287/EB, svo að þeir hafi nægan tíma til að laga þjónustu sína að endurskoðuðum viðmiðunum og kröfum. Þjónustuveitendum skal einnig vera heimilt að leggja fram umsóknir samkvæmt viðmiðununum sem settar eru fram í ákvörðun 2003/287/EB eða samkvæmt viðmiðununum sem settar eru fram í þessari ákvörðun þar til ákvörðun 2003/287/EB fellur úr gildi.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Vöruflokkurinn „gistiaðstaða í ferðaþjónustu“ nær til þjónustu þar sem gisting í herbergjum með viðeigandi búnaði, a.m.k. með rúmi, er veitt gegn gjaldi og það er meginþátturinn í þjónustu við ferðamenn, ferðalanga og dvalargesti.

Gistingunni getur fylgt önnur þjónusta, m.a. matsala, aðstaða til líkamsræktar og frístundastarfsemi og/eða afnot af grænu svæði.

2. Í þessari ákvörðun fellur morgunverður undir matsölu; undir aðstöðu til líkamsræktar og frístundastarfsemi falla sánaböð, sundlaugar og öll slík aðstaða sem er á umráðasvæði gistiaðstöðunnar og til grænna svæða skulu teljast almennings- og ræktaðir garðar sem gestir hafa aðgang að.

3. Í þessari ákvörðun gildir sama skilgreining á örfyrirtækjum og í tilmælum 2003/361/EB.

2. gr.

1. Gistiaðstaða í ferðaþjónustu, sem fær umhverfismerki Bandalagsins samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 (hér á eftir nefnt "umhverfismerkið"), skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

a) hún skal falla undir vöruflokkinn „gistiaðstaða í ferðaþjónustu“,

b) hún skal uppfylla allar þær viðmiðanir sem settar eru fram í A-þætti viðaukans við þessa ákvörðun,

c) hún skal uppfylla nægilega margar þeirra viðmiðana sem settar eru fram í B-þætti viðaukans við þessa ákvörðun til að fá tilskilinn fjölda stiga eins og um getur í 2. og 3. mgr.

2. að því er varðar c-lið 1. mgr. skal gistiaðstaðan í ferðaþjónustu ná a.m.k.: 20 stigum fyrir meginþjónustuna.

3. Stigafjöldinn, sem um getur í 2. mgr., skal aukinn sem hér segir, ef eftirfarandi þjónusta er undir stjórn eða í eigu rekstraraðila gistiaðstöðunnar:

a) um þrjú stig fyrir matsölu,

b) um þrjú stig fyrir græn svæði/útisvæði sem gestir hafa aðgang að,

c) um þrjú stig fyrir aðstöðu til frístundastarfsemi og líkamsræktar en fimm stig ef aðstaðan til frístundastarfsemi og líkamsræktar er í heilsumiðstöð.

3. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 1. gr. ákvörðunar 2000/728/EB skal gjald vegna umsóknar lækkað um 75% þegar um er að ræða örfyrirtæki sem sækir um umhverfismerkið og er ekki kostur á frekari lækkun.

2. Þrátt fyrir ákvæði fyrsta málsliðar 5. mgr. 2.gr. ákvörðunar 2000/728/EB skal lágmarksárgjald örfyrirtækis fyrir notkun umhverfismerkisins vera 100 evrur.

3. Heildarsala allrar gistiaðstöðunnar í ferðaþjónustu á hverju ári skal reiknuð með því að margfalda afhendingarverðið með fjölda gistinátta og lækka töluna, sem þannig fæst, um 50%. Afhendingarverðið er meðalgjaldið sem gesturinn greiðir fyrir næturdvöl, þ.m.t. er öll þjónusta sem veitt er án sérstaks gjalds.

4. Lækkunin á lágmarksárgjaldinu, sem kveðið er á um í 6.–10 mgr. 2. gr. ákvörðunar 2000/728/EB, gildir.

4. gr.

Vistfræðilegar viðmiðanir fyrir vöruflokkinn „gistiaðstaða í ferðaþjónustu“ og viðeigandi kröfur vegna mats og sannprófunar skulu gilda í fjögur ár frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

5. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „025“ notað fyrir vöruflokkinn „gistiaðstaða í ferðaþjónustu“.

6. gr.

Ákvörðun 2003/287/EB er felld úr gildi.

7. gr.

1. Umsóknir um umhverfismerkið, sem falla undir vöruflokkinn "gistiaðstaða í ferðaþjónustu" og eru lagðar fram fyrir samþykktardag þessarar ákvörðunar, skulu metnar í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2003/287/EB.

2. Umsóknir um umhverfismerkið, sem falla undir vöruflokkinn "gistiaðstaða í ferðaþjónustu" og eru lagðar fram eftir samþykktardag þessarar ákvörðunar en eigi síðar en 31. október 2009, má byggja annaðhvort á viðmiðunum, sem settar eru fram í ákvörðun 2003/287/EB, eða á viðmiðunum sem settar eru fram í þessari ákvörðun.

Umsóknirnar skulu metnar í samræmi við viðmiðanirnar sem þær eru byggðar á.

3. Þegar umhverfismerkið er veitt á grundvelli umsóknar sem metin er í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í ákvörðun 2003/287/EB má nota það umhverfismerki í tólf mánuði frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

8. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. júlí 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros Dimas

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

RAMMI

Markmiðið með viðmiðununum

Markmiðið með þessum viðmiðunum er að takmarka helstu umhverfisáhrif á öllum þremur stigum þjónustuferlis gistiaðstöðu í ferðaþjónustu (innkaupum, veitingu þjónustunnar og úrgangi). Þeim er einkum ætlað að:

— draga úr orkunotkun,

— draga úr vatnsnotkun,

— draga úr myndun úrgangs,

— stuðla að notkun endurnýjanlegra auðlinda og ýta undir að valin séu umhverfisvænni efni en áður voru notuð,

— efla kynningu og fræðslu um umhverfismál.

Kröfur vegna mats og sannprófunar

Sértækar kröfur vegna mats og sannprófunar eru tilgreindar fyrir neðan hverja viðmiðun sem sett er fram í A- og B-þætti. Þar sem við á er heimilt að nota aðrar prófunaraðferðir og staðla en tilgreindir eru í hverri viðmiðun ef þar til bær stofnun, sem metur umsóknina, fellst á að aðferðirnar og staðlarnir séu jafngild. Ef þess er krafist að umsækjandi leggi fram yfirlýsingar, upplýsingaskjöl, niðurstöður greininga, prófunarskýrslur eða annað til staðfestingar á að farið sé að viðmiðunum ríkir sá skilningur að þessi plögg geti annaðhvort verið frá umsækjanda sjálfum og/eða birgjum hans eða undirbirgjum þeirra o.s.frv., eftir því sem við á.

Þar til bærar stofnanir skulu annast skoðanir á staðnum áður en leyfið er veitt.

Ef við á geta þar til bærar stofnanir krafist fylgiskjala og framkvæmt óháða sannprófun. Á gildistíma leyfisins skulu þar til bærar stofnanir hafa eftirlit með því að viðmiðanirnar séu uppfylltar.

Við mat á umsóknum og eftirlit með því að viðmiðanirnar séu uppfylltar er mælt með því að þar til bærar stofnanir taki tillit til þess hvort viðurkenndum umhverfisstjórnunarkerfum, svo sem umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) eða ISO 14001, er beitt. (Athugasemd: Þess er ekki krafist að slíkum stjórnunarkerfum sé beitt).

Almennar kröfur

Til að geta sótt um umhverfismerkið verður umsækjandinn að uppfylla lagalegar kröfur Bandalagsins og aðildarríkjanna og staðbundnar kröfur. Einkum skal eftirfarandi tryggt:

1. Byggingin sé reist löglega og í samræmi við öll gildandi lög og reglugerðir er varða svæðið þar sem hún er reist, einkum lög og reglugerðir í tengslum við landvernd og verndun lífræðilegrar fjölbreytni.

2. Gerð byggingarinnar sé í samræmi við lög og reglur Bandalagsins og hvers aðildarríkis fyrir sig og staðbundin lög og reglugerðir varðandi orkusparnað, vatnslindir, hreinsun og frárennsli vatns, söfnun og förgun úrgangs, viðhald og eftirlit tækja og öryggis- og heilbrigðisráðstafanir.

3. Fyrirtækið sé í rekstri og skráð, samkvæmt landslögum og/eða staðbundnum lögum, og starfsfólk þess sé löglega ráðið og tryggt.

A-ÞÁTTUR

LÖGBOÐNAR VIÐMIÐANIR SEM UM GETUR Í 1. MGR. 2. GR.

ORKA

1. **Raforka frá endurnýjanlegum orkugjöfum**

Að minnsta kosti 50% af allri raforku skulu koma frá endurnýjanlegum orkugjöfum, eins og þeir eru skilgreindir í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/77/EB ([1])

([1]) Stjtíð. EB L 283, 27.10.2001, bls. 33.

Þessi viðmiðun gildir ekki um um gistiaðstöðu í ferðaþjónustu sem hefur ekki aðgang að markaði þar sem raforka, sem er framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum, stendur til boða.

Bindandi samningsskilmálar (s.s. um sektir), sem gilda í a.m.k. tvö ár þegar skipt er um orkuveitu, geta talist vera "enginn aðgangur" að markaði þar sem í boði er raforka, sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá orkuveitunni (eða samning við hana) þar sem fram kemur eðli endurnýjanlega orkugjafans eða orkugjafanna, hve stór hundraðshluti raforkunnar, sem notuð er, kemur frá endurnýjanlegum orkugjafa, gögn um hitakatlana (varmagjafana) sem notaðir eru, ef einhverjir eru, og hve stór hundraðshluti raforkunnar getur verið frá endurnýjanlegum orkugjafa þegar best lætur. Samkvæmt tilskipun 2001/77/EB eru endurnýjanlegir orkugjafar skilgreindir sem orkugjafar sem eru ekki endurnýjanlegt jarðefnaeldsneyti (vindorka, sólarorka, jarðvarmaorka, öldu- og sjávarfallaorka, vatnsorka og orka úr lífmassa, hauggasi, gasi frá skólphreinsunarstöðvum og lífgasi). Hafi gistiaðstaðan í ferðaþjónustu ekki aðgang að markaði þar sem orka frá endurnýjanlegum orkugjöfum stendur til boða þarf að leggja fram gögn sem sýna að óskað hafi verið eftir endurnýjanlegri orku.

2. **Kol og svartolía**

Ekki skal nota nein kol sem orkugjafa og heldur ekki neina svartolíu sem inniheldur meira af brennisteini en 0,1%. Kol fyrir eldstæði til skrauts eru undanþegin þessari viðmiðun.

Þessi viðmiðun gildir einungis um gistiaðstöðu í ferðaþjónustu með sjálfstætt hitunarkerfi.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt og tilgreina eðli þeirra orkugjafa sem eru notaðir.

3. **Nýtni og varmaframleiðsla**

Ef ný tæki til varmaframleiðslu eru sett upp á gildistíma umhverfismerkisins skulu þau vera einingar fyrir samvinnslu með góða orkunýtni (samkvæmt skilgreiningunni í 3. gr. og III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB ([2]), varmadæla eða orkunýtinn ketill. Í síðara tilvikinu skal orkunýtni ketilsins vera fjögurra stjarna (u.þ.b. 92% við 50 °C og 95% við 70 °C), mæld samkvæmt tilskipun ráðsins 92/42/EBE ([3]), eða samkvæmt gildandi framleiðslustöðlum og reglum fyrir þá katla sem falla ekki undir ákvæði þessarar tilskipunar.

Heitavatnskatlar, sem fyrir eru og hitaðir með fljótandi eldsneyti eða gasi samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 92/42/EBE, skulu uppfylla staðla um nýtni, a.m.k sem svarar þremur stjörnum, eins og tilgreint er í tilskipuninni. Þær einingar fyrir samvinnslu raf- og varmaorku, sem fyrir eru, skulu vera í samræmi við skilgreininguna á góðri orkunýtni í tilskipun 2004/8/EB. Nýtni katla, sem falla ekki undir tilskipun 92/42/EBE, skal vera í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda, landslög og staðbundna löggjöf um nýtni, en að því er varðar slíka katla sem fyrir eru (að frátöldum lífmassakötlum) skal nýtni þeirra vera að lágmarki 88%.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram tækniforskrift frá þeim sem ber ábyrgð á sölu og/eða viðhaldi ketilsins þar sem nýtnin er tilgreind.

4. **Loftræsting**

Allar loftræstisamstæður til heimilisnota, sem keyptar voru á gildistíma umhverfismerkisins, skulu vera í orkunýtniflokki A eða ofar, eins og mælt er fyrir um í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/31/EB ([5]), eða vera með samsvarandi orkunýtni.

Athugasemd: Þessi viðmiðun gildir ekki um loftræstisamstæður sem geta einnig nýtt aðra orkugjafa, tæki sem flytja varma frá lofti til vatns eða frá vatni til vatns, eða einingar með afköst (kæligetu) sem eru meiri en 12 kW.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram tækniforskrift frá framleiðandanum eða faglærðum tæknimönnum sem bera ábyrgð á uppsetningu, sölu og/eða viðhaldi loftræstikerfisins.

([1]) Stjtíð. ESB L 52, 21.2.2004, bls. 50.

([2]) Stjtíð. EB L 167, 22.6.1992, bls. 17.

([3]) Í 3. gr. tilskipunar 92/42/EBE eru eftirfarandi katlar undanskildir: heitavatnskatlar, sem kynda má með mismunandi eldsneyti, þ.m.t. fast eldsneyti, gegnumstreymishitarar fyrir vatn, katlar, sem eru gerðir til að brenna eldsneyti sem að eiginleikum er verulega frábrugðið fljótandi eldsneyti og gasi sem er algengt á markaði (úrgangsgas frá iðnaði, lífgas o.s.frv.), eldavélar og búnaður sem er einkum ætlað að hita það rými, sem tækin eru sett upp í, og hitar auk þess vatn fyrir miðstöðvarkerfi og vatn til heimilishalds.

([4]) Stjtíð. EB L 86, 3.4.2002, bls. 26.

5. **Orkunýtni bygginga**

Gistiaðstaðan í ferðaþjónustu skal vera í samræmi við landslög og staðbundnar byggingareglugerðir varðandi orkunýtni og orkunýtingu bygginga.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram orkuvottun samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/91/EB ([6]) eða, ef það er ekki fyrir hendi í framkvæmdakerfi viðkomandi lands, niðurstöður úr orkuúttekt óháðs sérfræðings í orkunýtingu bygginga.

6. **Einangrun í gluggum**

Allir gluggar í upphituðum og/eða loftræstum herbergjum og sameiginlegu rými skulu vera nægilega vel varmaeinangraðir samkvæmt staðbundnum reglugerðum og með tilliti til loftslags á viðkomandi stað og hljóðeinangrun þeirra skal einnig vera viðunandi.

Allir gluggar í upphituðum og/eða loftræstum herbergjum og sameiginlegu rými, sem settir eru í eða endurnýjaðir eftir að umhverfismerki Bandalagsins hefur fengist, skulu vera í samræmi við tilskipun 2009/91/EB (4., 5. og 6. gr.) og tilskipun ráðsins 89/106/EBE ([7]) og tilheyrandi tæknireglugerðir hvers lands um sig að því er varðar framkvæmd þeirra.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá faglærðum tæknimanni um að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt upplýsingum um kólnunartölu (varmatapsstuðla, U-gildi). Umsækjandi skal leggja fram orkuvottun fyrir glugga sem uppfylla tilskipun 2002/91/EB eða yfirlýsingu frá verktakanum, sé orkuvottun ekki fyrir hendi í framkvæmdakerfi viðkomandi lands.

7. **Stjórnun upphitunar eða loftræstingar**

Ef ekki slokknar sjálfkrafa á hitunar- og/eða loftræstibúnaði þegar gluggar eru opnaðir skulu vera greinilegar upplýsingar til að minna gesti á að loka glugga eða gluggum ef hitunar- eða loftræstikerfi eru í gangi. Stök hitunar-/loftræstikerfi, sem sett eru upp eftir að vottun með umhverfismerki Bandalagsins hefur fengist, skulu búin sjálfvirkum slökkvibúnaði sem fer í gang þegar gluggar eru opnaðir.

Þessi viðmiðun gildir einungis um gistiaðstöðu í ferðaþjónustu þar sem er upphitun og/eða loftræsting.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt textanum með upplýsingunum sem miðlað er til gestanna (ef við á).

8. **Stjórnun lýsingar**

Ef herbergisljós slokkna ekki sjálfkrafa skulu vera greinilegar upplýsingar til gesta þar sem þeir eru beðnir um að slökkva ljós þegar þeir yfirgefa herbergið.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt og tilgreina hvernig upplýsingunum er komið á framfæri.

9. **Orkunýtnar ljósaperur**

a) Að minnsta kosti 80% allra ljósapera í gistiaðstöðunni í ferðaþjónustu skulu vera í orkunýtniflokki A eins og skilgreint er í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/11EB ([8]). Þetta gildir ekki um ljósabúnað sem er þeirrar gerðar að ekki er unnt að nota orkunýtnar perur.

b) Allar ljósaperur, sem eru á stöðum þar sem líklegt er að kveikt sé á þeim lengur en fimm klukkustundir á dag, skulu vera í orkunýtniflokki A, eins og skilgreint er í tilskipun 98/11/EB. Þetta gildir ekki um ljósabúnað sem er þeirrar gerðar að ekki er unnt að nota orkunýtnar perur.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að báðir þættir þessarar viðmiðunar hafi verið uppfylltir og tilgreina orkunýtniflokk þeirra ljósapera sem eru notaðar.

([1]) Stjtíð. EB L 1, 4.1.2003, bls. 65.
([2]) Stjtíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12.
([3]) Stjtíð. EB L 71, 10.3.1998, bls. 1.

10. **Tæki til hitunar utandyra**

Í gistiaðstöðunni í ferðaþjónustu skal einungis nota tæki sem knúin er með endurnýjanlegum orkugjöfum til að hita útisvæði, svo sem reykingasvæði eða veitingasvæði utandyra.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt og tilgreina eðli þeirra orkugjafa sem eru notaðir þegar um er að ræða tæki sem knúin eru með endurnýjanlegum orkugjöfum.

VATN

11. **Rennsli vatns úr krönum og sturtum**

Meðalrennsli úr krönum og sturtuhausum, að undanskildum eldhúskrönum og krönum við baðkör, skal ekki vera meira en 9 lítrar á mínútu.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt tilheyrandi gögnum, þ.m.t. skýringar á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt á gistiaðstöðunni í ferðaþjónustu.

12. **Ruslafötur á salernum**

Á hverju salerni skal vera ruslafata við hæfi og gestir skulu hvattir til að setja viðeigandi úrgang í fötuna í stað salernisins.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis þessi viðmiðun sé uppfyllt, ásamt viðeigandi gögnum varðandi upplýsingarnar til gestanna.

13. **Skolun þvagskála**

Allar þvagskálar skulu hafa annaðhvort sjálfvirkt (tímastillt) eða handvirkt skolunarkerfi til að koma í veg fyrir stöðuga skolun.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt viðeigandi gögnum um uppsettar þvagskálar.

14. **Skipti á handklæðum og lökum**

Gestir skulu upplýstir um umhverfisstefnu gistiaðstöðunnar í ferðaþjónustu við komu. Í upplýsingunum skal koma fram að skipt sé um lök og handklæði í herbergjunum þegar beðið er um það eða sjálfgefið eins oft og umhverfisstefna gistiaðstöðunnar í ferðaþjónustu segir til um eða eins og krafist er samkvæmt lögum og/eða lagaákvæðum viðkomandi lands. Þetta gildir einungis um gistiaðstöðu í ferðaþjónustu þar sem handklæði og/eða lök eru innifalin í þjónustunni.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt viðeigandi gögnum um það hvernig þessu er komið á framfæri við gestina og hvernig óskir gestanna eru virtar í gistiaðstöðunni í ferðaþjónustu.

15. **Rétt losun skólps**

Forsvarsmenn gistiaðstöðunnar í ferðaþjónustu skulu upplýsa gesti og starfsfólk um rétta aðferð við losun skólps til að forðast að í það berist efni sem gætu hindrað hreinsun skólps í samræmi við áætlanir sveitarfélagsins varðandi skólp og reglugerðir Bandalagsins. Ef sveitarfélagið er ekki með áætlun varðandi skólp skulu forsvarsmenn gistiaðstöðunnar í ferðaþjónustu leggja fram skrá yfir efni sem ekki má farga með skólpinu samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/118/EB ([1]).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt og viðeigandi gögn (áætlun um losun skólps, liggi hún fyrir, og upplýsingar fyrir gesti og starfsfólk).

([1]) Stjtíð. ESB L 372, 27.12.2006, bls. 19.

ÞVOTTA- OG HREINSIEFNI OG SÓTTHREINSIEFNI

16. **Sótthreinsiefni**

Sótthreinsiefni skulu því aðeins notuð að þau séu nauðsynleg til þess að uppfylla lögbundnar kröfur um hreinlæti.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt tilgreiningu á því hvar og hvenær sótthreinsiefni eru notuð.

ÚRGANGUR

17. **Þátttaka gesta í flokkun úrgangs**

Upplýsa skal gesti um hvernig og hvar þeir geta flokkað úrgang, samkvæmt bestu kerfum viðkomandi staðar eða lands, innan svæðanna sem gistiaðstaðan í ferðaþjónustu tilheyrir. Hentug ílát fyrir flokkun úrgangs skulu vera á herbergjunum eða skammt frá þeim.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt viðeigandi gögnum um upplýsingarnar sem miðlað er til gestanna og gögnum sem sýna hvar ílátin eru í gistiaðstöðunni í ferðaþjónustu.

18. **Flokkun úrgangs**

Flokka skal úrgang þannig að unnt sé að meðhöndla hvern flokk um sig í úrgangsmeðhöndlunarstöðvum sem starfa á staðar- eða landsvísu og skal sérstök aðgát höfð varðandi hættulegan úrgang, sem skal flokkaður sérstaklega og honum safnað og fargað samkvæmt skránni í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB ([1]) og skal leitast við að farga úrganginum á viðeigandi hátt. Skráin tekur til prentdufts, bleks, kæli- og rafbúnaðar, rafhlaða, orkunýtinna ljósapera, lyfja, fitu/olíu og raftækja, eins og tilgreint er í tilskipun 2002/96/EB ([2]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB ([3]).

Ef staðaryfirvöld annast ekki sérstaka söfnun og/eða förgun flokkaðs úrgangs skal forsvarsmaður gistiaðstöðunnar í ferðaþjónustu skrifa þeim og láta í ljós vilja sinn til að flokka úrgang og láta í ljós áhyggjur sínar vegna þess að ekki hefur verið komið á söfnun og/eða förgun flokkaðs úrgangs. Ef staðaryfirvöld annast ekki förgun hættulegs úrgangs skal umsækjandinn leggja árlega fram yfirlýsingu frá staðaryfirvöldum þess efnis að ekki hafi verið komið upp kerfi til að farga hættulegum úrgangi.

Beiðnin til staðaryfirvalda þess efnis að komið verði á söfnun og/eða förgun flokkaðs úrgangs skal lögð fram árlega.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt og tilgreina þá flokka úrgangs, sem staðaryfirvöld taka við, og/eða viðeigandi samninga við einkaaðila. Ef við á skal umsækjandinn leggja árlega fyrir staðaryfirvöld yfirlýsingu sama efnis.

19. **Einnota vörur**

Ekki skal nota snyrtivörur, svo sem hárþvottalög og sápu, í einnota umbúðum (umbúðum sem ekki eru endurfyllanlegar) og aðrar einnota vörur, svo sem baðhettur, bursta, naglaþjalir o.s.frv., nema þess sé krafist samkvæmt lögum. Sé notkunar slíkrar einnota vöru krafist samkvæmt lögum skal umsækjandinn bjóða gestum upp á báðar lausnirnar og hvetja þá með viðeigandi upplýsingum til að nota margnota vörur.

Einungis skal nota einnota drykkjarílát (bolla og glös), diska og hnífapör ef þau eru úr endurnýjanlegum hráefnum, lífbrjótanleg og myltast samkvæmt EN 13432.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt, ásamt viðeigandi gögnum þar sem fram kemur hvernig hún er uppfyllt (þ.m.t. vísun í löggjöf þar sem notkunar á einnota vörum er krafist) og samræmdar upplýsingar að því er varðar margnota vörur og/eða upplýsingarnar til gestanna þar sem þeir eru hvattir til að nota margnota vörur (ef við á).

Til að sýna fram á að einnota bollar og glös, diskar og hnífapör uppfylli þessa viðmiðun skulu fylgja gögn til staðfestingar því að farið sé að EN 13432.

([1]) Stjtíð. EB L 226, 6.9.2000, bls. 3.
([2]) Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 24.
([3]) Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 19.

20. **Notkun umbúða við morgunverð**

Engar stakskammtapakkningar skulu notaðar við morgunverð eða aðra matsölu, að undanskildu mjólkurviðbiti (s.s. smjör, smjörlíki og mjúkur ostur), súkkulaðismuráleggi og hnetusmjörsviðbiti, og sultum og mauki sem eru sérfæði fyrir sykursjúka, nema þess sé krafist samkvæmt lögum.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt greinargóðri lýsingu á því hvernig hún er uppfyllt í gistiaðstöðunni, auk skrár yfir vörur sem notaðar eru í stökum skömmtum og vísunar í löggjöf þar sem þessa er krafist.

ÖNNUR ÞJÓNUSTA

21. **Reykingabann í sameiginlegu rými**

Í öllu sameiginlegu rými innandyra skal vera svæði þar sem bannað er að reykja.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt.

22. **Almenningssamgöngur**

Gestir og starfsfólk skulu eiga greiðan aðgang að upplýsingum, í gegnum aðalsamskiptamiðil gistiaðstöðunnar í ferðaþjónustu, um hvernig nota megi almenningssamgöngur til að komast að og frá gistiaðstöðunni. Ef engar almenningssamgöngur við hæfi eru í boði skal veita upplýsingar um aðra vistvæna samgöngukosti.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt afriti af upplýsingaefninu sem liggur fyrir.

ALMENN STJÓRNUN

Umsækjendur, sem hafa umhverfisstjórnunarkerfi sem er skráð samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 ([1]) eða hafa hlotið vottun samkvæmt ISO-staðli 14001, uppfylla sjálfkrafa eftirfarandi viðmiðanir um almenna stjórnun, að undanskildum 27., 28. og 29. viðmiðun (gagnasöfnun og upplýsingar). Í þeim tilvikum er EMAS-skráning eða vottun samkvæmt ISO 14001 staðfesting á samræmi við þessar viðmiðanir.

23. **Eftirlit og viðhald á kötlum og loftræstikerfum**

Eftirlit og viðhald á kötlum og loftræstikerfum skal eiga sér stað a.m.k. árlega, en oftar ef þess er krafist samkvæmt lögum eða nauðsyn krefur, og það skal unnið af mönnum með viðeigandi starfsréttindi sem fylgja CEI-stöðlum eða landsstöðlum, ef þeir gilda, eða leiðbeiningum framleiðandans.

Viðhald loftræstikerfa (eftirlit með leka og viðgerðir) skal framkvæma samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 ([2]) í samræmi við það magn flúoraðra gasa (flúoraðra gróðurhúsalofttegunda) sem búnaðurinn inniheldur, sem hér segir::

— að minnsta kosti á tólf mánaða fresti á búnaði sem inniheldur 3 kg eða meira af flúoruðum gösum (þetta gildir ekki um búnað með loftþéttum kerfum, sem er merktur þannig og inniheldur minna en 6 kg af flúoruðum gróðurhúsalofttegundum),

— að minnsta kosti á sex mánaða fresti á búnaði sem inniheldur 30 kg eða meira af flúoruðum gösum,

— að minnsta kosti á þriggja mánaða fresti á búnaði sem inniheldur 300 kg eða meira af flúoruðum gösum.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að allir þættir þessarar viðmiðunar séu uppfylltir, ásamt lýsingu á kötlunum og viðhaldsáætlun varðandi þá og upplýsingar um einstaklinga/fyrirtæki sem annast viðhald þeirra og hvaða þættir eru skoðaðir í tengslum við eftirlitið.

([1]) Stjtíð. EB L 114, 24.4.2001, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 1.

Að því er varðar loftræstikerfi sem innihalda 3 kg eða meira af flúoruðum gösum skal umsækjandinn leggja fram skrár yfir magn og tegundir flúorgasa í búnaðinum, magnið sem bættist við og magnið sem var endurheimt meðan á viðhaldinu stóð, eftirlit og endanlega förgun og auðkenni fyrirtækisins eða tæknimannsins sem sá um eftirlitið eða viðhaldið, auk dagsetninga og niðurstaðna úr lekaeftirlitinu og viðeigandi upplýsingar þar sem ýmis staðbundinn búnaður, með meira en 30 kg af flúoruðum gösum, er sérstaklega tilgreindur.

24. **Umhverfisstefna og umhverfisáætlun**

Stjórnendur skulu fylgja stefnu sem miðar að vernd umhverfisins og semja einfalda yfirlýsingu um umhverfisstefnuna og nákvæma aðgerðaáætlun til að tryggja framkvæmd umhverfisstefnunnar.

Í aðgerðaáætluninni skulu tilgreind stefnumið um vistvænleika varðandi orku, vatn, íðefni og úrgang, þau skulu sett til tveggja ára í senn og taka skal tillit til valkvæðu viðmiðananna og gagna sem aflað er, liggi þau fyrir. Þar skal tilgreina þann einstakling sem verður umhverfisstjóri gistiaðstöðunnar í ferðaþjónustu og ber ábyrgð á að nauðsynlegum aðgerðum sé hrundið í framkvæmd og að stefnumiðunum verði náð. Almenningur skal hafa aðgang að umhverfisstefnunni. Taka skal tillit til athugasemda og svara gesta við spurningalistum eða gátlistum.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt afriti af umhverfisstefnunni eða stefnuyfirlýsingunni og aðgerðaáætluninni og hvernig tekið er tillit til athugasemda og viðbragða gesta.

25. **Fræðsla og þjálfun starfsfólks**

Af hálfu gistiaðstöðunnar í ferðaþjónustu skal upplýsa og fræða starfsfólkið, m.a. með skriflegum verklagsreglum eða handbókum, til að tryggja að ráðstöfunum á sviði umhverfismála verði hrundið í framkvæmd og í því skyni að auka vitund um vistvæna hegðun. Einkum skal taka tillit til eftirfarandi atriða:

Orkusparnaður:

— Starfsfólk skal þjálfað í því hvernig spara má orku.

Sparnaður á vatni:

— Starfsfólk skal þjálfað í því að kanna daglega hvort sýnilegur leki sé einhvers staðar og gera viðeigandi ráðstafanir eftir þörfum.

— Blómjurtir og útisvæði skulu að jafnaði vökvuð áður en sól er hæst á lofti eða eftir sólsetur, eftir því sem best hentar með tilliti til staðbundinna eða veðurfarslegra skilyrða.

— Starfsfólk skal upplýst um stefnu gistiaðstöðunnar í ferðaþjónustu varðandi 14. viðmiðun um skipti á handklæðum og fá fyrirmæli um hvernig á að fylgja henni.

Íðefni:

— Starfsfólki skal kennt að nota ekki meira af þvotta- og hreinsiefni og sótthreinsiefni en tilgreint er á umbúðum efnanna.

Úrgangur:

— Starfsfólk skal þjálfað í að safna, skilja að og farga úrgangi á viðeigandi hátt í flokkum sem hægt er að meðhöndla sérstaklega í úrgangsmeðhöndlunarstöðvum sem starfa á staðar- eða landsvísu eins og skilgreint er í 18. viðmiðun.

— Starfsfólk skal þjálfað í að safna, skilja að og farga hættulegum úrgangi á viðeigandi hátt samkvæmt skránni í ákvörðun 2000/532/EB og skilgreiningunni í 18. viðmiðun.

Allir nýir starfsmenn skulu hljóta nægilega fræðslu innan fjögurra vikna frá ráðningu og allir starfsmenn a.m.k. einu sinni á ári.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt upplýsingum um fræðsluáætlunina og inntak hennar og tilgreina skal hvaða starfsmenn hafa fengið fræðslu og þjálfun, hvers eðlis hún er og hvenær hún var veitt. Umsækjandinn skal einnig leggja fram afrit af verklagsreglum og tilkynningum til starfsfólks um öll framangreind atriði.

26. **Upplýsingar til gesta**

Forsvarsmenn gistiaðstöðunnar í ferðaþjónustu skulu veita gestum sínum, m.a. ráðstefnugestum, upplýsingar um umhverfisstefnu sína, þ.m.t. öryggis- og eldvarnaþættir, og hvetja þá til að leggja sitt af mörkum við framkvæmd hennar. Upplýsingarnar til gestanna skulu varða aðgerðirnar sem gripið hefur verið til í tengslum við umhverfisstefnuna og veita upplýsingar um umhverfismerki Bandalagsins. Í móttökunni skulu öllum gestum veittar þessar upplýsingar og þeir skulu fá í hendur spurningalista um skoðanir þeirra á umhverfisþáttum gistiaðstöðunnar í ferðaþjónustu. Tilkynningar, þar sem gestir eru hvattir til að styðja umhverfismarkmiðin, skulu vera sýnilegar, einkum í sameiginlegu rými og herbergjum.

Sértækar aðgerðir fyrir einstök rými skulu vera eftirfarandi:

Orka:

— Upplýsa skal gesti um það hvernig slökkt er á hitunar-/loftræstibúnaði og ljósum, skv. 7. og 8. viðmiðun, ef við á.

Vatn og skólp:

— Á baðherbergjum skulu vera nægilegar upplýsingar fyrir gesti um hvernig þeir geti stuðlað að vatnssparnaði í gistiaðstöðunni.

— Gestir skulu hvattir til að láta starfsfólk vita um hvers kyns leka.

— Á snyrtingum skulu vera veggspjöld þar sem gestir eru beðnir um að henda úrgangi í sorptunnur en ekki í salernin.

Úrgangur:

— Gestir skulu upplýstir um þá stefnu gistiaðstöðunnar í ferðaþjónustu að draga úr úrgangi og nota gæðavörur í stað einnota vara og þeir skulu hvattir til að nota margnota vörur, einnig þegar þess er krafist samkvæmt lögum að notaðar séu einnota vörur.

— Þeir skulu upplýstir um hvernig og hvar þeir geta flokkað úrgang, samkvæmt kerfum viðkomandi staðar eða lands, innan yfirráðasvæðis gistiaðstöðunnar og hvar þeir geta fargað hættulegum efnum.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt afritum af upplýsingum og tilkynningum til gesta og tilgreina aðferðir við dreifingu og söfnun upplýsinga spurningalista og með hvaða hætti svör eru tekin til greina.

27. **Gögn um orku- og vatnsnotkun**

Í gistiaðstöðunni í ferðaþjónustu skulu vera í gildi verklagsreglur um söfnun gagna um heildarorkunotkun (kWh) og eftirlit með þeim, notkun rafmagns og annarrar orku (kWh) og vatnsnotkun (í lítrum).

Gögnum skal safnað þar sem því verður við komið, mánaðarlega eða a.m.k. árlega, á því tímabili sem gistiaðstaðan í ferðaþjónustu er opin og þau skulu einnig gefin upp sem notkun fyrir hverja gistinótt og fyrir hvern m^2 innanhúss.

Forsvarsmenn gistiaðstöðunnar í ferðaþjónustu skulu árlega skýra þar til bærri stofnun, sem metur umsóknina, frá niðurstöðunum.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt lýsingu á aðferðunum sem notaðar eru. Við umsókn skal umsækjandinn leggja fram gögn um framangreinda notkun fyrir a.m.k. sex næstliðna mánuði (liggi þau fyrir) og síðan skal hann árlega leggja fram þessi gögn fyrir árið á undan eða fyrir tímabilið þegar opið er.

28. **Söfnun annarra gagna**

Í gistiaðstöðunni í ferðaþjónustu skulu vera í gildi verklagsreglur um söfnun gagna um notkun íðefna, sem gefin er upp í kílógrömmum og/eða lítrum, og eftirlit með þeim og tekið skal fram hvort efnin eru óblönduð eða ekki og tilgreint það magn úrgangs sem fellur til (lítrar og/eða kg óflokkaðs úrgangs).

Gögnum skal safnað þar sem því verður við komið, mánaðarlega eða a.m.k. árlega, og þau skulu líka gefin upp sem notkun eða framleiðsla fyrir hverja gistinótt og fyrir hvern m^2 innanhúss.

Forsvarsmenn gistiaðstöðunnar skulu árlega skýra þar til bærri stofnun, sem metur umsóknina, frá niðurstöðunum.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt lýsingu á aðferðunum sem notaðar eru. Við umsókn skal umsækjandinn leggja fram gögn um framangreinda notkun fyrir a.m.k. sex næstliðna mánuði (liggi þau fyrir) og síðan skal hann árlega leggja fram þessi gögn fyrir árið á undan eða fyrir tímabilið þegar opið er. Umsækjandinn skal tilgreina þá þjónustu sem stendur til boða og hvort þvottur er þveginn á staðnum.

29. **Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerkinu**

Eftirfarandi texti skal standa í reit 2 á umhverfismerkinu:

„Í þessari gistiaðstöðu í ferðaþjónustu eru gerðar ráðstafanir til að nota endurnýjanlega orkugjafa, spara orku og vatn, minnka úrgang og bæta umhverfi staðarins.“

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal tilgreina dæmi um fyrirhugaða notkun merkisins og leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt.

B-ÞÁTTUR

VALKVÆÐAR VIÐMIÐANIR SEM UM GETUR Í 1. OG 2. MGR., 2. GR.

Sérhverri viðmiðun, sem sett er fram í þessum þætti, hefur verið úthlutað gildi sem gefið er upp í stigum eða brotum úr stigum. Til þess að hægt sé að veita gistiaðstöðu í ferðaþjónustu umhverfismerkið verður hún að ná a.m.k. 20 stigum.

Heildarfjöldi stiga, sem krafist er, skal aukinn um 3 stig fyrir hverja af eftirfarandi tegundum viðbótarþjónustu sem stendur til boða og er undir stjórn eða í eigu rekstraraðila gistiaðstöðunnar:

— matsala (þ.m.t. morgunverður)

— aðstaða til frístundastarfsemi og líkamsræktar, þ.m.t. sánaböð, sundlaugar og hvers kyns önnur svipuð aðstaða á umráðasvæði gistiaðstöðunnar. Ef aðstaðan til frístundastarfsemi og líkamsræktar er í heilsumiðstöð skal fjölga stigunum, sem krafist er, um 5 í stað 3,

— græn svæði/útisvæði, þ.m.t. almenningsgarðar og ræktaðir garðar, sem eru opin gestum.

ORKA

30. **Framleiðsla rafmagns með endurnýjanlegum orkugjöfum (allt að 4 stig)**

Í gistiaðstöðunni í ferðaþjónustu skulu vera sólarrafhlöður (plötur/þiljur) eða rafmagnsframleiðsla með vatnsafls-, jarðvarma-, lífmassa- eða vindorkuveri sem framleiðir að lágmarki sem svarar 20% af heildarraforkunotkun á ári (2 stig).

Dreifikerfi gistiaðstöðunnar í ferðaþjónustu skal flytja tiltekið nettómagn af raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum (2 stig).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt gögnum um sólarrafhlöðurnar, vatnsaflsvirkjunina, jarðvarmavirkjunina, lífmassa- eða vindrafstöðvarnar, hver mikið þær geta framleitt og hver raunveruleg framleiðsla þeirra er og upplýsingar um raforkuflæði að og frá dreifikerfinu til að sýna fram á nettóframlag eða raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum til dreifikerfisins.

31. **Orka frá endurnýjanlegum orkugjöfum (allt að 2 stig)**

Af þeirri heildarorku, sem er notuð til að hita upp eða kæla niður herbergi eða til að hita upp grávatn skulu a.m.k. 70% fást með endurnýjanlegum orkugjöfum. (1,5 stig, 2 stig ef 100% af orku gistiaðstöðunnar í ferðaþjónustu, sem notuð er í þessum tilgangi, fást með endurnýjanlegum orkugjöfum).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt gögnum um orku, sem er notuð til að hita upp herbergi og vatn, og gögnum sem sýna fram á að a.m.k. 70% eða 100% þeirrar orku fáist með endurnýjanlegum orkugjöfum.

32. **Orkunýtni ketils (1,5 stig)**

Í gistiaðstöðunni í ferðaþjónustu skulu vera fjögurra stjarna katlar samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 92/42/EBE.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt fullnægjandi gögnum.

33. **NOx-losun ketilsins (1,5 stig)**

Katlarnir skulu vera í 5. flokki samkvæmt staðlinum EN 297 prA3 um stjórnun á NOx-losun og losunin frá þeim skal vera undir 60 mg NOx/kWh (gasþéttikatlar) eða70 mg NOx/kWh (aðrir gaskatlar með framleiðsluafköst allt að 120 kW).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt skýrslu eða tækniforskriftum frá faglærðu tæknimönnunum sem bera ábyrgð á sölu og/eða viðhaldi ketilsins.

34. **Fjarhitun (1,5 stig)**

Gistiaðstaðan í ferðaþjónustu skal hituð með varma frá skilvirkri fjarhitun, sem skilgreind er á eftirfarandi hátt að því er varðar umhverfismerkið.

Varminn myndast annaðhvort í samvinnslueiningum með góða orkunýtni, samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 2004/8/EB og öðrum gerningum framkvæmdastjórnarinnar sem samþykktir voru til beitingar þeirrar tilskipunar, eða í kötlum sem eingöngu framleiða varma og þar sem orkunýtni katlanna samsvarar eða er betri en viðeigandi viðmiðunargildi sem er fastsett með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/74/EB ([1]).

Að auki gildir eftirfarandi:

Lagnirnar í dreifikerfi fjarhitunarinnar skulu uppfylla kröfurnar sem eru settar fram í viðeigandi CEN-staðli fyrir slíkar lagnir.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt gögnum sem staðfesta tengingu við fjarhitun.

35. **Samþætt varma- og raforkuvinnsla – samvinnsla raf- og varmaorku (1,5 stig)**

Rafmagn og upphitun í gistiaðstöðunni í ferðaþjónustu skal koma frá samvinnslueiningum með góða orkunýtni samkvæmt tilskipun 2004/8/EB. Ef slík eining fyrir samvinnslu raf- og varmaorku er fyrir hendi í gistiaðstöðunni skal hita- og rafmagnsframleiðsla hennar standa undir a.m.k. 70% af heildarnotkun á hita og rafmagni á staðnum. Framleiðslan skal reiknuð í samræmi við aðferðina sem kveðið er á um í tilskipun 2004/8/EB.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt gögnum um samþætta varma- og raforkuverið.

36. **Varmadæla (allt að 2 stig)**

Í gistiaðstöðunni í ferðaþjónustu skal vera varmadæla sem sér fyrir varma til upphitunar og/eða fyrir varma fyrir loftræstisamstæðu (1,5 stig). Í gistiaðstöðunni skal vera varmadæla með umhverfismerki Bandalagsins eða öðru umhverfismerki af gerð I samkvæmt ISO-staðli (2 stig).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt gögnum um varmadæluna.

([1]) Stjtíð. ESB L 32, 6.2.2007, bls. 183.

37. **Varmaendurvinnsla (allt að 1,5 stig)**

Í gistiaðstöðunni í ferðaþjónustu skal vera varmaendurvinnslukerfi fyrir eitt (1 stig) eða tvennt (1,5 stig) af eftirfarandi: kælikerfi, viftur, þvottavélar, uppþvottavélar, sundlaug(ar) og skólp frá hreinlætisaðstöðu.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt gögnum um varmaendurvinnslukerfið.

38. **Hitastýring (1,5 stig)**

Hitastig sameiginlegs rýmis og herbergja skal stillt í hverju rými eða herbergi um sig.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt gögnum um hitastýrikerfið.

39. **Úttekt á orkunýtingu bygginga (1,5 stig)**

Óháður sérfræðingur skal gera úttekt á gistiaðstöðunni í ferðaþjónustu annað hvert ár og á vegum hennar skal hrundið í framkvæmd a.m.k. tvennum tilmælum um að bæta orkunýtingu sem sett eru fram á grundvelli niðurstöðu úttektarinnar.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram úttektarskýrsluna um orkunýtinguna og leggja fram greinargóð gögn um það hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni.

40. **Loftræsting (allt að 2 stig)**

Orkunýting allra loftræstisamstæðna til heimilisnota í gistiaðstöðunni er 15% betri en sem nemur viðmiðunarmörkunum fyrir A-flokk í tilskipun 2002/31/EB (1,5 stig). Orkunýting allra loftræstisamstæðna til heimilisnota í gistiaðstöðunni er a.m.k. 30% betri en sem nemur viðmiðunarmörkunum fyrir A-flokk í tilskipun 2002/31/EB (2 stig).

Þessi viðmiðun gildir ekki um loftræstisamstæður sem geta einnig nýtt aðra orkugjafa, tæki sem flytja varma frá lofti til vatns eða frá vatni til vatns, eða einingar með afköst (kæligetu) sem eru meiri en 12 kW.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram viðeigandi gögn til staðfestingar því að farið sé að viðmiðuninni.

41. **Sjálfvirk stöðvun loftræsti- og hitunarkerfa (1,5 stig)**

Sjálfvirkt kerfi skal sjá til þess að stöðva loftræstisamstæðu og hitunarkerfi í herbergjum þegar gluggar eru opnir.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram tækniforskrift frá faglærðum tæknimönnum sem bera ábyrgð á uppsetningu, sölu og/eða viðhaldi loftræstikerfisins.

42. **Lífveðurfræðileg byggingarlist (3 stig)**

Gistiaðstaðan í ferðaþjónustu skal byggð í samræmi við meginreglur lífveðurfræðilegrar byggingarlistar.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni ásamt viðeigandi gögnum.

43. **Orkunýtnir kæliskápar (1 stig), ofnar (1 stig), uppþvottavélar (1 stig), þvottavélar (1 stig), þurrkarar (1 stig) og skrifstofubúnaður (1 stig) — (að hámarki 3 stig)**

a) (1 stig): Allir kæliskápar til heimilisnota skulu vera í orkunýtniflokki A+ eða A++ samkvæmt tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/2/EB ([1]) og allir smákælar eða smábarir skulu vera a.m.k. í orkunýtniflokki B.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram gögn þar sem orkunýtniflokkur allra kæliskápa, smákæla og smábara er tilgreindur.

([1]) Stjtíð. EB L 45, 17.2.1994, bls. 1.

b) (1 stig): Allir rafmagnsbakarofnar til heimilisnota skulu vera í orkunýtniflokki A eins og mælt er fyrir um í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/40/EB ([1])

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram gögn þar sem orkunýtniflokkur allra rafmagnsbakarofna til heimilisnota er tilgreindur.

Athugasemd: Þessi viðmiðun gildir ekki um ofna sem ekki eru knúnir raforku eða falla að öðru leyti ekki undir tilskipun 2002/40/EB (t.d. iðnaðarofna).

c) (1 stig): Allar uppþvottavélar til heimilisnota skulu vera í orkunýtniflokki A eins og mælt er fyrir um í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/17/EB ([2]).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram gögn þar sem orkunýtniflokkur allra uppþvottavéla er tilgreindur.

Athugasemd: Þessi viðmiðun gildir ekki um uppþvottavélar sem ekki falla undir tilskipun 97/17/EB (t.d. uppþvottavélar til iðnaðarnota).

d) (1 stig): Allar þvottavélar til heimilisnota skulu vera í orkunýtniflokki A eins og mælt er fyrir um í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/12/EB ([3]).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram gögn þar sem orkunýtniflokkur allra þvottavéla er tilgreindur.

Athugasemd: Þessi viðmiðun gildir ekki um þvottavélar sem ekki falla undir tilskipun 95/12/EB (t.d. þvottavélar til iðnaðarnota).

e) (1 stig): Að minnsta kosti 80% skrifstofubúnaðar (einkatölvur, skjáir, bréfasímar, prentarar, skannar, ljósritunarvélar) skulu uppfylla viðmiðanir fyrir Orkustjörnuna eins og mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 106/2008 ([4]) og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/168/EB ([5]).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram gögn þess efnis að skrifstofubúnaðurinn uppfylli kröfur Orkustjörnunnar.

f) (1 stig): Allar rafknúnir þurrkarar skulu vera í orkunýtniflokki A eins og mælt er fyrir um í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/13/EB ([6]).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram gögn þar sem orkunýtniflokkur allra rafknúinna þurrkara er tilgreindur.

Athugasemd: Þessi viðmiðun gildir ekki um rafknúna þurrkara sem ekki falla undir tilskipun 95/13/EB (t.d. þurrkara til iðnaðarnota).

44. **Rafknúnar hand- og hárþurrkur með nándarnema (allt að 2 stig)**

Allar rafknúnar handþurrkur (1 stig) og hárþurrkur (1 stig) skulu búnar nándarnema eða hafa hlotið umhverfismerki af gerð I samkvæmt ISO-staðli.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi fylgiskjöl um það hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni.

([1]) Stjtíð. EB L 128, 15.5.2002, bls. 45.
([2]) Stjtíð. EB L 118, 7.5.1997, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB L 136, 21.6.1995, bls. 1.
([4]) Stjtíð. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 1.
([5]) Stjtíð. ESB L 67, 12.3.2003, bls. 22.
([6]) Stjtíð. EB L 136, 21.6.1995, bls. 28.

45. **Staðsetning kæliskápa (1 stig)**

Kæliskápnum eða kæliskápunum í eldhúsi, á veitingastað og bar skal komið fyrir í samræmi við meginreglur um orkusparnað og þeir stilltir í samræmi við sömu reglur til að minnka orkusóun.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni.

46. **Sjálfvirk stjórnun ljósa í herbergjum (1,5 stig)**

Sjálfvirkt kerfi, sem slekkur ljósin þegar gestir hverfa úr herbergjum, skal vera í 95% húsnæðis gistiaðstöðunnar í ferðaþjónustu.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram tækniforskrift frá faglærðum tæknimönnum sem bera ábyrgð á uppsetningu og/eða viðhaldi þessara kerfa.

47. **Tímamælir fyrir sánaböð (1 stig)**

Í öllum sánaböðum og tyrkneskum böðum skal vera tímamælir eða verklagsreglur fyrir starfsfólk um að slökkva og kveikja á þeim.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram tækniforskrift frá faglærðum tæknimönnum sem bera ábyrgð á uppsetningu og/eða viðhaldi þessara kerfa.

48. **Hitun sundlauga með endurnýjanlegum orkugjöfum (allt að 1,5 stig)**

Orka, sem notuð er til að hita sundlaugarvatn, skal fást með endurnýjanlegum orkugjöfum. Að minnsta kost 50%: 1 stig, 100%: 1,5 stig.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt gögnum um orku, sem notuð er til að hita sundlaugarvatn, og gögnum sem sýna fram á hversu mikill hluti orkunnar er fenginn með endurnýjanlegum orkugjöfum.

49. **Sjálfvirk stjórnun ljósa utanhúss (1,5 stig)**

Ljós utanhúss, sem ekki eru nauðsynleg af öryggisástæðum, skulu slökkt með sjálfvirkum búnaði eftir ákveðinn tíma eða kveikt með nándarnema.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram tækniforskrift frá faglærðum tæknimönnum sem bera ábyrgð á uppsetningu og/eða viðhaldi þessara kerfa.

VATN

50. **Notkun regnvatns (2 stig) og endurnýtts vatns (2 stig)**

a) (2 stig): Regnvatni skal safnað og það notað til annars en í heimilishaldi og ekki sem drykkjarvatn.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni í ferðaþjónustu ásamt viðeigandi fylgigögnum og færa sönnur á að grávatni og drykkjarvatni sé algerlega haldið aðskildu frá regnvatninu.

b) (2 stig): Endurnýttu vatni skal safnað og það notað til annars en í heimilishaldi og ekki sem drykkjarvatn.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni í ferðaþjónustu ásamt viðeigandi fylgigögnum og færa sönnur á að grávatni og drykkjarvatni sé algerlega haldið aðskildu frá endurnýtta vatninu.

51. **Sjálfvirkt vökvunarkerfi fyrir útisvæði (1,5 stig)**

Gistiaðstaðan í ferðaþjónustu skal nota sjálfvirkt kerfi sem finnur bestu vökvunartíma fyrir útiplöntur/gras og nýtir vatnið eins vel og unnt er.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni ásamt viðeigandi fylgigögnum.

52. **Rennsli vatns úr krönum og sturtuhausum (1,5 stig)**

Meðalrennsli úr öllum krönum og sturtuhausum, að undanskildum baðkrönum, skal ekki vera meira en 8 lítrar á mínútu.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni ásamt viðeigandi fylgigögnum.

53. **Skolun salerna (1,5 stig)**

Að minnsta kosti 95% salerna skulu skolast með sex lítrum vatns eða minna við fulla skolun.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni ásamt viðeigandi fylgigögnum.

54. **Vatnsnotkun uppþvottavélar (1 stig)**

Vatnsnotkun uppþvottavélarinnar (gefin upp sem $W_{(mælt)}$) skal vera minni eða jöfn mörkunum, sem eru skilgreind í jöfnunni hér á eftir, miðað við sömu prófunaraðferð samkvæmt EN 50242 og sama þvottakerfi og var valið fyrir tilskipun 97/17/EB:

$$W_{(mælt)} \leq (0{,}625 \times S) + 9{,}25$$

þar sem:

$W_{(mælt)}$ = mæld vatnsnotkun uppþvottavélarinnar í lítrum í einum þvotti, gefin upp með einum aukastaf,

S = fjöldi borðbúnaðareininga af staðalstærð sem uppþvottavélin getur tekið.

Viðmiðunin gildir eingöngu um uppþvottavélar til heimilisnota.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram tækniforskrift frá faglærðum tæknimönnum sem bera ábyrgð á framleiðslu, sölu eða viðhaldi uppþvottavélanna eða staðfestingu þess að uppþvottavélarnar hafi hlotið umhverfismerki Bandalagsins.

55. **Vatnsnotkun þvottavélar (1 stig)**

Þvottavélarnar, sem notaðar eru af gestum og starfsfólki gistiaðstöðunnar eða þvottahúsi sem þjónar gistiaðstöðunni, skulu ekki nota meira en 12 lítra af vatni á hvert kílógramm af þvotti, mælt samkvæmt EN 60456, þar sem notað er sama staðlaða 60 °C þvottakerfið fyrir baðmull og var valið fyrir tilskipun 95/12/EB.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram tækniforskrift frá faglærðum tæknimönnum sem bera ábyrgð á framleiðslu, sölu eða viðhaldi þvottavélanna eða staðfestingu þess að þvottavélarnar hafi hlotið umhverfismerki Bandalagsins. Forsvarsmenn gistiaðstöðunnar í ferðaþjónustu skulu leggja fram tæknigögn frá þvottahúsinu sem þjónar gistiaðstöðunni sem staðfesta að þvottavél þeirra uppfylli þessa viðmiðun.

56. **Hiti og rennsli kranavatns (1 stig)**

Unnt skal vera að stjórna nákvæmlega og stöðugt hita og rennsli vatns í a.m.k. 95% krana.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni ásamt viðeigandi fylgigögnum.

57. **Tímamælar fyrir sturtur (1,5 stig)**

Allar sturtur í aðstöðu starfsfólks, á útisvæðum og í sameiginlegu rými skulu vera með tímamæli/nema sem rýfur vatnsstreymi eftir ákveðinn tíma eða þegar sturtan er ekki í notkun.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni ásamt viðeigandi fylgigögnum.

58. **Yfirbreiðsla sundlaugar (1 stig)**

Breiða skal yfir sundlaug, sem er full af vatni, að næturlagi og ef hún stendur ónotuð lengur en einn dag til að koma í veg fyrir að vatnið kólni og til að draga úr uppgufun.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni ásamt viðeigandi fylgigögnum.

59. **Hálkueyðing (allt að 1,5 stig)**

Sé nauðsynlegt að eyða hálku af vegum skal gera það með vélrænum hætti eða nota sand/möl til að öruggt sé að ferðast um vegi í gistiaðstöðunni þrátt fyrir ís/snjó (1,5 stig).

Séu íðefni notuð til að eyða hálku skal nota efni sem innihalda að hámarki 1% klóríðjónir (Cl-) (1 stig) eða hálkueyði sem hlotið hefur umhverfismerki Bandalagsins eða önnur umhverfismerki, lands- eða svæðisbundin, af gerð I samkvæmt ISO-staðli (1,5 stig).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni ásamt viðeigandi fylgigögnum.

60. **Upplýsingar um vatnshörku (allt að 2 stig)**

Ef ekki er notað sjálfvirkt skömmtunarkerfi (1 stig), sem nýtir þvotta- og hreinsiefni sem allra best í samræmi við hörku vatnsins, skulu vera til sýnis nálægt þvottaaðstöðu/þvottavélum/uppþvottavélum upplýsingar um hörku vatnsins (1 stig) á staðnum til að gestir og starfsfólk geti nýtt þvotta- og hreinsiefni betur.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt viðeigandi gögnum um það hvernig þessu er komið á framfæri við gestina.

61. **Vatnssparandi þvagskálar (1,5 stig)**

Við skolun allra þvagskála skal nota vatnslaust kerfi eða handvirkt/sjálfvirkt kerfi þannig að hver skál sé einungis skoluð við notkun og þá aðeins einu sinni.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóð fylgigögn um það hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni í ferðaþjónustu.

62. **Heimahagategundir notaðar til nýrrar plöntunar utandyra (1 stig)**

Við alla plöntun trjáa og limgerða á útisvæðum skal nota heimahagaplöntutegundir.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi forskrift að því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni í ferðaþjónustu ásamt viðeigandi fylgigögnum frá sérfræðingi.

ÞVOTTA- OG HREINSIEFNI OG SÓTTHREINSIEFNI

63. **Þvotta- og hreinsiefni (allt að 3 stig)**

Að minnsta kosti 80% af þvotta- og hreinsiefni, sem er notað til uppþvottar í höndum, og/eða þvottaefni fyrir uppþvottavélar og/eða þvottavélar og/eða alhliða hreinsiefnum og/eða þvottaefni fyrir hreinlætistæki og/eða sápum og hárþvottalegi, sem notað er í gistiaðstöðunni í ferðaþjónustu, skulu hafa hlotið umhverfismerki Bandalagsins eða önnur umhverfismerki, lands- eða svæðisbundin, af gerð I samkvæmt ISO-staðli (1 stig fyrir hvern þessara flokka þvotta- og hreinsiefna, að hámarki 3 stig).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram gögn (m.a. viðeigandi reikninga) sem sýna hve mikið er notað af þessum vörum og hve mikið af þeim eru vörur sem hafa hlotið umhverfismerkið.

64. **Innan- og utanhússmálning og -lakk (allt að 2 stig)**

Við málun innan- og/eða utanhúss skulu a.m.k. 50% málningar og lakks í gistiaðstöðunni í ferðaþjónustu hafa hlotið umhverfismerki Bandalagsins eða önnur umhverfismerki, lands- eða svæðisbundin, af gerð I samkvæmt ISO-staðli. (1 stig fyrir innanhússmálningu og -lakk, 1 stig fyrir utanhússmálningu og -lakk)

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram gögn (m.a. viðeigandi reikninga) sem sýna hve mikið er notað af þessum vörum og hve mikið af þeim eru vörur sem hafa hlotið umhverfismerkið.

65. **Stuðningur við aðra kosti en tilbúna grillkveikjara (1 stig)**

Auk tilbúinna grill- og arinkveikivara skal bjóða til sölu eða afnota í gistiaðstöðunni í ferðaþjónustu aðrar vörur sem komið geta í staðinn, s.s. repjuolíu og hampvörur.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt.

66. **Sundlaugar: Skammtar af sótthreinsiefni (1 stig) eða náttúrulegar/vistvænar sundlaugar (1 stig)**

Í sundlaug skal vera búnaður með sjálfvirku skömmtunarkerfi sem notar aðeins það lágmarksmagn sótthreinsiefnis sem þarf til að tryggja viðeigandi hreinlæti (1 stig)

eða

sundlaugin skal vera vistvæn/náttúruleg og eingöngu skal notast við náttúrulega þætti til að tryggja hreinlæti og öryggi gestanna (1 stig).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram tæknigögn um sjálfvirka skömmtunarkerfið eða um gerð vistvænu/náttúrulegu sundlaugarinnar og viðhald hennar.

67. **Vélræn hreinsun (1 stig)**

Í gistiaðstöðunni í ferðaþjónustu skulu vera til taks nákvæmar verklagsreglur um hvernig megi beita íðefnafrírri hreinsun, svo sem hreinsun með örtrefjum eða hreinsiefnum án íðefna eða öðrum aðferðum sem skila sama árangri.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni ásamt viðeigandi fylgigögnum ef við á.

68. **Lífræn garðvinna (2 stig)**

Útisvæði skulu annaðhvort ræktuð án þess að nokkur varnarefni séu notuð eða í samræmi við meginreglur í lífrænum búskap, eins og mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ([1]) eða eins og mælt er fyrir um í landslögum eða viðurkenndu landskerfi fyrir lífræna ræktun.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni ásamt viðeigandi fylgigögnum ef við á.

69. **Efni sem fæla skordýr og meindýr (allt að 2 stig)**

Hönnun gistiaðstöðunnar í ferðaþjónustu og hollustuhættir (svo sem bygging húsa á stólpum til að koma í veg fyrir að rottur komist inn og notkun flugnaneta og -vafninga) skulu sjá til þess að notkun efna sem fæla skordýr og meindýr sé í algeru lágmarki í gistiaðstöðunni (1 stig).

Séu notuð efni til að fæla skordýr og meindýr skulu einungis notuð efni sem leyfð eru í lífrænum búskap (sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007) eða efni sem hafa hlotið umhverfismerki Bandalagsins eða önnur umhverfismerki, lands- eða svæðisbundin, af gerð I samkvæmt ISO-staðli (1 stig).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni ásamt viðeigandi fylgigögnum ef við á.

ÚRGANGUR

70. **Moltugerð (allt að 2 stig)**

Í gistiaðstöðunni skal skilja frá lífrænan úrgang (garðaúrgangur 1 stig, eldhúsúrgangur 1 stig) og tryggja að hann sé notaður til moltugerðar í samræmi við leiðbeiningar staðaryfirvalda (t.d. undir umsjón staðaryfirvalda, gistiaðstöðunnar sjálfrar eða einkafyrirtækis).

([1]) Stjtíð. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni ásamt viðeigandi fylgigögnum ef við á.

71. **Einnota drykkjarílát (2 stig)**

Drykkjarvörur í einnota ílátum skulu ekki vera í boði á svæðum sem eru í eigu gistiaðstöðunnar í ferðaþjónustu eða eru undir beinni stjórn hennar.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt tilgreiningu á því hverjar af þessum einnota vörum eru notaðar, ef einhverjar, og hvaða lög gera kröfu um þessa notkun.

72. **Förgun feiti/olíu (allt að 2 stig)**

Fituskiljur skulu settar upp og safna skal saman feiti/olíu, sem er notuð við steikingu á pönnu eða djúpsteikingu, og farga á viðeigandi hátt (1 stig).

Gestum býðst viðeigandi förgun á eigin feiti/olíu þar sem við á (t.d. í íbúðum) (1 stig).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni ásamt viðeigandi fylgigögnum.

73. **Notaðar textílvörur, húsgögn og aðrar vörur (allt að 2 stig)**

Notuð húsgögn, textílvörur og aðrar vörur, t.d. rafeindabúnaður, skulu gefin til góðgerðarmála samkvæmt stefnu gistiaðstöðunnar í ferðaþjónustu (2 stig) eða seld (1 stig) samtökum sem taka við og dreifa slíkum vörum.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni ásamt viðeigandi fylgigögnum frá viðkomandi samtökum.

ÖNNUR ÞJÓNUSTA

74. **Gróður á þökum (2 stig)**

A.m.k. 50% þeirra bygginga gistiaðstöðunnar í ferðaþjónustu sem hafa þök sem henta til þess að setja gróður á (flöt þök eða hallalítil) og eru ekki notuð í öðrum tilgangi skulu vera torfþök eða með öðrum gróðri.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni ásamt viðeigandi fylgigögnum.

75. **Orðsendingar og fræðsla um umhverfismál (allt að 3 stig)**

Af hálfu gistiaðstöðunnar í ferðaþjónustu skal beina orðsendingum og fræðslu til gesta um fjölbreytni í lífríki staðarins, landslag og náttúruverndaraðgerðir (1,5 stig). Afþreying fyrir gesti skal fela í sér þætti sem tengjast umhverfisfræðslu (1,5 stig).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni ásamt viðeigandi fylgigögnum.

76. **Reykingar bannaðar í sameiginlegu rými og herbergjum (allt að 1,5 stig)**

Reykingar skulu bannaðar í öllu sameiginlegu rými innandyra og í a.m.k. 70% (1 stig) eða í a.m.k. 95% herbergja (1,5 stig).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal tilgreina fjölda og eðli svæðanna og tilgreina hver þeirra eru reyklaus.

77. **Reiðhjól (1,5 stig)**

Gestir skulu hafa afnot af reiðhjólum. (Að minnsta kosti 3 reiðhjól fyrir hver 50 herbergi).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni.

78. **Skutlþjónusta (1 stig)**

Af hálfu gistiaðstöðunnar í ferðaþjónustu skal bjóða gestum, sem nota almenningssamgöngur, upp á umhverfisvæna skutlþjónustu, t.d. með rafknúnum bifreiðum eða hestasleðum, við komu.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni og gefa dæmi um það hvernig þessum upplýsingum er miðlað til gesta.

79. **Skilaflöskur eða margnota flöskur (allt að 3 stig)**

Í gistiaðstöðunni í ferðaþjónustu skal boðið upp á drykki í skilaflöskum/margnota flöskum: gosdrykki (1 stig), bjór (1 stig), vatn (1 stig).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni ásamt viðeigandi fylgigögnum frá flöskubirgjunum.

80. **Notkun á endurhlaðanlegum/áfyllanlegum vörum (allt að 2 stig)**

Í gistiaðstöðunni í ferðaþjónustu skal einungis nota endurhlaðanlegar rafhlöður fyrir sjónvarpsfjarstýringar (1 stig) og/eða áfyllanleg prentdufthylki fyrir prentara og ljósritunarvélar (1 stig).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni ásamt viðeigandi fylgigögnum frá rafhlöðubirgjunum og/eða frá þeim aðilum sem sjá um að fylla á prentdufthylkin.

81. **Pappírsvörur (allt að 3 stig)**

Að minnsta kosti 80% af salernis-/hreinlætispappír og/eða skrifstofupappír og/eða prentuðum pappír, sem er notaður í gistiaðstöðunni í ferðaþjónustu, skulu hafa hlotið umhverfismerki Bandalagsins eða önnur umhverfismerki, lands- eða svæðisbundin, af gerð I samkvæmt ISO-staðli (1 stig fyrir hvern þessara þriggja flokka pappírsvara).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram gögn (m.a. viðeigandi reikninga) sem sýna hve mikið er notað af þessum vörum og hve mikið af þeim eru vörur sem hafa hlotið umhverfismerkið.

82. **Varanlegar neysluvörur (allt að 3 stig)**

Að minnsta kosti 30% af hvers kyns varanlegum neysluvörum (svo sem rúmfötum, handklæðum, borðdúkum, einkatölvum, fartölvum, sjónvarpstækjum, dýnum, húsgögnum, þvottavélum, uppþvottavélum, kæliskápum, ryksugum, gólfefnum, ljósaperum) sem eru í notkun í gistiaðstöðunni, þ.m.t. leigt gistirými, skulu hafa hlotið umhverfismerki Bandalagsins eða önnur umhverfismerki, lands- eða svæðisbundin, af gerð I samkvæmt ISO-staðli (1 stig fyrir hvern af allt að þremur flokkum varanlegra neysluvara).

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram gögn sem sýna hvað gististaðurinn í ferðaþjónustu á mikið af þessum vörum og hve mikill hluti þeirra hefur hlotið umhverfismerkið.

83. **Matvæli úr heimahéraði (allt að 3 stig)**

Bjóða skal upp á a.m.k. tvær matvælategundir úr heimahéraði sem tilheyra árstíðinni (á við um ferska ávexti og grænmeti) í hverri máltíð, þ.m.t. morgunverður (1,5 stig).

Ef við á skal banna neyslu á afurðum úr tegundum í útrýmingarhættu, sem lifa á staðnum, svo sem tilteknum fisk- og krabbadýrategundum, „villibráð“ („bushmeat“) og rækju frá eldissvæðum sem stofna fenjaviðarskógum í hættu (1,5 stig).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt viðeigandi fylgigögnum.

84. **Lífrænt ræktuð matvæli (allt að 2 stig)**

Megininnihaldsefni a.m.k. tveggja rétta (1 stig) eða allra rétta á matseðli, þ.m.t. morgunverður, (2 stig) skulu vera ræktuð með aðferðum lífræns búskapar, eins og mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 834/2007, eða framleidd í samræmi við umhverfismerki I samkvæmt ISO-staðli.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt viðeigandi fylgigögnum.

85. **Loftgæði innandyra (allt að 4 stig)**

Tryggja skal ákjósanlegustu loftgæði innandyra í gistiaðstöðunni í ferðaþjónustu með annarri af eftirfarandi ráðstöfunum eða báðum:

— Herbergin og sameiginlegt rými skulu vera í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. lið I. viðauka við tilskipun 89/106/EBE og þar skal einungis vera málning, skreytingar, húsgögn og önnur efni sem hlotið hafa vottun umhverfismerkis Bandalagsins eða annars umhverfismerki af gerð I samkvæmt ISO-staðli að því er varðar litla losun lofttegunda (2 stig).

— Herbergin og sameiginlegt rými skulu vera laus við ilmefni, lökin, handklæðin og textílefni skulu þvegin með ilmefnalausu þvottaefni (1 stig) og við þrif skal nota efni og vörur sem eru án ilmefna (1 stig).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt viðeigandi fylgigögnum. Að því er varðar kröfuna um efni og vörur án ilmefna skal það teljast fullnægjandi að lagður sé fram listi yfir efnisþætti/innihaldsefni ilmefnalausu efnanna og varanna sem notuð eru við þvotta og þrif.

ALMENN STJÓRNUN

86. **EMAS-skráning (3 stig), ISO-vottun (2 stig) gistiaðstöðunnar í ferðaþjónustu**

Gistiaðstaðan í ferðaþjónustu skal skráð samkvæmt umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) (3 stig) eða vottuð samkvæmt staðlinum ISO 14001 (2 stig).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi staðfestingu á EMAS-skráningu eða vottun samkvæmt ISO-staðli 14001.

87. **EMAS-skráning (3 stig) eða ISO-vottun (1,5 stig) birgja**

Að minnsta kosti einn af helstu birgjum eða þjónustuveitendum gistiaðstöðunnar í ferðaþjónustu skal hafa EMAS-skráningu (1,5 stig) eða vottun samkvæmt ISO-staðli 14001 (1 stig).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi staðfestingu á EMAS-skráningu eða vottun samkvæmt ISO-staðli 14001 fyrir a.m.k. einn af helstu birgjum sínum.

88. **Staðfesting á því að undirverktakar uppfylli lögboðnar viðmiðanir (allt að 4 stig)**

Þar sem undirverktaki sér um viðbótarþjónustu varðandi matvæli eða aðstöðu til frístundastarfsemi/líkamsræktar skal sú þjónusta vera í samræmi við allar lögboðnar viðmiðanir þessa viðauka sem eiga við um þá sérþjónustu (2 stig fyrir hverja tegund þjónustu varðandi matvæli og drykkjarvöru og/eða aðstöðu til frístundastarfsemi og líkamsræktar sem er til staðar í gistiaðstöðunni í ferðaþjónustu).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi gögn um samninga sem hann hefur gert við undirverktaka sína varðandi það að undirverktakarnir uppfylli lögboðnar viðmiðanir.

89. **Orku- og vatnsmælar (1 stig)**

Í gistiaðstöðunni í ferðaþjónustu skulu vera viðbótarmælar sem settir eru upp til að safna gögnum um orku- og vatnsnotkun í mismunandi starfsemi og/eða orku- og vatnsnotkun véla, t.d. í herbergjum, þvottahúsi og eldhúsi og/eða notkun einstakra tækja, s.s. ísskápa, þvottavéla o.s.frv.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram greinargóða lýsingu á því hvernig þessi viðmiðun er uppfyllt í gistiaðstöðunni og greiningu á þeim gögnum sem aflað er (liggi þau fyrir).

90. **Frekari aðgerðir á sviði umhverfismála (að hámarki 3 stig)**

Annaðhvort

a) Frekari aðgerðir á sviði umhverfismála (allt að 1,5 stig fyrir hverja aðgerð, að hámarki 3 stig): Stjórnendur gistiaðstöðunnar í ferðaþjónustu skulu grípa til aðgerða til að auka vistvænleika hennar, til viðbótar þeim aðgerðum sem kveðið er á um í viðmiðunum þessa þáttar eða A-þáttar. Þar til bær stofnun, sem metur umsóknina, skal gefa stig fyrir þessar aðgerðir, þó ekki meira en 1,5 stig fyrir hverja aðgerð.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu þess efnis að þessi viðmiðun sé uppfyllt ásamt fullnaðarlýsingu á hverri viðbótaraðgerð sem umsækjandi óskar eftir að tillit verði tekið til.

eða

b) Veiting umhverfismerkis (3 stig): Gistiaðstaðan í ferðaþjónustu skal hafa hlotið lands- eða svæðisbundið umhverfismerki af gerð I samkvæmt ISO-staðli.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi staðfestingu á því að honum hafi verið veitt umhverfismerkið.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/69**

frá 9. júlí 2009

um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis Bandalagsins fyrir harðar klæðningar (*)

(tilkynnt með númeri C(2009) 5613)

(2009/607/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis Bandalagsins ([1]), einkum annarri undirgrein 1. mgr. 6. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er heimilt að veita umhverfismerki Bandalagsins fyrir vöru sem býr yfir eiginleikum sem gera það að verkum að hún stuðlar að verulegum umbótum að því er varðar helstu umhverfisþætti.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um að setja skuli sértækar viðmiðanir fyrir umhverfismerkið fyrir hvern vöruflokk og skuli þær byggjast á drögum að viðmiðunum sem umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins hefur sett fram.

3) Þar er einnig kveðið á um að endurskoðun á viðmiðununum fyrir umhverfismerkið, sem og á kröfum vegna mats og sannprófunar er varða viðmiðanirnar, skuli fara fram í tæka tíð fyrir lok gildistímabils viðmiðananna sem tilgreindar eru fyrir viðkomandi vöruflokk.

4) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1980/2000 hafa vistfræðilegu viðmiðanirnar verið endurskoðaðar innan tilskilins tíma og einnig tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar sem settar voru fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/272/EB frá 25. mars 2002 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki Bandalagsins fyrir hörð gólfefni ([2]). Þessar vistfræðilegu viðmiðanir og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar gilda til 31. mars 2010.

5) Í ljósi þessarar endurskoðunar og til að taka tillit til þróunar í vísindum og á markaði er rétt að breyta heiti vöruflokksins og skilgreiningunni á honum og setja nýjar vistfræðilegar viðmiðanir.

6) Vistfræðilegu viðmiðanirnar og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar skulu gilda í fjögur ár frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

7) Því ber að skipta út ákvörðun 2002/272/EB.

8) Heimila ber umbreytingartímabili fyrir framleiðendur, ef vörum þeirra hefur verið veitt umhverfismerkið fyrir harðar klæðningar á grundvelli viðmiðana í ákvörðun 2002/272/EB, svo að þeir hafi nægan tíma til að laga vörur sínar að endurskoðuðum viðmiðunum og kröfum. Framleiðendum skal einnig vera heimilt að leggja fram umsóknir samkvæmt þeim viðmiðunum sem settar eru fram í ákvörðun 2002/272/EB eða samkvæmt þeim viðmiðunum sem settar fram eru í þessari ákvörðun þar til fyrrnefnda ákvörðunin fellur úr gildi.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 208, 12.8.2009, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2010 frá 2. júlí 2010 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 21.10.2010, bls. 17.

([1]) Stjtíð. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 94, 11.4.2002, bls. 13.

9) Þær ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Undir vöruflokkinn „harðar klæðningar“ falla eftirfarandi vörur sem eru notaðar innan- eða utanhúss en gegna engu sérstöku burðarhlutverki: náttúrusteinn, mulningssteinn, steyptar hellur, terrassóflísar, keramíkflísar og leirflísar. Nota má viðmiðanirnar fyrir harðar klæðningar bæði fyrir gólf- og veggklæðningar ef framleiðsluferlið er það sama og notuð eru sömu efni og framleiðsluaðferðir.

2. gr.

Hörð klæðning, sem fær umhverfismerki Bandalagsins fyrir vörur sem falla undir vöruflokkinn „harðar klæðningar“ samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1980/2000 (hér á eftir nefnt „umhverfismerkið“), verður að uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

3. gr.

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „harðar klæðningar“ og tilheyrandi kröfur vegna mats og sannprófunar gilda í fjögur ár frá samþykktardegi þessarar ákvörðunar.

4. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „021“ notað fyrir vöruflokkinn „harðar klæðningar“.

5. gr.

Ákvörðun 2002/272/EB er felld úr gildi.

6. gr.

1. Umsóknir um umhverfismerkið fyrir vörur í vöruflokknum „harðar klæðningar“ sem lagðar eru fram fyrir þann dag sem þessi ákvörðun er samþykkt skulu metnar í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2002/272/EB.

2. Umsóknir um umhverfismerkið fyrir vörur í vöruflokknum „harðar klæðningar“ sem lagðar eru fram eftir þann dag sem þessi ákvörðun er samþykkt en eigi síðar en 31. mars 2010 geta annaðhvort byggst á viðmiðununum í ákvörðun 2002/272/EB eða á viðmiðununum í þessari ákvörðun.

Meta skal þessar umsóknir í samræmi við þær viðmiðanir sem þær byggjast á.

3. Þegar umhverfismerkið er veitt á grundvelli umsóknar sem metin er samkvæmt viðmiðununum sem settar eru fram í ákvörðun 2002/272/EB má nota það umhverfismerki í 12 mánuði frá þeim degi sem þessi ákvörðun er samþykkt.

7. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. júlí 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros Dimas

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

RAMMI

Markmiðið með viðmiðununum

Markmiðið með þessum viðmiðunum er einkum að stuðla að því að:

— draga úr áhrifum á búsvæði og tilheyrandi náttúrugæði,

— draga úr orkunotkun,

— draga úr losun eiturefna eða annarra mengandi efna út í umhverfið,

— draga úr notkun hættulegra efna í efniviðinum og fullunnu vörunum,

— öryggis sé gætt og komið sé í veg fyrir áhættu að því er varðar heilbrigði nánasta umhverfis,

— upplýsingar séu veittar sem gera neytendum kleift að nota vöruna á árangursríkan hátt þannig að umhverfisáhrif verði í lágmarki.

Viðmiðanirnar eru hafðar þannig að þær stuðli að því að harðar klæðningar séu merktar ef þær eru framleiddar þannig að af hljótist lítil umhverfisáhrif.

Kröfur vegna mats og sannprófunar

Sértækar kröfur vegna mats og sannprófunar eru tilgreindar í hverri viðmiðun.

Þessum flokki má skipta í „náttúruvörur“ og „unnar vörur“.

Undir „náttúruvörur“ fellur náttúrusteinn, sem nær, samkvæmt skilgreiningu í CEN TC 246, yfir hluti úr bergtegundum sem finnast í náttúrunni, svo sem marmara, graníti og öðru náttúrugrjóti.

Með „öðru“ náttúrugrjóti er átt við náttúrustein sem hefur allt aðra tæknilega eiginleika en marmari og granít samkvæmt skilgreiningu í CEN/TC 246/N.237 EN 12670 „Natural stones – Terminology“. Að öllu jöfnu er erfitt að spegilslípa stein af þessu tagi og hann er ekki alltaf unninn í stórum stykkjum: sandsteinn, kvarsít, mismunandi tegundir flögubergs og móberg.

Flokknum „unnar vörur“ má síðan skipta í hertar og brenndar vörur. Hertar vörur eru mulningssteinn, steyptar hellur og terrassóflísar. Brenndar vörur eru keramíkflísar og leirflísar.

Mulningssteinn er iðnaðarvara sem er framleidd úr blönduðum grjótmulningi, einkum mulningi úr náttúrusteini, og bindiefni samkvæmt skilgreiningu í JWG 229/246 EN 14618. Mulningurinn fellur venjulega til í marmara- og granítnámum og er bundinn saman með tilbúnum efnum, svo sem ómettuðu pólýesterresíni eða sementi. Undir þennan flokk falla líka tilbúinn steinn og pressaður marmari.

Steyptar hellur eru vörur sem eru ætlaðar til notkunar í gólffleti utanhúss og eru framleiddar úr blöndu af sandi, möl, sementi, ólífrænum fastlitarefnum og íblöndunarefnum og titringspressaðar samkvæmt skilgreiningu í CEN/TC 178. Undir þennan flokk falla líka steinsteypuplötur og -flísar.

Terrassóflísar eru hæfilega pressaðar einingar með einsleitri lögun og þykkt sem uppfylla rúmfræðilegar sérkröfur samkvæmt skilgreiningu í CEN/TC 229. Flísarnar eru úr einu lagi eða tveimur. Flísar gerðar úr einu lagi eru eingöngu úr kyrni eða brotum úr heppilegum mulningi sem eru felld í grátt og hvítt sement og vatn. Í terrassóflísunum, sem eru úr tveimur lögum, er efra lag, slitlag (sem hefur sömu samsetningu og eins lags terrassóflísar), og neðra lag, svokallað grunnlag, úr steinsteypu og yfirborð þess kemur aldrei í ljós við venjulega notkun og það lag má fjarlægja að hluta.

Keramíkflísar eru þunnar plötur úr leir og/eða öðrum ólífrænum hráefnum, svo sem feldspati og kvarsi samkvæmt skilgreiningu í CEN/TC 67.

Þær eru venjulega mótaðar með útsprautun eða pressun við stofuhita og síðan þurrkaðar og brenndar við þann hita sem gæðir þær þeim eiginleikum sem eftir er leitað. Flísarnar eru ýmist gljábrenndar eða ekki, þær eru eldtraustar og áhrif ljóss breyta þeim að jafnaði ekki.

Leirflísar eru einingar sem uppfylla tilteknar kröfur um lögun og stærðarmál, eru lagðar sem slitlag á gólf og framleiddar að mestu leyti úr leir og öðrum efnum, með viðbættum efnum samkvæmt skilgreiningu í CEN 178 eða án þeirra.

Heimilt er að nota, eftir því sem við á, aðrar prófunaraðferðir en þær sem tilgreindar eru í hverri viðmiðun ef þar til bæra stofnunin, sem metur umsóknina, fellst á að þær séu jafngildar.

Prófun skal fara fram, eftir því sem unnt er, á rannsóknarstofum sem hafa hlotið viðeigandi faggildingu eða uppfylla almennu kröfurnar í staðlinum EN ISO 17025.

Ef við á geta þar til bærar stofnanir krafist fylgiskjala og viðhaft óháða sannprófun.

Mælt er með því að þar til bærar stofnanir taki tillit til þess, við mat á umsóknum og eftirlit með því að viðmiðanir séu uppfylltar, hvort viðurkenndum umhverfisstjórnunarkerfum, s.s. EMAS eða ISO 14001, er beitt (athugið að ekki er gerð krafa um að slíkum stjórnunarkerfum sé beitt).

HARÐAR KLÆÐNINGAR

VIÐMIÐANIR

1. **Nám hráefna**

1.1. *Stjórnun á námuvinnslunni (náttúruvörur eingöngu)*

Almennar kröfur

Fjöldi stiga, sem gefinn er fyrir stjórnun á námi hráefna fyrir náttúrustein, skal reiknaður samkvæmt töflu með sex meginvísbendum. Heildarstigafjöldinn skal vera summa stiganna sem gefin eru fyrir alla vísbendana eftir að margfaldað hefur verið með leiðréttingarstuðli vægis (W). Námur verða að ná vegnu gildi sem er a.m.k. 19 stig til að geta fengið umhverfismerkið. Auk þess verða gefin stig fyrir hvern vísbendi að vera yfir eða undir tilgreindum viðmiðunarmörkum, eftir því sem við á.

Sjá töflu á næstu síðu.

Auk krafnanna sem koma fram í stigatöflunni skal eftirfarandi lögboðnum skilyrðum fullnægt:

— Grunnvatnsforði djúpt í jörðu má ekki spillast.

— Yfirborðsvatnshlot þar sem vatnið er nýtt sem neysluvatn eða yfirborðsvatnshlot sem eru uppsprettur, vatnshlot sem eru á skrá yfir vernduð svæði sem komið var á með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB (1) eða vatnsföll þar sem meðalflæðið er > 5 m^3/s mega ekki spillast.

— Kerfi fyrir endurheimt fráveituvatns skal vera lokað til að varna því að sag berist út í umhverfið og til að afla vatns í endurvinnsluferlið. Vatnið skal geymt í næsta nágrenni þess staðar þar sem það er notað í námuvinnslunni og síðan skal það leitt í lokuðum leiðslum að viðeigandi vinnslustöð. Að lokinni hreinsun skal vatnið endurunnið.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram útreikninga á heildarstigafjölda sínum (vegnum á viðeigandi hátt) og tilheyrandi gögn fyrir hvern vísbendanna sex (þar sem fram kemur m.a. að gefin stig fyrir hvern vísbendi séu fyrir ofan lágmarksstigafjöldann, ef hann er tilgreindur) samkvæmt töflunni á næstu síðu og tengdum fyrirmælum í hluta A1 í tæknilega viðbætinum. Umsækjandinn skal einnig leggja fram viðeigandi skjöl og/eða yfirlýsingar sem sýna fram á að allar framangreindar viðmiðanir séu uppfylltar.

(1) Stjtíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1.

Tafla til að reikna út stigafjölda fyrir stjórnun á námi hráefna fyrir náttúrustein

Vísbendir	Athugasemdir	Stigafjöldi				
		5 (framúrskarandi)	3 (góð)	1 (fullnægjandi)	Viðmiðunarmörk	Hlutfallslegt vægi
I.1. Endurvinnslu-hlutfall vatns	EndurunniðfráveituvatnAllt vatn sem kemur út úr ferlinu · 100 Sjá hluta A3 í tæknilega viðbætinum	> 80	80–70	69–65	< 65	W3
I.2. Áhrifahlutfall grjótnáms	Svæði sem verður fyrir áhrifum í m^2 (námustálið + svæði fyrir nýtilegt afgangsgrjót)/svæði í m^2 sem leyfi nær til (%)	< 15	15–30	31–50	> 50	W1, W2
I.3. Úrgangur frá náttúruauðlindum	Nýtanlegt efni í m^3/unnið efni í m^3 (%)	> 50	50–35	34–25	< 25	—
I.4. Loftgæði	Árlegt viðmiðunargildi, mælt við jaðar námusvæðisins. PM 10-svifagnir (µg/Nm^3) Prófunaraðferð EN 12341	< 20	20–100	101–150	> 150	W2
I.5. Vatnsgæði	Svifagnir (mg/l) Prófunaraðferð ISO 5667-17	< 15	15–30	31–40	> 40	W1, W2, W3
I.6 Hávaði	Mældur við jaðar námusvæðisins (dB(A)) Prófunaraðferð ISO 1996-1	< 30	30–55	56–60	> 60	W2

Skrá yfir vægi (notist eingöngu ef mælt er fyrir um það):

W1. Jarðvegsvernd: (vægi: 0,3–0,8, sjá töflu) — fyrir vísbendana áhrifahlutfall grjótnáms (I.2) og vatnsgæði (I.5) eru þrír mismunandi vægisstuðlar notaðir sem ákvarðast af þeim notkunarmöguleikum sem landið býr yfir (sjá nánari upplýsingar í hluta A1 í tæknilega viðbætinum):

Jarðvegsvernd	Flokkar I–II	Flokkar III–IV–V	Flokkar VI–VII–VIII
Vægi	0,3	0,5	0,8

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi gögn, þ.m.t. kort, um flokkun á þeim notkunarmöguleikum sem námasvæðið býr yfir.

W2. Þéttleiki byggðar sem er innan 5 km radíuss (fjarlægðar) frá námasvæðinu: (vægi: 0,5–0,9, sjá töflu) — Vísbendarnir áhrifahlutfall grjótnáms (I.2), loftgæði (I.4), vatnsgæði (I.5) og hávaði (I.6) eru vegnir með tilliti til eftirfarandi þriggja flokka með mismunandi þéttleika byggðar:

Þéttleiki byggðar	> 100 íbúar/km2	20–100 íbúar/km2	> 20 íbúar/km2
Vægi	0,5 (0,6)	0,7 (0,84)	0,9

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram kort og viðeigandi gögn um þéttleika byggðarinnar sem er innan 5 km radíuss (fjarlægðar) frá jaðri námusvæðisins (svæðisins sem leyfið nær til). Ef um er að ræða námur í rekstri og byggð á viðkomandi svæði er að þenjast út skal nota vægisstuðulinn sem er tilgreindur innan sviga. Þetta gildir ekki um verulega stækkun (> 75%) svæðis sem hefur þegar fengið leyfi og þar sem eru námur af þessu tagi.

W3. (vægi: 0,5) — Ef náman spillir yfirborðsvatni (meðalrennsli < 5 m3/s) skal vægisstuðullinn vera 0,5 bæði fyrir vísbendinn um endurvinnsluhlutfall vatns (I.1) og um vatnsgæði (I.5).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi gögn sem sýna hvort náman spillir yfirborðsvatnshloti eða ekki.

1.2. *Stjórnun á námuvinnslunni (fyrir allar vörur sem flokkast undir harðar klæðningar)*

Hráefnin sem eru notuð við framleiðslu harðra klæðninga skulu uppfylla eftirfarandi kröfur sem settar eru fyrir tilheyrandi námuvinnslu:

Þáttur	Krafa
Áætlun um námuvinnslu og skráning námusvæða	Umsækjandinn skal leggja fram tækniskýrslu með eftirfarandi skjölum: leyfinu fyrir námuvinnslunni, áætlun um frágang námusvæðanna og/eða skýrslu um mat á umhverfisáhrifum, korti sem sýnir staðsetningu námunnar, yfirlýsingu um samræmi við tilskipun ráðsins 92/43/EBE ([1]) (búsvæði) og tilskipun ráðsins 79/409/EBE ([2]) (fuglar) ([3]). Að því er varðar svæði utan Bandalagsins skal leggja fram svipaða tækniskýrslu til að sýna fram á að farið sé að ákvæðum samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (frá 1992) og upplýsa um stefnu viðkomandi lands og aðgerðaáætlun varðandi líffræðilega fjölbreytni ef hún liggur fyrir.

([1]) Stjtíð. EB L 206, 22.7.1992, bls. 7.
([2]) Stjtíð. EB L 103, 25.4.1979, bls. 1.
(*) Ítarlegar upplýsingar er að finna á http://ec.europa.eu/environment/nature/index_en.htm

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram tilheyrandi gögn og skjöl, þ.m.t. kort af svæðinu. Ef námuvinnslan er ekki undir beinni stjórn framleiðendanna skal ávallt óska eftir gögnunum frá þeim sem standa fyrir námuvinnslunni.

2. **Val á hráefnum (fyrir allar vörur sem flokkast undir harðar klæðningar)**

Þessar kröfur gilda bæði um hráefni og notuð eða endurnýtt efni sem notuð eru í framleiðsluferlinu og um hálfunnar vörur ([1]) (blöndur) sem eru keyptar hjá utanaðkomandi aðilum (þ.e. birgjar skulu einnig uppfylla viðmiðanirnar).

2.1. *Hráefni án hættusetninga*

Ekki er heimilt að bæta í hráefnin neinum efnum eða efnablöndum sem hafa fengið, eða kunna að hafa fengið, þegar umsókn er lögð fram, einhverja af eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningu þeirra):

— H45 (getur valdið krabbameini)

— H46 (getur valdið arfgengum skaða)

— H49 (getur valdið krabbameini við innöndun)

— H50 (mjög eitrað vatnalífverum)

— H51 (eitrað vatnalífverum)

— H52 (skaðlegt vatnalífverum)

— H53 (getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni)

— H54 (eitrað plöntum)

— H55 (eitrað dýrum)

— H56 (eitrað jarðvegslífverum)

— H57 (eitrað býflugum)

— H58 (getur valdið skaðlegum langtímaáhrifum í umhverfinu)

— H59 (hættulegt ósonlaginu)

— H60 (getur dregið úr frjósemi)

— H61 (getur skaðað barn í móðurkviði)

— H62 (getur hugsanlega dregið úr frjósemi)

— H63 (getur hugsanlega skaðað barn í móðurkviði)

— H68 (getur valdið varanlegu heilsutjóni)

eins og mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 67/548/EBE ([2]) (tilskipun um hættuleg efni) og að teknu tilliti til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB ([3]) (tilskipun um hættulegar efnablöndur).

Að öðrum kosti kemur flokkun samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ([4]) til greina. Ef það er gert má ekki bæta neinum efnum eða efnablöndum við hráefnin sem hafa verið tengd við einhverja af eftirfarandi hættusetningum (eða samsetningu þeirra) eða kunna að vera tengd við hana þegar umsókn er lögð fram: H350, H340, H350i, H400, H410, H411, H412, H413, ESB-H059, H360F, H360D, H361f, H361d, H360FD, H361fd, H360Fd, H360Df, H341.

([1]) Hálfunnar vörur eru blöndur af mismunandi hráefnum í réttum hlutföllum sem eru tilbúnar til notkunar í framleiðsluferlinu.
([2]) Stjtíð. EB L 196, 16.8.1967, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1.
([4]) Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

Vegna þess umhverfislega ávinnings, sem fylgir endurvinnslu efna, gilda þessar viðmiðanir ekki um kvóta endurunninna efna ([1]) í lokuðu ferli sem eru notuð í vinnslunni og samkvæmt skilgreiningu í hluta A2 í viðbætinum.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn tilgreinir samsetningu hráefnisins á grundvelli efna- og steindafræðilegrar greiningar og gefur yfirlýsingu um að framangreindar viðmiðanir séu uppfylltar.

2.2. *Takmörkun á innihaldi tiltekinna efna í íblöndunarefnunum (eingöngu fyrir gljábrenndar flísar)*

Ef frumefnin blý, kadmíum eða antímon (eða einhver efnasambönd þeirra) eru notuð í íblöndunarefnin má hlutfall þeirra ekki fara yfir eftirfarandi viðmiðunarmörk:

(% af þyngd glerungsins ([1])

Þáttur	Viðmiðunarmörk
Blý	0,5
Kadmíum	0,1
Antímon	0,25

([1]) Glerungur er hvers kyns efni sem borið er á yfirborð flísa á milli mótunar og brennslu.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn tilgreinir samsetningu hráefnisins á grundvelli efna- og steindafræðilegrar greiningar og gefur yfirlýsingu um að framangreind viðmiðunarmörk séu virt.

2.3. *Takmörkun á tilvist asbests og pólýesterresíns í efnunum*

Ekkert asbest má vera í hráefnunum sem notuð eru í náttúruvörur eða unnar vörur, eins og mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 76/769/EBE ([2]).

Í framleiðslunni má ekki vera meira af pólýesterresíni en sem nemur 10% af heildarþyngd hráefnanna.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn tilgreinir samsetningu hráefnisins á grundvelli efna- og steindafræðilegrar greiningar og gefur yfirlýsingu um að framangreindar viðmiðanir séu uppfylltar.

3. **Lokameðhöndlun (náttúruvörur eingöngu)**

Við lokameðhöndlun náttúruvara skulu eftirfarandi kröfur uppfylltar:

Þáttur	Mörk (sem þarf að virða)	Prófunaraðferð
Losun agna í andrúmsloft	PM10 < 150 µg/Nm^3	EN 12341
Losun stýrens í andrúmsloft	< 210 mg/N m^3	|
Endurvinnsluhlutfall vatns	Endurvinnsluhlutfall = Endurunnið fráveituvatnAllt vatn sem kemur út úr ferlinu · 100 ≥ 90%	Tæknilegur viðbætir – A3
Losun svifagna í vatn	< 40 mg/l	ISO 5667-17
Losun Cd í vatn	< 0.015 mg/l	ISO 8288

([1]) Með „endurvinnslu í lokuðu ferli“ er átt við endurvinnslu úrgangsefnis til framleiðslu á sams konar vöru. Þegar um er að ræða aukaefni sem fellur til í framleiðsluferli (s.s. afgangar eða leifar) þýðir „endurvinnsla í lokuðu ferli“ að efnin eru notuð aftur í sama ferlinu.

([2]) Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 201.

Þáttur	Mörk (sem þarf að virða)	Prófunaraðferð
Losun Cr(VI) í vatn	< 0,15 mg/l	ISO 11083
Losun Fe í vatn	< 1,5 mg/l	ISO 6332
Losun Pb í vatn	< 0,15 mg/l	ISO 8288

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi niðurstöður greininga og prófunarskýrslur fyrir hvern losunarþátt sem mældur er á öllum losunarpunktum. Ef engar prófunaraðferðir eru tilgreindar eða ef tilgreint er að þær séu notaðar til sannprófunar eða vöktunar ber þar til bærum stofnunum að styðjast við yfirlýsingar og gögn, sem umsækjandi lætur í té, og/eða óháðar sannprófanir eftir því sem við á.

4. **Framleiðsluferli (unnar vörur eingöngu)**

4.1. *Orkunotkun*

Reikna skal orkunotkunina sem ferlisorkuþörf (*e. process energsy requirement*, PER) fyrir mulningssteinn og terrassóflísar eða sem brennsluorkuþörf (*e. energy requirement for firin*g, ERF) fyrir keramikflísar og leirflísar.

a) Viðmiðunarmörk fyrir ferlisorkuþörf (PER)

Ferlisorkuþörfin fyrir framleiðsluferli mulningssteins og terrassóflísa má ekki vera yfir eftirfarandi mörkum:

	Þörf (MJ/kg)	Prófunaraðferð
Mulningssteinn	1.6	Tæknilegur viðbætir – A4
Terrassóflísar	1.3	Tæknilegur viðbætir – A4

Athugasemd: Öll þörf er gefin upp í MJ á kg af fullunninni vöru sem er tilbúin til sölu. Þessi viðmiðun gildir ekki um steyptar hellur.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal reikna brennsluorkuþörfina samkvæmt leiðbeiningunum í hluta A4 í tæknilega viðbætinum og leggja fram niðurstöður þeirra reikninga ásamt fylgiskjölum.

b) Viðmiðunarmörk fyrir brennsluorkuþörf (ERF)

Brennsluorkuþörfin fyrir keramikflísar og leirflísar má ekki vera yfir eftirfarandi mörkum:

	Þörf (MJ/kg)	Prófunaraðferð
Keramík- og leirflísar	3.5	Tæknilegur viðbætir – A4

Athugasemd: Öll þörf er gefin upp í MJ á kg af fullunninni vöru sem er tilbúin til sölu.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal reikna brennsluorkuþörfina samkvæmt leiðbeiningunum í hluta A4 í tæknilega viðbætinum og leggja fram niðurstöður þeirra útreikninga ásamt fylgiskjölum.

4.2. *Vatnsnotkun*

a) Vatnsnotkunin á framleiðslustiginu fyrir brenndar vörur, frá undirbúningi hráefnis til brennslu, má ekki vera yfir eftirfarandi mörkum:

(lítrar/kg af vöru)

Þáttur	Þörf
Sértæk notkun ferskvatns (Cw_{p-a})	1

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram útreikning á sértækri notkun ferskvatns eins og tilgreint er í hluta A5 í tæknilega viðbætinum. Til ferskvatns skal eingöngu teljast grunnvatn, yfirborðsvatn eða vatn frá vatnsveitustokki.

b) Endurvinnsluhlutfall fráveituvatnsins, sem fellur til í öllum ferlum framleiðslunnar, skal a.m.k. vera 90%. Endurvinnsluhlutfallið reiknast sem hlutfallið milli þess fráveituvatns sem er endurunnið eða endurheimt með því að beita ráðstöfunum til hámarksnýtingar í ferlinu og kerfi til hreinsunar á fráveituvatni úr því, innan eða utan stöðvarinnar, og heildarvatnsmagnsins sem kemur út úr ferlinu eins og skilgreint er í hluta A3 í tæknilega viðbætinum.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram útreikning á endurvinnsluhlutfallinu ásamt óunnum gögnum um heildarmagn fráveituvatns sem fellur til, endurunnið vatn og magn og uppruna þess ferskvatns sem notað er í ferlinu.

4.3. *Losun í andrúmsloft*

a) Mulningssteinn

Losun í andrúmsloft má í öllu framleiðsluferlinu ekki fara yfir eftirfarandi viðmiðunarmörk að því er varðar eftirfarandi þætti:

Þættir	Viðmiðunarmörk (mg/m^2)	Prófunaraðferð
Efnisagnir (ryk)	300	EN 13284-1
Köfnunarefnisoxíð (NO_x)	1200	EN 14792
Brennisteinsdíoxíð (SO_2)	850	EN 14791
Stýren	2000	—

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram viðeigandi gögn og prófunarskýrslur fyrir hvern losunarþátt, sem nefndur er hér að framan, samkvæmt leiðbeiningunum í hluta A6 í tæknilega viðbætinum. Ef engar prófunaraðferðir eru tilgreindar eða ef tilgreint er að þær séu notaðar til sannprófunar eða vöktunar ber þar til bærum stofnunum að styðjast við yfirlýsingar og gögn, sem umsækjandi lætur í té, og/eða óháðar sannprófanir eftir því sem við á.

b) Keramíkflísar

Heildarlosun agna í andrúmsloftið við pressun, gljábrennslu og úðaþurrkun („köld losun“) má ekki vera meiri en 5 g/m^2.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi gögn og prófunarskýrslur samkvæmt leiðbeiningunum í hluta A6 í tæknilega viðbætinum.

Losun í andrúmsloft má í brennsluferlinu einu ekki fara yfir eftirfarandi viðmiðunarmörk:

Þættir	Viðmiðunarmörk (mg/m2)	Prófunaraðferð
Efnisagnir (ryk)	200	EN 13284-1
Flúoríð (HF)	200	ISO 15713
Köfnunarefnisoxíð (NO_x)	2500	EN 14792

Þættir	Viðmiðunarmörk (mg/m^2)	Prófunaraðferð
Brennisteinsdíoxíð (SO_2) Brennisteinsinnihald í hráefni ≤ 0,25%	1500	EN 14791
Brennisteinsdíoxíð (SO_2) Brennisteinsinnihald í hráefni ≤ 0,25%	5000	EN 14791

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram viðeigandi gögn og prófunarskýrslur fyrir hvern losunarþátt, sem nefndur er hér að framan, samkvæmt leiðbeiningunum í hluta A6 í tæknilega viðbætinum.

c) Leirflísar

Losun í andrúmsloft fyrir eftirfarandi þætti má í brennsluferli leirflísa ekki fara yfir viðmiðunarmörkin sem reiknuð eru út með eftirfarandi formúlu:

Gildi (mg/m2) = losunarhlutfall (mg/(m^2*(svæði)* x cm *(þykkt)*))

eins og um getur í eftirfarandi töflu:

Þættir	Losunarhlutfall (mg/m^2*cm)	Viðmiðunarmörk (mg/m^2)	Prófunaraðferð
Efnisagnir (ryk)	250	1000	EN 13284
Flúoríð (HF)	200	800	ISO 15713
Köfnunarefnisoxíð (NOx)	3000	12000	EN 14792
Brennisteinsdíoxíð (SO2)	2000	8000	EN 14791

Mörkin sem þannig eru reiknuð út skulu ekki vera yfir viðmiðunarmörkunum í töflunni.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram viðeigandi gögn og prófunarskýrslur fyrir hvern losunarþátt, sem nefndur er hér að framan, samkvæmt leiðbeiningunum í hluta A6 í tæknilega viðbætinum.

d) Terrassóflísar og steyptar hellur

Losun í andrúmsloft má í öllu framleiðsluferlinu ekki fara yfir eftirfarandi gildi að því er varðar eftirfarandi þætti:

Þættir	Mörk (mg/m^2)	Prófunaraðferð
Efnisagnir (ryk)	300	EN 13284-1
Köfnunarefnisoxíð (NO_x)	2000	EN 14792
Brennisteinsdíoxíð (SO_2)	1500	EN 14791

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram viðeigandi gögn og prófunarskýrslur fyrir hvern losunarþátt, sem nefndur er hér að framan, samkvæmt leiðbeiningunum í hluta A6 í tæknilega viðbætinum.

4.4. *Losun í vatn*

Eftir hreinsun fráveituvatnsins, hvort sem hún fer fram á staðnum eða utan hans, mega eftirfarandi þættir ekki fara yfir viðmiðunarmörkin hér á eftir:

Þáttur	Viðmiðunarmörk	Prófunaraðferðir
Losun svifagna í vatn	40 mg/l	ISO 5667-17
Losun Cd í vatn	0,015 mg/l	ISO 8288
Losun Cr(VI) í vatn	0,15 mg/l	ISO 11083
Losun Fe í vatn ([1])	1,5 mg/l	ISO 6332
Losun Pb í vatn	0,15 mg/l	ISO 8288

([1]) Þátturinn „Fe“ á við um allar unnu vörurnar, að undanskildum keramíkflísum.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram viðeigandi gögn og prófunarskýrslur sem sýna að þessi viðmiðun sé uppfyllt.

4.5. *Sement*

Notkun hráefna við sementsframleiðslu skal samræmast kröfunum sem settar eru um stjórn á vinnslu unninna vara (viðmiðun 1.2).

Framleiðendur sem nota sement í framleiðsluferlinu skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

— við framleiðslu þess sements, sem notað er í vöru, má ferlisorkuþörfin (PER), reiknuð samkvæmt hluta A4 í tæknilega viðbætinum, ekki vera meiri en sem nemur 3800 MJ/t.

— við framleiðslu vara skal sementið, sem notað er við framleiðsluna, fullnægja eftirfarandi viðmiðunarmörkum um losun í andrúmsloft:

Þáttur	Núgildandi mörk (g/t)	Prófunaraðferðir
Ryk	65	EN 13284-1
SO_2	350	EN 14791
NO_x	900	EN 14792

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi prófunarskýrslur og gögn sem tengjast ferlisorkuþörfinni og losuninni í andrúmsloft sem stafar af sementsframleiðslunni.

5. **Meðhöndlun úrgangs**

Allar stöðvar, sem koma að framleiðslu vörunnar, skulu hafa yfir að ráða kerfi til að meðhöndla úrganginn og úrgangsafurðirnar sem falla til við framleiðslu vörunnar. Skjöl um kerfið og lýsing á því skulu fylgja umsókninni og þar komi fram upplýsingar um a.m.k. eftirfarandi þrjú atriði:

– aðferðir við að skilja endurvinnanleg efni úr úrganginum og nýtingu þeirra,

– aðferðir við endurvinnslu efna til annarrar notkunar,

– aðferðir við meðhöndlun og förgun hættulegs úrgangs.

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi gögn.

5.1. *Meðhöndlun úrgangs (náttúruvörur eingöngu)*

Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi gögn um meðhöndlun úrgangs frá grjótnámi og frá lokameðhöndlun. Veita skal upplýsingar um meðhöndlun úrgangs og endurnotkun aukaafurða (þ.m.t. frá sögun).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu um samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB ([1]).

5.2. *Endurnýting úrgangs (unnar vörur eingöngu)*

Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi gögn um aðferðirnar sem notaðar eru við endurvinnslu aukaafurðanna sem verða til í ferlinu. Umsækjandinn skal leggja fram skýrslu með eftirfarandi upplýsingum:

— tegund og magni endurheimts úrgangs,

— tegund förgunar,

— upplýsingum um endurnotkun úrgangsefna og aukaefna (innan eða utan framleiðsluferlisins) við framleiðslu nýrra vara.

Endurnýta skal a.m.k. 85% (miðað við þyngd) alls úrgangs sem fellur til í ferlinu eða ferlunum ([2]) í samræmi við almenna skilmála og skilgreiningar í tilskipun ráðsins 75/442/EBE ([3]).

Mat og sannprófun: Umsækjandinn skal leggja fram viðeigandi gögn sem byggjast t.d. á massajafnvægi og/eða umhverfisskýrslukerfum sem sýna fram á hve mikið efni er endurnýtt bæði innan stöðvar og utan, t.d. með endurvinnslu, endurnotkun eða endurheimt/endurmyndun.

6. **Notkunarfasi**

6.1. *Losun hættulegra efna (gljábrenndar flísar eingöngu)*

Til að takmarka hættu á að gljábrenndar flísar gefi frá sér hættuleg efni í notkunarfasa og að loknum endingartíma þeirra skal fara fram prófun á vörunum samkvæmt staðlinum EN ISO 10545-15. Ekki má fara yfir eftirfarandi mörk:

Þáttur	Mörk (mg/m^2)	Prófunaraðferð
Pb	80	EN ISO 10545-15
Cd	7	EN ISO 10545-15

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram skýrslur um greiningar og prófanir með tilliti til framangreindra losunarþátta. Þær skulu fela í sér yfirlýsingu þess efnis að varan samræmist kröfunum í tilskipun ráðsins 89/106/EBE ([4]) og viðeigandi samhæfðum stöðlum frá Staðlasamtökum Evrópu eftir að þeir hafa verið birtir í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

7. **Umbúðir**

Pappi sem notaður er í umbúðir fullunnu vörunnar skal hannaður til endurnotkunar en að öðrum kosti skulu 70% hans vera úr endurunnu efni.

([1]) Stjtíð. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 15.
([2]) Úrgangur frá ferli nær ekki til úrgangs frá viðhaldi, lífræns úrgangs eða úrgangs frá þéttbýli sem verður til vegna þjónustu- og skrifstofustarfsemi.
([3]) Stjtíð. EB L 194, 25.7.1975, bls. 39.
([4]) Stjtíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12.

Mat og sannprófun: Leggja skal fram sýnishorn af umbúðum vörunnar ásamt yfirlýsingu þess efnis að allar kröfurnar séu uppfylltar.

8. **Notagildi**

Varan skal vera hæf til notkunar. Staðfesting á því getur verið fólgin í gögnum sem fengin eru með viðeigandi prófunaraðferðum, sem byggjast á ISO- eða CEN-stöðlum eða öðrum jafngildum aðferðum, svo sem innlendum prófunaraðferðum eða aðferðum stöðvarinnar sjálfrar.

Veita skal skýrar upplýsingar um það fyrir hvað varan telst hæf til notkunar: veggi, gólf eða veggi/gólf ef varan hentar fyrir hvort tveggja.

Mat og sannprófun: Leggja skal fram upplýsingar um prófunaraðferðir og -niðurstöður ásamt yfirlýsingu þess efnis að varan sé hæf til notkunar sem grundvallast á öllum öðrum upplýsingum um það hvernig notandinn getur best notfært sér vöruna. Samkvæmt tilskipun 89/106/EBE telst vara hæf til notkunar ef hún uppfyllir kröfur í samhæfðum staðli, í evrópsku tæknisamþykki eða í ósamhæfðum tækniforskriftum sem eru viðurkenndar á vettvangi Bandalagsins. CE-samræmismerki EB fyrir byggingarvörur er gagnlegt fyrir framleiðendur þar eð það er auðþekkjanleg staðfesting á því að tilteknar kröfur eru uppfylltar og í þessu samhengi má telja það nægilegt.

9. **Neytendaupplýsingar**

Selja skal vöruna með viðeigandi upplýsingum fyrir notendur þar sem gefin eru ráð um hvernig rétt og best er að nota hana í almennu og tæknilegu tilliti, svo og um viðhald hennar. Eftirfarandi upplýsingar skulu fylgja vörunni á umbúðum og/eða koma fram í gögnum sem fylgja henni:

a) upplýsingar um að vörunni hafi verið veitt umhverfismerki Bandalagsins ásamt stuttri en nákvæmri skýringu á því hvað það merkir, auk þeirra almennu upplýsinga sem koma fram í reit 2 á kennimerkinu,

b) ráðleggingar um notkun og viðhald vörunnar. Í þessum upplýsingum skal leggja áherslu á allar leiðbeiningar sem skipta máli og varða einkum viðhald og notkun vara sem notaðar eru utanhúss. Ef við á skal geta um eiginleika vörunnar við erfið veðurskilyrði eða önnur skilyrði, t.d. frostþol/vatnsdrægni, blettaþol, þol gegn efnum, nauðsynlegan undirbúning varðandi undirlag, leiðbeiningar um þrif og ráðlögð hreinsiefni og hversu oft á að þrífa. Í upplýsingunum skal einnig koma fram tæknileg tilgreining á áætluðum endingartíma vörunnar, annaðhvort sem meðaltal eða sem tímabil,

c) upplýsingar um hvernig endurvinnslu eða förgun er háttað,

d) upplýsingar um umhverfismerki Bandalagsins og tilheyrandi vöruflokka, þ.m.t. eftirfarandi texti (eða samsvarandi texti): „Unnt er að fá frekari upplýsingar á vefsetri umhverfismerkis ESB: http://www.ecolabel.eu.“

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram sýnishorn af umbúðunum og/eða textanum sem fylgir.

10. **Upplýsingar sem fram koma á umhverfismerkinu**

Eftirfarandi texti skal standa í reit 2 á umhverfismerkinu:

Náttúruvörur:

— takmörkuð áhrif á búsvæði og tilheyrandi náttúrugæði við námuvinnsluna,

— takmörkuð losun við lokameðhöndlun,

— bættar notendaupplýsingar og bætt meðhöndlun úrgangs.

Unnar vörur:

— takmörkuð orkunotkun í framleiðsluferlunum,

— takmörkuð losun í andrúmsloft og vatn,

— bættar notendaupplýsingar og bætt meðhöndlun úrgangs.

Mat og sannprófun: Umsækjandi skal leggja fram sýnishorn af umbúðunum og/eða textanum sem fylgir.

Tæknilegur viðbætir fyrir harðar klæðningar

Umsækjandinn skal leggja fram allar umbeðnar upplýsingar úr reikningum, mælingum eða prófunum fyrir tímabilið á undan umsókninni. Mælingar skulu vera dæmigerðar fyrir viðkomandi prófunarsyrpu og með innra samræmi með tilliti til allra hluta umsóknarinnar eftir því sem við á.

A1 **Hráefnisvinnsla – skilgreiningar á vísbendum og vægisstuðlum**

Grunnvatnsforði djúpt í jörðu

Með hugtakinu „grunnvatnsforði djúpt í jörðu“ er átt við grunnvatn sem vellur sjálft upp á yfirborðið (þrýstivatn).

Meðalrennsli yfirborðsvatnsins

Við útreikninga á meðalrennsli þess vatns, sem verður fyrir áhrifum vegna námunnar, skal taka tillit til þess svæðis sem hefur fengið leyfi vegna viðkomandi námu. Útreikningarnir skulu gerðir með því að margfalda þverskurðarflatarmál vatnsmassans með rennslishraða vatnsins. Gildin skulu vera dæmigerð fyrir a.m.k. 12 mánuði.

Lýsing á vísbendunum

I.1. Endurvinnsluhlutfall vatns

Sjá A3.

I.2. Áhrifahlutfall grjótnáms

Útreikningar á I.2 skulu byggjast á mælingum á raskaða svæðinu, þ.m.t. námustálið og svæðið fyrir nýtilegt afgangsgrjót, og á svæðinu sem leyfið nær til. Svæðin skulu mæld meðan náman er í rekstri.

I.3. Úrgangur frá náttúruauðlindum

Útreikningar á I.3 byggjast á mati á magni nýtanlegs efnis og heildarrúmmáli þess sem er unnið árlega. Með nýtanlegu efni er átt við allt efni sem nota má í hvers kyns ferli, t.d. seljanlegar steinblokkir, mulning og allt annað efni sem hentar til frekari vinnslu og notkunar.

I.4. Loftgæði

Þessum vísbendi er lýst í tilskipun ráðsins 1999/30/EB ([1]). Útreikningar á I.4 byggjast á mælingum á PM 10 svifögnum við jaðar námusvæðisins sem grundvallast á sérkröfum prófunaraðferðarinnar og almennum ákvæðum í fyrrnefndri tilskipun (hugtakið PM 10 er skilgreint í 11. mgr. 2. gr.). Prófunaraðferðin er skilgreind í EN 12341.

I.5. Vatnsgæði

Þessi vísbendir miðast við heildarlosun svifagna eftir hreinsun yfirborðsvatnsins sem rennur frá námusvæðinu. Útreikningar á I.5 byggjast á mælingum á heildarmagni svifagna með prófunaraðferðinni í ISO 5667-17.

I.6. Hávaði

Þessi vísbendir miðast við hávaðann sem mælist við jaðar námusvæðisins. Mæla skal þann hávaða sem stafar ekki frá höggum eða sprengingum. Útreikningar á I.6 byggjast á mælingum á hávaða með prófunaraðferðinni í ISO 1996-1.

Lýsing á vægisstuðlum

W1. Flokkun samkvæmt landvernd og möguleikum til landnýtingar

Evrópska jarðvegsstofan (European Soil Bureau) skiptir landi í átta flokka og byggist skiptingin á nýtingarmöguleikum þess og þeim takmörkunum sem eru á að rækta þar nytjaplöntur. Þessum flokkum má lýsa á eftirfarandi hátt:

— Í I. flokki er land með lítils háttar takmarkanir með tilliti til nýtingar.

— Í II. flokki er land með miðlungi miklar takmarkanir sem setja skorður um val á plöntum eða kalla á notkun hófstilltra ræktunaraðferða.

— Í III. flokki er land með verulegar takmarkanir sem setja skorður um val á plöntum eða kalla á notkun sértækra ræktunaraðferða, nema hvort tveggja sé.

([1]) Stjtíð. EB L 163, 29.6.1999, bls. 41.

— Í IV. flokki er land með verulegar takmarkanir sem setja skorður um val á plöntum eða kalla á mjög nákvæma stjórnun, nema hvort tveggja sé.

— Í V. flokki er land með lítilli eða engri rofhættu en með öðrum takmörkunum sem erfitt er að ráða bót á og það nýtist því aðeins til beitar, veiða, skógræktar eða sem búsvæði og skjól villtra dýra.

— Í VI. flokki er land með verulegar takmarkanir sem valda því að það hentar almennt ekki til ræktunar heldur fyrst og fremst til beitar, veiða eða skógræktar eða sem búsvæði og skjól villtra dýra.

— Í VII. flokki er land með verulegar takmarkanir sem valda því að það hentar ekki til ræktunar heldur fyrst og fremst til beitar eða skógræktar eða sem búsvæði villtra dýra.

— Í VIII. flokki er land og ýmis sérstök svæði með takmarkanir sem útiloka að þar megi framleiða plöntuafurðir til sölu og landið nýtist því eingöngu til útivistar, sem búsvæði villtra dýra, til vatnsöflunar eða í fagurfræðilegum tilgangi.


A2 **Val á hráefnum**

Með „endurvinnslu í lokuðu ferli“ er átt við endurvinnslu úrgangsefnis í sömu tegund vöru en þegar um er að ræða aukaefni sem fellur til í framleiðsluferli (s.s. afganga eða leifar) þýðir „endurvinnsla í lokuðu ferli“ að efnin eru notuð aftur í sama ferlinu.

A3 **Endurvinnsluhlutfall vatns**

Útreikningar á endurvinnsluhlutfalli vatns skulu vera í samræmi við eftirfarandi formúlu sem byggist á rennslinu sem fram kemur á mynd A1.

$$\text{Endurvinnsluhlutfall} = \frac{\text{endurunnið fráveituvatn}}{\text{Allt vatn sem kemur út úr ferlinu}} \cdot 100 = \frac{R}{W1} \cdot 100$$



Með fráveituvatni er eingöngu átt við vatn sem notað er í vinnslustöðvum, ekki regnvatn eða grunnvatn.

A4 **Útreikningar á orkunotkun (ferlisorku (PER) og brennsluorku (ERF))**

Við útreikninga á ferlisorkuþörf (PER) eða brennsluorkuþörf (ERF) skal taka tillit til réttu orkuberanna fyrir alla stöðina eða fyrir brennslustigið eitt. Nota skal heildarvarmagildi (efra varmagildi) eldsneytis til að umreikna orkueiningar yfir í MJ (tafla A1). Þegar um annað eldsneyti er að ræða skal tilgreina varmagildið sem er notað við útreikningana. Með raforku er átt við aðfengið rafmagn (nettó) frá dreifikerfinu og innri rafmagnsframleiðslu sem mæld er sem raforka.

(1) „W“ er fráveituvatn sem er losað út í umhverfið.

Við mat á ferlisorkuþörf við framleiðslu mulningssteins skal taka tillit til allrar orku sem berst inn í framleiðslustöðina, bæði sem eldsneyti og rafmagn.

Við mat á ferlisorkuþörf við framleiðslu terrassóflísa skal taka tillit til allrar orku sem berst inn í framleiðslustöðina, bæði sem eldsneyti og rafmagn.

Við mat á brennsluorkuþörf við framleiðslu keramíkflísa skal taka tillit til allrar orku sem berst inn í alla ofna sem eldsneyti á brennslustiginu.

Við mat á brennsluorkuþörf við framleiðslu leirflísa skal taka tillit til allrar orku sem berst inn í alla ofna sem eldsneyti á brennslustiginu.

Við mat á ferlisorkuþörf við framleiðslu sements skal taka tillit til allrar orku sem berst inn í framleiðslukerfið, bæði sem eldsneyti og rafmagn.

Tafla A1

Tafla fyrir útreikning á ferlisorkuþörf eða brennsluorkuþörf (sjá útskýringar í texta)

Framleiðslutímabil	Dagar	Frá	Til	
Framleiðsla (kg)				
Eldsneyti	Magn	Einingar	Breytistuðull	Orka (MJ)
Jarðgas		kg	54,1	
Jarðgas		Nm3	38,8	
Bútan		kg	49,3	
Steinolía		kg	46,5	
Bensín		kg	52,7	
Dísilolía		kg	44,6	
Gasolía		kg	45,2	
Svartolía		kg	42,7	
Þurrgufukol		kg	30,6	
Harðkol		kg	29,7	
Viðarkol		kg	33,7	
Iðnaðarkoks		kg	27,9	
Rafmagn (frá neti)		kWh	3,6	
			Heildarorka	
Sértæk orkunotkun (MJ/kg af vöru)				

A5 **Útreikningur á vatnsnotkun**

Sértæk notkun ferskvatns skal reiknuð út sem hér segir:

$$CW_{p\text{-}a} = (W_p + W_a)/P_t$$

$Cw_{p\text{-}a}$ = sértæk notkun ferskvatns. Niðurstöðurnar eru gefnar upp sem m^3/tonn, jafngildi l/kg,

P_t = geymd heildarframleiðsla í tonnum,

W_p = vatn frá borholum sem eingöngu er ætlað til notkunar í iðnaði (ekki vatn frá borholum sem ætlað er til heimilisnota, vökvunar eða annarrar notkunar en í iðnaði), í m3,

W_a = vatn frá vatnsveitustokki sem eingöngu er ætlað til notkunar í iðnaði (ekki vatn frá vatnsveitustokki sem ætlað er til heimilisnota, vökvunar eða annarrar notkunar en í iðnaði) í m3.

Kerfið nær frá hráefnum til brennslu.

A6 **Losun í andrúmsloft (unnar vörur eingöngu)**

Loftmengunarþættirnir skulu reiknaðir á eftirfarandi hátt:

— fyrir alla þættina, sem taldir eru upp í töflunum, skal reikna styrk í útblásturslofti sem er losað út í umhverfið,

— mælingarnar, sem eru notaðar við útreikningana, skulu gerðar samkvæmt prófunaraðferðunum sem eru tilgreindar í töflunum,

— tekin sýni skulu vera dæmigerð fyrir viðkomandi framleiðslu.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/70**

frá 22. september 2008

um útlit staðlaðs eyðublaðs sem um getur í 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 (*)

(tilkynnt með númeri C(2008) 5123)

(2009/810/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 frá 15. mars 2006 um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum og um breytingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 3821/85 og (EB) nr. 2135/98 og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 ([1]), einkum 2. mgr. 25. gr. ,

með hliðsjón af áliti nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 18. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3821/85 frá 20. desember 1985 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Aðildarríki skulu nota staðlaða eyðublaðið, sem um getur í 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 561/2006, til að miðla framkvæmdastjórninni, á tveggja ára fresti, þeim upplýsingum sem eru nauðsynlegar til að taka saman skýrslu um framkvæmd þeirrar reglugerðar og reglugerðar (EBE) nr. 3821/85 og um þróun á viðkomandi sviðum.

2) Staðlaða eyðublaðið, sem var fastsett með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/173/EBE ([3]), skal nú uppfært til að taka m.a. tillit til þróunar á reglum Bandalagsins um aksturstíma og hvíldartíma.

3) Í nýju kröfunum um skýrslugjöf, sem voru fastsettar með reglugerð (EB) nr. 561/2006 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/22/EB ([4]), þar sem mælt er fyrir um lágmarksskilyrði fyrir framkvæmd hennar, er einkum fjallað um upplýsingar um undanþágur, sem aðildarríkin veita skv. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 561/2006, og ítarlegar upplýsingar um eftirlit með ökutækjum.

4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/15/EB frá 11. mars 2002 um skipulag á vinnutíma farstarfsmanna sem sjá um flutninga á vegum ([5]) kemur til fyllingar ákvæðum um aksturstíma, vinnuhlé og hvíldartíma sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 561/2006.

5) Í samræmi við 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 2002/15/EB er aðildarríkjunum skylt að gefa skýrslu um framkvæmd þeirrar tilskipunar á tveggja ára fresti. Þetta tveggja ára tímabil fellur saman við tímabilið sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 561/2006.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 289, 5.11.2009, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2010 frá 1. október 2010 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 16.12.2010, bls. 11.

([1]) Stjtíð. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 370, 31.12.1985, bls. 8.

([3]) Stjtíð. EB L 72, 25.3.1993, bls. 33.

([4]) Stjtíð. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 35.

([5]) Stjtíð. EB L 80, 23.2.2002, bls. 35.

6) Því þykir rétt, af ástæðum er varða stjórnsýslulega hagræðingu og skilvirkt eftirlit með áhrifum reglna Bandalagsins á þessu sviði, að sjá til þess að þessum upplýsingum verði bætt við á staðlaða eyðublaðið.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Staðlaða eyðublaðið, sem um getur í 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 561/2006, skal útbúið í samræmi við fyrirmyndina í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun 93/173/EBE er hér með felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvörðuninni sem tilvísanir í þessa ákvörðun.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. september 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Antonio TAJANI

varaforseti.

VIÐAUKI

Staðlað eyðublað til skýrslugjafar um framkvæmd aðildarríkjanna á reglugerð (eb) nr. 561/2006, reglugerð (ebe) nr. 3821/85 og tilskipun 2002/15/2002 í samræmi við 17. gr. reglugerðar (eb) nr. 561/2006 og 13. gr. tilskipunar 2002/15/eb

1. AÐILDARRÍKI

2. VIÐMIÐUNARTÍMABIL

(17. gr. reglugerðar (EB) nr. 561/2006)

Frá (dagsetning):

Til (dagsetning):

3. ÚTREIKNINGUR Á LÁGMARKSFJÖLDA TILVIKA ÞAR SEM EFTIRLIT SKAL FARA FRAM

(2. gr. tilskipunar 2006/22/EB)

a) Fjöldi vinnudaga á hvern ökumann á viðmiðunartímabilinu: .....

b) Heildarfjöldi ökutækja sem fellur undir reglugerð (EB) nr. 561/2006: .....

c) Heildarfjöldi vinnudaga (a- × b-liður): .....

d) Lágmarksfjöldi tilvika í tengslum við eftirlit (2% af c-lið frá 1. janúar 2008, 3% frá janúar 2010): .....

4. VEGAEFTIRLIT

4.1. *Fjöldi ökumanna sem eftirlit er haft með á vegum miðað við skráningarland og tegund helstu flutninga*

Tegund helstu flutninga	ESB/EES/Sviss		Þriðju lönd
	Ríkisborgarar	Ríkisborgarar annarra landa	
Farþegaflutningar			
Vöruflutningar			
Samtals			

4.2. *Fjöldi ökutækja sem stöðvaður er vegna vegaeftirlits miðað við gerð vegar og skráningarland*

Gerð vegar	A	B	BG	CY	CZ	D	DK	E	EST	F	FIN	GB	GR	H	I	IRL	L
Hraðbraut																	
Þjóðvegur																	
Aukavegur																	
Gerð vegar	LT	LV	M	NL	P	PL	RO	S	SK	SLO	FL	IS	N	CH	Annað	Samtals	
Hraðbraut																	
Þjóðvegur																	
Aukavegur																	

4.3. *Fjöldi ökutækja sem stöðvaður er vegna vegaeftirlits miðað við tegund ökurita*

Tegund ökurita	ESB/EES/Sviss		Þriðju lönd
	Ríkisborgarar	Ríkisborgarar annarra landa	
Hliðrænn			
Stafrænn			
Samtals			

Ef landshagskýrslur gera það mögulegt skal einnig fylla inn í töfluna hér á eftir nákvæmar tölur yfir ökutæki sem eru búin stafrænum ökurita:

a) Fjöldi ökutækja sem eru búin stafrænum ökurita	
b) Hluti ökutækja sem eru búin stafrænum ökurita af heildarflota ökutækja sem falla undir reglugerðirnar	

4.4. *Fjöldi kannaðra vinnudaga við vegaeftirlit miðað við tegund helstu flutninga og skráningarland*

Tegund helstu flutninga	ESB/EES/Sviss		Þriðju lönd
	Ríkisborgarar	Ríkisborgarar annarra landa	
Farþegaflutningar			
Vöruflutningar			
Samtals			

4.5. *Brot — fjöldi og tegund brota sem hafa komið í ljós við vegaeftirlit*

(R — brot á reglugerð (EB) nr. 561/2006, D — brot á tilskipun 2006/22/EB)

Grein	Tegund brots	Farþegaflutningar			Vöruflutningar		
		ESB/EES/Sviss		Þriðju lönd	ESB/EES/Sviss		Þriðju lönd
		Ríkisborgarar	Ríkisborgarar annarra landa		Ríkisborgarar	Ríkisborgarar annarra landa	
R 6	Aksturstími: – aksturstími á dag – aksturstími á viku – aksturstími á hálfum mánuði						
R 6	Gögn vantar um aðra vinnu og/eða tiltækileika						
R 7	Hlé á akstri (ekið lengur en í 4,5 klst. án hlés eða vinnuhlé of stutt)						
R 8	Hvíldartími: – daglegur lágmarkshvíldartími – vikulegur lágmarkshvíldartími						

Grein	Tegund brots	Farþegaflutningar			Vöruflutningar		
		ESB/EES/Sviss		Þriðju lönd	ESB/EES/Sviss		Þriðju lönd
		Ríkisborgarar	Ríkisborgarar annarra landa		Ríkisborgarar	Ríkisborgarar annarra landa	
R 10 og 26	Skrár um aksturstíma: – varðveisla gagna í eitt ár – ökuritaskífa fyrir næstliðna 28 daga Skrár um vinnutíma						
D I. viðauki A	Skráningarbúnaður: – virkar ekki rétt – átt hefur verið við skráningarbúnaðinn eða hann misnotaður						

5. EFTIRLIT Á ATHAFNASVÆÐI FYRIRTÆKIS

5.1. *Fjöldi ökumanna sem eftirlit er haft með og fjöldi kannaðra vinnudaga á athafnasvæði fyrirtækis*

Tegund flutninga	Fjöldi ökumanna sem eftirlit er haft með	Fjöldi kannaðra vinnudaga
I. *Tegundarflokkun*		
Farþegaflutningar		
Vöruflutningar		
II. *Tegundarflokkun*		
Flutningar gegn gjaldi		
Flutningar fyrir eigin reikning		

5.2. *Brot — fjöldi og tegund brota sem hafa komið í ljós á athafnasvæði*

(R — brot á reglugerð (EB) nr. 561/2006, D — brot á tilskipun 2006/22/EB)

Grein	Tegund brots	Farþegaflutningar	Vöruflutningar
R 6	Aksturstími: – aksturstími á dag – aksturstími á viku – aksturstími á hálfum mánuði		
R 6	Gögn vantar um aðra vinnu og/eða tiltækileika		
R 7	Hlé á akstri (ekið lengur en í 4,5 klst. án hlés eða vinnuhlé of stutt)		
R 8	Hvíldartími: – daglegur lágmarkshvíldartími – vikulegur lágmarkshvíldartími		

Grein	Tegund brots	Farþegaflutningar	Vöruflutningar
R 10 og 26	Skrár um aksturstíma: – varðveisla gagna í eitt ár – ökuritaskífa fyrir næstliðna 28 daga		
D I. viðauki	Skráningarbúnaður: – virkar ekki rétt – átt hefur verið við skráningarbúnaðinn eða hann misnotaður		

5.3. *Fjöldi fyrirtækja og ökumanna sem eftirlit er haft með á athafnasvæði miðað við stærð ökutækjaflota fyrirtækisins*

Stærð ökutækjaflota	Fjöldi fyrirtækja sem eftirlit er haft með	Fjöldi ökumanna sem eftirlit er haft með	Fjöldi brota sem hafa komið í ljós
1			
2-5			
6-10			
11-20			
21-50			
51-200			
201-500			
yfir 500			

6. GETA Í HVERJU RÍKI TIL FRAMFYLGDAR

a) Fjöldi eftirlitsmanna sem tekur þátt í vegaeftirliti og eftirliti á athafnasvæðinu: .....

b) Fjöldi eftirlitsmanna sem hefur hlotið þjálfun í greiningu gagna úr stafrænum ökuritum bæði á vegum og á athafnasvæði fyrirtækis: .....

c) Einingafjöldi búnaðar sem eftirlitsmönnum er fenginn til að geta halað niður, lesið og greint gögn úr stafrænum ökuritum á vegum og á athafnasvæði fyrirtækis: .....

7. FRAMTAKSVERKEFNI Í HVERJU RÍKI OG ALÞJÓÐLEG FRAMTAKSVERKEFNI

7.1. *Framtaksverkefni í hverju ríki*

a) Ráðstafanir varðandi reglusetningu (þ.m.t. upplýsingar um hvaða undanþágur hafa verið nýttar skv. 1. mgr. 13. gr.)

b) Stjórnsýslulegar ráðstafanir

c) Aðrar ráðstafanir

7.2. *Alþjóðleg framtaksverkefni*

a) Samstillt eftirlit: fjöldi fyrir hvert ár, samstarfslönd

b) Miðlun reynslu, skipti á gögnum, starfsmannaskipti: fjöldi framtaksverkefna, fjöldi starfsmanna, viðfanga skiptanna, samstarfslanda

8. VIÐURLÖG

8.1. *Refsirammi viðmiðunarárs*

8.2. *Breytingar*

a) Dagsetning og eðli nýjustu breytinga (á grundvelli viðmiðunarárs)

b) Tilvísanir til laga- og stjórnsýslufyrirmæla

9. NIÐURSTÖÐUR OG ATHUGASEMDIR, Þ.M.T. HVERS KONAR ÞRÓUN MÁLA Á VIÐKOMANDI SVIÐUM

10. SKÝRSLA UM FRAMKVÆMD TILSKIPUNAR 2002/15/EB UM VINNUTÍMA

Þessi liður skal almennt innihalda upplýsingar:

– um það hvernig skýrslan var unnin, við hvaða hagsmunaaðila samráð var haft við,

– um framkvæmd (*lagalega stöðu, hvernig lögleiðingin breytti fyrri lagalegri stöðu varðandi vinnutíma, alla erfiðleika sem komu upp við beitingu tilskipunarinnar, ráðstafanir sem gerðar voru í kjölfar þessara erfiðleika, jaðarráðstafanir sem gerðar voru til að greiða fyrir framkvæmd löggjafarinnar í reynd*),

– um eftirlit með framkvæmd (*aðilar sem bera ábyrgð á eftirliti með því að reglum sé fylgt, eftirlitsaðferðir sem notaðar eru, vandamál sem komu upp og lausnum sem var beitt*),

– um lagalega túlkun (*tilgreina skal hvort dómsúrskurðir hafi fallið í hverju ríki fyrir sig um mikilvæg álitaefni í tengslum við túlkun eða beitingu tilskipunarinnar, tilgreina skal mikilvægustu lagalegu atriði málsins*),

– um mat á skilvirkni (*gögn sem notuð eru til að meta skilvirkni lögleiðingaráðstafana, tilgreina skal jákvæða og neikvæða þætti við framkvæmd löggjafarinnar í reynd*),

– um horfur (*hvers konar forgangsatriði á sviðinu, leggja skal fram rökstuddar tillögur að aðlögun eða breytingu á tilskipuninni, tilgreina skal hvaða breytingar eru álitnar nauðsynlegar til að stuðla að tækniframförum, leggja skal fram hvers konar jaðarráðstafanir á vettvangi Evrópusambandsins*).

11. AÐILI SEM ER ÁBYRGUR FYRIR SAMANTEKT ÞESSARAR SKÝRSLU

Nafn: .....

Staða: .....

Stofnun: .....

Stjórnunarheimilisfang: .....

Símanúmer/bréfsímanúmer: .....

Tölvupóstfang: .....

Dagsetning: .....

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/71**

frá 30. júlí 2008

um breytingu á tilskipun ráðsins 82/894/EBE um tilkynningu dýrasjúkdóma innan Bandalagsins í því skyni að færa tiltekna sjúkdóma á skrána yfir tilkynningarskylda sjúkdóma og fella lömunarveiki í svínum brott úr sömu skrá (*)

(tilkynnt með númeri C(2008) 3943)

(2008/650/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 82/894/EBE frá 21. desember 1982 um tilkynningu dýrasjúkdóma innan Bandalagsins ([1]), einkum 2. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 82/894/EBE um tilkynningu dýrasjúkdóma innan Bandalagsins er mælt fyrir um viðmiðanir við tilkynningu um þá dýrasjúkdóma sem aðildarríki, þar sem sjúkdómur kemur upp, þurfa að tilkynna til framkvæmdastjórnarinnar og annarra aðildarríkja.

2) Tafarlaus tilkynning og upplýsingagjöf um uppkomu þessara sjúkdóma í Bandalaginu er afar mikilvægur þáttur í vörnum gegn þessum sjúkdómum og einnig að því er varðar flutning og viðskipti með lifandi dýr og dýraafurðir.

3) Í ákveðnum tilvikum skulu aðildarríki, í samræmi við tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum, ([2]) tilkynna um staðfest tilfelli þeirra sjúkdóma í lagareldisdýrum sem skráðir eru í IV. viðauka við þá tilskipun.

4) Í I. viðauka við tilskipun 82/894/EBE, þar sem taldir eru upp þeir sjúkdómar sem tilkynna skal framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um ef upp koma, er aðeins getið um iðradrep, blóðþorra og veirublæði í tengslum við sjúkdóma sem herja á fiska.

5) Samkvæmt IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB eru blóðmyndandi drep, húðsveppadrep, sýking af völdum Bonamia exitiosa, ostruveiki, martelíuveiki, sýking af völdum Microcytos mackini, perkinsusveiki, skjónakarpaherpesveiki, rauðhali, hvítblettaveiki og gulhöfðaveiki einnig skilgreindir sem tilkynningarskyldir sjúkdómar.

6) Því er nauðsynlegt að bæta þessum sjúkdómum við í I. viðauka við tilskipun 82/894/EBE og breyta II. viðauka við þá tilskipun ráðsins til að taka tillit til tiltekinna atriða er varða lagareldisdýr.

7) Með tilskipun ráðsins 2002/60/EB ([3])var alvarleg lömunarveiki í svínum (Teschen-veiki) felld brott úr skránni yfir sjúkdóma í I. viðauka við tilskipun ráðsins 92/119/EBE ([4]) og þar með er ekki lengur skylt að tilkynna um þann sjúkdóm til lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna.

8) Því er rétt að fella þennan sjúkdóm brott úr skránni yfir sjúkdóma í I. viðauka tilskipunar 82/894/EBE.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Textinn í viðaukanum við þessa ákvörðun skal koma í stað I. og II. viðauka við ákvörðun 82/894/EBE.

2. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. ágúst 2008.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 213, 8.8.2008, bls. 42. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2010 frá 10. nóvember 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 12, 3.3.2011, bls. 1.

([1]) Stjtíð. EB L 378, 31.12.1982, bls. 58. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/216/EB (Stjtíð. ESB L 67, 5.3.2004, bls. 27).

([2]) Stjtíð. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14. Tilskipuninni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/53/EB (Stjtíð. ESB L 117, 1.5.2008, bls. 27).

([3]) Stjtíð. EB L 192, 20.7.2002, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/729/EB (Stjtíð. ESB L 294, 13.11.2007, bls. 26).

([4]) Stjtíð. EB L 62, 15.3.1993, bls. 69. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/10/EB (Stjtíð. ESB L 63, 1.3.2007, bls. 24).

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. júlí 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

I. VIÐAUKI

Tilkynningaskyldir sjúkdómar

A. *Sjúkdómar í landdýrum*

Afríkuhrossapest

Afríkusvínapest

Fuglainflúensa

Blátunga

Kúariða

Svínapest

Smitandi lungna-og brjósthimnubólga í nautgripum

Dúrín

Heila- og mænubólga í hestum (af öllum tegundum, þ.m.t. venesúelaheila- og mænubólga í hestum)

Smitandi blóðleysi í hestum

Gin- og klaufaveiki

Sníf

Húðþrymlaveiki

Newcastle-veiki

Fjárpest

Sigdalssótt

Nautapest (nautgripapest)

Fjár- og geitabóla

Sjúkdómar af völdum litlu býkúpubjöllu (Aethina tumida)

Svínafár

Sjúkdómur af völdum sníkjumítils af ættkvíslinni Tropilaelaps

Munnblöðrubólga

B. *Sjúkdómar í lagardýrum*

Blóðmyndandi drep

Húðsveppadrep

Veirublæði

Hvítblettaveiki

Gulhöfðaveiki

Rauðhali

Iðradrep

Blóðþorri

Sýking af völdum Perkinsus marinus

Sýking af völdum Microcytos mackini

Sýking af völdum Marteilia refringens

Sýking af völdum Bonamia ostreae

Sýking af völdum Bonamia exitiosa

Skjónakarpaherpesveiki

II. VIÐAUKI

A. Upplýsingar, með hliðsjón af 3. og 4. gr., sem greina skal frá í tengslum við frumuppkomu og seinni uppkomu sjúkdóma sem eru skráðir í A og B-lið I. viðauka:

1. Sendingardagur.
2. Sendingartími.
3. Upprunaland.
4. Sjúkdómsheiti og tegund veiru, ef við á.
5. Raðnúmer uppkomu.
6. Tegund uppkomu sjúkdóms.
7. Tilvísundarnúmer uppkomu sjúkdóms sem þessi uppkoma tengist.
8. Svæði og landfræðileg staðsetning bújarðar.
9. Önnur svæði þar sem takmarkanirnar hafa áhrif.
10. Staðfestingardagur.
11. Dagurinn þegar grunur um smit vaknar.
12. Áætlaður dagur fyrsta smits.
13. Uppruni sjúkdóms.
14. Varnarráðstafanir sem hafa verið gerðar.
15. Fjöldi smitnæmra dýra á bújörð a) nautgripir, b) svín, c) sauðfé, d) geitur, e) alifuglar, f) dýr af hestaætt, g) þegar um er að ræða sjúkdóma í lagareldisdýrum verður að tilgreina þyngd eða fjölda smitnæmra dýra margfaldað með 1000, h) villtar tegundir, i) þegar um er að ræða sjúkdóma sem herja á býflugur verður að tilgreina fjölda smitnæmra býflugnabúa.
16. Fjöldi dýra með klínísk einkenni á bújörð a) nautgripir, b) svín, c) sauðfé, d) geitur, e) alifuglar, f) dýr af hestaætt, g) þegar um er að ræða sjúkdóma í lagareldisdýrum verður að tilgreina þyngd eða fjölda dýra með klínísk einkenni margfaldað með 1000, h) villtar tegundir, i) þegar um er að ræða sjúkdóma sem herja á býflugur verður að tilgreina fjölda býflugnabúa með klínísk einkenni.
17. Fjöldi dýra sem hafa drepist á bújörð a) nautgripir, b) svín, c) sauðfé, d) geitur, e) alifuglar, f) dýr af hestaætt, g) þegar um er að ræða sjúkdóma í lagareldisdýrum verður að tilgreina þyngd eða fjölda dýra sem hafa drepist, margfaldað með 1000, h) villtar tegundir.
18. Fjöldi dýra sem slátrað er a) nautgripir, b) svín, c) sauðfé, d) geitur, e) alifuglar, f) dýr af hestaætt, g) þegar um er að ræða sjúkdóma í lagareldisdýrum, þar sem við á (aðeins að því er varðar krabbadýr og fiska) verður að tilgreina þyngd eða fjölda dýra sem slátrað hefur verið, margfaldað með 1000, h) villtar tegundir.
19. Fjöldi skrokka sem eytt hefur verið a) nautgripir, b) svín, c) sauðfé, d) geitur, e) alifuglar, f) dýr af hestaætt, g) þegar um er að ræða sjúkdóma í lagareldisdýrum, þar sem við á, verður að tilgreina þyngd eða fjölda dýra sem fjarlægð hafa verið og fargað, margfaldað með 1000, h) villtar tegundir, i) þegar um er að ræða sjúkdóma sem herja á býflugur verður að tilgreina fjölda býflugnabúa sem eytt hefur verið.
20. Áætlun um hvaða dag aflífun skal vera lokið (þar sem við á).
21. Áætlun um hvaða dag eyðingu skal vera lokið (þar sem við á).

B. Þegar um svínapest er að ræða eru enn fremur veittar eftirfarandi upplýsingar:

1. Fjarlægð frá næsta svínabúi.
2. Fjöldi og kyn (undaneldissvín, eldissvín og smágrísir ([1])) svína á sýktu bújörðinni.
3. Fjöldi og kyn (undaneldissvín, eldissvín og smágrísir ([1])) svína með klínísk einkenni á sýktu bújörðinni.
4. Greiningaraðferð.
5. Ef sjúkdómurinn hefur ekki verið staðfestur á viðkomandi athafnasvæði skal tilgreina hvort hann var staðfestur í sláturhúsi eða í flutningatæki.
6. Staðfesting frumtilfella ([2]) í villtum svínum.

([1]) Dýr sem eru yngri en u.þ.b. þriggja mánaða gömul.
([2]) Með frumtilfellum svínapestar í villtum svínum er átt við tilfelli er upp koma á svæðum sem eru laus við sjúkdóma, þ.e. utan þeirra svæða þar sem í gildi eru höft vegna svínapestar í villtum svínum.

C. Þegar um er að ræða sjúkdóma í lagareldisdýrum sem skráð eru í B-lið I. viðauka skal eftirfarandi gilda:

— Öll staðfest tilfelli þar sem upp hafa komið framandi sjúkdómar og sjúkdómar sem ekki eru framandi í aðildarríkjum, svæðum eða hólfum, sem áður voru lýst sjúkdómalaus eins og skilgreint er í tilskipun 2006/88/EB, skulu tilkynnt sem frumuppkoma. Nafn og lýsing á svæðinu eða hólfinu skal koma fram í frjálsa textanum.

— Önnur tilfelli en þau sem lýst er í fyrsta lið hér á undan skulu teljast seinni uppkoma, í samræmi við 1. mgr. 4. gr. áðurnefndrar tilskipunar.

— Tilkynna skal mánaðarlega um seinni uppkomu sjúkdóma í lagareldisdýrum.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/72**

frá 26. mars 2009

um lengingu á gildistíma ákvörðunar 2006/502/EB þar sem þess er krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað (*)

(tilkynnt með númeri C(2009) 2078)

(2009/298/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru ([1]) , einkum 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar ([2]) 2006/502/EB er þess krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað.

2) Ákvörðun 2006/502/EB var samþykkt í samræmi við ákvæði 13. gr. tilskipunar 2001/95/EB sem takmarkar gildistíma ákvörðunarinnar við eitt ár hið mesta en veitir leyfi til þess að lengja gildistímann með viðbótartímabilum sem hvert um sig skal ekki vera lengra en eitt ár.

3) Ákvörðun 2006/502/EB var breytt tvisvar, í fyrra skiptið með ákvörðun 2007/231/EB ([3]) sem framlengdi gildistíma ákvörðunarinnar til 11. maí 2008 og í seinna skiptið með ákvörðun 2008/322/EB ([4]) sem framlengdi gildistíma ákvörðunarinnar um eitt ár til viðbótar, til 11. maí 2009.

4) Þar sem ekki hafa verið gerðar aðrar fullnægjandi ráðstafanir varðandi öryggi barna í tengslum við kveikjara er nauðsynlegt að framlengja gildistíma ákvörðunar 2006/502/EB um tólf mánuði til viðbótar og breyta henni til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með tilskipun 2001/95/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 2. mgr. 6. gr. ákvörðunar 2006/502/EB komi eftirfarandi:

„2. Ákvörðun þessi gildir til 11. maí 2010.“

2. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun þessari eigi síðar en 11. maí 2009 og birta þessar ráðstafanir. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. mars 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Meglena Kuneva

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 81, 27.3.2009, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2010 frá 10. nóvember 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 12, 3.3.2011, bls. 14.

([1]) Stjtíð. EB L 11, 15.1.2002, bls. 4.

([2]) Stjtíð. ESB L 198, 20.7.2006, bls. 41.

([3]) Stjtíð. ESB L 99, 14.4.2007, bls. 16.

([4]) Stjtíð. ESB L 109, 19.4.2008, bls. 40.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/73**

frá 12. mars 2010

um lengingu á gildistíma ákvörðunar 2006/502/ESB þar sem þess er krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 1314)

(2010/157/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru ([1]), einkum 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/502/EB ([2]) er þess krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað.

2) Ákvörðun 2006/502/EB var samþykkt í samræmi við ákvæði 13. gr. tilskipunar 2001/95/EB sem takmarkar gildistíma ákvörðunarinnar við eitt ár hið mesta en veitir leyfi til þess að lengja gildistímann með viðbótartímabilum sem hvert um sig skal ekki vera lengra en eitt ár.

3) Ákvörðun 2006/502/EB var breytt þrisvar, í fyrsta skiptið með ákvörðun 2007/231/EB ([3]) sem framlengdi gildistíma ákvörðunarinnar til 11. maí 2008, í annað skiptið með ákvörðun 2008/322/EB ([4]) sem framlengdi gildistíma ákvörðunarinnar til 11. maí 2009 og í þriðja skiptið með ákvörðun 2009/298/EB ([5]) sem framlengdi gildistíma ákvörðunarinnar um eitt ár til viðbótar, til 11. maí 2010.

4) Þar sem ekki hafa verið gerðar aðrar fullnægjandi ráðstafanir varðandi öryggi barna í tengslum við kveikjara er nauðsynlegt að framlengja gildistíma ákvörðunar 2006/502/EB um tólf mánuði til viðbótar og breyta henni til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með tilskipun 2001/95/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 2. mgr. 6. gr. ákvörðunar 2006/502/EB komi eftirfarandi:

„2. Ákvörðun þessi gildir til 11. maí 2011.“

2. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun þessari eigi síðar en 11. maí 2010 og birta þessar ráðstafanir. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. mars 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John DALLI

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 67, 17.3.2010, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2010 frá 10. nóvember 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 12, 3.3.2011, bls. 14.

([1]) Stjtíð. EB L 11, 15.1.2002, bls. 4.

([2]) Stjtíð. ESB L 198, 20.7.2006, bls. 41.

([3]) Stjtíð. ESB L 99, 14.4.2007, bls. 16.

([4]) Stjtíð. ESB L 109, 19.4.2008, bls. 40.

([5]) Stjtíð. ESB L 81, 27.3.2009, bls. 23.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/65/EB 2013/EES/4/74

frá 13. júlí 2009

um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) (*)

(endurútgefin)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 47. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) ([2]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ([3]). Þar sem um frekari breytingar verður að ræða er rétt að endurútgefa hana fyrir skýrleika sakir.

2) Tilskipun 85/611/EBE hefur haft mikil áhrif á þróun og árangur evrópska fjárfestingarsjóðageirans. Þrátt fyrir endurbætur sem teknar hafa verið upp eftir innleiðingu hennar, einkum árið 2001, hefur það komið betur í ljós að breytinga á lagaramma fyrir verðbréfasjóði er þörf, til þess að aðlaga hann að fjármálamörkuðum tuttugustu og fyrstu aldarinnar. Grænbók framkvæmdastjórnarinnar frá 12. júlí 2005 um umbætur á ramma Evrópusambandsins að því er varðar fjárfestingarsjóði varð kveikjan að opinberri umræðu um með hvaða hætti skyldi breyta tilskipun 85/611/EBE til þess að takast á við þessar nýju áskoranir. Það ítarlega samráðsferli leiddi til þeirrar, að mestu, sameiginlegu niðurstöðu að verulegra breytinga á tilskipuninni væri þörf.

3) Landslög sem gilda um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu skulu samræmd með það í huga að samræma samkeppnisskilyrði þessara fyrirtækja á vettvangi Bandalagsins, á sama tíma og tryggð er skilvirkari og einsleitari vernd eigenda hlutdeildarskírteina. Þess háttar samræming stuðlar að afléttingu takmarkana á frjálsu flæði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða innan Bandalagsins.

4) Með hliðsjón af þessum markmiðum, er æskilegt að kveða á um sameiginlegar grundvallarreglur um starfsleyfi, eftirlit, skipan og starfsemi verðbréfasjóða, sem komið er á fót í aðildarríkjunum, og þær upplýsingar sem þeim er skylt að birta.

5) Samræmingin skal takmarkast við lög aðildarríkjanna um verðbréfasjóði, aðra en þá sem eru lokaðir, sem bjóða almenningi innan Bandalagsins hlutdeildarskírteini sín til sölu. Æskilegt er að verðbréfasjóðum sé heimilt, sem hluti af fjárfestingarmarkmiði sínu, að fjárfesta í fjármálagerningum, öðrum en framseljanlegum verðbréfum, sem eru nægjanlega seljanleg. Í þessari tilskipun eru skráðir þeir fjármálagerningar sem koma til greina sem fjárfestingar í verðbréfasafni verðbréfasjóðs. Val á fjárfestingum fyrir verðbréfasafn, með því að nota vísitölu, heyrir undir stjórnunaraðferðir.

6) Ef í ákvæðum þessarar tilskipunar er gerð krafa um að verðbréfasjóðir grípi til aðgerða skal ríkja sá skilningur að þau ákvæði vísi til rekstrarfélags í þeim tilvikum sem verðbréfasjóðir eru stofnaðir sem sameignarsjóður undir stjórn rekstrarfélags og þar sem sameignarsjóður er ekki í stöðu til að aðhafast sjálfur vegna þess að hann hefur ekki réttarstöðu lögaðila.

7) Einingar verðbréfasjóðs teljast vera fjármálagerningar að því er varðar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga ([4]).

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2010 frá 10. nóvember 2010 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 12, 3.3.2011, bls. 20.

([1]) Álit Evrópuþingsins frá 13. janúar 2009 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindum ESB*) og ákvörðun ráðsins frá 22. júní 2009.

([2]) Stjtíð. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3.

([3]) Sjá A-hluta III. viðauka.

([4]) Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.

8) Leyfi, sem rekstrarfélagi er veitt í heimaaðildarríki sínu, ætti að tryggja vernd fjárfesta og gjaldþol rekstarfélaga með það fyrir augum að stuðla að stöðugleika fjármálakerfisins. Sú aðferð sem samþykkt er með þessari tilskipun er að ná fram nauðsynlegri lágmarkssamræmingu til að tryggja gagnkvæma viðurkenningu á leyfum og fyrirkomulagi á varfærniseftirlit sem gerir það að verkum að hægt er að gefa út eitt leyfi sem gildir alls staðar í Bandalaginu og beita meginreglu um að láta heimaaðildarríkið annast eftirlit.

9) Til að tryggja að rekstrarfélagið geti rækt þær skyldur sem fylgja starfsemi þess og til að tryggja með þeim hætti stöðugleika þess er gerð krafa um stofnfé og eiginfjárviðbót. Til að taka mið af þeirri þróun sem á sér stað, einkum að því er varðar eiginfjárkröfur vegna rekstraráhættu innan Bandalagsins og á alþjóðavettvangi að öðru leyti, þarf að endurskoða þessar kröfur, þ.m.t. kröfur um notkun ábyrgða.

10) Til að vernda fjárfesta er nauðsynlegt að tryggja innra eftirlit í öllum rekstrarfélögum, einkum með því að hafa tvo stjórnendur og fullnægjandi innra eftirlitskerfi.

11) Í krafti meginreglunnar um eftirlit heimaaðildarríkis ber að heimila rekstrarfélögum með leyfi í heimaaðildarríki sínu að veita þá þjónustu, sem þau hafa leyfi fyrir, í gervöllu Bandalaginu með því að koma á fót útibúum eða á grundvelli frelsisins til að veita þjónustu.

12) Að því er varðar sameiginlega stjórnun eignasafns (rekstur fjárhaldssjóða/sameignarsjóða eða fjárfestingarfélaga) ætti starfsleyfi, sem veitt er rekstrarfélagi í heimaaðildarríki sínu, að gera félaginu kleift að stunda eftirfarandi starfsemi í gistiaðildarríkjum með fyrirvara um XI. kafla: að dreifa, með því að koma á fót útibúi, hlutdeildarskírteinum í samræmdum fjárhaldssjóðum/sameignarsjóðum sem reknir eru af því félagi í heimaaðildarríki þess; að dreifa hlutabréfum samræmdra fjárfestingarfélaga sem félagið rekur, með því að koma á fót útibúi; að dreifa hlutdeildarskírteinum samræmdra fjárhaldssjóða/sameignarsjóða eða hlutabréfum samræmdra fjárfestingarfélaga sem önnur rekstrarfélög reka; að annast öll önnur störf og verkefni sem fylgja sameiginlegri stjórnun verðbréfasafns; að stýra eignum fjárfestingarfélaga sem stofnuð eru í öðrum aðildarríkjum en heimaaðildarríki rekstrarfélagsins; að annast, á grundvelli umboða og fyrir hönd rekstrarfélaga sem stofnuð eru í öðrum aðildarríkjum en heimaaðildarríki rekstrarfélagsins, þau störf sem fylgja sameiginlegri stjórnun verðbréfasafns. Ef rekstrarfélag dreifir hlutdeildarskírteinum eigin samræmdra fjárhaldssjóða/sameignarsjóða eða hlutabréfum í eigin samræmdum fjárfestingarfélögum í gistiaðildarríkjum, án þess að koma á fót útibúi, skal það aðeins falla undir reglur um markaðssetningu yfir landamæri.

13) Með tilliti til umfangs starfsemi rekstrarfélaga og til að taka tillit til landslaga og heimila þess háttar félögum að ná fram marktækri stærðarhagkvæmni er einnig æskilegt að leyfa slíkum félögum að stunda stýringu fjárfestingasafna fyrir einstaka viðskiptavini (e. individual portfolio management), þ.m.t. lífeyrissjóðir sem og tiltekin viðbótarstarfsemi í tengslum við meginstarfsemi án þess að það hafi áhrif á stöðugleika þess háttar fyrirtækja. Þó er rétt að mæla fyrir um sérstakar reglur til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra þegar rekstrarfélög hafa bæði heimild til að starfa við sameiginlega og einstaklingsmiðaða stýringu verðbréfasafna.

14) Stýring einstakra fjárfestingasafna er fjárfestingarþjónusta sem fellur undir tilskipun 2004/39/EB. Til að tryggja einsleitan regluramma á þessu sviði er æskilegt að rekstrarfélög lúti þeim rekstrarskilyrðum sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun enda taka leyfi þeirra einnig til þessarar þjónustu.

15) Að jafnaði ætti heimaaðildarríki að geta sett strangari reglur en mælt er fyrir um í þessari tilskipun, einkum að því er varðar skilyrði fyrir leyfi, varfærniskröfur, reglur um reikningsskil og lýsingar.

16) Æskilegt er að settar verði reglur sem skilgreina forsendurnar fyrir því að rekstrarfélag megi, á grundvelli umboða, vista tiltekin verkefni og störf hjá þriðju aðilum til að auka skilvirkni í rekstri starfseminnar. Til að tryggja rétta beitingu meginreglnanna um eftirlit heimaaðildarríkis skulu aðildarríki, sem leyfa þannig úthlutun verkefna, sjá til þess að rekstrarfélagið, sem þau veittu leyfi, feli ekki alla starfsemi sína einum eða fleiri þriðju aðilum og verði þar með að póstkassafyrirtæki og að umboðin komi ekki í veg fyrir skilvirkt eftirlit með rekstrarfélaginu. Þótt rekstrarfélagið hafi vistað verkefni sín hjá öðrum aðilum skal það í engum tilvikum hafa áhrif á skaðabótaábyrgð þess félags og vörslufyrirtækja gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina og lögbærum yfirvöldum.

17) Til þess að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði og viðeigandi eftirlit til langs tíma, skal framkvæmdastjórnin hafa möguleika á að rannsaka möguleika til þess að samræma fyrirkomulag úthlutunar á vettvangi Bandalagsins.

18) Í meginreglunum um eftirlit heimaaðildarríkis er þess krafist að lögbær yfirvöld aðildarríkjanna afturkalli eða veiti ekki leyfi þegar t.a.m. efni starfsáætlana, landfræðileg staðsetning eða starfsemi, sem fer fram þá stundina, bendir ótvírætt til þess að rekstrarfélag hafi valið réttarkerfi tiltekins aðildarríkis til að komast hjá strangari ákvæðum sem gilda í aðildarríkinu þar sem það hefur í hyggju að reka eða rekur nú þegar stærstan hluta starfsemi sinnar. Samkvæmt þessari tilskipun ætti rekstrarfélag að hafa leyfi í aðildarríkinu þar sem það er með skráða skrifstofu. Í samræmi við meginreglurnar um eftirlit heimaaðildarríkis, skulu einungis lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rekstrarfélags teljast hæf til að hafa eftirlit með skipulagi rekstrarfélags, þ.m.t. öllum verklagsreglum og tilföngum við framkvæmd stjórnunar sem um getur í II. viðauka, sem ætti að falla undir lög heimaaðildarríkis um rekstrarfélög.

19) Ef verðbréfasjóður er undir stjórn rekstrarfélags sem hefur starfsleyfi í aðildarríki öðru en heimaaðildarríki verðbréfasjóðsins, ætti viðkomandi rekstrarfélag að samþykkja og koma á viðeigandi málsmeðferð og fyrirkomulagi til að meðhöndla kvartanir fjárfesta, svo sem með viðeigandi ákvæðum varðandi fyrirkomulag dreifingar eða með heimilisfangi í heimaaðildarríki verðbréfasjóðs, sem þarf ekki að vera heimilisfang sjálfs rekstrarfélagsins. Slíkt rekstrarfélag skal einnig koma á fót viðeigandi málsmeðferð og fyrirkomulagi til að gera upplýsingar aðgengilegar að beiðni almennings eða lögbærra yfirvalda heimaaðildarríkis verðbréfasjóðs, svo sem með tilnefningu tengiliðs, úr hópi starfsmanna rekstrarfélags, til að meðhöndla beiðnir um upplýsingar. Þess skal þó ekki krafist samkvæmt lögum heimaaðildarríkis um verðbréfasjóði að þess háttar rekstrarfélag hafi staðarfulltrúa í því aðildarríki til að uppfylla þær skyldur.

20) Lögbær yfirvöld, sem veita verðbréfasjóði starfsleyfi, skulu taka tillit til reglna sameignarsjóðs eða stofnsamnings rekstrarfélags, val á vörslufyrirtæki og getu rekstrarfélags til að stýra verðbréfasjóði. Ef rekstrarfélag er stofnsett í öðru aðildarríki, skulu lögbær yfirvöld geta treyst á staðfestingu, útgefinni af lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis rekstrarfélags, varðandi tegund verðbréfasjóðs sem rekstrarfélagi er heimilt að stýra. Starfsleyfi verðbréfasjóðs skal ekki vera með fyrirvara um viðbótar eiginfjárkröfur til rekstrarfélags, staðsetningu skráðrar skrifstofu rekstrarfélags í heimaaðildarríki verðbréfasjóðs, eða staðsetningu hvers konar starfsemi rekstrarfélags í heimaaðildarríki verðbréfasjóðs.

21) Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki verðbréfasjóðs skulu vera hæf til að hafa eftirlit með því hvort farið er að reglum varðandi stofnun og rekstur verðbréfasjóðs, sem skal falla undir lög heimaaðildarríkis um verðbréfasjóði. Í þessu skyni skulu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki verðbréfasjóðs geta nálgast upplýsingar beint frá rekstrarfélagi. Einkum geta lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rekstrarfélags krafist þess að rekstrarfélag veiti upplýsingar um viðskipti í tengslum við fjárfestingar verðbréfasjóðs sem leyfðar eru í því aðildarríki, þ.m.t. upplýsingar úr bókum og gögnum varðandi þau viðskipti og reikningsskil sjóðs. Til að ráða bót á brotum á reglum sem eru á þeirra ábyrgð, skulu lögbær yfirvöld í gistiaðildarríki rekstrarfélags geta treyst á samvinnu lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríki rekstrarfélags og, ef nauðsyn krefur, geta gripið til aðgerða beint gegn rekstrarfélagi.

22) Það skal vera mögulegt fyrir heimaaðildarríki verðbréfasjóðs að kveða á um reglur varðandi inntak eigendaskrár hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs. Skipulag viðhalds og staðsetning þeirrar skrár skal þó áfram vera hluti af skipulagsráðstöfunum rekstrarfélags.

23) Það er nauðsynlegt að veita heimaaðildarríki verðbréfasjóðs öll úrræði til að bæta fyrir hvers konar brot á reglum verðbréfasjóðs. Í því skyni skulu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki verðbréfasjóðs geta gripið til forvarnarráðstafana og samþykkt viðurlög að því er varðar rekstrarfélagið. Ef lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki verðbréfasjóðs eiga ekki annars úrkosti, skulu þau geta krafist þess að rekstrarfélag hætti rekstri verðbréfasjóðs. Aðildarríki skulu kveða á um nauðsynleg ákvæði til að tryggja skipulega stjórnun eða félagsslit verðbréfasjóðs í slíkum tilvikum.

24) Til að koma í veg fyrir eftirlitshögnun (e. supervisory arbitrage) og til að stuðla að tiltrú á skilvirkni eftirlits lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríkinu, skal hafna starfsleyfum ef verðbréfasjóðum er ekki heimilt að markaðssetja hlutdeildarskírteini sín í heimaaðildarríki sínu. Þegar verðbréfasjóður hefur fengið starfsleyfi skal hann hafa val um í hvaða aðildarríki eða -ríkjum hann markaðssetur hlutdeildarskírteini sín, í samræmi við þessa tilskipun.

25) Til að vernda hagsmuni hluthafa og tryggja jöfn samkeppnisskilyrði á markaðnum fyrir samræmd fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu er gerð krafa um að fjárfestingarfélög ráði yfir stofnfé. Að því er varðar fjárfestingarfélög sem hafa tilnefnt rekstrarfélög mun þessu skilyrði þó teljast fullnægt með viðbótarstofnfé rekstrarfélagsins.

26) Ef til eru gildandi reglur um starfshætti fyrirtækja og úthlutun verkefna og ef þess konar úthlutun rekstrarfélags er heimil samkvæmt lögum heimaaðildarríkis þess, skulu viðurkennd fjárfestingarfélög fara að þeim reglum, *að breyttu breytanda*, annað hvort beint, ef þau hafa ekki tilnefnt rekstrarfélag sem er viðurkennt í samræmi við þessa tilskipun, eða óbeint, ef þau hafa tilnefnt slíkt rekstrarfélag.

27) Þrátt fyrir þörf á styrkingu verðbréfasjóða, getur samruni verðbréfasjóða leitt til margvíslegra lagalegra og stjórnsýslulegra erfiðleika í Bandalaginu. Til þess að bæta starfsemi innri markaðarins er því nauðsynlegt að mæla fyrir um ákvæði Bandalagsins sem auðvelda samruna verðbréfasjóða (og fjárfestingadeilda þeirra). Þrátt fyrir að sum aðildarríki séu líkleg til þess að leyfa aðeins samningsbundna sjóði, skal hvert aðildarríki leyfa og viðurkenna samruna allra tegunda verðbréfasjóða (samningsbundinna, fyrirtækja- og einingasjóða) yfir landamæri án þess að aðildarríki þurfi að innleiða ný lagaleg form verðbréfasjóða í landslög sín.

28) Tilskipun þessi varðar þær samrunaaðferðir sem oftast er beitt í aðildarríkjunum. Samkvæmt henni er þess ekki krafist að öll aðildarríki innleiði allar þrjár aðferðirnar í landslög sín, en hvert aðildarríki skal viðurkenna yfirfærslu eigna í kjölfar þessara samrunaaðferða. Tilskipun þessi kemur ekki í veg fyrir að verðbréfasjóðir noti aðrar aðferðir eingöngu á landsbundnum grundvelli, við aðstæður þar sem enginn af hlutaðeigandi verðbréfasjóðum hefur tilkynnt um markaðssetningu hlutdeildarskírteina sinna yfir landamæri. Þess háttar samruni mun áfram falla undir viðeigandi ákvæði landslaga. Landsreglur um ákvörðunarbæran meirihluta skulu hvorki mismuna samrunum innanlands og yfir landamæri, né vera strangari en þær reglur sem settar eru fram varðandi samruna viðskiptafyrirtækja.

29) Til að tryggja hagsmuni fjárfesta, skulu aðildarríki krefjast þess að fyrirhugaður samruni verðbréfasjóða, innanlands eða yfir landamæri, sé með fyrirvara um leyfi lögbærra yfirvalda. Að því er varðar samruna yfir landamæri, skulu lögbær yfirvöld samrunasjóðanna leyfa samrunann til þess að hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina, sem í reynd flytjast á milli verðbréfasjóða, séu tryggðir á viðeigandi hátt. Ef um er að ræða fleiri en einn samrunasjóð og slíkir verðbréfasjóðir hafi lögheimili í öðrum aðildarríkjum, verða lögbær yfirvöld hvers samrunasjóðs að leyfa samrunann, í náinni samvinnu við hvert annað, þ.m.t. með viðeigandi upplýsingaskiptum. Þar sem einnig þarf að vernda hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina viðtökusjóðs, skulu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki viðtökusjóðs taka tillit til þeirra.

30) Eigendur hlutdeildarskírteina bæði samruna- og viðtökusjóða, skulu einnig geta krafist endurkaupa eða innlausnar á hlutdeildarskírteinum sínum eða, ef það er mögulegt, að þeim sé breytt í hlutdeildarskírteini í öðrum verðbréfasjóðum með sambærilega fjárfestingarstefnu og undir stjórn sama rekstrarfélags eða tengds fyrirtækis. Sá réttur skal ekki vera með fyrirvara um nokkurs konar viðbótarkostnað, fyrir utan þóknanir, sem hlutaðeigandi verðbréfasjóður heldur eftir til að standa straum af kostnaði við sölu á einstökum eignum í öllum tilvikum, eins og sett er fram í lýsingum samruna- og viðtökusjóðanna.

31) Eftirlit þriðja aðila með samrunum skal einnig tryggt. Vörslufyrirtæki hvers verðbréfasjóðs sem tekur þátt í samrunanum skulu staðfesta samræmi sameiginlegrar áætlunar um samruna við viðeigandi ákvæði þessarar tilskipunar og sjóðsreglna verðbréfasjóðanna. Annaðhvort vörslufyrirtæki eða óháður endurskoðandi skal taka saman skýrslu fyrir hönd allra hlutaðeigandi verðbréfasjóða í samrunanum sem staðfestir aðferðir við mat á eignum og skuldum slíkra verðbréfasjóða og aðferð við útreikning á skiptihlutfalli eins og það er sett fram í sameiginlegri samrunaáætlun sem og raunverulegt skiptihlutfall og, eftir atvikum, greiðslu í handbæru fé fyrir hvert hlutdeildarskírteini. Til að takmarka kostnað í tengslum við samruna yfir landamæri, skal vera mögulegt að taka saman eina skýrslu fyrir alla hlutaðeigandi verðbréfasjóði og skal löggiltum endurskoðanda samruna- eða viðtökusjóðsins, gert kleift að taka hana saman. Að því er varðar vernd fjárfesta, skulu eigendur hlutdeildarskírteina geta fengið afrit af þeirri skýrslu endurgjaldslaust, óski þeir eftir því.

32) Það er sérstaklega mikilvægt að eigendur hlutdeildarskírteina fái fullnægjandi upplýsingar um fyrirhugaðan samruna og að réttindi þeirra séu nægilega vel tryggð. Enda þótt hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina samrunasjóðs verði fyrir mestum áhrifum af samrunanum, skulu hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina viðtökusjóðs einnig tryggðir.

33) Ákvæði varðandi samruna, sem sett eru fram í þessari tilskipun, hafa ekki áhrif á beitingu löggjafar um eftirlit með samþjöppun fyrirtækja, einkum reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (samrunareglugerð EB) ([1]).

34) Frjáls markaðssetning hlutdeildarskírteina, sem gefin eru út af verðbréfasjóðum, sem heimilt er að fjárfesta fyrir allt að 100% af eignum sínum í framseljanlegum verðbréfum útgefnum af sama útgefanda (ríki, staðaryfirvöldum o.s.frv.), skal ekki hafa bein eða óbein truflandi áhrif á starfsemi fjármagnsmarkaðarins eða fjármögnun aðildarríkjanna.

([1]) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

35) Skilgreiningin á framseljanlegum verðbréfum í þessari tilskipun á einungis við að því er varðar þessa tilskipun og hefur engin áhrif á ýmsar skilgreiningar í löggjöf einstakra ríkja, í öðru skyni, s.s. varðandi skattlagningu. Þar af leiðandi tekur þessi skilgreining ekki til hlutabréfa og annarra jafngildra verðbréfa sem gefin eru út af aðilum s.s. byggingarfélögum (e. building societies) eða atvinnugreina- og styrktarstofnunum (e. industrial and provident societies) en ekki er unnt að yfirfæra eignarrétt á þeim í reynd á annan hátt en þann að útgefandi kaupi þau aftur.

36) Undir peningamarkaðsgerninga heyra framseljanlegir gerningar sem viðskipti eru að jafnaði stunduð með á peningamarkaði frekar en á skipulegum mörkuðum, t.d. ríkis- og sveitarfélagavíxlar, innlánsskírteini, viðskiptabréf, meðallöng skuldabréf og víxlar sem bankar ábyrgjast.

37) Hugtakið skipulegur markaður í þessari tilskipun samsvarar hugtakinu í tilskipun 2004/39/EB.

38) Æskilegt er að leyfa verðbréfasjóði að fjárfesta eignir sínar í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og öðrum opnum fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta einnig í lausafjáreignum, eins og um getur í þessari tilskipun, og starfa samkvæmt meginreglunni um áhættudreifingu. Nauðsynlegt er að verðbréfasjóðir eða önnur fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu, sem verðbréfasjóðir fjárfesta í, séu undir skilvirku eftirliti.

39) Greiða ber fyrir þróun möguleika verðbréfasjóða á að fjárfesta í verðbréfasjóðum og öðrum fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu. Því er mikilvægt að tryggja að slík fjárfestingarstarfsemi dragi ekki úr vernd fjárfesta. Vegna aukinna möguleika verðbréfasjóða á að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða og fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu er nauðsynlegt að setja ákveðnar reglur um magntakmarkanir, birtingu upplýsinga og hvernig koma eigi í veg fyrir keðjuverkun (e. the cascade phenomenon).

40) Til að tekið sé tillit til markaðsþróunar og vegna tilkomu efnahags- og myntsamstarfsins er æskilegt að verðbréfasjóðir fái heimild til að fjárfesta í bankainnlánum. Til að tryggja að fjárfestingar í innlánum séu innleysanlegar skulu innlánin gjaldkræf við kröfu eða unnt skal vera að taka þau út. Ef fé er lagt inn til geymslu hjá lánastofnun sem er með skráða skrifstofu í þriðja landi skal lánastofnunin lúta varfærnisreglum sem jafngilda að minnsta kosti þeim sem mælt er fyrir um í löggjöf Bandalagsins.

41) Til viðbótar við þau tilvik, þar sem verðbréfasjóður fjárfestir í bankainnlánum samkvæmt sjóðsreglum sínum eða stofnsamningum, skal vera mögulegt að heimila öllum verðbréfasjóðum að eiga viðbótarlausaeignir, svo sem hlaupareikningsinnstæður. Réttlæta má eign þess konar viðbótarlausaeigna, m.a. í eftirfarandi tilvikum: til að standa straum af hlaupandi greiðslum eða sérstökum greiðslum; þegar um sölu er að ræða, í þann tíma sem það tekur að endurfjárfesta í framseljanlegum verðbréfum, peningamarkaðsgerningum eða í öðrum peningalegum eignum sem kveðið er á um í þessari tilskipun; eða í þann tíma sem er strangt til tekið nauðsynlegur þegar fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum, fjármálagerningum á peningamarkaði og í öðrum peningalegum eignum er frestað vegna óhagstæðra markaðsskilyrða.

42) Af varfærnisástæðum er nauðsynlegt að forðast að of mikið af fjárfestingum verðbréfasjóðs sé hjá einum aðila eða hjá aðilum sem tilheyra sömu samstæðu ef fjárfestingarnar fela í sér mótaðilaáhættu fyrir sjóðinn.

43) Verðbréfasjóðir skulu hafa skýlaust leyfi til að fjárfesta í afleiddum fjármálagerningum, bæði innan ramma almennrar fjárfestingarstefnu sinnar eða til áhættuvarna, til að þeir geti náð settu fjárhagslegu markmiði eða fylgt því áhættusniði (e. risk profile) sem tilgreint er í lýsingunni. Til að tryggja vernd fjárfesta er nauðsynlegt að takmarka hugsanlega hámarksáhættu vegna afleiddra fjármálagerninga til að hún fari ekki yfir hreint heildarvirði eignasafns verðbréfasjóðsins. Til að áhætta og skuldbindingar vegna viðskipta með afleiður séu ætíð ljósar og til að fylgjast með því að ekki sé farið yfir leyfilegt hámark fjárfestinga þarf stöðugt að mæla og vakta þessa áhættu og skuldbindingar. Loks skulu verðbréfasjóðir lýsa áætlunum sínum, aðferðum og mörkum fjárfestinga í viðskiptum með afleiður til að tryggja vernd fjárfesta með birtingu upplýsinga.

44) Það er nauðsynlegt að ráðstafanir til að bregðast við mögulegum mismun á hagsmunum að því er varðar afurðir þar sem útlánaáhætta færist til við verðbréfun, eins og fyrirhugað er að því er varðar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 varðandi stofnun og rekstur lánastofnana ([1]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB frá 14. júní 2006 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana ([2]), séu samræmdar og samfelldar í öllum viðkomandi reglugerðum fjármálageirans. Framkvæmdastjórnin mun setja fram viðeigandi tillögur að nýrri löggjöf, þ.m.t. að því er varðar þessa tilskipun, til að tryggja slíkt samræmi og samfellu, eftir að hafa með viðeigandi hætti tekið tillit til áhrifa þess konar tillaga.

45) Að því er afleiður varðar sem verslað er með utan skipulegra verðbréfamarkaða ber að gera kröfur um hæfi mótaðila og gerninga, lausafjárstöðu og stöðugt mat á stöðu. Markmiðið með þessum kröfum er að tryggja nægilega vernd fjárfesta, ámóta þeirri vernd sem þeir njóta þegar þeir kaupa afleiður sem verslað er með á skipulegum mörkuðum.

46) Aldrei skal nota viðskipti með afleiður til að sniðganga þær reglur sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Að því er varðar afleiður sem verslað er með utan skipulegra verðbréfamarkaða skulu frekari reglur um áhættudreifingu gilda um áhættu gagnvart einum mótaðila eða samstæðu mótaðila.

([1]) Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 201.

47) Sumar aðferðir við stýringu eignasafns hjá fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu, sem fjárfesta einkum í hlutabréfum eða skuldabréfum, byggjast á því að líkja eftir hlutabréfa- eða skuldabréfavísitölum. Æskilegt er að leyfa verðbréfasjóðum að líkja eftir vel þekktum og viðurkenndum hlutabréfa- eða skuldabréfavísitölum. Því kann í þessu skyni að vera nauðsynlegt að setja sveigjanlegri reglur um áhættudreifingu fyrir verðbréfasjóði sem fjárfesta í hlutabréfum eða skuldabréfum.

48) Fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu, sem heyra undir gildissvið þessarar tilskipunar, skulu ekki hafa annað að markmiði en sameiginlega fjárfestingu fyrir fé frá almenningi í samræmi við reglur sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Í þeim tilvikum, sem greint er frá í þessari tilskipun, skal verðbréfasjóði gert kleift að hafa dótturfélög ef það er nauðsynlegt til að annast með skilvirkum hætti tiltekna starfsemi fyrir eigin hönd, sem einnig er skilgreind í þessari tilskipun. Tryggja þarf skilvirkt eftirlit með verðbréfasjóðum. Því er stofnun dótturfélags verðbréfasjóðs í þriðja landi aðeins leyfð í þeim tilvikum og við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Hin almenna skylda, að starfa aðeins með hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi og einkum það markmið að auka kostnaðarhagkvæmni, getur aldrei réttlætt að verðbréfasjóður geri ráðstafanir sem geta hindrað lögbær yfirvöld í að gegna eftirlitshlutverki sínu með skilvirkum hætti.

49) Í upphaflegri útgáfu tilskipunar 85/611/EBE er tilgreind undanþága frá takmörkun á hlutfalli eigna verðbréfasjóðs sem hann má fjárfesta í framseljanlegum verðbréfum útgefnum af sama útgefanda, sem átti við í tilviki skuldabréfa sem aðildarríki gaf út eða ábyrgðist. Sér í lagi heimilaði sú undanþága verðbréfasjóðum að fjárfesta allt að 35% af eignum sínum í þess háttar skuldabréfum. Áþekk en takmarkaðri undanþága er réttlætanleg að því er varðar skuldabréf einkafyrirtækja sem, jafnvel án ríkisábyrgðar, bjóða fjárfestum sérstaka ábyrgð samkvæmt sértækum reglum sem við eiga. Því er nauðsynlegt að rýmka undanþáguna svo hún nái yfir öll skuldabréf einkafyrirtækja sem uppfylla sameiginleg skilyrði, en láta aðildarríkjunum eftir að útbúa lista yfir skuldabréf sem þau ætla, eftir því sem við á, að veita undanþágu.

50) Nokkur aðildarríki hafa samþykkt ákvæði sem heimila ósamræmdum fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu að safna saman eignum sínum í einn svokallaðan höfuðsjóð. Til að mögulegt sé að leyfa verðbréfasjóði að notfæra sér þessa skipan, er nauðsynlegt að undanskilja fylgisjóð sem vill safna eignum sínum í höfuðsjóð frá banninu við að fjárfesta meira en 10% eigna sinna eða, eftir því sem við á, 20% af eignum sínum í einu fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu. Þess konar undanþága er réttlætanleg þar eð fylgisjóður fjárfestir allar eða nær allar eignir sínar í dreifðu eignasafni höfuðsjóðsins, sem sjálfur fellur undir reglur um áhættudreifingu verðbréfasjóða.

51) Til að stuðla að skilvirkum rekstri innri markaðarins og tryggja sambærilega vernd fjárfesta í gervöllu Bandalaginu, skal skipan höfuðsjóða og fylgisjóða leyfð bæði þegar höfuðsjóði og fylgisjóði er komið á fót í sama aðildarríki og þegar þeim er komið á fót í mismunandi aðildarríkjum. Til að gera fjárfestum kleift að átta sig betur á skipan höfuðsjóða og fylgisjóða og gera eftirlitsaðilum auðveldara að hafa eftirlit með þeim, einkum þegar starfsemi þeirra nær yfir landamæri, skal enginn fylgisjóður geta fjárfest í fleiri en einum höfuðsjóði. Til að tryggja sambærilega vernd fjárfesta í gervöllu Bandalaginu skal höfuðsjóðurinn sjálfur vera viðurkenndur verðbréfasjóður. Til þess að koma í veg fyrir óþarfa stjórnsýslubyrði, skulu ákvæði um tilkynningu á markaðssetningu yfir landamæri ekki eiga við ef höfuðsjóður aflar ekki fjármagns frá almenningi í öðru aðildarríki en því þar sem hann er stofnsettur, heldur hefur aðeins eina eða fleiri fylgisjóði í því aðildarríki.

52) Til þess að vernda fjárfesta fylgisjóðs, skulu fjárfestingar fylgisjóðsins í höfuðsjóði vera með fyrirvara um fyrirframsamþykki lögbærra yfirvalda heimaaðildarríkis fylgisjóðs. Einungis þarf samþykki fyrir fyrstu fjárfestingu fylgisjóðs í höfuðsjóði, sem fer yfir það hámark sem á við um fjárfestingu hennar í öðrum verðbréfasjóði. Til að stuðla að skilvirkum rekstri innri markaðarins og tryggja sambærilega vernd fjárfesta í gervöllu Bandalaginu, skulu þau skilyrði sem þarf að uppfylla og skjöl og upplýsingar sem þarf að leggja fram til að samþykkja fjárfestingu fylgisjóðs í höfuðsjóði vera tæmandi.

53) Til að gera fylgisjóði mögulegt að þjóna hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina sem best og nánar tiltekið setja hann í stöðu þar sem hann getur fengið allar þær upplýsingar og skjöl frá höfuðsjóði sem nauðsynleg eru til að standa við skuldbindingar sínar, skulu fylgisjóður og höfuðsjóður gera bindandi og framfylgjanlegt samkomulag. Ef bæði fylgisjóður og höfuðsjóður eru undir stjórn sama rekstrarfélags skal þó vera fullnægjandi að sá síðarnefndi setji innri viðskiptareglur. Samkomulag um skipti á upplýsingum milli vörslufyrirtækjanna og endurskoðenda fylgisjóðsins og höfuðsjóðsins, eftir því sem við á, skal tryggja flæði upplýsinga og skjala sem þarf til þess að vörslufyrirtæki eða endurskoðandi fylgisjóðs geti gegnt skyldum sínum. Þessi tilskipun skal tryggja að vörsluaðilar eða endurskoðendur teljist ekki brjóta neinar takmarkanir um upplýsingagjöf eða gagnavernd, ef þau skilyrði eru uppfyllt.

54) Til að tryggja hagsmunum fjárfesta fylgisjóðs hátt verndarstig skal laga lýsingu, lykilupplýsingar fyrir fjárfesta, sem og allt markaðsefni að séreiginleikum í skipan höfuðsjóða og fylgisjóða. Fjárfesting fylgisjóðs í höfuðsjóði skal ekki hafa áhrif á getu fylgisjóðs til endurkaupa eða innlausnar hlutdeildarskírteina að beiðni eigenda hlutdeildarskírteina sjóðsins eða til að gæta hagsmuna eigenda hlutdeildarskírteina sem best.

55) Vernda skal eigendur hlutdeildarskírteina gegn því að vera krafðir um óréttlætanlegan viðbótarkostnað, samkvæmt þessari tilskipun, með því að banna höfuðsjóði að innheimta áskriftar- og innlausnarþóknanir af fylgisjóði. Höfuðsjóðurinn skal þó geta innheimt áskriftar- eða innlausnarþóknanir af öðrum fjárfestum í höfuðsjóðnum.

56) Umreikningsreglurnar skulu gera það mögulegt að breyta starfandi verðbréfasjóðum í fylgisjóð. Þær skulu jafnframt vernda eigendur hlutdeildarskírteina með fullnægjandi hætti. Þar sem umbreyting er grundvallarbreyting á fjárfestingarstefnu, skal þess krafist að verðbréfasjóður í umbreytingu leggi fram fullnægjandi upplýsingar til eigenda hlutdeildarskírteina svo þeir geti ákveðið hvort þeir vilji viðhalda fjárfestingu sinni. Lögbær yfirvöld skulu ekki krefjast þess að fylgisjóður leggi fram meiri eða aðrar upplýsingar en tilgreint er í þessari tilskipun.

57) Ef lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki höfuðsjóðs eru upplýst um frávik að því er varðar höfuðsjóð eða komast að því að höfuðsjóður starfar ekki í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar, geta þau ákveðið að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að eigendur hlutdeildarskírteina í höfuðsjóðum séu upplýstir með viðeigandi hætti.

58) Aðildarríki skulu gera skýran greinarmun á markaðsefni og skyldubundinni upplýsingagjöf til fjárfesta samkvæmt þessari tilskipun. Skyldubundin upplýsingagjöf til fjárfesta felur meðal annars í sér lykilupplýsingar fyrir fjárfesta, lýsingu og árs- og hálfsársreikninga.

59) Lykilupplýsingar fyrir fjárfesta skulu lagðar fram sem sérstakt skjal til fjárfesta, endurgjaldslaust og tímanlega fyrir áskrift að verðbréfasjóðum, til þess að hjálpa þeim að taka upplýsta ákvörðun um fjárfestingu. Lykilupplýsingar fyrir fjárfesta skulu aðeins fela í sér þætti sem nauðsynlegir eru til að taka þess háttar ákvarðanir. Eðli upplýsinga sem birtar eru í lykilupplýsingum fyrir fjárfesta skulu að fullu samræmdar til að tryggja fullnægjandi vernd fjárfesta og samanburðarhæfi. Lykilupplýsingar fyrir fjárfesta skulu settar fram í stuttu máli. Eitt skjal í takmarkaðri lengd sem setur upplýsingar fram í tiltekinni röð á best við til þess að ná fram þeirri skýru og einföldu framsetningu sem krafist er af almennum fjárfestum, og ætti að nýtast við gagnlegan samanburð, einkum varðandi kostnað og áhættusnið, sem á við um fjárfestingarákvörðunina.

60) Lögbær yfirvöld hvers aðildarríkis geta komið lykilupplýsingum fyrir fjárfesta, sem eiga við alla verðbréfasjóði sem heimilaðir eru í því aðildarríki, á framfæri við almenning á til þess ætluðum hluta vefseturs síns.

61) Útbúa skal lykilupplýsingar fyrir fjárfesta fyrir alla verðbréfasjóði. Rekstrarfélög eða, eftir atvikum, fjárfestingarfélög skulu veita viðeigandi aðilum lykilupplýsingar fyrir fjárfesta, í samræmi við þá dreifingaraðferð sem notuð er (bein sala eða sala í gegnum millilið). Milliliðir skulu veita viðskiptavinum og mögulegum viðskiptavinum lykilupplýsingar fyrir fjárfesta.

62) Verðbréfasjóðir skulu geta markaðssett hlutdeildarskírteini sín í öðrum aðildarríkjum með fyrirvara um tilkynningaraðferð sem byggir á bættum samskiptum milli lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna. Eftir útsendingu fullfrágenginnar tilkynningar frá lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis verðbréfasjóðs, skal það ekki vera mögulegt fyrir gistiaðildarríki verðbréfasjóðs að neita verðbréfasjóði, sem stofnsettur er í öðru aðildarríki, um aðgang að markaði þess eða vefengja leyfi sem gefið er út af öðru aðildarríki.

63) Verðbréfasjóðir skulu geta markaðssett hlutdeildarskírteini sín með fyrirvara um að nauðsynlegar ráðstafanir hafi verið gerðar til að tryggja að greiðslur til eigenda hlutdeildarskírteina, endurkaup eða innlausn eininga og aðgengi að upplýsingum sem verðbréfasjóði er skylt að leggja fram sé framkvæmanlegt.

64) Til að auðvelda markaðssetningu hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða yfir landamæri, skal hafa eftirlit með því hvort verðbréfasjóðir fari að ákvæðum laga, reglugerða og stjórnsýslumeðferða, sem gilda í gistiaðildarríki verðbréfasjóðs, við framkvæmd markaðssetningar á hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, eftir að verðbréfasjóður hefur fengið aðgang að markaði viðkomandi aðildarríkis. Eftirlitið skal ná yfir það hvort framkvæmd markaðssetningar sé fullnægjandi, einkum hvort fyrirkomulag dreifingar sé fullnægjandi og skyldu um framsetningu markaðsefnis á sanngjarnan hátt, skýran og ekki blekkjandi. Þessi tilskipun skal ekki koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld gistiaðildarríkis sannreyni að markaðsefni, að undanskildum lykilupplýsingum fyrir fjárfesta, lýsingum og árs- og hálfsársreikningum, sé í samræmi við landslög áður en verðbréfasjóðum er heimilt að nota það, með fyrirvara um að þess háttar eftirlit sé án mismununar og komi ekki í veg fyrir að verðbréfasjóður fái aðgang að markaðnum.

65) Í þeim tilgangi að bæta réttarvissu er þörf á að tryggja að verðbréfasjóður, sem markaðssetur hlutdeildarskírteini sín yfir landamæri, hafi auðveldan aðgang, í formi rafrænnar útgáfu og á venjubundnu tungumáli alþjóðafjármálageira, til að fullgera upplýsingar um lög og stjórnsýslufyrirmæli sem eiga við í gistiaðildarríki verðbréfasjóðs, sem tengjast sérstaklega fyrirkomulagi við markaðssetningu hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs. Skuldbindingar vegna þess konar birtingar skulu falla undir landslög.

66) Til að auðvelda aðgang verðbréfasjóða að markaði annarra aðildarríkja, skulu verðbréfasjóðir aðeins skyldugir til að þýða lykilupplýsingar fyrir fjárfesta yfir á opinbert tungumál eða eitt af opinberum tungumálum gistiaðildarríkis verðbréfasjóðs eða tungumál sem samþykkt er af lögbærum yfirvöldum þess. Í lykilupplýsingum fyrir fjárfesta skulu tilgreind þau tungumál sem önnur skyldubundin upplýsingaskjöl og viðbótarupplýsingar eru aðgengileg á. Þýðingar skulu vera á ábyrgð verðbréfasjóða, sem skulu ákveða hvort einföld eða löggilt þýðing sé nauðsynleg.

67) Til að auðvelda aðgang að mörkuðum annarra aðildarríkja er mikilvægt að birta upplýsingar um tilkynningargjöld.

68) Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar stjórnsýslu- og skipulagsráðstafanir til að gera samstarf innlendra yfirvalda og lögbærra yfirvalda annarra aðildarríkja kleift, þ.m.t. með tvíhliða eða marghliða samkomulagi milli þeirra yfirvalda, sem gæti stuðlað að valfrjálsri úthlutun verkefna.

69) Nauðsynlegt er að bæta samleitni valdheimilda lögbærra yfirvalda til að leggja grunn að sambærilegri framkvæmd þessarar tilskipunar í öllum aðildarríkjunum. Sameiginlegar lágmarksvaldheimildir, í samræmi við þær sem faldar eru lögbærum yfirvöldum samkvæmt annarri löggjöf Bandalagsins um fjármálaþjónustu, skulu tryggja skilvirkni eftirlits. Auk þess skulu aðildarríki mæla fyrir um reglur um viðurlög, sem geta falið í sér refsi- eða stjórnsýsluviðurlög, og stjórnsýsluráðstafanir, sem eiga við brot á þessari tilskipun. Aðildarríki skulu einnig gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þessum viðurlögum sé framfylgt.

70) Nauðsynlegt er að styrkja ákvæði um upplýsingaskipti á milli lögbærra innlendra yfirvalda og að styrkja þá aðstoðar- og samstarfsskyldu sem þau hafa hvert gagnvart öðru.

71) Að því er varðar þjónustustarfsemi yfir landamæri, skal setja viðkomandi lögbærum yfirvöldum skýrar valdheimildir til þess að koma í veg fyrir eyður eða skörun, í samræmi við gildandi lög.

72) Ákvæði í þessari tilskipun varðandi skilvirka framkvæmd lögbærra yfirvalda á eftirlitshlutverki sínu ná yfir eftirlit á samstæðugrundvelli, sem verður að hafa með verðbréfasjóði eða fyrirtæki sem tekur þátt í starfsemi hans, enda sé kveðið á um slíkt í lögum Bandalagsins. Þegar svo ber undir verða yfirvöldin, sem sótt er um leyfi til, að vera fær um að benda á yfirvöld sem eru bær til að hafa eftirlit á samstæðugrundvelli með þeim verðbréfasjóði eða fyrirtæki sem tekur þátt í starfsemi hans.

73) Í meginreglunum um eftirlit heimaaðildarríkis er gengið út frá því að lögbær yfirvöld aðildarríkjanna afturkalli eða veiti ekki leyfi þegar til að mynda efni starfsáætlana, landfræðileg staðsetning eða starfsemi, sem fer fram þá stundina, bendir ótvírætt til þess að verðbréfasjóður eða fyrirtæki sem tekur þátt í starfsemi hans hafi valið réttarkerfi tiltekins aðildarríkis til að komast hjá strangari ákvæðum sem gilda í aðildarríkinu þar sem það hefur í hyggju að reka eða rekur nú þegar stærstan hluta starfsemi sinnar.

74) Tiltekið athæfi, s.s. svik eða innherjaviðskipti, getur haft áhrif á stöðugleika fjármálakerfisins og það hversu heilsteypt það er, jafnvel þegar það snertir önnur félög en verðbréfasjóði eða fyrirtæki sem taka þátt í starfsemi þeirra.

75) Rétt er að gera ráð fyrir þeim möguleika að skipst sé á upplýsingum milli lögbærra yfirvalda og yfirvalda eða stofnana sem í krafti stöðu sinnar stuðla að því að auka stöðugleika fjármálakerfisins. Til að vernda þá leynd sem hvílir yfir upplýsingunum verður að gæta þess að fjöldi viðtakenda sé mjög takmarkaður.

76) Nauðsynlegt er að tilgreina við hvaða skilyrði slík upplýsingaskipti eru heimiluð.

77) Þegar kveðið er á um að einungis megi afhenda upplýsingar með skýlausu samþykki lögbærra yfirvalda geta þau, þegar svo ber undir, sett það skilyrði fyrir samþykki sínu að farið sé að ströngum skilyrðum.

78) Einnig ætti að heimila skipti á upplýsingum milli lögbærra yfirvalda annars vegar og hins vegar seðlabanka, stofnana sem gegna svipuðu hlutverki á sviði peningamála og seðlabankar eða, eftir atvikum, annarra opinberra yfirvalda sem annast eftirlit með greiðslukerfum.

79) Í þessari tilskipun skal innleiða sömu þagnarskyldu og sömu möguleika á upplýsingaskiptum yfirvalda sem bera ábyrgð á leyfisveitingu og eftirliti með verðbréfasjóðum og fyrirtækjum sem taka þátt í þess háttar leyfisveitingum og eftirliti og varðandi yfirvöld sem bera ábyrgð á leyfisveitingu og eftirliti með lánastofnunum, fjárfestingarfyrirtækjum og vátryggingafélögum.

80) Í því skyni að auka varfærniseftirlit með verðbréfasjóðum eða fyrirtækjum sem taka þátt í starfsemi þeirra og vernd viðskiptavina verðbréfasjóða eða fyrirtækja sem taka þátt í starfsemi þeirra skal mæla fyrir um að löggiltum endurskoðendum beri skylda til að upplýsa lögbær yfirvöld jafnharðan, í þeim tilvikum sem kveðið er á um í þessari tilskipun, komist þeir við störf sín að einhverju því sem gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir fjárhagsstöðu eða stjórnsýslu og reikningshald verðbréfasjóðs eða fyrirtækis sem tekur þátt í starfsemi hans.

81) Með hliðsjón af settu markmiði þessarar tilskipunar er æskilegt að aðildarríkin kveði á um að sama skylda gildi í öllum tilvikum þegar endurskoðandi kemst að einhverjum þess háttar staðreyndum við störf sín í félagi sem hefur náin tengsl við verðbréfasjóð eða fyrirtæki sem tekur þátt í starfsemi hans.

82) Skylda endurskoðenda til að upplýsa lögbær yfirvöld, eftir því sem við á, um tilteknar staðreyndir og ákvarðanir, sem varða verðbréfasjóð eða fyrirtæki, sem tekur þátt í starfsemi hans, og þeir hafa komist á snoðir um við störf sín í félagi öðru en verðbréfasjóði eða fyrirtæki sem tekur þátt í starfsemi verðbréfasjóðs, breytir í sjálfu sér ekki eðli starfa þeirra í viðkomandi félagi né heldur með hvaða hætti þeir inna störf sín af hendi í félaginu.

83) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á landsreglur varðandi skattlagningu, þ.m.t. fyrirkomulag sem aðildarríki geta komið á til að tryggja að farið sé að ákvæðum þeirra reglna á þeirra yfirráðasvæði.

84) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

85) Einkum skal framkvæmdastjórninni veitt umboð til að samþykkja eftirfarandi framkvæmdarráðstafanir. Að því er varðar rekstrarfélög, skal framkvæmdastjórninni veitt umboð til að samþykkja ráðstafanir sem tilgreina upplýsingar um skipulagskröfur, áhættustýringu, hagsmunaárekstra og hátternisreglur. Að því er varðar vörslufyrirtæki, skal framkvæmdastjórninni veitt umboð til að samþykkja ráðstafanir sem tilgreina þær ráðstafanir sem vörslufyrirtæki skulu gera til að uppfylla skyldur sínar að því er varðar verðbréfasjóði undir stjórn rekstrarfélags, sem stofnsett er í öðru aðildarríki en heimaaðildarríki verðbréfasjóðs, og einstök atriði samkomulags milli vörsluaðila og rekstrarfélags. Þessar framkvæmdarráðstafanir eiga að auðvelda samræmda beitingu á skuldbindingum rekstrarfélaga og vörsluaðila en eiga ekki að vera forsenda þess að koma í framkvæmd rétti rekstrarfélaga til að hefja og stunda þá starfsemi sem þeir hafa fengið leyfi fyrir í heimaaðildarríki sínu í gervöllu Bandalaginu með því að koma á fót útibúum eða samkvæmt frelsi til að veita þjónustu, þ.m.t. stjórnun verðbréfasjóðs í öðru aðildarríki.

86) Að því er varðar samruna, skal framkvæmdastjórninni veitt umboð til að samþykkja ráðstafanir sem gerðar eru til að tilgreina ítarlegt inntak, snið og aðferð við að veita eigendum hlutdeildarskírteina upplýsingar.

87) Að því er varðar skipan höfuðsjóða og fylgisjóða skal framkvæmdastjórninni veitt umboð til að samþykkja ráðstafanir sem gerðar eru til að tilgreina inntak samkomulags milli höfuðsjóðs og fylgisjóðs eða innri reglna um góða viðskiptahætti, inntak samkomulags um upplýsingaskipti annaðhvort milli vörslufyrirtækja eða endurskoðenda þeirra, skilgreiningu á viðeigandi ráðstöfunum til að samræma tímasetningu útreikninga og birtingar á verðmæti hreinnar eignar þeirra til þess að koma í veg fyrir að hægt sé að sjá fyrir verðsveiflur á mörkuðum, áhrif samruna höfuðsjóðs á starfsleyfi fylgisjóðs, tegund frávika vegna höfuðsjóðs sem þarf að tilkynna fylgisjóði, snið og aðferð við að veita upplýsingar til eigenda hlutdeildarskírteina ef um er að ræða umbreytingu verðbréfasjóðs í fylgisjóð, ferlið við mat og endurskoðun tilfærslu á eignum frá fylgisjóði til höfuðsjóðs, og hlutverk vörsluaðila fylgisjóðs í þessu ferli.

88) Að því er varðar ákvæði um birtingu upplýsinga, skal framkvæmdastjórninni veitt umboð til að samþykkja ráðstafanir sem gerðar eru til að tilgreina sérstök skilyrði sem skulu uppfyllt ef lýsing er lögð fram á varanlegum miðli öðrum en pappír eða á vefsetri, sem telst ekki varanlegur miðill, sundurliðað og tæmandi inntak, snið og framsetningu lykilupplýsinga fyrir fjárfesta þar sem tekið er tillit til mismunandi eðlis eða þátta hlutaðeigandi verðbréfasjóða, og sérstök skilyrði varðandi útgáfu lykilupplýsinga fyrir fjárfesta á varanlegum miðli öðrum en pappír eða á vefsetri sem telst ekki varanlegur miðill.

89) Að því er varðar tilkynningu skal framkvæmdastjórninni veitt umboð til að samþykkja ráðstafanir sem gerðar eru til að tilgreina gildissvið upplýsinga um gildandi, staðbundnar reglur sem lögbær yfirvöld gistiaðildarríkis skulu birta og tæknileg atriði um aðgang lögbærra yfirvalda gistiaðildarríkis að vistuðum og uppfærðum skjölum verðbréfasjóðs.

90) Framkvæmdastjórninni skal einnig veitt umboð til þess meðal annars að skýra skilgreiningar og samræma hugtakanotkun og afmarka skilgreiningar í samræmi við síðari gerðir um verðbréfasjóði og tengd mál.

91) Þar eð ráðstafanirnar, sem um getur í 85.–90. forsendu, eru almennar ráðstafanir og miða að því að breyta atriðum, sem ekki teljast til grundvallaratriða í þessari tilskipun, með því að bæta við hana nýjum atriðum, sem ekki teljast grundvallaratriði, skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

([1]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

92) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar að svo miklu leyti sem þær fela í sér samþykkt reglna með sameiginleg einkenni sem eiga við á vettvangi Bandalagsins og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar og hafa víðtæk áhrif, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar tilskipunar ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum.

93) Skyldan að lögleiða þessa tilskipun skal takmarkast við þau ákvæði sem fela í sér verulegar breytingu, samanborið við tilskipanir sem breytt er með henni. Skyldan að taka óbreyttu ákvæðin upp leiðir af fyrri tilskipununum.

94) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti þeirra til að lögleiða og beita tilskipunum, sem eru tilgreindar í B-hluta III. viðauka.

95) Í samræmi við 34. lið samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ([1]) eru aðildarríkin hvött til að taka saman, fyrir sig og í þágu Bandalagsins, eigin töflur sem sýna, eftir því sem við verður komið, samsvörun milli þessarar tilskipunar og ráðstafananna til að lögleiða hana og að birta þær,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

([1]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

EFNISYFIRLIT

I. KAFLI	EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR	1. til 4. gr.
II. KAFLI	STARFSLEYFI VERÐBRÉFASJÓÐA	5. gr.
III. KAFLI	SKYLDUR ER VARÐA REKSTRARFÉLÖG	
1. ÞÁTTUR	Skilyrði fyrir að hefja starfsemi	6. til 8. gr.
2. ÞÁTTUR	Tengsl við þriðju lönd	9. gr.
3. ÞÁTTUR	Rekstrarskilyrði	10. til 15. gr.
4. ÞÁTTUR	Staðfesturéttur og frelsi til að veita þjónustu	16. til 21. gr.
IV. KAFLI	SKYLDUR ER VARÐA VÖRSLUFYRIRTÆKI	22. til 26. gr.
V. KAFLI	SKYLDUR ER VARÐA FJÁRFESTINGARFÉLÖG	
1. ÞÁTTUR	Skilyrði fyrir að hefja starfsemi	27. til 29. gr.
2. ÞÁTTUR	Rekstrarskilyrði	30. og 31. gr.
3. ÞÁTTUR	Skyldur er varða vörslufyrirtæki	32. til 36. gr.
VI. KAFLI	SAMRUNAR VERÐBRÉFASJÓÐA	
1. ÞÁTTUR	Meginregla, leyfi og samþykki	37. til 40. gr.
2. ÞÁTTUR	Eftirlit þriðja aðila, upplýsingar til eigenda hlutdeildarskírteina og önnur réttindi eigenda hlutdeildarskírteina	41. til 45. gr.
3. ÞÁTTUR	Kostnaður og gildistaka	46. til 48. gr.
VII. KAFLI	SKULDBINDINGAR VARÐANDI FJÁRFESTINGARSTEFNU VERÐBRÉFASJÓÐA	49. til 57. gr.
VIII. KAFLI	SKIPAN HÖFUÐSJÓÐA OG FYLGISJÓÐA	
1. ÞÁTTUR	Gildissvið og samþykki	58. og 59. gr.
2. ÞÁTTUR	Sameiginleg ákvæði fyrir fylgisjóð og höfuðsjóð	60. gr.
3. ÞÁTTUR	Vörsluaðilar og endurskoðendur	61. og 62. gr.
4. ÞÁTTUR	Skyldubundnar upplýsingar og markaðsefni frá fylgisjóði	63. gr.
5. ÞÁTTUR	Umbreyting starfandi verðbréfasjóða í fylgisjóði og breytingar á höfuðsjóði	64. gr.
6. ÞÁTTUR	Skuldbindingar og lögbær yfirvöld	65. gr. til 67. gr.
IX. KAFLI	SKULDBINDINGAR VARÐANDI UPPLÝSINGAR SEM BER AÐ VEITA FJÁRFESTUM	
1. ÞÁTTUR	Birting lýsingar og reglulegra skýrslna	68. til 75. gr.
2. ÞÁTTUR	Birting annarra upplýsinga	76. og 77. gr.
3. ÞÁTTUR	Lykilupplýsingar fyrir fjárfesta	78. til 82. gr.

X. KAFLI	ALMENNAR SKYLDUR VERÐBRÉFASJÓÐA	83. til 90. gr.
XI. KAFLI	SÉRSTÖK ÁKVÆÐI SEM EIGA VIÐ VERÐBRÉFASJÓÐI SEM MARKAÐSSETJA HLUTDEILDARSKÍRTEINI SÍN Í AÐILDARRÍKJUM ÖÐRUM EN ÞEIM SEM ÞEIR HAFA STAÐFESTU Í	91. til 96. gr.
XII. KAFLI	ÁKVÆÐI VARÐANDI YFIRVÖLD SEM BERA ÁBYRGÐ Á LEYFISVEITINGU OG EFTIRLITI	97. til 110. gr.
XIII. KAFLI	EVRÓPSKA VERÐBRÉFANEFNDIN	111. og 112. gr.
XIV. KAFLI	UNDANÞÁGUR, BRÁÐABIRGÐA- OG LOKAÁKVÆÐI	
1. ÞÁTTUR	Undanþágur	113. og 114. gr.
2. ÞÁTTUR	Bráðabirgða- og lokaákvæði	115. til 119. gr.
I. VIÐAUKI	Fylgiskjöl A og B	
II. VIÐAUKI	Verkefni sem felast í sameiginlegri stýringu eignasafns	
III. VIÐAUKI		
A-hluti	Niðurfelld tilskipun með skrá yfir síðari breytingar hennar	
B-hluti	Skrá yfir fresti til lögleiðingar og beitingar í aðildarríkjum	
IV. VIÐAUKI	Samsvörunartafla	

I. KAFLI

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

1. Þessi tilskipun gildir um verðbréfasjóði (e. UCITS) sem hafa staðfestu innan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna.

2. Í tilskipun þessari, og með fyrirvara um 3. gr., merkir verðbréfasjóður fyrirtæki:

a) sem hefur eingöngu að markmiði sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum eða í öðrum lausafjáreignum, sem um getur í 1. mgr. 50. gr., fyrir fé sem aflað er meðal almennings og sem starfar á grundvelli áhættudreifingar og

b) sem hefur hlutdeildarskírteini sem eru, að beiðni eigenda, endurkeypt eða innleyst, beint eða óbeint, með eignum fyrirtækjanna. Aðgerðir verðbréfasjóðs, sem ætlað er að sjá til þess að skráð verðmæti hlutdeildarskírteina hans í kauphöll víki ekki verulega frá verðmæti hreinnar eignar þeirra, skulu taldar jafngilda slíkum endurkaupum og innlausn.

Aðildarríki geta heimilað að nokkrar fjárfestingardeildir séu í verðbréfasjóði.

3. Þau fyrirtæki, sem um getur í 2. mgr. geta verið stofnuð í samræmi við samningalög (sem sameignarsjóðir undir stjórn rekstrarfélaga), fjárvörslulög (sem fjárhaldssjóðir) eða stofnsamþykkt (sem fjárfestingarfélög).

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „sameignarsjóður“ nær einnig yfir fjárhaldssjóði,

b) „hlutdeildarskírteini“ verðbréfasjóða nær einnig yfir hlutabréf í verðbréfasjóðum.

4. Þessi tilskipun gildir ekki um fjárfestingarfélög sem fyrir milligöngu dótturfélaga festa eignir sínar einkum í öðru en framseljanlegum verðbréfum.

5. Aðildarríki skulu banna að verðbréfasjóðum sem þessi tilskipun gildir um verði breytt í fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu sem þessi tilskipun nær ekki til.

6. Með fyrirvara um ákvæði laga Bandalagsins sem gilda um fjármagnsflutninga og með fyrirvara um 91. og 92. gr. og aðra undirgrein 1. mgr. 108. gr., skal ekkert aðildarríki beita neinum öðrum ákvæðum á því sviði sem fellur undir þessa tilskipun um verðbréfasjóði sem stofnsettir eru í öðru aðildarríki eða hlutdeildarskírteini útgefin af þess háttar verðbréfasjóði, ef þeir verðbréfasjóðir markaðssetja hlutdeildarskírteini sín innan yfirráðasvæðis þess aðildarríkis.

7. Þrátt fyrir þennan kafla getur aðildarríki gert strangari kröfur til verðbréfasjóðs sem stofnsett er innan yfirráðasvæðis þess eða sem koma til viðbótar þeim sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, að því tilskildu að þær séu almenns eðlis og stangist ekki á við ákvæði þessarar tilskipunar.

2. gr.

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „vörslufyrirtæki“: stofnun sem hefur verið falin þau störf sem um getur í 22. og 32. gr. og heyrir undir önnur ákvæði sem mælt er fyrir um í IV. kafla og 3. þætti V. kafla,

b) „rekstrarfélag“: félag sem annast rekstur verðbréfasjóða í formi fjárhaldssjóða eða fjárfestingarfélaga (sameiginleg stjórnun verðbréfasafns verðbréfasjóða),

c) „heimaaðildarríki rekstrarfélags“: aðildarríkið þar sem rekstrarfélagið er með skráða skrifstofu,

d) „gistiaðildarríki rekstrarfélags“: aðildarríki sem er ekki heimaaðildarríki en þar sem rekstrarfélagið er með útibú eða veitir þjónustu,

e) „heimaaðildarríki verðbréfasjóðs“: aðildarríki þar sem verðbréfasjóður hefur starfsleyfi samkvæmt 5. gr.,

f) „gistiaðildarríki verðbréfasjóðs“: aðildarríki, sem er ekki heimaaðildarríki verðbréfasjóðs, þar sem hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðsins eru markaðssett,

g) „útibú“: starfsstöð sem er hluti af rekstrarfélagi, án réttarstöðu lögaðila og veitir þá þjónustu sem rekstrarfélagið hefur fengið leyfi fyrir,

h) „lögbær yfirvöld“: yfirvöldin sem hvert aðildarríki tilnefnir skv. 97. gr.,

i) „náin tengsl“: þegar tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar tengjast í gegnum:

   i. „hlutdeild“: eignarhald á minnst 20 % atkvæðisréttar eða eigin fjár fyrirtækis, beint eða með yfirráðarétti, eða

   ii. „yfirráð“: samband „móðurfyrirtækis“ og „dótturfyrirtækis“, eins og skilgreint er í 1. og 2. gr. sjöundu tilskipunar ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983, byggt á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans um samstæðureikninga ([1]) og í öllum tilvikum sem um getur í 1. og 2. mgr. 1. gr. í tilskipun 83/349/EBE, eða líkum tengslum milli einstaklinga eða lögaðila og fyrirtækis,

j) „virk eignarhlutdeild“: bein eða óbein eignarhlutdeild í rekstrarfélagi sem nemur 10 % eða meira af höfuðstól eða atkvæðisrétti eða gerir það kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun rekstrarfélagsins sem eignarhlutdeildin er í,

k) „stofnfé“: fjármagn samkvæmt skilgreiningu í a- og b-lið 57. gr. tilskipunar 2006/48/EB,

l) „eigið fé“: eigið fé samkvæmt skilgreiningu í 1. þætti 2. kafla V. bálks tilskipunar 2006/48/EB,

m) „varanlegur miðill“: sérhvert tæki sem gerir fjárfesti kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til hans persónulega, á þann hátt að hægt sé að nálgast þær til að fletta upp í þeim síðar, í hæfilegan tíma eftir tilgangi upplýsinganna og sem gerir kleift að afrita upplýsingarnar, sem geymdar eru, óbreyttar,

n) „framseljanleg verðbréf“:

   i. hlutabréf í félögum og önnur verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa í félögum (hér á eftir nefnd „hlutabréf“),

   ii. skuldabréf og önnur form á breytingu skulda í verðbréf (hér á eftir nefnd „skuldabréf“),

   iii. öll önnur framseljanleg verðbréf sem veita rétt til öflunar slíkra framseljanlegra verðbréfa með áskrift eða skiptum,

o) „peningamarkaðsgerningar“: gerningar sem að öllu jöfnu er verslað með á peningamarkaði, eru auðseljanlegir og sem unnt er að reikna nákvæmt verðmæti fyrir hvenær sem er,

p) „samruni“: framkvæmd þar sem:

   i. einn eða fleiri verðbréfasjóðir eða fjárfestingardeildir þeirra, „samrunasjóður“, við upplausn án þess að vera slitið, yfirfærir allar eignir sínar og skuldir til annars starfandi verðbréfasjóðs eða fjárfestingardeildar hans, „viðtökusjóðs“, í skiptum fyrir útgáfu hlutdeildarskírteina í þeim sjóði til handa eigendum hlutdeildarskírteina samrunasjóðs og, ef við á, greiðslu í reiðufé sem fer ekki umfram 10% af verðmæti hreinnar eignar þessara hlutdeildarskírteina,

   ii. tveir eða fleiri verðbréfasjóðir eða fjárfestingardeildir þeirra, „samrunasjóðir“, yfirfæra, við upplausn án þess að vera slitið, allar eignir sínar og skuldir til verðbréfasjóðs sem þeir mynda eða fjárfestingardeildar þess sjóðs, „viðtökusjóðs“, í skiptum fyrir útgáfu hlutdeildarskírteina í þeim sjóði til handa eigendum hlutdeildarskírteina samrunasjóðs og, ef við á, greiðslu reiðufjár sem er ekki umfram 10 % verðmæti hreinnar eignar þeirra hlutdeildarskírteina,

   iii. einn eða fleiri verðbréfasjóðir eða fjárfestingardeildir þeirra, „samrunasjóður“, sem heldur áfram að vera til þar til skuldbindingar hafa verið efndar, yfirfærir hreina eign sína til annarrar fjárfestingardeildar sama verðbréfasjóðs, til verðbréfasjóðs sem hann myndar eða annars starfandi verðbréfasjóðs eða fjárfestingardeildar hans, „viðtökusjóðs“,

([1]) Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1.

q) „samruni yfir landamæri“: samruni verðbréfasjóða:

i. þar sem að minnsta kosti tveir þeirra hafa staðfestu í mismunandi aðildarríkjum, eða

ii. hafa staðfestu í sama aðildarríki, inn í nýlega stofnaðan verðbréfasjóð með staðfestu í öðru aðildarríki,

r) „innlendur samruni“: samruni verðbréfasjóða sem hafa staðfestu í sama aðildarríki þar sem að minnsta kosti einn hlutaðeigandi verðbréfasjóða hefur verið tilkynntur samkvæmt 93. gr.

2. Að því er varðar b-lið 1. mgr., skal reglulegur rekstur rekstrarfélags fela í sér þá starfsemi sem um getur í II. viðauka.

3. Að því er varðar g-lið 1. mgr., skal telja allar starfsstöðvar, sem hafa staðfestu í einu aðildarríki á vegum rekstrarfélags, sem hefur aðalskrifstofu í öðru aðildarríki, sem eitt útibú.

4. Eftirfarandi á við að því er varðar ii. lið i-liðar 1. mgr.:

a) líta ber á dótturfyrirtæki dótturfyrirtækis sem dótturfyrirtæki móðurfyrirtækis sem er höfuð þessara fyrirtækja,

b) þegar tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar eru varanlega tengdir einum og sama aðilanum með yfirráðatengslum ber að líta svo á að náin tengsl séu einnig á milli þeirra.

5. Að því er varðar j-lið 1. mgr. skal taka mið af atkvæðisréttinum sem um getur í 9. og 10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað ([1]).

6. Að því er varðar l-lið 1. mgr. skulu 13. til 16. gr. tilskipunar 2006/49/EB gilda *að breyttu breytanda*.

7. Að því er varðar n-lið 1. mgr. skulu þær aðferðir og gerningar sem um getur í 51. gr. ekki teljast til framseljanlegra verðbréfa.

3. gr.

Eftirfarandi fyrirtæki falla ekki undir þessa tilskipun:

a) lokuð fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu,

b) fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu sem afla fjármagns án þess að bjóða almenningi innan Bandalagsins eða einhvers hluta þess hlutdeildarskírteini sín til kaups,

c) fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu, sem selja hlutdeildarskírteini sín samkvæmt sjóðsreglum eða félagssamþykktum fjárfestingarfélaganna, eingöngu til almennings í þriðju löndum,

d) flokkar fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu sem mælt er fyrir um í reglugerðum aðildarríkjanna þar sem þess háttar fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu hafa staðfestu, og sem reglurnar sem mælt er fyrir um í VII. kafla og 83. gr. eiga ekki við um með tilliti til fjárfestinga- og lánastefnu þeirra.

4. gr.

Að því er þessa tilskipun varðar telst verðbréfasjóður hafa staðfestu í heimaaðildarríki sínu.

II. KAFLI

STARFSLEYFI VERÐBRÉFASJÓÐA

5. gr.

1. Verðbréfasjóður skal ekki stunda starfsemi sem slíkur nema hafa hlotið löggildingu í samræmi við þessa tilskipun.

Sú löggilding skal gilda í öllum aðildarríkjum.

2. Sameignarsjóður skal aðeins fá starfsleyfi ef lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis hans hefur samþykkt umsókn rekstrarfélags um leyfi til að stjórna þeim sameignarsjóði, sjóðsreglurnar og val á vörslufyrirtæki. Fjárfestingarfélag skal aðeins fá starfsleyfi ef lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis þess hafa samþykkt bæði stofnsamning þess og val á vörslufyrirtæki og, ef við á, umsókn tilnefnds rekstrarfélags um að stjórna því fjárfestingarfélagi.

3. Án þess að hafa áhrif á 2. mgr., skulu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki verðbréfasjóðs ákvarða um umsókn rekstrarfélags um að stjórna verðbréfasjóði samkvæmt 20. gr., ef verðbréfasjóður hefur ekki staðfestu í heimaaðildarríki rekstrarfélagsins. Leyfisveiting skal hvorki vera með fyrirvara um að verðbréfasjóður sé undir stjórn rekstrarfélags, sem hefur skráða skrifstofu í heimaaðildarríki verðbréfasjóðs, né að rekstrarfélag stundi eða feli öðrum einhvers konar starfsemi í heimaaðildarríki verðbréfasjóðs.

4. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki verðbréfasjóðs skulu ekki veita verðbréfasjóði starfsleyfi ef:

a) þau telja að fjárfestingarfélag fari ekki að forsendum sem mælt er fyrir um í V. kafla eða

b) rekstrarfélag hefur ekki leyfi fyrir stjórn verðbréfasjóðs í heimaaðildarríki sínu.

([1]) Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38.

Án þess að hafa áhrif á 2. mgr. 29. gr., skal rekstrarfélagið eða, eftir atvikum, fjárfestingarfélagið upplýst, innan tveggja mánaða frá framlagningu fullfrágenginnar umsóknar, hvort leyfi fyrir verðbréfasjóði hafi verið veitt eða ekki.

Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki verðbréfasjóðs skulu ekki veita verðbréfasjóði leyfi ef stjórnarmenn vörslufyrirtækis fullnægja ekki skilyrðum um góðan orðstír eða næga reynslu, einnig með tilliti til þeirrar tegundar verðbréfasjóðs sem ætlunin er að reka. Í því skyni verður tafarlaust að tilkynna lögbærum yfirvöldum um nöfn stjórnarmanna vörslufyrirtækisins og allra eftirmanna þeirra.

Stjórnarmenn eru þeir sem samkvæmt lögum eða stofnsamningum eru í fyrirsvari fyrir vörslufyrirtækið eða þeir sem raunverulega ákveða stefnu þess.

5. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki verðbréfasjóðs skulu ekki veita verðbréfasjóði starfsleyfi ef lagalegar hindranir (t.d. ákvæði í sjóðsreglum eða stofnsamningum) standa í vegi fyrir að hann markaðssetji hlutdeildarskírteini sín í heimaaðildarríki sínu.

6. Ekki má skipta um rekstrarfélag eða vörslufyrirtæki eða breyta sjóðsreglum eða stofnsamningum fjárfestingarfélagsins án samþykkis lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríki verðbréfasjóðsins.

7. Aðildarríkin skulu tryggja auðvelt aðgengi að fullbúnum upplýsingum um lög og stjórnsýslufyrirmæli um framkvæmd þessarar tilskipunar, sem eiga við stofnun og rekstur verðbréfasjóða, með fjarmiðlum eða með rafrænum hætti. Aðildarríkin skulu tryggja að þær upplýsingar séu aðgengilegar í það minnsta á tungumáli sem hefð er fyrir að nota í alþjóðafjármálageiranum, lagðar fram á skýran og ótvíræðan hátt, og uppfærðar reglulega.

III. KAFLI

SKYLDUR ER VARÐA REKSTRARFÉLÖG

1. ÞÁTTUR

Skilyrði fyrir að hefja starfsemi

6. gr.

1. Rekstrarfélagi skal ekki vera heimilt að hefja starfsemi fyrr en að fengnu opinberu leyfi frá lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis rekstrarfélagsins. Leyfi, sem rekstrarfélagi er veitt samkvæmt þessari tilskipun, skal gilda í öllum aðildarríkjunum.

2. Rekstrarfélög mega ekki stunda aðra starfsemi en rekstur verðbréfasjóða sem fengið hafa leyfi samkvæmt þessari tilskipun nema þegar um er að ræða viðbótarrekstur á öðrum fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu sem falla ekki undir þessa tilskipun og eru ástæða þess að rekstrarfélagið sætir varfærniseftirliti, en sem ekki er hægt að markaðssetja hlutdeildarskírteini í, í öðrum aðildarríkjum samkvæmt þessari tilskipun.

Stjórnun verðbréfasjóða skal, að því er þessa tilskipun varðar, fela í sér þá starfsemi sem um getur í II. viðauka.

3. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. geta aðildarríkin heimilað rekstrarfélögum að veita eftirtalda þjónustu til viðbótar við rekstur verðbréfasjóða:

a) stjórnun fjárfestingarsafna, þ.m.t. þeim sem eru í eigu lífeyrissjóða, á grundvelli sérstakra umboða frá einstökum fjárfestum ef i viðkomandi fjárfestingarsafni eru einn eða fleiri af þeim gerningum sem skráðir eru í C-þætti I. viðauka tilskipunar 2004/39/EB og

b) sem viðbótarþjónustu:

   i. fjárfestingarráðgjöf varðandi einn eða fleiri þeirra gerninga sem skráðir eru í C-þætti I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB,

   ii. vörslu og umsýslu í tengslum við hlutdeildarskírteini í fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu.

Í engum tilvikum má veita rekstrarfélögum leyfi samkvæmt þessari tilskipun til að veita einvörðungu þá þjónustu sem um getur í þessari málsgrein eða til að veita viðbótarþjónustu án þess að hafa leyfi fyrir þjónustunni sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar.

4. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. og 12., 13. og 19. gr. tilskipunar 2004/39/EB skulu gilda um þá þjónustu sem rekstrarfélög veita og sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar.

7. gr.

1. Með fyrirvara um önnur almenn skilyrði í landslögum skulu lögbær yfirvöld ekki veita rekstrarfélagi leyfi nema eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) stofnfé rekstrarfélagsins sé a.m.k. 125 000 evrur, að teknu tilliti til eftirfarandi:

   i. ef virði eignasafna rekstrarfélags er umfram 250 000 000 evrur, skal rekstrarfélaginu skylt að hafa yfir að ráða eiginfjárviðbót sem er jöfn 0,02 % af þeirri fjárhæð sem nemur verðmæti verðbréfasafns rekstrarfélags umfram 250 000 000 evrur, en heildarfjárhæð stofnfjár og eiginfjárviðbótar sem krafist er, skal þó ekki vera hærri en 10 000 000 evrur.

   ii. að því er varðar þessa málsgrein skulu eftirfarandi verðbréfasöfn teljast verðbréfasöfn rekstrarfélagsins:

      – sameignarsjóðir, sem rekstrarfélagið rekur, þ.m.t. verðbréfasöfn sem það hefur falið öðrum aðilum að stýra, en að undanskildum verðbréfasöfnum sem því hefur verið falið að stýra,

– fjárfestingarfélög sem rekstrarfélagið hefur verið tilnefnt fyrir sem rekstrarfélag,

– önnur fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu sem rekstrarfélagið rekur, þ.m.t. verðbréfasöfn sem það hefur falið öðrum aðilum að stýra, en að undanskildum verðbréfasöfnum sem því hefur verið falið að stýra.

iii. án tillits til fjárhæðar þessara krafna skal eigið fé rekstrarfélagsins aldrei vera undir þeirri fjárhæð sem mælt er fyrir um í 21. gr. tilskipunar 2006/49/EB,

b) að þeir einstaklingar, sem í reynd stýra starfsemi rekstrarfélags, hafi nægilega góðan orðstír og næga reynslu, einnig í tengslum við þá gerð verðbréfasjóðs sem rekstrarfélagið stjórnar, að nöfn þeirra einstaklinga og allra eftirmanna þeirra séu tilkynnt lögbærum yfirvöldum þegar í stað og að minnsta kosti tveir einstaklingar, sem uppfylla þessi skilyrði, ákveði starfshætti rekstrarfélags,

c) leyfisumsókninni fylgi starfsáætlun, þar sem a.m.k. komi fram hvernig stjórnskipulagi rekstrarfélagsins sé háttað, og

d) aðalskrifstofa rekstrarfélagsins og skráð skrifstofa þess séu í sama aðildarríki.

Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar geta aðildarríki heimilað rekstrarfélögum að leggja ekki fram allt að 50% eiginfjárviðbótar, sem um getur í i. lið a-liðar, ef þau hafa fengið ábyrgð fyrir samsvarandi fjárhæð frá lánastofnun eða vátryggingafélagi sem hefur skráða skrifstofu í aðildarríki eða þriðja landi þar sem það lýtur varfærnisreglum sem lögbær yfirvöld telja jafngildar þeim sem kveðið er á um í lögum Bandalagsins.

2. Ef náin tengsl eru milli rekstrarfélags og annarra einstaklinga eða lögaðila skulu lögbær yfirvöld einungis veita starfsleyfi ef sýnt er að þessi nánu tengsl komi ekki í veg fyrir að þau sinni eftirlitshlutverki sínu.

Lögbær yfirvöld skulu jafnframt synja veitingu starfsleyfis ef lög eða stjórnsýsluákvæði þriðja lands, sem gilda um einn eða fleiri einstaklinga eða lögaðila, sem rekstrarfélagið hefur náin tengsl við, eða vandkvæði tengd framkvæmd þeirra koma í veg fyrir að yfirvöldin gegni eftirlitshlutverki sínu með skilvirkum hætti.

Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að rekstrarfélög veiti þeim nauðsynlegar upplýsingar svo þau geti gengið úr skugga um að jafnan sé farið að skilyrðunum sem um getur í þessari málsgrein.

3. Lögbær yfirvöld skulu innan sex mánaða frá því að umsækjandi leggur fram fullbúna umsókn tilkynna honum um hvort starfsleyfi hafi verið veitt eða ekki. Ef synjað er um leyfi skal tilgreina ástæður.

4. Rekstrarfélagi er heimilt að hefja starfsemi þegar í stað eftir að starfsleyfi hefur verið veitt.

5. Lögbærum yfirvöldum er eingöngu heimilt að afturkalla starfsleyfi sem veitt hefur verið rekstrarfélagi, sem fellur undir þessa tilskipun, ef félagið:

a) nýtir ekki leyfið innan tólf mánaða, afsalar sér afdráttarlaust leyfinu eða hefur hætt starfseminni, sem heyrir undir þessa tilskipun, meira en sex mánuðum áður, nema hlutaðeigandi aðildarríki hafi kveðið á um að leyfi falli úr gildi í slíkum tilvikum,

b) hefur fengið starfsleyfi með því að gefa rangar yfirlýsingar eða á annan ólögmætan hátt,

c) uppfyllir ekki lengur skilyrðin fyrir leyfisveitingu,

d) uppfyllir ekki lengur ákvæði tilskipunar 2006/49/EBE ef leyfið tekur einnig til einstaklingsmiðaðrar stjórnunar fjárfestingarsafns sem um getur í a-lið 3. mgr. 6. gr. þessarar tilskipunar,

e) hefur brotið alvarlega eða ítrekað gegn ákvæðum sem samþykkt hafa verið samkvæmt þessari tilskipun eða

f) fellur undir ákvæði í landslögum um afturköllun starfsleyfis.

8. gr.

1. Lögbær yfirvöld skulu ekki veita rekstrarfélögum leyfi til að hefja starfsemi fyrr en þau hafa fengið upplýsingar um nöfn allra hluthafa eða félagsaðila sem ráða beint eða óbeint yfir virkri eignarhlutdeild sem einstaklingar eða lögaðilar, svo og hve stóran hlut þeir eiga.

Lögbær yfirvöld skulu synja um leyfi ef þau telja áðurnefnda hluthafa eða félagsaðila, sem um getur í fyrstu undirgrein, ekki hæfa, að teknu tilliti til nauðsynjar þess að tryggja trausta og varfærna stjórnun rekstrarfélaga.

2. Ef um er að ræða útibú rekstrarfélaga sem hafa skráða skrifstofu utan Bandalagsins og eru að hefja starfsemi eða stunda þegar starfsemi skulu aðildarríkin ekki beita ákvæðum sem fela í sér hagstæðari kjör en þau útibú njóta sem hafa skráða skrifstofu í aðildarríkjunum.

3. Hafa skal fyrirfram samráð við lögbær yfirvöld viðkomandi aðildarríkis í tengslum við veitingu starfsleyfis til rekstrarfélags ef það er eitt eftirfarandi:

a) dótturfyrirtæki annars rekstrarfélags, fjárfestingarfyrirtækis, lánastofnunar eða vátryggingafyrirtækis með leyfi í öðru aðildarríki,

b) dótturfyrirtæki móðurfyrirtækis annars rekstrarfélags, fjárfestingarfyrirtækis, lánastofnunar eða vátryggingafyrirtækis með leyfi í öðru aðildarríki eða

c) fyrirtæki undir stjórn sama einstaklings eða lögaðila og stjórnar öðru rekstrarfélagi, fjárfestingarfyrirtæki, lánastofnun eða vátryggingafyrirtæki með leyfi í öðru aðildarríki.

2. ÞÁTTUR

Tengsl við þriðju lönd

9. gr.

1. Reglur um tengsl við þriðju lönd skulu vera í samræmi við viðeigandi reglur sem mælt er fyrir um í 15. gr. tilskipunar 2004/39/EB.

Í þessari tilskipun skal orðið „fjárfestingarfyrirtæki“, eitt eða fleiri, í 15. gr. tilskipunar 2004/39/EB túlkað sem „rekstrarfélag“ annars vegar og „rekstrarfélög“ hins vegar og orðin „veita fjárfestingarþjónustu“ í 1. mgr. 15. gr. tilskipunar 2004/39/EB skulu túlkuð sem „veita þjónustu“.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um alla erfiðleika almenns eðlis sem verðbréfasjóðir eiga í við markaðssetningu hlutdeildarskírteina sinna í þriðja landi.

3. ÞÁTTUR

Rekstrarskilyrði

10. gr.

1. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rekstrarfélagsins skulu krefjast þess að rekstrarfélög, sem þau hafa veitt leyfi, uppfylli ávallt skilyrðin sem sett eru í 6. gr. og 1. og 2. mgr. 7. gr.

Eigið fé rekstrarfélags skal ekki fara niður fyrir mörkin sem tilgreind eru í a-lið 1. mgr. 7. gr. Ef eigið fé fer samt niður fyrir mörkin geta lögbær yfirvöld veitt slíkum fyrirtækjum tiltekinn frest til úrbóta eða til að hætta starfsemi ef réttlætanlegt þykir.

2. Varfærniseftirlit með rekstrarfélagi skal vera á ábyrgð lögbærra yfirvalda heimaaðildarríkis rekstrarfélagsins, hvort sem rekstrarfélagið stofnar útibú eða veitir þjónustu í öðru aðildarríki eða ekki, án þess að það hafi áhrif á þau ákvæði þessarar tilskipunar sem gera lögbær yfirvöld gistiaðildarríkis rekstrarfélagsins ábyrg.

11. gr.

1. Virk eignarhlutdeild í rekstrarfélögum skal heyra undir sömu reglur og mælt er fyrir um í 10. gr., 10. gr. a og 10 gr. b tilskipunar 2004/39/EB.

2. Í þessari tilskipun skal orðið „fjárfestingarfyrirtæki“, eitt eða fleiri, sem um getur í 10. gr. tilskipunar 2004/39/EB, túlkað sem „rekstrarfélag“ annars vegar og „rekstrarfélög“ hins vegar.

12. gr.

1. Hvert aðildarríki skal semja hátternisreglur sem rekstrarfélögum, sem hafa starfsleyfi í því aðildarríki, er ávallt skylt að fara eftir við rekstur verðbréfasjóða með leyfi samkvæmt þessari tilskipun.

Einkum skulu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rekstrarfélags, með hliðsjón af tegund þess verðbréfasjóðs, sem viðkomandi rekstrarfélag rekur, krefjast þess að rekstrarfélagið:

a) hafi traustar stjórnunar- og bókhaldsaðferðir, eftirlits- og öryggisfyrirkomulag við rafræna gagnavinnslu og fullnægjandi innra eftirlit, sem einkum tekur til reglna um einkaviðskipti starfsmanna þess eða reglna um eignarhlutdeild eða stjórnun fjárfestinga í fjármálagerningum í þeim tilgangi að fjárfesta fyrir eigin reikning, þannig að tryggt sé, í það minnsta, að rekja megi uppruna allra viðskipta sem varða verðbréfasjóðinn, hverjir séu aðilar að viðskiptunum, eðli viðskiptanna, hvenær og hvar þau áttu sér stað og að fjárfest sé fyrir eignir verðbréfasjóða, sem rekstrarfélagið rekur í samræmi við sjóðsreglur eða félagssamþykktir og gildandi lagaákvæði,

b) sé uppbyggt og skipulagt á þann hátt að dregið sé eins og unnt er úr þeirri hættu að hagsmunaárekstrar milli rekstrarfélagsins og viðskiptavina þess, milli viðskiptavina félagsins innbyrðis eða milli viðskiptavinar þess og verðbréfasjóðs eða milli tveggja verðbréfasjóða skaði hagsmuni verðbréfasjóðsins eða hagsmuni viðskiptavina.

2. Ef leyfi rekstrarfélags tekur einnig til einstaklingsmiðaðrar stjórnunar fjárfestingarsafna eins og um getur í a-lið 3. mgr. 6. gr. skal félagið:

a) ekki hafa leyfi til að fjárfesta allt safn eða hluta af safni fjárfestis í hlutdeildarskírteinum fyrirtækis um sameiginlega fjárfestingu sem það stjórnar, nema að fengnu leyfi viðskiptavinarins til þess,

b) heyra undir ákvæðin, sem sett eru í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/9/EB frá 3. mars 1997 um bótakerfi fyrir fjárfesta ([1]), að því er varðar þjónustuna sem um getur í 3. mgr. 6. gr.

([1]) Stjtíð. EB L 84, 26.3.1997, bls. 22.

3. Með fyrirvara um 116. gr. skal framkvæmdastjórnin eigi síðar en 1. júlí 2010 samþykkja framkvæmdarráðstafanir þar sem tilgreind er málsmeðferð og fyrirkomulag, sem um getur í a-lið annarrar undirgreinar 1. mgr., og uppbygging og skipulagskröfur til að lágmarka þá hagsmunaárekstra sem um getur í b-lið annarrar undirgreinar 1. mgr.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 112. gr.

13. gr.

1. Ef lög heimaaðildarríkis rekstrarfélags heimila rekstrarfélögum að vista eitt eða fleiri af verkefnum sínum hjá þriðju aðilum í þeim tilgangi að gera starfsemi fyrirtækisins skilvirkari skal öllum eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

a) rekstrarfélag verður að upplýsa lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis síns á viðeigandi hátt, lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rekstrarfélags skulu án tafar senda upplýsingarnar til lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríki verðbréfasjóðsins,

b) umboðið skal ekki hindra skilvirkt eftirlit með rekstrarfélaginu og einkum skal það ekki koma í veg fyrir að rekstrarfélagið starfi eða að viðkomandi verðbréfasjóður sé rekinn með hagsmuni fjárfestanna að leiðarljósi,

c) ef verkefni, sem vistað er hjá öðrum aðilum, varðar fjárfestingarstýringu er aðeins heimilt að veita fyrirtækjum umboð þegar leyfi þeirra eða skráning taka til eignastýringar og þau sæta varfærniseftirliti. Vistun verkefna verður að vera í samræmi við viðmiðanir um fjárfestingarráðstöfun sem rekstrarfélög ákveða með reglulegu millibili,

d) ef umboðið varðar fjárfestingarstýringu og er veitt fyrirtæki í þriðja landi skal samvinna viðkomandi eftirlitsyfirvalda vera tryggð,

e) ekki skal veita vörslufyrirtæki eða öðru fyrirtæki, sem kann að hafa hagsmuni, sem fara í bága við hagsmuni rekstrarfélagsins eða eigenda hlutdeildarskírteina, umboð sem varðar þá grunnstarfsemi sem felst í fjárfestingarstýringu,

f) gera skal ráðstafanir, sem gera þeim, sem annast rekstur rekstrarfélagsins, kleift að vakta starfsemi fyrirtækisins, sem fær umboðið, með skilvirkum hætti og hvenær sem er,

g) umboðið skal ekki koma í veg fyrir að þeir sem annast rekstur rekstrarfélagsins geti hvenær sem er gefið frekari fyrirmæli til fyrirtækisins, sem tiltekin verkefni hafa verið vistuð hjá, eða afturkallað umboðið umsvifalaust ef það þjónar hagsmunum fjárfesta,

h) með hliðsjón af þeirri tegund verkefna sem ætlunin er að vista skal fyrirtækið, sem fela á verkefnin, vera hæft til og fært um að annast umrædd verkefni og

i) í lýsingum verðbréfasjóðsins verður að telja upp þau verkefni sem rekstrarfélaginu hefur verið heimilað að vista hjá öðrum í samræmi við þessa grein.

2. Skuldbindingar rekstrarfélags eða vörslufyrirtækis skulu ekki verða fyrir áhrifum af úthlutun rekstrarfélagsins á hvers konar verkefnum til þriðju aðila. Rekstrarfélag skal ekki vista verkefni sín í þeim mæli að það endi sem póstkassafyrirtæki.

14. gr.

1. Hvert aðildarríki skal semja siðareglur sem rekstrarfélögum með leyfi í því aðildarríki er ávallt skylt að fara eftir. Með slíkum reglum skal a.m.k. komið í framkvæmd þeim meginreglunum sem settar eru fram í þessari málsgrein. Þessar meginreglur skulu tryggja að rekstrarfélag:

a) starfi á heiðarlegan og sanngjarnan hátt með hagsmuni verðbréfasjóðsins, sem það rekur, og heildarvirkni innri markaðarins að leiðarljósi,

b) annist viðskipti sín af kunnáttusemi, umhyggju og kostgæfni með hagsmuni verðbréfasjóðsins, sem það rekur, og heildarvirkni innri markaðarins að leiðarljósi,

c) hafi yfir að ráða og noti á skilvirkan hátt fjármuni og aðferðir sem þörf er á vegna starfseminnar,

d) reyni að forðast hagsmunaárekstra og, ef ekki verður hjá þeim komist, láti verðbréfasjóðinn, sem það rekur, njóta sanngjarnrar meðferðar og

e) fari að öllum gildandi ákvæðum um framkvæmd starfsemi sinnar til að tryggja sem best hagsmuni fjárfesta sinna og heildarvirkni innri markaðarins.

2. Með fyrirvara um 116. gr. skal framkvæmdastjórnin eigi síðar en 1. júlí 2010 samþykkja framkvæmdarráðstafanir til að tryggja að rekstrarfélag starfi í samræmi við þær skyldur sem settar eru fram í 1. mgr., einkum:

a) að koma á fót viðeigandi viðmiðunum fyrir heiðarlega og sanngjarna viðskiptahætti og annist viðskipti sín af kunnáttusemi, umhyggju og kostgæfni með hagsmuni verðbréfasjóðs að leiðarljósi,

b) að tilgreina þær meginreglur sem krafist er til að tryggja að rekstrarfélög noti á skilvirkan hátt fjármuni og aðferðir sem þarf til að starfsemi þeirra sé viðunandi og

c) að skilgreina þau skref sem sanngjarnt væri að ætla að rekstrarfélög tækju til að greina, að fyrirbyggja, stýra eða upplýsa um hagsmunaárekstra sem og til að koma á viðeigandi viðmiðunum til að ákvarða tegundir hagsmunaárekstra sem gætu skaðað hagsmuni verðbréfasjóðsins.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 112. gr.

15. gr.

Rekstrarfélög eða, ef við á, fjárfestingarfélög, skulu gera ráðstafanir í samræmi við 92. gr. og koma á fót viðeigandi málsmeðferð og ráðstöfunum til að tryggja að þau taki á tilhlýðilegan hátt á kvörtunum fjárfesta og að engar takmarkanir séu á því að fjárfestar leiti réttar síns ef rekstrarfélag hefur leyfi í öðru aðildarríki en heimaaðildarríki verðbréfasjóðs. Þær ráðstafanir skulu gera fjárfestum kleift að leggja fram kvartanir á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum þeirra aðildarríkis.

Rekstrarfélög skulu einnig koma á fót viðeigandi málsmeðferð og ráðstöfunum til að gera upplýsingar aðgengilegar að beiðni almennings eða lögbærra yfirvalda heimaaðildarríkis verðbréfasjóðs.

4. ÞÁTTUR

Staðfesturéttur og frelsi til að veita þjónustu

16. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að rekstrarfélög, sem lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis þess hafa veitt leyfi, geti stundað þá starfsemi á yfirráðasvæðum þeirra sem leyfið tekur til, annaðhvort með því að stofna útibú eða á grundvelli frelsisins til að veita þjónustu.

Ef rekstrarfélag, sem hefur þannig leyfi, áformar að markaðssetja einungis hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði sem það stýrir eins og kveðið er á um í II. viðauka, án þess að koma á fót útibúi, í öðru aðildarríki en heimaaðildarríki verðbréfasjóðsins, án þess að ætla sér að stunda neina aðra starfsemi eða veita aðra þjónustu, skal sú markaðssetning aðeins falla undir kröfurnar í XI. kafla.

2. Aðildarríkjunum er óheimilt að krefjast leyfis, stofnframlags eða annarra sambærilegra ráðstafana vegna stofnunar útibús eða þjónustustarfsemi.

3. Með fyrirvara um skilyrðin sem sett eru fram í þessari grein, skal verðbréfasjóði frjálst að tilnefna eða vera undir stjórn rekstrarfélags sem hefur leyfi í aðildarríki öðru en heimaaðildarríki verðbréfasjóðsins í samræmi við viðeigandi ákvæði þessarar tilskipunar, að því tilskildu að þess háttar rekstrarfélag starfi í samræmi við:

a) ákvæði 17. eða 18. gr. og

b) ákvæði 19. og 20. gr.

17. gr.

1. Auk þess að uppfylla skilyrði 6. og 7. gr. skal rekstrarfélag, sem óskar eftir að stofna útibú á yfirráðasvæði annars aðildarríkis til að stunda þá starfsemi, sem það hefur fengið leyfi fyrir, tilkynna það lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki sínu.

2. Aðildarríki skulu krefja hvert rekstrarfélag, sem óskar eftir að stofna útibú á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, um eftirfarandi upplýsingar með tilkynningunni sem um getur í 1. mgr.:

a) á yfirráðasvæði hvaða aðildarríkis rekstrarfélagið hyggst stofna útibú,

b) starfsáætlun þar sem lýst er fyrirhugaðri starfsemi og þjónustu skv. 2. og 3. mgr. 6. gr. ásamt stjórnskipulagi útibús, sem skal fela í sér lýsingu á ferli áhættustýringar sem rekstrarfélag hefur komið á. Einnig skal hún fela í sér lýsingu á málsmeðferð og ráðstöfunum sem gerðar eru í samræmi við 15. gr.,

c) heimilisfang í gistiaðildarríkinu þar sem skjöl eru látin í té og

d) nöfn þeirra sem bera ábyrgð á stjórn útibúsins.

3. Ef lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rekstrarfélags hafa ekki ástæðu til að efast um að stjórnskipulag eða fjárhagsstaða rekstrarfélags sé fullnægjandi, með tilliti til þeirrar starfsemi sem fyrirhuguð er, skulu þau innan tveggja mánaða frá viðtöku upplýsinganna, sem um getur í 2. mgr., tilkynna lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríki rekstrarfélagsins um þær og láta hlutaðeigandi rekstrarfélag vita. Þau skulu einnig senda nákvæmar upplýsingar um öll bótakerfi sem eru ætluð til að vernda fjárfesta.

Neiti lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis rekstrarfélagsins að veita lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkis rekstrarfélagsins upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. ber þeim að greina hlutaðeigandi rekstrarfélagi frá ástæðum fyrir synjuninni innan tveggja mánaða frá því að þeim hafa borist allar upplýsingar. Heimilt er að áfrýja til dómstóla í heimaaðildarríki rekstrarfélagsins ef um er að ræða synjun eða ef ekkert svar berst.

Ef rekstrarfélag óskar eftir að hafa stýringu verðbréfasafns sameiginlega, svo sem um getur í II. viðauka, skulu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rekstrarfélagsins láta fylgja staðfestingu með þeim skjölum sem send eru til lögbærra yfirvalda í gistiaðildarríki rekstrarfélags á því að rekstrarfélag hafi leyfi samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, lýsingu á gildissviði leyfis rekstrarfélagsins og ítarlegar upplýsingar um takmarkanir á þeim gerðum verðbréfasjóða sem rekstrarfélaginu er heimilt að stjórna.

4. Rekstrarfélag, sem stundar starfsemi í formi útibús innan yfirráðasvæðis gistiaðildarríkis, skal starfa í samræmi við þær reglur sem gistiaðildarríki rekstrarfélagsins semur skv. 14. gr.

5. Lögbær yfirvöld í gistiaðildarríki rekstrarfélags skulu bera ábyrgð á eftirliti með því að farið sé að ákvæðum 4. mgr.

6. Áður en útibú rekstrarfélags hefur starfsemi og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að upplýsingarnar, sem um getur í 2. mgr., berast lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríki rekstrarfélagsins, skulu þau undirbúa eftirlit með því að rekstrarfélag fari að ákvæðum reglna sem þau bera ábyrgð á.

7. Þegar tilkynning berst frá lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkis rekstrarfélags, eða hafi frestur sá sem kveðið er á um í 6. mgr. runnið út án þess að tilkynning hafi borist frá þeim, má stofna útibúið og hefja starfsemi.

8. Ef breytingar verða á einstökum atriðum, sem tilkynnt eru skv. b-, c- eða d-lið 2. mgr., skal rekstrarfélag tilkynna lögbærum yfirvöldum heima- og gistiaðildarríkja rekstrarfélagsins skriflega um breytinguna, a.m.k. einum mánuði áður en hún er gerð, til að lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis rekstrarfélags geti tekið ákvörðun um breytinguna skv. 3. mgr. og lögbær yfirvöld gistiaðildarríkis rekstrarfélagsins geti gert það sama skv. 6. mgr.

9. Ef breytingar verða á einstökum atriðum, sem tilkynnt eru samkvæmt fyrstu undirgrein 3. mgr., skulu lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis rekstrarfélags tilkynna það yfirvöld4um gistiaðildarríkis rekstrarfélags.

Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis rekstrarfélags skulu uppfæra upplýsingarnar í staðfestingunni, sem um getur í þriðju undirgrein 3. mgr., og upplýsa lögbær yfirvöld gistiaðildarríkis rekstrarfélags í hvert sinn sem breyting er verður á gildissviði leyfis rekstrarfélagsins eða á upplýsingum um hvers konar takmarkanir á þeim gerðum verðbréfasjóða sem rekstrarfélaginu er heimilt að stjórna.

18. gr.

1. Hvert það rekstrarfélag, sem í fyrsta sinn óskar eftir að stunda starfsemi, sem það hefur leyfi fyrir á yfirráðasvæði annars aðildarríkis á grundvelli frelsisins til að veita þjónustu, skal koma eftirfarandi upplýsingum til lögbærra yfirvalda heimaaðildarríkis rekstrarfélagsins:

a) á yfirráðasvæði hvaða aðildarríkis rekstrarfélagið hyggst starfa og

b) starfsáætlun þar sem lýst er fyrirhugaðri starfsemi og þjónustu sem um getur í 2. og 3. mgr. 6. gr., sem skal fela í sér lýsingu á ferli áhættustýringar sem rekstrarfélag hefur innleitt. Einnig skal hún fela í sér lýsingu á málsmeðferð og ráðstöfunum sem gerðar eru í samræmi við 15. gr.

2. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis rekstrarfélags skulu innan mánaðar frá viðtöku tilkynningarinnar, sem um ræðir í 1. mgr., senda hana lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríki rekstrarfélagsins.

Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis rekstrarfélags skulu einnig senda nákvæmar upplýsingar um hvers konar bótakerfi sem ætlað er að vernda fjárfesta.

Ef rekstrarfélag óskar eftir að hafa stýringu verðbréfasafns sameiginlega, svo sem um getur í II. viðauka, skulu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rekstrarfélags láta fylgja staðfestingu með þeim skjölum sem send eru til lögbærra yfirvalda á því að rekstrarfélag hafi leyfi samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, lýsingu á gildissviði leyfis rekstrarfélagsins ítarlegar upplýsingar um takmarkanir á þeim gerðum verðbréfasjóða sem rekstrarfélaginu er heimilt að stjórna.

Þrátt fyrir ákvæði 20. og 93. gr. getur rekstrarfélagið hafið starfsemi í gistiaðildarríki rekstrarfélagsins.

3. Rekstrarfélag, sem stundar starfsemi samkvæmt frelsi til að veita þjónustu, skal starfa í samræmi við þær reglur sem samdar eru af heimaaðildarríki rekstrarfélagsins skv. 14. gr.

4. Ef inntaki upplýsinga sem sendar eru í samræmi við b-lið 1. mgr. er breytt, skal rekstrarfélag tilkynna lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis og gistiaðildarríkis rekstrarfélagsins skriflega um breytinguna áður en breytingin kemur til framkvæmdar. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis rekstrarfélags skulu uppfæra upplýsingar sem eru í staðfestingunni sem um getur í 2. mgr. og upplýsa lögbær yfirvöld gistiaðildarríkis rekstrarfélags hvenær sem breyting kann að verða á gildissviði leyfis rekstrarfélagsins eða á upplýsingum um hvers konar takmarkanir á þeim gerðum verðbréfasjóða sem rekstrarfélaginu er heimilt að stjórna.

19. gr.

1. Rekstrarfélag, sem stundar starfsemi á sviði sameiginlegrar stjórnunar verðbréfasafna yfir landamæri með því að koma á fót útibúi eða í samræmi við frelsi til að veita þjónustu, skal fara að reglum heimaaðildarríkis rekstrarfélagsins að því er varðar skipulag rekstrarfélagsins, þ.m.t. fyrirkomulag úthlutunar, áhættustýringu, varfærnisreglur og eftirlit, þá málsmeðferð sem um getur í 12. gr. og upplýsingaskylda rekstrarfélagsins. Þær reglur skulu ekki vera strangari en þær sem eiga við um rekstrarfélög sem stunda starfsemi sína eingöngu í heimaaðildarríki sínu.

2. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rekstrarfélags skulu bera ábyrgð á eftirliti með því að farið sé að ákvæðum 1. mgr.

3. Rekstrarfélag, sem stundar starfsemi á sviði sameiginlegrar stjórnunar verðbréfasafns yfir landamæri með því að koma á fót útibúi eða í samræmi við frelsi til að veita þjónustu, skal starfa í samræmi við reglur heimaaðildarríkis verðbréfasjóðs sem eiga við um stofnun og rekstur verðbréfasjóðs, nánar tiltekið þær reglur sem eiga við um:

a) stofnun og starfsleyfi verðbréfasjóðsins,

b) útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina og hlutabréfa,

c) fjárfestingarstefnu og takmarkanir, þ.m.t. útreikningar á heildaráhættu og skuldsetningu,

d) takmarkanir á lántöku, útlánastarfsemi og skortsölu,

e) mat á eignum og reikningsskil verðbréfasjóðs,

f) útreikning á útgáfu- eða innlausnarverði, og villur í útreikningi á verðmæti hreinnar eignar og tengdu bótakerfi fyrir fjárfesta,

g) útgreiðslu eða endurfjárfestingu tekna,

h) kröfur verðbréfasjóðs um birtingu og skýrslugjöf, þ.m.t. lýsing, lykilupplýsingar fyrir fjárfesta og reglulegar skýrslur,

i) fyrirkomulag vegna markaðssetningar,

j) tengsl við eigendur hlutdeildarskírteina,

k) samruna og endurskipulagningu verðbréfasjóða,

l) slit, þ.m.t. félagsslit (e. liquidation), verðbréfasjóða,

m) eftir atvikum, inntak skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina,

n) leyfis- og eftirlitsgjöld varðandi verðbréfasjóði og

o) beitingu atkvæðisréttar eigenda hlutdeildarskírteina og öðrum réttindum eigenda eininga í tengslum við a- til m-lið.

4. Rekstrarfélagið skal starfa í samræmi við skuldbindingar sem settar eru fram í sjóðsreglum eða í stofnsamningi sem og skuldbindingar sem settar eru fram í lýsingu, sem skulu vera í samræmi við gildandi lög sem um getur í 1. og 3. mgr.

5. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki verðbréfasjóðs skulu bera ábyrgð á eftirliti með því að farið sé að ákvæðum 3. og 4. mgr.

6. Rekstrarfélagið skal ákvarða og bera ábyrgð á samþykki og framkvæmd allra ráðstafana og skipulagsákvarðana sem nauðsynlegar eru til að tryggja að farið sé að reglum í tengslum við stofnun og rekstur verðbréfasjóða og að skuldbindingum sem settar eru fram í sjóðsreglum eða stofnsamningi, sem og að skuldbindingum sem settar eru fram í lýsingu.

7. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis rekstrarfélags skulu bera ábyrgð á eftirliti með því hvort fyrirkomulag og skipulag rekstrarfélags sé fullnægjandi svo að rekstrarfélagið sé í aðstöðu til að starfa í samræmi við skuldbindingar og reglur varðandi stofnun og rekstur allra verðbréfasjóða sem það stjórnar.

8. Aðildarríki skulu tryggja að hvert það rekstrarfélag sem hefur leyfi til að starfa í aðildarríki falli ekki undir neinar viðbótarkröfur sem komið er á í heimaaðildarríki verðbréfasjóðs að því er varðar viðfangsefni þessarar tilskipunar, að undanskildum þeim tilvikum sem sérstaklega er getið í þessari tilskipun.

20. gr.

1. Með fyrirvara um 5. gr. skal rekstrarfélag sem áformar að stýra verðbréfasjóði, sem komið er á fót í öðru aðildarríki, leggja fram eftirfarandi skjöl hjá lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis verðbréfasjóðsins:

a) skriflegt samkomulag við vörslufyrirtækið sem um getur í 23. og 33. gr. og

b) upplýsingar um fyrirkomulag úthlutunar varðandi starfsemi fjárfestingarstýringar og stjórnsýslu sem um getur í II. viðauka.

Ef rekstrarfélag stýrir þegar öðrum sams konar verðbréfasjóðum í heimaaðildarríki verðbréfasjóðs skal tilvísun í þau skjöl sem þegar hafa verið lögð fram vera fullnægjandi.

2. Að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er að tryggja að farið sé að reglum, sem lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki verðbréfasjóðs bera ábyrgð á, er þeim heimilt að krefja lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rekstrarfélags um skýringar og upplýsingar varðandi þau skjöl sem um getur í 1. mgr. og, á grundvelli staðfestingar sem um getur í 17. og 18. gr., hvort sú gerð verðbréfasjóðs, sem sótt er um leyfi fyrir, falli undir gildissvið leyfis rekstrarfélags. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rekstrarfélags skulu, eftir atvikum, leggja fram álit sitt innan 10 virkra daga frá upphaflegri umsókn.

3. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki verðbréfasjóðs geta einungis hafnað umsókn rekstrarfélags ef:

a) rekstrarfélagið starfar ekki í samræmi við reglur sem falla undir ábyrgð þeirra skv. 19. gr.,

b) rekstrarfélagið hefur ekki leyfi lögbærra yfirvalda heimaaðildarríkis síns til að stjórna þeirri gerð verðbréfasjóða sem sótt er um leyfi fyrir eða

c) rekstrarfélagið hefur ekki lagt fram þau skjöl sem um getur í 1. mgr.

Áður en umsókn er hafnað, skulu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki verðbréfasjóðs ráðfæra sig við lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis rekstrarfélagsins.

4. Rekstrarfélagið skal tilkynna lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki verðbréfasjóðs um allar verulegar síðari breytingar á þeim skjölum sem um getur í 1. mgr.

21. gr.

1. Gistiaðildarríki rekstrarfélags getur krafist þess, vegna hagskýrslugerðar, að öll rekstrarfélög með útibú á yfirráðasvæði þess gefi lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríki reglulega skýrslu um starfsemi sína í því gistiaðildarríki.

2. Gistiaðildarríki rekstrarfélags getur krafist þess að rekstrarfélög, sem reka fyrirtæki á yfirráðasvæði þess með því að stofna útibú eða í samræmi við frelsi til að veita þjónustu, gefi þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til eftirlits með því að þau fari að reglum sem gilda um rekstrarfélög í viðkomandi gistiaðildarríki.

Þessar kröfur skulu ekki vera strangari en þær sem sama aðildarríki gerir til rekstrarfélaga, sem hafa leyfi í því aðildarríki, varðandi eftirlit með því hvort þau fari að sömu reglum.

Rekstrarfélög skulu tryggja að málsmeðferð og ráðstafanir, sem um getur í 15. gr., geri lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki verðbréfasjóðs kleift að afla þeirra upplýsingar, sem um getur í þessari málsgrein, beint frá rekstrarfélaginu.

3. Ef lögbær yfirvöld í gistiaðildarríki rekstrarfélags komast að raun um að rekstrarfélag, sem er með útibú eða veitir þjónustu á yfirráðasvæði þeirra, fer ekki að einhverri þeirra reglna sem gilda í gistiaðildarríkinu, skulu þau yfirvöld krefjast þess að hlutaðeigandi rekstrarfélag fari að settum reglum og upplýsa lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rekstrarfélagsins um það.

4. Ef hlutaðeigandi rekstrarfélag neitar að veita lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríki rekstrarfélags upplýsingar, sem falla undir ábyrgðarsvið þess, eða gerir ekki nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að settum reglum, sem um getur í 3. mgr., skulu lögbær yfirvöld í gistiaðildarríki rekstrarfélagsins upplýsa lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rekstrarfélagsins um það. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rekstrarfélags skulu, við fyrsta tækifæri, gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að hlutaðeigandi rekstrarfélag leggi fram þær upplýsingar sem gistiaðildarríki rekstrarfélagsins óskar eftir skv. 2. mgr. eða fari að settum reglum. Tilkynna ber lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríki rekstrarfélagsins hvers eðlis þær ráðstafanir eru.

5. Ef rekstrarfélagið neitar enn að leggja fram upplýsingar sem gistiaðildarríki rekstrarfélagsins óskar eftir skv. 2. mgr., þrátt fyrir ráðstafanir, sem lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rekstrarfélags grípa til, eða vegna þess að þær ráðstafanir reynast ófullnægjandi eða ekki tiltækar í viðkomandi aðildarríki, eða ef um er að ræða viðvarandi brot þess á ákvæðum laga eða reglna, sem um getur í sömu málsgrein og í gildi eru í gistiaðildarríki rekstrarfélagsins, er lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkis heimilt, eftir að hafa upplýst lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki rekstrarfélagsins, að grípa til viðeigandi ráðstafana, þ.m.t. skv. 98. og 99. gr., til að hindra eða refsa fyrir brot, eftir því sem nauðsyn krefur, til að koma í veg fyrir að það rekstrarfélag stofni til frekari viðskipta á yfirráðasvæði þess. Aðildarríkin skulu sjá til þess að á yfirráðasvæðum þeirra sé unnt að birta rekstrarfélögum nauðsynleg lagaskjöl vegna þessara ráðstafana. Ef sú þjónusta, sem veitt er í gistiaðildarríki rekstrarfélags, er stýring verðbréfasjóðs getur gistiaðildarríki rekstrarfélagsins krafist þess að rekstrarfélagið hætti stýringu viðkomandi verðbréfasjóðs.

6. Allar ráðstafanir, sem gripið er til skv. 4. eða 5. mgr. og fela í sér ráðstafanir eða viðurlög, skulu vera rökstuddar á tilhlýðilegan hátt og ber að tilkynna þær hlutaðeigandi rekstrarfélagi. Öllum slíkum ráðstöfunum má skjóta til dómstóla í aðildarríkinu sem samþykkti þær.

7. Áður en lögbær yfirvöld gistiaðildarríkis rekstrarfélags fylgja málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 3., 4. eða 5. mgr. geta þau gert nauðsynlegar varúðarráðstafanir í bráðatilvikum til að vernda hagsmuni fjárfesta og annarra sem veitt er þjónusta. Tilkynna ber framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum annarra hlutaðeigandi aðildarríkja um slíkar ráðstafanir við fyrsta tækifæri.

Framkvæmdastjórnin getur, eftir samráð við lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkja, ákveðið að viðkomandi aðildarríki skuli breyta þessum ráðstöfunum eða afturkalla þær.

8. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis rekstrarfélags skulu ráðfæra sig við lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis verðbréfasjóðsins áður en leyfi rekstrarfélagsins er afturkallað. Í þess háttar tilvikum skulu lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis verðbréfasjóðs gera viðeigandi ráðstafanir til að gæta hagsmuna fjárfesta. Þær ráðstafanir geta falið í sér ákvarðanir sem koma í veg fyrir að hlutaðeigandi rekstrarfélag stofni til frekari viðskipta á yfirráðasvæði þess.

Framkvæmdastjórnin skal gefa skýrslu um slík tilvik annað hvert ár.

9. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni hve oft og í hvers konar tilvikum synjað er um leyfi skv. 17. gr., eða umsókn hafnað skv. 20. gr., og um allar ráðstafanir sem hafa verið gerðar samkvæmt 5. mgr. þessarar greinar.

Framkvæmdastjórnin skal gefa skýrslu um slík tilvik annað hvert ár.

IV. KAFLI

SKYLDUR ER VARÐA VÖRSLUFYRIRTÆKI

22. gr.

1. Fela skal vörslufyrirtæki eignir sameignarsjóðs til vörslu.

2. Ábyrgð vörslufyrirtækis skv. 24. gr. breytist ekki þó að það hafi falið þriðja aðila einhverjar eða allar eignir sem því hefur verið falið að varðveita.

3. Vörslufyrirtæki skal:

a) tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina fyrir hönd sameignarsjóðs eða af hálfu rekstrarfélags fari fram í samræmi við gildandi landslög og sjóðsreglur,

b) tryggja að virði hlutdeildarskírteina sé reiknað í samræmi við gildandi landslög og sjóðsreglur,

c) framfylgja fyrirmælum rekstrarfélags, nema þau brjóti í bága við gildandi landslög eða sjóðsreglur,

d) tryggja að í viðskiptum með eignir sameignarsjóðs sé endurgjaldinu fyrir þær skilað innan eðlilegra tímamarka,

e) tryggja að tekjur sameignarsjóðs séu notaðar í samræmi við gildandi landslög og sjóðsreglur.

23. gr.

1. Vörslufyrirtæki skal annaðhvort hafa skráða skrifstofu eða hafa staðfestu í heimaaðildarríki verðbréfasjóðs.

2. Vörslufyrirtæki skal vera stofnun sem er háð varfærniseftirliti og viðvarandi eftirliti. Það verður einnig að veita nægjanlega fjárhags- og faglega tryggingu fyrir því að geta stundað rekstur sem vörslufyrirtæki og uppfyllt þær skyldur sem fylgja rekstrinum.

3. Aðildarríki skulu ákvarða hvaða flokkar stofnana, sem um getur í 2. mgr., skulu teljast vera hæf vörslufyrirtæki.

4. Vörslufyrirtæki skal gera lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis verðbréfasjóðs kleift að nálgast allar upplýsingar sem vörslufyrirtæki hefur safnað við framkvæmd verkefna sinna og eru nauðsynlegar fyrir lögbær yfirvöld við eftirlit þeirra með verðbréfasjóði samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, óski þau eftir þeim.

5. Ef heimaaðildarríki rekstrarfélags er ekki það sama og heimaaðildarríki verðbréfasjóðs, skal vörslufyrirtæki skrifa undir skriflegt samkomulag við rekstrarfélagið sem stýrir flæði upplýsinga sem taldar eru nauðsynlegar til að það geti sinnt starfseminni sem sett er fram í 22. gr. og í öðrum lögum, reglugerðum eða stjórnsýslufyrirmælum sem eiga við vörslufyrirtæki í heimaaðildarríki verðbréfasjóðs.

6. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdarráðstafanir í tengslum við ráðstafanir sem vörslufyrirtæki á að grípa til, til þess að það geti uppfyllt skyldur sínar varðandi verðbréfasjóð undir stjórn rekstrarfélags sem hefur staðfestu í öðru aðildarríki, þ.m.t. þau einstöku atriði sem þurfa að vera í hefðbundnu samkomulagi vörslufyrirtækis og rekstrarfélags í samræmi við 5. gr.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 112. gr.

24. gr.

Vörslufyrirtæki skal, í samræmi við landslög í heimaaðildarríki verðbréfasjóðs, bera ábyrgð gagnvart rekstrarfélaginu og eigendum hlutdeildarskírteina vegna alls tjóns sem það bakar þeim með óafsakanlegri vanrækslu á skyldum sínum eða með því að sinna þeim illa.

Ábyrgð gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina getur verið bein eða óbein í gegnum rekstrarfélagið með hliðsjón af því hvernig sambandi vörslufyrirtækis, rekstrarfélags og eigenda hlutdeildarskírteina er háttað að lögum.

25. gr.

1. Sama félag má ekki starfa bæði sem rekstrarfélag og vörslufyrirtæki.

2. Rekstrarfélag og vörslufyrirtæki skulu vera óháð í störfum sínum og starfa einungis í þágu hagsmuna eigenda hlutdeildarskírteina.

26. gr.

Í lögum eða sjóðsreglum skal mælt fyrir um skilyrði fyrir því að skipt sé um rekstrarfélag eða vörslufyrirtæki og reglur til að tryggja vernd eigenda hlutdeildarskírteina ef slík skipti eiga sér stað.

V. KAFLI

SKYLDUR ER VARÐA FJÁRFESTINGARFÉLÖG

1. ÞÁTTUR

Skilyrði fyrir að hefja starfsemi

27. gr.

Fjárfestingarfélagi er ekki heimilt að hefja starfsemi fyrr en að fengnu opinberu leyfi frá lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis fjárfestingarfélagsins.

Aðildarríkin skulu ákveða hvert skuli vera rekstrarform fjárfestingarfélags að lögum.

Skráð aðsetur fjárfestingarfélags skal vera í heimaaðildarríki fjárfestingarfélagsins.

28. gr.

Engu fjárfestingarfélagi skal heimilt að stunda aðra starfsemi en þá sem um getur í 2. mgr. 1. gr.

29. gr.

1. Með fyrirvara um önnur almenn skilyrði í landslögum skulu lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis fjárfestingarfélags ekki veita fjárfestingarfélagi, sem hefur ekki tilnefnt rekstrarfélag, starfsleyfi nema fjárfestingarfélagið hafi nægilegt stofnfé, að fjárhæð a.m.k. 300 000 evrur.

Hafi fjárfestingarfélag ekki tilnefnt rekstrarfélag með starfsleyfi samkvæmt þessari tilskipun skulu auk þess gilda eftirfarandi skilyrði:

a) starfsleyfið skal ekki veitt nema umsókninni um leyfið fylgi starfsáætlun þar sem m.a. kemur fram hvernig stjórnskipulagi fjárfestingarfélagsins er háttað,

b) stjórnarmenn fjárfestingarfélags skulu fullnægja skilyrðum um gott mannorð og fullnægjandi reynslu, einnig m.t.t. þeirrar tegundar starfsemi sem fjárfestingarfélagið stundar og í því skyni verður tafarlaust að tilkynna lögbærum yfirvöldum um nöfn stjórnarmanna og allra eftirmanna þeirra. Stefna fjárfestingarfélagsins skal mótuð af a.m.k. tveimur einstaklingum sem uppfylla þessi skilyrði, og „stjórnarmenn“ eru þeir sem, samkvæmt lögum eða stofnsamningi, eru í fyrirsvari fyrir fjárfestingarfélagið eða þeir sem raunverulega ákvarða stefnu þess og

c) ef náin tengsl eru milli fjárfestingarfélags og annarra einstaklinga eða lögaðila skulu lögbær yfirvöld einungis veita leyfi ef sýnt er að þessi nánu tengsl komi ekki í veg fyrir að þau gegni eftirlitshlutverki sínu með skilvirkum hætti.

Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis fjárfestingarfélags skulu jafnframt synja um leyfi ef lög og stjórnsýsluákvæði þriðja lands, sem gilda um einn eða fleiri einstaklinga eða lögaðila, sem fjárfestingarfélagið hefur náin tengsl við, eða vandkvæði tengd framkvæmd þeirra koma í veg fyrir að yfirvöldin gegni eftirlitshlutverki sínu með skilvirkum hætti.

Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis fjárfestingarfélags skulu krefjast þess að fjárfestingarfélög veiti þeim þær upplýsingar sem þau þarfnast.

2. Ef fjárfestingarfélag hefur ekki tilnefnt rekstrarfélag, skal tilkynna fjárfestingarfélaginu, innan sex mánaða frá því að fullbúin umsókn er lögð fram, hvort starfsleyfi hafi verið veitt eða ekki. Ef synjað er um leyfi skal tilgreina ástæður.

3. Fjárfestingarfélagi er heimilt að hefja starfsemi þegar í stað eftir að leyfi hefur verið veitt.

4. Lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis fjárfestingarfélags er eingöngu heimilt að afturkalla leyfi sem veitt hefur verið fjárfestingarfélagi sem fellur undir þessa tilskipun ef félagið:

a) nýtir ekki leyfið innan tólf mánaða, afsalar sér skýlaust leyfinu eða hefur hætt starfseminni, sem heyrir undir þessa tilskipun, meira en sex mánuðum áður nema hlutaðeigandi aðildarríki hafi kveðið á um að leyfi falli úr gildi í slíkum tilvikum,

b) hefur fengið starfsleyfi með því að gefa rangar yfirlýsingar eða á annan ólögmætan hátt,

c) uppfyllir ekki lengur skilyrðin fyrir leyfisveitingu,

d) hefur brotið alvarlega eða ítrekað gegn ákvæðum sem samþykkt hafa verið samkvæmt þessari tilskipun eða

e) fellur undir ákvæði í landslögum um afturköllun starfsleyfis.

2. ÞÁTTUR

Rekstrarskilyrði

30. gr.

Ákvæði 13. og 14. gr. skulu gilda *að breyttu breytanda* um fjárfestingarfélög sem hafa ekki tilnefnt rekstrarfélag sem fengið hefur leyfi samkvæmt þessari tilskipun.

Að því er varðar þær greinar sem um getur í fyrstu málsgrein, skal hugtakið „rekstrarfélag“ túlkað sem „fjárfestingarfélag“.

Fjárfestingarfélögum er einungis heimilt að stýra eignum í eigin eignasafni og mega í engum tilvikum taka við umboði um eignastýringu fyrir hönd þriðja aðila.

31. gr.

Hvert heimaaðildarríki fjárfestingarfélags skal semja varfærnisreglur sem fjárfestingarfélögum, sem hafa ekki tilnefnt rekstrarfélag, sem fengið hefur leyfi samkvæmt þessari tilskipun, er ávallt skylt að fara eftir.

Einkum skulu lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis fjárfestingarfélagsins, með hliðsjón af tegund fjárfestingarfélagsins, krefjast þess að rekstrarfélagið hafi traust stjórnunar- og bókhaldsfyrirkomulag, eftirlits- og öryggisfyrirkomulag á rafrænni gagnavinnslu og fullnægjandi innra eftirlit, sem einkum tekur til reglna um einkaviðskipti starfsmanna þess eða reglna um eignarhlutdeild eða stjórnun fjárfestinga í fjármálagerningum í þeim tilgangi að fjárfesta eigið stofnfé, þannig að tryggt sé, a.m.k., að rekja megi uppruna allra viðskipta sem varða fyrirtækið, hverjir séu aðilar að viðskiptunum, eðli viðskiptanna, hvenær og hvar þau áttu sér stað og að fjárfest sé fyrir eignir fjárfestingarfélagsins í samræmi við félagssamþykktir og gildandi lagaákvæði.

3. ÞÁTTUR

Skyldur er varða vörslufyrirtæki

32. gr.

1. Fela skal vörslufyrirtæki eignir fjárfestingarfélags til vörslu.

2. Það breytir ekki ábyrgð vörslufyrirtækis samkvæmt 34. gr. þótt það hafi falið þriðja aðila einhverjar eða allar eignir sem því hefur verið falið að varðveita.

3. Vörslufyrirtæki skal tryggja eftirfarandi:

a) að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina sem fram fer af hálfu fjárfestingarfélags eða fyrir þess hönd sé framkvæmd samkvæmt lögum og stofnsamningum fjárfestingarfélagsins,

b) að endurgjald vegna viðskipta, sem taka til eigna fjárfestingarfélags, sé greitt til félagsins innan venjubundinna tímamarka og

c) að tekjur fjárfestingarfélags séu nýttar í samræmi við lög og stofnsamninga þess.

4. Heimaaðildarríki fjárfestingarfélags getur ákveðið að fjárfestingarfélögum, sem stofnuð eru á yfirráðasvæði þess og markaðssetja hlutdeildarskírteini sín einungis í einni eða fleiri kauphöllum, þar sem hlutdeildarskírteini þeirra eru opinberlega skráð, þurfi ekki að hafa vörsluaðila í skilningi þessarar tilskipunar.

Ákvæði 76., 84. og 85. gr. skulu ekki gilda um þess háttar fjárfestingarfélög. Þó skulu reglur um mat á eignum þess háttar fjárfestingarfélaga koma fram í gildandi landslögum eða í stofnsamningi þeirra.

5. Heimaaðildarríki fjárfestingarfélags getur ákveðið að fjárfestingarfélögum, sem eru stofnsett á yfirráðasvæði þess og markaðssetja a.m.k. 80% af hlutdeildarskírteinum sínum í einni eða fleiri kauphöllum sem tilnefndar eru í stofnsamningum þeirra, þurfi ekki að hafa vörsluaðila í skilningi þessarar tilskipunar, að því tilskildu að hlutdeildarskírteini þeirra verði tekin til opinberrar skráningar í kauphöll þeirra aðildarríkja þar sem hlutdeildarskírteinin eru sett á markað, og að öll viðskipti sem þess háttar fjárfestingarfélag kann að eiga fyrir utan kauphöll fari aðeins fram á sama verði og í kauphöllinni.

Í stofnsamningi fjárfestingarfélags skal tilgreina þá kauphöll í landinu sem markaðssett er í og þar sem viðmiðunarverð fjárfestingarfélags í viðskiptum utan kauphallar í því landi ákvarðast.

Aðildarríki skal aðeins nýta sér undanþágu sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein ef það telur að eigendur hlutdeildarskírteina njóti sambærilegrar verndar og eigendur hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum sem hafa vörsluaðila í skilningi þessarar tilskipunar.

Fjárfestingarfélög, sem um getur í þessari málsgrein og 4. mgr., skulu einkum:

a) tilgreina útreikningsaðferð á verðmæti hreinnar eignar sinnar í hlutdeildarskírteinum í stofnsamningum sínum, ef hún er ekki tilgreind í landslögum,

b) hafa afskipti af markaði til að koma í veg fyrir að virði hlutdeildarskírteina þeirra sem skráð eru í kauphöll víki um meira en 5% frá verðmæti hreinnar eignar þeirra,

c) fastsetja verðmæti hreinnar eignar hlutdeildarskírteina sinna, tilkynna lögbærum yfirvöldum um það minnst tvisvar í viku og birta það tvisvar í mánuði.

Óháður endurskoðandi skal a.m.k. tvisvar í mánuði sjá til þess að útreikningur á virði hlutdeildarskírteina fari fram í samræmi við lög og stofnsamninga fjárfestingarfélagsins.

Í þeim tilvikum skal endurskoðandinn sjá til þess að eignir fjárfestingarfélagsins séu notaðar til fjárfestingar samkvæmt reglum sem kveðið er á um í lögum og stofnsamningum fjárfestingarfélagsins.

6. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni hvaða fjárfestingarfélög njóti góðs af undanþágunni sem um getur í 4. og 5. mgr.

33. gr.

1. Vörslufyrirtæki skal annaðhvort hafa skráða skrifstofu eða hafa staðfestu í sama aðildarríki og fjárfestingarfélagið.

2. Vörslufyrirtæki skal vera stofnun sem er háð varfærniseftirliti og viðvarandi eftirliti.

3. Aðildarríki skulu ákveða hvers konar stofnanir, sem falla undir 2. mgr., geta verið vörslufyrirtæki.

4. Vörslufyrirtæki skal gera lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis verðbréfasjóðs kleift að fá, óski þau þess, allar upplýsingar sem vörslufyrirtæki hefur aflað við framkvæmd verkefna sinna og eru nauðsynlegar lögbærum yfirvöldum við eftirlit þeirra með því að verðbréfasjóðurinn fylgi þessari tilskipun.

5. Ef heimaaðildarríki rekstrarfélags er ekki hið sama og heimaaðildarríki verðbréfasjóðs skal vörslufyrirtækið undirrita skriflegt samkomulag við rekstrarfélagið sem stýrir flæði upplýsinga sem taldar eru nauðsynlegar til að það geti sinnt þeirri starfsemi sem fram kemur í 32. gr. og í öðrum lögum, reglugerðum eða stjórnsýslufyrirmælum sem eiga við um vörslufyrirtæki í heimaaðildarríki verðbréfasjóðsins.

6. Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja framkvæmdarráðstafanir í tengslum við ráðstafanir sem vörslufyrirtæki gerir svo að það geti uppfyllt skyldur sínar við verðbréfasjóð undir stjórn rekstrarfélags sem stofnsett er í öðru aðildarríki, þ.m.t. þau einstöku atriði sem þurfa að vera í hefðbundnu samkomulagi vörslufyrirtækis og rekstrarfélags í samræmi við 5. gr.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 112. gr.

34. gr.

Vörslufyrirtæki skal, í samræmi við landslög í heimaaðildarríki fjárfestingarfélags, bera ábyrgð gagnvart fjárfestingarfélaginu og eigendum hlutdeildarskírteina vegna tjóns sem það bakar þeim með óafsakanlegri vanrækslu á skyldum sínum eða með því að sinna þeim illa.

35. gr.

1. Sama félagi er óheimilt að starfa bæði sem fjárfestingarfélag og vörslufyrirtæki.

2. Vörslufyrirtæki skal við störf sín einungis starfa í þágu eigenda hlutdeildarskírteina.

36. gr.

Í lögum eða stofnsamningum fjárfestingarfélags skal mæla fyrir um skilyrðin fyrir því að skipt sé um vörslufyrirtæki og reglur til að tryggja vernd eigenda hlutdeildarskírteina ef slík skipti eiga sér stað.

VI. KAFLI

SAMRUNAR VERÐBRÉFASJÓÐA

1. ÞÁTTUR

Meginregla, leyfi og samþykki

37. gr.

Að því er þennan kafla varðar skal verðbréfasjóður einnig taka til fjárfestingardeilda sjóðsins.

38. gr.

1. Aðildarríki skulu, með fyrirvara um skilyrðin sem sett eru fram í þessum kafla og án tillits til þess með hvaða hætti verðbréfasjóðir eru stofnaðir skv. 3. mgr. 1. gr., heimila samruna yfir landamæri og innanlands eins og skilgreint í q- og r-lið 1. mgr. 2. gr. í samræmi við eina eða fleiri samrunaaðferðir sem kveðið er á um í p-lið 1. mgr. 2. gr.

2. Samrunaaðferðir, sem beitt er við samruna yfir landamæri, eins og þær eru skilgreindar í q-lið 1. mgr. 2. gr., skulu vera í samræmi við lög heimaaðildarríkis samrunasjóðsins.

Samrunaaðferðir, sem beitt er við samruna innanlands eins og þær eru skilgreindar í r-lið 1. mgr. 2. gr., skulu vera í samræmi við lög þess aðildarríkis sem verðbréfasjóðurinn hefur staðfestu í.

39. gr.

1. Samrunar skulu vera með fyrirvara um fyrirframleyfi frá lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis samrunasjóðs.

2. Samrunasjóður skal láta lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki sínu í té eftirfarandi upplýsingar:

a) sameiginlega samrunaáætlun fyrirhugaðs samruna sem samþykkt er af samrunasjóði og viðtökusjóði,

b) uppfærða útgáfu af lýsingu viðtökusjóðs og lykilupplýsingum hans fyrir fjárfesta, sem um getur í 78. gr., ef honum er komið á fót í öðru aðildarríki,

c) yfirlýsingu frá hverjum vörsluaðila samruna- og viðtökusjóða, til staðfestingar á að þeir hafi í samræmi við 41. gr. sannreynt að einstök atriði, sem sett eru fram í a-, f-, og g-lið 1. mgr. 40. gr., séu í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar og sjóðsreglur eða stofnsamninga viðkomandi verðbréfasjóða þeirra og

d) upplýsingar um fyrirhugaðan samruna sem samruna- og viðtökusjóðir hyggjast veita viðkomandi eigendum hlutdeildarskírteina.

Þær upplýsingar skal leggja fram þannig að lögbær yfirvöld heimaaðildarríkja bæði samruna- og viðtökusjóðs geti lesið þær á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum þess aðildarríkis eða þeirra aðildarríkja, eða á tungumáli þau lögbæru yfirvöld hafa samþykkt.

3. Þegar umsóknin er fullbúin skulu lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis samrunasjóðs tafarlaust senda afrit af upplýsingunum, sem um getur í 2. mgr., til lögbærra yfirvalda heimaaðildarríkis viðtökusjóðs. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkja samrunasjóða og viðtökusjóða skulu hvor fyrir sig taka tillit til hugsanlegra áhrifa fyrirhugaðs samruna á eigendur hlutdeildarskírteina í samruna- og viðtökusjóðum og meta hvort eigendum hlutdeildarskírteina hafi verið veittar viðhlítandi upplýsingar.

Ef lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis samrunasjóðs telja það nauðsynlegt, geta þau krafist þess skriflega að upplýsingar, sem veittar eru eigendum hlutdeildarskírteina viðtökusjóðs, séu skýrðar.

Ef lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis viðtökusjóðs telja það nauðsynlegt geta þau krafist þess skriflega, eigi síðar en 15 virkum dögum eftir viðtöku afrita af öllum upplýsingum sem um getur í 2. mgr., að viðtökusjóður breyti upplýsingunum sem veita skal eigendum hlutdeildarskírteina.

Í því tilviki skulu lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis viðtökusjóðs tilkynna lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis samrunasjóðsins um óánægju sína. Þau skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis samrunasjóðsins innan 20 virkra daga frá því þeim er tilkynnt þar um, hvort þau telji að leiðréttar upplýsingar, sem veittar eru eigendum hlutdeildarskírteina viðtökusjóðsins, séu fullnægjandi.

4. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis samrunasjóðs, skulu heimila fyrirhugaðan samruna ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) fyrirhugaður samruni uppfyllir allar kröfur í 39. til 42. gr.,

b) tilkynnt hefur verið, í samræmi við 93. gr., að viðtökusjóðurinn hafi sett hlutdeildarskírteini sín á markað í öllum aðildarríkjum þar sem samrunasjóðurinn er annaðhvort með leyfi eða tilkynnt hefur verið að hlutdeildarskírteini hans hafi verið sett á markað í samræmi við 93. gr., og

c) lögbær yfirvöld heimaaðildarríkja samruna- og viðtökusjóða telja upplýsingarnar, sem veita skal eigendum hlutdeildarskírteina, fullnægjandi eða engar vísbendingar um óánægju lögbærra yfirvalda heimaaðildarríkis viðtökusjóðsins hafa komið fram samkvæmt fjórðu undirgrein 3. mgr.

5. Ef lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis samrunasjóðs telja að umsóknin sé ekki fullbúin skulu þau óska eftir viðbótarupplýsingum innan 10 virkra daga frá viðtöku þeirra upplýsinga sem um getur í 2. mgr.

Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis samrunasjóðsins skulu upplýsa samrunasjóð, innan 20 virkra daga, um að lagðar hafi verið fram fullbúnar upplýsingar, í samræmi við 2. mgr., hvort sem veitt hefur verið leyfi fyrir samruna eða ekki.

Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis samrunasjóðsins skulu einnig upplýsa lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis viðtökusjóðsins um ákvörðun sína.

6. Aðildarríki geta, í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 57. gr., veitt undanþágu frá 52. til 55. gr. að því er varðar viðtökusjóð.

40. gr.

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að samruna- og viðtökusjóðir geri sameiginlega samrunaáætlun.

Í sameiginlegu samrunaáætluninni skal tilgreina eftirfarandi einstök atriði:

a) auðkenningu á tegund samruna og viðkomandi verðbréfasjóðs,

b) aðdraganda og grunnforsendur fyrirhugaðs samruna,

c) væntanleg áhrif fyrirhugaðs samruna á eigendur hlutdeildarskírteina, bæði samruna- og viðtökusjóða,

d) viðmiðanir, sem samþykktar eru varðandi mat á eignum, og, eftir atvikum, skuldbindingar á þeim degi sem skiptahlutfall er reiknað, eins og um getur í 1. mgr. 47. gr.,

e) aðferð við útreikning á skiptihlutfalli,

f) áætlaðan gildistökudag samruna,

g) reglur sem eiga við, annars vegar um yfirfærslu eigna og hins vegar um skipti á hlutdeildarskírteinum og

h) ef um er að ræða samruna skv. ii. lið p-liðar 1. mgr. 2. gr. og, eftir atvikum, iii. lið p-liðar 1. mgr. 2. gr., sjóðsreglur eða stofnsamninga nýstofnaðs verðbréfasjóðs sem öðrum er rennt saman við.

Lögbær yfirvöld skulu ekki gera kröfu um að einhverjar viðbótarupplýsingar séu í sameiginlegri samrunaáætlun.

2. Samrunasjóður og viðtökusjóður geta ákveðið að bæta fleiri liðum í sameiginlega samrunaáætlun.

2. ÞÁTTUR

Eftirlit þriðja aðila, upplýsingar til eigenda hlutdeildarskírteina og önnur réttindi eigenda hlutdeildarskírteina

41. gr.

Aðildarríki skulu krefjast staðfestingar frá vörsluaðilum samruna- og viðtökusjóða á samræmi einstakra atriða sem sett eru fram í a-, f-, og g-lið 1. mgr. 40. gr., við kröfur þessarar tilskipunar og sjóðsreglur eða stofnsamninga viðkomandi verðbréfasjóða þeirra.

42. gr.

1. Lög heimaaðildarríkis samrunasjóðs skulu annaðhvort fela vörslufyrirtæki eða óháðum endurskoðanda, sem er viðurkenndur í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga ([1]), að staðfesta eftirfarandi:

a) þær viðmiðanir, sem eru samþykktar um mat á eignum, og, eftir atvikum, skuldbindingar á þeim degi sem skiptahlutfall er reiknað, eins og um getur í 1. mgr. 47. gr.,

b) greiðslu í handbæru fé, eftir atvikum, og

c) aðferð við útreikning á skiptihlutfalli sem og raunverulegt skiptihlutfall ákvarðað á þeim degi sem hlutfallið er reiknað, eins og um getur í 1. mgr. 47. gr.

2. Löggiltir endurskoðendur samrunasjóðs eða löggiltur endurskoðandi viðtökusjóðs skal teljast óháður endurskoðandi að því er varðar 1. mgr.

3. Afrit af skýrslum óháðs endurskoðanda, eða, eftir atvikum, vörslufyrirtækis, skulu gerð aðgengileg, án endurgjalds, eigendum hlutdeildarskírteina bæði samrunasjóðs og viðtökusjóðs og viðkomandi lögbærum yfirvöldum þeirra, fari þeir fram á það.

43. gr.

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að samruna- og viðtökusjóðir afhendi viðeigandi og nákvæmar upplýsingar um fyrirhugaðan samruna til viðkomandi eigenda hlutdeildarskírteina, til að gera þeim kleift að taka upplýsta ákvörðun um áhrif tillögunnar á fjárfestingu þeirra.

2. Þær upplýsingar skal aðeins afhenda eigendum hlutdeildarskírteina samruna- og viðtökusjóða eftir að lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis samrunasjóðs hafa heimilað fyrirhugaðan samruna skv. 39. gr.

Þær skulu afhentar minnst 30 dögum fyrir lokadag til að krefjast endurkaupa eða innlausnar eða, eftir atvikum, umbreytingar án viðbótarkostnaðar skv. 1. mgr. 45. gr.

3. Upplýsingar sem afhentar eru eigendum hlutdeildarskírteina samruna- og viðtökusjóða skulu fela í sér viðeigandi og nákvæmar upplýsingar um fyrirhugaðan samruna til þess að gera þeim kleift að taka upplýsta ákvörðun um möguleg áhrif samruna á fjárfestingu þeirra og til að þeir geti neytt réttinda sinna skv. 44. og 45. gr.

Upplýsingar skal m.a. veita um eftirfarandi:

a) aðdraganda og grunnforsendur fyrirhugaðs samruna,

b) möguleg áhrif fyrirhugaðs samruna á eigendur hlutdeildarskírteina, þ.m.t., en ekki einskorðað við, verulegan mismun að því er varðar fjárfestingarstefnu og -áætlun, kostnað, væntan árangur, reglubundnar skýrslur, möguleg áhrif þynningar á árangur og, ef við á, áberandi viðvörun til fjárfesta um að skattaleg meðferð geti breyst í kjölfar samruna,

c) öll sértæk réttindi, sem eigendur hlutdeildarskírteina hafa í tengslum við fyrirhugaðan samruna, þ.m.t., en ekki einskorðað við, rétt til viðbótarupplýsinga, rétt til afrits af skýrslu óháðs endurskoðanda eða vörslufyrirtækis, sé farið fram á það, og rétt til að óska eftir endurkaupum eða innlausn eða, eftir atvikum, umbreytingu á hlutdeildarskírteinum þeirra án endurgjalds, eins og tilgreint er í 1. mgr. 45. gr., og lokadag til nýtingar á þeim rétti,

d) atriði sem varða málsmeðferð og áætlaðan gildistökudag samruna og

e) afrit af lykilupplýsingum viðtökusjóða fyrir fjárfesta, sem um getur í 78. gr.

4. Ef tilkynnt hefur verið um samruna- eða viðtökusjóði í samræmi við 93. gr. skal afhenda upplýsingarnar, sem um getur í 3. mgr., á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum viðkomandi gistiaðildarríkis verðbréfasjóðs, eða á tungumáli sem lögbær yfirvöld þess samþykkja. Þeir verðbréfasjóðir sem krafist er að leggi fram upplýsingarnar skulu bera ábyrgð á þýðingum þeirra. Sú þýðing skal endurspegla inntak frumritsins nákvæmlega.

5. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdarráðstafanir sem tilgreina nákvæmt inntak, snið og aðferð við afhendingu upplýsinganna sem um getur í 1. og 3. mgr.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 112. gr.

44. gr.

Ef í landslögum aðildarríkis er krafist samþykkis eigenda hlutdeildarskírteina við samruna verðbréfasjóða skulu aðildarríkin tryggja að samþykki þurfi ekki meira en 75% greiddra atkvæða þeirra eigenda hlutdeildarskírteina sem eru viðstaddir eða eiga fulltrúa á aðalfundi eigenda hlutdeildarskírteina.

Fyrsta málsgrein skal ekki hafa áhrif á landslög um viðveru ákvörðunarbærs meirihluta. Aðildarríki skulu hvorki koma á strangari reglum um viðveru ákvörðunarbærs meirihluta varðandi samruna yfir landamæri en samruna innanlands né strangari reglum um viðveru ákvörðunarbærs meirihluta að því er varðar samruna verðbréfasjóða en samruna viðskiptafyrirtækja.

([1]) Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87.

45. gr.

1. Í lögum aðildarríkjanna skal kveðið á um að eigendur hlutdeildarskírteina bæði í samruna- og viðtökusjóðum hafi heimild, án annars gjalds en því sem verðbréfasjóðurinn heldur eftir til að standa undir kostnaði við sölu eigna, til að óska eftir endurkaupum eða innlausn hlutdeildarskírteina sinna eða, þar sem þess er kostur, að breyta þeim í hlutdeildarskírteini í öðrum verðbréfasjóði með sambærilega fjárfestingarstefnu og undir stjórn sama rekstrarfélags eða hvers annars félags sem rekstrarfélagið tengist vegna sameiginlegs rekstrar eða stjórnenda eða með umtalsverðri beinni eða óbeinni eignarhlutdeild. Sá réttur skal taka gildi frá þeirri stundu sem eigendur hlutdeildarskírteina í samrunasjóði og viðtökusjóði hafa fengið upplýsingar um fyrirhugaðan samruna í samræmi við 43. gr. og fellur úr gildi fimm virkum dögum þann dag sem skiptihlutfall er reiknað, eins og um getur í 1. mgr. 47. gr.

2. Að því er varðar samruna verðbréfasjóða geta aðildarríkin, þrátt fyrir 1. mgr. og þrátt fyrir 1. mgr. 84. gr., heimilað lögbærum yfirvöldum að krefjast eða leyfa tímabundna frestun áskriftar, endurkaupa eða innlausnar hlutdeildarskírteina, að því tilskildu að slík frestun sé réttlætanleg til að vernda eigendur hlutdeildarskírteinanna.

3. ÞÁTTUR

Kostnaður og gildistaka

46. gr.

Aðildarríki skulu tryggja að hvers konar laga-, ráðgjafar- eða stjórnunarkostnaður í tengslum við undirbúning og lok samruna verði hvorki gjaldfærður á samruna- né viðtökusjóði, né neinn af eigendum hlutdeildarskírteina þeirra, nema í þeim tilvikum þar sem verðbréfasjóður hefur ekki tilnefnt rekstrarfélag.

47. gr.

1. Að því er varðar samruna innanlands skal í lögum aðildarríkis ákvörðuð sú dagsetning þegar samruni tekur gildi ásamt dagsetningu þegar útreikningur á skiptihlutfalli hlutdeildarskírteina samrunasjóðs yfir í hlutdeildarskírteini viðtökusjóðs á sér stað og, eftir atvikum, dagsetningu ákvörðunar á viðeigandi verðmæti hreinnar eignar vegna greiðslna í handbæru fé.

Að því er varðar samruna yfir landamæri skulu þessar dagsetningar ákvarðaðar samkvæmt lögum heimaaðildarríkis viðtökuverðbréfasjóðsins. Aðildarríki skulu, eftir atvikum, sjá til þess að eigendur hlutdeildarskírteina í viðtökusjóði og samrunasjóði samþykki þessar dagsetningar.

2. Gildistaka samrunans skal gerð opinber með öllum tilhlýðilegum ráðum eftir því sem mælt er fyrir um í lögum heimaaðildarríkis viðtökusjóðsins og skal lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis viðtökusjóðsins og samrunasjóðsins tilkynnt um hana.

3. Ekki skal unnt að lýsa ógildan samruna sem hefur öðlast gildi eins og kveðið er á um í 1. mgr.

48. gr.

1. Samruni, sem tekið hefur gildi í samræmi við i. lið p-liðar 1. mgr. 2. gr., hefur eftirfarandi áhrif:

a) allar eignir og skuldir samrunasjóðs flytjast yfir í viðtökusjóð, eða, eftir atvikum, til vörslufyrirtækis viðtökusjóðsins,

b) eigendur hlutdeildarskírteina í samrunasjóði verða eigendur að hlutdeildarskírteinum í viðtökusjóði og eiga, eftir atvikum, rétt á greiðslu í handbæru fé sem ekki er yfir 10% af verðmæti hreinnar eignar hlutdeildarskírteina þeirra í samrunasjóðnum og

c) samrunasjóðir hætta að vera til daginn sem samruninn öðlast gildi.

2. Samruni, sem hefur öðlast gildi í samræmi við ii. lið p-liðar í 1. mgr. 2. gr., hefur eftirfarandi áhrif:

a) allar eignir og skuldir samrunasjóðs flytjast yfir í nýstofnaðan viðtökusjóð, eða, eftir atvikum, í vörslufyrirtæki viðtökusjóðsins,

b) eigendur hlutdeildarskírteina í samrunasjóði verða eigendur að hlutdeildarskírteinum í nýstofnuðum viðtökusjóði og eiga þeir, eftir atvikum, rétt á greiðslu í handbæru fé sem ekki er yfir 10% af verðmæti hreinnar eignar hlutdeildarskírteina þeirra í samrunasjóðnum og

c) samrunasjóðir hætta að vera til daginn sem samruninn öðlast gildi.

3. Samruni, sem hefur öðlast gildi í samræmi við iii. lið p-liðar í 1. mgr. 2. gr., hefur eftirfarandi áhrif:

a) hreinar eignir samrunasjóðsins flytjast yfir í viðtökusjóðinn, eða, eftir atvikum, í vörslufyrirtæki viðtökusjóðsins,

b) eigendur hlutdeildarskírteina í samrunasjóðnum verða eigendur hlutdeildarskírteina í viðtökusjóðnum og

c) samrunasjóðurinn heldur áfram að vera til þar til gengið hefur verið frá skuldum.

4. Aðildarríki skulu sjá til þess að sett verði verklagsregla sem rekstrarfélag viðtökusjóðs notar til að staðfesta við vörslufyrirtæki viðtökusjóðs að yfirfærslu eigna og, eftir atvikum, skulda sé lokið. Ef viðtökusjóður hefur ekki tilnefnt rekstrarfélag, skal hann staðfesta þetta við vörslufyrirtæki sitt.

VII. KAFLI

SKULDBINDINGAR VARÐANDI FJÁRFESTINGARSTEFNU VERÐBRÉFASJÓÐA

49. gr.

Ef í verðbréfasjóði eru fleiri en ein fjárfestingardeild skal hver deild teljast sérstakur verðbréfasjóður að því er varðar þennan kafla.

50. gr.

1. Verðbréfasjóðir mega einungis fjárfesta í einu eða fleiri af eftirfarandi:

a) framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem skráð eru eða viðskipti eru með á skipulegum markaði í skilningi 14. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB,

b) framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem viðskipti eru með á öðrum skipulegum markaði í aðildarríki sem starfar á reglubundinn hátt og er opinn almenningi,

c) framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem teknir hafa verið til opinberrar skráningar í kauphöll í þriðja landi eða sem viðskipti eru með á annars konar skipulegum markaði í þriðja landi, sem starfar á reglubundinn hátt og er viðurkenndur og opinn almenningi, að því tilskildu að lögbær yfirvöld samþykki val á kauphöll eða markaði eða kveðið sé á um það í lögum eða sjóðsreglum eða stofnsamningum fjárfestingarfélagsins,

d) nýútgefnum, framseljanlegum verðbréfum, að því tilskildu að:

   i. í útgáfuskilmálum sé skuldbinding um að sótt verði um opinbera skráningu í kauphöll eða á öðrum skipulegum markaði, sem starfar á reglubundinn hátt og er viðurkenndur og opinn almenningi, að því tilskildu að val á kauphöll eða markaði hafi verið samþykkt af lögbærum yfirvöldum eða kveðið sé á um það í lögum eða sjóðsreglum eða stofnsamningum fjárfestingarfélagsins, og

   ii. skráningin, sem um getur í i. lið, eigi sér stað innan árs frá útgáfu,

e) hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, sem hafa fengið leyfi samkvæmt þessari tilskipun, eða annarra fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu, í skilningi a- og b-liðar 2. mgr. 1. gr., án tillits til þess hvort þau eru stofnsett í aðildarríki, að því tilskildu:

   i. að þessi önnur fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu hafi leyfi samkvæmt lögum, sem kveða á um að þau heyri undir eftirlit sem lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis verðbréfasjóðanna telja sambærilegt við eftirlit samkvæmt lögum Bandalagsins, og svo fremi að samstarf yfirvalda sé tryggt með fullnægjandi hætti,

   ii. að eigendur hlutdeildarskírteina í öðrum fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu njóti sambærilegrar verndar og kveðið er á um fyrir eigendur hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum, einkum að reglur um aðgreiningu eigna, lántöku, lánveitingu og um skortsölu framseljanlegra verðbréfa og peningamarkaðsgerninga séu sambærilegar kröfum í þessari tilskipun,

   iii. að skýrt sé frá starfsemi annarra fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu í hálfsárs- og ársreikningum til að unnt sé að meta eignir og skuldir, tekjur og rekstur á skýrslutímabilinu og

   iv. að þeim verðbréfasjóðum eða öðrum fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu sem ætlunin er að kaupa hlutdeildarskírteini í, sé óheimilt, samkvæmt sjóðsreglum þeirra eða stofnsamningum, að fjárfesta meira en 10% eigna sinna í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða eða annarra fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu,

f) innlánum hjá lánastofnunum, sem eru gjaldkræf eftir kröfu eða sem taka má út og hafa mest 12 mánaða binditíma, að því tilskildu að skráð skrifstofa lánastofnunarinnar sé í aðildarríki eða, ef skráð skrifstofa hennar er í þriðja landi, að hún heyri undir varfærnisreglur sem lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis verðbréfasjóðanna telja að jafngildi þeim sem mælt er fyrir um í löggjöf Bandalagsins

g) afleiddum fjármálagerningum, þ.m.t. sambærilegir gerningar sem greiddir eru með reiðufé, sem verslað er með á skipulegum mörkuðum, sem um getur í a-, b- og c-lið, eða afleiddum fjármálagerningum sem viðskipti eru með utan skipulegra verðbréfamarkaða, að því tilskildu:

   i. að undirliggjandi afleiður séu gerningar sem falla undir þessa málsgrein, fjármálavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem verðbréfasjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni sem fram kemur í sjóðsreglum eða stofnsamningum sjóðsins,

   ii. að mótaðilar að viðskiptum með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða séu stofnanir sem sæta varfærniseftirliti og tilheyra flokkum sem lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis verðbréfasjóðsins viðurkenna og

   iii. að verðmæti afleiða utan skipulegra verðbréfamarkaða sé reiknað daglega, þannig að það sé áreiðanlegt og unnt sé að staðfesta það, og að unnt sé að selja þær, innleysa eða loka með mótfærslu á sannvirði hverju sinni að frumkvæði verðbréfasjóðsins eða

h) öðrum peningamarkaðsgerningum en viðskipti eru með á skipulegum mörkuðum, sem heyra undir o-lið 1. mgr. 2. gr., ef útgáfa eða útgefandi þessara gerninga sætir lögbundnu eftirliti sem hefur þann tilgang að vernda fjárfesta og sparifé, og að því tilskildu:

i. að ríkisstjórn eða svæðis- eða staðaryfirvöld eða seðlabanki aðildarríkis, Seðlabanki Evrópu, Bandalagið eða Fjárfestingarbanki Evrópu, þriðja land eða, ef um sambandsríki er að ræða, eitt ríkjanna í sambandinu eða opinber eða alþjóðleg stofnun, sem eitt eða fleiri aðildarríkjanna eiga aðild að, gefi þau út eða ábyrgist þau,

ii. að fyrirtæki gefi þau út ef viðskipti eiga sér stað með verðbréf þess á skipulegum mörkuðum sem um getur í a-, b- eða c-lið,

iii. að stofnun, sem sætir varfærniseftirliti, í samræmi við viðmiðanir, sem skilgreindar eru í lögum Bandalagsins, eða stofnun, sem lýtur og hlítir varfærnisreglum sem lögbær yfirvöld telja að minnsta kosti jafnstrangar og þær sem mælt er fyrir um í lögum Bandalagsins, gefi þau út eða ábyrgist þau eða

iv. að aðrir aðilar, sem tilheyra flokkum sem lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis verðbréfasjóðsins hafa viðurkennt, gefi þau út eða ábyrgist þau, að því tilskildu að fjárfesting í slíkum gerningum heyri undir fjárfestavernd sem jafngildir þeirri vernd sem kveðið er á um í i., ii. eða iii. lið og að því tilskildu að útgefandi sé félag með eigið fé og varasjóði sem nema að minnsta kosti 10 000 000 evra og sem leggur fram og birtir ársreikninga sína í samræmi við fjórðu tilskipun ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978, byggt á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð ([1]), sé aðili innan félagasamstæðu með eitt eða fleiri skráð félög sem helgar sig fjármögnun samstæðunnar eða er aðili sem helgar sig fjármögnun verðbréfunar með stoð í lánasamningi við fjármálastofnun.

2. Verðbréfasjóður skal þó ekki:

a) fjárfesta meira en 10% eigna sinna í framseljanlegum verðbréfum eða peningamarkaðsgerningum, öðrum en þeim sem um getur í 1. mgr. eða

b) eignast eðalmálma eða skírteini fyrir þeim.

Verðbréfasjóðir mega eiga viðbótarlausaeignir.

3. Fjárfestingarfélögum er heimilt að eignast lausafé eða fasteignir sem eru nauðsynlegar til að stunda starfsemi þess.

51. gr.

1. Rekstrar- eða fjárfestingarfélag skal beita áhættustýringarferli sem gerir því kleift að vakta og meta stöðuáhættu á hverjum tíma og hlut hennar í heildaráhættusnið eignasafnsins.

Það skal nota aðferð til að leggja nákvæmt og óháð mat á verðmæti afleiða utan skipulegra verðbréfamarkaða.

Það skal tilkynna lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis síns reglubundið um tegundir afleiðugerninga, undirliggjandi áhættu, magntakmarkanir og aðferðirnar sem það beitir til að meta áhættu í tengslum við viðskipti með afleiðugerninga að því er varðar hvern verðbréfasjóð sem stýrt er.

2. Aðildarríkin geta heimilað verðbréfasjóðum að nota aðferðir og gerninga, sem varða framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerninga, með þeim skilyrðum og innan þeirra marka sem aðildarríkin mæla fyrir um, að því tilskildu að þessar aðferðir og gerningar séu notuð til að auka skilvirkni í stýringu eignasafna.

Þegar þessi viðskipti varða notkun afleiðugerninga skulu framangreind skilyrði og mörk vera í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

Þessi viðskipti mega ekki í neinum tilvikum verða til þess að verðbréfasjóðurinn víki frá fjárfestingarmarkmiðum sínum eins og þau eru sett fram í sjóðsreglum, stofnsamningum eða lýsingu sjóðsins.

3. Verðbréfasjóður skal tryggja að heildaráhætta hans vegna afleiðugerninga fari ekki yfir hreint heildarvirði eignasafns hans.

Við útreikning áhættu skal taka mið af núvirði undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, hreyfing líklegri þróun fjármálamarkaða og líftíma samninga. Þetta gildir einnig um þriðju og fjórðu undirgrein.

Verðbréfasjóði er heimilt, innan ramma fjárfestingarstefnu sinnar og innan þeirra marka sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 52. gr., að fjárfesta í afleiðugerningum, svo fremi að samanlögð áhætta undirliggjandi eigna fari ekki yfir leyfilegt hámark fjárfestinga sem mælt er fyrir um í 52. gr. Þegar verðbréfasjóður fjárfestir í afleiðugerningum sem byggjast á vísitölu geta aðildarríkin veitt heimild til þess að ekki þurfi að safna fjárfestingunum saman að því er varðar þau mörk sem mælt er fyrir um í 52. gr.

Ef framseljanleg verðbréf eða peningamarkaðgerningar fela í sér afleiðu skal tekið mið af því þegar farið er að kröfum þessarar greinar.

4. Með fyrirvara um 116. gr., skal framkvæmdastjórnin eigi síðar en 1. júlí 2010 samþykkja framkvæmdarráðstafanir þar sem eftirfarandi er tilgreint:

a) viðmiðanir við mat á því hvort áhættustýringarferlið, sem rekstrarfélag notar í samræmi við fyrstu undirgrein 1. mgr., sé fullnægjandi,

b) ítarlegar reglur um nákvæmt og óháð mat á virði afleiða utan skipulegra verðbréfamarkaða og

([1]) Stjtíð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11.

c) ítarlegar reglur um inntak og málsmeðferð vegna miðlunar upplýsinga, sem um getur í þriðju undirgrein 1. mgr., til lögbærra yfirvalda heimaaðildarríkis rekstrarfélagsins.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 112. gr.

52. gr.

1. Verðbréfasjóður skal ekki fjárfesta meira en sem nemur:

a) 5% af eignum sínum í framseljanlegum verðbréfum eða peningamarkaðsgerningum, útgefnum af sama útgefanda, eða

b) 20% af eignum sínum í innlánum hjá sama aðila.

Áhætta verðbréfasjóðs gagnvart mótaðila í viðskiptum með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða má hvorki fara yfir:

a) 10% af eignum hans ef mótaðilinn er lánastofnun sem um getur í f-lið 1. mgr. 50. gr., né

b) 5% af eignum hans í öðrum tilvikum.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að hækka 5% mörkin, sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein 1. mgr., upp í 10% að hámarki. Fjárfesti verðbréfasjóður hins vegar meira en 5% eigna sinna í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum einstakra útgefenda má heildarverðmæti slíkra fjárfestinga ekki nema meira en 40% af heildarverðmæti eigna sjóðsins. Þessar takmarkanir gilda ekki um innlán og viðskipti með afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða við fjármálastofnanir sem sæta varfærniseftirliti.

Þrátt fyrir einstök mörk, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., skal verðbréfasjóður ekki safna saman eftirfarandi, ef það leiðir til þess að fjárfest er fyrir meira en 20% af eignum hans í útgáfum eins aðila:

a) framseljanlegum verðbréfum eða peningamarkaðsgerningum útgefnum af þeim aðila,

b) innlánum hjá viðkomandi aðila eða

c) áhættukröfum í tengslum við afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða gagnvart þeim aðila.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að hækka 5% mörkin, sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein 1. mgr., í 35% að hámarki ef aðildarríki, staðaryfirvöld þess, þriðja land eða alþjóðastofnun, sem eitt eða fleiri aðildarríki eiga aðild að, hefur gefið út eða ábyrgst hin framseljanlegu verðbréf eða peningamarkaðsgerninga.

4. Aðildarríkjunum er heimilt að hækka 5% mörkin, sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein 1. mgr., í 25% að hámarki ef um er að ræða tiltekin skuldabréf sem eru gefin út af lánastofnun sem er með skráða skrifstofu sína í aðildarríki og sætir samkvæmt lögum sérstöku opinberu eftirliti sem ætlað er að vernda eigendur skuldabréfa. Andvirði slíkra bréfa skal samkvæmt lögum einkum notað til fjárfestingar í eignum sem staðið geta undir kröfum sem eru bundnar bréfunum allan gildistíma bréfanna og standi útgefandi skulda bréfanna ekki í skilum skal endurgreiðsla höfuðstóls og áfallinna vaxta af þeim hafa forgang af andvirði eignanna.

Fjárfesti verðbréfasjóður meira en 5% af eignum sínum í skuldabréfunum, sem um getur í fyrstu undirgrein og einn útgefandi gefur út, skal samanlagt verðmæti þeirra fjárfestinga ekki nema meira en 80% af eignum sjóðsins.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni skrá yfir tegundir skuldabréfa, sem um getur í fyrstu undirgrein, og tegundir útgefenda sem, samkvæmt lögum og reglum um eftirlit, sbr. þá undirgrein, er heimilað að gefa út skuldabréf sem fullnægja skilyrðum sem sett eru fram í þessari grein. Tilkynning um hvernig ábyrgð er háttað skal fylgja þessum skrám. Framkvæmdastjórnin skal þegar í stað framsenda þessar upplýsingar öðrum aðildarríkjum ásamt athugasemdum sem hún telur eiga við og sjá til þess að upplýsingarnar séu aðgengilegar almenningi. Evrópska verðbréfanefndin skiptist á skoðunum um þessar upplýsingar, eins og um getur í 1. mgr. 112 gr.

5. Við beitingu 40% markanna, sem um getur í 2. mgr., skal ekki litið til framseljanlegu verðbréfanna og peningamarkaðsgerninganna sem um getur í 3. og 4. mgr.

Takmarkanir, sem kveðið er á um í 1.–4. mgr., má ekki leggja saman og því skulu fjárfestingar, sem eru í samræmi við 1.–4. mgr., í framseljanlegum verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, innlánum eða afleiðum sama útgefanda, ekki vera samtals umfram 35% af eignum verðbréfasjóðsins.

Félög, sem teljast til sömu samstæðu í samstæðureikningsskilum samkvæmt skilgreiningu í tilskipun 83/349/EBE eða í samræmi við viðurkenndar alþjóðlegar reikningsskilareglur, skulu teljast einn aðili við útreikning á mörkum samkvæmt þessari grein.

Aðildarríkin geta leyft uppsafnaða fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum, innan sömu samstæðu, sem nemur allt að 20 %.

53. gr.

1. Með fyrirvara um mörkin, sem mælt er fyrir um í 56. gr., er aðildarríkjunum heimilt að hækka mörkin, sem mælt er fyrir um í 52. gr., í allt að 20% fyrir fjárfestingu í hlutabréfum eða skuldabréfum sama útgefanda ef markmið fjárfestingarstefnu verðbréfasjóðs, samkvæmt sjóðsreglum eða stofnsamningum, er að líkja eftir tiltekinni hlutabréfa- eða skuldabréfavísitölu sem lögbær yfirvöld viðurkenna á eftirfarandi forsendum:

a) vísitalan hefur fullnægjandi áhættudreifingu,

b) vísitalan endurspeglar viðkomandi markað með fullnægjandi hætti og

c) vísitalan verður birt opinberlega með viðeigandi hætti.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að hækka mörkin, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., í 35% að hámarki ef sérstakar aðstæður á markaðnum réttlæta það, einkum á skipulegum mörkuðum þar sem tiltekin framseljanleg verðbréf eða peningamarkaðsgerningar eru ríkjandi. Fjárfesting upp að þessu marki er aðeins leyfð fyrir einn útgefanda.

54. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 52. gr. geta aðildarríki leyft verðbréfasjóðum að fjárfesta, í samræmi við meginregluna um áhættudreifingu, allt að 100 % af eignum sínum í mismunandi framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem aðildarríki, eða eitt eða fleiri staðbundin yfirvöld þess, þriðja land, eða alþjóðastofnun sem eitt eða fleiri aðildarríki tilheyra, gefa út eða ábyrgjast.

Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis verðbréfasjóðs mega aðeins veita þess háttar undanþágu ef þau telja að eigendur hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðnum njóti sambærilegrar verndar og eigendur hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóði sem fylgir þeim takmörkunum sem mælt er fyrir um í 52. gr.

Slíkur verðbréfasjóður skal eiga verðbréf úr a.m.k. sex útgáfum, en verðbréf frá hverri fyrir sig skulu ekki vera umfram 30% af heildareignum hans.

2. Þeir verðbréfasjóðir sem um getur í 1. mgr. skulu í sjóðsreglum eða stofnsamningum fjárfestingarfélags kveða skýrt á um aðildarríki, staðaryfirvöld, eða alþjóðastofnanir sem gefa út eða ábyrgjast verðbréf sem þau hyggjast fjárfesta umfram 35% af eignum sínum í.

Þær sjóðsreglur eða stofnsamningar skulu vera samþykktir af lögbærum yfirvöldum.

3. Hver verðbréfasjóður sem um getur í 1. mgr. skal hafa áberandi yfirlýsingu í lýsingu og markaðsefni sínu, þar sem vakin er athygli á slíku samþykki og nefnd þau aðildarríki, staðaryfirvöld, eða alþjóðastofnanir sem gefa út þau verðbréf sem sjóðurinn fyrirhugar að eða búinn er að fjárfesta meira en 35% af eignum sínum í.

55. gr.

1. Verðbréfasjóði er heimilt að eignast hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eða öðrum fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu sem um getur í e-lið 1. mgr. 50. mgr., að því tilskildu að hann fjárfesti ekki meira en10% eigna sinna í hlutdeildarskírteinum eins verðbréfasjóðs eða annars fyrirtækis um sameiginlega fjárfestingu. Aðildarríkjunum er heimilt að hækka hámarkið upp í 20% að hámarki.

2. Heildarfjárfesting verðbréfasjóðs í hlutdeildarskírteinum annarra fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu en verðbréfasjóða má þó ekki fara yfir 30% af eignum hans.

Aðildarríkin geta heimilað, ef verðbréfasjóður hefur eignast hlutdeildarskírteini í öðrum verðbréfasjóði eða öðrum fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu, að samanlagðar eignir viðkomandi verðbréfasjóða eða annarra fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu þurfi ekki að vera undir mörkunum sem mælt er fyrir um í 52. gr.

3. Ef verðbréfasjóður fjárfestir í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða eða annarra fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu, sem er stjórnað beint eða með umboði af sama rekstrarfélagi eða öðru félagi, sem rekstrarfélagið tengist í gegnum sameiginlegan rekstur eða stjórnendur eða með umtalsverðri beinni eða óbeinni eignarhlutdeild, er rekstrarfélaginu eða hinu félaginu ekki heimilt að taka áskriftar- eða innlausnargjald fyrir fjárfestingu sjóðsins í hlutdeildarskírteinum hinna verðbréfasjóðanna eða fyrirtækjanna um sameiginlega fjárfestingu.

Fjárfesti verðbréfasjóður verulegan hluta eigna sinna í öðrum verðbréfasjóðum eða fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu skal í lýsingu hans tilgreina hámarksstjórnunarkostnað, sem verðbréfasjóðurinn sjálfur og einnig hinir verðbréfasjóðirnir eða fyrirtækin um sameiginlega fjárfestingu, sem hann hyggst fjárfesta í, skulu bera. Í ársreikningum verðbréfasjóðsins skal tilgreina hámarkshlutfall stjórnunarkostnaðar sem annars vegar verðbréfasjóðurinn sjálfur og hins vegar hinir verðbréfasjóðirnir eða fyrirtækin um sameiginlega fjárfestingu, sem hann fjárfestir í, bera.

56. gr.

1. Fjárfestingarfélag eða rekstrarfélag, sem starfar í tengslum við alla sameignarsjóði, sem það stjórnar og fellur innan gildissviðs þessarar tilskipunar, skal ekki eignast nein hlutabréf með atkvæðisrétti sem myndi gera því kleift að hafa veruleg áhrif á rekstur útgáfuaðila.

Aðildarríki skulu, þar til frekari samræming verður, hafa hliðsjón af gildandi reglum í löggjöf annarra aðildarríkja sem skilgreina þá meginreglu sem tilgreind er í fyrstu undirgrein.

2. Verðbréfasjóði er óheimilt að eignast meira en sem nemur:

a) 10% af hlutabréfum án atkvæðisréttar í einum útgáfuaðila,

b) 10% af skuldabréfum útgefnum af einum útgáfuaðila,

c) 25% af hlutdeildarskírteinum í einum verðbréfasjóði eða öðru fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í skilningi a- og b-liðar 2. mgr. 1. gr. eða

d) 10% af peningamarkaðsgerningum, útgefnum af einum útgefanda.

Víkja má frá þeim mörkum sem mælt er fyrir um í b-, c- og d-lið ef ekki er unnt við yfirtöku að reikna heildarfjárhæð skuldabréfa eða peningamarkaðsgerninga eða hreina fjárhæð útgefinna verðbréfa.

3. Aðildarríki getur fallið frá beitingu 1. og 2. mgr. að því er varðar:

a) framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerninga sem aðildarríki eða staðaryfirvöld í því gefa út eða ábyrgjast,

b) framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerninga sem þriðja land gefur út eða ábyrgist,

c) framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerninga, sem alþjóðastofnun sem eitt eða fleiri aðildarríki tilheyrir, gefur út,

d) hlutabréf verðbréfasjóðs í eigin fé fyrirtækis með réttarstöðu lögaðila í þriðja landi sem fjárfestir aðallega í verðbréfum útgáfuaðila, sem hafa skráða skrifstofu í því landi, ef þess konar eignarhald er, samkvæmt lögum þess lands, eina leiðin sem verðbréfasjóður hefur til að fjárfesta í verðbréfum útgáfuaðila í því landi eða

e) hlutabréf fjárfestingarfélags eða -félaga í eigin fé dótturfyrirtækja sem eingöngu sinna, og aðeins fyrir hönd fjárfestingarfélagsins eða -félaganna, rekstri, ráðgjöf eða markaðssetningu í því landi þar sem dótturfélagið hefur staðfestu, að því er varðar endurkaup hlutdeildarskírteina að beiðni eigenda hlutdeildarskírteinanna.

Sú undanþága sem um getur í d-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skal einungis eiga við ef fjárfestingarstefna fyrirtækisins frá þriðja landi er í samræmi við þau mörk sem mælt er fyrir um í 52. og 55. gr. og 1. og 2. mgr. þessarar greinar. Ef farið er yfir þau mörk sem sett eru í 52. og 55. gr., skal beita 57. gr. *að breyttu breytanda*.

57. gr.

1. Verðbréfasjóðir þurfa ekki að hlíta þeim mörkum sem mælt er fyrir um í þessum kafla þegar þeir notfæra sér áskriftarréttindi sem fylgja framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum í eigu þeirra.

Aðildarríkin geta undanþegið verðbréfasjóði, sem hafa nýlega fengið leyfi, ákvæðum 52.–55. gr. í sex mánuði frá veitingu leyfis til þeirra enda sé tryggt að hlítt sé meginreglunni um áhættudreifingu.

2. Ef farið er fram úr þeim mörkum sem um getur í 1. mgr., af ástæðum sem verðbréfasjóður ræður ekki við eða vegna þess að áskriftarréttur er nýttur, skulu úrbætur á því vera forgangsmarkmið við söluviðskipti verðbréfasjóðsins, að teknu tilliti til hagsmuna eigenda hlutdeildarskírteina.

VIII. KAFLI

SKIPAN HÖFUÐSJÓÐA OG FYLGISJÓÐA

1. ÞÁTTUR

Gildissvið og samþykki

58. gr.

1. Fylgisjóður er verðbréfasjóður, eða fjárfestingardeild sjóðs, sem hefur fengið leyfi til að fjárfesta, þrátt fyrir a-lið 2. mgr. 1. gr., 50., 52. og 55. gr. og c-lið 2. mgr. 56. gr., að minnsta kosti 85% eigna sinna í einingum annars verðbréfasjóðs eða fjárfestingardeild hans (höfuðsjóði).

2. Fylgisjóði er heimilt að fjárfesta allt að 15% af eignum sínum í einum eða fleiri af eftirfarandi:

a) viðbótarlausaeignum í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. 50. gr.,

b) afleiðugerningum, sem aðeins má nota til áhættuvarna, í samræmi við g-lið 1. mgr. 50. gr. og 2. og 3. mgr. 51. gr.,

c) lausafé og fastafjármunum sem eru nauðsynlegir til að stunda starfsemi sjóðsins, ef fylgisjóður er fjárfestingarfélag.

Fylgisjóður skal, til að fara að ákvæðum 3. mgr. 51. gr., reikna heildaráhættu sína í tengslum við afleiðugerninga með því að leggja saman beina áhættu sína skv. b-lið fyrstu undirgreinar og annaðhvort:

a) raunverulega áhættu höfuðsjóðs gagnvart afleiðugerningum í hlutfalli við fjárfestingu fylgisjóðs í höfuðsjóði eða

b) hugsanlegt hámark heildaráhættu höfuðsjóðs gagnvart afleiðugerningum sem kveðið er á um í sjóðsreglum eða stofnsamningi höfuðsjóðs í hlutfalli við fjárfestingu fylgisjóðs í höfuðsjóði.

3. Höfuðsjóður er verðbréfasjóður eða fjárfestingardeild sjóðs sem:

a) hefur að minnsta kosti einn fylgisjóð meðal eigenda hlutdeildarskírteina sinna,

b) er ekki sjálfur fylgisjóður og

c) á ekki hlutdeildarskírteini í fylgisjóði.

4. Eftirfarandi undanþágur eiga við um höfuðsjóði:

a) ef að minnsta kosti tveir fylgisjóðir eiga hlutdeildarskírteini í höfuðsjóði eiga a-liður 2. mgr. 1. gr. og b-liður 3. gr. ekki við og hefur því höfuðsjóðurinn val um hvort hann aflar fjármagns frá öðrum fjárfestum,

b) ef höfuðsjóður aflar ekki fjármagns meðal almennings í öðru aðildarríki en því sem hann er stofnsettur í, en hefur aðeins einn eða fleiri fylgisjóði í því aðildarríki, gilda XI. kafli og önnur undirgrein 1. mgr. 108. gr. ekki.

59. gr.

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að fjárfesting fylgisjóðs í tilteknum höfuðsjóði, sem er umfram gildandi hámark skv. 1. mgr. 55. gr. að því er varðar fjárfestingar í öðrum verðbréfasjóðum, sé með fyrirvara um fyrirframsamþykki lögbærra yfirvalda heimaaðildarríkis fylgisjóðsins.

2. Fylgisjóður skal, innan 15 virkra daga frá framlagningu fullfrágenginnar umsóknar, vera upplýstur um það hvort lögbær yfirvöld hafa samþykkt fjárfestingu fylgisjóðs í höfuðsjóði eða ekki.

3. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis fylgisjóðs skulu veita leyfi ef fylgisjóður, vörslufyrirtæki hans og endurskoðandi, sem og höfuðsjóður, uppfylla öll skilyrði sem sett eru fram í þessum kafla. Í því skyni skal fylgisjóður láta lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki sínu í té eftirfarandi gögn:

a) sjóðsreglur eða stofnsamning fylgisjóðsins og höfuðsjóðsins,

b) lýsingu og lykilupplýsingar fylgisjóðsins og höfuðsjóðsins fyrir fjárfesta, sem um getur í 78. gr.,

c) samkomulag milli fylgisjóðsins og höfuðsjóðsins eða innri viðskiptahátternisreglur, sem um getur í 1. mgr. 60. gr.,

d) eftir atvikum, upplýsingar sem láta skal eigendum hlutdeildarskírteina í té skv. 1. mgr. 64. gr.,

e) ef höfuðsjóðurinn og fylgisjóðurinn hafa mismunandi vörslufyrirtæki, samkomulag um upplýsingaskipti, sem um getur í 1. mgr. 61. gr. milli viðkomandi vörslufyrirtækja, og

f) ef höfuðsjóðurinn og fylgisjóðurinn hafa mismunandi endurskoðendur, samkomulag um upplýsingaskipti, sem um getur í 1. mgr. 62. gr. milli viðkomandi endurskoðenda þeirra.

Ef fylgisjóður er stofnsettur í öðru aðildarríki en heimaaðildarríki höfuðsjóðs skal fylgisjóður einnig leggja fram staðfestingu lögbærra yfirvalda heimaaðildarríkis höfuðsjóðs á að höfuðsjóður sé verðbréfasjóður eða fjárfestingardeild slíks sjóðs sem uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í b- og c-lið 3. mgr. 58. gr. Fylgisjóður skal leggja fram skjöl á opinberu tungumáli, eða einu af opinberum tungumálum, heimaaðildarríkis fylgisjóðs eða á tungumáli sem lögbær yfirvöld hans samþykkja.

2. ÞÁTTUR

Sameiginleg ákvæði fyrir fylgisjóði og höfuðsjóði

60. gr.

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að höfuðsjóður leggi fram öll gögn og upplýsingar til fylgisjóðs sem nauðsynlegar eru til að fylgisjóðurinn geti uppfyllt skilyrðin sem sett eru fram í þessari tilskipun. Í þeim tilgangi skal fylgisjóðurinn gera samkomulag við höfuðsjóð.

Fylgisjóðurinn skal ekki fjárfesta umfram hámarkið, sem gildir skv. 1. mgr. 55. gr., í hlutdeildarskírteinum þess höfuðsjóðs fyrr en samkomulagið, sem um getur í fyrstu undirgrein, hefur tekið gildi. Það samkomulag skal gert aðgengilegt, samkvæmt beiðni og án endurgjalds, öllum eigendum hlutdeildarskírteina.

Ef bæði fylgisjóður og höfuðsjóður eru undir stjórn sama rekstrarfélags mega innri viðskiptahátternisreglur, sem tryggja að farið sé að skilyrðum, sem sett eru fram í þessari málsgrein, koma í stað samkomulagsins.

2. Höfuðsjóður og fylgisjóður skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að samræma tímasetningu útreikninga á verðmæti hreinnar eignar og birtingar til að koma í veg fyrir að hægt sé að sjá fyrir verðsveiflur hlutdeildarskírteina þeirra á mörkuðum og koma í veg fyrir tækifæri til högnunar.

3. Ef, með fyrirvara um 84. gr., höfuðsjóður frestar tímabundið endurkaupum, innlausn eða áskrift á hlutdeildarskírteinum sínum, hvort sem það er að eigin frumkvæði eða að ósk lögbærra yfirvalda hans, er hverjum fylgisjóði hans heimilt að fresta endurkaupum, innlausn eða áskrift á hlutdeildarskírteinum sínum, þrátt fyrir skilyrði sem sett eru fram í 2. mgr. 84. gr., innan sama tímabils og höfuðsjóðurinn.

4. Ef höfuðsjóði er slitið, skal einnig slíta fylgisjóði, nema lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis hans samþykki:

a) fjárfestingu sem nemur minnst 85% af eignum fylgisjóðs í hlutdeildarskírteinum annars höfuðsjóðs eða

b) breytingu á sjóðsreglum eða stofnsamningi til þess að gera fylgisjóði kleift að breytast í verðbréfasjóð sem ekki er fylgisjóður.

Með fyrirvara um sértæk ákvæði landslaga varðandi skyldubundin félagsslit skulu félagsslit höfuðsjóðs eiga sér stað í fyrsta lagi þremur mánuðum eftir að höfuðsjóður hefur upplýst alla eigendur hlutdeildarskírteina í honum og lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis fylgisjóðs um bindandi ákvörðun um félagsslit.

5. Ef höfuðsjóður rennur saman við annan verðbréfasjóð eða er skipt upp í tvo eða fleiri verðbréfasjóði skal fylgisjóði slitið, nema lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis fylgisjóðs veiti honum leyfi til að:

a) starfa áfram sem fylgisjóður höfuðsjóðsins eða annars verðbréfasjóðs sem verður til við samruna eða skiptingu höfuðsjóðsins,

b) fjárfesta að minnsta kosti 85% af eignum sínum í hlutdeildaskírteinum annars höfuðsjóðs sem ekki hefur orðið við samrunann eða skiptinguna eða

c) breyta sjóðsreglum eða stofnsamningi hans til þess að breyta honum í verðbréfasjóð sem er ekki fylgisjóður.

Enginn samruni eða skipting höfuðsjóðs skal öðlast gildi nema höfuðsjóður hafi afhent þær upplýsingar sem um getur í 43. gr., eða sambærilegar upplýsingar, öllum eigendum hlutdeildarskírteina í sjóðnum og lögbærra yfirvalda heimaaðildarríkis fylgisjóða sinna, eigi síðar en 60 dögum fyrir áformaðan gildistökudag.

Hafi lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis fylgisjóðs ekki veitt leyfi samkvæmt a-lið fyrstu undirgreinar skal höfuðsjóður gera fylgisjóði kleift að endurkaupa eða innleysa öll hlutdeildarskírteini í höfuðsjóðnum áður en samruni eða skipting höfuðsjóðsins tekur gildi.

6. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdarráðstafanir sem tilgreina:

a) inntak samkomulags eða þær innri viðskiptahátternisreglur sem um getur í 1. mgr.,

b) hverjar þeirra ráðstafana sem um getur í 2. mgr. teljast viðeigandi og

c) málsmeðferð við samþykki sem þarf skv. 4. og 5. gr. ef um er að ræða félagsslit, samruna eða skiptingu höfuðsjóðs.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 112. gr.

3. ÞÁTTUR

Vörsluaðilar og endurskoðendur

61. gr.

1. Aðildarríki skulu krefjast þess, ef höfuðsjóður og fylgisjóður hafa mismunandi vörsluaðila, að þeir vörsluaðilar geri samkomulag um upplýsingaskipti til þess að tryggja að báðir vörsluaðilarnir uppfylli skyldur sínar.

Fylgisjóður skal ekki fjárfesta í hlutdeildarskírteinum höfuðsjóðs fyrr en slíkt samkomulag hefur tekið gildi.

Ef þeir starfa í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í þessum kafla, teljast hvorki vörslufyrirtæki höfuðsjóðs né fylgisjóðs brjóta í bága við neinar af þeim reglum sem takmarka birtingu upplýsinga eða varða gagnavernd, ef kveðið er á um þess háttar reglur í samningi eða í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum. Slík reglufylgni skal ekki skapa slíku vörslufyrirtæki eða nokkrum einstaklingi, sem kemur fram fyrir þess hönd, bótaábyrgð af neinu tagi.

Aðildarríki skulu krefjast þess að fylgisjóður eða, eftir atvikum, rekstrarfélag fylgisjóðs sjái um að veita vörslufyrirtæki fylgisjóðs þær upplýsingar um höfuðsjóð sem krafist er til þess að vörslufyrirtæki fylgisjóðs geti uppfyllt skyldur sínar.

2. Vörslufyrirtæki höfuðsjóðs skal tafarlaust upplýsa lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis höfuðsjóðs, fylgisjóðs eða, eftir atvikum, rekstrarfélag og vörslufyrirtæki fylgisjóðs, um hvers konar frávik frá réttri framkvæmd sem það verður vart við að því er varðar höfuðsjóð og teljast hafa neikvæð áhrif á fylgisjóð.

3. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdarráðstafanir þar sem tilgreint er enn frekar um:

a) einstök atriði, sem þurfa að vera í samkomulaginu, sem um getur í 1. mgr., og

b) hvers konar frávik frá réttri framkvæmd, sem um getur í 2. mgr., sem teljast hafa neikvæð áhrif á fylgisjóð.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 112. gr.

62. gr.

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess, ef höfuðsjóður og fylgisjóður hafa mismunandi endurskoðendur, að endurskoðendurnir komist að samkomulagi um upplýsingaskipti til þess að tryggja að báðir endurskoðendurnir uppfylli skyldur sínar, þ.m.t. þær ráðstafanir sem eru gerðar til að farið sé að ákvæðum 2. mgr.

Fylgisjóður skal ekki fjárfesta í hlutdeildarskírteinum höfuðsjóðs fyrr en slíkt samkomulag hefur tekið gildi.

2. Í endurskoðunarskýrslu skal endurskoðandi fylgisjóðs taka tillit til endurskoðunarskýrslu höfuðsjóðs. Ef fylgisjóður og höfuðsjóður hafa mismunandi uppgjörsár, skal endurskoðandi höfuðsjóðs taka saman sérstaka skýrslu á lokadagsetningu fylgisjóðs.

Endurskoðandi fylgisjóðs skal einkum greina frá því hvers konar frávik frá réttri framkvæmd endurskoðunarskýrsla höfuðsjóðs leiðir í ljós og um áhrif þeirra á fylgisjóð.

3. Ef endurskoðandi höfuðsjóðs og fylgisjóðs starfa í samræmi við skilyrðin, sem sett eru fram í þessum kafla, telst hvorugur þeirra brjóta í bága við einhverjar af þeim reglum sem takmarka birtingu upplýsinga eða varða gagnavernd ef kveðið er á um þess háttar reglur í samningi eða í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum. Þó að slíkur endurskoðandi eða einhver fulltrúi hans fylgi þannig reglum ber hann ekki bótaábyrgð af neinu tagi.

4. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdarráðstafanir sem tilgreina inntak samkomulagsins sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 112. gr.

4. ÞÁTTUR

Skyldubundnar upplýsingar og markaðsefni frá fylgisjóði

63. gr.

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að til viðbótar við þær upplýsingar sem kveðið er á um í fylgiskjali A í I. viðauka skuli lýsing fylgisjóðs fela í sér eftirfarandi upplýsingar:

a) yfirlýsingu um að fylgisjóður sé fylgisjóður tiltekins höfuðsjóðs og fjárfesti sem slíkur varanlega 85% eða meira af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum höfuðsjóðsins,

b) fjárfestingarmarkmið og -stefnu, að meðtöldu áhættusniði og hvort frammistaða fylgisjóðs og höfuðsjóðs sé nákvæmlega eins, eða að hvaða marki og hvers vegna hún er mismunandi, að meðtalinni lýsingu á fjárfestingum sem gerðar eru í samræmi við 2. mgr. 58. gr.,

c) stutta lýsingu á höfuðsjóði, skipulagi hans, fjárfestingarmarkmiðum og -stefnu, þ.m.t. áhættusnið, og upplýsingum um það hvernig megi nálgast lýsingu höfuðsjóðs,

d) samantekt á samkomulagi milli fylgisjóðs og höfuðsjóðs eða innri viðskiptahátternisreglum sem um getur í 1. mgr. 60. gr.,

e) hvernig eigendur hlutdeildarskírteina geta nálgast frekari upplýsingar um höfuðsjóð og samkomulag á milli fylgisjóðs og höfuðsjóðs samkvæmt 1. mgr. 60. gr.,

f) lýsingu á hvers konar endurgjaldi eða endurgreiðslu kostnaðar, sem fylgisjóði ber að greiða, með skírskotun til fjárfestingar hennar í hlutdeildarskírteinum höfuðsjóðs, sem og samanlögðu gjaldi fylgisjóðs og höfuðsjóðs, og

g) lýsingu á skattalegum áhrifum fjárfestingar í höfuðsjóði á fylgisjóð.

2. Auk þeirra upplýsinga, sem kveðið er á um í fylgiskjali B í I. viðauka, skal í ársreikningum fylgisjóðs vera yfirlýsing um samanlögð gjöld fylgisjóðsins og höfuðsjóðsins.

Í árs- og hálfsársreikningum fylgisjóðsins skal koma fram með hvaða hætti hægt er að nálgast árs- og hálfsársreikninga höfuðsjóðsins.

3. Til viðbótar við þær kröfur sem mælt er fyrir um í 74. og 82. gr. skal fylgisjóður senda lýsinguna, lykilupplýsingar fyrir fjárfesta, sem um getur í 78. gr., og allar breytingar á þeim, sem og árs- og hálfsársreikninga höfuðsjóðsins, til lögbærra yfirvalda heimaaðildarríkis síns.

4. Fylgisjóður skal í öllu markaðsefni, sem máli skiptir, upplýsa að hann fjárfesti varanlega 85% eða meira af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum höfuðsjóðs.

5. Fylgisjóður skal senda eintak af lýsingu, auk árs- og hálfsársreikninga höfuðsjóðsins, á pappír til fjárfesta samkvæmt beiðni og án endurgjalds.

5. ÞÁTTUR

Umbreyting starfandi verðbréfasjóða í fylgisjóð og breytingar á höfuðsjóði

64. gr.

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að fylgisjóður, sem þegar stundar starfsemi sem verðbréfasjóður, þ.m.t. sem fylgisjóður annars höfuðsjóðs, veiti eigendum hlutdeildarskírteina þeirra eftirfarandi upplýsingar:

a) yfirlýsingu þess efnis að lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis fylgisjóðs hafi samþykkt fjárfestingu fylgisjóðs í hlutdeildarskírteinum þess konar höfuðsjóðs,

b) lykilupplýsingar fyrir fjárfesta, sem um getur í 78. gr., varðandi fylgisjóð og höfuðsjóð,

c) hvaða dag fylgisjóður ætlar að hefja fjárfestingu í höfuðsjóðnum eða, ef hann hefur þegar fjárfest í honum, þann dag sem fjárfesting sjóðsins fer fram yfir gildandi hámark skv. 1. mgr. 55. gr. og

d) yfirlýsingu þess efnis að eigendur hlutdeildarskírteina hafi heimild til að óska eftir endurkaupum eða innlausn hlutdeildarskírteina sinna innan 30 daga án nokkurs annars kostnaðar en þess sem verðbréfasjóður heldur eftir til að mæta kostnaði við eignalosun og skal sú heimild taka gildi frá þeirri stundu sem fylgisjóður hefur lagt fram upplýsingarnar sem um getur í þessari málsgrein.

Þær upplýsingar skulu lagðar fram eigi síðar en 30 dögum fyrir þann dag sem um getur í c-lið fyrstu undirgreinar.

2. Ef fylgisjóður hefur verið tilkynntur í samræmi við 93. gr., skulu upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., veittar á opinberu tungumáli, eða einu af opinberum tungumálum, viðkomandi gistiaðildarríkis fylgisjóðs, eða á tungumáli sem lögbær yfirvöld þess samþykkja. Fylgisjóður skal bera ábyrgð á þýðingunni. Sú þýðing skal endurspegla inntak frumritsins nákvæmlega.

3. Aðildarríki skulu tryggja að fylgisjóður fjárfesti ekki í hlutdeildarskírteinum tiltekins höfuðsjóðs umfram gildandi hámark skv. 1. mgr. 55. gr. áður en 30 daga tímabilið, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr., er liðið.

4. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdarráðstafanir þar sem tilgreint er:

a) á hvaða sniði og með hvaða hætti skuli veita þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr. eða

b) yfirfæri fylgisjóður allar eignir sínar eða hluta þeirra til höfuðsjóðs í skiptum fyrir hlutdeildarskírteini, þá aðferð sem notuð er við mat og endurskoðun á þess háttar framlagi í fríðu og hlutverk vörslufyrirtækis fylgisjóðs í því ferli.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 112. gr.

6. ÞÁTTUR

Skuldbindingar og lögbær yfirvöld

65. gr.

1. Fylgisjóður skal hafa skilvirkt eftirlit með starfsemi höfuðsjóðs. Þegar sú skylda er uppfyllt getur fylgisjóður notað upplýsingar og gögn frá höfuðsjóðnum eða, eftir atvikum, rekstrarfélagi hans, vörslufyrirtæki og endurskoðanda, nema ástæða sé til þess að efast um nákvæmni þeirra.

2. Ef fylgisjóður, rekstrarfélag hans eða einstaklingur, sem er annaðhvort fulltrúi fylgisjóðsins eða rekstrarfélags hans, tekur við umboðslaunum, þóknun eða öðrum peningalegum ávinningi í tengslum við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum höfuðsjóðs, skulu launin, þóknunin eða peningalegi ávinningurinn bætast við eignir fylgisjóðsins.

66. gr.

1. Höfuðsjóður skal tafarlaust upplýsa lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki sínu um deili á hverjum þeim fylgisjóði sem fjárfestir í hlutdeildarskírteinum hans. Ef höfuðsjóðurinn og fylgisjóðurinn eru stofnsettir í mismunandi aðildarríkjum skulu lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis höfuðsjóðsins tafarlaust upplýsa lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis fylgisjóðsins um þá fjárfestingu.

2. Höfuðsjóðurinn skal ekki innheimta áskriftar- eða innlausnarþóknanir vegna fjárfestinga fylgisjóðsins í hlutdeildarskírteinum hans né vegna innlausnar á þeim.

3. Höfuðsjóðurinn skal tryggja tímanlegt aðgengi fylgisjóðs, eða eftir atvikum rekstrarfélags hans, sem og lögbærra yfirvalda, vörslufyrirtækis og endurskoðanda fylgisjóðs, að öllum upplýsingum, sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun, öðrum lögum Bandalagsins, gildandi landslögum viðkomandi landa, sjóðsreglum eða stofnsamningi.

67. gr.

1. Ef höfuðsjóðurinn og fylgisjóðurinn eru stofnsett í sama aðildarríki skulu lögbær yfirvöld tafarlaust upplýsa fylgisjóðinn um sérhverja ákvörðun, ráðstöfun, frávik frá skilyrðum þessa kafla eða frá þeim upplýsingum, sem gefnar eru skv. 1. mgr. 106. gr., að því er varðar höfuðsjóðinn eða, eftir atvikum, rekstrarfélag hans, vörslufyrirtæki eða endurskoðanda.

2. Ef höfuðsjóðurinn og fylgisjóðurinn eru stofnsett hvort í sínu aðildarríkinu skulu lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis höfuðsjóðsins tafarlaust upplýsa lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis fylgisjóðsins um hvers konar ákvörðun, ráðstöfun, frávik frá skilyrðum þessa kafla eða frá þeim upplýsingum, sem gefnar eru samkvæmt 1. mgr. 106. gr., að því er varðar höfuðsjóðinn eða, eftir atvikum, rekstrarfélag hans, vörslufyrirtæki eða endurskoðanda. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis fylgisjóðs skulu síðan tafarlaust upplýsa fylgisjóðinn þar um.

IX. KAFLI

SKULDBINDINGAR VARÐANDI UPPLÝSINGAR SEM BER AÐ VEITA FJÁRFESTUM

1. ÞÁTTUR

Birting lýsingar og reglulegra skýrslna

68. gr.

1. Fjárfestingarfélag og rekstrarfélag, fyrir hvern sameignarsjóð sem það rekur, skulu gefa út eftirfarandi:

a) lýsingu,

b) ársreikninga fyrir hvert fjárhagsár og

c) hálfsársreikninga sem taka til fyrstu sex mánaða fjárhagsársins.

2. Árs- og hálfsársreikninga skal birta innan eftirfarandi tímamarka sem miðast við lok þess tímabils sem þeir taka til:

a) fjögurra mánaða, ef um er að ræða ársreikninga eða

b) tveggja mánaða, ef um er að ræða hálfsársreikninga.

69. gr.

1. Lýsingin skal hafa að geyma þær upplýsingar sem fjárfestum eru nauðsynlegar til þess að geta tekið upplýsta ákvörðun um þá fjárfestingu sem þeim er boðin, einkum um þá áhættu sem henni fylgir.

Í lýsingu skal, óháð gerningunum sem fjárfest er í, gerð grein fyrir áhættusniði sjóðsins með skilmerkilegum og auðskiljanlegum hætti.

2. Lýsingin skal a.m.k. hafa að geyma þær upplýsingar sem kveðið er á um í fylgiskjali A með I. viðauka hafi þær upplýsingar ekki þegar komið fram í sjóðsreglum eða stofnsamningum sem fylgja skulu lýsingu skv. 1. mgr. 71. gr.

3. Í ársreikningum skulu vera efnahagsreikningur eða yfirlit um eignir og skuldir, sundurliðaður rekstrarreikningur fyrir reikningsskilaárið, skýrsla um starfsemi á reikningsskilaárinu og þær upplýsingar aðrar sem kveðið er á um í fylgiskjali B með I. viðauka, svo og aðrar upplýsingar sem máli skipta og gera fjárfestum kleift að meta af þekkingu framvinduna í starfsemi verðbréfasjóðsins og árangur starfseminnar.

4. Í hálfsársreikningum skulu a.m.k. vera þær upplýsingar sem kveðið er á um í I.-IV. þætti fylgiskjals B með I. viðauka. Þegar verðbréfasjóður hefur greitt eða fyrirhugar að greiða út árshlutaarð skulu tölulegar upplýsingar sýna afkomu eftir skatta á því sex mánaða tímabili, sem um er að ræða, og þann árshlutaarð sem greiddur hefur verið eða fyrirhugað er að greiða.

70. gr.

1. Í lýsingu skulu koma fram þær tegundir eigna sem verðbréfasjóði er heimilt að fjárfesta í. Einnig skal tilgreint hvort viðskipti með afleiðugerninga séu heimil og, ef svo er, skal koma fram áberandi yfirlýsing um hvort stunda megi þessi viðskipti sem áhættuvörn eða til að ná fjárfestingarmarkmiðum og hvaða áhrif notkun afleiðugerninga kunni að hafa á áhættusnið sjóðsins.

2. Fjárfesti verðbréfasjóður fyrst og fremst í öðrum tegundum eigna, samkvæmt skilgreiningu í 50. gr., en framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum eða líkir eftir tilteknum hlutabréfa- eða skuldabréfavísitölum í samræmi við 53. gr. skal vakin sérstök athygli á fjárfestingarstefnu hans með áberandi yfirlýsingu í lýsingu og, ef þörf krefur, öðru markaðsefni.

3. Ef bókfært virði eigna verðbréfasjóðs er líklegt til að sveiflast mikið vegna samsetningar eignasafns hans eða aðferða sem beitt er við stjórnun eignasafns skal vakin sérstök athygli á því á áberandi hátt í lýsingu og, ef þörf krefur, öðru markaðsefni.

4. Óski fjárfestir eftir því er rekstrarfélagi skylt að veita frekari upplýsingar um magntakmarkanir sem gilda um áhættustjórnun verðbréfasjóðsins, aðferðirnar sem beitt er í þessu skyni og undanfarandi þróun, með tilliti til áhættu og ávöxtunar, í helstu flokkum gerninga sem sjóðurinn fjárfestir í.

71. gr.

1. Sjóðsreglur eða stofnsamningar fjárfestingarfélags skulu vera hluti lýsingar og fylgja henni.

2. Gögnin, sem um getur í 1. mgr., þurfa þó ekki að fylgja lýsingu enda sé eigendum hlutdeildarskírteina tilkynnt að þeim verði send gögnin ef þeir óska þess eða skýrt frá því hvar þau liggja frammi til athugunar í hverju aðildarríki þar sem hlutdeildarskírteinin eru markaðssett.

72. gr.

Grundvallaratriði lýsingar skulu uppfærð reglulega.

73. gr.

Reikningsskilaupplýsingar sem fram koma í ársreikningum skulu endurskoðaðar af einum eða fleiri löggiltum endurskoðendum í samræmi við tilskipun 2006/43/EB. Áritun endurskoðanda ásamt öllum athugasemdum hans skal birt í heild í ársreikningunum.

74. gr.

Verðbréfasjóður skal senda lýsingu sína ásamt breytingum, svo og ársreikningum og hálfsársreikningum til lögbærra yfirvalda heimaaðildarríkis verðbréfasjóðsins. Verðbréfasjóður skal leggja þau gögn fram til handa lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis rekstrarfélagsins, sé þess óskað.

75. gr.

1. Lýsing og síðustu árs- og hálfsársreikningar skulu látnir fjárfestum í té endurgjaldslaust, sé þess óskað.

2. Lýsingu má leggja fram á varanlegum miðli eða á vefsetri. Fjárfestum skal sent eintak á pappír endurgjaldslaust sé þess óskað.

3. Ársreikningar og hálfsársreikningar skulu vera aðgengilegir fjárfestum með þeim hætti sem tilgreint er í lýsingunni og í lykilupplýsingum fyrir fjárfesta sem um getur í 78. gr. Fjárfestum skal sent eintak af ársreikningum og hálfsársreikningum á pappír endurgjaldslaust sé þess óskað.

4. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdarráðstafanir þar sem tilgreind eru sérstök skilyrði sem þarf að uppfylla þegar lýsing er lögð fram á varanlegum miðli, öðrum en pappír, eða á vefsetri, sem ekki telst varanlegur miðill.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, skulu samþykktar í samræmi við þá reglunefndarmeðferð með grannskoðun, sem um getur í 2. mgr. 112. gr.

2. ÞÁTTUR

Birting annarra upplýsinga

76. gr.

Verðbréfasjóður skal tilkynna með viðeigandi hætti um útgáfu-, sölu-, endurkaups- eða innlausnarverð á hlutdeildarskírteinum sínum í hvert skipti sem hann gefur út, selur, endurkaupir eða innleysir þau, og ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði.

Lögbær yfirvöld geta þó heimilað verðbréfasjóði að fækka tilkynningunum í eina í mánuði með því skilyrði að undanþágan stofni ekki hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteinanna í hættu.

77. gr.

Allt markaðsefni til fjárfesta skal vera greinilega auðkennt sem slíkt. Það skal vera óvilhallt, skýrt og ekki villandi. Einkum skal það markaðsefni, sem felur í sér tilboð um kaup á hlutdeildarskírteinum í verðbréfasjóði og sértækar upplýsingar um verðbréfasjóð ekki fela í sér yfirlýsingu sem er í mótsögn við eða dregur úr marktækni upplýsinganna sem eru í lýsingunni eða lykilupplýsingum fyrir fjárfesta sem um getur í 78. gr. Í því skal koma fram að lýsing sé fyrir hendi og að lykilupplýsingar fyrir fjárfesta, sem um getur í 78. gr., liggi fyrir. Í því skal tilgreint hvar og á hvaða tungumáli fjárfestar, eða hugsanlegir fjárfestar, geti nálgast þess háttar upplýsingar eða gögn eða hvernig þeir geti fengið aðgang að þeim.

3. ÞÁTTUR

Lykilupplýsingar fyrir fjárfesta

78. gr.

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að fjárfestingarfélag og rekstrarfélag, vegna hvers sameignarsjóðs sem þau stýra, útbúi stutt skjal með fjárfestaupplýsingum. Það skjal skal nefnt „lykilupplýsingar fyrir fjárfesta“ í þessari tilskipun. Orðin „lykilupplýsingar fyrir fjárfesta“ skulu sett skýrt fram í því skjali, á einu þeirra tungumála sem um getur í b-lið 1. mgr. 94. gr.

2. Lykilupplýsingar fyrir fjárfesta skulu fela í sér viðeigandi upplýsingar um mikilvæg einkenni viðkomandi verðbréfasjóðs, sem láta skal fjárfestum í té svo að þeir geti með góðu móti skilið eðli og áhættu þeirrar fjárfestingarvöru sem þeim er boðin og, þar af leiðandi, tekið upplýsta ákvörðun um fjárfestingu.

3. Lykilupplýsingar fyrir fjárfesta skulu fela í sér upplýsingar um eftirfarandi mikilvæga þætti að því er varðar viðkomandi verðbréfasjóði:

a) auðkenni verðbréfasjóðs,

b) stutta lýsingu á fjárfestingarmarkmiðum og fjárfestingarstefnu hans,

c) kynningu á fyrri frammistöðu eða, ef við á, mögulegum sviðsmyndum frammistöðu,

d) kostnað og tengd gjöld og

e) áhættu á móti ávinningi fjárfestingar, þ.m.t. viðeigandi leiðbeiningar og viðvaranir í tengslum við þá áhættu sem fylgir fjárfestingu í viðkomandi verðbréfasjóði.

Þessir mikilvægu þættir skulu vera fjárfestum auðskiljanlegir án tilvísunar í önnur gögn.

4. Í lykilupplýsingum fyrir fjárfesta skal koma skýrt fram hvar og hvernig hægt er að fá viðbótarupplýsingar í tengslum við fyrirhugaða fjárfestingu, þ.m.t. en ekki einskorðað við hvar og hvernig hægt er að fá lýsingu og árs- og hálfsársreikninga, án endurgjalds og hvenær sem er, sé þess óskað, og á því tungumáli sem fjárfestar geta fengið þær upplýsingar.

5. Lykilupplýsingar fyrir fjárfesta skulu ritaðar á gagnorðan hátt og á máli sem leikmenn geta skilið. Þær skulu settar fram á almennu formi, sem gerir samanburð mögulegan, og skulu lagðar fram á þann hátt sem líklegt er að almennur fjárfestir skilji.

6. Lykilupplýsingar fyrir fjárfesta skal nota án breytinga eða viðbóta, að þýðingum undanskildum, í öllum aðildarríkjum þar sem tilkynnt er að verðbréfasjóður markaðssetji hlutdeildarskírteini sín í samræmi við 93. gr.

7. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdarráðstafanir þar sem eftirfarandi er skilgreint:

a) ítarlegt og tæmandi inntak lykilupplýsinga fyrir fjárfesta sem afhenda skal fjárfestum eins og um getur í 2., 3. og 4. mgr.,

b) ítarlegt og tæmandi inntak lykilupplýsinga fyrir fjárfesta sem leggja skal fram til fjárfesta í sérstökum tilvikum svo sem hér segir:

   i. í tengslum við verðbréfasjóði með mismunandi fjárfestingardeildir, lykilupplýsingar fyrir fjárfesta, sem afhentar eru fjárfestum sem eru áskrifendur sérstakrar fjárfestingardeildar, þ.m.t. hvernig fjárfestir getur fært sig á milli fjárfestingardeilda og kostnaður sem því tengist,

   ii. í tengslum við verðbréfasjóði með mismunandi flokka hlutdeildar, lykilupplýsingar fyrir fjárfesta sem afhentar eru fjárfestum sem eru áskrifendur að tilteknum flokki hlutdeildar,

   iii. í tengslum við sjóðasjóði, lykilupplýsingar fyrir fjárfesta sem afhentar eru fjárfestum sem eru áskrifendur að verðbréfasjóði sem sjálfur fjárfestir í öðrum verðbréfasjóðum eða öðrum fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu sem um getur í e-lið 1. mgr. 50. gr.,

   iv. í tengslum við höfuðsjóði og fylgisjóði, lykilupplýsingar fyrir fjárfesta sem afhentar eru fjárfestum sem eru áskrifendur að fylgisjóði og

   v. í tengslum við afleiðutengda, höfuðstólsvarða og aðra sambærilega verðbréfasjóði, lykilupplýsingar fyrir fjárfesta sem afhentar eru fjárfestum með hliðsjón af sérstökum einkennum þess háttar verðbréfasjóða og

c) nákvæmar upplýsingar um snið og framsetningu lykilupplýsinga fyrir fjárfesta sem afhenda skal fjárfestum eins og um getur í 5. mgr.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 112. gr.

79. gr.

1. Lykilupplýsingar fyrir fjárfesta skulu veittar áður en samningur er gerður (e. pre-contractual). Þær skulu vera óvilhallar, skýrar og ekki villandi. Þær skulu vera í samræmi við viðeigandi hluta lýsingar.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að einkaréttarábyrgð falli ekki á neinn aðila eingöngu á grundvelli lykilupplýsinga fyrir fjárfesta, þ.m.t. þýðingar á þeim, nema þær séu villandi, ónákvæmar eða í ósamræmi við aðra hluta lýsingarinnar. Í lykilupplýsingum fyrir fjárfesta skal vera skýr viðvörun að því er þetta varðar.

80. gr.

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að fjárfestingarfélag og rekstrarfélag, fyrir hvern sameignarsjóð sem það stýrir, sem, beint eða fyrir milligöngu annars einstaklings eða lögaðila, er kemur fram fyrir hönd þess í fullri og skilyrðislausri ábyrgð þess, selja hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði til fjárfesta veiti fjárfestum lykilupplýsingar fyrir fjárfesta um viðkomandi verðbréfasjóð, tímanlega fyrir fyrirhugaða áskrift þeirra að hlutdeildarskírteinum í þess háttar verðbréfasjóði.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess að fjárfestingarfélag og rekstrarfélag, að því er varðar hvern sameignarsjóð sem það stýrir, sem hvorki selja fjárfestum hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóði beint né í gegnum annan einstakling eða lögaðila, sem kemur fram fyrir hönd þess í fullri og skilyrðislausri ábyrgð þess, afhendi framleiðendum vara og milliliðum sem selja eða veita ráðgjöf hugsanlegum fjárfestum í þess háttar verðbréfasjóði eða vörum sem bera áhættu gagnvart þess háttar verðbréfasjóðum lykilupplýsingar fyrir fjárfesta, óski þeir þess. Aðildarríki skulu gera kröfu um að milliliðir, sem selja eða veita fjárfestum ráðgjöf um hugsanlegar fjárfestingar í verðbréfasjóðum, afhendi viðskiptavinum eða hugsanlegum viðskiptavinum lykilupplýsingar fyrir fjárfesta.

3. Lykilupplýsingar fyrir fjárfesta skulu afhentar fjárfestum endurgjaldslaust.

81. gr.

1. Aðildarríki skulu heimila fjárfestingarfélögum og rekstrarfélögum, fyrir hvern sameignarsjóð sem þau stýra, að leggja fram lykilupplýsingar fyrir fjárfesta á varanlegum miðli eða á vefsetri. Fjárfestum skal sent eintak á pappír endurgjaldslaust, óski þeir þess.

Auk þess skal uppfærð útgáfa lykilupplýsinga fyrir fjárfesta gerð aðgengileg á vefsetri fjárfestingarfélagsins eða rekstrarfélagsins.

2. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdarráðstafanir sem skilgreina sérstök skilyrði sem þarf að uppfylla þegar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta eru lagðar fram á varanlegum miðli, öðrum en pappír eða á vefsetri, sem ekki telst varanlegur miðill.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 112. gr.

82. gr.

1. Verðbréfasjóðir skulu senda lykilupplýsingar fyrir fjárfesta og allar breytingar á þeim til lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríki sínu.

2. Grundvallaratriði lykilupplýsinga fyrir fjárfesta skulu uppfærð reglulega.

X. KAFLI

ALMENNAR SKYLDUR VERÐBRÉFASJÓÐA

83. gr.

1. Eftirfarandi aðilar skulu ekki taka lán:

a) fjárfestingarfélag,

b) rekstrarfélag eða vörslufyrirtæki sem kemur fram fyrir hönd sameignarsjóðs.

Verðbréfasjóði er þó heimilt að afla sér erlends gjaldmiðils með „skiptisamningi“.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. getur aðildarríki heimilað verðbréfasjóði að taka lán, að því tilskildu að þess háttar lántaka sé:

a) tímabundin og samsvari:

   – ekki meira en 10% eigna fjárfestingarfélags, ef um þess háttar félag er að ræða, eða

   – ekki meira en 10% af virði sameignarsjóðs, ef um er að ræða slíkan sjóð, eða

b) sem nemur að hámarki 10% af eignum ef um er að ræða fjárfestingarfélag, enda sé lánið tekið til þess að gera yfirtöku fastafjármuna, sem nauðsynlegir eru til að stunda beina starfsemi sjóðsins, mögulega.

Ef verðbréfasjóður hefur heimild til að taka lán samkvæmt a- og b-lið skal sú lántaka ekki nema meiru en 15% af heildareignum sjóðsins.

84. gr.

1. Verðbréfasjóði er skylt að endurkaupa eða innleysa hlutdeildarskírteini sín að beiðni hvaða eiganda hlutdeildarskírteina sem er.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr.:

a) getur verðbréfasjóður, í samræmi við viðeigandi landslög, sjóðsreglur eða stofnsamninga fjárfestingarfélagsins, frestað um tíma endurkaupum eða innlausn hlutdeildarskírteina sinna,

b) getur heimaaðildarríki verðbréfasjóðs heimilað lögbærum yfirvöldum sínum að krefjast frestunar á endurkaupum eða innlausn hlutdeildarskírteina m.t.t. hagsmuna eigenda þeirra eða almennings.

Tímabundin frestun, sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar, skal aðeins leyfð í undantekningartilvikum þegar aðstæður krefjast þess og ef frestun er réttlætanleg með hliðsjón af hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteinanna.

3. Ef um er að ræða tímabundna frestun skv. a-lið 2. mgr. skal verðbréfasjóður tilkynna án tafar lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis síns um ákvörðun sína og lögbærum yfirvöldum allra annarra aðildarríkja þar sem hlutdeildarskírteini þess eru markaðssett.

85. gr.

Í gildandi landslögum, sjóðsreglum eða stofnsamningum fjárfestingarfélagsins skulu vera reglur um mat á eignum og reglur um útreikning á sölu- eða útgáfuverði og endurkaups- eða innlausnarverði hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóði.

86. gr.

Tekjum verðbréfasjóðs skal úthlutað eða varið á þann hátt sem lög, sjóðsreglur eða stofnsamningar fjárfestingarfélags segja til um.

87. gr.

Verðbréfasjóður má ekki gefa út hlutdeildarskírteini nema jafnviði hreins útgáfuverðs sé greitt til hans innan venjulegra tímamarka. Þetta skal ekki koma í veg fyrir dreifingu jöfnunarbréfa.

88. gr.

1. Með fyrirvara um beitingu 50. og 51. gr., skulu eftirfarandi aðilar ekki veita lán eða ganga í ábyrgðir fyrir þriðja aðila:

a) fjárfestingarfélag,

b) rekstrarfélag eða vörsluaðili sem kemur fram fyrir hönd sameignarsjóðs.

2. Ákvæði 1. mgr. koma ekki í veg fyrir að slík fyrirtæki megi eignast framseljanleg verðbréf, peningamarkaðsgerninga eða aðra fjármálagerninga, sem um getur í e-, g- og h-lið 1. mgr. 50. gr., sem ekki eru að fullu greiddir.

89. gr.

Eftirfarandi aðilar skulu ekki skortselja framseljanleg verðbréf, peningamarkaðsgerninga eða aðra fjármálagerninga, sem um getur í e-, g- og h-lið 1. mgr. 50. gr.:

a) fjárfestingarfélag,

b) rekstrarfélag eða vörslufyrirtæki sem kemur fram fyrir hönd sameignarsjóðs.

90. gr.

Lög heimaaðildarríkis verðbréfasjóðs eða sjóðsreglur skulu mæla fyrir um þá þóknun og kostnað sem rekstrarfélag má krefja sameignarsjóð um og útreikningsaðferð slíkrar þóknunar.

Í lögum eða stofnsamningum fjárfestingarfélags skal mælt fyrir um hvers konar kostnað sem félagið þarf að bera.

XI. KAFLI

SÉRSTÖK ÁKVÆÐI SEM EIGA VIÐ VERÐBRÉFASJÓÐI SEM MARKAÐSSETJA HLUTDEILDARSKÍRTEINI SÍN Í AÐILDARRÍKJUM ÖÐRUM EN ÞEIM SEM ÞEIR HAFA STAÐFESTU Í

91. gr.

1. Gistiaðildarríki verðbréfasjóðs skulu tryggja að verðbréfasjóður geti markaðssett hlutdeildarskírteini sín á yfirráðasvæði þeirra í kjölfar tilkynningar í samræmi við 93. gr.

2. Gistiaðildarríki verðbréfasjóðs skulu ekki gera neinar viðbótarkröfur eða leggja stjórnsýslumeðferð á verðbréfasjóð sem um getur í 1. mgr. að því er varðar það svið sem tilskipun þessi gildir um.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að auðvelt sé úr fjarlægð og með rafrænum hætti að nálgast fullbúnar upplýsingar um lög og stjórnsýslufyrirmæli sem ekki falla innan gildissviðs þessarar tilskipun en eiga sérstaklega við um fyrirkomulag markaðssetningar hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóði sem stofnsettur er í öðru aðildarríki innan yfirráðasvæðis þeirra. Aðildarríkin skulu sjá til þess að þær upplýsingar séu tiltækar á tungumáli, sem hefð er fyrir að nota í alþjóðafjármálageiranum, lagðar fram á skýran og ótvíræðan hátt og dagréttar.

4. Að því er varðar þennan kafla, skal verðbréfasjóður einnig ná yfir fjárfestingardeildir sjóðsins.

92. gr.

Verðbréfasjóðir skulu, í samræmi við lög og stjórnsýslufyrirmæli sem gilda í aðildarríkinu þar sem hlutdeildarskírteini þeirra eru markaðssett, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að aðstaða sé fyrir hendi í því aðildarríki til að greiða eigendum hlutdeildarskírteinanna, endurkaupa eða innleysa þau og veita þær upplýsingar sem verðbréfasjóði er skylt að leggja fram.

93. gr.

1. Áformi verðbréfasjóður að markaðssetja hlutdeildarskírteini sín í öðru aðildarríki en heimaaðildarríki sínu skal hann fyrst tilkynna það lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis síns.

Í tilkynningunni skulu vera upplýsingar um tilhögun markaðssetningar hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðsins í gistiaðildarríkinu, þ.m.t. varðandi flokka hlutdeildar, þar sem við á. Með tilliti til 1. mgr. 16. gr. skal koma fram í tilkynningunni að rekstrarfélagið, sem stýrir verðbréfasjóðnum, setji hann á markað.

2. Verðbréfasjóður skal láta nýjustu útgáfa af eftirfarandi fylgja með tilkynningu sinni, eins og um getur í 1. mgr.:

a) sjóðsreglum eða stofnsamningum sínum, lýsingu og, eftir því sem við á, nýjustu ársreikningum og síðari hálfsársreikningum, í þýðingu í samræmi við ákvæði c- og d-liðar 1. mgr. 94. gr., og

b) lykilupplýsingum fyrir fjárfesta, sem um getur í 78. gr., þýddum í samræmi við b- og d-lið 1. mgr. 94. gr.

3. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis verðbréfasjóðs skulu staðfesta hvort gögnin, sem verðbréfasjóður leggur fram í samræmi við 1. og 2. mgr., séu fullnægjandi.

Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis verðbréfasjóðs skulu senda þau fullbúnu gögn sem um getur í 1. og 2. mgr. til lögbærra yfirvalda þess aðildarríkis þar sem verðbréfasjóður fyrirhugar að markaðssetja hlutdeildarskírteini sín, eigi síðar en 10 virkum dögum eftir viðtökudag tilkynningar ásamt fullbúnum gögnum sem kveðið er á um í 2. mgr. Gögnunum skal fylgja staðfesting á að verðbréfasjóður uppfylli skilyrðin sem sett eru með tilskipun þessari.

Eftir sendingu gagnanna, skulu lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis verðbréfasjóðs tafarlaust tilkynna verðbréfasjóðnum um sendinguna. Verðbréfasjóðurinn getur fengið aðgang að markaði gistiaðildarríkis verðbréfasjóðs frá og með dagsetningu þeirrar tilkynningar.

4. Aðildarríki skulu tryggja að tilkynningin sem um getur í 1. mgr. og staðfestingin sem um getur í 3. mgr. séu lagðar fram á tungumáli sem hefð er fyrir að nota í alþjóðafjármálageiranum, nema heima- og gistiaðildarríki verðbréfasjóðs samþykki að tilkynningin og staðfestingin sem lögð er fram sé á opinberu tungumáli beggja aðildarríkja.

5. Aðildarríki skulu tryggja að rafræn sending og skráning gagna, sem um getur í 3. mgr., sé viðurkennd af lögbærum yfirvöldum þeirra.

6. Að því er varðar tilkynningaraðferð sem sett er fram í þessari grein skulu lögbær yfirvöld í aðildarríkinu þar sem verðbréfasjóður fyrirhugar að markaðssetja hlutdeildarskírteini sín ekki krefjast frekari gagna, skírteina eða upplýsinga annarra en þeirra sem kveðið er á um í þessari grein.

7. Heimaaðildarríki verðbréfasjóðs skal tryggja að lögbær yfirvöld gistiaðildarríkis verðbréfasjóðs hafi rafrænan aðgang að þeim gögnum sem um getur í 2. mgr. og, ef við á, öllum þýðingum á þeim. Það skal tryggja að verðbréfasjóðurinn uppfæri þau gögn og þýðingar. Verðbréfasjóðurinn skal tilkynna lögbærum yfirvöldum gistiaðildarríkis verðbréfasjóðsins um allar breytingar á þeim gögnum sem um getur í 2. mgr. og skal upplýsa um það hvar hægt er að afla þeirra gagna með rafrænum hætti.

8. Ef um er að ræða breytingu á upplýsingum varðandi fyrirkomulag markaðssetningar í tilkynningunni í samræmi við 1. mgr. eða breytingu að því er varðar flokka hlutdeildar, sem á að markaðssetja, skal verðbréfasjóður tilkynna um hana skriflega til lögbærra yfirvalda gistiaðildarríkis áður en breytingarnar eru gerðar.

94. gr.

1. Ef verðbréfasjóður setur hlutdeildarskírteini sín á markað í gistiaðildarríki verðbréfasjóðs skal hann afhenda fjárfestum innan yfirráðasvæðis þess aðildarríkis allar upplýsingar og gögn, sem krafist er skv. IX. kafla að fjárfestum séu látnar í té í heimaaðildarríki hans.

Þær upplýsingar og gögn skulu lögð afhent fjárfestum í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

a) með fyrirvara um ákvæði IX. kafla, skulu þessar upplýsingar eða gögn lögð fram fyrir fjárfesta eins og mælt er fyrir um í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum gistiaðildarríkis verðbréfasjóðs,

b) lykilupplýsingar fyrir fjárfesta, sem um getur í 78. gr., skulu þýddar á opinbert tungumál, eða eitt af opinberum tungumálum gistiaðildarríkis verðbréfasjóðsins, eða á tungumál sem lögbær yfirvöld þess aðildarríkis samþykkja,

c) upplýsingar eða gögn, önnur en lykilupplýsingar fyrir fjárfesta, sem um getur í 78. gr., skulu þýdd, að vali verðbréfasjóðs, á opinbert tungumál, eða eitt af opinberum tungumálum gistiaðildarríkis verðbréfasjóðs, á tungumál sem lögbær yfirvöld þess aðildarríkis samþykkja eða á tungumál, sem hefð er fyrir að nota í alþjóðafjármálageiranum, og

d) þýðingar á upplýsingum eða gögnum skv. b- eða c-lið skulu gerðar á ábyrgð verðbréfasjóðs og skulu endurspegla inntak upphaflegu upplýsinganna nákvæmlega.

2. Þau skilyrði sem sett eru fram í 1. mgr. skulu einnig gilda um hvers konar breytingar á upplýsingum og gögnum sem þar eru nefnd.

3. Birtingartíðni útgáfu-, sölu-, endurkaupa- eða innlausnarverðs hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs skv. 76. gr. fellur undir lög og stjórnsýslufyrirmæli heimaaðildarríkis verðbréfasjóðs.

95. gr.

1. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdarráðstafanir þar sem tilgreint er:

a) gildissvið upplýsinga sem um getur í 3. mgr. 91. gr.,

b) hvernig auðvelda skuli aðgengi lögbærra yfirvalda gistiaðildarríkis verðbréfasjóðs að upplýsingum og gögnum, sem um getur í 1., 2., og 3. mgr. 93. gr., í samræmi við 7. mgr. 93. gr.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 112. gr.

2. Framkvæmdastjórnin getur einnig samþykkt framkvæmdarráðstafanir þar sem tilgreint er:

a) snið og inntak staðlaðrar tilkynningar sem verðbréfasjóður notar varðandi tilkynningu sem um getur í 1. mgr. 93. gr., þ.m.t. upplýsingar um það hvaða gögn þýðingarnar eiga við,

b) snið og inntak staðlaðrar staðfestingar sem lögbær yfirvöld aðildarríkis nota skv. 3. mgr. 93. gr.,

c) verklagsreglu við upplýsingaskipti og notkun rafrænna samskipta milli lögbærra yfirvalda þegar þau gefa út tilkynningu samkvæmt ákvæðum 93. gr.

Þessar ráðstafanir skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð sem um getur í 3. mgr. 112. gr.

96. gr.

Verðbréfasjóði er heimilt, vegna rekstrar síns, að nota sömu tilvísun í rekstrarform sitt að lögum (svo sem fjárfestingarfélag eða sameignarsjóðum) í því heiti sem hann notar í gistiaðildarríki og hann notar í heimaaðildarríki sínu.

XII. KAFLI

ÁKVÆÐI VARÐANDI YFIRVÖLD SEM BERA ÁBYRGÐ Á LEYFISVEITINGU OG EFTIRLITI

97. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilnefna þau lögbæru yfirvöld sem gegna skulu störfum þeim sem kveðið er á um í tilskipun þessari. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni þar um og tilgreina verkaskiptingu milli þeirra ef við á.

2. Lögbær yfirvöld skulu vera opinber yfirvöld eða aðilar tilnefndir af opinberum yfirvöldum.

3. Yfirvöldin í heimaaðildarríki verðbréfasjóðsins skulu vera lögbær til að hafa eftirlit með þeim verðbréfasjóði, þ.m.t. skv. 19. gr, ef við á. Yfirvöld gistiaðildarríkis verðbréfasjóðs skulu þó vera lögbær til að hafa eftirlit með því að farið sé að ákvæðum sem falla utan þess sviðs sem þessi tilskipun tekur til og kröfunum sem settar eru fram í 92. og 94. gr.

98. gr.

1. Lögbær yfirvöld skulu fá allar þær eftirlitsheimildir og rannsóknarvald sem nauðsynlegt er svo þau geti sinnt hlutverki sínu. Þeim valdheimildum skal beitt:

a) beint,

b) í samstarfi við önnur yfirvöld,

c) með úthlutun, á ábyrgð lögbærra yfirvalda, til aðila, sem hafa fengið úthlutað verkefnum, eða

d) með því að leita til dómsyfirvalda.

2. Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. skulu lögbær yfirvöld, í það minnsta, hafa valdheimildir til að:

a) fá aðgang að öllum gögnum á hvaða formi sem er og fá í hendur afrit af þeim,

b) krefjast upplýsinga frá hvaða aðila sem er og, ef þörf er á, boða aðila á fund í því skyni að afla hjá honum upplýsinga,

c) framkvæma vettvangsskoðun,

d) krefjast gagnaskráa sem til eru um símtöl og gagnaskipti,

e) krefjast þess að bundinn sé endir á hvers konar starfsvenjur sem brjóta í bága við ákvæðin sem hafa verið samþykkt með framkvæmd þessarar tilskipunar,

f) óska eftir frystingu eða upptöku eigna,

g) óska eftir tímabundnu banni við atvinnustarfsemi,

h) krefjast þess að fjárfestingarfélög, rekstrarfélög eða vörsluaðilar með starfsleyfi leggi fram upplýsingar,

i) samþykkja hvers kyns ráðstafanir til að tryggja að fjárfestingarfélög, rekstrarfélög eða vörsluaðilar uppfylli áfram kröfurnar í þessari tilskipun,

j) krefjast frestunar á útgáfu, endurkaupum eða innlausn hlutdeildarskírteina til þess að gæta hagsmuna eigenda hlutdeildarskírteina eða almennings,

k) afturkalla starfsleyfi sem verðbréfasjóði, rekstrarfélagi eða vörslufyrirtæki hafði verið veitt,

l) vísa málum til saksóknar og

m) heimila endurskoðendum eða sérfræðingum að annast sannprófanir eða rannsóknir.

99. gr.

1. Aðildarríkin skulu setja reglur um ráðstafanir og viðurlög við brotum gegn landsbundnum ákvæðum, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim reglum sé framfylgt. Með fyrirvara um málsmeðferð við afturköllun starfsleyfis eða rétt aðildarríkis til að beita refsiviðurlögum skulu aðildarríkin einkum tryggja, í samræmi við landslög, að gerðar verði viðeigandi stjórnsýsluráðstafanir eða að stjórnsýsluviðurlögum verði beitt gagnvart aðilum, sem eru ábyrgir, þegar ekki hefur verið farið að ákvæðum sem samþykkt eru við framkvæmd þessarar tilskipunar.

Ráðstafanirnar og viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif.

2. Án þess að útiloka reglur um ráðstafanir og viðurlög, sem eiga við um brot á öðrum ákvæðum landslaga, sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun, skulu aðildarríki einkum mæla fyrir um skilvirkar, hóflegar og letjandi ráðstafanir og viðurlög varðandi þá skyldu að leggja fram lykilupplýsingar fyrir fjárfesta með þeim hætti sem líklegt er að almennir fjárfestar skilji skv. 5. mgr. 78. gr.

3. Aðildarríkin skulu kveða á um að lögbærum yfirvöldum sé heimilt að birta almenningi upplýsingar um allar ráðstafanir eða viðurlög sem verður beitt við broti á ákvæðunum sem hafa verið samþykktar við framkvæmd þessarar tilskipunar, nema slík birting kunni að tefla fjármálamarkaðinum í tvísýnu, skaða hagsmuni fjárfesta eða valda viðkomandi aðilum óþarflega miklum skaða.

100. gr.

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að tekin verði upp skilvirk og árangursrík kæru- og úrlausnarmeðferð við lausn deilumála á sviði neytendamála utan dómstóla varðandi starfsemi verðbréfasjóða og nota til þess stofnanir sem eru til fyrir, eftir því sem við á.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að lög og ákvæði reglna hindri ekki að þær stofnanir sem um getur í 1. mgr. hafi með sér skilvirkt samstarf við lausn deilna yfir landamæri.

101. gr.

1. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu vinna saman þegar nauðsyn ber til svo að þau geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun eða nýtt valdheimildir sínar sem mælt er fyrir um annaðhvort í þessari tilskipun eða í landslögum.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar stjórnunar- og skipulagsráðstafanir til að greiða fyrir þeirri samvinnu sem kveðið er á um í þessari málsgrein.

Lögbær yfirvöld skulu nota valdheimildir sínar í því skyni að taka upp samstarf jafnvel þegar atferlið, sem er til rannsóknar, felur ekki í sér brot á gildandi reglum í því aðildarríki.

2. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu tafarlaust láta hver öðrum í té þær upplýsingar sem þau þarfnast til að vinna störf sín samkvæmt þessari tilskipun.

3. Þegar lögbært yfirvald eins aðildarríkis hefur góða ástæðu til að ætla að einingar, sem ekki falla undir eftirlit þess lögbæra yfirvalds, stundi eða hafi stundað starfsemi, sem brýtur í bága við ákvæði þessarar tilskipunar, á yfirráðasvæði annars aðildarríkis skal það tilkynna lögbærum yfirvöldum í því aðildarríki um það eins nákvæmlega og unnt er. Yfirvöldin, sem taka við tilkynningunni, skulu grípa til viðeigandi aðgerða, tilkynna lögbæra yfirvaldinu, sem sendi tilkynninguna, um niðurstöður aðgerða og, eftir því sem unnt er, um mikilvæga þætti í framvindu málsins. Þessi málsgrein er með fyrirvara um valdheimildir lögbæra yfirvaldsins sem sendir tilkynninguna.

4. Lögbær yfirvöld í einu aðildarríki geta óskað eftir samstarfi við lögbær yfirvöld annars aðildarríkis við eftirlitsstarfsemi eða vegna sannprófunar á staðnum eða rannsóknar innan yfirráðasvæðis þess síðarnefnda innan ramma valdheimilda þeirra samkvæmt þessari tilskipun. Ef lögbært yfirvald tekur á móti beiðni um sannprófun á staðnum eða rannsókn skal það:

a) annast sannprófanirnar eða rannsóknirnar sjálft,

b) heimila yfirvaldinu, sem leggur fram beiðnina, að annast sannprófunina eða rannsóknina eða

c) heimila endurskoðendum eða sérfræðingum að annast sannprófunina eða rannsóknina.

5. Ef sannprófun eða rannsókn er framkvæmd innan yfirráðasvæðis eins aðildarríkis af lögbæru yfirvaldi sama aðildarríkis getur lögbært yfirvald í því aðildarríki sem óskaði eftir samstarfi farið fram á að embættismenn þess verði í fylgd með þeim embættismönnum sem framkvæma sannprófun eða rannsókn. Sannprófunin eða rannsóknin skal þó háð heildareftirliti af hálfu aðildarríkisins þar sem hún fer fram.

Ef sannprófun eða rannsókn er framkvæmd innan yfirráðasvæðis eins aðildarríkis af lögbæru yfirvaldi annars aðildarríkis, getur lögbært yfirvald í því aðildarríki þar sem sannprófunin eða rannsóknin fer fram krafist þess að eigin embættismenn þess fylgi þeim embættismönnum sem framkvæma sannprófun eða rannsókn.

6. Lögbær yfirvöld þess aðildarríkis þar sem sannprófunin eða rannsóknin er framkvæmd geta einungis neitað að skiptast á upplýsingum, eins og kveðið er á um í 2. mgr., eða verða við beiðni um samstarf um rannsókn eða sannprófun á staðnum, eins og kveðið er á um í 4. mgr. ef:

a) slík rannsókn, sannprófun á staðnum eða upplýsingaskipti gætu haft neikvæð áhrif á fullveldi, öryggi eða allsherjarreglu viðkomandi aðildarríkis,

b) dómsmál hefur þegar hafist að því er varðar sömu einstaklinga og sömu aðgerðir fyrir yfirvöldum þess aðildarríkis,

c) lokadómur að því er varðar sömu einstaklinga og sömu aðgerðir hefur þegar fallið í því aðildarríki.

7. Lögbær yfirvöld skulu tilkynna þeim lögbæru yfirvöldum, sem leggja fram beiðni, um allar ákvarðanir sem teknar eru skv. 6. mgr. Í þeirri tilkynningu skulu vera upplýsingar um ástæður ákvörðunar þeirra.

8. Lögbær yfirvöld geta vakið athygli samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila, sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB ([1]), á aðstæðum þar sem beiðni:

a) um upplýsingaskipti, sem kveðið er á um í 109. gr., hefur verið hafnað eða ekki hefur verið brugðist við henni innan hæfilegs frests,

b) um rannsókn eða sannprófun á staðnum, sem kveðið er á um í 110. gr., hefur verið hafnað eða ekki hefur brugðist við henni innan hæfilegs frests eða

c) um leyfi embættismanna þeirra til að fylgja embættismönnum lögbærs yfirvalds hins aðildarríkisins hefur verið hafnað eða ekki hefur verið brugðist við henni innan hæfilegs frests.

9. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdarráðstafanir varðandi verklagsreglur vegna sannprófunar á staðnum og rannsókna.

Þessar ráðstafanir skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð sem um getur í 3. mgr. 112. gr.

102. gr.

1. Aðildarríkin skulu mæla svo fyrir um að allir þeir sem vinna fyrir eða hafa unnið fyrir lögbær yfirvöld, sem og endurskoðendur og sérfræðingar, sem koma fram fyrir hönd lögbærra yfirvalda, séu bundnir þagnarskyldu. Sú skylda felur í sér að þeir mega ekki skýra neinum einstaklingum eða yfirvöldum frá trúnaðarmálum sem þeir öðlast vitneskju um við störf sín nema um sé að ræða samantekt eða útdrátt af því tagi að ekki sé unnt að bera kennsl á einstaka verðbréfasjóði, rekstrarfélög og vörsluaðila (fyrirtæki sem taka þátt í starfsemi verðbréfasjóðs), nema um sé að ræða mál sem heyra undir hegningarlög.

Ef verðbréfasjóður, eða fyrirtæki sem tekur þátt í starfsemi hans, er lýstur gjaldþrota eða tekinn nauðugur til slitameðferðar má tilgreina trúnaðarupplýsingar í máli fyrir einkamála- eða verslunarrétti, snerti þau ekki þriðju aðila sem hefur tekið þátt í að reyna að bjarga fyrirtækinu.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld aðildarríkja skiptist á upplýsingum í samræmi við þessa tilskipun eða önnur lög Bandalagsins sem eiga við verðbréfasjóði eða fyrirtæki sem taka þátt í starfsemi verðbréfasjóða. Um slíkar upplýsingar skulu gilda ákvæði um þagnarskyldu sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

Lögbær yfirvöld, sem skiptast á upplýsingum við önnur lögbær yfirvöld samkvæmt þessari tilskipun, mega tilkynna, þegar samskiptin fara fram, að slíkar upplýsingar megi ekki birta án beins samþykkis þeirra, en í því tilviki er þeim aðeins heimilt að skiptast á slíkum upplýsingum sé það gert í þeim tilgangi sem yfirvöldin hafa samþykkt.

3. Aðildarríkjunum er því aðeins heimilt að gera samstarfssamninga um upplýsingaskipti við lögbær yfirvöld þriðju landa, eða yfirvöld eða stofnanir þriðju landa, eins og ákvarðað er í 5. mgr. þessarar greinar og 1. mgr. 103. gr., ef á upplýsingunum hvílir þagnarskylda í a.m.k. sama mæli og um getur í þessari grein. Slík upplýsingaskipti skulu fara fram í þeim tilgangi að fyrrgreind yfirvöld eða stofnanir geti sinnt eftirlitsstörfum sínum.

Séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki er ekki heimilt að afhenda þær án skýlauss samþykkis lögbærra yfirvalda sem hafa afhent þær og, eftir því sem við á, þá einungis til þeirra nota sem þau yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.

4. Lögbær yfirvöld, sem fá í hendur trúnaðarupplýsingar skv. 1. eða 2. mgr., mega einungis nota þær upplýsingar í starfi sínu í þeim tilgangi:

a) að kanna hvort skilyrðin fyrir því að hefja rekstur verðbréfasjóðs eða fyrirtækja, sem taka þátt í starfsemi verðbréfasjóðs, séu uppfyllt og að auðvelda vöktun á þeirri starfsemi, stjórnunar- og bókhaldsaðferðum og innri eftirlitskerfum,

b) að beita viðurlögum,

c) að senda stjórnsýslukærur vegna ákvarðana lögbærra yfirvalda og

d) að stofna til málareksturs skv. 2. mgr. 107. gr.

5. Ákvæði 1. og 4. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir upplýsingaskipti innan aðildarríkis eða milli aðildarríkja ef þau skipti eiga sér stað milli lögbærs yfirvalds og:

a) yfirvalda sem annast opinbert eftirlit með lánastofnunum, fjárfestingarfyrirtækjum, vátryggingafélögum eða öðrum fjármálastofnunum, eða yfirvalda sem annast eftirlit með fjármálamörkuðum,

b) stofnana sem tengjast félagsslitum eða gjaldþroti verðbréfasjóðs eða fyrirtækja sem taka þátt í starfsemi verðbréfasjóðs, eða hlutaðeigandi stofnana í sambærilegu ferli, eða

c) einstaklinga sem annast framkvæmd lögboðinnar endurskoðunar á reikningum vátryggingafélaga, lánastofnana, fjárfestingarfyrirtækja eða annarra fjármálastofnana.

Einkum skulu ákvæði 1. og 4. mgr. ekki koma í veg fyrir getu lögbærra yfirvalda, sem tilgreind eru hér að framan, til að sinna eftirlitshlutverki sínu eða afhendingu upplýsinga til stofnana sem stjórna bótakerfum, sem nauðsynlegar eru til að þær geti innt störf sín af hendi.

Um upplýsingaskipti samkvæmt fyrstu undirgrein skulu gilda ákvæði um þagnarskyldu sem sett eru fram í 1. mgr.

([1]) Stjtíð. ESB L 25, 29.1.2009, bls. 18.

103. gr.

1. Þrátt fyrir 1. til 4. mgr. 102. gr. geta aðildarríkin leyft upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og:

a) yfirvalda sem annast eftirlit með stofnunum sem tengjast félagsslitum og gjaldþroti verðbréfasjóðs eða fyrirtækis sem tekur þátt í starfsemi verðbréfasjóðs, eða hlutaðeigandi stofnana í sambærilegu ferli,

b) yfirvalda sem annast eftirlit með einstaklingum sem sjá um lögboðna endurskoðun reikninga vátryggingafélaga, lánastofnana, fjárfestingarfyrirtækja eða annarra fjármálastofnana.

2. Aðildarríki, sem nýta sér þá undanþágu sem kveðið er á um í 1. mgr., skulu gera kröfu um að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt hið minnsta:

a) að upplýsingarnar séu notaðar til að annast eftirlit eins og um getur í 1. mgr.,

b) að upplýsingarnar, sem fengnar eru í þessu sambandi, falli undir ákvæði 1. mgr. 102. gr. um þagnarskyldu og

c) ef upplýsingarnar eru upprunnar í öðru aðildarríki, að sé ekki heimilt að afhenda þær án skýlauss samþykkis lögbærra yfirvalda sem hafa afhent þær og, eftir því sem við á, þá einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.

3. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum í té heiti þeirra yfirvalda sem mega fá upplýsingar skv. 1. mgr.

4. Þrátt fyrir 1. til 4. mgr. 102. gr. geta aðildarríkin, í því skyni að auka stöðugleika fjármálakerfisins og gera það heilsteyptara, leyft skipti á upplýsingum milli lögbærra yfirvalda og yfirvalda eða stofnana sem hafa það hlutverk samkvæmt lögum að koma upp um og rannsaka brot á félagarétti.

5. Aðildarríki, sem nýta sér þá undanþágu sem kveðið er á um í 4. mgr., skulu gera kröfu um að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt hið minnsta:

a) að upplýsingarnar séu notaðar til framkvæmdar þeirra verkefna sem um getur í 4. mgr.,

b) að um upplýsingar sem eru fengnar í þessu sambandi gildi ákvæði 1. mgr. 102. gr. um þagnarskyldu og

c) ef upplýsingarnar eru upprunnar í öðru aðildarríki, að sé ekki heimilt að afhenda þær án skýlauss samþykkis lögbærra yfirvalda sem hafa afhent þær og, eftir því sem við á, þá einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.

Að því er varðar c-lið ber yfirvöldum eða stofnunum, sem um getur í 4. mgr., að gera þeim lögbæru yfirvöldunum sem afhentu upplýsingarnar grein fyrir nöfnum og umboði aðilanna sem eiga að fá þær.

6. Ef svo ber undir í aðildarríki að yfirvöld eða stofnanir, sem um getur í 4. mgr., njóta við uppljóstranir eða rannsóknir sínar aðstoðar einstaklinga, sem hafa verið tilnefndir í þessu skyni vegna sérþekkingar sinnar en starfa ekki á vegum hins opinbera, er heimilt að láta hugsanleg upplýsingaskipti, sem kveðið er á um í þeirri málsgrein, ná einnig til slíkra einstaklinga með þeim skilyrðum sem sett eru í 5. mgr.

7. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum í té heiti þeirra yfirvalda eða stofnana sem mega fá upplýsingar skv. 4. mgr.

104. gr.

1. Ákvæði 102. og 103. gr. skulu ekki koma í veg fyrir að lögbært yfirvald sendi seðlabanka, og öðrum stofnunum sem gegna sambærilegu hlutverki á sviði peningamála, upplýsingar sem koma að haldi við störf þeirra, né heldur skulu þessi ákvæði koma í veg fyrir að þau yfirvöld eða stofnanir afhendi lögbærum yfirvöldum upplýsingar, sem þau gætu þurft að því er varðar 4. mgr. 102. gr. Um upplýsingar, sem fengnar eru í þessu sambandi, skulu gilda ákvæði 1. mgr. 102. gr. um þagnarskyldu.

2. Ákvæði 102. og 103. gr. skulu ekki koma í veg fyrir að lögbær yfirvöld sendi upplýsingarnar, sem um getur í 1.–4. mgr. 102. gr., til greiðslujöfnunarstöðvar eða sambærilegrar stofnunar, sem er heimilt samkvæmt landslögum að annast greiðslujöfnun eða uppgjör á markaði í viðkomandi aðildarríki, ef þau telja það nauðsynlegt til að tryggja snurðulausa starfsemi þessara stofnana með hliðsjón af vanskilum eða hugsanlegum vanskilum á markaðinum.

Um upplýsingar, sem eru fengnar í þessu sambandi, skulu gilda ákvæði 1. mgr. 102. gr. um þagnarskyldu.

Aðildarríkin skulu þó sjá til þess að einungis sé heimilt að afhenda upplýsingar, sem eru fengnar skv. 2. mgr. 102. gr., í tilvikum sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar greinar, ef fyrir liggur skýlaust samþykki þeirra lögbæru yfirvalda sem létu þær í té.

3. Þrátt fyrir ákvæðin, sem um getur í 1. og 4. mgr. 102. gr. og samkvæmt heimild í lögum, geta aðildarríkin heimilað að tilteknar upplýsingar séu veittar öðrum deildum í stjórnsýslu þeirra sem bera ábyrgð á löggjöf um eftirlit með verðbréfasjóðum, fyrirtækjum, sem taka þátt í starfsemi verðbréfasjóða, lánastofnunum, fjármálastofnunum, fjárfestingarfyrirtækjum og vátryggingafélögum svo og eftirlitsmönnum sem starfa samkvæmt fullu umboði frá þessum deildum.

Slíkar upplýsingar má þó aðeins veita þegar þess er þörf vegna varfærnieftirlits með starfseminni.

Aðildarríkin skulu þó ákvarða að upplýsingar, sem eru fengnar skv. 2. og 5. mgr. 102. gr., séu aldrei veittar í þeim tilvikum sem um getur í þessari málsgrein nema fyrir liggi skýlaust samþykki þeirra lögbæru yfirvalda sem létu þær í té.

105. gr.

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdarráðstafanir sem varða málsmeðferð við upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda.

Þessar ráðstafanir skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð sem um getur í 3. mgr. 112. gr.

106. gr.

1. Aðildarríkin skulu hið minnsta tryggja að hverjum þeim einstaklingi, sem til þess hefur heimild í skilningi tilskipunar 2006/43/EB, og annast í verðbréfasjóði, eða fyrirtæki, sem tekur þátt í starfsemi verðbréfasjóðs, þá lögboðnu endurskoðun sem um getur í 51. gr. tilskipunar 78/660/EBE, 37. gr. tilskipunar 83/349/EBE eða 73. gr. þessarar tilskipunar, eða annað lögboðið verkefni, skuli skylt að upplýsa lögbær yfirvöld jafnharðan um málsatvik eða ákvörðun varðandi fyrirtækið, sem viðkomandi hefur orðið áskynja um í starfi sínu og líklegt er að leiði til einhvers af eftirfarandi:

a) umtalsverðs brots á lögum eða stjórnsýslufyrirmælum, þar sem mælt er fyrir um skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis eða sem fjalla sérstaklega um starfsemi verðbréfasjóða eða fyrirtækja, sem taka þátt í starfsemi verðbréfasjóðs,

b) skerðingar á áframhaldandi starfsemi verðbréfasjóðs eða fyrirtækis, sem tekur þátt í starfsemi verðbréfasjóðs, eða

c) að neitað verði um áritun á reikningsskil eða að fyrirvarar verði settir.

Þessum sama einstaklingi ber skylda til að upplýsa um málsatvik og ákvarðanir, sem hann verður áskynja um í verkefni sínu, sem lýst er í a-lið, í fyrirtæki sem hefur náin tengsl vegna yfirráðatengsla við verðbréfasjóð eða fyrirtæki, sem tekur þátt í starfsemi verðbréfasjóðs, þar sem hann vinnur framangreint verkefni.

2. Ekki skal litið svo á að það athæfi einstaklinga, sem til þess hafa heimild í samræmi við tilskipun 2006/43/EB, í góðri trú að upplýsa lögbær yfirvöld um málsatvik eða ákvarðanir skv. 1. mgr., sé brot á þagnarskyldu sem komið hefur verið á með samningi eða lögum eða stjórnsýsluákvæðum og skal ekki kalla þá til ábyrgðar með neinum hætti.

107. gr.

1. Lögbær yfirvöld skulu gefa skriflega ástæðu fyrir öllum ákvörðunum um synjun leyfisveitingar eða hvers konar neikvæðri ákvörðun sem tekin er við framkvæmd almennra ráðstafana sem samþykktar eru í krafti þessarar tilskipunar, og skulu þau greina umsækjendum frá þeim.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að allar ákvarðanir, sem teknar eru í samræmi við lög eða stjórnsýsluákvæði, sem samþykkt eru í samræmi við þessa tilskipun, séu vel rökstuddar og falli undir rétt til að áfrýja til dómstóla, þ.m.t. að ákvörðun hafi ekki verið tekin innan sex mánaða frá framlagningu umsóknar um starfsleyfi, þar sem fram koma allar upplýsingar sem krafist er.

3. Aðildarríkin skulu kveða á um að ein eða fleiri eftirtalinna aðila geti, eins og ákvarðað er samkvæmt landslögum, í þágu neytenda og í samræmi við landslög, hafið málssókn fyrir dómstólum eða þar til bærum stjórnsýslustofnunum til að tryggja að ákvæðum landslaga um framkvæmd þessarar tilskipunar verði beitt:

a) opinberar stofnanir eða fulltrúar þeirra,

b) neytendasamtök sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta við verndun neytenda eða

c) fagfélög sem hafa lögmætra hagsmuna að gæta við verndun félagsmanna sinna.

108. gr.

1. Einungis yfirvöld heimaaðildarríkis verðbréfasjóðs skulu hafa valdheimildir til að grípa til aðgerða gegn þeim verðbréfasjóði ef hann brýtur gegn lögum eða stjórnsýslufyrirmælum eða hvers konar reglum sem settar er fram í sjóðsreglum eða stofnsamningum fjárfestingarfélags.

Þó geta yfirvöld gistiaðildarríkis verðbréfasjóðs gripið til aðgerða gegn þeim verðbréfasjóði ef hann brýtur í bága við ákvæði laga og stjórnsýslufyrirmæla, sem eru í gildi í því aðildarríki, en falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar eða þeirra krafna sem settar eru fram í 92. og 94. gr.

2. Allar ákvarðanir um að afturkalla starfsleyfi, eða annars konar alvarleg ráðstöfun gegn verðbréfasjóði, eða hvers konar frestun á útgáfu, endurkaupum eða innlausn hlutdeildarskírteina, sem lögð er á verðbréfasjóð, skulu yfirvöld heimaaðildarríkis verðbréfasjóðs tilkynna yfirvöldum gistiaðildarríkis verðbréfasjóðs án tafar og, ef rekstrarfélag verðbréfasjóðs er stofnað í öðru aðildarríki, lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis rekstrarfélagsins.

3. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis rekstrarfélags eða lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis verðbréfasjóðs geta gripið til aðgerða gegn rekstrarfélaginu ef það brýtur reglur innan ábyrgðsviðs þeirra, hvers fyrir sig.

4. Ef lögbær yfirvöld gistiaðildarríkis verðbréfasjóðs hafa skýrar og sannanlegar ástæður til að ætla að verðbréfasjóður, sem markaðssetur hlutdeildarskírteini sín innan yfirráðasvæðis þess aðildarríkis, uppfylli ekki þær skyldur sem ákvæði, sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun en veita lögbæru yfirvaldi gistiaðildarríkis verðbréfasjóðs ekki valdheimildir, hafa í för með sér skulu þau vísa málinu til lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkisins, sem skal grípa til viðeigandi ráðstafana.

5. Ef verðbréfasjóður starfar áfram með hætti sem er augljóslega skaðlegur hagsmunum fjárfesta í heimaaðildarríki verðbréfasjóðsins, þrátt fyrir ráðstafanir sem lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis verðbréfasjóðsins gera eða vegna þess að slíkar ráðstafanir reynast ófullnægjandi eða ef heimaaðildarríki verðbréfasjóðsins bregst ekki við innan hæfilegs tímaramma, geta lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis verðbréfasjóðsins gripið til eftirfarandi aðgerða:

a) eftir að hafa upplýst lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis verðbréfasjóðsins, gert allar viðeigandi ráðstafanir sem þörf krefur í til að gæta hagsmuna fjárfesta, þ.m.t. möguleiki á að koma í veg fyrir að viðkomandi verðbréfasjóður stundi frekari markaðssetningu hlutdeildarskírteina sinna innan yfirráðasvæðis gistiaðildarríkis verðbréfasjóðsins, eða

b) ef nauðsyn krefur, vakið athygli samstarfsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði á málinu.

Framkvæmdastjórnin skal upplýst án tafar um hvers konar ráðstafanir gripið er til skv. a-lið fyrstu undirgreinar.

6. Aðildarríki skulu sjá til þess að innan yfirráðasvæða þeirra sé lagalega fært að birta þau lagaskjöl sem nauðsynleg eru vegna ráðstafana sem gistiaðildarríki verðbréfasjóðs gæti þurft að grípa til vegna verðbréfasjóðs skv. 2.–5. gr.

109. gr.

1. Ef rekstrarfélag starfar í einu eða fleiri gistiaðildarríkjum rekstrarfélagsins með því að veita þjónustu eða með því að koma á fót útibúum skulu lögbær yfirvöld í öllum viðkomandi aðildarríkjum hafa með sér náið samstarf.

Þau skulu samkvæmt beiðni veita hvert öðru allar upplýsingar varðandi stjórnun og eignarhald slíkra rekstrarfélaga, sem geta auðveldað eftirlit með þeim, og allar upplýsingar sem kunna að auðvelda vöktun þessara félaga. Einkum skulu yfirvöld heimaaðildarríkis rekstrarfélags taka þátt í samvinnu til að tryggja að yfirvöld gistiaðildarríkja rekstrarfélags afli upplýsinganna sem um getur í 2. mgr. 21. gr.

2. Ef nauðsyn krefur vegna beitingar eftirlitsheimilda heimaaðildarríkis skulu lögbær yfirvöld gistiaðildarríkis rekstrarfélags tilkynna lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis rekstrarfélags um allar ráðstafanir sem gistiaðildarríki rekstrarfélags grípur til skv. 5. mgr. 21. gr. sem hafa í för með sér ráðstafanir eða refsiaðgerðir gagnvart rekstrarfélagi eða takmarkanir á starfsemi rekstrarfélagsins.

3. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis rekstrarfélags skulu, án tafar, tilkynna lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis verðbréfasjóðs um hvers konar vandamál sem greind eru á vettvangi rekstrarfélags, sem geta haft efnisleg áhrif á getu rekstrarfélagsins til að uppfylla skyldur sínar með fullnægjandi hætti að því er varðar verðbréfasjóð eða um hvers konar brot á kröfum samkvæmt III. kafla.

4. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis verðbréfasjóðs skulu, án tafar, tilkynna lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis rekstrarfélagsins um hvers konar vandamál sem greind eru á vettvangi verðbréfasjóðsins, sem geta haft efnisleg áhrif á getu rekstrarfélags til að uppfylla skyldur sínar með fullnægjandi hætti eða fara að þeim ákvæðum þessarar tilskipunar sem falla undir ábyrgð heimaaðildarríkis verðbréfasjóðs.

110. gr.

1. Hvert gistiaðildarríki rekstrarfélags skal sjá til þess, ef rekstrarfélag með starfsleyfi í öðru aðildarríki stundar starfsemi á yfirráðasvæði þess með útibúi, að lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis rekstrarfélagsins eða milligöngumenn, sem þau velja til þess, geti sjálf sannprófað á staðnum upplýsingarnar, sem um getur í 109. gr., eftir að hafa skýrt lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríki rekstrarfélagsins frá því.

2. Ákvæði 1. mgr. hafa ekki áhrif á rétt lögbærra yfirvalda í gistiaðildarríki rekstrarfélagsins til að framkvæma sannprófun á staðnum á útibúum sem stofnuð eru á yfirráðasvæði þess aðildarríkis, þegar þau rækja skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun.

XIII. KAFLI

EVRÓPSKA VERÐBRÉFANEFNDIN

111. gr.

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt tæknilegar breytingar á þessari tilskipun á eftirfarandi sviðum:

a) nánari útlistun skilgreininga til að tryggja sams konar beitingu þessarar tilskipunar í gervöllu Bandalaginu eða

b) samræming hugtaka og afmörkun skilgreininga í samræmi við síðari lagasetningu um verðbréfasjóði og skyld mál.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, skulu samþykktar í samræmi við þá reglunefndarmeðferð með grannskoðun, sem um getur í 2. mgr. 112. gr.

112. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar evrópsku verðbréfanefndarinnar sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/528/EB ([1]).

([1]) Stjtíð. EB L 191, 13.7.2001, bls. 45.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

XIV. KAFLI

UNDANÞÁGUR, BRÁÐABIRGÐA- OG LOKAÁKVÆÐI

1. ÞÁTTUR

Undanþágur

113. gr.

1. Að því er varðar danska verðbréfasjóði eingöngu, skal farið með veðbréf (d. *pantebreve)* sem gefin eru út í Danmörku á sama hátt og framseljanleg verðbréf sem um getur í b-lið 1. mgr. 50. gr.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. 22. gr. og 1. mgr. 32. gr. geta lögbær yfirvöld heimilað þeim verðbréfasjóðum sem höfðu, þann 20. desember 1985, tvo eða fleiri vörsluaðila í samræmi við landslög þeirra að viðhalda þeim fjölda vörsluaðila ef þau yfirvöld hafa tryggingu fyrir því að starfsemin, sem fyrirhugað er að stunda skv. 3. mgr. 22. gr. og 3. mgr. 32. gr., verði í raun stunduð.

3. Þrátt fyrir 16. gr. geta aðildarríki heimilað rekstrarfélögum að gefa út handhafaskírteini fyrir skráð verðbréf annarra félaga.

114. gr.

1. Fjárfestingarfyrirtæki samkvæmt skilgreiningu í fyrsta lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB, sem hafa aðeins leyfi til að annast þá þjónustu sem kveðið er á um í 4. lið þáttar A og í 5. lið í viðaukanum við þá tilskipun, geta fengið leyfi samkvæmt þessari tilskipun til að stjórna verðbréfasjóðum sem rekstrarfélög. Í því tilviki skulu þessi fjárfestingarfyrirtæki afsala sér leyfinu sem þau hafa fengið samkvæmt tilskipun 2004/39/EB.

2. Rekstrarfélög, sem hafa fengið leyfi fyrir 13. febrúar 2004 í heimaaðildarríki sínu samkvæmt tilskipun 85/611/EBE til að stjórna verðbréfasjóðum, teljast hafa leyfi að því er varðar þessa grein ef lög þess aðildarríkis kveða á um að forsenda þess að þau fái að hefja slíka starfsemi sé að þau uppfylli skilyrði sem jafngilda þeim sem sett eru í 7. og 8. gr.

2. ÞÁTTUR

Bráðabirgða- og lokaákvæði

115. gr.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. júlí 2013, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar tilskipunar.

116. gr.

1. Aðildarríki skulu, eigi síðar en 30. júní 2011, samþykkja og birta lög og stjórnsýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að uppfylla skilyrði annarrar undirgreinar 2. mgr. 1. gr., b-liðar 3. mgr. 1. gr., e-, m-, p-, q- og r-liðar 1. mgr. 2. gr., 5. mgr. 2. gr., 4. gr., 1.–4. mgr. og 6. og 7. mgr. 5. gr., 1. mgr. 6. gr., 1. mgr. 12. gr., inngangsorða 1. mgr. 13. gr., a- og i-liðar 1. mgr. 13. gr., 15. gr., 1. mgr. 16. gr., 3. mgr. 16. gr., 1. mgr. 17. gr., b-liðar 2. mgr. 17. gr., fyrstu og annarrar undirgreinar 3. mgr. 17. gr., 4.–7. mgr. 17. gr., annarrar undirgreinar 9. mgr. 17. gr., inngangshluta 1. mgr. 18. gr., b-liðar 1. mgr. 18. gr., þriðju og fjórðu undirgreinar 2. mgr. 18. gr., 3. og 4. mgr. 18. gr., 19. og 20. gr., 2.–6. mgr. og 8. og 9. mgr. 21. gr., 1. mgr. 22. gr., a-, d- og e-liðar 3. mgr. 22. gr., 1., 2., 4. og 5. mgr. 23. gr., þriðju málsgreinar 27. gr., 2. mgr. 29. gr., 2., 4., og 5. mgr. 33. gr., 37.–42. gr., 1.–5. mgr. 43. gr., 44.–49. gr., inngangsorða 1. mgr. 50. gr., 3. mgr. 50. gr., þriðju undirgreinar 1. mgr. 51. gr., 3. mgr. 54. gr., 1. mgr. 56. gr., inngangsorða fyrstu undirgreinar 2. mgr. 56. gr., 58. og 59. gr., 1.–5. mgr. 60. gr., 1. og 2. mgr. 61. gr., 1., 2. og 3. mgr. 62. gr., 63. gr., 1., 2. og 3. mgr. 64. gr., 65., 66. og 67. gr., inngangsorða og a-liðar 1. mgr. 68. gr., 1. og 2. mgr. 69. gr., 2. og 3. mgr. 70. gr., 71., 72. og 74. gr., 1., 2. og 3. mgr. 75. gr., 77.–82. gr., b-liðar 1. mgr. 83. gr., annars undirliðar a-liðar 2. mgr. 83. gr., 86. gr., b-liðar 1. mgr. 88. gr., b-liðar 89. gr., 90.–94. gr., 96.–100. gr., 1.–8. mgr. 101. gr., annarrar undirgreinar 2. mgr. 102. gr., 5. mgr. 102. mgr., 107. og 108. gr., 2., 3. og 4. mgr. 109. gr., 110. gr. og I. viðauka. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá 1. júlí 2011.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Í þeim skal einnig vera yfirlýsing um að líta beri á tilvísanir í gildandi lögum og stjórnsýslufyrirmælum í tilskipun 85/611/EBE sem tilvísanir í þessa tilskipun. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun og hvernig yfirlýsingin skal sett fram.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða í landslögum sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi tekur til.

117. gr.

Tilskipun 85/611/EBE, eins og henni var breytt með tilskipunum sem eru tilgreindar í A-hluta III. viðauka, er felld úr gildi frá og með 1. júlí 2011, með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar þá fresti til lögleiðingar og beitingar tilskipananna sem tilgreindar eru í B-hluta III. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í IV. viðauka.

Líta skal á tilvísanir í einfaldaða lýsingu sem tilvísanir í lykilupplýsingar fyrir fjárfesta sem um getur í 78. gr.

118. gr.

1. Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Ákvæði 1. mgr. 1. gr., fyrstu undirgreinar 2. mgr. 1. gr., a-liðar 3. mgr. 1. gr., 4.–7. mgr. 1. gr., a- til d-liðar, f- til l-liðar, n- og o-liðar 1. mgr. 2. gr., 2., 3. og 4. mgr. 2. gr., 6. og 7. mgr. 2. gr., 3. gr., 5. mgr. 5. gr., 2., 3. og 4. mgr. 6. gr., 7.–11. gr., 2. mgr. 12. gr., b- til h-liðar 1. mgr. 13. gr., 2. mgr. 13. gr., 1. mgr. 14. gr., 2. mgr. 16. gr., a-, c- og d-liðar 2. mgr. 17. gr., annarar undirgreinar 3. mgr. 17. gr., 8. mgr. 17. gr., fyrstu undirgreinar 9. mgr. 17. gr., 1. mgr. 18. gr. að undanskildum inngangsorðum og a-lið, fyrstu og annarrar undirgreinar 2. mgr. 18. gr., 1. og 7. mgr. 21. gr., 2. mgr. 22. gr., b- og c-liðar 3. mgr. 22. gr., 3. mgr. 23. gr., 24. gr., 25. og 26. gr., fyrstu og annarrar málsgreinar 27. gr., 28. gr., 1., 3. og 4. mgr. 29. gr., 30., 31. og 32. gr., 1. og 3. mgr. 33. gr., 34., 35. og 36. gr., a-til h-liðar 1. mgr. 50. gr., 2. mgr. 50. gr., fyrstu og annarrar undirgreinar 1. mgr. 51. gr., 2. og 3. mgr. 51. gr., 52. og 53. gr., 1. og 2. mgr. 54. gr., 55. gr., fyrstu undirgreinar 2. mgr. 56. gr., annarrar undirgreinar 2. mgr. 56. gr., 3. mgr. 56. gr., 57. gr., 2. mgr. 68. gr., 3. og 4. mgr. 69. gr., 1. og 4. mgr. 70. gr., 73. og 76. gr., 1. mgr. 83. gr. að undanskildum b-lið, a-liðar 2. mgr. 83. gr. að undanskildum öðrum undirlið, 84., 85. og 87. gr., 1. mgr. 88. gr. að undanskildum b-lið, 2. mgr. 88. gr., 89. gr. að undanskildum b-lið, 1. mgr. 102. gr., fyrstu undirgreinar 2. mgr. 102. gr., 3. og 4. mgr. 102. gr., 103.–106. gr., 1. mgr. 109. gr., 111., 112., 113. og 117. gr. og II., III., og IV. viðauka skulu gilda frá og með 1. júlí 2011.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að í stað einfaldaðrar lýsingar sinnar, sem gerð er í samræmi við ákvæði tilskipunar 85/611/EBE, setji verðbréfasjóðir lykilupplýsingar fyrir fjárfesta, sem gerðar eru í samræmi við 78. gr., eins fljótt og unnt er og eigi síðar en tólf mánuðum eftir að frestur til að innleiða í landslög allar þær framkvæmdarráðstafanir sem um getur í 7. mgr. 78. gr. rennur út. Á þeim tíma skulu lögbær yfirvöld gistiaðildarríkis verðbréfasjóðs áfram viðurkenna einfaldaða lýsingu verðbréfasjóða sem markaðssettir eru innan yfirráðasvæðis þeirra aðildarríkja.

119. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel, 13. júlí 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. PÖTTERING	E. ERLANDSSON
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

FYLGISKJAL A

1. Upplýsingar varðandi sameignarsjóð	1. Upplýsingar varðandi rekstrarfélag, þ.m.t. upplýsingar um það hvort rekstrarfélag er stofnsett í öðru aðildarríki en heimaaðildarríki verðbréfasjóðs.	1. Upplýsingar um fjárfestingarfélag
1.1. Heiti	11. Heiti eða gerð, félagsform, skráð skrifstofa og aðalskrifstofa, ef önnur en skráð skrifstofa.	1.1. Heiti eða gerð, félagsform, skráð skrifstofa og aðalskrifstofa, ef önnur en skráð skrifstofa.
1.2. Stofndagur sameignarsjóðs Upplýsingar um líftíma, ef takmarkaður.	1.2. Stofndagur fyrirtækis. Upplýsingar um líftíma, ef takmarkaður.	1.2. Stofndagur fyrirtækis. Upplýsingar um líftíma, ef takmarkaður.
	1.3. Upplýsingar um aðra sameignarsjóði sem fyrirtækið kann að stýra.	1.3. Þegar um er að ræða fjárfestingarfélög með aðgreindar fjárfestingardeildir skal tilgreina deildirnar.
1.4. Yfirlýsing um það hvar hægt er að nálgast sjóðsreglur, ef þær fylgja ekki, og reglubundnar skýrslur.		1.4. Yfirlýsing um það hvar hægt er að nálgast stofnsamninga, ef þeir fylgja ekki, og reglubundnar skýrslur.
1.5. Stuttar skýringar fyrir eigendur hlutdeildarskírteina á því skattkerfi sem um sameignarsjóðinn gildir. Upplýsingar um það hvort skattur á tekjur og hagnað, sem sameignarsjóðurinn greiðir eigendum hlutdeildarskírteinanna, sé staðgreiddur.		1.5. Stuttar skýringar fyrir eigandi hlutdeildarskírteina á því skattkerfi sem um félagið gilda. Upplýsingar um hvort skattur á tekjur og hagnað sem félagið greiðir eigendum hlutdeildarskírteinanna sé staðgreiddur.
1.6. Reikningsskila- og birtingartími.		1.6. Reikningsskila- og birtingartími.
1.7. Nöfn þeirra einstaklinga sem bera ábyrgð á endurskoðun upplýsinga í reikningsskilum sem um getur í 73. gr.		1.7. Nöfn þeirra einstaklinga sem bera ábyrgð á endurskoðun upplýsinga í reikningsskilum sem um getur í 73. gr.
	1.8. Nöfn allra aðila í stjórn, framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn og stöðu þeirra innan fyrirtækisins Upplýsingar um helstu störf þeirra utan félagsins ef það skiptir máli að hvað fyrirtækið snertir.	1.8. Nöfn allra aðila í stjórn, framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn og stöðu þeirra innan félagsins. Upplýsingar um aðalstarf þeirra utan fyrirtækis ef það skiptir máli hvað félagið snertir.
	1.9. Fjárhæð skráðs hlutafjár og hversu mikið hefur verið greitt.	1.9. Höfuðstóll

1.10. Upplýsingar um tegundir og helstu einkenni hlutdeildarskírteinanna, einkum: – eðli þeirra réttinda (hlutbundinna, persónubundinna eða annarra) sem hlutdeildarskírteini veitir, – einkenni hlutdeildarskírteina: nafnbréf eða handhafabréf. Upplýsingar um tilgreint verðgildi, – upphafleg verðbréf eða skírteini sem veita sönnun fyrir eignarrétti; færsla í skrá eða reikning, – upplýsingar um atkvæðisrétt eigenda hlutdeildarskírteina, ef hann er fyrir hendi, – við hvaða aðstæður megi ákveða að gera sameignarsjóðinn upp og hvernig að því skuli staðið, einkum m.t.t. réttar eigenda hlutdeildarskírteinanna.		1.10. Upplýsingar um tegundir og helstu einkenni hlutdeildarskírteinanna, einkum: – upphafleg verðbréf eða skírteini sem veita sönnun fyrir eignarrétti; færsla í skrá eða reikning, – einkenni hlutdeildarskírteina: nafnbréf eða handhafabréf. upplýsingar um tilgreint verðgildi, – upplýsingar um atkvæðisrétt eigenda hlutdeildarskírteinanna, – við hvaða aðstæður megi ákveða að slíta félaginu og hvernig að því skuli staðið, einkum m.t.t. réttar eigenda hlutdeildarskírteinanna.
1.11. Eftir atvikum, upplýsingar um kauphallir eða markaði sem hlutdeildarskírteini þess eru skráð eða viðskipti með þau fara fram.		1.11. Eftir atvikum, upplýsingar um kauphallir eða markaði sem hlutdeildarskírteini þess eru skráð eða viðskipti með þau fara fram.
1.12. Tilhögun og skilyrði fyrir útgáfu og sölu hlutdeildarskírteina.		1.12. Tilhögun og skilyrði fyrir útgáfu og sölu hlutdeildarskírteina.
1.13. Tilhögun og skilyrði fyrir endurkaupum eða innlausn hlutdeildarskírteina og við hvaða aðstæður megi fresta endurkaupum eða innlausn.		1.13. Tilhögun og skilyrði fyrir endurkaupum eða innlausn hlutdeildarskírteina og við hvaða aðstæður megi fresta endurkaupum eða innlausn. Þegar um er að ræða fjárfestingarfélag með aðgreindar fjárfestingardeildir skal greina frá því hvernig eigandi hlutdeildarskírteina getur flutt sig milli deilda og hvaða kostnaður fylgir því.
1.14. Reglur um útreikning og ráðstöfun tekna.		1.14. Reglur um útreikning og ráðstöfun tekna.
1.15. Fjárfestingarmarkmið sameignarsjóðsins, þ.m.t. fjárhagsleg markmið (þ.e. uppsöfnunar- eða tekjusjóður), fjárfestingarstefna (t.d. sérhæfing eftir landsvæðum eða atvinnugreinum), takmarkanir á þeirri fjárfestingarstefnu og tilgreining um aðferðir og skjöl eða lántökuheimild sem heimilt er að nota við rekstur sameignarsjóðsins.		1.15. Fjárfestingarmarkmið félagsins, þar á meðal fjárhagsleg markmið (þ.e. uppsöfnunar- eða tekjusjóður), fjárfestingarstefna (t.d. sérhæfing eftir landsvæðum eða atvinnugreinum), takmarkanir á þeirri fjárfestingarstefnu og tilgreining um aðferðir og skjöl eða lántökuheimild sem heimilt er að nota við rekstur félagsins.

1.16. Reglur um mat á eignum.		1.16. Reglur um mat á eignum.
1.17. Ákvörðun um sölu- eða útgáfuverð og endurkaups- eða innlausnarverð hlutdeildarskírteina, einkum: – hvernig og hve oft verð er reiknað, – upplýsingar um kostnað af sölu eða útgáfu og endurkaup eða innlausn hlutdeildarskírteina, – hvernig, hvar og hve oft þetta verð sé birt.		1.17. Ákvörðun um sölu- eða útgáfuverð og endurkaups- eða innlausnarverð hlutdeildarskírteina, einkum: – hvernig og hve oft verð er reiknað, – upplýsingar um kostnað af sölu eða útgáfu og endurkaup eða innlausn eininga, – hvernig, hvar og hve oft þetta verð er birt.([1]).
1.18. Upplýsingar um fyrirkomulag, upphæð og útreikning þóknunar sem sameignarsjóðurinn skal greiða rekstrarfélaginu, vörslufyrirtækinu eða þriðju aðilum ásamt upplýsingum um endurgreiðslu sameignarsjóðsins á kostnaði til rekstrarfélagsins, vörslufyrirtækisins eða þriðju aðila.		1.18. Upplýsingar um fyrirkomulag, fjárhæð og útreikning þóknunar sem félagið greiðir framkvæmdastjórum sínum og stjórnarmönnum í framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn, vörslufyrirtæki eða þriðju aðilum, ásamt endurgreiðslu kostnaðar sem félagið greiðir framkvæmdastjórum sínum, vörslufyrirtækinu eða þriðju aðilum.

([1]) Fjárfestingarfélög í skilningi 5. mgr. 32. gr. þessarar tilskipunar skulu einnig tilgreina:
– hvernig og hve oft reikna skuli verðmæti hreinnar eignar hlutdeildarskírteina,
– hvernig, hvar og hve oft það virði er birt,
– þá kauphöll í markaðslandinu sem ræður því verði sem viðskipti utan kauphallar í því landi fara fram á.

2. Upplýsingar um vörslufyrirtæki:

2.1. Heiti eða gerð, félagsform, skráð skrifstofa og aðalskrifstofa, ef hún er önnur en skráða skrifstofan,

2.2. Meginstarfsemi.

3. Upplýsingar um ráðgjafafyrirtæki eða ytri fjárfestingaráðgjafa sem veita ráðgjöf samkvæmt samningi sem greitt er fyrir með eignum verðbréfasjóðsins:

3.1. Heiti eða gerð fyrirtækis eða nafn ráðgjafans,

3.2. Þau ákvæði samningsins við rekstrarfélagið eða fjárfestingarfélagið sem máli skipta og kunna að varða eigendur hlutdeildarskírteina nema þau sem varða þóknun.

3.3. Önnur starfsemi sem máli skiptir.

4. Upplýsingar um fyrirkomulag greiðslna til eigenda hlutdeildarskírteina, endurkaupa eða innlausna hlutdeildarskírteina og veitinga upplýsinga varðandi verðbréfasjóð. Slíkar upplýsingar verður ávallt að veita í því aðildarríki þar sem verðbréfasjóðurinn er stofnaður. Ef hlutdeildarskírteini eru sett á markað í öðru aðildarríki skal einnig veita þess háttar upplýsingar varðandi það aðildarríki í lýsingunni sem gefin er út í því.

5. Aðrar upplýsingar um fjárfestingar:

5.1. Upplýsingar um fyrri árangur verðbréfasjóðs (eftir því sem við á), en þær má birta í lýsingunni eða láta þær fylgja henni,

5.2. Lýsing á dæmigerðum fjárfesti sem verðbréfasjóðurinn miðast við.

6. Fjárhagslegar upplýsingar:

6.1. Hugsanlegur kostnaður eða gjöld, að undanskildum þeim útgjöldum sem um getur í lið 1.17, og skal greina á milli þeirra sem eigandi hlutdeildarskírteina greiðir og þeirra sem greidd eru af eignum verðbréfasjóðs.

Fylgiskjal B

Upplýsingar sem veittar skulu í reglubundnum skýrslum

I. Yfirlit um eignir og skuldir:

– framseljanleg verðbréf,

– bankainnstæður,

– aðrar eignir,

– heildareignir,

– skuldir,

– verðmæti hreinnar eignar.

II. *Fjöldi hlutdeildarskírteina í umferð*

III. *Verðmæti hreinnar eignar fyrir hvert skírteini*

IV. Eignasafn, sundurliðað eftir:

a) framseljanlegum verðbréfum sem tekin hafa verið til opinberrar skráningar í kauphöll,

b) framseljanlegum verðbréfum sem ganga kaupum og sölum á öðrum skipulegum markaði,

c) nýútgefnum framseljanlegum verðbréfum, þeirrar tegundar sem um getur í d-lið 1. mgr. 50. gr.,

d) öðrum framseljanlegum verðbréfum, þeirrar tegundar sem um getur í a-lið 2. mgr. 50. gr.

og greind í samræmi við þær viðmiðanir sem helst eiga við í ljósi fjárfestingarstefnu verðbréfasjóðsins (t.d. efnahag, landfræðilega legu eða gjaldmiðil) sem hlutfall af hreinum eignum; það hlutfall sem hver framangreindur fjárfestingaflokkur myndar í heildareign verðbréfasjóðs.

Greinargerð um breytingar á samsetningu eignasafns á viðmiðunartímabili.

V. Greinargerð um þróun mála er varða eignir verðbréfasjóðs á viðmiðunartímabilinu, þ.m.t. eftirfarandi:

– tekjur af fjárfestingum,

– aðrar tekjur,

– stjórnunarkostnaður,

– þóknun vörslufyrirtækis,

– annar kostnaður og skattar,

– hreinar tekjur,

– ráðstöfun tekna og endurfjárfesting,

– breytingar á fjármagnsreikningi,

– virðishækkun eða afskriftir fjárfestinga,

– aðrar breytingar sem hafa áhrif á eignir og skuldir verðbréfasjóðs,

– viðskiptakostnaður, sem er kostnaður sem verðbréfasjóðurinn stofnar til í tengslum við viðskipti með eignasafn sitt.

VI. *Samanburðartafla sem nær yfir þrjú næstliðin fjárhagsár og hefur að geyma, fyrir hvert fjárhagsár, við lok þess:*

– heildarverðmæti hreinnar eignar,

– verðmæti hreinnar eignar fyrir hvert hlutdeildarskírteini.

VII. *Upplýsingar, sundurliðaðar eftir flokkum viðskipta í skilningi 51. gr. sem verðbréfasjóður hefur stundað á viðmiðunartímabilinu sem skýrsla tekur til, um fjárhæð skuldbindinga sem af þeim viðskiptum stafa.*

II. VIÐAUKI

Verkefni sem felast í sameiginlegri stýringu eignasafns:

- Fjárfestingarstýring.
- Umsýsla:
  a) lögfræðiþjónusta og bókhaldsþjónusta í tengslum við stjórnun sjóðsins,
  b) fyrirspurnir viðskiptamanna,
  c) mat og verðlagning (þ.m.t. skattframtal),
  d) eftirlit með að reglum sé fylgt,
  e) viðhald skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina,
  f) tekjudreifing,
  g) útgáfa og innlausn hlutdeildarskírteina,
  h) uppgjör samninga (þ.m.t. sending vottorða),
  i) skráning,
- Markaðssetning.

III. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun ásamt skrá yfir síðari breytingar hennar

(sem um getur í 117. gr.)

Tilskipun ráðsins 85/611/EBE (Stjtíð. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3.)	
Tilskipun ráðsins 88/220/EBE (Stjtíð. EB L 100, 19.4.1988, bls. 31.)	
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/26/EB (Stjtíð. EB L 168, 18.7.1995, bls. 7.)	Einungis ákvæði 1. gr. (fjórði undirliður), 7. mgr. 4. gr. og 5. gr. (fimmti undirliður)
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/64/EB (Stjtíð. EB L 290, 17.11.2000, bls. 27.)	Einungis 1. gr.
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/107/EB (Stjtíð. EB L 41, 13.2.2002, bls. 20.)	
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/108/EB (Stjtíð. EB L 41, 13.2.2002, bls. 35.)	
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB (Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.)	Einungis 66. gr.
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/1/EB (Stjtíð. ESB L 79, 24.3.2005, bls. 9.)	Einungis 9. gr.
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/18/EB (Stjtíð. ESB L 76, 19.3.2008, bls. 42.)	

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar og beitingar í aðildarríkjum

(sem um getur í 117. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar	Gildistökudagur
85/611/EBE	1. október 1989	—
88/220/EBE	1. október 1989	—
95/26/EB	18. júlí 1996	—
2000/64/EB	17. nóvember 2002	—
2001/107/EB	13. ágúst 2003	13. febrúar 2004
2001/108/EB	13. ágúst 2003	13. febrúar 2004
2004/39/EB	—	30. apríl 2006
2005/1/EB	13. maí 2005	—

IV. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Tilskipun 85/611/EBE	Þessi tilskipun
1. mgr. 1. gr.	1. mgr. 1. gr.
Inngangsorð 2. mgr. 1. gr.	Inngangsorð 2. mgr. 1. gr.
Fyrsti og annar undirliður 2. mgr. 1. gr.	a- og b-liður 2. mgr. 1. gr.
—	Önnur undirgrein 2. mgr. 1. gr.
Fyrsta undirgrein 3. mgr. 1. gr.	Fyrsta undirgrein 3. mgr. 1. gr.
Önnur undirgrein 3. mgr. 1. gr.	a-liður annarrar undirgreinar 3. mgr. 1. gr.
—	b-liður annarrar undirgreinar 3. mgr. 1. gr.
4. til 7. mgr. 1. gr.	4. til 7. mgr. 1. gr.
Inngangsorð 8. mgr. 1. gr.	Inngangsorð n-liðar 1. mgr. 2. gr.
Fyrsti, annar og þriðji undirliður 8. mgr. 1. gr.	i., ii. og iii. liður n-liðar 1. mgr. 2. gr.
Lokasetning 8. mgr. 1. gr.	7. mgr. 2. gr.
9. mgr. 1. gr.	o-liður 1. mgr. 2. gr.
Inngangsorð 1. gr. a	Inngangsorð1. mgr. 2. gr.
1. liður 1. gr. a	a-liður 1. mgr. 2. gr.
Fyrsti hluti setningar 2. liðar 1. gr. a	b-liður 1. mgr. 2. gr.
Annar hluti setningar 2. liðar 1. gr. a	2. mgr. 2. gr.
3. til 5. liður 1. gr. a	c- til e-liður 1. mgr. 2. gr.
6. liður 1. gr. a	f-liður 1. mgr. 2. gr.
Fyrsti hluti setningar 7. liðar 1. gr. a	g-liður 1. mgr. 2. gr.
Annar hluti setningar 7. liðar 1. gr. a	2. mgr. 3. gr.
8. til 9. liður 1. gr. a	h- og i- liður 1. mgr. 2. gr.
Fyrsta undirgrein 10. liðar 1. gr. a	j-liður 1. mgr. 2. gr.
Önnur undirgrein 10. liðar. 1. gr. a	5. mgr. 2. gr.
11. liður 1. gr. a	—
12. liður og fyrsta setning 13. liðar 1. gr. a	i. og ii. liður 1. mgr. 2. gr.
Önnur setning 13. liðar. 1. gr. a	a-liður 4. mgr. 2. gr.
14. liður og fyrsta setning 15. liðar 1. gr. a	k- og l-liður 1. mgr. 2. gr.
Önnur setning 15. liðar. 1. gr. a	6. mgr. 2. gr.
—	m-liður 1. mgr. 2. gr.
Inngangsorð 1. mgr. 2. gr.	Inngangsorð 3. gr.
Fyrsti, annar, þriðji og fjórði undirliður 1. mgr. 2. gr.	a-, b-, c- og d-liður 3. gr.
2. mgr. 2. gr.	—
3. gr.	4. gr.
1. og 2. mgr. 4. gr.	1. og 2. mgr. 5. gr.
—	3. mgr. 5. gr.
Fyrsta undirgrein 3. mgr. 4. gr.	a- og b-liður fyrsta undirliðar 4. mgr. 5. gr.
—	Önnur undirgrein 4. mgr. 5. gr.
Önnur undirgrein 3. mgr. 4. gr.	Þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr.
Þriðja undirgrein 3. mgr. 4. gr.	fjórða undirgrein 4. mgr. 5. gr.
3. mgr. a í 4. gr.	5. mgr. 5. gr.
4. mgr. 4. gr.	6. mgr. 5. gr.

Tilskipun 85/611/EBE	Þessi tilskipun
—	7. mgr. 5. gr.
1. og 2. mgr. 5. gr.	1. og 2. mgr. 6. gr.
Inngangsorð fyrstu undirgreinar 3. mgr. 5. gr.	Inngangsorð fyrstu undirgreinar 3. mgr. 6. gr.
a-liður fyrstu undirgreinar 3. mgr. 5. gr.	a-liður fyrstu undirgreinar 3. mgr. 6. gr.
Inngangsorð b-liðar fyrstu undirgreinar 3. mgr. 5. gr.	Inngangsorð b-liðar fyrstu undirgreinar 3. mgr. 6. gr.
Fyrsti og annar undirliður b-liðar í fyrstu undirgreinar 3. mgr. 5. gr.	i. og ii. liður b-liðar í fyrstu undirgreinar 3. mgr. 6.gr.
Önnur undirgrein 3. mgr. 5. gr.	Önnur undirgrein 3. mgr. 6. gr.
4. mgr. 5. gr.	4. mgr. 6. gr.
Inngangsorð 1. mgr. 5. gr. a	Inngangsorð 1. mgr. 7. gr.
Inngangsorð a-liðar 1. mgr. 5. gr. a	Inngangsorð a-liðar 1. mgr. 7. gr.
Fyrsti undirliður a-liðar 1. mgr. 5. gr. a	i. liður a-liðar 1. mgr. 7. gr.
Inngangsorð annars undirliðar í a-lið 1. mgr. 5. gr. a	Inngangsorð ii. liðar a-liðar 1. mgr. 7. gr.
i., ii. og iii. liður annars undirliðar 1. mgr. 5. gr. a	Fyrsti, annar og þriðji undirliður ii. liðar a-liðar 1. mgr. 7. gr.
Þriðji og fjórði undirliður a-liðar 1. mgr. 5. gr. a	iii. liður a-liðar 1. mgr. 7. gr.
Fimmti undirliður a-liðar 1. mgr. 5. gr. a	—
b- til d-liður 1. mgr. 5. gr. a	b- til d-liður 1. mgr. 7. gr.
2. til 5. mgr. 5. gr. a	2. til 5. mgr. 7. gr.
5. gr. b	8. gr.
5. gr. c	9. gr.
5. gr. d	10. gr.
5. gr. e	11. gr.
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 5. gr. f	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 12. gr.
a-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. 5. gr. f	a-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. 12. gr.
Fyrsta setning b-liðar annarrar undirgreinar 1. mgr. 5. gr. f	b-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. 12. gr.
Síðasta setning b-liðar annarrar undirgreinar 1. mgr. 5. gr. f	—
Inngangsorð 2. mgr. 5. gr. f	Inngangsorð 2. mgr. 12. gr.
Fyrsti og annar undirliður 2. mgr. 5. gr. f	a- og b-liður 2. mgr. 12. gr.
—	3. mgr. 12. gr.
5. gr. g	13. gr.
5. gr. h	1. mgr. 14. gr.
—	2. mgr. 14. gr.
—	15. gr.
1. mgr. 6. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 16. gr.
—	Önnur undirgrein 1. mgr. 16. gr.
2. mgr. 6. gr.	2. mgr. 16. gr.
—	3. mgr. 16. gr.
1. mgr. 6 gr. a	1. mgr. 17. gr.
2. mgr. 6. gr. a	2. mgr. 17. gr.
3. mgr. 6. gr. a	Fyrsta og önnur undirgrein 3. mgr. 17. gr.
—	Þriðja undirgrein 3. mgr. 17. gr.
—	4. til 5. mgr. 17. gr.
4. til 6. mgr. 6. gr. a	6. til 8. mgr. 17. gr.

Tilskipun 85/611/EBE	Þessi tilskipun
7. mgr. 6. gr. a	Fyrsta undirgrein 9. mgr. 17. gr.
—	Önnur undirgrein 9. mgr. 17. gr.
1. mgr. 6. gr. b	1. mgr. 18. gr.
2. mgr. 6. gr. b	Fyrsta og önnur undirgrein 2. mgr. 18. gr.
—	Þriðja undirgrein 2. mgr. 18. gr.
Fyrsta undirgrein 3. mgr. 6. gr. b	Fjórða undirgrein 2. mgr. 18. gr.
Önnur undirgrein 3. mgr. 6. gr. b	—
—	3. mgr. 18. gr.
4. mgr. 6. gr. b	4. mgr. 18. gr.
5. mgr. 6. gr. b	—
—	19. til 20. gr.
1. mgr. 6. gr. c	1. mgr. 21. gr.
Fyrsta undirgrein 2. mgr. 6. gr. c	—
Önnur undirgrein 2. mgr. 6. gr. c	Fyrsta og önnur undirgrein 2. mgr. 21. gr.
—	Þriðja undirgrein 2. mgr. 21. gr.
3. til 5. mgr. 6. gr. c	3. til 5. mgr. 21. gr.
6. mgr. 6. gr. c	—
7. til 10. mgr. 6. gr. c	6. til 9. mgr. 21. gr.
7. gr.	22. gr.
8. gr.	1. til 3. mgr. 23. gr.
—	4. til 6. mgr. 23. gr.
9. gr.	24. gr.
10. gr.	25. gr.
11. gr.	26. gr.
12. gr.	Fyrsta og önnur undirgrein 27. gr.
—	Þriðja undirgrein 27. gr.
13. gr.	28. gr.
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 13. gr. a	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 29. gr.
Inngangsorð annarrar undirgreinar 1. mgr. 13. gr. a	Inngangsorð annarar undirgreinar 1. mgr. 29. gr.
Fyrsti, annar og þriðji undirliður annarrar undirgreinar 1. mgr. 13. gr. a	a-, b- og c-liður í annarri undirgrein 1. mgr. 29. gr.
Þriðja og fjórða undirgrein 1. mgr. 13. gr. a	Þriðja og fjórða undirgrein 1. mgr. 29. gr.
2., 3. og 4. mgr. 13. gr. a	2., 3. og 4. mgr. 29. gr.
13. gr. b	30. gr.
13. gr. c	31. gr.
14. gr.	32. gr.
15. gr.	1. til 3. mgr. 33. gr.
—	4. til 6. mgr. 33. gr.
16. gr.	34. gr.
17. gr.	35. gr.
18. gr.	36. gr.
—	37. til 49. gr.
Inngangsorð 1. mgr. 19. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 50. gr.
a- til c-liður. 1. mgr. 19. gr.	a- til c-liður. 1. mgr. 50. gr.
Inngangsorð d-liðar 1. mgr. 19. gr.	Inngangsorð d-liðar 1. mgr. 50. gr.

Tilskipun 85/611/EBE	Þessi tilskipun
Fyrsti og annar undirliður d-liðar 1. mgr. 19. gr.	i. og ii. liður d-liðar 1. mgr. 50. gr.
Inngangsorð e-liðar 1. mgr. 19. gr.	Inngangsorð e-liðar 1. mgr. 50. gr.
Fyrsti, annar, þriðji og fjórði undirliður e-liðar 1. mgr. 19. gr.	i., ii., iii. og iv. liður e-liðar 1. mgr. 50. gr.
f-liður 1. mgr. 19. gr.	f-liður 1. mgr. 50. gr.
Inngangsorð g-liðar 1. mgr. 19. gr.	Inngangsorð g-liðar 1. mgr. 50. gr.
Fyrsti, annar og þriðji undirliður g-liðar 1. mgr. 19. gr.	i., ii. og iii. liður g-liðar 1. mgr. 50. gr.
Inngangsorð h-liðar 1. mgr. 19. gr.	Inngangsorð h-liðar 1. mgr. 50. gr.
Fyrsti, annar, þriðji og fjórði undirliður h-liðar 1. mgr. 19. gr.	i., ii., iii. og iv. liður h-liðar 1. mgr. 50. gr.
Inngangsorð 2. mgr. 19. gr.	Inngangsorð 2. mgr. 50. gr.
a-liður 2. mgr. 19. gr.	a-liður 2. mgr. 50. gr.
c-liður 2. mgr. 19. gr.	b-liður 2. mgr. 50. gr.
d-liður 2. mgr. 19. gr.	Önnur undirgrein 2. mgr. 50. gr.
19. mgr. 4. gr.	50. mgr. 3. gr.
1. til 3. mgr. 21. gr.	1. til 3. mgr. 51. gr.
4. mgr. 21. gr.	—
—	4. mgr. 51. gr.
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 22. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 52. gr.
Inngangsorð annarar undirgreinar 1. mgr. 22. gr.	Inngangsorð annarar undirgreinar 1. mgr. 52. gr.
Fyrsti og annar undirliður annarrar undirgreinar 1. mgr. 22. gr.	a- og b-liður annarrar undirgreinar í 1. mgr. 52. gr.
Fyrsta undirgrein 2. mgr. 22. gr.	Fyrsta undirgrein 2. mgr. 52. gr.
Inngangsorð annarar undirgreinar 2. mgr. 22. gr.	Inngangsorð annarar undirgreinar 2. mgr. 52. gr.
Fyrsti, annar og þriðji undirliður annarrar undirgreinar 2. mgr. 22. gr.	a-, b- og c-liður í annarri undirgrein 2. mgr. 52. gr.
3. til 5. mgr. 22. gr.	3. til 5. mgr. 52. gr.
Inngangsorð1. mgr. 22. gr. a	Inngangsorð 1. mgr. 53. gr.
Fyrsti, annar og þriðji undirliður 1. mgr. 22. gr. a	a-, b- og c-liður 1. mgr. 53. gr.
2. mgr. 22. gr. a	2. mgr. 53. gr.
23. gr.	54. gr.
24. gr.	55. gr.
24. gr. a	70. gr.
1. mgr. 25. gr.	1. mgr. 56. gr.
Inngangsorð fyrstu undirgreinar 2. mgr. 25. gr.	Inngangsorð fyrstu undirgreinar 2. mgr. 56. gr.
Fyrsti, annar, þriðji og fjórði undirliður fyrstu undirgreinar 2. mgr. 25. gr.	a-, b-, c- og d-liður í fyrstu undirgrein 2. mgr. 56. gr.
Önnur undirgrein 2. mgr. 25. gr.	Önnur undirgrein 2. mgr. 56. gr.
3. mgr. 25. gr.	3. mgr. 56. gr.
26. gr.	57. gr.
—	58. til 67. gr.
Inngangsorð 1. mgr. 27. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 68. gr.
Fyrsti undirliður 1. mgr. 27. gr.	—
Annar, þriðji og fjórði undirliður 1. mgr. 27. gr.	a-, b- og c-liður 1. mgr. 68. gr.

Tilskipun 85/611/EBE	Þessi tilskipun
Inngangsorð 2. mgr. 27. gr.	Inngangsorð 2. mgr. 68. gr.
Fyrsti og annar undirliður 2. mgr. 27. gr.	a- og b-liður 2. mgr. 68. gr.
1. og 2. mgr. 28. gr.	1. og 2. mgr. 69. gr.
3. og 4. mgr. 28. gr.	—
5. og 6. mgr. 28. gr.	3. og 4. mgr. 69. gr.
29. gr.	71. gr.
30. gr.	72. gr.
31. gr.	73. gr.
32. gr.	74. gr.
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 33. gr.	—
Önnur undirgrein 1. mgr. 33. gr.	1. mgr. 75. gr.
2. mgr. 33. gr.	1. mgr. 75. gr.
3. mgr. 33. gr.	3. mgr. 75. gr.
—	4. mgr. 75. gr.
34. gr.	76. gr.
35. gr.	77. gr.
—	78. til 82. gr.
Inngangsorð fyrstu undirgreinar 1. mgr. 36. gr.	Inngangsorð fyrstu undirgreinar 1. mgr. 83. gr.
Fyrsti og annar undirliður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 36. gr.	a- og b-liður fyrstu undirgreinar í 1. mgr. 83. gr.
Lokaorð fyrstu undirgreinar 1. mgr. 36. gr.	Inngangsorð fyrstu undirgreinar 1. mgr. 83. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 36. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 83. gr.
2. mgr. 36. gr.	2. mgr. 83. gr.
37. gr.	84. gr.
38. gr.	85. gr.
39. gr.	86. gr.
40. gr.	87. gr.
Inngangsorð 1. mgr. 41. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 88. gr.
Fyrsti og annar undirliður 1. mgr. 41. gr.	a- og b-liður 1. mgr. 88. gr.
Lokasetning 1. mgr. 41. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 88. gr.
2. mgr. 41. gr.	2. mgr. 88. gr.
Inngangsorð 42. gr.	Inngangsorð 89. gr.
Fyrsti og annar undirliður 42. gr.	a- og b-liður 89. gr.
Lokasetning 42. gr.	Inngangsorð 89. gr.
43. gr.	90. gr.
1. til 3. mgr. 44. gr.	—
—	1. til 4. mgr. 91. gr.
45. gr.	92. gr.
Inngangsorð fyrstu málsgreinar 46. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 93. gr.
—	Önnur undirgrein 1. mgr. 93. gr.
Fyrsti undirliður fyrstu málsgreinar 46. gr.	—
Annar, þriðji og fjórði undirliður fyrstu málsgreinar. 46. gr.	a-liður 2. mgr. 93. gr.
Fimmti undirliður 1. mgr. 46. gr.	—
Önnur málsgrein 46. gr.	—
—	b-liður 2. mgr. 93. gr.

Tilskipun 85/611/EBE	Þessi tilskipun
—	3. til 8. mgr. 93. gr.
47. gr.	94. gr.
—	95. gr.
48. gr.	96. gr.
1. til 3. mgr. 49. gr.	1. til 3. mgr. 97. gr.
4. mgr. 49. gr.	—
—	98. til 100. gr.
1. mgr. 50. gr.	1. mgr. 101. gr.
—	2. til 9. mgr. 101. gr.
2. til 4. mgr. 50. gr.	1. til 3. mgr. 102. gr.
Inngangsorð 5. mgr. 50. gr.	Inngangsorð 4. mgr. 102. gr.
Fyrsti, annar, þriðji og fjórði undirliður 5. mgr. 50. gr.	a-, b-, c- og d-liður 4. mgr. 102. gr.
Inngangsorð og a- og b-liður í 6. mgr. 50. gr.	Inngangsorð fyrstu undirgreinar 5. mgr. 102. gr.
Fyrsti, annar og þriðji undirliður b-liðar 6. mgr. 50. gr.	a-, b- og c-liður í fyrstu undirgrein 5. mgr. 102. gr.
Lokasetning b-liðar 6. mgr. 50. gr.	Önnur og þriðja undirgrein 5. mgr. 102. gr.
Inngangsorð fyrstu undirgreinar 7. mgr. 50. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 103. gr.
Fyrsti og annar undirliður fyrstu undirgreinar 7. mgr. 50. gr.	a- og b-liður 1. mgr. 103. gr.
Inngangsorð annarar undirgreinar 7. mgr. 50. gr.	Inngangsorð 2. mgr. 103. gr.
Fyrsti, annar og þriðji undirliður annarrar undirgreinar 7. mgr. 50. gr.	a-, b- og c-liður 2. mgr. 103. gr.
Þriðja undirgrein 7. mgr. 50. gr.	3. mgr. 103. gr.
Fyrsta undirgrein 8. mgr. 50. gr.	4. mgr. 103. gr.
Inngangsorð annarar undirgreinar 8. mgr. 50. gr.	Inngangsorð fyrstu undirgreinar 5. mgr. 103. gr.
Fyrsti, annar og þriðji undirliður annarrar undirgreinar 8. mgr. 50. gr.	a-, b- og c-liður í fyrstu undirgrein 5. mgr. 103. gr.
Þriðja undirgrein 8. mgr. 50. gr.	6. mgr. 103. gr.
fjórða undirgrein 8. mgr. 50. gr.	Önnur undirgrein 5. mgr. 103. gr.
Fimmta undirgrein 8. mgr. 50. gr.	7. mgr. 103. gr.
Sjötta undirgrein 8. mgr. 50. gr.	—
9. til 11. mgr. 50. gr.	1. til 3. mgr. 104. gr.
—	105. gr.
Inngangsorð 1. mgr. 50. gr. a	Inngangsorð fyrstu undirgreinar 1. mgr. 106. gr.
Inngangsorð a-liðar 1. mgr. 50. gr. a	Inngangsorð fyrstu undirgreinar 1. mgr. 106. gr.
Fyrsti, annar og þriðji undirliður 1. mgr. 50. gr. a	a-, b- og c-liður í fyrstu undirgrein 1. mgr. 106. gr.
b-liður 1. mgr. 50. gr. a	Önnur undirgrein 1. mgr. 106. gr.
2. mgr. 50. gr. a	2. mgr. 106. gr.
1. og 2. mgr. 51. gr.	1. og 2. mgr. 107. gr.
—	3. mgr. 107. gr.
1. mgr. 52. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 108. gr.
2. mgr. 52. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 108. gr.
3. mgr. 52. gr.	2. mgr. 108. gr.
—	3. til 6. mgr. 108. gr.
52. gr. a	1. og 2. mgr. 109. gr.

Tilskipun 85/611/EBE	Þessi tilskipun
—	3. og 4. mgr. 109. gr.
1. mgr. 52. gr. b	1. mgr. 110. gr.
2. mgr. 52. gr. b	—
3. mgr. 52. gr. b	2. mgr. 110. gr.
53. gr. a	111. gr.
1. mgr. 53. gr. b	1. mgr. 112. gr.
2. mgr. 53. gr. b	2. mgr. 112. gr.
—	3. mgr. 112. gr.
54. gr.	1. mgr. 113. gr.
55. gr.	2. mgr. 113. gr.
1. mgr. 56. gr.	3. mgr. 113. gr.
2. mgr. 56. gr.	—
57. gr.	—
—	114. gr.
58. gr.	2. mgr. 116. gr.
—	115. gr.
—	1. mgr. 116. gr.
—	117. og 118. gr.
59. gr.	119. gr.
Fylgiskjöl A og B í I. viðauka,	Fylgiskjöl A og B í I. viðauka,
Fylgiskjal C í I. viðauka,	—
II. viðauki	II. viðauki
—	III. viðauki
—	IV. viðauki

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2009/83/EB **2013/EES/4/75**

frá 27. júlí 2009

um breytingu á tilteknum viðaukum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB að því er varðar tæknileg ákvæði um áhættustýringu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana ([1]), einkum l-lið 1. mgr. 150. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að tryggja samræmda framkvæmd og beitingu tilskipunar 2006/48/EB alls staðar innan Evrópusambandsins kom evrópska bankaeftirlitsnefndin á fót vinnuhópi (Hópur vegna lögleiðingar tilskipunar um eiginfjárkröfur — CRDTG) árið 2006 sem falið var það verkefni að fjalla um og leysa álitaefni í tengslum við framkvæmd og beitingu tilskipunarinnar. Samkvæmt vinnuhópnum þarf að tilgreina nánar viss tæknileg ákvæði, sem tiltekin eru í V., VI., VII., VIII., IX., X. og XII. viðauka tilskipunar 2006/48/EB, til þess að tryggja samleitni í beitingu þeirra. Auk þess eru tiltekin ákvæði ekki í samræmi við traustar áhættustýringaraðferðir lánastofnana. Af þeim sökum er rétt að leiðrétta þessi ákvæði.

2) Til að tryggja að innri markaðnum sé að fullu komið á er nauðsynlegt að skýra hvernig lánastofnun getur sýnt fram á að um sé að ræða umtalsverða yfirfærslu á áhættu utan efnahagsreiknings hennar. Einnig er rétt að hækka breytistuðul lausafjárfyrirgreiðslu sem lánastofnanir veita utan efnahagsreiknings.

3) Því ber að breyta tilskipun 2006/48/EB til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit evrópsku bankanefndarinnar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 2006/48/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað 8. liðar í V. viðauka komi eftirfarandi:

„8. Áhætta, sem verður til vegna verðbréfunarviðskipta, þar sem lánastofnanir eru fjárfestir, upphafs- eða aðildarlánastofnun, skal metin og dregið úr henni með viðeigandi stefnumörkun og verklagsreglum. Stefnumörkun og verklagsreglur þessar skulu einkum tryggja að efnahagslegt inntak viðskiptanna endurspeglist að fullu í áhættumati og stjórnunarákvörðunum.“,

2. Ákvæðum 1. hluta VI. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað inngangsorðanna í 29. lið komi eftirfarandi:

„29. Áhættukröfur gagnvart stofnunum með lengri eftirstöðvatíma en þrjá mánuði fram að gjalddaga sem hafa lánshæfismat frá tilnefndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun, skulu áhættuvegnar í samræmi við töflu 4, í samræmi við ákvörðun lögbærra yfirvalda um lánshæfismat viðurkenndra utanaðkomandi lánshæfismatsstofnana í sex þrepum á matskvarðanum fyrir lánshæfisgæði.“

b) í stað inngangsorðanna í 31. lið komi eftirfarandi:

„31. Áhættukröfur gagnvart stofnun með styttri eftirstöðvatíma en þrjá mánuði fram að gjalddaga sem hefur lánshæfismat frá tilnefndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun, skulu áhættuvegnar í samræmi við töflu 5, í samræmi við ákvörðun lögbærra yfirvalda um lánshæfismat viðurkenndra utanaðkomandi lánshæfismatsstofnana á sex þrepum á matskvarðanum fyrir lánshæfisgæði.“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 196, 28.7.2009, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 120/2010 frá 10. nóvember 2010 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 12, 3.3.2011, bls. 20.

([1]) Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1.

c) Í stað 14. liðar komi eftirfarandi:

„14. ÁHÆTTUKRÖFUR GAGNVART STOFNUNUM OG FYRIRTÆKJUM MEÐ SKAMMTÍMALÁNSHÆFISMAT

d) í stað inngangsorðanna í 73. lið komi eftirfarandi:

„73. Áhættukröfur gagnvart stofnunum sem 29. til 32. liður eiga við um og áhættukröfur gagnvart fyrirtækjum sem hafa lánshæfismat til skamms tíma frá tilnefndri utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun skulu áhættuvegnar í samræmi við töflu 7, í samræmi við ákvörðun lögbærra yfirvalda um lánshæfismat viðurkenndra utanaðkomandi lánshæfismatsstofnana í sex þrepum á matskvarðanum fyrir lánshæfisgæði:“,

e) eftirfarandi 90. liður bætist við:

„90. Virði áhættukröfu vegna leigusamninga skal vera afvöxtuð lágmarksleigugreiðsla. „Lágmarksleigugreiðslur“ eru greiðslur á leigutímanum sem leigutakinn er eða getur verið krafinn um að greiða og öll vildarkjör (þ.e. að nokkuð víst sé að rétturinn verði nýttur). Allt tryggt hrakvirði, sem uppfyllir skilyrðin í 26., 27. og 28. lið 1. hluta VIII. viðauka, að því er varðar hæfi aðila sem veita vörn, ásamt lágmarkskröfunum um færslu annarra tegunda trygginga í 14. til 19. lið 2. hluta VIII. viðauka, skal einnig vera innifalið í lágmarksleigugreiðslum. Þessum áhættukröfum skal raðað á viðeigandi flokk áhættukröfu í samræmi við 79. gr. Sé áhættukrafan hrakvirði leigðra eigna skal reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættukrafna þannig: 1/t * 100% * virði áhættukröfu þar sem t er hærra en 1 og sá fjöldi ára sem næstur er heilum árum af eftirstandandi leigu.“

3. Ákvæðum 1. hluta VII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 25. liðar komi eftirfarandi:

„25. Fjárhæð áhættuveginnar áhættukröfu skal vera hugsanlegt tap á hlutabréfaáhættu lánastofnunarinnar, sem er fengið með notkun innri vágildislíkana sem eru háð 99. hundraðshlutamarki miðað við einhliða öryggismörk munarins á ársfjórðungslegum skýrslum og viðkomandi áhættulausum vöxtum, reiknað á löngu úrtakstímabili, margfaldað með 12,5. Fjárhæð áhættuveginnar áhættukröfu á stigi hlutabréfasafns skal ekki vera lægri en summa lágmarksfjárhæða þeirra áhættuveginna áhættukrafna sem krafist er samkvæmt aðferðinni „líkur á vanefndum/tap að gefnum vanefndum“ (PD/LGD) og samsvarandi fjárhæða vænts taps, margfölduð með 12,5 og reiknuð á grundvelli virðislíkinda vanefnda, sem eru sett fram í 24. lið 2. hluta, og samsvarandi virðis taps að gefnum vanefndum sem sett er fram í 25. og 26. lið 2. hluta.“,

b) Í stað 27. liðar komi eftirfarandi:

„27. Fjárhæðir áhættuveginna áhættukrafna skulu reiknaðar í samræmi við eftirfarandi formúlu:

Fjárhæð áhættuveginnar áhættukröfu = 100% * virði áhættukröfu,

sé áhættukrafan hrakvirði leigðra eigna skal reikna fjárhæð hennar þannig:

1/t * 100% * virði áhættukröfu,

þar sem t er hærra gildi eftirfarandi: 1 eða næsti fjöldi heilla ára eftirstandandi leigu.“

4. Ákvæðum 2. hluta VII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað c-liðar 13. liðar:

„c) Vegna áhættukrafna sem verða til vegna afleiðugerninga sem eru að öllu eða mestu leyti tryggðir (eins og lýst er í IV. viðauka) og lánveitinga sem eru tryggðar að öllu eða nær öllu leyti með veði í verðbréfum og háðar rammasamningi um skuldajöfnun skal M vera vegið meðaltal eftirstandandi binditíma viðskiptanna og skal M vera a.m.k. 10 dagar. Vegna endurhverfra viðskipta, verðbréfa- eða hrávörulánveitinga eða -lántöku samkvæmt rammasamningi um skuldajöfnun skal M vera vegið meðaltal eftirstandandi binditíma viðskiptanna og skal M vera a.m.k. 5 dagar. Fjárhæð sem liggur til grundvallar hverjum viðskiptum skal notuð sem vog á binditímann,“,

b) í stað inngangsorðanna í 14. lið komi eftirfarandi:

„14. Þrátt fyrir a-, b-, c-, d- og e-lið 13. liðar skal M vera a.m.k. einn dagur vegna:“

5. Í 4. hluta VII. viðauka komi eftirfarandi í stað 96. liðar:

„96. Kröfurnar í 97.–104. lið skulu ekki gilda um tryggingar, sem stofnanir, ríkisstjórnir, seðlabankar og viðskiptafyrirtæki setja fram, sem uppfylla kröfurnar, sem mælt er fyrir um í g-lið 26. liðar í 1. hluta VIII. viðauka, ef lánastofnunin hefur fengið samþykki fyrir að beita reglunum í 78.–83. gr. vegna áhættukrafna gagnvart slíkum aðilum. Í þessu tilviki skulu kröfurnar í 90.–93. gr. gilda.“,

6. Ákvæðum 1. hluta VIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í 9. lið bætist eftirfarandi undirliður við:

„Takmarki fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu sig ekki við fjárfestingu í gerningum sem eru hæf veð skv. 7. og 8. lið, má færa hlutdeild með verðmæti veðhæfra eigna sem tryggingu samkvæmt þeirri forsendu að fyrirtækið um sameiginlega fjárfestingu hafi fjárfest eins mikið og umboð þess leyfir í óveðhæfum eignum. Í þeim tilvikum þar sem óveðhæfar eignir geta haft neikvætt virði vegna skuldbindinga eða ábyrgðarskuldbindinga sem leiða af eignarhaldi reiknar lánastofnunin heildarvirði óveðhæfra eigna og lækkar virði veðhæfra eigna um virði óveðhæfra eigna, sé hið síðara með neikvæða samtölu.“,

b) Í 11. lið bætist eftirfarandi undirliður við:

„Takmarki fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu sig ekki við fjárfestingu í gerningum, sem eru hæf veð skv. 7. og 8. lið, og liðum, sem um getur í a-lið þessa liðar, má færa hlutdeild með verðmæti veðhæfra eigna sem tryggingu samkvæmt þeirri forsendu að fyrirtækið um sameiginlega fjárfestingu hafi fjárfest eins mikið og umboð þess leyfir í óveðhæfum eignum. Í tilvikum, þar sem óveðhæfar eignir geta haft neikvætt virði vegna skuldbindinga eða ábyrgðarskuldbindinga, sem leiða af eignarhaldi, reiknar lánastofnunin heildarvirði óveðhæfra eigna og lækkar virði veðhæfra eigna um virði óveðhæfra eigna, sé hið síðara með neikvæða samtölu.“,

7. Ákvæðum 2. hluta VIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 13. liðar komi eftirfarandi:

„13. Uppfylla skal öll eftirfarandi skilyrði til að unnt sé að viðurkenna líftryggingarsamninga sem eru veðsettir lánastofnuninni sem veitir lánið:

a) líftryggingin er veðsett eða yfirfærð lánastofnuninni sem lánar,

b) fyrirtækið, sem veitir líftrygginguna, skal vera upplýst um veðsetninguna eða úthlutunina og þar af leiðandi ekki greiða hana út samkvæmt skilmálum hennar nema með samþykki lánastofnunarinnar sem lánar,

c) lánastofnun er heimilt að afturkalla trygginguna og taka við endurkaupsvirði komi til vanskila lántaka,

d) lánastofnunin, sem lánar, er upplýst um allar hugsanlegar vanefndir tryggingartaka varðandi innborganir samkvæmt tryggingarskilmálunum,

e) útlánavörnin gildir allan binditíma lánsins. Þegar því verður ekki viðkomið vegna loka tryggingatengsla áður en lánatengsl falla úr gildi, verður lánastofnun að sjá til þess að fjárhæðin, sem leidd er af tryggingarsamningi, gegni hlutverki tryggingar fyrir lánastofnun til loka lánssamningsins,

f) veðsetning eða framsal er lögmætt og aðfararhæft í öllum viðkomandi lögsögum við samþykki lánssamningsins,

g) félagið, sem veitir líftrygginguna, fastsetur endurkaupsvirðið og er ekki hægt að lækka það,

h) greiða skal endurkaupsvirðið fljótt upp þegar farið er fram á það,

i) ekki er hægt að fara fram á endurkaupsvirðið án samþykkis lánastofnunar,

j) félagið, sem veitir líftrygginguna, fellur undir tilskipun 2002/83/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (*) 2001/17/EB eða fellur undir eftirlit lögbærra yfirvalda þriðja lands þar sem eftirlits- og lagareglur eru að minnsta kosti jafnstrangar og þær sem stuðst er við í Bandalaginu.“

(*) Stjtíð. EB L 110, 20.4.2001, bls. 28.

b) í stað inngangsorðanna í 16. lið komi eftirfarandi:

„16. Þegar áhættuskuldbinding er varin með tryggingu sem er með gagnábyrgð ríkisstjórnar eða seðlabanka, héraðsstjórnar eða staðaryfirvalda, opinbers aðila, séu kröfur á hann meðhöndlaðar sem kröfur á ríkisstjórn þess lögsagnarumdæmis þar sem hann hefur staðfestu samkvæmt 78.–83. gr., fjölþjóðlegs þróunarbanka eða alþjóðastofnunar með 0% áhættuvog samkvæmt 78.–83. gr., eða opinbers aðila, séu kröfur á hann meðhöndlaðar sem kröfur á lánastofnanir samkvæmt 78.–83. gr., má fara með áhættuskuldbindinguna eins og hún sé varin með ábyrgð veittri af viðkomandi aðila, að því gefnu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:“,

8. Ákvæðum 3. hluta VIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 24. liðar komi eftirfarandi:

„24. Einfalda aðferðin við fjárhagslegar tryggingar skal aðeins vera tiltæk þegar fjárhæðir áhættuveginna áhættukrafna eru reiknaðar í samræmi við 78.–83. gr. Lánastofnun getur ekki bæði notað einfalda aðferð fjárhagslegra trygginga og heildaraðferð fjárhagslegra trygginga, nema að því er varðar 1. mgr. 85. gr. og 1. mgr. 89. gr. Lánastofnanir skulu sýna lögbærum yfirvöldum fram á að beiting beggja aðferðanna í undantekningartilvikum sé ekki notuð á valvísan hátt í þeim tilgangi að draga úr lágmarkskröfum um eigið fé og hefur ekki í för með sér eftirlitshögnun (regulatory arbitrage).“,

b) Í stað 26. liðar komi eftirfarandi:

„26. Áhættuvog, sem væri notuð skv. 78.–83. gr. ef lánveitandinn hefði beina áhættukröfu í tryggingargerningi, skal notuð á þá hluta virðis áhættukrafnanna sem eru veðsettir með markaðsvirði viðurkenndrar tryggingar. Í því skyni skal virði áhættukröfu liðar utan efnahagsreiknings, sem skráður er í II. viðauka, vera 100% af virði hans, fremur en af virði áhættukröfunnar sem um getur í 1. mgr. 78. gr. Áhættuvog veðsetts hluta skal að lágmarki vera 20%, að undanskildu því sem tilgreint er í 27.–29. lið. Eftirstöðvar virðis áhættukröfu skulu hljóta þá áhættuvog sem væri beitt á ótryggða áhættukröfu gagnvart mótaðila skv. 78.–83. gr.“,

c) Í stað skilgreiningarinnar á breytunni „E“ í 33. lið komi eftirfarandi:

„E er virði áhættukröfu, sem væri ákvarðað skv. 78.–83. gr. eða 84.–89. gr., eins og við á, ef áhættukrafan væri ekki veðsett. Í því skyni skulu fjárhæðir áhættukröfu í lið utan efnahagsreiknings, sem tilgreindur er í II. viðauka, vera 100% af virði hans fyrir lánastofnanir sem reikna áhættuvegnar fjárhæðir áhættukrafna skv. 78.–83. gr., fremur en virði áhættukrafna sem er tilgreint í 1. mgr. 78. gr., og fyrir lánastofnanir, sem reikna áhættuvegnar fjárhæðir áhættukrafna skv. 84.–89. gr., skal reikna áhættuvirði liða, sem tilgreindir eru í 9.–11. lið, 3. hluta, VII. viðauka með breytistuðlinum 100%, fremur en með breytistuðlum eða hlutföllum sem eru gefin upp í þessum lið.“,

d) Eftirfarandi málsliður bætist við í 69. lið:

„Í því skyni skal reikna virði áhættukröfu í liðum sem tilgreindir eru í 9., 10. og 11. lið í 3. hluta VII. viðauka með breytistuðli eða hlutfalli af 100%, fremur en með breytistuðlunum eða hlutföllunum sem eru tilgreind í þessum lið.“,

e) Í stað 75. liðar komi eftirfarandi:

„75. Nýti lögbær yfirvöld í aðildarríki sér heimildina skv. 73. lið er lögbærum yfirvöldum í öðru aðildarríki heimilt að leyfa lánastofnunum sínum að nota áhættuvogir sem eru heimilaðar skv. 73. lið að því er varðar áhættukröfur með veði í íbúðar- eða viðskiptahúsnæði á yfirráðasvæði fyrrverandi aðildarríkis sem fellur undir sömu skilyrði og eiga við í fyrrverandi aðildarríki.“,

f) Í stað 80. liðar komi eftirfarandi:

„80. Þegar skilyrðin, sem fram koma í 13. lið í 2. hluta, eru uppfyllt skal sá hluti veðsettrar áhættukröfu af gildandi endurkaupsvirði útlánavarnar sem fellur undir skilmála 24. liðar í 1. hluta vera annað af eftirfarandi:

a) í samræmi við áhættuvogir sem tilgreindar eru í lið 80a ef áhættukrafan er með fyrirvara um ákvæði 78.–83. gr.,

b) hluti úthlutaðs taps að gefnum 40% vanefndum, þar sem áhættan er með fyrirvara um ákvæði 84.–89. gr. en fellur ekki undir eigið mat lánastofnunar á tapi að gefnum vanefndum.

Sé um misvægi gjaldmiðla að ræða skal lækka núverandi endurkaupsvirði skv. 84. lið svo að virði útlánavarnarinnar sé núverandi endurkaupsvirði líftryggingarsamningsins.“,

g) Eftirfarandi 80. lið a skal bætt við á eftir 80. lið:

„80a. Að því er varðar a-lið 80. liðar skal nota eftirfarandi áhættuvogir á grundvelli þeirrar áhættuvogar sem ótryggðar forgangskröfur félagsins nota sem veitir líftrygginguna:

a) áhættuvog 20%, þar sem ótryggðar forgangskröfur félagsins, sem veitir líftrygginguna, eru settar í 20% áhættuvog,

b) áhættuvog 35%, þar sem ótryggðar forgangskröfur félagsins, sem veitir líftrygginguna, eru settar í 50% áhættuvog,

c) áhættuvog 70%, þar sem ótryggðar forgangskröfur félagsins, sem veitir líftrygginguna, eru settar í 100% áhættuvog,

d) áhættuvog 150%, þar sem ótryggðar forgangskröfur félagsins, sem veitir líftrygginguna, eru settar í 150% áhættuvog.“,

h) Í stað 87. liðar komi eftirfarandi:

„87. Að því er varðar 80. gr. skal g vera áhættuvog sem nota þarf á áhættukröfu, ef virði áhættukröfunnar (E) er að fullu varið með ófjármagnaðri útlánavörn (G_A), þar sem:

E er virði áhættukröfu skv. 78. gr., að því er þetta varðar, skal virði áhættukröfunnar í lið utan efnahagsreiknings, sem skráð er í II. viðauka vera 100% af virði hennar, fremur en af virði áhættukröfu sem tilgreint er í 1. mgr. 78. gr.,

g er áhættuvog áhættukröfu þess sem veitir gagnábyrgð, eins og tilgreint er skv. 78.–83. gr., og

G_A er virði G* eins og það er reiknað skv. 84. lið og leiðrétt enn frekar vegna misræmis í binditíma, eins og mælt er fyrir um í 4. hluta.“,

i) Í stað skilgreiningarinnar á breytunni „E“ í 88. lið komi eftirfarandi:

„E er virði áhættukröfunnar samkvæmt 78. gr. Í þessum tilgangi skal virði áhættukröfu liðar utan efnahagsreiknings, sem er skráð í II. viðauka, vera 100% af virði hennar, fremur en af virði áhættukröfunnar sem um getur í 1. mgr. 78. gr.,“,

j) Í stað 90., 91. og 92. liðar komi eftirfarandi:

„90. Fyrir þann hluta sem virði áhættukröfunnar (E) tekur til (sem er byggt á leiðréttu virði útlánavarnar G_A) geta líkur á vanskilum einstakra skuldara að því er 2. hluta VII. viðauka varðar verið líkur veitanda verndar á vanskilum einstakra skuldara eða líkur á vanskilum einstakra skuldara milli lántaka og ábyrgðaraðila sé ekki tekin ábyrgð á fullum skiptanleika. Sé um víkjandi áhættukröfu og ófjármagnaða vörn að ræða, sem ekki er víkjandi, skal tap að gefnum vanskilum skuldara, í skilningi 2. hluta VII. viðauka, vera það sem tengist forgangskröfum.

91. Fyrir þann hluta sem virði áhættukröfu (E) tekur ekki til skulu líkur á vanskilum einstakra skuldara vera líkur lántaka á vanskilum, en tap að gefnum vanskilum skuldara skal vera tap vegna þeirrar áhættu sem liggur til grundvallar.

92. G_A er virði G* sem reiknað er skv. 84. lið og leiðrétt frekar vegna misræmis binditíma eins og mælt er fyrir um í 4. hluta. E er virði áhættukröfunnar skv. 3. hluta VII. viðauka. Að því er þetta varðar skal reikna virði áhættukröfu liða, sem fram koma í 9.–11. lið í 3. hluta VII. viðauka með breytistuðli eða hlutfalli af 100%, fremur en með breytistuðlum eða hlutföllum sem eru tilgreind í þessum liðum.“,

9. Ákvæðum 2. hluta IX. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. lið:

i. Eftirfarandi komi í stað inngangsorðanna:

„1. Upphafslánastofnun hefðbundinnar verðbréfunar er heimilt að undanskilja verðbréfaðar áhættukröfur í útreikningi fjárhæða áhættuveginna áhættukrafna og fjárhæða vænts taps ef annað af eftirfarandi er uppfyllt:

a) talið er að umtalsverð lánsáhætta í tengslum við verðbréfaðar áhættukröfur hafi verið yfirfærð til þriðju aðila,

b) upphafslánastofnun beitir 1250% áhættuvog á allar verðbréfaðar stöður sem hún varðveitir í umræddri verðbréfun, eða dregur þessar verðbréfuðu stöður frá eigin sjóðum skv. r-lið 57. gr.“,

ii. eftirfarandi liðir 1a til 1d bætast við á eftir inngangsorðunum:

„1a. Hafi lögbær yfirvöld í sérstöku tilviki ákveðið að möguleg lækkun fjárhæða áhættuveginna áhættukrafna, sem upprunaleg lánastofnun gæti náð með þessari verðbréfun, verði ekki rökstudd með yfirfærslu samsvarandi lánsáhættu til þriðju aðila, skal tekið til athugunar að yfirfæra umtalsverða lánsáhættu í eftirfarandi tilvikum:

a) áhættuvegnar fjárhæðir áhættukrafna þeirra verðbréfuðu millilagsstaðna, sem upphafleg lánastofnun varðveitir í þessari verðbréfun, eru ekki hærri en 50% af áhættuvegnum fjárhæðum áhættukrafna allra verðbréfaðra millilagsstaðna sem er að finna í þessari verðbréfun,

b) ef engar verðbréfaðar millilagsstöður eru í tiltekinni verðbréfun og lánveitandi getur sýnt fram á að virði áhættukröfu verðbréfunarstaðna, sem væri háð frádrætti frá eigin tekjum eða með 1250% áhættuvog, væri umtalsvert hærra en viðunandi mat á væntu tapi á verðbréfunaráhættu, varðveitir lánastofnun lánveitanda ekki meira en 20% af áhættuvirði verðbréfunarstaðna sem væru háðar frádrætti frá eigin tekjum eða með 1250% áhættuvog.

1b. Að því er varðar lið 1a eru verðbréfaðar millilagsstöður þær verðbréfuðu stöður sem lægri áhættuvog en 1250% gildir um og sem hafa minni forgang en sú staða sem hefur mestan forgang í þessari verðbréfun og minni forgang en allar aðrar verðbréfaðar stöður í þessari verðbréfun sem:

a) þegar um er að ræða verðbréfaða stöðu, sem fellur undir 6.–36. lið í 4. hluta, er úthlutað 1. lánshæfisgæðaþrepi eða

b) þegar um er að ræða verðbréfaða stöðu, sem fellur undir 37.– 76. lið í 4. hluta, er úthlutað 1. eða 2. lánshæfisgæðaþrepi skv. 3. hluta.

1c. Annar kostur, auk liða 1a og 1b, er að líta svo á að umtalsverð lánsáhætta hafi verið yfirfærð ef lögbær yfirvöld telja að lánastofnun hafi fullnægjandi stefnu og aðferðir sem tryggi að sú lækkun eiginfjárkröfu, sem lántaki getur náð með verðbréfun, sé rökstudd með samsvarandi yfirfærslu lánsáhættu til þriðju aðila. Lögbær yfirvöld skulu einungis telja þetta fullnægjandi ef upphafleg lánastofnun getur sýnt fram á að slík yfirfærsla lánsáhættu til þriðju aðila sé einnig viðurkennd í tengslum við innri áhættustýringu lánastofnunar og úthlutun hennar á innra fé.

1d. Til viðbótar við liði 1 til 1c skal eftirfarandi skilyrðum fullnægt:“,

b) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 2. lið:

i. Eftirfarandi komi í stað inngangsorðanna:

„2. Upphafslánastofnun gerviverðbréfunar (synthetic) er heimilt að reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættukrafna og, þar sem við á, fjárhæðir vænts taps vegna verðbréfaðra áhættukrafna í samræmi við 3. og 4. lið, sé annað af eftirfarandi uppfyllt:

a) umtalsverð útlánaáhætta er talin hafa verið yfirfærð til þriðju aðila, annaðhvort með fjármagnaðri eða ófjármagnaðri útlánavörn,

b) upphafslánastofnun beitir 1250% áhættuvog á allar verðbréfaðar stöður, sem hún varðveitir í þessari verðbréfun, eða dregur þessar verðbréfuðu stöður frá eigin sjóðum skv. r-lið 57. gr.“,

ii. Eftirfarandi liðir 2a til 2d bætast við á eftir inngangsorðunum:

„2a. Hafi lögbær yfirvöld í sérstökum tilvikum ákveðið að möguleg lækkun fjárhæða áhættuveginna áhættukrafna, sem upprunaleg lánastofnun getur náð með þessari verðbréfun, byggist ekki á yfirfærslu samsvarandi lánsáhættu til þriðju aðila skal telja að umtalsverð lánsáhætta hafi verið yfirfærð ef annað eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

a) áhættuvegnar fjárhæðir áhættukrafna verðbréfaðra millilagsstaðna sem upphafleg lánastofnun varðveitir í þessari verðbréfun eru ekki hærri en 50% af áhættuvog áhættufjárhæða allra verðbréfaðra millilagsstaðna sem fyrir hendi eru í þessari verðbréfun,

b) ef engar verðbréfaðar millilagsstöður eru í tiltekinni verðbréfun og lánveitandi getur sýnt fram á að virði áhættukrafna verðbréfunarstaðna, sem væri háð frádrætti frá eigin tekjum eða með 1250% áhættuvog, væri umtalsvert hærra en viðunandi mat á væntu tapi á verðbréfunaráhættu, varðveitir lánastofnun lánveitanda ekki meira en 20% af áhættuvirði verðbréfunarstaðna, sem væru háðar frádrætti frá eigin tekjum, eða með 1250% áhættuvog.

2b. Að því er varðar lið 2a eru verðbréfaðar millilagsstöður þær verðbréfuðu stöður sem fá lægri áhættuvog en 1250% og hafa minni forgang en staðan í þessari verðbréfun sem hefur mestan forgang og minni forgang en verðbréfuð staða í þessari verðbréfun sem:

a) þegar um verðbréfaða stöðu er að ræða, fellur undir 6.–36. lið í 4. hluta, er úthlutað 1. lánshæfisgæðaþrepi eða

b) þegar um verðbréfaða stöðu er að ræða, fellur undir 37.–76. lið í 4. hluta, er úthlutað 1. eða 2. lánshæfisgæðaþrepi skv. 3. hluta.

2c. Annar kostur, auk liða 2a og 2b, er að líta svo á að umtalsverð lánsáhætta hafi verið yfirfærð ef lögbær yfirvöld telja að lánastofnun hafi fullnægjandi stefnu og aðferðir sem tryggi að sú lækkun eiginfjárkröfu sem lántaki getur náð með verðbréfun sé rökstudd með samsvarandi lánsáhættu til þriðju aðila. Lögbær yfirvöld skulu einungis telja þetta fullnægjandi ef upphafleg lánastofnun getur sýnt fram á að slík yfirfærsla lánsáhættu til þriðju aðila sé einnig viðurkennd í tengslum við innri áhættustýringu lánastofnunar og úthlutun hennar á innra fé.

2d. Auk þess skal flutningurinn uppfylla eftirfarandi skilyrði:“,

10. Ákvæðum 4. hluta IX. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna í 13. mgr. komi eftirfarandi:

„Þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt ákvarðast virði áhættukröfu með því að nota 50% umbreytingarstuðul á nafnverð lausafjárfyrirgreiðslu:“,

b) Liður 2.4.2 og 14. liður falli brott,

c) Ákvæði 48. liðar falli brott,

d) Liður 3.5.1 og 56. liður falli brott,

11. Í 2. hluta X. viðauka komi eftirfarandi í stað 1. liðar:

„1. Reikna skal eiginfjárkröfu vegna rekstraráhættu sem þriggja ára meðaltal árlegra samtalna eiginfjárkrafna eftir viðskiptasviðunum sem um getur í töflu 2. Á hverju ári er hægt að jafna neikvæðar eiginfjárkröfur (sem verða til vegna neikvæðra, vergra tekna), á hvaða viðskiptasviði sem er, við jákvæðar eiginfjárkröfur á öðrum viðskiptasviðum án takmarkana. Sé samanlögð eiginfjárkrafa á öllum viðskiptasviðum innan ákveðins árs neikvæð skal virðið fyrir það ár sem notað er í útreikningunum vera núll.“,

12. Ákvæðum 3. hluta X. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 14. liðar komi eftirfarandi:

„14. Lánastofnanir verða að vera færar um að kortleggja upplýsingar sínar um fengna reynslu af tapi inn á viðskiptasviðin, sem eru skilgreind í 2. hluta, og inn á atburðategundir, sem eru skilgreindar í 5. hluta, og veita lögbærum yfirvöldum þessar upplýsingar, óski þau eftir þeim. Tapatburðum, sem hafa áhrif á heila stofnun, skal úthluta á viðbótarviðskiptasviðið „fyrirtækisliðir“ í undantekningartilvikum. Skjalfesta þarf hlutlægar viðmiðanir vegna dreifingar á tapi á tilgreind viðskiptasvið og atburði. Tap rekstraráhættu, sem tengist lánsáhættu og hefur jafnan verið innifalið í innri gagnagrunni yfir lánsáhættu, verður að vera skráð í gagnagrunn yfir rekstraráhættu og tilgreint sérstaklega. Slíkt tap er ekki hluti af kostnaði vegna rekstraráhættu, svo fremi það sé áfram farið með það sem lánsáhættu í tengslum við útreikning á lágmarkskröfum um eigið fé. Tap vegna rekstraráhættu, sem tengist markaðsáhættu, skal vera innifalið í kröfum um eigið fé vegna rekstraráhættu.“,

b) Í stað 29. liðar komi eftirfarandi:

„29. Fjármagnstakmörkun sem leiðir af viðurkenningu trygginga og annarra aðferða við yfirfærslu áhættu má ekki vera hærri en 20% af eiginfjárkröfu vegna rekstraráhættu fyrir viðurkenningu aðferða við að draga úr útlánaáhættu.“,

13. Í 10. lið 2. hluta XII. viðauka bætast eftirfarandi d- og e-liður við:

„d) hæsta gildi, lægsta gildi og meðalgildi daglegra mælinga vágildis (value-at-risk) á skýrslutímabilinu og mæling vágildis við lok tímabilsins,

e) samanburður daglegra mælinga vágildis við lok dags við eins dags breytingar á verðgildi verðbréfasafnsins við lok síðari viðskiptadags ásamt greiningu mikilvægra mælinga sem fara yfir mörk á skýrslutímabilinu.“,

14. Í 3. hluta XII. viðauka komi eftirfarandi í stað 3. liðar:

„3. Lánastofnanir, sem nota aðferðina, sem er sett fram í 105. gr. við útreikninga á kröfum um eigið fé vegna rekstraráhættu, skulu birta lýsingu á notkun trygginga og annarra aðferða við yfirfærslu áhættu í því skyni að draga úr áhættunni.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. október 2010. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 31. desember 2010.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel, 27. júlí 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Charlie McCREEVY

framkvæmdastjóri.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/76**

frá 8. febrúar 2010

um undanþágu frá því að færa díasínón á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 749)

(2010/71/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna ([1]), einkum annarri undirgrein 2. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna ([2]) er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB.

2) Díasínón er í þeirri skrá fyrir notkun í sæfiefnaflokki 18, skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að halda öðrum liðdýrum í skefjum, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við tilskipun 98/8/EB.

3) Frestur til framlagningar fullnaðarmálsskjala að því er varðar virk efni til notkunar í sæfiefnaflokki 18 var 30. apríl 2006. Ekki bárust þó nein fullnaðarmálsskjöl innan téðs frests.

4) Framkvæmdastjórnin tilkynnti aðildarríkjunum um það. Framkvæmdastjórnin birti þessar upplýsingar einnig opinberlega með rafrænum hætti 14. júní 2006.

5) Innan þriggja mánaða frá birtingunni lét fyrirtæki í ljós áhuga á að taka við hlutverki þátttakanda að því er varðar díasínón til notkunar í sæfiefnaflokki 18.

6) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 29. nóvember 2007 um nýjan frest til að leggja fram málsskjöl fyrir tiltekin efni sem rannsökuð verða í 10 ára vinnuáætluninni sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 98/8/EB ([3]) var settur nýr frestur til framlagningar málsskjala til 30. apríl 2008.

7) Innan þessa nýja frests og áður en málsskjölin voru lögð fram hafði umsækjandinn samráð við Portúgal, skýrslugjafaraðildarríkið sem var tilnefnt til að leggja mat á díasínón, til að spyrjast fyrir um hvort viðmiðunarvaran flóakragi teljist sæfiefni eða dýralyf.

8) Að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina og önnur aðildarríki greindi Portúgal umsækjandanum frá því að flest aðildarríki teldu flóakraga, eins og þann sem umsækjandi hefur sett á markað, ekki til sæfiefna heldur dýralyfja eins og skilgreint er í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB ([4]).

9) Að teknu tilliti til þessa álits lagði umsækjandinn ekki fram málsskjöl að því er varðar færslu díasínóns á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB, í sæfiefnaflokki 18. Samkvæmt 4. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 er ekki lengur heimilt að taka við hlutverki þátttakanda að því er varðar díasínón í sæfiefnaflokki 18.

10) Þar eð umsækjandi lagði ekki fram málsskjöl áður en tiltekinn frestur rann út skal ekki færa díasínón á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB, í sæfiefnaflokki 18.

11) Nauðsynlegt er að innleiða lengra tímabil til að taka flóakraga, sem tiltekin aðildarríki settu á markað sem sæfiefni, af markaði í áföngum svo unnt sé að leyfa þá sem dýralyf í samræmi við tilskipun 2001/82/EB.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 36, 9.2.2010, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 128/2010 frá 10. desember 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 17, 31.3.2011, bls. 1.

([1]) Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3.

([3]) Stjtíð. ESB L 320, 6.12.2007, bls. 35.

([4]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfiefni.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ekki skal færa díasínón (CAS-nr. 333-41-5, EB-nr. 206-373-8) á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB, í sæfiefnaflokki 18.

2. gr.

Flóakragar, sem voru settir á markað sem sæfiefni og innihalda díasínón til notkunar í sæfiefnaflokki 18, skulu, frá og með 1. mars 2013, ekki lengur settir á markað.

Önnur sæfiefni, sem innihalda díasínón til notkunar í sæfiefnaflokki 18, skulu, frá og með 1. mars 2011, ekki lengur sett á markað.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. febrúar 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros Dimas

framkvæmdastjóri.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/77**

frá 8. febrúar 2010

um að færa tiltekin efni ekki á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun vrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 751)

(2010/72/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna ([1]), einkum annarri undirgrein 2. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1451/2007 frá 4. desember 2007 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna ([2]) er skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar færslu þeirra á skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB.

2) Að því er varðar nokkur tiltekin efni eða samsetningar efna og sæfiefnaflokka, sem eru tilgreind í skránni, hafa allir þátttakendur annaðhvort hætt þátttöku í endurskoðunaráætluninni eða engin fullnaðarmálsskjöl höfðu borist aðildarríkinu, sem var tilnefnt sem skýrslugjafi, áður en frestirnir, sem tilgreindir eru í 9. gr. og 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007, runnu út.

3) Af þessum sökum og skv. 11. gr. (2. mgr.), 12. gr. (1. mgr.) og 13. gr. (5. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 hefur framkvæmdastjórnin tilkynnt aðildarríkjunum um það. Þessar upplýsingar voru einnig birtar opinberlega með rafrænum hætti 13. janúar 2009, 11. febrúar 2009 og 11. mars 2009.

4) Innan þriggja mánaða frá téðri birtingu höfðu hvorki aðili né aðildarríki látið í ljós áhuga á að taka við hlutverki þátttakanda að því er varðar viðkomandi efni og sæfiefnaflokka.

5) Samkvæmt 5. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 skal því ekki skrá viðkomandi efni og sæfiefnaflokka í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB.

6) Í þágu réttarvissu skulu sæfiefni sem innihalda virk efni í sæfiefnaflokkum, sem eru tilgreindir í viðaukanum við þessa ákvörðun ekki lengur sett á markað frá og með tiltekinni dagsetningu.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfiefni.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Efnin, sem tilgreind eru í viðaukanum við þessa ákvörðun, skal ekki skrá í viðkomandi sæfiefnaflokka í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB.

2. gr.

Með tilliti til 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007 skulu sæfiefni sem innihalda virk efni fyrir sæfiefnaflokkana sem tilgreindir eru í viðaukanum við þessa ákvörðun ekki lengur sett á markað frá og með 9. febrúar 2011.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. febrúar 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros Dimas

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 36, 9.2.2010, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 128/2010 frá 10. desember 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 17, 31.3.2011, bls. 1.

([1]) Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3.

VIÐAUKI

Efni og sæfiefnaflokkar sem ekki skal skrá í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB

Heiti	EB-númer	CAS-númer	Sæfiefna-flokkur	Skýrslugjafar-aðildarríki
Bis(1-sýklóhexýl-1,2-dí(hýdroxý-κ-O)-díaseníumató (2-))-kopar		312600-89-8	11	AT
Kalíumsalt af sýklóhexýlhýdroxýdíasen-1-oxíði		66603-10-9	11	AT
Peroxýoktansýra		33734-57-5	11	FR
Peroxýoktansýra		33734-57-5	12	FR
Bis(1-sýklóhexýl-1,2-dí(hýdroxý-κ-O)-díaseníumató (2-))-kopar		312600-89-8	12	AT
Brónópól	200-143-0	52-51-7	7	ES
Brónópól	200-143-0	52-51-7	10	ES
Klórkresól	200-431-6	59-50-7	10	FR
Maurasýra	200-579-1	64-18-6	9	BE
Bensósýra	200-618-2	65-85-0	11	DE
Própan-2-ól	200-661-7	67-63-0	9	DE
Própan-2-ól	200-661-7	67-63-0	10	DE
Própan-2-ól	200-661-7	67-63-0	11	DE
Própan-2-ól	200-661-7	67-63-0	12	DE
Etýlenoxíð	200-849-9	75-21-8	20	N
2-klórasetamíð	201-174-2	79-07-2	7	EE
2-klórasetamíð	201-174-2	79-07-2	9	EE
2-klórasetamíð	201-174-2	79-07-2	10	EE
2-klórasetamíð	201-174-2	79-07-2	11	EE
Glýkólsýra	201-180-5	79-14-1	12	LT
L-(+)-mjólkursýra	201-196-2	79-33-4	20	DE
Symklósen	201-782-8	87-90-1	7	UK
Symklósen	201-782-8	87-90-1	9	UK
Díklórfen	202-567-1	97-23-4	7	IE
Díklórfen	202-567-1	97-23-4	9	IE
Díklórfen	202-567-1	97-23-4	10	IE
Díklórfen	202-567-1	97-23-4	11	IE
Díklórfen	202-567-1	97-23-4	12	IE
Hexa-2,4-díensýra/sorbínsýra	203-768-7	110-44-1	7	DE
Hexa-2,4-díensýra/sorbínsýra	203-768-7	110-44-1	9	DE
Hexa-2,4-díensýra/sorbínsýra	203-768-7	110-44-1	10	DE

Heiti	EB-númer	CAS-númer	Sæfiefna-flokkur	Skýrslugjafar-aðildarríki
Glútaral	203-856-5	111-30-8	7	FI
Glútaral	203-856-5	111-30-8	9	FI
Glútaral	203-856-5	111-30-8	10	FI
Glútaral	203-856-5	111-30-8	22	FI
2-fenoxýetanól	204-589-7	122-99-6	7	UK
2-fenoxýetanól	204-589-7	122-99-6	10	UK
2-fenoxýetanól	204-589-7	122-99-6	11	UK
Setýlpýridíníumklóríð	204-593-9	123-03-5	6	UK
Setýlpýridíníumklóríð	204-593-9	123-03-5	7	UK
Setýlpýridíníumklóríð	204-593-9	123-03-5	9	UK
Setýlpýridíníumklóríð	204-593-9	123-03-5	20	UK
Koltvísýringur	204-696-9	124-38-9	15	FR
Koltvísýringur	204-696-9	124-38-9	20	FR
Nítrómetýlídýntrímetanól	204-769-5	126-11-4	11	UK
Nítrómetýlídýntrímetanól	204-769-5	126-11-4	12	UK
Tósýlklóramíðnatríum	204-854-7	127-65-1	9	ES
Tósýlklóramíðnatríum	204-854-7	127-65-1	10	ES
Kalíumdímetýldíþíókarbamat	204-875-1	128-03-0	10	UK
Natríumdímetýldíþíókarbamat	204-876-7	128-04-1	10	UK
Kaptan	205-087-0	133-06-2	7	IT
Kaptan	205-087-0	133-06-2	9	IT
Kaptan	205-087-0	133-06-2	10	IT
N-(tríklórmetýlþió)þalimíð/fólpet	205-088-6	133-07-3	10	IT
N,N-díetýl-m-tólúamíð	205-149-7	134-62-3	22	SE
Þíram	205-286-2	137-26-8	7	BE
Þíram	205-286-2	137-26-8	10	BE
Þíram	205-286-2	137-26-8	11	BE
Þíram	205-286-2	137-26-8	12	BE
Síram	205-288-3	137-30-4	7	BE
Síram	205-288-3	137-30-4	9	BE
Síram	205-288-3	137-30-4	10	BE
Síram	205-288-3	137-30-4	11	BE
Síram	205-288-3	137-30-4	12	BE
Kalíummetýldíþíókarbamat	205-292-5	137-41-7	9	CZ
Kalíummetýldíþíókarbamat	205-292-5	137-41-7	11	CZ
Kalíummetýldíþíókarbamat	205-292-5	137-41-7	12	CZ
Metamnatríum	205-293-0	137-42-8	12	BE

Heiti	EB-númer	CAS-númer	Sæfiefna-flokkur	Skýrslugjafar-aðildarríki
Metamnatríum	205-293-0	137-42-8	20	BE
Dínatríumsýanódíþíókarbamat	205-346-8	138-93-2	9	CZ
Dínatríumsýanódíþíókarbamat	205-346-8	138-93-2	11	CZ
Dínatríumsýanódíþíókarbamat	205-346-8	138-93-2	12	CZ
1,3-bis(hýdroxýmetýl)úrea	205-444-0	140-95-4	9	HU
1,3-bis(hýdroxýmetýl)úrea	205-444-0	140-95-4	11	HU
1,3-bis(hýdroxýmetýl)úrea	205-444-0	140-95-4	12	HU
Nabam	205-547-0	142-59-6	9	PL
Nabam	205-547-0	142-59-6	10	PL
Nabam	205-547-0	142-59-6	11	PL
Nabam	205-547-0	142-59-6	12	PL
Þíabendasól	205-725-8	148-79-8	11	ES
Þíabendasól	205-725-8	148-79-8	12	ES
Þíabendasól	205-725-8	148-79-8	20	ES
Dasómet	208-576-7	533-74-4	7	BE
Dasómet	208-576-7	533-74-4	9	BE
Dasómet	208-576-7	533-74-4	10	BE
Dasómet	208-576-7	533-74-4	11	BE
Díklór-N-((dímetýlamínó)súlfónýl)flúor-N-(p-tólýl) metansúlfenamíð/tólýlflúaníð	211-986-9	731-27-1	10	FI
Hýdroxýl-2-pýridón	212-506-0	822-89-9	9	FR
Hýdroxýl-2-pýridón	212-506-0	822-89-9	10	FR
Hýdroxýl-2-pýridón	212-506-0	822-89-9	11	FR
Hýdroxýl-2-pýridón	212-506-0	822-89-9	12	FR
2,6-dímetýl-1,3-díoxan-4-ýl-asetat	212-579-9	828-00-2	11	AT
2,6-dímetýl-1,3-díoxan-4-ýl-asetat	212-579-9	828-00-2	12	AT
Díklóflúaníð	214-118-7	1085-98-9	10	UK
4,5-díklór-3H-1,2-díþíól-3-ón	214-754-5	1192-52-5	9	PL
4,5-díklór-3H-1,2-díþíól-3-ón	214-754-5	1192-52-5	11	PL
4,5-díklór-3H-1,2-díþíól-3-ón	214-754-5	1192-52-5	12	PL
Sinksúlfíð	215-251-3	1314-98-3	7	UK
Sinksúlfíð	215-251-3	1314-98-3	9	UK
Sinksúlfíð	215-251-3	1314-98-3	10	UK
Dínatríumtetrabórat, vatnsfrítt	215-540-4	1330-43-4	7	NL
Dínatríumtetrabórat, vatnsfrítt	215-540-4	1330-43-4	9	NL
Dínatríumtetrabórat, vatnsfrítt	215-540-4	1330-43-4	10	NL

Heiti	EB-númer	CAS-númer	Sæfiefna-flokkur	Skýrslugjafar-aðildarríki
2,4-díklórbensýlalkóhól	217-210-5	1777-82-8	7	CZ
2,4-díklórbensýlalkóhól	217-210-5	1777-82-8	9	CZ
2,4-díklórbensýlalkóhól	217-210-5	1777-82-8	10	CZ
2,4-díklórbensýlalkóhól	217-210-5	1777-82-8	12	CZ
Klórþalóníl	217-588-1	1897-45-6	7	NL
Klórþalóníl	217-588-1	1897-45-6	9	NL
Klórþalóníl	217-588-1	1897-45-6	10	NL
Flúómetúrón	218-500-4	2164-17-2	7	EL
Flúómetúrón	218-500-4	2164-17-2	9	EL
Flúómetúrón	218-500-4	2164-17-2	10	EL
Flúómetúrón	218-500-4	2164-17-2	11	EL
Flúómetúrón	218-500-4	2164-17-2	12	EL
N-(3-amínóprópýl)-N-dódekýlprópan-1,3-díamín	219-145-8	2372-82-9	9	PT
N-(3-amínóprópýl)-N-dódekýlprópan-1,3-díamín	219-145-8	2372-82-9	10	PT
2,2'-díþíóbis(N-metýlbensamíð)	219-768-5	2527-58-4	7	PL
2,2'-díþíóbis(N-metýlbensamíð)	219-768-5	2527-58-4	9	PL
2,2'-díþíóbis(N-metýlbensamíð)	219-768-5	2527-58-4	12	PL
1,2-bensísóþíasól-3(2H)-ón	220-120-9	2634-33-5	7	ES
1,2-bensísóþíasól-3(2H)-ón	220-120-9	2634-33-5	10	ES
1,2-bensísóþíasól-3(2H)-ón	220-120-9	2634-33-5	22	ES
2-metýl-2H-ísóþíasól-3-ón	220-239-6	2682-20-4	7	SI
2-metýl-2H-ísóþíasól-3-ón	220-239-6	2682-20-4	9	SI
2-metýl-2H-ísóþíasól-3-ón	220-239-6	2682-20-4	10	SI
2-metýl-2H-ísóþíasól-3-ón	220-239-6	2682-20-4	22	SI
Natríumdíklórísósýanúratdíhýdrat	220-767-7	51580-86-0	9	UK
Tróklósennatríum	220-767-7	2893-78-9	9	UK
Bis(tríklórmetýl)súlfon	221-310-4	3064-70-8	9	LT
Bis(tríklórmetýl)súlfon	221-310-4	3064-70-8	10	LT
Bis(tríklórmetýl)súlfon	221-310-4	3064-70-8	11	LT
Bis(tríklórmetýl)súlfon	221-310-4	3064-70-8	12	LT
Bis(tríklórmetýl)súlfon	221-310-4	3064-70-8	22	LT
(etýlendíoxý)dímetanól	222-720-6	3586-55-8	9	PL
Dípýriþíón	223-024-5	3696-28-4	9	SE
Natríum-2,4,6-tríklórfenólat	223-246-2	3784-03-0	9	IE
Pýridín-2-þíól-1-oxíð, natríumsalt	223-296-5	3811-73-2	11	SE

Heiti	EB-númer	CAS-númer	Sæfiefna-flokkur	Skýrslugjafar-aðildarríki
Pýridín-2-þíól-1-oxíð, natríumsalt	223-296-5	3811-73-2	12	SE
Metenamín-3-klórallýlklóríð	223-805-0	4080-31-3	9	PL
2,2',2''-(hexahýdró-1,3,5-tríasín-1,3,5-tríýl)tríetanól	225-208-0	4719-04-4	9	PL
Tetrahýdró-1,3,4,6-tetrakis(hýdroxýmetýl)imídasó(4,5-d)imídasól-2,5(1H,3H)-díón	226-408-0	5395-50-6	9	ES
Tetrahýdró-1,3,4,6-tetrakis(hýdroxýmetýl)imídasó(4,5-d)imídasól-2,5(1H,3H)-díón	226-408-0	5395-50-6	10	ES
N,N'-metýlenbismorfólín	227-062-3	5625-90-1	9	AT
N,N'-metýlenbismorfólín	227-062-3	5625-90-1	11	AT
Terbútýlasín	227-637-9	5915-41-3	11	UK
Terbútýlasín	227-637-9	5915-41-3	12	UK
(R)-p-menta-1,8-díen	227-813-5	5989-27-5	12	PT
Metýlendíþíósýanat	228-652-3	6317-18-6	7	FR
Metýlendíþíósýanat	228-652-3	6317-18-6	9	FR
Metýlendíþíósýanat	228-652-3	6317-18-6	10	FR
Metýlendíþíósýanat	228-652-3	6317-18-6	11	FR
Metýlendíþíósýanat	228-652-3	6317-18-6	22	FR
1,3-bis(hýdroxýmetýl)-5,5-dímetýlimídasólidín-2,4-díón	229-222-8	6440-58-0	11	PL
1,3-bis(hýdroxýmetýl)-5,5-dímetýlimídasólidín-2,4-díón	229-222-8	6440-58-0	12	PL
(2-bróm-2-nítróvínyl)bensen	230-515-8	7166-19-0	11	SK
(2-bróm-2-nítróvínyl)bensen	230-515-8	7166-19-0	12	SK
Dídekýldímetýlammóníumklóríð	230-525-2	7173-51-5	7	IT
Dídekýldímetýlammóníumklóríð	230-525-2	7173-51-5	9	IT
Prómetrýn	230-711-3	7287-19-6	7	PT
Prómetrýn	230-711-3	7287-19-6	9	PT
Prómetrýn	230-711-3	7287-19-6	10	PT
Prómetrýn	230-711-3	7287-19-6	11	PT
Prómetrýn	230-711-3	7287-19-6	12	PT
Brennisteinsdíoxíð	231-195-2	7446-09-5	9	DE
Brennisteinsdíoxíð	231-195-2	7446-09-5	11	DE
Brennisteinsdíoxíð	231-195-2	7446-09-5	12	DE
Brennisteinsdíoxíð	231-195-2	7446-09-5	20	DE
Brennisteinsdíoxíð	231-195-2	7446-09-5	22	DE
Kalsíumdíhexa-2,4-díenóat	231-321-6	7492-55-9	7	DE

Heiti	EB-númer	CAS-númer	Sæfiefna-flokkur	Skýrslugjafar-aðildarríki
Kalsíumdíhexa-2,4-díenóat	231-321-6	7492-55-9	9	DE
Kalsíumdíhexa-2,4-díenóat	231-321-6	7492-55-9	20	DE
Joð	231-442-4	7553-56-2	7	SE
Joð	231-442-4	7553-56-2	9	SE
Joð	231-442-4	7553-56-2	10	SE
Joð	231-442-4	7553-56-2	11	SE
Kísildíoxíð — myndlaust	231-545-4	7631-86-9	20	FR
Natríumvetnissúlfít	231-548-0	7631-90-5	9	DE
Natríumvetnissúlfít	231-548-0	7631-90-5	11	DE
Natríumvetnissúlfít	231-548-0	7631-90-5	12	DE
Natríumvetnissúlfít	231-548-0	7631-90-5	20	DE
Natríumvetnissúlfít	231-548-0	7631-90-5	22	DE
Natríumbrómíð	231-599-9	7647-15-6	7	NL
Natríumbrómíð	231-599-9	7647-15-6	9	NL
Dínatríumdísúlfít	231-673-0	7681-57-4	9	DE
Dínatríumdísúlfít	231-673-0	7681-57-4	11	DE
Dínatríumdísúlfít	231-673-0	7681-57-4	12	DE
Dínatríumdísúlfít	231-673-0	7681-57-4	20	DE
Dínatríumdísúlfít	231-673-0	7681-57-4	22	DE
7a-etýldíhýdró-1H,3H,5H-oxasóló(3,4-c)oxasól	231-810-4	7747-35-5	11	PL
7a-etýldíhýdró-1H,3H,5H-oxasóló(3,4-c)oxasól	231-810-4	7747-35-5	12	PL
Natríumsúlfít	231-821-4	7757-83-7	9	DE
Natríumsúlfít	231-821-4	7757-83-7	11	DE
Natríumsúlfít	231-821-4	7757-83-7	12	DE
Natríumsúlfít	231-821-4	7757-83-7	20	DE
Natríumsúlfít	231-821-4	7757-83-7	22	DE
Natríumklórít	231-836-6	7758-19-2	11	PT
Natríumklórít	231-836-6	7758-19-2	12	PT
Natríumklórít	231-836-6	7758-19-2	20	PT
Natríumklórat	231-887-4	7775-09-9	11	PT
Natríumklórat	231-887-4	7775-09-9	12	PT
Lignín	232-682-2	9005-53-2	7	EL
Lignín	232-682-2	9005-53-2	9	EL
Lignín	232-682-2	9005-53-2	10	EL
Lignín	232-682-2	9005-53-2	11	EL

Heiti	EB-númer	CAS-númer	Sæfiefna-flokkur	Skýrslugjafar-aðildarríki
Lignín	232-682-2	9005-53-2	12	EL
Bórsýra	233-139-2	10043-35-3	7	NL
Bórsýra	233-139-2	10043-35-3	9	NL
Bórsýra	233-139-2	10043-35-3	10	NL
Bórsýra	233-139-2	10043-35-3	11	NL
Bórsýra	233-139-2	10043-35-3	12	NL
Klórdíoxíð	233-162-8	10049-04-4	20	PT
Kalíumsúlfít	233-321-1	10117-38-1	9	DE
Kalíumsúlfít	233-321-1	10117-38-1	11	DE
Kalíumsúlfít	233-321-1	10117-38-1	12	DE
Kalíumsúlfít	233-321-1	10117-38-1	20	DE
Kalíumsúlfít	233-321-1	10117-38-1	22	DE
Natríumvetnis-2,2′-metýlenbis(4-klórfenólat)	233-457-1	10187-52-7	7	LV
Natríumvetnis-2,2′-metýlenbis(4-klórfenólat)	233-457-1	10187-52-7	9	LV
Natríumvetnis-2,2′-metýlenbis(4-klórfenólat)	233-457-1	10187-52-7	10	LV
Natríumvetnis-2,2′-metýlenbis(4-klórfenólat)	233-457-1	10187-52-7	11	LV
Natríumvetnis-2,2′-metýlenbis(4-klórfenólat)	233-457-1	10187-52-7	12	LV
2,2-díbróm-2-sýanóasetamíð	233-539-7	10222-01-2	3	DK
2,2-díbróm-2-sýanóasetamíð	233-539-7	10222-01-2	7	DK
2,2-díbróm-2-sýanóasetamíð	233-539-7	10222-01-2	9	DK
2,2-díbróm-2-sýanóasetamíð	233-539-7	10222-01-2	10	DK
Karbendasím	234-232-0	10605-21-7	11	DE
Karbendasím	234-232-0	10605-21-7	12	DE
Dínatríumoktabórattetrahýdrat	234-541-0	12280-03-4	7	NL
Dínatríumoktabórattetrahýdrat	234-541-0	12280-03-4	9	NL
Dínatríumoktabórattetrahýdrat	234-541-0	12280-03-4	10	NL
Dínatríumoktabórattetrahýdrat	234-541-0	12280-03-4	11	NL
Dínatríumoktabórattetrahýdrat	234-541-0	12280-03-4	12	NL
Trímagnesíumdífosfíð	235-023-7	12057-74-8	23	DE
Ammóníumbrómíð	235-183-8	12124-97-9	7	SE
Ammóníumbrómíð	235-183-8	12124-97-9	9	SE
Hexabórdísinkúndekaoxíð/sinkbórat	235-804-2	12767-90-7	9	ES
Dódekýlgúanidínmónóhýdróklóríð	237-030-0	13590-97-1	7	ES

Heiti	EB-númer	CAS-númer	Sæfiefna-flokkur	Skýrslugjafar-aðildarríki
Dódekýlgúanidínmónóhýdróklóríð	237-030-0	13590-97-1	9	ES
Dódekýlgúanidínmónóhýdróklóríð	237-030-0	13590-97-1	10	ES
Dódekýlgúanidínmónóhýdróklóríð	237-030-0	13590-97-1	12	ES
Dódekýlgúanidínmónóhýdróklóríð	237-030-0	13590-97-1	22	ES
Brómklóríð	237-601-4	13863-41-7	12	NL
(bensýloxý)metanól	238-588-8	14548-60-8	9	UK
(bensýloxý)metanól	238-588-8	14548-60-8	10	UK
(bensýloxý)metanól	238-588-8	14548-60-8	11	UK
Bis(1-hýdroxý-1H-pýridín-2-þiónató-O,S)kopar	238-984-0	14915-37-8	9	SE
Klórtólúrón	239-592-2	15545-48-9	7	ES
Klórtólúrón	239-592-2	15545-48-9	9	ES
Klórtólúrón	239-592-2	15545-48-9	10	ES
Klórtólúrón	239-592-2	15545-48-9	11	ES
Klórtólúrón	239-592-2	15545-48-9	12	ES
Natríum-p-klór-m-kresólat	239-825-8	15733-22-9	10	FR
Díkalíumdísúlfít	240-795-3	16731-55-8	9	DE
Díkalíumdísúlfít	240-795-3	16731-55-8	11	DE
Díkalíumdísúlfít	240-795-3	16731-55-8	12	DE
Díkalíumdísúlfít	240-795-3	16731-55-8	20	DE
Díkalíumdísúlfít	240-795-3	16731-55-8	22	DE
Bensoxóníumklóríð	243-008-1	19379-90-9	9	CY
p-((díjoðmetýl)súlfónýl)tólúen	243-468-3	20018-09-1	12	UK
(bensóþíasól-2-ýlþió)metýlþiósýanat	244-445-0	21564-17-0	7	N
(bensóþíasól-2-ýlþió)metýlþiósýanat	244-445-0	21564-17-0	10	N
(bensóþíasól-2-ýlþió)metýlþiósýanat	244-445-0	21564-17-0	11	N
Kalíum-(E,E)-hexa-2,4-díenóat	246-376-1	24634-61-5	7	DE
Kalíum-(E,E)-hexa-2,4-díenóat	246-376-1	24634-61-5	9	DE
Kalíum-(E,E)-hexa-2,4-díenóat	246-376-1	24634-61-5	10	DE
α,α′,α′-trímetýl-1,3,5-tríasín-1,3,5(2H,4H,6H)-tríetanól	246-764-0	25254-50-6	9	AT
2-oktýl-2H-ísóþíasól-3-ón	247-761-7	26530-20-1	12	UK
Dímetýloktadekýl(3-(trímetoxýsilýl)própýl)ammóníumklóríð	248-595-8	27668-52-6	10	ES
N'-tert-bútýl-N-sýklóprópýl-6-(metýlþió)-1,3,5-tríasín-2,4-díamín	248-872-3	28159-98-0	9	NL
Brómklór-5,5-dímetýlimídasólidín-2,4-díón	251-171-5	32718-18-6	9	NL

Heiti	EB-númer	CAS-númer	Sæfiefna-flokkur	Skýrslugjafar-aðildarríki
3-(4-ísóprópýlfenýl)-1,1-dímetýlúrea/ísóprótúrón	251-835-4	34123-59-6	9	DE
3-(4-ísóprópýlfenýl)-1,1-dímetýlúrea/ísóprótúrón	251-835-4	34123-59-6	11	DE
3-(4-ísóprópýlfenýl)-1,1-dímetýlúrea/ísóprótúrón	251-835-4	34123-59-6	12	DE
1-(2-(allýloxý)-2-(2,4-díklórfenýl)etýl)-1H-imídasól/ímasalíl	252-615-0	35554-44-0	20	DE
2-bróm-2-(brómmetýl)pentandínítríl	252-681-0	35691-65-7	7	CZ
2-bróm-2-(brómmetýl)pentandínítríl	252-681-0	35691-65-7	9	CZ
2-bróm-2-(brómmetýl)pentandínítríl	252-681-0	35691-65-7	10	CZ
2-bróm-2-(brómmetýl)pentandínítríl	252-681-0	35691-65-7	11	CZ
4,4-dímetýloxasólidín	257-048-2	51200-87-4	11	UK
α-sýanó-3-fenoxýbensýl 3-(2,2-díklórvínyl)-2,2-dímetýlsýklóprópankarboxýlat/sýpermetrín	257-842-9	52315-07-8	9	BE
m-fenoxýbensýl-3-(2,2-díklórvínyl)-2,2-dímetýlsýklóprópankarboxýlat/permetrín	258-067-9	52645-53-1	22	IE
3-joð-2-própýnýlbútýlkarbamat	259-627-5	55406-53-6	11	DK
Tetrakis(hýdroxýmetýl)fosfóníumsúlfat (2:1)	259-709-0	55566-30-8	9	MT
1-((2-(2,4-díklórfenýl)-4-própýl-1,3-díoxólan-2-ýl)metýl)-1H-1,2,4-tríasól/própíkónasól	262-104-4	60207-90-1	10	FI
1-((2-(2,4-díklórfenýl)-4-própýl-1,3-díoxólan-2-ýl)metýl)-1H-1,2,4-tríasól/própíkónasól	262-104-4	60207-90-1	12	FI
1-((2-(2,4-díklórfenýl)-4-própýl-1,3-díoxólan-2-ýl)metýl)-1H-1,2,4-tríasól/própíkónasól	262-104-4	60207-90-1	20	FI
4,5-díklór-2-oktýl-2H-ísóþíasól-3-ón	264-843-8	64359-81-5	12	N
3,3'-metýlenbis(5-metýloxasólidín)/oxasólidín	266-235-8	66204-44-2	10	AT
Cis-4-(3-(p-tert-bútýlfenýl)-2-metýlprópýl)-2,6-dímetýlmorfólín/fenprópímorf	266-719-9	67564-91-4	7	ES
Cis-4-(3-(p-tert-bútýlfenýl)-2-metýlprópýl)-2,6-dímetýlmorfólín/fenprópímorf	266-719-9	67564-91-4	9	ES
Cis-4-(3-(p-tert-bútýlfenýl)-2-metýlprópýl)-2,6-dímetýlmorfólín/fenprópímorf	266-719-9	67564-91-4	10	ES
Cis-4-(3-(p-tert-bútýlfenýl)-2-metýlprópýl)-2,6-dímetýlmorfólín/fenprópímorf	266-719-9	67564-91-4	12	ES
Fjórgreind ammóníumsambönd, bensýl-C12–18-alkýldímetýl, klóríð	269-919-4	68391-01-5	7	IT
Fjórgreind ammóníumsambönd, bensýl-C12–18-alkýldímetýl, klóríð	269-919-4	68391-01-5	9	IT
Fjórgreind ammóníumsambönd, bensýl-C12–18-alkýldímetýl, klóríð	269-919-4	68391-01-5	17	IT
Fjórgreind ammóníumsambönd, bensýl-C12–16-alkýldímetýl, klóríð	270-325-2	68424-85-1	7	IT

Heiti	EB-númer	CAS-númer	Sæfiefna-flokkur	Skýrslugjafar-aðildarríki
Fjórgreind ammóníumsambönd, bensýl-C12–16-alkýldímetýl, klóríð	270-325-2	68424-85-1	9	IT
Fjórgreind ammóníumsambönd, dí-C8–10-alkýldímetýl, klóríð	270-331-5	68424-95-3	7	IT
Fjórgreind ammóníumsambönd, dí-C8–10-alkýldímetýl, klóríð	270-331-5	68424-95-3	9	IT
Fjórgreind ammóníumsambönd, dí-C8–10-alkýldímetýl, klóríð	270-331-5	68424-95-3	22	IT
Fjórgreind ammóníumsambönd, bensýl-C12–18-alkýldímetýl, sölt með 1,2-bensísóþíasól-3(2H)-ón 1,1-díoxíði (1:1)	273-545-7	68989-01-5	11	MT
Fjórgreind ammóníumsambönd, bensýl-C12–18-alkýldímetýl, sölt með 1,2-bensísóþíasól-3(2H)-ón 1,1-díoxíði (1:1)	273-545-7	68989-01-5	12	MT
Natríum-N-(hýdroxýmetýl)glýsínat	274-357-8	70161-44-3	7	AT
Pentakalíum-bis(peroxýmónósúlfat)bis(súlfat)	274-778-7	70693-62-8	11	SI
Pentakalíum-bis(peroxýmónósúlfat)bis(súlfat)	274-778-7	70693-62-8	12	SI
1,3-dídekýl-2-metýl-1H-imídasólíumklóríð	274-948-0	70862-65-6	7	CZ
1,3-dídekýl-2-metýl-1H-imídasólíumklóríð	274-948-0	70862-65-6	10	CZ
1,3-dídekýl-2-metýl-1H-imídasólíumklóríð	274-948-0	70862-65-6	11	CZ
1,3-dídekýl-2-metýl-1H-imídasólíumklóríð	274-948-0	70862-65-6	12	CZ
Tríbútýltetradekýlfosfóníumklóríð	279-808-2	81741-28-8	9	PL
Tríbútýltetradekýlfosfóníumklóríð	279-808-2	81741-28-8	11	PL
Tríbútýltetradekýlfosfóníumklóríð	279-808-2	81741-28-8	12	PL
Fjórgreind ammóníumsambönd, bensýl-C12–14-alkýldímetýl, klóríð	287-089-1	85409-22-9	7	IT
Fjórgreind ammóníumsambönd, bensýl-C12–14-alkýldímetýl, klóríð	287-089-1	85409-22-9	9	IT
Fjórgreind ammóníumsambönd, bensýl-C12–14-alkýldímetýl, klóríð	287-089-1	85409-22-9	17	IT
Fjórgreind ammóníumsambönd, C12–14-alkýl((etýlfenýl)metýl)dímetýl, klóríð	287-090-7	85409-23-0	9	IT
Fjórgreind ammóníumsambönd, C12–14-alkýl((etýlfenýl)metýl)dímetýl, klóríð	287-090-7	85409-23-0	17	IT
Þvagefni (úrea), N,N'-bis(hýdroxýmetýl)-, myndefni með 2-(2-bútoxýetoxý)etanóli, etýlenglýkóli og formaldehýði	292-348-7	90604-54-9	11	PL
Þvagefni (úrea), N,N'-bis(hýdroxýmetýl)-, myndefni með 2-(2-bútoxýetoxý)etanóli, etýlenglýkóli og formaldehýði	292-348-7	90604-54-9	12	PL

Heiti	EB-númer	CAS-númer	Sæfiefna-flokkur	Skýrslugjafar-aðildarríki
Fjórgreind ammóníumsambönd, (2-((2-((2-karboxýetýl)(2-hýdroxýetýl)amínó)etýl)amínó)-2-oxóetýl)-kókosalkýldímetýl, hýdroxíð, innri sölt	309-206-8	100085-64-1	7	LT
Fjórgreind ammóníumsambönd, (2-((2-((2-karboxýetýl)(2-hýdroxýetýl)amínó)etýl)amínó)-2-oxóetýl)-kókosalkýldímetýl, hýdroxíð, innri sölt	309-206-8	100085-64-1	10	LT
Fjórgreind ammóníumsambönd, (2-((2-((2-karboxýetýl)(2-hýdroxýetýl)amínó)etýl)amínó)-2-oxóetýl)-kókosalkýldímetýl, hýdroxíð, innri sölt	309-206-8	100085-64-1	11	LT
Fjórgreind ammóníumsambönd, (2-((2-((2-karboxýetýl)(2-hýdroxýetýl)amínó)etýl)amínó)-2-oxóetýl)-kókosalkýldímetýl, hýdroxíð, innri sölt	309-206-8	100085-64-1	12	LT
Blanda úr: (C8–18)-alkýlbis(2-hýdroxýetýl)ammóníumbis(2-etýlhexýl)fosfati og (C8–18)alkýlbis(2-hýdroxýetýl)ammónium-2-etýlhexýlvetnisfosfati	404-690-8	68132-19-4	7	PL
Blanda úr: (C8–18)-alkýlbis(2-hýdroxýetýl)ammóníumbis(2-etýlhexýl)fosfati og (C8–18)alkýlbis(2-hýdroxýetýl)ammónium-2-etýlhexýlvetnisfosfati	404-690-8	68132-19-4	9	PL
6-(þalimíð)peroxýhexansýra	410-850-8	128275-31-0	11	IT
6-(þalimíð)peroxýhexansýra	410-850-8	128275-31-0	12	IT
Tetraklórdekaoxíðflóki	420-970-2	92047-76-2	3	DE
Silfurnatríumvetnissirkonfosfat	422-570-3	—	10	SE
Cis-1-(3-klórallýl)-3,5,7-tríasa-1-asóníaadamantanklóríð	426-020-3	51229-78-8	9	PL
Cis-1-(3-klórallýl)-3,5,7-tríasa-1-asóníaadamantanklóríð	426-020-3	51229-78-8	12	PL
Þíametoxam	428-650-4	153719-23-4	9	ES
5-klór-2-(4-klórfenoxý)fenól	429-290-0	3380-30-1	9	AT
3-bensó(b)þíen-2-ýl-5,6-díhýdró-1,4,2-oxaþíasín-4-oxíð	431-030-6	163269-30-5	7	PT
3-bensó(b)þíen-2-ýl-5,6-díhýdró-1,4,2-oxaþíasín-4-oxíð	431-030-6	163269-30-5	10	PT
Myndefni dímetýladípats, dímetýlglútarats, dímetýlsúksínats og vetnisperoxíðs/perestans	432-790-1	—	11	HU
Myndefni dímetýladípats, dímetýlglútarats, dímetýlsúksínats og vetnisperoxíðs/perestans	432-790-1	—	12	HU
Bis(3-amínóprópýl)-oktýlamín	433-340-7	86423-37-2	11	CZ

Heiti	EB-númer	CAS-númer	Sæfiefna-flokkur	Skýrslugjafar-aðildarríki
Bis(3-amínóprópýl)-oktýlamín	433-340-7	86423-37-2	12	CZ
Amín, n-C10–16-alkýltrímetýlendí-, myndefni með klórediksýru	Blanda	139734-65-9	7	IE
Amín, n-C10–16-alkýltrímetýlendí-, myndefni með klórediksýru	Blanda	139734-65-9	10	IE
Amín, n-C10–16-alkýltrímetýlendí-, myndefni með klórediksýru	Blanda	139734-65-9	11	IE
Amín, n-C10–16-alkýltrímetýlendí-, myndefni með klórediksýru	Blanda	139734-65-9	12	IE
Blanda 1-fenoxýprópan-2-óls (EINECS-nr. 212-222-7) og 2-fenoxýprópanóls (EINECS-nr. 224-027-4)	Blanda	—	10	UK
Blanda 1-fenoxýprópan-2-óls (EINECS-nr. 212-222-7) og 2-fenoxýprópanóls (EINECS-nr. 224-027-4)	Blanda	—	11	UK
Blanda 5-klór-2-metýl-2H-ísóþíasól-3-óns (EINECS-nr. 247-500-7) og 2-metýl-2H-ísóþíasól-3-óns (EINECS-nr. 220-239-6)	Blanda	55965-84-9	7	FR
Blanda 5-klór-2-metýl-2H-ísóþíasól-3-óns (EINECS-nr. 247-500-7) og 2-metýl-2H-ísóþíasól-3-óns (EINECS-nr. 220-239-6)	Blanda	55965-84-9	9	FR
Blanda 5-klór-2-metýl-2H-ísóþíasól-3-óns (EINECS-nr. 247-500-7) og 2-metýl-2H-ísóþíasól-3-óns (EINECS-nr. 220-239-6)	Blanda	55965-84-9	10	FR
Fjórgreind ammóníumjoðíð	Blanda	308074-50-2	7	ES
Fjórgreind ammóníumsambönd (bensýlalkýldímetýl(alkýl úr C8–C22, mettuð og ómettuð, tólgaralkýl, kókosalkýl og sojaalkýl) klóríð, brómíð eða hýdroxíð)/BKC	Blanda EINECS-skráðra efna	—	7	IT
Fjórgreind ammóníumsambönd (díalkýldímetýl(alkýl úr C6–C18, mettuð og ómettuð, og tólgaralkýl, kókosalkýl og sojaalkýl) klóríð, brómíð eða metýlsúlföt)/DDAC	Blanda EINECS-skráðra efna	—	7	IT
Fjórgreind ammóníumsambönd (díalkýldímetýl(alkýl úr C6–C18, mettuð og ómettuð, og tólgaralkýl, kókosalkýl og sojaalkýl) klóríð, brómíð eða metýlsúlföt)/DDAC	Blanda EINECS-skráðra efna	—	9	IT
Fjórgreind ammóníumsambönd (bensýlalkýldímetýl(alkýl úr C8–C22, mettuð og ómettuð, tólgaralkýl, kókosalkýl og sojaalkýl) klóríð, brómíð eða hýdroxíð)/BKC	Blanda EINECS-skráðra efna	—	9	IT
Natríumlignósúlfonat	Náttúruleg fjölliða	8061-51-6	12	HU
(1α(S*),3α)-(α)-sýanó-(3-fenoxýfenýl)metýl-3-(2,2-díklóretenýl)-2,2-díklórvínyl)-2,2-dímetýlsýklópropankarboxýlat/α-sýpermetrín	Plöntuvarnar efni	67375-30-8	9	BE
4-bróm-2-(4-klórfenýl)-1-(etoxýmetýl)-5-(tríflúormetýl)-1H-pýrról-3-karbónítríl/klórfenapýr	Plöntuvarnar efni	122453-73-0	7	PT

Heiti	EB-númer	CAS-númer	Sæfiefna-flokkur	Skýrslugjafar-aðildarríki
4-bróm-2-(4-klórfenýl)-1-(etoxýmetýl)-5-(tríflúormetýl)-1H-pýrról-3-karbónítríl/klórfenapýr	Plöntuvarnarefni	122453-73-0	9	PT
4-bróm-2-(4-klórfenýl)-1-(etoxýmetýl)-5-(tríflúormetýl)-1H-pýrról-3-karbónítríl/klórfenapýr	Plöntuvarnarefni	122453-73-0	10	PT
4-bróm-2-(4-klórfenýl)-1-(etoxýmetýl)-5-(tríflúormetýl)-1H-pýrról-3-karbónítríl/klórfenapýr	Plöntuvarnarefni	122453-73-0	12	PT
Álnatríumsilíkat-silfurflóki/silfurseólít	Plöntuvarnarefni	130328-18-6	7	SE
Einvetnisklóríð af fjölliðu N,N'''-1,6-hexandíýlbis(N'-sýanógúanidíns) (EINECS-nr. 240-032-4) og hexametýlendíamíns (EINECS-nr. 204-679-6)/pólýhexametýlenbígúaníð (einliða: 1,5-bis(trímetýlen)gúanýlgúanidíníumeinvetnisklóríð)	Fjölliða	27083-27-8/32289-58-0	12	FR
Einvetnisklóríð af fjölliðu N,N'''-1,6-hexandíýlbis(N'-sýanógúanidíns) (EINECS-nr. 240-032-4) og hexametýlendíamíns (EINECS-nr. 204-679-6)/pólýhexametýlenbígúaníð (einliða: 1,5-bis(trímetýlen)gúanýlgúanidíníumeinvetnisklóríð)	Fjölliða	27083-27-8/32289-58-0	22	FR
Samfjölliða N,N,N',N'-tetrametýletýlendíamínbis(2-klóretýl)etera	Fjölliða	31075-24-8	9	UK
Samfjölliða N,N,N',N'-tetrametýletýlendíamínbis(2-klóretýl)etera	Fjölliða	31075-24-8	11	UK
Samfjölliða N,N,N',N'-tetrametýletýlendíamínbis(2-klóretýl)etera	Fjölliða	31075-24-8	12	UK
N-dídekýl-N-dípólýetoxýammóníumbórat/dídekýlpólýoxetýlammóníumbórat	Fjölliða	214710-34-6	9	EL
N-dídekýl-N-dípólýetoxýammóníumbórat/dídekýlpólýoxetýlammóníumbórat	Fjölliða	214710-34-6	10	EL
N-dídekýl-N-dípólýetoxýammóníumbórat/dídekýlpólýoxetýlammóníumbórat	Fjölliða	214710-34-6	11	EL
N-dídekýl-N-dípólýetoxýammóníumbórat/dídekýlpólýoxetýlammóníumbórat	Fjölliða	214710-34-6	12	EL
Pólý(hexametýlenbígúaníð)	Fjölliða	91403-50-8	10	FR
Pólý(oxý-1,2-etandíýl), α-(2-(dídekýlmetýlammónió)etýl)-ω-hýdroxý-, própanóat (salt)	Fjölliða	94667-33-1	9	IT
Pólý(oxý-1,2-etandíýl), α-(2-(dídekýlmetýlammónió)etýl)-ω-hýdroxý-, própanóat (salt)	Fjölliða	94667-33-1	11	IT
Pólý(oxý-1,2-etandíýl), α-(2-(dídekýlmetýlammónió)etýl)-ω-hýdroxý-, própanóat (salt)	Fjölliða	94667-33-1	12	IT

Heiti	EB-númer	CAS-númer	Sæfiefna-flokkur	Skýrslugjafar-aðildarríki
Fjöllliða N-metýlmetanamíns (EINECS-nr. 204-697-4) og (klórmetýl)oxírans (EINECS-nr. 203-439-8)/fjöllliða fjórgreinds ammóníumklóríðs	Fjöllliða	25988-97-0	12	HU
Pólývínylpýrrólídónjoð	Fjöllliða	25655-41-8	7	SE
Pólývínylpýrrólídónjoð	Fjöllliða	25655-41-8	9	SE
Pólývínylpýrrólídónjoð	Fjöllliða	25655-41-8	10	SE
Pólývínylpýrrólídónjoð	Fjöllliða	25655-41-8	11	SE

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/78**

frá 9. febrúar 2010

um nýjan frest til að leggja fram málsskjöl fyrir tiltekin efni sem rannsökuð verða í 10 ára vinnuáætluninni sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 764)

(2010/84/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna ([1]), einkum 2. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1415/-2007 ([2]) er tekin saman skrá yfir virk efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegrar skráningar þeirra í I. viðauka, I. viðauka A eða I. viðauka B við tilskipun 98/8/EB.

2) Að því er varðar nokkrar tilteknar samsetningar efna og sæfiefnaflokka, sem eru tilgreind í skránni, hafa allir þátttakendur annaðhvort hætt þátttöku í endurskoðunaráætluninni eða engin fullnaðarmálsskjöl höfðu borist aðildarríkinu, sem var tilnefnt sem skýrslugjafi, áður en frestirnir, sem tilgreindir eru í 9. gr. og 3. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007, runnu út.

3) Af þessum sökum og skv. 11. gr. (2. mgr.) 12. gr. (1. mgr.) og 13. gr. (5. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 1451/-2007 hefur framkvæmdastjórnin tilkynnt aðildarríkjunum um það. Þessar upplýsingar voru einnig birtar opinberlega með rafrænum hætti 13. janúar 2009, 11. febrúar 2009 og 11. mars 2009.

4) Innan þriggja mánaða frá rafrænni birtingu upplýsinganna lýstu nokkur fyrirtæki áhuga á því að taka við hlutverki þátttakanda, að því er varðar sum viðkomandi efni og sæfiefnaflokka, í samræmi við 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1451/2007.

5) Því er rétt að ákveða nýjan frest til að leggja fram málsskjöl fyrir þessi efni og sæfiefnaflokka í samræmi við aðra undirgrein 3. mgr. 12. gr. þeirrar reglugerðar.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfiefni.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Nýjum fresti til að leggja fram málsskjöl fyrir efnin og sæfiefnaflokkana, sem eru tilgreind í viðaukanum, lýkur 28. febrúar 2011.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros Dimas

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 38, 11.2.2010, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 128/2010 frá 10. desember 2010 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 17, 31.3.2011, bls. 1.

([1]) Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 325, 11.12.2007, bls. 3.

VIÐAUKI

Efni og sæfiefnaflokkar þar sem nýr frestur, 28. febrúar 2011, hefur verið settur fyrir framlagningu málsskjala

Heiti	EB-númer	CAS-númer	Sæfiefna-flokkur	Skýrslugjafar-aðildarríki
Ammóníumbrómíð	235-183-8	12124-97-9	11	SE
Bórsýra	233-139-2	10043-35-3	22	NL
Klóralós	240-016-7	15879-93-3	15	PT
Klóralós	240-016-7	15879-93-3	23	PT
Kopar	231-159-6	7440-50-8	2	FR
Kopar	231-159-6	7440-50-8	4	FR
Kopar	231-159-6	7440-50-8	5	FR
N'-tert-bútýl-N-sýklópropýl-6-(metýlþió)-1,3,5-tríasín-2,4-díamín	248-872-3	28159-98-0	7	NL
N'-tert-bútýl-N-sýklópropýl-6-(metýlþió)-1,3,5-tríasín-2,4-díamín	248-872-3	28159-98-0	10	NL
Ólígó(2-(2-etoxý)etoxýetýlgúanidíníumklóríð)	Fjölliða	374572-91-5	2	FR
Ólígó(2-(2-etoxý)etoxýetýlgúanidíníumklóríð)	Fjölliða	374572-91-5	3	FR
Ólígó(2-(2-etoxý)etoxýetýlgúanidíníumklóríð)	Fjölliða	374572-91-5	4	FR
Ólígó(2-(2-etoxý)etoxýetýlgúanidíníumklóríð)	Fjölliða	374572-91-5	7	FR
Ólígó(2-(2-etoxý)etoxýetýlgúanidíníumklóríð)	Fjölliða	374572-91-5	9	FR
Ólígó(2-(2-etoxý)etoxýetýlgúanidíníumklóríð)	Fjölliða	374572-91-5	10	FR
Ólígó(2-(2-etoxý)etoxýetýlgúanidíníumklóríð)	Fjölliða	374572-91-5	11	FR
Ólígó(2-(2-etoxý)etoxýetýlgúanidíníumklóríð)	Fjölliða	374572-91-5	12	FR
Ólígó(2-(2-etoxý)etoxýetýlgúanidíníumklóríð)	Fjölliða	374572-91-5	20	FR
Furutré, kjarni	304-455-9	94266-48-5	10	LV
Pólý(hexametýlendíamíngúanidíníumklóríð)	Fjölliða	57028-96-3	2	FR
Pólý(hexametýlendíamíngúanidíníumklóríð)	Fjölliða	57028-96-3	3	FR
Pólý(hexametýlendíamíngúanidíníumklóríð)	Fjölliða	57028-96-3	4	FR
Pólý(hexametýlendíamíngúanidíníumklóríð)	Fjölliða	57028-96-3	7	FR
Pólý(hexametýlendíamíngúanidíníumklóríð)	Fjölliða	57028-96-3	9	FR
Pólý(hexametýlendíamíngúanidíníumklóríð)	Fjölliða	57028-96-3	10	FR
Pólý(hexametýlendíamíngúanidíníumklóríð)	Fjölliða	57028-96-3	11	FR
Pólý(hexametýlendíamíngúanidíníumklóríð)	Fjölliða	57028-96-3	12	FR
Pólý(hexametýlendíamíngúanidíníumklóríð)	Fjölliða	57028-96-3	20	FR
Tósýlklóramíðnatríum	204-854-7	127-65-1	11	ES

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 392/2009 2013/EES/4/79

frá 23. apríl 2009

um bótaábyrgð flutningsaðila vegna slysa við farþegaflutninga á sjó (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]), á grundvelli sameiginlegs texta sem sáttanefndin samþykkti 3. febrúar 2009,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Nauðsynlegt er að samþykkja frekari ráðstafanir innan ramma sameiginlegrar stefnu í flutningamálum til að tryggja öryggi í sjóflutningum. Þessar ráðstafanir skulu fela í sér reglur um bótaábyrgð á tjóni sem farþegar verða fyrir þar sem mikilvægt er að tryggja að farþegar, sem lenda í sjóslysum, fái hæfilegar bætur.

2) Bókunin frá 2002 við Aþenusamninginn um flutning farþega og farangurs þeirra á sjó frá 1974 var samþykkt, 1. nóvember 2002, innan ramma Alþjóðasiglingamálasto fnunarinnar (IMO). Bandalagið og aðildarríki þess vinna að því að ákveða hvort þau eigi að fullgilda bókunina eða gerast aðilar að henni. Hvað sem öðru líður skulu þau ákvæði hennar sem tekin eru upp í hana á grunni þessarar reglugerðar taka gildi í Bandalaginu eigi síðar en 31. desember 2012.

3) Aþenusamningurinn um flutning farþega og farangurs þeirra á sjó frá 1974, eins og honum var breytt með bókuninni frá 2002 (Aþenusamningurinn), tekur aðeins til millilandaflutninga. Á innri markaði sjóflutningaþjónustu er ekki lengur greint á milli innanlandsflutninga og millilandaflutninga og því er við hæfi að umfang og eðli bótaábyrgðar sé hið sama í innanlandsflutningum og millilandaflutningum í Bandalaginu.

4) Fyrirkomulag trygginga, sem krafist er samkvæmt Aþenusamningnum, skal taka mið af fjárhagslegum úrræðum skipaeigenda og vátryggingafélaga. Skipaeigendur verða að vera í stakk búnir að hafa umsjón með fyrirkomulagi trygginga sinna með efnahagslega viðunandi hætti og, að því er varðar lítil skipafélög sem annast innanlandsflutninga, skal einkum tekið tillit til þess að rekstur þeirra er árstíðabundinn. Þegar fyrirkomulag trygginga eru fastsett samkvæmt þessari reglugerð skal því tekið tillit til hinna ýmsu flokka skipa.

5) Rétt þykir að skylda flutningsaðilann til að inna af hendi fyrirframgreiðslu við manntjón eða líkamstjón farþega en fyrirframgreiðsla felur þó ekki í sér viðurkenningu á bótaábyrgð.

6) Farþegar skulu fá viðeigandi upplýsingar um réttindi sín áður en ferð þeirra hefst eða, ef því verður ekki við komið, eigi síðar en við brottför.

7) Laganefnd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar samþykkti 19. október 2006 fyrirvara og viðmiðunarreglur Alþ jóðasiglingamálastofnunarinnar um framkvæmd Aþenusamningsins (viðmiðunarreglur Alþjóðasiglinga málastofnunarinnar) til að fjalla um tiltekin málefni samkvæmt Aþenusamningnum, s.s. bætur fyrir tjón af völdum hryðjuverka. Líta má svo á að viðmiðunarreglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar séu sérlög.

8) Í þessari reglugerð er tekinn upp hluti af viðmiðunarreglum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og þær gerðar bindandi. Í því skyni ber einkum að skilja sögnina „ætti“ sem „skal“ þar sem hún kemur fyrir í ákvæðum viðmiðunarreglna Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

9) Skilja skal ákvæði Aþenusamningsins (I. viðauka) og ákvæði viðmiðunarreglna Alþjóðasiglingamálastofnunar innar (II. viðauka), að breyttu breytanda, í tengslum við löggjöf Bandalagsins.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2011 frá 1. apríl 2011 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 37, 30.6.2011, bls. 17.

([1]) Stjtíð. ESB C 318, 23.12.2006, bls. 195.

([2]) Stjtíð. ESB C 229, 22.9.2006, bls. 38.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 25. apríl 2007 (Stjtíð. ESB C 74 E, 20.3.2008, bls. 562), sameiginleg afstaða ráðsins frá 6. júní 2008 (Stjtíð. ESB C 190 E, 29.7.2008, bls. 17), afstaða Evrópuþingsins frá 24. september 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum), ákvörðun ráðsins frá 26. febrúar 2009 og lagaleg ályktun Evrópuþingsins frá 11. mars 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum).

10) Kerfi varðandi bótaábyrgð, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, skal rýmkað í áföngum þannig að það taki til hinna ýmsu flokka skipa, eins og segir í 4. gr. tilskipunar ráðsins 98/18/EB frá 17. mars 1998 um öryggisreglur og staðla fyrir farþegaskip ([4]). Hafa skal hliðsjón af því hvaða afleiðingar það hefur á fargjöld og getu markaðarins til að öðlast tryggingavernd á viðráðanlegu verði, að því marki sem krafist er, í ljósi þeirrar stefnu að efla réttindi farþega og tiltekna þætti árstíðabundinna sjóflutninga.

11) Málefnin, sem fjallað er um í 17. gr. og 17. gr. a í Aþenusamningnum, falla undir fullar valdheimildir Bandalagsins að því marki sem þessar greinar hafa áhrif á reglurnar, sem voru settar með reglugerð ráðsins (EB) nr. 44/2001 frá 22. desember 2000 um dómsvald og viðurkenningu á og fullnustu dóma í einkamálum og viðskiptamálum ([5]). Í því samhengi munu ákvæði þessara tveggja greina mynda hluta af Bandalagsréttinum þegar Bandalagið gerist aðili að Aþenusamningnum.

12) Í þessari reglugerð telst orðalagið „eða er skráð í aðildarríki“ þýða að fánaríkið, í tengslum við þurrleiguskráningu skipa, sé annaðhvort aðildarríki eða samningsaðili að Aþenusamningnum. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hvetja Alþjóðasiglingamálastofnunina til að þróa viðmiðunarreglur um þurrleiguskráningu skipa.

13) Í þessari reglugerð telst hugtakið „ferlihjálpartæki“ hvorki vera farangur né ökutæki í skilningi 8. gr. Aþenusamningsins.

14) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([6]).

15) Framkvæmdastjórnin skal einkum hafa heimild til þess að breyta þessari reglugerð til að taka inn síðari breytingar á alþjóðasamningum, bókunum, kóðum og ályktunum sem tengjast henni. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana nýjum, veigalitlum þáttum, skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

16) Siglingaöryggisstofnun Evrópu, sem sett var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1406/2002 ([7]), skal aðstoða framkvæmdastjórnina við að undirbúa og gera drög að framvinduskýrslu um framkvæmd reglna sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

17) Yfirvöld í aðildarríkjunum, einkum hafnaryfirvöld, gegna lykilhlutverki í tengslum við greiningu og stjórnun á hinum ýmsu hættum sem steðja að siglingaöryggi.

18) Í yfirlýsingu sinni um siglingaöryggi frá 9. október 2008 hafa aðildarríkin skuldbundið sig, eigi síðar en 1. janúar 2012, til að samþykkja að gerast aðilar að alþjóðasamningnum um takmörkun ábyrgðar á sjóréttarkröfum frá 1976, eins og honum var breytt með bókunninni frá 1996. Aðildarríki mega nýta sér þann kost sem kveðið er á um í 3. mgr. a í 15. gr. í þeim samningi, með því að setja reglur með sértækum ákvæðum þessarar reglugerðar, um kerfi takmörkunar ábyrgðar sem á að gilda um farþega.

19) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að setja samræmdar reglur um réttindi flutningsaðila á sjó og farþega þeirra ef slys ber að höndum, og því verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, vegna umfangs og áhrifa aðgerðanna, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um Bandalagsreglur um bótaábyrgð og tryggingu vegna farþegaflutninga á sjó eins og fram kemur í viðeigandi ákvæðum:

a) í Aþenusamningnum um flutning farþega og farangurs þeirra á sjó frá 1974, eins og honum var breytt með bókuninni frá 2002 (Aþenusamningurinn), eins og sett er fram í I. viðauka og

b) í fyrirvara og viðmiðunarreglum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um framkvæmd Aþenusamningsins sem var samþykktur af hálfu laganefndar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar 19. október 2006 (viðmiðunarreglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar) eins og sett er fram í II. viðauka.

([4]) Stjtíð. EB L 144, 15.5.1998, bls. 1.
([5]) Stjtíð. EB L 12, 16.1.2001, bls. 1.
([6]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.
([7]) Stjtíð. EB L 208, 5.8.2002, bls. 1.

2. Enn fremur rýmkar þessi reglugerð gildissvið þessara ákvæða þannig að þau nái til farþegaflutninga á sjó innan eins aðildarríkis um borð í skipum í flokki A og B skv. 4. gr. tilskipunar 98/18/EB og þar er mælt fyrir um tilteknar viðbótarkröfur.

3. Eigi síðar en 30. júní 2013 skal framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja fram tillögu að löggjöf, m.a. til að rýmka gildissvið þessarar reglugerðar þannig að hún nái til skipa í flokkum C og D skv. 4. gr. tilskipunar 98/18/EB.

2. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð gildir um hvers konar flutninga milli landa í merkingu 9. liðar 1. gr. Aþenusamningsins og um flutninga sjóleiðis innan eins aðildarríkis um borð í skipum í flokki A og B skv. 4. gr. tilskipunar 98/18/EB þar sem:

a) skipið siglir undir fána aðildarríkis eða er skráð í aðildarríki,

b) flutningssamningur hefur verið gerður í aðildarríki eða

c) brottfararstaður eða ákvörðunarstaður, samkvæmt flutningssamningnum, er í aðildarríki.

Aðildarríki mega láta þessa reglugerð ná til allra sjóferða innanlands.

3. gr.

Bótaábyrgð og vátryggingar

1. Bótaábyrgðarkerfið fyrir farþega, farangur þeirra og ökutæki og reglurnar um vátryggingu eða aðra fjárhagslega tryggingu skulu falla undir ákvæði þessarar reglugerðar, undir ákvæði 1. gr. og 1. gr. a, 2. mgr. 2. gr., 3.-16. gr. og 18., 20. og 21. gr. Aþenusamningsins, sem settur er fram í I. viðauka, og undir ákvæði viðmiðunarreglna Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar sem settar eru fram í II. viðauka.

2. Viðmiðunarreglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, sem settar eru fram í II. viðauka, eru bindandi.

4. gr.

Bætur í tengslum við ferlihjálpartæki eða önnur sérstök hjálpartæki

Ef ferlihjálpartæki eða annað sérstakt hjálpartæki, sem hreyfihamlaður farþegi notar, glatast eða verður fyrir tjóni fellur bótaábyrgð flutningsaðila undir ákvæði 3. mgr. 3. gr. Aþenusamningsins. Bæturnar skulu samsvara endurnýjunarverði hjálpartækisins eða, eftir atvikum, viðgerðarkostnaði.

5. gr.

Víðtækar takmarkanir á bótaábyrgð

1. Þessi reglugerð breytir ekki réttindum eða skyldum flutningsaðila eða flutningsaðila í raun í samræmi við landslög til framkvæmdar alþjóðasamningnum um takmörkun ábyrgðar á sjóréttarkröfum frá 1976, eins og honum var breytt með bókuninni frá 1996, þ.m.t. breytingar sem kunna að verða gerðar síðar á samningnum.

Ef slík landslög eru ekki í gildi fellur bótaábyrgð flutningsaðila eða flutningsaðila í raun aðeins undir ákvæði 3. gr. þessarar reglugerðar.

2. Að því er varðar bótakröfur vegna manntjóns eða líkamstjóns farþega af völdum einhverrar þeirra hættu sem um getur í lið 2.2 í viðmiðunarreglum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar er flutningsaðila og flutningsaðila í raun heimilt að takmarka ábyrgð sína í samræmi við ákvæðin sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

6. gr.

Fyrirframgreiðsla

1. Ef farþegi lætur lífið eða verður fyrir líkamstjóni af völdum atviks við sjóflutninga skal flutningsaðilinn sem annast flutninginn að öllu leyti eða að hluta til þegar atvikið átti sér stað, inna af hendi fyrirframgreiðslu sem nægir til að standa straum af brýnustu fjárþörf, í réttu hlutfalli við orðinn skaða, innan fimmtán daga frá því ljóst er orðið hvaða einstaklingur á rétt á skaðabótum. Greiðslan skal ekki vera lægri en 21 000 evrur ef um manntjón er að ræða.

Þetta ákvæði gildir einnig ef flutningsaðilinn er með staðfestu innan Bandalagsins.

2. Fyrirframgreiðsla felur ekki í sér viðurkenningu á bótaábyrgð og getur komið til frádráttar bótum sem kunna að vera greiddar síðar samkvæmt þessari reglugerð. Greiðsluna skal ekki endurgreiða nema í þeim tilvikum sem sett eru fram í 1. mgr. 3. gr. eða 6. gr. Aþenusamningsins eða í viðbæti A við viðmiðunarreglur Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar eða ef einstaklingurinn sem fékk greiðsluna er ekki sá einstaklingur sem átti rétt á skaðabótunum.

7. gr.

Upplýsingar fyrir farþega

Með fyrirvara um skyldur ferðaskipuleggjenda, sem settar eru fram í tilskipun ráðsins 90/314/EBE frá 13. júní 1990 um ferðapakka, orlofspakka og skoðunarferðapakka ([8]) skal flutningsaðili og/eða flutningsaðili í raun sjá til þess að farþegar fái viðeigandi og auðskiljanlegar upplýsingar um réttindi sín samkvæmt þessari reglugerð.

([8]) Stjtíð. EB L 158, 23.6.1990, bls. 59.

Ef flutningssamningur er gerður í aðildarríki skulu upplýsingar þar að lútandi veittar á öllum sölustöðum, þ.m.t. við símasölu og sölu á Netinu. Ef brottfararstaður er í aðildarríki skulu upplýsingarnar veittar fyrir brottför. Í öllum öðrum tilvikum skulu þær veittar eigi síðar en við brottför. Að því marki sem upplýsingaskyldan, samkvæmt þessari grein, hefur verið uppfyllt, annaðhvort af hálfu flutningsaðila eða flutningsaðila í raun, er hinum ekki skylt að veita upplýsingar. Upplýsingarnar skulu veittar með því sniði sem er hagkvæmast.

Til að uppfylla upplýsingaskylduna, samkvæmt þessari grein, skal flutningsaðili og flutningsaðili í raun veita farþegum a.m.k. þær upplýsingar sem er að finna í samantekt um ákvæði þessarar reglugerðar sem framkvæmdarstjórnin hefur útbúið og birt opinberlega.

8. gr.

Skýrslugjöf

Eigi síðar en þremur árum eftir gildistökudag þessarar reglugerðar skal framkvæmdastjórnin semja skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar þar sem meðal annars skal tekið tillit til þróunar í efnahagsmálum og á alþjóðavettvangi.

Skýrslunni getur fylgt tillaga um breytingu á þessari reglugerð eða tillaga sem Bandalagið á að leggja fram á viðeigandi sviðum á alþjóðavettvangi.

9. gr.

Breytingar

1. Ráðstafanirnar, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar og varða upptöku breytinga á ábyrgðarmörkunum, sem sett eru fram í 3. gr. (1. mgr.), 4. gr. a (1. mgr.), 7. gr. (1. mgr.) og 8. gr. Aþenusamningsins til að taka tillit til ákvarðana sem teknar hafa verið skv. 23. gr. samningsins ásamt tilheyrandi uppfærslum á I. viðauka við þessa reglugerð, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 10. gr. þessarar reglugerðar.

Að teknu tilliti til þess hvaða afleiðingar það hefur á fargjöld og getu markaðarins til að öðlast tryggingavernd á viðráðanlegu, að því marki sem krafist er, í ljósi þeirrar stefnu að efla rétt farþega ásamt því að viðskiptin eru að hluta til árstíðabundin skal framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 31. desember 2016, samþykkja, á grundvelli viðeigandi áhættumats, ráðstöfun varðandi ábyrgðarmörkin sem sett eru fram í I. viðauka fyrir skip í flokki B skv. 4. gr. tilskipunar 98/18/EB. Samþykkja skal þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 10. gr. þessarar reglugerðar.

2. Ráðstafanirnar, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar og varða upptöku breytinga á ákvæðum viðmiðunarregla Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, sem settar eru fram í II. viðauka, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 10. gr.

10. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2099/2002 ([9]).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

11. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Að því er varðar flutninga á sjó innan eins aðildarríkis um borð í skipum í flokki A, skv. 4. gr. tilskipunar 98/18/EB, er aðildarríkjum heimilt að fresta beitingu þessarar reglugerðar um fjögur ár eftir gildistökudag hennar.

2. Að því er varðar flutninga á sjó innan eins aðildarríkis um borð í skipum í flokki B, skv. 4. gr. tilskipunar 98/18/EB, er aðildarríkjum heimilt að fresta beitingu þessarar reglugerðar til 31. desember 2018.

12. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með þeim degi sem Aþenusamningurinn öðlast gildi í Bandalaginu og, hvernig sem atvikast, eigi síðar en 31. desember 2012.

([9]) Stjtíð. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 23. apríl 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti	*forseti*
H.-G. PÖTTERING	P. NEČAS

I. VIÐAUKI

ÁKVÆÐI AÞENUSAMNINGSINS UM FLUTNING FARÞEGA OG FARANGURS ÞEIRRA Á SJÓ SEM HAFA ÞÝÐINGU VIÐ BEITINGU ÞESSARAR REGLUGERÐAR

(Samsteyptur texti úr Aþenusamningnum um flutning farþega og farangurs þeirra á sjó frá 1974 og úr bókuninni við samninginn frá 2002)

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessum samningi hefur eftirfarandi orðalag þá merkingu sem hér greinir:

1. a) „flutningsaðili“: einstaklingur sem hefur gert flutningssamning, eða einhver sem gerir flutningssamning fyrir hans hönd, óháð því hvort flutningsaðili eða flutningsaðili í raun annist flutninginn,

   b) „flutningsaðili í raun“: einstaklingur annar en flutningsaðili sem er eigandi, leigutaki eða rekstraraðili skips sem annast flutninginn í raun að öllu leyti eða að hluta til og

   c) „flutningsaðili sem annast flutninginn í raun, að öllu leyti eða að hluta til“: flutningsaðili í raun eða flutningsaðili svo fremi að flutningsaðilinn annist flutninginn í raun,

2. „flutningssamningur“: samningur sem flutningsaðili gerir, eða einhver fyrir hans hönd, um farþegaflutninga á sjó eða flutning farþega og farangurs hans, eftir því sem við á,

3. „skip“: einungis hafskip, þó ekki svifnökkvi,

4. „farþegi“: sérhver einstaklingur sem er fluttur með skipi:

   a) samkvæmt flutningssamningi eða

   b) sem, með samþykki flutningsaðila, fylgir ökutæki eða lifandi dýrum, sem eru hluti af flutningssamningi um vöruflutninga, sem þessi samningur nær ekki til,

5. „farangur“: sérhver hlutur eða ökutæki sem flutningsaðili flytur samkvæmt flutningssamningi, að undanskildum:

   a) hlutum og ökutækjum, sem eru flutt samkvæmt skipaleigusamningi, farmskírteini eða öðrum samningi sem tengist fyrst og fremst vöruflutningum og

   b) lifandi dýrum,

6. „handfarangur“: farangur sem farþeginn hefur í klefa sínum eða sem er í hans eigu, vörslu eða umsjón; að undanskildri beitingu 8. mgr. þessarar greinar og 8. gr. tekur handfarangur til farangurs sem farþeginn flytur mér sér í eða á ökutækinu,

7. „farangur tapast eða verður fyrir tjóni“: fjárhagslegt tjón sem farþeginn verður fyrir vegna þess að farangur hans er ekki afhentur innan hæfilegra tímamarka eftir komu skipsins sem flutti farangurinn eða átti að flytja hann en tekur þó ekki til tafa vegna vinnudeilna,

8. „flutningur“: nær yfir eftirfarandi tímabil:

   a) að því er varðar farþegann og handfarangur hans: það tímabil sem farþeginn og/eða handfarangur hans eru um borð í skipinu, eða að fara um borð eða frá borði, og það tímabil sem farþeginn og handfarangur hans er fluttur sjóleiðis frá landi að skipinu eða öfugt ef kostnaður við slíkan flutning er innifalinn í fargjaldinu eða ef flutningsaðilinn gerir farið, sem notað er í þessum tilgangi, aðgengilegt farþeganum. Að því er varðar farþega tekur flutningur þó ekki til þess tíma sem hann er staddur á endastöð hafnar, hafnarstöð eða á hafnarbakka eða í öðru hafnarmannvirki,

b) að því er varðar handfarangur: einnig sá tími sem farþeginn er staddur á endastöð hafnar, hafnarstöð eða á hafnarbakka eða í öðru hafnarmannvirki ef flutningsaðilinn, eða starfsmaður hans eða umboðsaðili, hefur tekið farangurinn til varðveislu og hefur ekki afhent farþeganum hann aftur,

c) að því er varðar annan farangur sem er ekki handfarangur: sá tími frá því flutningsaðilinn eða starfsmaður hans eða umboðsaðili tekur farangurinn til varðveislu á landi eða um borð í skipi þar til flutningsaðilinn eða starfsmaður hans eða umboðsaðili afhendir farangurinn aftur,

9. „flutningur milli landa“: sérhver flutningur þar sem brottfararstaður og ákvörðunarstaður, samkvæmt flutningssamningi, eru innan tveggja mismunandi ríkja eða í einu ríki ef gert er ráð fyrir viðkomuhöfn í öðru ríki samkvæmt flutningssamningnum eða ferðaáætluninni,

10. „stofnun“: Alþjóðasiglingamálastofnunin,

11. „aðalframkvæmdastjóri“: aðalframkvæmdastjóri stofnunarinnar.

1. gr. a

Viðauki

Viðaukinn við þennan samning er óaðskiljanlegur hluti hans.

2. gr.

Gildissvið

1. […] (*)

2. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar gildir þessi samningur ekki þegar flutningur er háður, samkvæmt einhverjum öðrum alþjóðasamningi um flutning farþega eða farangurs með öðrum flutningsmáta, einkaréttarábyrgð í samræmi við ákvæði slíks samnings svo fremi sem beiting þessara ákvæða er skyldubundin fyrir flutning á sjó.

3. gr.

Bótaábyrgð flutningsaðila

1. Flutningsaðila er skylt að bæta tjón er hlýst af manntjóni eða líkamstjóni farþega vegna atviks við sjóflutninga svo framarlega sem tjón þessa farþega fari ekki yfir 250 000 reiknieiningar í tengslum við sérhvert tilvik nema flutningsaðilinn sanni að atvikið:

a) hafi verið af völdum styrjaldar, hernaðarátaka, borgarastyrjaldar, uppreisnar eða óvenjulegs, óhjákvæmilegs og óviðráðanlegs náttúruviðburðar eða

b) sé að öllu leyti af völdum athafnar eða athafnaleysis þriðja aðila í þeim tilgangi að valda atvikinu.

Ef tjónið fer yfir framangreind ábyrgðarmörk er flutningsaðili þar að auki ábyrgur nema hann geti sannað að atvikið, sem olli tjóninu, hafi ekki verið vegna yfirsjónar eða vanrækslu af hans hálfu.

2. Flutningsaðila er skylt að bæta tjón er hlýst af því að farþegi verður fyrir manntjóni eða líkamstjóni sem er ekki vegna atviks við sjóflutninga ef atvikið, sem olli tjóninu, var vegna yfirsjónar eða vanrækslu af hans hálfu. Sönnunarbyrði um yfirsjón eða vanrækslu hvílir á krefjanda.

3. Flutningsaðila er skylt að bæta tjón er hlýst af því að handfarangur tapast eða verður fyrir tjóni ef atvikið, sem olli tjóninu, má rekja til yfirsjónar eða vanrækslu af hans hálfu. Þegar tjón verður vegna atviks við sjóflutninga skal gengið út frá því að það sé vegna yfirsjónar eða vanrækslu af hálfu flutningsaðila.

4. Flutningsaðila er skylt að bæta tjón sem hlýst af því að annar farangur en handfarangur tapast eða verður fyrir tjóni nema flutningsaðili sanni að atvikið, sem olli tjóninu, sé ekki vegna yfirsjónar eða vanrækslu af hans hálfu.

5. Í þessari grein er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „atvik við sjóflutninga“: skipbrot, skip sem hvolfir, lendir í árekstri eða strandar, sprenging eða eldsvoði í skipinu eða ágalli á skipinu,

b) „yfirsjón eða vanræksla af hálfu flutningsaðila“: tekur einnig til yfirsjónar eða vanrækslu af hálfu starfsmanna flutningsaðila sem framkvæma störf sín innan verksviðs síns,

(*) Ekki birt hér.

c) „ágalli á skipinu“: allar bilanir, skortur eða vanefndir við gildandi öryggisreglur, að því er varðar sérhvern hluta skipsins eða búnað þess, sem notast sem flóttaleið, til rýmingar, við ferð farþega til eða frá borði eða þegar hann er notaður til að knýja skip, stýra því, tryggja örugga siglingu, liggja við legufæri eða við akkeri, þegar skip kemur til skipalægis eða akkerislægis eða fer frá þeim, við lekastjórnun eftir innflæði vatns eða við sjósetningu björgunarbúnaðar og

d) „tjón“: tekur ekki til refsiskaðabóta eða skaðabóta til fælingar.

6. Bótaábyrgð flutningsaðila, samkvæmt þessari grein, varðar aðeins tjón sem stafar af atvikum sem eiga sér stað meðan á flutningi stendur. Sönnunarbyrði um hvort atvikið, sem orsakaði tjónið, hafi átt sér stað meðan á flutningnum stóð og hvert umfang tjónsins er skal hvíla á krefjanda.

7. Ekkert í þessum samningi skal hafa áhrif á málskotsrétt flutningsaðila gegn þriðja aðila eða rétt til að bera fyrir sig meðvirkandi vanrækslu skv. 6. gr. þessa samnings. Ekkert í þessari grein skal hafa áhrif á takmörkunarrétt skv. 7. eða 8. gr. þessa samnings.

8. Þegar gengið er út frá yfirsjón eða vanrækslu málsaðila eða að sönnunarbyrðinni sé komið yfir á málsaðila skal það ekki koma í veg fyrir að tekið verði tillit til sönnunargagna í þágu þessa málsaðila.

4. gr.

Flutningsaðili í raun

1. Ef flutningsaðila í raun hefur verið falið að annast sjálfan flutninginn eða hluta hans skal flutningsaðili engu að síður bera ábyrgð á öllum flutningnum í samræmi við ákvæði þessa samnings. Auk þess hefur flutningsaðili í raun réttindi og skyldur, samkvæmt ákvæðum þessa samnings, í tengslum við þann hluta flutningsins sem hann annast.

2. Flutningsaðili telst ábyrgur, að því er varðar flutninginn sem flutningsaðili í raun annast, fyrir athafnir og athafnaleysi flutningsaðila í raun og starfsmanna hans og umboðsaðila sem framkvæma störf sín innan verksviðs síns.

3. Allir sérsamningar, þar sem flutningsaðili tekur á sig þær skyldur sem ekki er kveðið á um í þessum samningi eða fellur frá réttindum sem samningur þessi heimilar, skulu ekki binda flutningsaðila í raun nema hann hafi samþykkt það sérstaklega og skriflega.

4. Þegar og að því marki sem bæði flutningsaðili og flutningsaðili í raun eru ábyrgir skulu þeir bera óskipta bótaábyrgð.

5. Ekkert í þessari grein skal koma í veg fyrir málskotsrétt flutningsaðila og flutningsaðila í raun.

4. gr. a

Lögboðin trygging

1. Þegar farþegar eru fluttir með skipi, skráðu í samningsríki sem hefur leyfi til að flytja fleiri en tólf farþega og fellur undir þennan samning, skal sérhver flutningsaðili, sem annast flutninginn í raun, að öllu leyti eða að hluta til, hafa vátryggingu eða aðra fjárhaglega tryggingu, t.d. ábyrgð banka eða sambærilegrar fjármálastofnunar, sem tekur til bótaábyrgðar samkvæmt þessum samningi að því er varðar manntjón eða líkamstjón farþega. Takmörk lögboðinnar vátryggingar eða annarrar fjárhagslegrar tryggingar skulu ekki vera undir 250 000 reiknieiningum fyrir hvern farþega í tengslum við sérhvert tilvik.

2. Eftir að viðeigandi yfirvald samningsríkis hefur staðfest að kröfur 1. mgr. hafi verið uppfylltar skal gefa út skírteini fyrir hvert skip þar sem staðfest er að vátryggingar eða aðrar fjárhagslegar tryggingar séu í gildi í samræmi við ákvæði þessa samnings. Að því er varðar skip sem er skráð í samningsríki skal viðeigandi yfirvald skráningarríkis skipsins gefa út eða staðfesta slíkt skírteini og að því er varðar skip sem er ekki skráð í samningsríki getur viðeigandi yfirvald hvaða samningsríkis sem er gefið út eða staðfesta skírteinið. Þetta skírteini skal vera í samræmi við fyrirmyndina, sem sett er fram í viðaukanum við þennan samning, og skulu eftirfarandi upplýsingar koma þar fram:

a) nafn skips, einkennisnúmer eða einkennisstafir og heimahöfn,

b) nafn og aðalstarfsstöð þess flutningsaðila sem annast flutninginn í raun að öllu leyti eða að hluta til,

c) auðkennisnúmer Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar fyrir skip,

d) tegund fjárhagslegrar tryggingar og gildistími hennar,

e) nafn og aðalstarfsstöð vátryggjanda eða þess aðila sem lætur í té fjárhagslega tryggingu, og, eftir því sem við á, sú starfsstöð þar sem vátryggingin eða önnur fjárhagsleg trygging er gefin út og

f) gildistími skírteinisins sem skal ekki vera lengri en gildistími vátryggingarinnar eða annarrar fjárhagslegrar tryggingar.

3. a) Samningsríki getur heimilað að skírteinið sé gefið út af hálfu stofnunar eða samtaka sem það hefur viðurkennt. Þessi stofnun eða samtök skulu tilkynna ríkinu um útgáfu hvers skírteinis. Samningsríkið skal í öllum tilvikum ábyrgjast að skírteinið hafi verið fyllt rétt og nákvæmlega út og skuldbinda sig til að tryggja að nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar til að fullnægja þessari skyldu.

b) Samningsríki skal tilkynna aðalframkvæmdastjóranum:

i. um þá sérstöku ábyrgð og skilyrði sem gilda um heimildina sem stofnunum eða samtökum, viðurkennd af hálfu samningsríkis, hefur verið falið,

ii. um afturköllun þessarar heimildar og

iii. um þann dag sem heimildin er afturkölluð eða tekur gildi.

Heimildin tekur ekki gildi fyrr en þrem mánuðum eftir þann dag sem aðalframkvæmdastjóranum var tilkynnt um hana.

c) Sú stofnun eða þau samtök sem hafa heimild til að gefa út skírteini í samræmi við þessa málsgrein skulu a.m.k. hafa heimild til að afturkalla þessi skírteini ef skilyrðin fyrir útgáfu þeirra eru ekki uppfyllt. Stofnunin eða samtökin skulu í öllum tilvikum tilkynna slíka afturköllun til þess ríkis sem skírteinið var gefið út fyrir.

4. Skírteinið skal gefið út á opinberu tungumáli eða opinberum tungumálum útgáfuríkisins. Ef notað er annað tungumál en enska, franska eða spænska skal fylgja með þýðing á eitthvert þessara tungumála og, ef ríkið ákveður svo, má sleppa því að nota opinbera tungumál ríkisins.

5. Skírteinið skal haft um borð í skipinu og skal eintak afhent yfirvöldunum, sem halda skipaskrána, eða, ef skipið er ekki skráð í samningsríki, yfirvöldum þess ríkis sem gefur út eða staðfestir skírteinið.

6. Vátrygging, eða önnur fjárhagsleg trygging, uppfyllir ekki kröfur þessarar greinar ef hún getur fallið úr gildi af öðrum ástæðum en þeim að gildistíminn, sem tilgreindur er á skírteininu, rennur út áður en þrír mánuðir eru liðnir frá þeim degi sem yfirvöldunum, sem um getur í 5. mgr., hefur borist tilkynning um gildislok þess nema skírteinið hafi verið lagt inn hjá þessum yfirvöldum eða nýtt skírteini hafi verið gefið út innan fyrrgreinds tímabils. Fyrrgreind ákvæði gilda einnig um allar breytingar sem leiða til þess að vátryggingin eða önnur fjárhagsleg trygging uppfyllir ekki lengur kröfur þessarar greinar.

7. Skráningarríki skipsins skal, með fyrirvara um ákvæði þessarar greinar, ákvarða skilyrðin fyrir útgáfu skírteinisins og gildistíma þess.

8. Ekkert í samningi þessum skal túlkað þannig að það komi í veg fyrir að samningsríki reiði sig á upplýsingar, sem það fær frá öðrum ríkjum, frá stofnuninni eða frá öðrum alþjóðastofnunum, sem tengjast fjárhagsstöðu þeirra sem veita vátrygginguna eða annars konar fjárhagslega tryggingu að því er þennan samning varðar. Í slíkum tilvikum er samningsríki, sem reiðir sig á slíkar upplýsingar, ekki leyst undan ábyrgð sinni sem útgáfuríki skírteinisins.

9. Skírteini, sem eru gefin út eða staðfest í umboði samningsríkis, skulu tekin gild af hálfu annarra samningsríkja, að því er þennan samning varðar og skulu metin af hálfu annarra samningsríkja jafngild þeim skírteinum sem eru gefin út eða staðfest af þeim, jafnvel þótt þau séu gefin út eða staðfest að því er varðar skip sem ekki er skráð í samningsríki. Samningsríki er, hvenær sem er, heimilt að óska eftir viðræðum við ríkið sem gefur skírteinið út eða staðfestir það ef það telur að vátryggjandinn eða ábyrgðaraðilinn, sem tilgreindur er á tryggingarskírteininu, hafi ekki fjárhagslegt bolmagn til að uppfylla þær skyldur sem honum ber samkvæmt þessum samningi.

10. Heimilt er að gera allar bótakröfur, sem vátrygging eða önnur fjárhagsleg trygging tekur til samkvæmt þessari grein, beint á hendur vátryggjanda eða öðrum aðila sem veitir fjárhagslega tryggingu. Í slíku tilviki gildir sú fjárhæð sem sett er fram í 1. mgr. sem takmörkun ábyrgðar vátryggjanda eða annars aðila sem veitir fjárhagslega tryggingu jafnvel þegar flutningsaðili eða flutningsaðili í raun á ekki rétt á takmörkun ábyrgðar. Stefnda er enn fremur heimilt að bera fyrir sig þeim vörnum (þó ekki gjaldþroti eða sliti) sem flutningsaðili, sem um getur í 1. mgr., hefði átt rétt á að bera fyrir sig í samræmi við þennan samning. Stefnda er auk þess heimilt að bera fyrir sig þeirri vörn að tjónið hlaust af vísvitandi misgerð hins tryggða en hinn stefndi skal ekki bera fyrir sig einhverjum öðrum vörnum sem stefndi gæti átt rétt á að bera fyrir sig í málshöfðun hins tryggða gegn stefnda. Stefndi skal í öllum tilvikum hafa heimild til að krefjast þess að flutningsaðili og flutningsaðili í raun komi einnig að meðferð málsins fyrir rétti.

11. Fjárhæðir, sem tengjast vátryggingu eða annarri fjárhagslegri tryggingu í samræmi við 1. mgr., má einungis nota til fullnustu krafna samkvæmt þessum samningi og sérhver greiðsla slíkrar fjárhæðar fellir úr gildi alla bótaábyrgð samkvæmt þessum samningi sem samsvarar þeirri fjárhæð sem greidd var.

12. Samningsríki skal ekki heimila starfrækslu skips, sem siglir undir fána þess og þessi grein tekur til, nema skírteini hafi verið gefið út skv. 2. eða 15. mgr.

13. Hvert samningsríki skal sjá til þess, samkvæmt landslögum hvers ríkis, að öll skip, sem hafa leyfi til að flytja fleiri en tólf farþega, óháð skráningarríki, og sem sigla í eða úr höfn á yfirráðasvæði þess, hafi vátryggingu eða aðra fjárhagslega tryggingu, sem samsvarar því sem tilgreint er í 1. mgr., að því marki sem samningur þessi gildir, sbr. þó ákvæði þessarar greinar.

14. Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. er samningsríki heimilt að tilkynna aðalframkvæmdastjóranum, að því er varðar 13. mgr., ef þess er ekki krafist að skipið hafi um borð eða geti framvísað skírteininu, sem krafist er skv. 2. mgr., þegar það siglir í eða út úr höfn á yfirráðasvæði þess, að því tilskildu að samningsríkið, sem gefur skírteinið út, hafi tilkynnt aðalframkvæmdastjóranum um að það haldi rafrænar skrár, sem eru öllum samningsríkjum aðgengilegar, sem staðfestir tilvist skírteinisins og gerir samningsríkjum kleift að sinna skyldum sínum skv. 13. mgr.

15. Ef skip, sem er í eigu samningsríkis, hefur ekki vátryggingu eða aðra fjárhagslega tryggingu gilda viðeigandi ákvæði þessarar greinar ekki um slíkt skip en skipið skal hafa um borð skírteini, sem gefið er út af viðeigandi yfirvöldum skráningarríkis skipsins, þar sem fram kemur að skipið er í eigu þessa ríkis og að bótaábyrgðin sé innan marka þeirrar fjárhæðar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. Slíkt skírteini skal fylgja fyrirmyndinni, sem mælt er fyrir um í 2. mgr., eins nákvæmlega og unnt er.

5. gr.

Verðmæti

Flutningsaðili ber ekki ábyrgð á tapi eða tjóni á peningum, framseljanlegum verðbréfum, gulli, silfurmunum, skartgripum, skrautmunum, listaverkum eða öðrum verðmætum nema þegar samið hefur verið um að koma slíkum verðmætum í örugga vörslu flutningsaðila en í því tilviki er flutningsaðili ábyrgur, að því marki sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 8. gr., nema samið hafi verið um hærri mörk í samræmi við 1. mgr. 10. gr.

6. gr.

Yfirsjón farþega

Ef flutningsaðili sýnir fram á að manntjón eða líkamstjón farþega eða tap eða tjón á farangri hans megi rekja til farþegans, sökum yfirsjónar hans eða vanrækslu, er dómstólnum, sem hefur málið til meðferðar, heimilt að leysa flutningsaðila undan bótaábyrgð, að öllu leyti eða að hluta, í samræmi við ákvæði laga þessa dómstóls.

7. gr.

Takmörkun ábyrgðar vegna manntjóns eða líkamstjóns

1. Bótaábyrgð flutningsaðila vegna manntjóns eða líkamstjóns farþega skv. 3. gr. skal ekki í neinu tilviki vera meiri en 400 000 reiknieiningar fyrir hvern farþega í tengslum við sérhvert tilvik. Ef dómstóll dæmir eftir lögum þess ríkis þar sem mál er höfðað að skaðabætur skuli greiddar í formi reglubundinna greiðslna má nafnvirði þessara greiðslna ekki fara yfir framangreind mörk.

2. Samningsríki er heimilt að setja reglur um takmörkun ábyrgðar, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., með sértækum ákvæðum í landslögum, að því tilskildu að takmörkun ábyrgðar í hverju ríki fyrir sig verði ekki lægri en mælt er fyrir um í 1. mgr. Samningsríki, sem nýtir sér möguleikann sem kveðið er á um í þessari málsgrein, skal upplýsa aðalframkvæmdastjórann um samþykki fyrir takmörk ábyrgðar eða að engin takmörk séu fyrir hendi.

8. gr.

Takmörkun ábyrgðar vegna taps eða tjóns á farangri og ökutækjum

1. Bótaábyrgð flutningsaðila vegna taps eða tjóns á handfarangri skal aldrei vera meiri en 2 250 reiknieiningar fyrir hvern farþega í tengslum við hvern flutning.

2. Bótaábyrgð flutningsaðila vegna taps eða tjóns á ökutækjum, þ.m.t. allur farangur sem fluttur er í eða á ökutækinu, skal ekki í neinu tilviki fara yfir 12 700 reiknieiningar fyrir hvern farþega í tengslum við hvern flutning.

3. Bótaábyrgð flutningsaðila vegna taps eða tjóns á farangri, öðrum en þeim sem um getur í 1. og 2. mgr., skal ekki í neinu tilviki fara yfir 3 375 reiknieiningar fyrir hvern farþega í tengslum við hvern flutning.

4. Flutningsaðili og farþegi geta samþykkt að bótaábyrgð flutningsaðila skuli fastsett við sjálfsábyrgð farþega sem er að hámarki 330 reiknieiningar ef ökutæki verður fyrir tjóni og að hámarki 149 reiknieiningar fyrir hvern farþega ef annar farangur tapast eða verður fyrir tjóni og að þessi upphæð verði dregin frá tapinu eða tjóninu.

9. gr.

Reiknieining og umreikningur

1. Reiknieiningin, sem notuð er í þessum samningi, er sérstök dráttarréttindi sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn skilgreinir. Fjárhæðirnar, sem tilgreindar eru í 3. gr. (1. mgr.), 4. gr. a (1. mgr.), 7. gr. (1. mgr.) og 8. gr. skal umreikna í gjaldmiðil þess ríkis þar sem mál er höfðað á verðmætagrunni gjaldmiðilsins með tilvísun til hinna sérstöku dráttarréttinda á þeim degi sem dómur er kveðinn upp eða á þeim degi sem báðir aðilar koma sér saman um. Verðmæti gjaldmiðils innanlands, með tilliti til hinna sérstöku dráttarréttinda í samningsríki sem er aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, skal reiknað út í samræmi við það verðmætamat sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn styðst við í viðskiptum sínum og er í gildi á viðkomandi degi. Verðmæti gjaldmiðils innanlands, með tilliti til hinna sérstöku dráttarréttinda í samningsríki sem ekki er aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, skal reiknað út á þann hátt sem viðkomandi ríki ákvarðar.

2. Ríki, sem ekki er aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og þar sem lög heimila ekki að ákvæðum 1. mgr. sé beitt, er samt sem áður, á þeim tíma er fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild að þessum samningi fer fram eða síðar, heimilt að lýsa því yfir að reiknieiningin, sem um getur í 1. mgr., skuli jafngilda 15 gullfrönkum. Gullfrankinn, sem um getur í þessari málsgrein, samsvarar sextíu og fimm og hálfu milligrammi gulls sem er að 900/1000 hlutum skírt gull. Umreikningur gullfrankans í gjaldmiðil innanlands skal vera í samræmi við lög viðkomandi ríkis.

3. Útreikningurinn, sem um getur í síðasta málslið 1. mgr. og umreikningurinn, sem um getur í 2. mgr., skal vera þannig að raungildi gjaldmiðilsins í samningsríkinu gefi til kynna, eftir því sem unnt er, sama raungildi fjárhæðanna í 3. gr. (1. mgr.), 4. gr. a (1. mgr.), 7. gr. (1. mgr.) og 8. gr. og fengist með því að beita þremur fyrstu málsliðum 1. mgr. Samningsríki skulu gera aðalframkvæmdastjóra grein fyrir útreikningsaðferðinni skv. 1. mgr. eða niðurstöðu umreikningsins í 2. mgr., eftir því sem við á, þegar skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild að þessum samningi er afhent til vörslu og hvenær sem breyting kann að verða á öðru hvoru.

10. gr.

Viðbótarákvæði um takmarkanir á bótaábyrgð

1. Flutningsaðili og farþegi geta samþykkt, skýlaust og með skriflegum hætti, hærri mörk bótaábyrgðar en þau sem mælt er fyrir um í 7. og 8. gr.

2. Vextir af skaðabótum og lagakostnaður falla ekki undir takmarkanir á bótaábyrgð sem mælt er fyrir um í 7. og 8. gr.

11. gr.

Varnir og takmarkanir á bótaábyrgð starfsmanna flutningsaðila

Ef mál er höfðað gegn starfsmanni eða umboðsmanni flutningsaðila eða flutningsaðila í raun í kjölfar tjóns sem fellur undir þennan samning skal þeim starfsmanni eða umboðsmanni, ef hann getur sannað að hann hafi haldið sig innan verksviðs síns, vera heimilt að bera fyrir sig þeim vörnum og takmörkunum á bótaábyrgð sem þeim flutningsaðila eða flutningsaðila í raun, er heimilt að bera fyrir sig samkvæmt þessum samningi.

12. gr.

Uppsöfnun krafna

1. Þegar takmarkanir á bótaábyrgð, sem mælt er fyrir um í 7. og 8. gr., öðlast gildi skulu þær gilda um samanlagðar bætur allra krafna í tengslum við manntjón eða líkamstjón farþega eða tap eða tjón á farangri hans.

2. Að því er varðar flutning, sem flutningsaðili í raun annast, skulu samanlagðar bætur frá flutningsaðila, flutningsaðila í raun og frá starfsmönnum og umboðsaðilum þeirra, sem framkvæma störf sín innan síns verksviðs, ekki verða hærri en sem nemur hæstu fjárhæð sem annaðhvort flutningsaðila eða flutningsaðila í raun yrði gert að inna af hendi samkvæmt þessum samningi, en engum þeirra sem er tilgreindur skal skylt að greiða fjárhæð yfir þeim mörkum sem um hann gilda.

3. Ef starfsmaður eða umboðsaðili flutningsaðila eða flutningsaðila í raun á rétt á, skv. 11. gr. þessa samnings, að bera fyrir sig takmarkanir á bótaábyrgð, sem mælt er fyrir um í 7. og 8. gr., skal samanlögð bótafjárhæð frá flutningsaðila eða flutningsaðila í raun, eftir því sem við á, og frá starfsmanninum eða umboðsaðilanum ekki fara yfir þessi mörk.

13. gr.

Missir réttar til að takmarka bótaábyrgð

1. Flutningsaðili skal ekki eiga rétt á að bera fyrir sig takmarkanir á bótaábyrgð, sem mælt er fyrir um í 7. og 8. gr. og í 1. mgr. 10. gr., ef það sannast að hann hafi sjálfur valdið tjóninu vegna athafnar eða athafnarleysis og að honum hefði mátt vera ljóst að slíkt tjón myndi sennilega hljótast af.

2. Starfsmaður eða umboðsaðili flutningsaðila eða flutningsaðila í raun á ekki rétt á að bera fyrir sig þessar ábyrgðartakmarkanir ef það sannast að starfsmaðurinn eða umboðsaðilinn hafi sjálfur valdið tjóninu vegna athafnar eða athafnarleysis og að honum hefði mátt vera ljóst að slíkt tjón myndi sennilega hljótast af.

14. gr.

Grundvöllur bótakrafna

Skaðabótamál vegna manntjóns eða líkamstjóns farþega eða taps eða tjóns á farangri má aðeins höfða gegn flutningsaðila eða flutningsaðila í raun í samræmi við samning þennan.

15. gr.

Tilkynning um tap eða tjón á farangri

1. Farþegi skal senda flutningsaðila eða umboðsmanni hans skriflega tilkynningu:

a) ef um er að ræða augljóst tjón á farangri:

   i. að því er varðar handfarangur, áður en eða þegar farþegi fer frá borði,

   ii. að því er varðar allan annan farangur, áður en eða þegar farangur er afhentur,

b) ef um er að ræða tjón á farangri sem er ekki augljóst eða ef farangur týnist, innan 15 daga frá því farið var frá borði, frá afhendingu eða frá þeim tíma sem slík afhending hefði átt að fara fram.

2. Ef farþeginn uppfyllir ekki ákvæði þessarar greinar skal gert ráð fyrir því að hann hafi fengið farangur sinn tjónlausan nema hið gagnstæða sannist.

3. Ekki þarf að senda skriflega tilkynningu ef ástand farangurs hefur verið kannað eða skoðað sameiginlega við móttöku hans.

16. gr.

Frestur til málshöfðunar

1. Öll skaðabótamál í tengslum við manntjón eða líkamstjón farþega eða í tengslum við tap eða tjón á farangri skulu fyrnast á tveimur árum.

2. Fyrningarfresturinn skal reiknaður út á eftirfarandi hátt:

a) að því er varðar líkamstjón, frá þeim degi sem farþegi fer frá borði,

b) að því er varðar manntjón meðan á flutningi stendur, frá þeim degi sem farþegi hefði átt að fara frá borði, og, að því er varðar líkamstjón meðan á flutningi stendur, sem leiðir til þess að farþeginn lætur lífið eftir að hann fór frá borði, frá dánardegi, að því tilskildu að þetta tímabil sé ekki lengra en þrjú ár frá því að farið var frá borði,

c) að því er varðar tap eða tjón á farangri, frá þeim degi sem farið var frá borði eða frá þeim degi sem fara hefði átt frá borði, hvort sem átti sér stað síðar.

3. Frestun eða rof á fyrningarfresti er ákvarðað í samræmi við lög þess ríkis þar sem mál er höfðað, þó má í engu tilviki höfða skaðabótamál samkvæmt þessum samningi síðar en:

a) fimm árum eftir þann dag sem farþeginn fór frá borði eða þann dag sem hann hefði átt að fara frá borði, hvort sem átti sér stað síðar en þó eigi síðar en

b) þremur árum eftir þann dag sem krefjandi vissi eða hefði átt að vita um áverkann, tapið eða tjónið af völdum atviksins.

4. Heimilt er að framlengja fyrningarfrest þrátt fyrir 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar í kjölfar yfirlýsingar frá flutningsaðila eða með samkomulagi milli samningsaðila eftir að tilefni varð til málshöfðunar. Yfirlýsingin eða samkomulagið skal vera skriflegt.

17. gr.

Lögbært dómsvald (*)

17. gr. a

Viðurkenning og fullnusta (*)

18. gr.

Ógilding samningsákvæða

Öll samningsákvæði, sem voru fastsett áður en atvikið átti sér stað sem olli manntjóni eða líkamstjóni farþega eða tapi eða tjóni á farangri farþega, miða að því að leysa alla þá sem bera skaðabótaábyrgð samkvæmt þessum samningi undan ábyrgð gagnvart farþeganum eða mæla fyrir um lægri ábyrgðarmörk en þau sem ákveðin eru með þessum samningi, að undanskildum 4. mgr. 8. gr., og öll ákvæði, sem miða að því að færa sönnunarbyrðina frá flutningsaðila eða flutningsaðila í raun eða hafa þau áhrif að þau takmarki möguleikana í 1. eða 2. mgr. 17. gr., skulu ógild jafnvel þótt ógilding þessara ákvæða ógildi ekki flutningssamninginn sem fellur áfram undir ákvæði þessa samnings.

(*) Ekki birt hér.

20. gr.

Tjón af völdum kjarnorku

Bótaábyrgð samkvæmt þessum samningi tekur ekki til tjóns af völdum kjarnorkuatviks:

a) ef rekstraraðili kjarnorkuvirkis er ábyrgur fyrir slíku tjóni samkvæmt Parísarsamningnum frá 29. júlí 1960 um bótaskyldu þriðja aðila á sviði kjarnorku, eins og honum var breytt með viðbótarbókun frá 28. janúar 1964 og Vínarsamningnum frá 21. maí 1963 um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum kjarnorku, eða sérhverjar breytingar eða bókanir við þá sem eru í gildi eða

b) ef rekstraraðili kjarnorkuvirkis er ábyrgur fyrir slíku tjóni samkvæmt landslögum um bótaábyrgð vegna slíks tjóns, að því tilskildu að slík lög séu einstaklingum, sem kunna að verða fyrir tjóni, jafnhagstæð og Parísar- eða Vínarsamningurinn eða sérhverjar breytingar eða bókanir við þá sem eru í gildi.

21. gr.

Vöruflutningar í umsjá opinberra yfirvalda

Samningur þessi gildir um vöruflutninga í umsjá aðildarríkja eða opinberra yfirvalda samkvæmt flutningssamningi í skilningi 1. gr.

[Ákvæði 22. og 23. gr. bókunarinnar frá 2002 við Aþenusamninginn um flutning farþega og farangurs þeirra á sjó frá 1974]

22. gr.

Endurskoðun og breyting (*)

23. gr.

Breyting á ábyrgðarmörkum

1. Með fyrirvara um ákvæði 22. gr. skal sérstaka málsmeðferðin, samkvæmt þessari grein, gilda eingöngu við breytingu á mörkunum í 3. gr. (1. mgr.), 4. gr. a (1. mgr.), 7. gr. (1. mgr.) og 8. gr. samningsins, endurskoðuðum samkvæmt þessari bókun.

2. Að ósk a.m.k. helmings en í engu tilviki færri en sex samningsríkja að þessari bókun, skal aðalframkvæmdastjóri dreifa öllum breytingartillögum um ábyrgðarmörkin, þ.m.t. frádráttarbærir liðir, sem tilgreind eru í 3. gr. (1. mgr.), 4. gr. a (1. mgr.), 7. gr. (1. mgr.) og 8. gr. samningsins, endurskoðuðum samkvæmt þessari bókun, til allra aðila að stofnuninni og allra samningsríkja.

3. Öllum breytingartillögum, sem lagðar eru fram og dreift sem að framan greinir, skal vísað til laganefndar stofnunarinnar (hér á eftir nefnd „laganefndin“) til umfjöllunar a.m.k. sex mánuðum eftir þann dag sem þeim er dreift.

4. Öll aðildarríki að samningnum, eins og hann hefur verið endurskoðaður samkvæmt þessari bókun, hvort sem þau eru aðilar að stofnuninni eða ekki, hafa rétt til að taka þátt í málsmeðferð laganefndarinnar þegar fjallað er um breytingar eða þær samþykktar.

5. Breytingar skulu samþykktar af tveimur þriðju hlutum þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum, eins og hann hefur verið endurskoðaður samkvæmt þessari bókun, sem eru viðstaddir og greiða atkvæði í stækkaðri laganefnd, eins og kveðið er á um í 4. mgr., að því tilskildu að a.m.k. helmingur ríkja sem eru aðilar að samningnum, endurskoðuðum samkvæmt þessari bókun, séu viðstaddir þegar gengið er til atkvæða.

6. Þegar tekin er afstaða til tillögu um að breyta ábyrgðarmörkum skal laganefndin hafa hliðsjón af reynslu af atvikum, einkum umfangi tjóns sem hlýst af þeim, breytingum á verðgildi gjaldmiðla og áhrifum breytingartillagnanna á vátryggingakostnað.

(*) Ekki birt hér.

7. a) Óheimilt er að taka fyrir breytingar á ábyrgðarmörkum samkvæmt þessari grein fyrr en að fimm árum liðnum frá þeim degi sem bókun þessi var lögð fram til undirritunar eða fyrr en að fimm árum liðnum frá þeim degi sem fyrri breyting, samkvæmt þessari grein, öðlast gildi.

b) Óheimilt er að hækka mörk þannig að þau fari yfir þá fjárhæð sem svarar til markanna, sem mælt er fyrir um í samningnum, endurskoðuðum samkvæmt þessari bókun, hækkuð um sex af hundraði á ári, reiknað út á uppsöfnuðum grunni frá þeim degi sem bókun þessi var lögð fram til undirritunar.

c) Óheimilt er að hækka mörk þannig að þau fari yfir fjárhæð sem samsvarar mörkunum, sem mælt er fyrir um í samningnum, endurskoðuðum samkvæmt bókun þessari.

8. Stofnunin skal tilkynna öllum samningsríkjunum um sérhverja breytingu sem samþykkt er í samræmi við 5. mgr. Breyting telst hafa hlotið staðfestingu við lok átján mánaða tímabils eftir tilkynningardag, nema minnst fjórðungur þeirra ríkja sem voru samningsríki þegar breytingin var samþykkt hafi tilkynnt aðalframkvæmdastjóranum, á fyrrnefndu tímabili, að þau staðfesti ekki breytinguna sem þýðir að henni er hafnað og hún hefur engin áhrif.

9. Breyting, sem telst hafa hlotið staðfestingu í samræmi við 8. mgr., öðlast gildi átján mánuðum eftir að hún er staðfest.

10. Öll samningsríki skulu bundin af breytingunni nema þau segi bókun þessari upp í samræmi við 1. og 2. mgr. 21. gr., a.m.k. sex mánuðum áður en breytingin öðlast gildi. Slík uppsögn öðlast gildi á gildistökudegi breytingarinnar.

11. Hafi breyting verið samþykkt áður en átján mánaða fresturinn vegna staðfestingar hennar er liðinn skal ríki, sem gerist samningsríki á því tímabili, vera bundið af breytingunni ef hún öðlist gildi. Ríki, sem gerist aðili að samningnum eftir að þetta tímabil er liðið, skal vera bundið af breytingu sem hefur verið staðfest í samræmi við 8. mgr. Í þeim tilvikum sem um getur í þessari málsgrein verður ríki bundið af breytingu þegar sú breyting öðlast gildi eða þegar þessi bókun öðlast gildi gagnvart því ríki, ef það gerist síðar.

———

VIÐAUKI VIÐ AÞENUSAMNINGINN

VÁTRYGGINGARSKÍRTEINI EÐA ÖNNUR FJÁRHAGSLEG TRYGGING AÐ ÞVÍ ER VARÐAR BÓTAÁBYRGÐ VEGNA MANNTJÓNS OG LÍKAMSTJÓNS FARÞEGA

Gefið út í samræmi við ákvæði 4. gr. a í Aþenusamningnum um flutning farþega og farangurs þeirra á sjó frá 2002

Nafn skips	Einkennisnúmer eða einkennisstafir	Auðkennisnúmer Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar fyrir skip	Heimahöfn	Nafn flutningsaðila sem annast flutninginn í raun og fullt heimilisfang aðalstarfsstöðvar hans

Hér með staðfestist að í gildi er, að því er varðar framangreint skip, vátryggingarskírteini eða önnur fjárhagsleg trygging sem uppfyllir kröfur 4. gr. a í Aþenusamningnum um flutning farþega og farangurs þeirra á sjó frá 2002.

Tegund fjárhagslegrar tryggingar .....

Gildistími fjárhagslegrar tryggingar .....

Nafn og heimilisfang vátryggjanda/vátryggjenda og/eða ábyrgðaraðila

Nafn

Heimilisfang .....

Þetta skírteini gildir til .....

Gefið út eða staðfest af ríkisstjórn .....

(fullt heiti ríkisins)

EÐA

Eftirfarandi texta skal nota þegar samningsríki nýtir sér 3. mgr. 4. gr. a:

Þetta skírteini er gefið út í umboði ríkisstjórnar .....

(fullt heiti ríkisins) af ..... (heiti stofnunar eða fyrirtækis)

Gjört í .....Hinn .....

(Staður) (Dags.)

.....

(Undirskrift og starfsheiti þess sem gefur út eða staðfestir)

Skýringar:

1. Ef þess er óskað er heimilt, ásamt með heiti ríkisins, að tilgreina lögbært stjórnvald landsins þar sem skírteinið er gefið út.

2. Ef heildarfjárhæð tryggingar er fengin frá fleiri aðilum en einum skal tilgreina fjárhæð frá hverjum aðila fyrir sig.

3. Ef trygging er sett í mismunandi formi skal telja upp þau form tryggingar.

4. Í færslunni undir „gildistími fjárhagslegrar tryggingar“ verður að tilgreina daginn sem tryggingin öðlast gildi.

5. Í færslunni undir „heimilisfang“ vátryggjanda/vátryggjenda og/eða ábyrgðaraðila verður að tilgreina aðalstarfsstöð vátryggjanda/vátryggjenda og/eða ábyrgðaraðila. Ef við á skal tilgreina starfsstöðina sem gefur út vátrygginguna eða aðra tryggingu.

———

II. VIÐAUKI

Útdráttur úr fyrirvara og viðmiðunarreglum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) um framkvæmd Aþenusamningsins sem laganefnd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar samþykkti 19. október 2006

FYRIRVARI OG VIÐMIÐUNARREGLUR ALÞJÓÐASIGLINGAMÁLASTOFNUNARINNAR UM FRAMKVÆMD AÞENUSAMNINGSINS

Fyrirvari

1. Aþenusamningurinn skal fullgiltur með eftirfarandi fyrirvara eða yfirlýsingu sem hefur sama tilgang:

„[1.1.] Fyrirvari í tengslum við fullgildingu ríkisstjórnar ... á Aþenusamningnum um flutning farþega og farangurs þeirra á sjó frá 2002 (samningurinn)

Takmörkun ábyrgðar flutningsaðila, o.s.frv.

[1.2.] Ríkisstjórn ... áskilur sér rétt til og skuldbindur sig til að takmarka ábyrgð, skv. 1. eða 2. mgr. 3. gr. samningsins, ef um er að ræða manntjón eða líkamstjón farþega af völdum einhverra þeirra áhættuþátta sem um getur í lið 2.2 í viðmiðunarreglum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um framkvæmd Aþenusamningsins, við þá fjárhæð sem er lægst af eftirfarandi fjárhæðum:

– 250 000 reiknieiningar fyrir hvern farþega í tengslum við hvert atvik,

eða

– 340 milljónir reiknieiningar í heildina fyrir hvert skip í tengslum við sérhvert tilvik.

[1.3.] Enn fremur áskilur ríkisstjórn ... sér rétt til og skuldbindur sig til að beita liðum 2.1.1 og 2.2.2 í viðmiðunarreglum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um framkvæmd Aþenusamningsins, að breyttu breytanda, í tengslum við slíka bótaábyrgð.

[1.4.] Ábyrgð flutningsaðila í raun, skv. 4. gr. samningsins, ábyrgð starfsmanna og umboðsaðila flutningsaðila eða flutningsaðila í raun, skv. 11. gr. samningsins, og mörk endurheimtanlegrar heildarfjárhæðar skv. 12. gr samningsins skulu takmörkuð með sama hætti.

[1.5.] Fyrirvarinn og skuldbindingin í lið 1.2 munu gilda án tillits til þess á hvaða grundvelli ábyrgðin hvílir, skv. 1. eða 2. mgr. 3. gr., og þrátt fyrir að kveðið sé á um hið gagnstæða í 4. eða 7. gr. samningsins en fyrirvarinn og skuldbindingin hafa ekki áhrif á beitingu 10. og 13. gr.

Lögboðin trygging og takmörkun ábyrgðar vátryggjenda

[1.6.] Ríkisstjórn ... áskilur sér rétt til og skuldbindur sig til að takmarka kröfuna, skv. 1. mgr. 4. gr. a, um að hafa undir höndum vátryggingu eða aðra fjárhagslega tryggingu í tengslum við manntjón eða líkamstjón farþega af völdum einhverra þeirra áhættuþátta sem um getur í lið 2.2 í viðmiðunarreglum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um framkvæmd Aþenusamningsins, við þá fjárhæð sem er lægst af eftirfarandi fjárhæðum:

– 250 000 reiknieiningar fyrir hvern farþega í tengslum við hvert atvik,

eða

– 340 milljónir reiknieiningar í heildina fyrir hvert skip í tengslum við sérhvert tilvik.

[1.7.] Ríkisstjórn ... áskilur sér rétt til og skuldbindur sig til að takmarka ábyrgð vátryggjanda eða annars aðila, sem veitir fjárhagslega tryggingu, skv. 10. mgr. 4. gr. a, í tengslum við manntjón eða líkamstjón farþega af völdum einhverra þeirra áhættuþátta sem um getur í lið 2.2 í viðmiðunarreglum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um framkvæmd Aþenusamningsins, við hámarksfjárhæð vátryggingar eða annarrar fjárhagslegrar tryggingar sem flutningsaðila ber að hafa undir höndum samkvæmt lið 1.6 í þessum fyrirvara.

[1.8.] Ríkisstjórn ... áskilur sér einnig rétt til og skuldbindur sig til að beita viðmiðunarreglum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um framkvæmd Aþenusamningsins, þ.m.t. beiting skilmálanna, sem um getur í liðum 2.1 og 2.2 í viðmiðunarreglunum, í tengslum við allar lögboðnar tryggingar samkvæmt þessum samningi.

[1.9.] Ríkisstjórn ... áskilur sér rétt til og skuldbindur sig til að undanþiggja veitanda vátryggingar eða annarrar fjárhagslegrar tryggingar, skv. 1. mgr. 4. gr. a, frá allri bótaábyrgð sem hann hefur ekki skuldbundið sig til að vera ábyrgur fyrir.

Skírteinisútgáfa

[1.10.] Ríkisstjórn ... áskilur sér rétt til og skuldbindur sig til að gefa út tryggingarskírteini skv. 2. mgr. 4. gr. a í samningnum:

– til að endurspegla takmörkun ábyrgðar og kröfur um tryggingavernd, sem um getur í liðum 1.2, 1.6, 1.7 og 1.9, og

– til að ná yfir aðrar takmarkanir, kröfur og undanþágur sem hún telur að aðstæður á tryggingamarkaðinum útheimti á þeim tíma sem skírteinið var gefið út.

[1.11.] Ríkisstjórn ... áskilur sér rétt til og skuldbindur sig til að viðurkenna tryggingarskírteini sem önnur samningsaðildarríki gefa út samkvæmt sambærilegum fyrirvara.

[1.12.] Allar slíkar takmarkanir, kröfur og undanþágur munu koma skýrt fram í skírteininu sem er gefið út eða staðfest skv. 2. mgr. 4. gr. a í samningnum.

Tengsl milli þessa fyrirvara og viðmiðunarreglna Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um framkvæmd Aþenusamningsins

[1.13.] Þeim réttindum sem fyrirvari þessi heldur eftir verður beitt að teknu tilhlýðilegu tilliti til viðmiðunarreglna Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um framkvæmd Aþenusamningsins, eða breytinga á honum, í því skyni að tryggja samræmi. Ef laganefnd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar hefur samþykkt tillögu um breytingu á viðmiðunarreglum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um framkvæmd Aþenusamningsins, þ.m.t. takmarkanir, taka þessar breytingar gildi frá þeim tíma sem nefndin ákveður. Þetta hefur ekki áhrif á reglur þjóðaréttar varðandi réttindi ríkis til að draga fyrirvara sinn til baka eða til að breyta honum.“

Viðmiðunarreglur

2. Miðað við núverandi stöðu tryggingamarkaðsins skulu samningsríki gefa út tryggingaskírteini á grundvelli skuldbindingar eins vátryggjanda, sem annast stríðstryggingar, og annars vátryggjanda sem annast tryggingar sem ekki ná til áhættu af völdum stríðs. Vátryggjendur skulu hvor um sig aðeins bera ábyrgð á sínum hlut. Eftirfarandi reglur skulu gilda (ákvæði, sem um getur, eru settir fram í viðbæti A):

2,1. Eftirfarandi skilmálar geta tekið til stríðstrygginga og trygginga sem ná ekki til áhættu af völdum stríðs:

2.1.1. undanþáguákvæði um geislamengun, efnavopn, líffræðileg- og lífefnafræðileg vopn ásamt rafsegulvopnum (ákvæði nr. 370),

2.1.2. undanþáguákvæði um tjón af völdum tölvuárása (ákvæði nr. 380),

2.1.3. varnir og takmarkanir fyrir þann aðila sem veitir lögboðna fjárhagslega tryggingu samkvæmt samningnum, eins og honum var breytt með þessum viðmiðunarreglum, einkum takmörkin við 250 000 reiknieiningar fyrir hvern farþega í tengslum við sérhvert tilvik,

2.1.4. fyrirvarinn að tryggingin taki aðeins til bótaábyrgðar sem fellur undir samninginn eins og honum var breytt með þessum viðmiðunarreglum og

2.1.5. fyrirvarinn að allar fjárhæðir, sem greiddar eru út samkvæmt samningnum, skuli lækka eftirstöðvar bótaábyrgðar flutningsaðila og/eða vátryggjanda hans, skv. 4. gr. a í samningnum, jafnvel þótt hlutaðeigandi vátryggjendur, sem annast stríðstryggingar eða tryggingar sem ekki ná til áhættu af völdum stríðs, greiði fjárhæðirnar ekki út og geri ekki kröfu til þeirra.

2,2. Stríðstrygging tekur til hugsanlegrar bótaábyrgðar vegna taps af völdum manntjóns eða líkamstjóns farþega sem hlýst:

– af stríði, borgarastyrjöld, byltingu, uppreisn, uppþoti eða borgarróstum þessu samfara, eða hvers konar fjandsamlegum aðgerðum af hendi stríðsaðila eða gegn honum,

– af hernámi, töku með valdi, handtöku, kyrrsetningu eða fartöf og afleiðingum af þessu eða tilraunum til þessa,

– af yfirgefnum tundurduflum, tundurskeytum, sprengjum eða öðrum yfirgefnum vopnum til hernaðar,

– af hermdarverkum sem hryðjuverkamenn eða einstaklingar fremja með saknæmum hætti eða af stjórnmálaástæðum og öllum aðgerðum sem gripið er til í því skyni að koma í veg fyrir eða sporna við slíkri áhættu,

– af eignaupptöku og eignarnámi

og getur fallið undir eftirfarandi undanþágur, takmarkanir og kröfur:

2.2.1. *Ákvæði um sjálfvirka uppsögn og undanþágu í tengslum við stríð*

2.2.2. Ef kröfur frá einstökum farþegum fara samanlagt yfir fjárhæð sem samsvarar 340 milljónum reiknieininga fyrir hvert skip í tengslum við hvert atvik getur flutningsaðili borið fyrir sig rétt sinn til að takmarka bótaábyrgð sína við 340 milljónir reiknieiningar, þó ávallt að því tilskildu:

– að þessari fjárhæð verði úthlutað til krefjenda í hlutfalli við þær kröfur sem þeir setja fram,

– að úthlutun á þessari fjárhæð geti farið fram í einni eða fleiri afborgunum til handa þeim krefjendum sem vitað er um á þeim tíma sem úthlutun fer fram og

– að úthlutun á þessari fjárhæð geti verið í höndum vátryggjanda, dómstóls eða annars lögbærs yfirvalds þar sem vátryggjandi hefur höfðað dómsmál, í hvaða samningsríki sem er þar sem dómsmál, að því er varðar kröfur sem talið er að tryggingin taki til, er höfðað.

2.2.3. Ákvæði um 30 daga uppsagnarfrest í þeim tilvikum sem falla ekki undir lið 2.2.1.

2.3. Tryggingar, sem ná ekki yfir áhættu af völdum stríðs, skulu taka til allrar hættu, sem fellur undir lögboðna tryggingu, að undanskildum þeim áhættum sem taldar eru upp í lið 2.2, óháð því hvort þær falla undir undanþágur, takmarkanir eða kröfur í liðum 2.1. og 2.2.

3. Í viðbæti B er að finna dæmi um vátryggingaskuldbindingar (blá kort) og tryggingarskírteini sem endurspegla þessar viðmiðunarreglur.

_____

VIÐBÆTIR A

Ákvæði sem um getur í viðmiðunarreglum 2.1.1, 2.1.2 og 2.2.1

Undanþáguákvæði um geislamengun, efnavopn, líffræðileg og lífefnafræðileg vopn og rafsegulvopn (ákvæði nr. 370, 10/11/2003)

Þetta ákvæði gildir framar öllum öðrum ákvæðum þessarar vátryggingar sem kunna að stangast á við það

1. Vátrygging þessi tekur ekki í neinum tilvikum til bótaábyrgðar vegna taps eða tjóns eða útgjalda sem beint eða óbeint stafa af eða eiga upptök sín í eða leiða af:

   1.1. jónandi geislun eða mengun af völdum geislavirkni frá hvers konar kjarnorkueldsneyti, kjarnorkuúrgangi eða brennslu kjarnorkueldsneytis,

   1.2. geislun, eitrun, sprengingum eða öðrum hættulegum eða mengandi eiginleikum kjarnorkuvirkja, kjarnakljúfa eða annars kjarnorkubúnaðar eða kjarnorkuíhluta þar að lútandi,

   1.3. hvers konar vopnum eða tækjum þar sem beitt er frumeinda- eða kjarnaklofningu og/eða samruna frumeinda eða kjarna eða öðrum svipuðum kjarnahvörfum, geislavirku afli eða geislavirku efni,

   1.4. geislavirkni, eitrun, sprengingum eða öðrum hættulegum eða mengandi eiginleikum frá hvers konar geislavirku efni; undanþágan í þessum undirlið nær ekki til geislavirkra samsæta, annarra en kjarnorkueldsneytis, þegar unnið er að gerð/undirbúningi slíkra samsæta, flutningi þeirra, geymslu eða notkun í viðskiptum, landbúnaði, til lækninga, í vísindastarfi eða í öðrum áþekkum, friðsamlegum tilgangi,

   1.5. hvers konar efnavopnum, líffræðilegum eða lífefnafræðilegum vopnum eða rafsegulvopnum.

Undanþáguákvæði um tjón af völdum tölvuárása (ákvæði 380, 10/11/03)

1. Vátrygging þessi tekur ekki í neinum tilvikum til bótaábyrgðar vegna taps eða tjóns eða útgjalda, sem beint eða óbeint stafa af eða eiga upptök sín í eða leiða af notkun eða starfrækslu, í þeim tilgangi að valda skaða á hvers konar tölvum, tölvukerfum eða tölvuhugbúnaðarforritum, skaðlegum kóða, tölvuveirum eða -ferlum eða öðrum rafrænum kerfum, sbr. þó ákvæðið í lið 10.2 hér á eftir.

2. Ef þetta ákvæði er staðfest fyrir tryggingarskírteini sem taka til stríðs, borgarastyrjaldar, byltingar, uppreisnar, uppþots eða borgarrósta þessu samfara, eða fjandsamlegra aðgerða af hendi stríðsaðila eða gegn honum, eða hryðjuverka sem hryðjuverkamenn eða einstaklingar fremja af stjórnmálaástæðum, útilokar ákvæðið í lið 10.1 ekki tap (sem væri annars bætt) sem leiðir af notkun tölva, tölvukerfa eða tölvuhugbúnaðarforrita eða notkun á rafrænum kerfum í ræsibúnaði og/eða stýribúnaði og/eða byssulás í hvers konar vopnum eða flugskeytum.

Sjálfvirk uppsögn tryggingar og undanþáguákvæði í tengslum við stríð

1.1. Sjálfvirk uppsögn tryggingarverndar

Óháð því hvort tilkynnt hafi verið um uppsögn skulu tryggingarnar hér á eftir SJÁLFKRAFA FELLDAR ÚR GILDI

1.1.1. ef styrjöld brýst út (óháð því hvort styrjaldaryfirlýsing liggur fyrir eða ekki) milli einhverra eftirfarandi þjóða: Breska konungsríkisins, Bandaríkjanna, Frakklands, Rússneska sambandsríkisins, Alþýðulýðveldisins Kína,

1.1.2. að því er varðar skip, sem falla undir tryggingarverndina hér á eftir, ef lagt er hald á skipið til eignar eða notkunar.

1.2. Styrjöld milli stórveldanna fimm

Vátryggingin á ekki við:

1.2.1. um bótaábyrgð vegna taps, tjóns eða útgjalda sem stafa af því ef styrjöld brýst út (óháð því hvort styrjaldaryfirlýsing liggur fyrir eða ekki) milli einhverra eftirfarandi þjóða: Breska konungsríkisins, Bandaríkjanna, Frakklands, Rússneska sambandsríkisins, Alþýðulýðveldisins Kína,

1.2.2. um kröfu um að annaðhvort sé lagt hald á skipið til eignar eða notkunar.

VIÐBÆTIR B

I. **Dæmi um vátryggingafélög (blá kort) sem um getur í viðmiðunarreglu 3**

Blátt kort sem gefið er út af hálfu vátryggjanda stríðstryggingar

Skírteini sem látið er í té sem sönnun um tryggingu skv. 4. gr. a í Aþenusamningnum um flutning farþega og farangurs þeirra á sjó frá 2002

Nafn skips:

Auðkennisnúmer Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar fyrir skip:

Heimahöfn:

Nafn og heimilisfang eiganda:

Hér með staðfestist að í gildi er, að því er varðar framangreint skip sem er í eigu framangreinds aðila, vátryggingarskírteini sem uppfyllir kröfur 4. gr. a í Aþenusamningnum um flutning farþega og farangurs þeirra á sjó frá 2002 með fyrirvara um allar undanþágur og takmarkanir sem heimilaðar eru samkvæmt lögboðinni stríðstryggingu samkvæmt samningnum og viðmiðunarreglum um framkvæmd hans sem laganefnd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar samþykkti í október 2006, einkum eftirfarandi ákvæði: [Hér má bæta við texta samningsins og viðmiðunarreglunum ásamt viðbætum að því marki sem æskilegt er]

Gildistími vátryggingar frá: 20. febrúar 2007

til: 20. febrúar 2008

Vátryggjanda er þó ávallt heimilt að fella trygginguna úr gildi með því að tilkynna framangreindu yfirvaldi um það skriflega með þrjátíu daga fyrirvara þar sem bótaábyrgð vátryggjanda fellur úr gildi frá þeim degi sem fyrrnefndur uppsagnarfrestur rennur út en aðeins hvað varðar atvik sem koma upp eftir þessa dagsetningu.

Dagsetning:

Skírteini þetta var gefið út af: War Risks, Inc

[Heimilisfang]

.....

Undirskrift vátryggjanda: Aðeins sem umboðsaðili fyrir War Risks, Inc.

Blátt kort gefið út af vátryggjanda sem veitir tryggingu sem nær ekki til áhættu af völdum stríðs

Skírteini sem látið er í té sem sönnun um tryggingu skv. 4. gr. a í Aþenusamningnum um flutning farþega og farangurs þeirra á sjó frá 2002

Nafn skips:

Auðkennisnúmer Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar fyrir skip:

Heimahöfn:

Nafn og heimilisfang eiganda:

Hér með staðfestist að í gildi er, að því er varðar framangreint skip sem er í eigu framangreinds aðila, vátryggingarskírteini sem uppfyllir kröfur 4. gr. a í Aþenusamningnum um flutning farþega og farangurs þeirra á sjó frá 2002 með fyrirvara um allar undanþágur og takmarkanir sem heimilaðar eru fyrir vátryggjendur sem veita tryggingu sem nær ekki til áhættu af völdum stríðs samkvæmt samningnum og viðmiðunarreglum um framkvæmd hans sem laganefnd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar samþykkti í október 2006, einkum eftirfarandi ákvæði: [Hér má bæta við texta samningsins og viðmiðunarreglunum ásamt viðbætum að því marki sem æskilegt er]

Gildistími vátryggingar frá: 20. febrúar 2007

til: 20. febrúar 2008

Vátryggjanda er þó ávallt heimilt að fella tryggginguna úr gildi með því að tilkynna framangreindu yfirvaldi um það skriflega með þrjátíu daga fyrirvara þar sem bótaábyrgð vátryggjanda fellur úr gildi frá þeim degi sem fyrrnefndur uppsagnarfrestur rennur út en aðeins hvað varðar atvik sem koma upp eftir þessa dagsetningu.

Dagsetning:

Skírteini þetta var gefið út af: PANDI P&I

[Heimilisfang]

.....

Undirskrift vátryggjanda: Aðeins sem umboðsaðili fyrir PANDI P&I

II. **Fyrirmynd að vátryggingarskírteini sem um getur í 3. lið í viðmiðunarreglunum**

VÁTRYGGINGARSKÍRTEINI EÐA ÖNNUR FJÁRHAGSLEG TRYGGING AÐ ÞVÍ ER VARÐAR BÓTAÁBYRGÐ VEGNA MANNTJÓNS OG LÍKAMSTJÓNS FARÞEGA

Gefið út í samræmi við ákvæði 4. gr. a í Aþenusamningnum um flutning farþega og farangurs þeirra á sjó frá 2002

Nafn skips	Einkennisnúmer eða einkennisstafir	Auðkennisnúmer Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar fyrir skip	Heimahöfn	Nafn flutningsaðila sem annast flutninginn í raun og fullt heimilisfang aðalstarfsstöðvar hans

Hér með staðfestist að í gildi er, að því er varðar framangreint skip, vátryggingarskírteini eða önnur fjárhagsleg trygging sem uppfyllir kröfur 4. gr. a í Aþenusamningnum um flutning farþega og farangurs þeirra á sjó frá 2002.

Tegund fjárhagslegrar tryggingar .....

Gildistími fjárhagslegrar tryggingar .....

Nafn og heimilisfang vátryggjanda/vátryggjenda og/eða ábyrgðaraðila

Tryggingaverndinni, sem er hér með staðfest, er skipt í tvö hluta, stríðstryggingu og tryggingu sem nær ekki til áhættu af völdum stríðs samkvæmt viðmiðunarreglum um framkvæmd hans sem laganefnd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar samþykkti í október 2006. Að því er varðar báða þessa hluta tryggingaverndarinnar gilda allar undanþágur og takmarkanir sem heimilaðar eru samkvæmt þessum samningi og viðmiðunarreglum um framkvæmd hans. Vátryggjendur bera ekki óskipta ábyrgð. Vátryggjendur eru:

Að því er varðar áhættu sem nær til stríðs: War Risks, Inc., [heimilisfang]

Að því er varðar áhættu sem nær ekki til stríðs: Pandi P&I, [heimilisfang]

Þetta skírteini gildir til .....

Gefið út eða staðfest af ríkisstjórn .....

(fullt heiti ríkisins)

EÐA

Eftirfarandi texta skal nota þegar samningsríki nýtir sér 3. mgr. 4. gr. a:

Þetta skírteini er gefið út í umboði ríkisstjórnar .....

(fullt heiti ríkisins) af ..... (heiti stofnunar eða fyrirtækis)

Gjört í .....Hinn .....

(Staður) (Dags.)

.....

(Undirskrift og starfsheiti þess sem gefur út eða staðfestir)

Skýringar:

1. Ef þess er óskað er heimilt, ásamt með heiti ríkisins, að tilgreina lögbært yfirvald landsins þar sem skírteinið er gefið út.

2. Ef heildarfjárhæð tryggingar er fengin frá fleiri aðilum en einum skal tilgreina fjárhæð frá hverjum aðila fyrir sig.

3. Ef trygging er sett í mismunandi formi skal telja upp þau form tryggingar.

4. Í færslunni undir „gildistími fjárhagslegrar tryggingar“ verður að tilgreina daginn sem tryggingin öðlast gildi.

5. Í færslunni undir „heimilisfang“ vátryggjanda/vátryggjenda og/eða ábyrgðaraðila verður að tilgreina aðalstarfsstöð vátryggjanda/vátryggjenda og/eða ábyrgðaraðila. Ef við á skal tilgreina starfsstöðina sem gefur út vátrygginguna eða aðra fjárhagslega tryggingu.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 388/2010 **2013/EES/4/80**

frá 6. maí 2010

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 998/2003 að því er varðar hámarksfjölda gæludýra af tilteknum tegundum, sem kunna að sæta flutningum sem ekki eru viðskiptalegs eðlis (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 998/2003 frá 26. maí 2003 um kröfur um heilbrigði dýra sem gilda um gæludýraflutninga, sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, og um breytingu á tilskipun ráðsins 92/65/EBE ([1]), einkum 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 998/2003 er mælt fyrir um kröfur um heilbrigði dýra sem gilda um tilflutning á gæludýrum, sem ekki er viðskiptalegs eðlis, og reglur um eftirlit með slíkum tilflutningi. Hún gildir um tilflutning milli aðildarríkjanna eða frá þriðju löndum á gæludýrum af þeim tegundum sem skráðar eru í I. viðauka við reglugerðina. Hundar, kettir og frettur eru skráð í A- og B-hluta þess viðauka.

2) Kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 998/2003 eru breytilegar eftir því hvort gæludýrin eru flutt á milli aðildarríkja eða frá þriðju löndum til aðildarríkja. Því til viðbótar eru kröfurnar sem varða slíkan tilflutning frá þriðju löndum aðgreindar enn frekar á milli þeirra þriðju landa sem eru skráð í 2. lið B-hluta II. viðauka við þá reglugerð og þeirra þriðju landa sem eru skráð í C-hluta þess viðauka.

3) Þriðju lönd sem beita reglum um tilflutning á gæludýrum, sem er ekki viðskiptalegs eðlis, sem eru a.m.k. jafngildar reglunum sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 998/2003 eru skráð í 2. lið B-hluta II. viðauka við þá reglugerð.

4) Tilskipun ráðsins 92/65/EBE frá 13. júlí 1992 um dýraheilbrigðiskröfur varðandi viðskipti innan Bandalagsins og innflutning til Bandalagsins á dýrum, sæði, eggfrumum og fósturvísum sem dýraheilbrigðiskröfur í sérreglum Bandalagsins er um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 90/425/EBE gilda ekki um ([2]) gildir almennt um viðskipti.

5) Til að koma í veg fyrir að viðskiptalegir tilflutningar séu með sviksamlegum hætti dulbúnir sem tilflutningar á gæludýrum, sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, í skilningi reglugerðar (EB) nr. 998/2003 er í 12. gr. þeirrar reglugerðar kveðið á um að kröfurnar og eftirlitið, sem mælt er fyrir um í tilskipun 92/65/EBE, skuli gilda um tilflutning fleiri en fimm gæludýra þegar komið er með dýrin inn í Bandalagið frá þriðja landi sem ekki er skráð í 2. lið B-hluta II. viðauka við reglugerðina.

6) Reynslan af beitingu reglugerðar (EB) nr. 998/2003 hefur sýnt að það er mikil hætta á að viðskiptalegir tilflutningar á hundum, köttum og frettum séu með sviksamlegum hætti dulbúnir sem tilflutningar, sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, þegar þessar dýrategundir eru fluttar til aðildarríkis frá öðru aðildarríki eða þriðja landi sem skráð er í 2. lið B-hluta II. viðauka við þá reglugerð.

7) Til að forðast slíkt athæfi og tryggja samræmda beitingu á reglugerð (EB) nr. 998/2003 skal setja ákvæði um að koma á sömu reglum um flutning á hundum, köttum og frettum til aðildarríkis frá öðru aðildarríki eða þriðja landi sem skráð er í 2. lið B-hluta II. viðauka við þá reglugerð.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Kröfurnar og eftirlitið, sem um getur í b-lið fyrstu málsgreinar 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 998/2003, skulu gilda um tilflutning gæludýra af þeim tegundum sem skráðar eru í A- og B-hluta I. viðauka við þá reglugerð þegar heildarfjöldi dýra, sem fluttur er inn í aðildarríki frá öðru aðildarríki eða þriðja landi, sem er skráð í 2. lið B-hluta II. viðauka við þá reglugerð, fer yfir fimm.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. maí 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 114, 7.5.2010, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 8.

([1]) Stjtíð. ESB L 146, 13.6.2003, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 268, 14.9.1992, bls. 54.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 438/2010 2013/EES/4/81

frá 19. maí 2010

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 998/2003 um kröfur um heilbrigði dýra, sem gilda um flutninga, sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, á gæludýrum (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 43. gr. og b-lið 4. mgr. 168. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 998/2003 ([3]) er mælt fyrir um kröfur um heilbrigði dýra sem gilda um tilflutning á gæludýrum, sem er ekki viðskiptalegs eðlis, og reglur um eftirlit með slíkum tilflutningi.

2) Í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 998/2003 eru sett ákvæði sem gilda um tilflutning á hundum, köttum og frettum, sem talin eru upp í A- og B-lið I. viðauka við reglugerðina, milli aðildarríkja. Samkvæmt a-lið 1. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar skulu þessi gæludýr vera auðkennd með rafrænu auðkenningarkerfi (merkissvara). Á átta ára umbreytingartímabili frá gildistökudegi þeirrar reglugerðar skal einnig líta svo á að þessi gæludýr séu auðkennd ef þau bera auðlæsilegt húðflúr.

3) Í 1. mgr. 4. gr. og 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 998/2003 er kveðið á um að ef merkissvarinn stenst ekki staðalinn ISO 11784 eða viðauka A við staðalinn ISO 11785, skuli eigandi eða einstaklingur, sem ber ábyrgð á gæludýrinu fyrir hönd eigandans, sjá til þess að fyrir hendi sé nauðsynlegur búnaður til að lesa merkissvarann hvenær sem eftirlit fer fram.

4) Til að komast hjá óþarfa röskun, einkum að því er varðar tilflutning á gæludýrum frá þriðju löndum, er nauðsynlegt að gera tilvísanir í þessa ISO-staðla nákvæmari áður en notkun á merkissvörum verður skyldubundin. Vegna tæknilegs eðlis þessara tilvísana þykir rétt að taka þær inn í viðauka við reglugerð (EB) nr. 998/2003 og breyta 4. og 14. gr. þeirrar reglugerðar til samræmis við það.

5) Til viðbótar er í b-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 998/2003 kveðið á um að hundum, köttum og frettum skuli fylgja vegabréf, gefið út af dýralækni sem lögbært yfirvald viðurkennir, þar sem fram kemur vottun þess efnis að dýrið hafi, með fullnægjandi hætti, verið bólusett gegn hundaæði, í samræmi við tilmæli framleiðslurannsóknarstofunnar, með óvirkjuðu bóluefni gegn hundaæði sem inniheldur a.m.k. eina einingu af mótefnavaka í hverjum skammti (WHO-staðall). Frá því að reglugerð (EB) nr. 998/2003 var samþykkt hafa endurröðuð bóluefni (e. recombinant vaccine) einnig orðið fáanleg til bólusetningar gegn hundaæði.

6) Til að leyfa megi tilflutning, einkum frá þriðju löndum, á hundum, köttum og frettum, sem eru bólusett með endurröðuðum bóluefnum, skal einnig setja ákvæði um að heimila, að því er varðar reglugerð (EB) nr. 998/2003, notkun á slíkum bóluefnum í samræmi við tilteknar tæknilegar kröfur sem mælt er fyrir um í viðauka við þá reglugerð.

7) Ef bóluefnin eru gefin í aðildarríki skulu markaðsleyfi hafa verið veitt fyrir þau, annað hvort í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um dýralyf ([4]) eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 frá 31. mars 2004 um málsmeðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir manna- og dýralyfjum og eftirlit með þeim lyfjum og um stofnun Lyfjastofnunar Evrópu ([5]).

8) Ef bóluefnin eru gefin í þriðja landi skulu þau vera í samræmi við lágmarksstaðla um öryggi eins og mælt er fyrir um í viðeigandi kafla í Handbók Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar (OIE) um greiningarprófanir og bóluefni fyrir landdýr.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 132, 29.5.2010, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 8.

([1]) Stjtíð. ESB C 318, 23.12.2009, bls. 121.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 9. mars 2010 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 26. apríl 2010.

([3]) Stjtíð. ESB L 146, 13.6.2003, bls. 1.

([4]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1.

([5]) Stjtíð. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 1.

9) Til viðbótar skal samþykkja reglur á vísindalegum grunni, svipaðar þeim sem mælt er fyrir um varðandi hundaæði. Í þeim skal kveða á um fyrirbyggjandi heilbrigðisráðstafanir vegna tilflutnings á gæludýrum er varða aðra sjúkdóma sem geta hrjáð þessi dýr og skulu þessar fyrirbyggjandi ráðstafanir vera í réttu hlutfalli við áhættuna á að þessir sjúkdómar breiðist út vegna slíkra tilflutninga.

10) Í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 998/2003 er kveðið á um að viðbótarkröfur skuli gilda um komu hunda og katta til Írlands, Möltu, Svíþjóðar og Breska konungsríkisins vegna sérstakra aðstæðna er varða hundaæði í þessum aðildarríkjum. Þessu ákvæði skal beitt sem umbreytingarráðstöfun til 30. júní 2010.

11) Í samræmi við þessar viðbótarkröfur skal auðkenna hunda og ketti, sem koma inn á yfirráðasvæði þessara aðildarríkja, með merkissvara nema viðtökuaðildarríkið viðurkenni einnig að auðkenna megi dýrið með auðlæsilegu húðflúri. Að auki felst í þessum kröfum skyldubundin mótefnatítrun áður en þessi gæludýr koma inn á yfirráðasvæði þessara aðildarríkja til að staðfesta að magn mótefna gegn hundaæði nægi til verndar.

12) Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til þess að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar fyrirbyggjandi heilbrigðisráðstafanir er varða aðra sjúkdóma en hundaæði og breytingar á tæknilegum kröfum um auðkenningu dýra og um bólusetningu gegn hundaæði eins og mælt er fyrir um í viðaukunum sem, í samræmi við þessa reglugerð, er bætt við reglugerð (EB) nr. 998/2003. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð á meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga.

13) Í 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 998/2003 er mælt fyrir um skilyrði vegna tilflutnings á hundum, köttum og frettum frá þriðju löndum eftir viðvarandi ástandi er varðar hundaæði í þriðja landi sem er upprunaland og í viðtökuaðildarríkinu.

14) Í ii. lið a-liðar 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 998/2003 er kveðið á um að þegar gæludýr eru flutt frá tilteknum þriðju löndum til Írlands, Möltu, Svíþjóðar og Breska konungsríkisins gildi viðbótarkröfurnar sem kveðið er á um í 6. gr. þeirrar reglugerðar. Þessi þriðju lönd eru skráð í 2. lið B-hluta og í C-hluta II. viðauka við þá reglugerð.

15) Í ii. lið b-liðar 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 998/2003 er kveðið á um að þegar gæludýr eru flutt frá öðrum þriðju löndum skuli þau sett í sóttkví nema gerðar séu ráðstafanir til þess að þau uppfylli kröfurnar í 6. gr. þeirrar reglugerðar eftir að þau koma inn í Sambandið.

16) Að auki er í 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 998/2003 kveðið á um að Finnlandi, Írlandi, Möltu, Svíþjóð og Breska konungsríkinu að því er varðar sullaveiki og Írlandi, Möltu og Breska konungsríkinu, að því er varðar blóðmítla sé heimilt að binda komu gæludýra inn á sitt yfirráðasvæði því skilyrði að farið sé að sérreglum sem eru í gildi á þeim degi sem sú reglugerð öðlast gildi. Þessu ákvæði skal beitt sem umbreytingarráðstöfun til 30. júní 2010.

17) Í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 998/2003 er kveðið á um framkvæmdastjórnin skuli, að fengnu áliti Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (Matvælaöryggisstofnunin) um nauðsyn þess að viðhalda sermiprófum og byggt á fenginni reynslu og á áhættumati, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu ásamt viðeigandi tillögum til ákvarðanatöku um fyrirkomulagið sem gilda skal frá 1. júlí 2010, að því er varðar 6., 8. og 16. gr. þeirrar reglugerðar.

18) Til að taka ákvörðun um það fyrirkomulag gerði framkvæmdastjórnin áhrifamat á grundvelli ýmissa nýlegra álita og skýrslu framkvæmdastjórnarinnar, sem samþykkt var 8. október 2007 í tengslum við 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 998/2003, og að teknu tilliti til tilmæla frá Matvælaöryggisstofnuninni.

19) Hinn 11. desember 2006 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin álit með fyrirsögninni „Mat á áhættunni á að hundaæði berist til Bretlands, Írlands, Svíþjóðar og Möltu sem afleiðing af því að sermiprófun til mælingar á verndandi mótefnum gegn hundaæði verði hætt“ ([1]).

20) Á grundvelli gagna frá 2005 komst Matvælaöryggisstofnunin að raun um að í tilteknum aðildarríkjum væri algengi hundaæðis í gæludýrum ekki óverulegt. Að auki lagði Matvælaöryggisstofnunin til að gripið yrði til ráðstafana til að draga úr áhættu að því er varðar tilflutning á gæludýrum frá löndum þar sem algengi hundaæðis í gæludýrum er ekki óverulegt.

21) Hundaæði í þessum aðildarríkjum berst aðallega með villtum dýrum. Vísbendingar úr rannsóknum úti í náttúrunni sýna að með því að útrýma hundaæði í villtum dýrum með skipulögðum áætlunum um bólusetningu á villtum dýrum um munn fækkar sjúkdómstilvikum í húsdýrum.

22) Bandalagið hefur samþykkt nokkrar áætlanir um útrýmingu á, varnir gegn og vöktun á hundaæði í þessum aðildarríkjum skv. 5. mgr. 24. gr. ákvörðunar ráðsins 90/424/EBE frá 26. júní 1990 um útgjöld á sviði dýraheilbrigðismála ([2]). Framkvæmdastjórnin gerir ráð fyrir að hætta ESB-stuðningi við landsbundnar áætlanir á yfirráðasvæði þessara aðildarríkja fyrir árslok 2011.

([1]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2006) 436, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 224, 18.8.1990, bls. 19.

23) Í ljósi álits Matvælaöryggisstofnunarinnar frá 11. desember 2006 og áætlana, sem njóta stuðnings Bandalagsins, um útrýmingu hundaæðis í tilteknum aðildarríkjum skal framlengja umbreytingarráðstafanirnar, sem kveðið er á um í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 998/2003, til 31. desember 2011.

24) Hinn 18. janúar 2007 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin álit með fyrirsögninni „Mat á áhættunni á að sullaveiki berist til Bretlands, Írlands, Svíþjóðar, Möltu og Finnlands sem afleiðing af því að afnema landsreglurnar“ ([1]).

25) Hinn 8. mars 2007 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin álit með fyrirsögninni „Mat á áhættunni á að blóðmítlar berist til Bretlands, Írlands og Möltu sem afleiðing af því að afnema landsreglurnar“ ([2]).

26) Þessi álit sýna að þau gögn sem voru fyrir hendi nægðu hvorki til þess að Matvælaöryggisstofnunin gæti sýnt fram á sérstaka stöðu þeirra aðildarríkja sem beita umbreytingarráðstöfununum að því er varðar tiltekna blóðmítla og bandormategundina Echinococcus multilocularis né til þess að magngreina áhættuna á aðflutningi sjúkdómsvalda með tilflutningi á gæludýrum, sem er ekki viðskiptalegs eðlis.

27) Til að tryggja samkvæmni að því er varðar umbreytingarráðstafanirnar þykir rétt að framlengja umbreytingarráðstöfunina sem kveðið er á um í 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 998/2003 til 31. desember 2011.

28) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 998/2003 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 998/2003 er breytt sem hér segir:

1. Í stað annarar undirgreinar í 1. mgr. 4. gr. komi eftirfarandi:

„Ef merkissvarinn stenst ekki kröfurnar sem settar eru fram í I. viðauka a, í tilvikum eins og þeim sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar, skal eigandi eða einstaklingur, sem ber ábyrgð á gæludýrinu fyrir hönd eigandans, sjá til þess að fyrir hendi sé nauðsynlegur búnaður til að lesa merkissvarann hvenær sem eftirlit fer fram.“

2. Ákvæðum 1. mgr. 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað b-liðar komi eftirfarandi:

„b) að þeim fylgi vegabréf, gefið út af dýralækni sem lögbært yfirvald viðurkennir, þar sem fram kemur vottun þess efnis að:

i. dýrið hafi, með fullnægjandi hætti, verið bólusett gegn hundaæði samkvæmt I. viðauka b,

ii. ef nauðsyn krefur hafi fyrirbyggjandi heilbrigðisráðstafanir vegna annarra sjúkdóma verið gerðar að því er varðar viðkomandi dýr.“,

b) Eftirfarandi undirlið er bætt við:

„Til að tryggja varnir gegn sjúkdómum, öðrum en hundaæði, sem líklegt er að geti breiðst úr vegna tilflutnings á gæludýrum getur framkvæmdastjórnin samþykkt, með framseldum gerðum í samræmi við 19. gr. b og háð skilyrðunum í 19. gr. c og 19. gr. d, fyrirbyggjandi heilbrigðisráðstafanirnar sem um getur í ii. lið b-liðar fyrstu undirgreinar. Þessar ráðstafanir skulu studdar vísindalegum rökum og vera í réttu hlutfalli við áhættuna á að þessir sjúkdómar breiðist út vegna slíkra tilflutninga.“

3. Í stað inngangshlutans og fyrsta undirliðar í fyrstu undirgrein 1. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:

„1. Fram til 31. desember 2011 skal flutningur gæludýra af þeim tegundum sem skráðar eru í A-hluta I. viðauka inn á yfirráðasvæði Írlands, Möltu, Svíþjóðar og Breska konungsríkisins falla undir eftirfarandi kröfur:

— þau skulu auðkennd í samræmi við b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 4. gr. nema viðtökuaðildarríkið viðurkenni einnig, fram til loka átta ára umbreytingartímabilsins sem kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr., auðkenningu í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 4. gr. og“,

4. Ákvæðum 1. mgr. 8. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað ii. liðar í a-lið komi eftirfarandi:

„ii. aðildarríkis, fram til 31. desember 2011, sem skráð er í A-hluta II. viðauka, annaðhvort beint eða eftir flutning um eitthvert þeirra yfirráðasvæða, sem skráð eru í B-hluta II. viðauka, skulu þau uppfylla kröfurnar í 6. gr.“,

([1]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2006) 441, bls. 1.
([2]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2007) 469, bls. 1.

b) Í stað ii. liðar í b-lið komi eftirfarandi:

„ii. aðildarríkis, fram til 31. desember 2011, sem skráð er í A-hluta II. viðauka, annaðhvort beint eða eftir flutning um eitthvert þeirra yfirráðasvæða, sem skráð eru í B-hluta II. viðauka, skulu þau sett í sóttkví nema gerðar séu ráðstafanir til þess að þau uppfylli kröfurnar í 6. gr. eftir að þau koma inn í Sambandið.“,

5. Í stað annarrar málsgreinar í 14. gr. komi eftirfarandi:

„Ef merkissvarinn stenst ekki kröfurnar sem settar eru fram í I. viðauka a, í tilvikum eins og þeim sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 4. gr., skal eigandi eða einstaklingur, sem ber ábyrgð á gæludýrinu fyrir hönd eigandans, sjá til þess að fyrir hendi sé nauðsynlegur búnaður til að lesa merkissvarann hvenær sem eftirlit fer fram.“,

6. Í stað 16. gr. komi eftirfarandi:

„16. gr.

„Fram til 31. desember 2011 skal Finnlandi, Írlandi, Möltu, Svíþjóð og Breska konungsríkinu að því er varðar sullaveiki og Írlandi, Möltu og Breska konungsríkinu að því er varðar blóðmítla heimilt að binda komu gæludýra inn á sitt yfirráðasvæði því skilyrði að farið sé að sérreglum sem eru í gildi á þeim degi sem þessi reglugerð öðlast gildi.“,

7. Eftirfarandi greinar eru felldar inn í ákvörðunina:

„19 gr. a

1. Í því skyni að taka tækniframfarir til greina getur framkvæmdastjórnin samþykkt, með framseldum gerðum í samræmi við 19. gr. b og háð skilyrðunum í 19. gr. c og 19. gr. d, breytingar á tæknilegum kröfum er varða auðkenningu sem mælt er fyrir um í I. viðauka a.

2. Í því skyni að taka til greina vísinda- og tækniþróun er varðar bólusetningu gegn hundaæði getur framkvæmdastjórnin samþykkt, með framseldum gerðum í samræmi við 19. gr. b og háð skilyrðunum í 19. gr. c og 19. gr. d, breytingar á tæknilegum kröfum er varða bólusetningu gegn hundaæði sem mælt er fyrir um í I. viðauka b.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

19. gr. b

1. Framkvæmdastjórninni skulu veittar heimildir til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 1. mgr. 5. gr. og 19. gr. a, á fimm ára tímabili frá 18. júní 2010, Framkvæmdastjórnin skal leggja fram skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal sjálfkrafa framlengt um jafn langan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið afturkalli það í samræmi við 19. gr. c.

2. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu samtímis.

3. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í 19. gr c.og 19. gr. d.

19. gr. c

1. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 1. mgr. 5. gr. og 19. gr. a.

2. Sú stofnun sem hafið hefur innri málsmeðferð til að skera úr um hvort afturkalla eigi framsal valds skal leitast við að upplýsa hina stofnunina og framkvæmdastjórnina um það með hæfilegum fyrirvara áður en endanleg ákvörðun er tekin og tilgreina hvaða vald, sem hefur verið framselt, gæti verið afturkallað og hugsanlegar ástæður fyrir því.

3. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal þess valds sem tilgreint er í ákvörðuninni. Skal hún öðlast gildi tafarlaust eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi. Hún skal birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

19. gr. d

1. Evrópuþingið eða ráðið geta andmælt framseldri gerð innan tveggja mánaða frá tilkynningardegi.

Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

2. Ef hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt framseldri gerð þegar þetta tímabil rennur út skal hún birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og öðlast gildi á þeim degi sem þar er tilgreindur.

Áður en þetta tímabil rennur út má birta framseldu gerðina í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og hún öðlast gildi ef Evrópuþingið og ráðið hafa bæði upplýst framkvæmdastjórnina um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum.

3. Ef Evrópuþingið eða ráðið andmæla framseldri gerð öðlast hún ekki gildi. Sú stofnun sem andmælir framseldu gerðinni skal gefa upp ástæðurnar fyrir því.“

8. Viðaukarnir I. a og I. b, eins og þeir eru settir fram í viðauka við þessa reglugerð, bætast við.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 19. maí 2010.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. Buzek	D. López Garrido
forseti.	*forseti.*

VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI a

Tæknilegar kröfur er varða auðkenningu

Að því er varðar 1. mgr. 4. gr. skal hið staðlaða rafræna auðkenningarkerfi vera skrifvarinn, hlutlaus búnaður til auðkenningar með tíðni fyrir þráðlausar sendingar („merkissvari“):

1. sem samræmist staðlinum ISO 11784 og styðst við HDX- eða FDX-B-tækni,

2. sem hægt er að lesa af með búnaði sem er samhæfður staðlinum ISO 11785.

I. VIÐAUKI b

Tæknilegar kröfur er varða bólusetningu gegn hundaæði (sem um getur í i. lið b-liðar 1. mgr. 5. gr.))

Að því er varðar 1. mgr. 5. gr. skal bólusetning gegn hundaæði teljast fullnægjandi að því tilskildu að eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

1. Bóluefni gegn hundaæði skal:

   a) vera annað bóluefni en lifandi, umbreytt bóluefni og falla í einn eftirfarandi flokka:

      i. óvirkjað bóluefni sem inniheldur a.m.k. eina einingu af mótefnavaka í hverjum skammti (WHO-staðall) eða

      ii. endurraðað bóluefni sem tjáir ónæmisvekjandi glýkóprótín hundaæðisveirunnar í lifandi veirugenaferju,

   b) ef það er gefið í aðildarríki: hafa fengið markaðsleyfi í samræmi við:

      i. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um dýralyf (*), eða

      ii. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 frá 31. mars 2004 um málsmeðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir manna- og dýralyfjum og eftirlit með þeim lyfjum og um stofnun Lyfjastofnunar Evrópu (**),

   c) ef það er gefið í þriðja landi: uppfylla a.m.k. eina af kröfunum sem mælt er fyrir um í C-hluta kafla 2.1.13 í Handbók Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um greiningarprófanir og bóluefni fyrir landdýr, útgáfunni frá 2008.

2. Bólusetning gegn hundaæði getur einungis talist fullnægjandi ef hún uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

   a) bóluefnið var gefið þann dag sem er tilgreindur í:

      i. IV. hluta vegabréfsins eða

      ii. viðeigandi hluta dýraheilbrigðisvottorðsins sem fylgir því,

   b) dagsetningin, sem um getur í a-lið, má ekki koma á undan dagsetningu örmerkingarinnar sem er tilgreind í:

      i. 2. lið III. hluta vegabréfsins eða

      ii. viðeigandi hluta dýraheilbrigðisvottorðsins sem fylgir því,

(*) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 1.

(**) Stjtíð. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 1.

c) a.m.k. 21 dagur þarf að hafa liðið frá því að lokið var við aðferðarlýsinguna um bólusetninguna sem framleiðandinn gerir kröfu um fyrir fyrstu bólusetninguna í samræmi við tækniforskriftina í markaðsleyfinu, sem um getur í b-lið 1. liðar, fyrir bóluefninu gegn hundaæði í aðildarríkinu eða þriðja landinu þar sem bólusetningin fer fram,

d) viðurkenndur dýralæknir skal skrá gildistíma bólusetningarinnar, sem mælt er fyrir um í tækniforskriftinni í markaðsleyfinu fyrir bóluefninu gegn hundaæði í aðildarríkinu eða þriðja landinu þar sem bólusetningin fer fram, í:

   i. IV. hluta vegabréfsins eða

   ii. viðeigandi hluta dýraheilbrigðisvottorðsins sem fylgir því,

e) litið skal á endurbólusetningu sem fyrstu bólusetningu ef hún var ekki framkvæmd á gildistíma fyrri bólusetningar sem um getur í d-lið.”

Yfirlýsing Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin lýsa því yfir að ákvæði þessarar reglugerðar hafa ekki áhrif á afstöðu sem stofnanirnar gætu haft í framtíðinni að því er varðar framkvæmd 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eða einstakra lagagerða sem innihalda slík ákvæði.

Yfirlýsing framkvæmdastjórnarinnar

Framkvæmdastjórnin hyggst leggja til endurskoðun á reglugerð (EB) nr. 998/2009 í heild sinni fyrir 30. júní 2011, einkum því sem snýr að framseldum gerðum og framkvæmdargerðum.

Yfirlýsing framkvæmdastjórnarinnar varðandi tilkynningu um framseldar gerðir

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tekur mið af því, nema þegar kveðið er á um flýtimeðferð í lagagerðinni, að Evrópuþingið og ráðið líti svo á að þegar tilkynnt er um framseldar gerðar skuli tillit tekið til starfshléa hjá stofnunum (vetur, sumar og kosningar til Evrópuþingsins) til að tryggja að Evrópuþinginu og ráðinu sé kleift að beita heimildum sínum innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í viðkomandi lagagerðum, og framkvæmdastjórnin er reiðubúin til að aðhafast í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/82**

frá 29. mars 2010

um breytingu á III. viðauka við ákvörðun 2003/467/EB að því er varðar yfirlýsingu þess efnis að tiltekin stjórnsýslusvæði í Póllandi og Portúgal séu opinberlega laus við smitandi hvítblæði í nautgripum (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 1912)

(2010/188/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með nautgripi og svín ([1]), einkum E-lið í I. hluta viðauka D,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 64/432/EBE er kveðið á um að lýsa megi aðildarríki eða hluta aðildarríkis opinberlega laust við smitandi hvítblæði í nautgripahjörðum, sbr. þó tiltekin skilyrði sem eru sett fram í þeirri tilskipun.

2) Skrá yfir þau svæði aðildarríkjanna, sem lýst hefur verið yfir að séu opinberlega laus við smitandi hvítblæði í nautgripum, er sett fram í III. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/467/EB frá 23. júní 2003 um að staðfesta að tiltekin aðildarríki eða héruð aðildarríkja séu opinberlega laus við berkla, öldusótt og smitandi nautgripahvítblæði í nautgripahjörðum ([2]).

3) Pólland hefur lagt gögn fyrir framkvæmdastjórnina þar sem sýnt er fram á að viðeigandi skilyrði, sem kveðið er á um í tilskipun 64/432/EBE, að því er varðar 25 stjórnsýslusvæði (powiaty) innan yfirstjórnsýslueininganna (hérað) Kujawsko-Pomorskie, Podlaskie og Mazowieckie, eru uppfyllt að því leyti að lýsa má þessi svæði sem svæði í Póllandi sem eru opinberlega laus við smitandi hvítblæði í nautgripum.

4) Í kjölfar mats á gögnunum, sem Pólland lagði fram, skal viðurkenna svæðin (powiaty), sem um er að ræða, sem svæði í Póllandi sem eru opinberlega laus við smitandi hvítblæði í nautgripum.

5) Portúgal hefur lagt gögn fyrir framkvæmdastjórnina þar sem sýnt er fram á að viðeigandi skilyrði, sem kveðið er á um í tilskipun 64/432/EBE, að því er varðar sjálfstjórnarhéraðið á Asoreyjum, séu uppfyllt svo viðkomandi hérað í Portúgal getur talist opinberlega laust við smitandi hvítblæði í nautgripum.

6) Í kjölfar mats á gögnunum, sem Portúgal lagði fram, skal viðurkenna sjálfstjórnarhéraðið á Asoreyjum sem svæði í Portúgal sem er opinberlega laust við smitandi hvítblæði í nautgripum.

7) Því ber að breyta III. viðauka við ákvörðun 2003/467/EB til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við ákvörðun 2003/467/EB er breytt til samræmis við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. mars 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

John DALLI

Framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 83, 30.3.2010, bls. 59. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 8.

([1]) Stjtíð. EB 121, 29.7.1964, bls. 1977/64

([2]) Stjtíð. ESB L 156, 25.6.2003, bls. 74.

VIÐAUKI

1. Í stað færslunnar fyrir Pólland í 2. kafla III. viðauka komi eftirfarandi:

„Í Póllandi:

– Héraðið Dolnośląskie

Powiaty:	Bolesławiecki, Dzierżoniowski, Głogowski, Górowski, Jaworski, Jeleniogórski, Jelenia Góra, Kamiennogórski, Kłodzki, Legnicki, Legnica, Lubański, Lubiński, Lwówecki, Milicki, Oleśnicki, Oławski, Polkowicki, Strzeliński, Średzki, Świdnicki, Trzebnicki, Wałbrzyski, Wałbrzych, Wołowski, Wrocławski, Wrocław, Ząbkowicki, Zgorzelecki, Złotoryjski.

– Héraðið Lubelskie

Powiaty:	Bialski, Biała Podlaska, Biłgorajski, Chełmski, Chełm, Hrubieszowski, Janowski, Krasnostawski, Kraśnicki, Lubartowski, Lubelski, Lublin, Łęczyński, Lukowski, Opolski, Parczewski, Puławski, Radzyński, Rycki, Świdnicki, Tomaszowski, Włodawski, Zamojski, Zamość.

– Héraðið Kujawsko-Pomorskie,

Powiaty:	Aleksandrowski, Brodnicki, Chełmiński, Golubsko-Dobrzyński, Grudziądzki, Lipnowski, Grudziądz, Radziejowski, Rypiński, Toruński, Toruń, Wąbrzeski, Włocławek, Włocławski.

– Héraðið Łódzkie

Powiaty:	Bełchatowski, Brzeziński, Kutnowski, Łaski, Łęczycki, Łowicki, Łódzki, Łódź, Opoczyński, Pabianicki, Pajęczański, Piotrkowski, Piotrków Trybunalski, Poddębicki, Radomszczański, Rawski, Sieradzki, Skierniewicki, Skierniewice, Tomaszowski, Wieluński, Wieruszowski, Zduńskowolski, Zgierski.

– Héraðið Małopolskie

Powiaty:	Brzeski, Bocheński, Chrzanowski, Dąbrowski, Gorlicki, Krakowski, Kraków, Limanowski, Miechowski, Myślenicki, Nowosądecki, Nowotarski, Nowy Sącz, Oświęcimski, Olkuski, Proszowicki, Suski, Tarnowski, Tarnów, Tatrzański, Wadowicki, Welicki.

– Héraðið Mazowieckie

Powiaty:	Białobrzeski, Garwoliński, Grójecki, Gostyniński, Grodziski, Kozienicki, Legionowski, Lipski, Łosicki, Makowski, Miński, Nowodworski, Ostrowski, Otwocki, Piaseczyński, Płock, Płocki, Płoński, Pruszkowski, Przysuski, Radom, Radomski, Siedlce, Siedlecki, Sierpecki, Sochaczewski, Sokołowski, Szydłowiecki, Warszawa, Warszawski Zachodni, Węgrowski, Wołomiński, Wyszkowski, Zwoleński, Żyrardowski.

– Héraðið Opolskie

Powiaty:	Brzeski, Głubczycki, Kędzierzyńsko-Kozielski, Kluczborski, Krapkowicki, Namysłowski, Nyski, Oleski, Opolski, Opole, Prudnicki, Strzelecki.

– Héraðið Podkarpackie

Powiaty:	Bieszczadzki, Brzozowski, Dębicki, Jarosławski, Jasielski, Kolbuszowski, Krośnieński, Krosno, Leski, Leżajski, Lubaczowski, Łańcucki, Mielecki,Niżański, Przemyski, Przemyśl, Przeworski, Ropczycko-Sędziszowski, Rzeszowski, Rzeszów, Sanocki, Stalowowolski, Strzyżowski, Tarnobrzeg, Tarnobrzeski.

– Héraðið Podlaskie

Powiaty:	Augustowski, Białostocki, Białystok, Bielski, Grajewski, Hajnowski, Moniecki, Sejneński, Siemiatycki, Sokólski, Suwalski, Suwałki, Wysokomazowiecki, Zambrowski.

– Héraðið Pomorskie

Powiaty:	Gdańsk, Gdański, Gdynia, Lęborski, Sopot, Wejherowski.

– Héraðið Śląskie

Powiaty:	Będziński, Bielski, Bielsko-Biała, Bieruńsko-Lędziński, Bytom, Chorzów, Cieszyński, Częstochowski, Częstochowa, Dąbrowa Górnicza, Gliwicki, Gliwice, Jastrzębie Zdrój, Jaworzno, Katowice, Kłobucki, Lubliniecki, Mikołowski, Mysłowice, Myszkowski, Piekary Śląskie, Pszczyński, Raciborski, Ruda Śląska, Rybnicki, Rybnik, Siemianowice Śląskie, Sosnowiec, Świętochłowice, Tarnogórski, Tychy, Wodzisławski, Zabrze, Zawierciański, Żory, Żywiecki.

– Héraðið Świętokrzyskie

Powiaty:	Buski, Jędrzejowski, Kazimierski, Kielecki, Kielce, Konecki, Opatowski, Ostrowiecki, Pińczowski, Sandomierski, Skarżyski, Starachowicki, Staszowski, Włoszczowski.

– Héraðið Warmińsko-Mazurskie

Powiaty:	Ełcki, Giżycki, Gołdapski, Olecki.

– Héraðið Wielkopolskie

Powiaty:	Jarociński, Kaliski, Kalisz, Kępiński, Kolski, Koniński, Konin, Krotoszyński, Ostrzeszowski, Słupecki, Turecki, Wrzesiński.“

2. í 2. kafla III. viðauka bætist við eftirfarandi færsla:

„Í Portúgal:

Sjálfsstjórnarhéraðið á Asoreyjum“.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/83**

frá 29. mars 2010

um breytingu á ákvörðun 2003/135/EB að því er varðar áætlanir um útrýmingu svínapestar og neyðarbólusetningu gegn henni í villtum svínum á tilteknum svæðum í sambandslöndunum Nordrhein-Westfalen og Rheinland-Pfalz (Þýskalandi) (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 1931)

(Einungis þýski og franski textinn hafa lagagildi)

(2010/193/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2001/89/EB frá 23. október 2001 um ráðstafanir Bandalagsins til að hafa eftirlit með svínapest ([1]), einkum fimmtu undirgrein 1. mgr. 16. gr. og fimmtu undirgrein 2. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/135/EB frá 27. febrúar 2003 til samþykktar áætlunum um að útrýma svínapest og um neyðarbólusetningu villtra svína við svínapest í Þýskalandi og í sambandsríkjunum Neðra-Saxlandi (Niedersachsen), Nordrhein-Westfalen, Rheinland-Pfalz og Saarland ([2]) var samþykkt sem ein af mörgum ráðstöfunum til að berjast gegn svínapest.

2) Þýskaland hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni um undanfarandi þróun sjúkdómsins í villtum svínum á tilteknum svæðum í sambandslöndunum Nordrhein-Westfalen og Rheinland-Pfalz.

3) Þessar upplýsingar benda til að svínapest í villtum svínum hafi verið útrýmt á tilteknum svæðum í suðurhluta Rheinland-Pfalz og á Eifel-svæðinu. Til samræmis við það er ekki lengur þörf á að beita áætlunum um útrýmingu svínapestar í villtum svínum og neyðarbólusetningu á þessum tilteknu svæðum.

4) Því ber að breyta ákvörðun 2003/135/EB til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við ákvörðun 2003/135/EB komi viðaukinn við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Sambandslýðveldisins Þýskalands og Lýðveldisins Frakklands.

Gjört í Brussel 29. mars 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John Dalli

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 84, 31.3.2010, bls. 56. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 8.

([1]) Stjtíð. EB L 316, 1.12.2001, bls. 5.

([2]) Stjtíð. ESB L 53, 28.2.2003, bls. 47.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

1. **SVÆÐI ÞAR SEM ÚTRÝMINGARÁÆTLANIR ERU Í GILDI**

A. **Í sambandslandinu Rheinland-Pfalz**

a) Kreis Altenkirchen og Kreis Neuwied,

b) Í Kreis Westerwald: sveitarfélögin Bad Marienberg, Hachenburg, Ransbach-Baumbach, Rennerod, Selters, Wallmerod og Westerburg, sveitarfélagið Höhr-Grenzhausen norðan við hraðbraut A48, sveitarfélagið Montabaur norðan við hraðbraut A3 og sveitarfélagið Wirges norðan við hraðbrautirnar A48 og A3.

c) Í Landkreis Südwestpfalz: sveitarfélögin Thaleischweilser-Fröschen, Waldfischbach-Burgalben, Rodalben og Wallhalben.

d) Í Kreis Kaiserslautern: sveitarfélögin Bruchmühlbach-Miesau sunnan við hraðbraut A6, Kaiserslautern-Süd og Landstuhl.

e) Borgin Kaiserslautern sunnan við hraðbraut A6.

B. **Í sambandslandinu Nordrhein-Westfalen**

a) Í Rhein-Sieg-Kreis: borgirnar Bad Honnef, Königswinter, Hennef (Sieg), Sankt Augustin, Niederkassel, Troisdorf, Siegburg og Lohmar og sveitarfélögin Neunkirchen-Seelscheid, Eitorf, Ruppichteroth, Windeck og Much.

b) Í Kreis Siegen-Wittgenstein: í sveitarfélaginu Kreuztal þorpin Krombach, Eichen, Fellinghausen, Osthelden, Junkernhees og Mittelhees, í borginni Siegen þorpin Sohlbach, Dillnhütten, Geisweid, Birlenbach, Trupbach, Seelbach, Achenbach, Lindenberg, Rosterberg, Rödgen, Obersdorf, Eisern og Eiserfeld, sveitarfélögin Freudenberg, Neunkirchen og Burbach, í sveitarfélaginu Wilnsdorf þorpin Rinsdorf og Wilden.

c) Í Kreis Olpe í borginni Drolshagen þorpin Drolshagen, Lüdespert, Schlade, Hützemert, Feldmannshof, Gipperich, Benolpe, Wormberg, Gelsingen, Husten, Halbhusten, Iseringhausen, Brachtpe, Berlinghausen, Eichen, Heiderhof, Forth og Buchhagen, í borginni Olpe þorpin Olpe, Rhode, Saßmicke, Dahl, Friedrichsthal, Thieringhausen, Günsen, Altenkleusheim, Rhonard, Stachelau, Lütringhausen og Rüblinghausen, sveitarfélagið Wenden.

d) Í Märkischer Kreis: borgirnar Halver, Kierspe og Meinerzhagen.

e) Í borginni Remscheid: þorpin Halle, Lusebusch, Hackenberg, Dörper Höhe, Niederlangenbach, Durchsholz, Nagelsberg, Kleebach, Niederfeldbach, Endringhausen, Lennep, Westerholt, Grenzwall, Birgden, Schneppendahl, Oberfeldbach, Hasenberg, Lüdorf, Engelsburg, Forsten, Oberlangenbach, Niederlangenbach, Karlsruhe, Sonnenschein, Buchholzen, Bornefeld og Bergisch Born.

f) Í borgunum Köln og Bonn: sveitarfélögin hægra megin við Rínarfljót.

g) Borgin Leverkusen.

h) Rheinisch-Bergischer Kreis.

i) Oberbergischer Kreis.

2. **SVÆÐI ÞAR SEM NEYÐARBÓLUSETNING FER FRAM**

A. **Í sambandslandinu Rheinland-Pfalz**

a) Kreis Altenkirchen og Kreis Neuwied.

b) Í Kreis Westerwald: sveitarfélögin Bad Marienberg, Hachenburg, Ransbach-Baumbach, Rennerod, Selters, Wallmerod og Westerburg, sveitarfélagið Höhr-Grenzhausen norðan við hraðbraut A48, sveitarfélagið Montabaur norðan við hraðbraut A3 og sveitarfélagið Wirges norðan við hraðbrautirnar A48 og A3.

c) Í Landkreis Südwestpfalz: sveitarfélögin Thaleischweilser-Fröschen, Waldfischbach-Burgalben, Rodalben og Wallhalben.

d) Í Kreis Kaiserslautern: sveitarfélögin Bruchmühlbach-Miesau sunnan við hraðbraut A6, Kaiserslautern-Süd og Landstuhl.

e) Borgin Kaiserslautern sunnan við hraðbraut A6.

B. **Í sambandslandinu Nordrhein-Westfalen**

a) Í Rhein-Sieg-Kreis: borgirnar Bad Honnef, Königswinter, Hennef (Sieg), Sankt Augustin, Niederkassel, Troisdorf, Siegburg og Lohmar og sveitarfélögin Neunkirchen-Seelscheid, Eitorf, Ruppichteroth, Windeck og Much.

b) Í Kreis Siegen-Wittgenstein: í sveitarfélaginu Kreuztal þorpin Krombach, Eichen, Fellinghausen, Osthelden, Junkernhees og Mittelhees, í borginni Siegen þorpin Sohlbach, Dillnhütten, Geisweid, Birlenbach, Trupbach, Seelbach, Achenbach, Lindenberg, Rosterberg, Rödgen, Obersdorf, Eisern og Eiserfeld, sveitarfélögin Freudenberg, Neunkirchen og Burbach, í sveitarfélaginu Wilnsdorf þorpin Rinsdorf og Wilden.

c) Í Kreis Olpe: í borginni Drolshagen þorpin Drolshagen, Lüdespert, Schlade, Hützemert, Feldmannshof, Gipperich, Benolpe, Wormberg, Gelsingen, Husten, Halbhusten, Iseringhausen, Brachtpe, Berlinghausen, Eichen, Heiderhof, Forth og Buchhagen, í borginni Olpe þorpin Olpe, Rhode, Saßmicke, Dahl, Friedrichsthal, Thieringhausen, Günsen, Altenkleusheim, Rhonard, Stachelau, Lütringhausen og Rüblinghausen, sveitarfélagið Wenden.

d) Í Märkischer Kreis: borgirnar Halver, Kierspe og Meinerzhagen.

e) Í borginni Remscheid: þorpin Halle, Lusebusch, Hackenberg, Dörper Höhe, Niederlangenbach, Durchsholz, Nagelsberg, Kleebach, Niederfeldbach, Endringhausen, Lennep, Westerholt, Grenzwall, Birgden, Schneppendahl, Oberfeldbach, Hasenberg, Lüdorf, Engelsburg, Forsten, Oberlangenbach, Niederlangenbach, Karlsruhe, Sonnenschein, Buchholzen, Bornefeld og Bergisch Born.

f) Í borgunum Köln og Bonn: sveitarfélögin hægra megin við Rínarfljót.

g) Borgin Leverkusen.

h) Rheinisch-Bergischer Kreis.

i) Oberbergischer Kreis.“

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/84**

frá 11. maí 2010

um breytingu á II. viðauka við ákvörðun 2008/185/EB að því er varðar það að færa Írland á skrána yfir svæði þar sem samþykkt, landsbundin varnaráætlun gegn Aujeszkys-veiki liggur fyrir (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 2983)

(2010/271/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með nautgripi og svín ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 64/432/EBE er mælt fyrir um reglur sem eiga við um viðskipti innan Bandalagsins með nautgripi og svín. Í 9. gr. þeirrar tilskipunar er mælt fyrir um viðmiðanir um samþykkt lögboðinna landsbundinna varnaráætlana gegn tilteknum smitsjúkdómum, þ.m.t. Aujeszkys-veiki.

2) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/185/EB frá 21. febrúar 2008 um viðbótarábyrgðir í viðskiptum innan Bandalagsins með svín í tengslum við Aujeszkys-veiki og um viðmiðanir fyrir upplýsingar sem skal veita um sjúkdóminn ([2]) er mælt fyrir um viðbótarábyrgðir fyrir flutning á svínum milli aðildarríkja. Þessar ábyrgðir tengjast flokkun aðildarríkja eftir sjúkdómastöðu þeirra.

3) Í II. viðauka við ákvörðun 2008/185/EB er skrá yfir aðildarríki eða svæði þeirra þar sem samþykktar landsbundnar varnaráætlanir vegna Aujeszkys-veiki eru fyrir hendi.

4) Írland hefur lagt frekari gögn fyrir framkvæmdastjórnina að því er varðar sjúkdómastöðu aðildarríkisins vegna Aujeszkys-veiki. Unnið hefur verið eftir landsbundinni varnaráætlun vegna Aujeszkys-veiki á Írlandi í mörg ár.

5) Framkvæmdastjórnin hefur athugað gögnin sem Írland lagði fram og komist að raun um að landsbundna varnaráætlunin í því aðildarríki er í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 64/432/EBE. Til samræmis við það skal færa Írland á skrána sem sett er fram í II. viðauka við ákvörðun 2008/185/EB.

6) Til glöggvunar er nauðsynlegt að gera tilteknar minni háttar breytingar á færslunni fyrir Spán í skránni í II. viðauka við ákvörðun 2008/185/EB.

7) Því ber að breyta II. viðauka við ákvörðun 2008/185/EB til samræmis við það.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað II. viðauka við ákvörðun 2008/185/EB komi viðaukinn við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. maí 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

John DALLI

Framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 118, 7.8.2010, bls. 63. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 8.

([1]) Stjtíð. EB 121, 29.7.1964, bls. 1977/64.

([2]) Stjtíð. ESB L 59, 4.3.2008, bls. 19.

VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

Aðildarríki eða svæði þeirra þar sem samþykktar, landsbundnar áætlanir um útrýmingu Aujeszkys-veiki eru fyrir hendi

ISO-kóði	Aðildarríki	Svæði
BE	Belgía	Öll svæði
ES	Spánn	Yfirráðasvæði sjálfsstjórnarhéraðanna Galisíu, País Vasco, Asturias, Cantabria, Navarra og La Rioja Sýslurnar León, Zamora, Palencia, Burgos, Valladolid og Ávila í sjálfsstjórnarhéraðinu Castilla y León Yfirráðasvæði sýslunnar Las Palmas í sjálfsstjórnarhéraðinu Kanaríeyjum
HU	Ungverjaland	Öll svæði
IE	Írland	Öll svæði
IT	Ítalía	Bolzano-sýsla
UK	Breska konungsríkið	Öll svæði á Norður-Írlandi“

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/85**

frá 6. ágúst 2010

um breytingu á I. og II. viðauka við ákvörðun 2008/185/EB að því er varðar það að bæta Slóveníu við á skrá yfir aðildarríki sem eru laus við Aujeszkys-veiki og að bæta Póllandi og tilteknum svæðum á Spáni við á skrá yfir aðildarríki þar sem samþykkt, landsbundin varnaráætlun vegna sjúkdómsins er fyrir hendi (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 5358)

(2010/434/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með nautgripi og svín ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 64/432/EBE er mælt fyrir um reglur sem eiga við um viðskipti með nautgripi og svín innan Sambandsins, að undanskildum villtum svínum. Í 9. gr. þeirrar tilskipunar er mælt fyrir um viðmiðanir um samþykkt lögboðinna landsbundinna varnaráætlana gegn tilteknum smitsjúkdómum, þ.m.t. Aujeszkys-veiki. Auk þess er í 10. grein þeirrar tilskipunar kveðið á um að þegar aðildarríki telur að yfirráðasvæði eða hluti þess sé laust við slíka sjúkdóma, þ.m.t. Aujeszkys-veiki, skuli það leggja viðeigandi gögn því til stuðnings fyrir framkvæmdastjórnina.

2) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/185/EB frá 21. febrúar 2008 um viðbótarábyrgðir í viðskiptum innan Bandalagsins með svín í tengslum við Aujeszkys-veiki og um viðmiðanir fyrir upplýsingar sem skal veita um sjúkdóminn ([2]) er kveðið á um viðbótarábyrgðir fyrir flutning á svínum milli aðildarríkja. Þessar ábyrgðir tengjast flokkun aðildarríkja eftir sjúkdómastöðu þeirra með tilliti til Aujeszkys-veiki.

3) Í I. viðauka við ákvörðun 2008/185/EB er skrá yfir aðildarríki eða svæði þeirra sem eru laus við Aujeszkys-veiki og þar sem bólusetning er bönnuð. Í II. viðauka við þá ákvörðun er skrá yfir aðildarríki eða svæði þeirra þar sem samþykktar landsbundnar varnaráætlanir um útrýmingu Aujeszkys-veiki eru fyrir hendi.

4) Í Póllandi og á Spáni hefur verið unnið eftir landsbundnum varnaráætlunum vegna Aujeszkys-veiki í mörg ár. Landsbundna varnaráætlunin vegna Aujeszkys-veiki hefur þegar verið samþykkt fyrir nokkur svæði á Spáni með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/603/EB ([3]).

5) Slóvenía hefur lagt frekari gögn fyrir framkvæmdastjórnina, sem varða sjúkdómalausa stöðu yfirráðasvæðis Slóveníu að því er varðar Aujeszkys-veiki, sem sýna fram á að sjúkdómurinn hefur aldrei greinst í aðildarríkinu.

6) Framkvæmdastjórnin hefur athugað gögnin sem Slóvenía lagði fram og komist að raun um að þau samrýmast 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 64/432/EBE. Til samræmis við það skal bæta aðildarríkinu í skrána sem sett er fram fram í I. viðauka við ákvörðun 2008/185/EB. Því ber að breyta viðaukanum til samræmis við það.

7) Pólland hefur lagt frekari gögn fyrir framkvæmdastjórnina að því er varðar áætlunina sem er fyrir hendi á öllu yfirráðasvæði Póllands og óskað eftir því að sú áætlun verði samþykkt.

8) Spánn hefur nú lagt frekari gögn fyrir framkvæmdastjórnina að því er varðar áætlunina sem er fyrir hendi í sjálfstjórnarhéruðunum Andalúsíu, Aragón, Baleareyjum, Kastilíu-La Mancha, Katalóníu, Extremadura, Madríd, Murcia-héraði, Valensíu-héraði sem og í sýslunum Salamanca, Segóvíu og Sóríu í sjálfstjórnarhéraðinu Kastilía og León og Tenerífe-sýslu í sjálfstjórnarhéraðinu á Kanaríeyjum, og óskað eftir því að sú áætlun verði samþykkt.

9) Framkvæmdastjórnin hefur einnig komist að raun um að landsbundnu varnaráætlanirnar sem Pólland og Spánn lögðu fram samrýmast viðmiðunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 64/432/EBE. Til samræmis við það skal bæta Póllandi og Spáni í skrána sem sett er fram í II. viðauka við ákvörðun 2008/185/EB. Því ber að breyta viðaukanum til samræmis við það.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 208, 7.8.2010, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 8.

([1]) Stjtíð. EB 121, 29.7.1964, bls. 1977/64

([2]) Stjtíð. ESB L 59, 4.3.2008, bls. 19.

([3]) Stjtíð. ESB L 236, 8.9.2007, bls. 7.

10) Því ber að breyta ákvörðun 2008/185/EB til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukinn við þessa ákvörðun kemur í stað I. og II. viðauka við ákvörðun 2008/185/EB.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. ágúst 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John DALLI

framkvæmdastjóri

VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI

Aðildarríki eða svæði þeirra sem eru laus við Aujeszkys-veiki og þar sem bólusetning er bönnuð

ISO-kóði	Aðildarríki	Svæði
CZ	Tékkland	Öll svæði
DK	Danmörk	Öll svæði
DE	Þýskaland	Öll svæði
FR	Frakkland	Þessar sýslur: Ain, Aisne, Allier, Alpes-de-Haute-Provence, Alpes-Maritimes, Ardèche, Ardennes, Ariège, Aube, Aude, Aveyron, Bas-Rhin, Bouches-du-Rhône, Calvados, Cantal, Charente, Charente-Maritime, Cher, Corrèze, Côte-d'Or, Côtes-d'Armor, Creuse, Deux-Sèvres, Dordogne, Doubs, Drôme, Essonne, Eure, Eure-et-Loir, Finistère, Gard, Gers, Gironde, Hautes-Alpes, Hauts-de-Seine, Haute Garonne, Haute-Loire, Haute-Marne, Hautes-Pyrénées, Haut-Rhin, Haute-Saône, Haute-Savoie, Haute-Vienne, Hérault, Indre, Ille-et-Vilaine, Indre-et-Loire, Isère, Jura, Landes, Loire, Loire-Atlantique, Loir-et-Cher, Loiret, Lot, Lot-et-Garonne, Lozère, Maine-et-Loire, Manche, Marne, Mayenne, Meurthe-et-Moselle, Meuse, Morbihan, Moselle, Nièvre, Nord, Oise, Orne, Paris, Pas-de-Calais, Pyrénées-Atlantiques, Pyrénées-Orientales, Puy-de-Dôme, Réunion, Rhône, Sarthe, Saône-et-Loire, Savoie, Seine-et-Marne, Seine-Maritime, Seine-Saint-Denis, Somme, Tarn, Tarn-et-Garonne, Territoire de Belfort, Val-de-Marne, Val-d'Oise, Var, Vaucluse, Vendée, Vienne, Vosges, Yonne, Yvelines
CY	Kýpur	Öll svæði
LU	Lúxemborg	Öll svæði
NL	Holland	Öll svæði
AT	Austurríki	Öll svæði
SI	Slóvenía	Öll svæði
SK	Slóvakía	Öll svæði
FI	Finnland	Öll svæði
SE	Svíþjóð	Öll svæði
UK	Breska konungsríkið	Öll svæði á Englandi, í Skotlandi og Wales

II. VIÐAUKI

Aðildarríki eða svæði þeirra þar sem fyrir liggja samþykktar landsbundnar áætlanir um útrýmingu Aujeszkys-veiki

ISO-kóði	Aðildarríki	Svæði
BE	Belgía	Öll svæði
IE	Írland	Öll svæði
ES	Spánn	Öll svæði
IT	Ítalía	Bolzano-sýsla
HU	Ungverjaland	Öll svæði
PL	Pólland	Öll svæði
UK	Breska konungsríkið	Öll svæði á Norður-Írlandi“

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/86**

frá 15. október 2009

um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrána yfir skoðunarstöðvar á landamærum (*)

(tilkynnt með númeri C(2009) 7789)

(2009/822/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til Bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE ([1]), einkum síðasta málsliðnum í annarri undirgrein 4. mgr. 6. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum ([2]), einkum a-lið 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB frá 28. september 2009 um að taka saman skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum, um að mæla fyrir um tilteknar reglur um skoðanir, sem framkvæmdar eru af heilbrigðissérfræðingum Bandalagsins á sviði dýra og dýraafurða og um að mæla fyrir um dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu ([3]) er mælt fyrir um skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru samþykktar í samræmi við tilskipanir 91/496/EBE og 97/78/EB. Umrædd skrá er sett fram í I. viðauka við þá ákvörðun.

2) Ákvörðun 2009/821/EB fellir þar að auki úr gildi og kemur í stað ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/881/EB frá 7. desember 2001 um skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru viðurkenndar fyrir dýraheilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum frá þriðju löndum og um uppfærslu ítarlegra reglna um eftirlit sérfræðinga framkvæmdastjórnarinnar ([4]).

3) Í nóvember 2008 annaðist Skoðunarþjónusta framkvæmdastjórnarinnar (Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofan) skoðun á skoðunarstöðinni á landamærunum við höfnina í Astakos í Grikklandi í samræmi við ákvörðun 2001/881/EBE.

4) Skoðunin leiddi í ljós ýmsa veikleika í skipulagi. Lögbæra yfirvaldið í Grikklandi lagði því fram aðgerðaáætlun til að takast á við þessa veikleika. Aðgerðaáætlunin var metin fullnægjandi. Því skal bæta skoðunarstöðinni á landamærunum við höfnina í Astakos við skrána yfir samþykktar skoðunarstöðvar á landamærum sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.

5) Því ber að breyta ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB, í þeim hluta sem varðar Grikkland, bætist eftirfarandi færsla við á undan færslunni fyrir alþjóðlega flugvöllinn í Aþenu:

1	2	3	4	5	6
„Astakos	GR AST 1	P		HC-T(FR)(2), HC-NT(2), NHC-NT“	

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. október 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla Vassiliou

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 296, 12.11.2009, bls. 59. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 13.

([1]) Stjtíð. EB L 268, 24.9.1991, bls. 56.
([2]) Stjtíð. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.
([3]) Stjtíð. ESB L 296, 12.11.2009, bls. 1.
([4]) Stjtíð. EB L 326, 11.12.2001, bls. 44.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/87**

frá 20. nóvember 2009

um breytingu á ákvörðun 2005/176/EB um kerfisbundið eyðublað og kóða fyrir tilkynningu um dýrasjúkdóma samkvæmt tilskipun 82/894/EBE (*)

(tilkynnt með númeri C(2009) 9007)

(2009/847/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 82/894/EBE frá 21. desember 1982 um tilkynningu dýrasjúkdóma innan Bandalagsins ([1]), einkum 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun 82/894/EBE varðar tilkynningar um uppkomu dýrasjúkdómanna skráða í I. viðauka við þá tilskipun.

2) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/176/EB ([2]) er mælt fyrir um kerfisbundið eyðublað og kóða fyrir tilkynningu um dýrasjúkdóma samkvæmt tilskipun 82/894/EBE. Í 1. lið X. viðauka við þessa ákvörðun er skrá yfir kóða fyrir dýralæknaumdæmi í Þýskalandi.

3) Þýskaland hefur breytt heitum og mörkum dýralæknaumdæma sinna. Breytingin á þessum svæðum hefur áhrif á tilkynningarkerfið fyrir dýrasjúkdóma. Því skulu nýju svæðin koma í stað þeirra svæða sem nú eru í tilkynningakerfinu fyrir dýrasjúkdóma. Því er rétt að breyta 1. lið X. viðauka ákvörðunar nr. 2005/176/EB til samræmis við það.

4) Því ber að breyta ákvörðun 2005/176/EB til samræmis við það.

5) Með tilliti til trúnaðarkvaðar á þeim upplýsingum, sem eru sendar, skal ekki birta viðaukana við þessa ákvörðun í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 1. liðar X. viðauka við ákvörðun 2005/176/EB komi viðaukinn við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. nóvember 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 307, 21.11.2009, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 13.

([1]) Stjtíð. L 378, 31.12.1982, bls. 58

([2]) Stjtíð. L 59, 5.3.2005, bls. 40

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/88**

frá 17. mars 2010

um breytingu á ákvörðun 2005/176/EB um kerfisbundið eyðublað og kóða fyrir tilkynningu um dýrasjúkdóma samkvæmt tilskipun ráðsins 82/894/EBE (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 1585)

(2010/160/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 82/894/EBE frá 21. desember 1982 um tilkynningu dýrasjúkdóma innan Bandalagsins ([1]), einkum 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun 82/894/EBE varðar tilkynningar um uppkomu dýrasjúkdómanna sem skráðir eru í I. viðauka við þá tilskipun.

2) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/176/EB ([2]) er mælt fyrir um kerfisbundið eyðublað og kóða fyrir tilkynningar um dýrasjúkdóma samkvæmt tilskipun 82/894/EBE. Í viðaukum X/09 og X/11 við þá ákvörðun er skrá yfir kóða fyrir dýralæknisumdæmin í Danmörku annars vegar og á Spáni hins vegar.

3) Danmörk og Spánn hafa breytt heitum og svæðamörkum dýralæknisumdæma sinna. Breytingin á þessum svæðum hefur áhrif á tilkynningarkerfið fyrir dýrasjúkdóma. Því skulu nýju svæðin koma í stað þeirra svæða sem nú eru í því kerfi. Því er rétt að breyta viðaukum X/09 og X/11 við ákvörðun 2005/176/EB til samræmis við það.

4) Því ber að breyta ákvörðun 2005/176/EB til samræmis við það.

5) Með tilliti til upplýsingaleyndar á þeim upplýsingum sem eru sendar skal ekki birta viðaukana við þessa ákvörðun í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsin*s.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2005/176/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað viðauka X/09 komi texti I. viðauka við þessa ákvörðun.

2. Í stað viðauka X/11 komi texti II. viðauka við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. mars 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John Dalli

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 68, 18.3.2010, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 13.

([1]) Stjtíð. EB L 378, 31.12.1982, bls. 58.

([2]) Stjtíð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 40.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/89**

frá 25. maí 2010

um breytingu á ákvörðun 2001/672/EB að því er varðar þau tímabil þegar nautgripir eru fluttir til sumarbeitilanda (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 3188)

(2010/300/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 frá 17. júlí 2000 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða og niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 820/97 ([1]), einkum 1. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 1760/2000 frá 17. júlí 2000 er komið á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa til að tryggja gagnsæi skilyrða fyrir framleiðslu og markaðssetningu nautakjöts og nautakjötsafurða. Með reglugerðinni er í því skyni gerð sú krafa að aðildarríkin stofni landsbundinn gagnagrunn fyrir nautgripi þar sem skal skrá auðkenni dýra, allar bújarðir á yfirráðasvæði þeirra og flutninga dýra. Auk þess er með reglugerðinni lögð sú skylda á umsjónarmenn dýra að þeir tilkynni þar til bærum yfirvöldum m.a. um alla flutninga til og frá bújörðinni ásamt dagsetningum þessara atburða innan ákveðins tímabils, sem aðildarríkið ákveður, sem er á bilinu þrír til sjö dagar frá því að atburðurinn á sér stað.

2) Í reglugerðinni er kveðið á um að framkvæmdastjórnin eigi þess kost að lengja þennan hámarksfrest að beiðni aðildarríkis og setja sérstakar reglur sem gilda um mismunandi fjallasvæði, eins og gert var með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/672/EB frá 20. ágúst 2001 um sérreglur um flutning nautgripa sem eru settir á sumarbeit í fjalllendi ([2]).

3) Samkvæmt 4. forsendu ákvörðunar 2001/672/EB skulu sérreglurnar leiða til raunverulegrar einföldunar og einskorðast við reglur sem eru nauðsynlegar til að tryggja að landsbundnu gagnagrunnarnir fyrir nautgripi séu að fullu rekstrarhæfir.

4) Ákvörðun 2001/672/EB gildir um slíka flutninga á tímabilinu frá 1. maí til 15. október. Fengin reynsla af beitingu þessarar ákvörðunar hefur sýnt að á sumum fjallasvæðum hefst flutningur til beitilanda á sumrin þegar í apríl. Með tilliti til þeirrar staðreyndar ber að breyta gildissviði ákvörðunar 2001/672/EB til samræmis við það.

5) Undir vissum kringumstæðum getur tímabil flutnings dýra frá mismunandi bújörðum til sama beitilands í fjalllendi á sumrin varað lengur en sjö daga. Til að draga úr óþarfa stjórnsýsluálagi ber því að aðlaga tímamörkin í ákvörðun 2001/672/EB til að taka tillit til þessarar staðreyndar án þess að torvelda rekjanleika.

6) Því ber að breyta ákvörðun 2001/672/EB til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um landbúnaðarsjóði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2001/672/EB er breytt sem hér segir:

1. Í 1. gr. komi dagsetningin „15. apríl“ í stað „1. maí“.

2. Í stað 4. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„4. Tilkynna skal upplýsingarnar, sem er að finna í skránni sem um getur í 2. mgr., til þar til bærra yfirvalda í samræmi við 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1760/2000, eigi síðar en 15 dögum eftir flutning dýranna til beitilandsins.“

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. maí 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

John DALLI

framkvæmdastjóri

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 127, 26.5.2010, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 13.

([1]) Stjtíð. EB L 204, 11.8.2000, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 235, 4.9.2001, bls. 23.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/90**

frá 25. maí 2010

um breytingu á ákvörðun 2004/407/EB að því er varðar leyfi til innflutnings á gelatíni til ljósmyndunar til Tékklands (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 3244)

(Einungis tékkneski, hollenski, enski, franski og þýski textinn hafa lagagildi)

(2010/301/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis ([1]), einkum 4. mgr. 4. gr. og fyrstu og annarri undirgrein 1. mgr. 32. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 1774/2002 er lagt bann við innflutningi og umflutningi aukaafurða úr dýrum og unninna afurða inn í Bandalagið nema þær séu leyfðar í samræmi við þá reglugerð.

2) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/407/EB frá 26. apríl 2004 um bráðabirgðareglur varðandi hreinlæti og vottun samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 að því er varðar innflutning á gelatíni til ljósmyndunar frá tilteknum þriðju löndum([2]) er kveðið á um að Belgía, Lúxemborg, Holland og Breska konungsríkið skuli leyfa innflutning tiltekins gelatíns sem er eingöngu ætlað fyrir ljósmyndaiðnaðinn (gelatín til ljósmyndunar) í samræmi við þá ákvörðun.

3) Í ákvörðun 2004/407/EB er kveðið á um að eingöngu skuli leyfa innflutning á gelatíni til ljósmyndunar frá þriðju löndum sem eru skráð í viðaukann við þá ákvörðun, þ.e. Japan og Bandaríkjum Ameríku.

4) Með ákvörðun 2004/407/EB, eins og henni var breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/960/EB ([3]), er veitt leyfi til innflutnings á gelatíni til ljósmyndunar frá tilgreindri stöð í Bandaríkjunum til Tékklands. Lýðveldið Tékkland hefur nú lagt fram nýja beiðni um leyfi til innflutnings á gelatíni til ljósmyndunar frá annarri stöð í Bandaríkjunum. Lýðveldið Tékkland hefur staðfest að hin ströngu framsendingarskilyrði í ákvörðun 2004/407/EB skuli gilda til að koma í veg fyrir hugsanlega heilbrigðisáhættu.

5) Til samræmis við það og á meðan beðið er endurskoðunar á tæknilegum kröfum vegna innflutnings á aukaafurðum úr dýrum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 (Reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) ([4]), ber að heimila Lýðveldinu Tékklandi að leyfa innflutning á gelatíni til ljósmyndunar frá þeirri stöð í Bandaríkjunum til viðbótar, svo framarlega sem farið er að þeim skilyrðum sem sett eru fram í ákvörðun 2004/407/EB.

6) Því ber að breyta ákvörðun 2004/407/EB til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við ákvörðun 2004/407/EB komi viðaukinn við þessa ákvörðun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 128, 27.5.2010, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 13.

([1]) Stjtíð. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 151, 30.4.2004, bls. 11.

([3]) Stjtíð. ESB L 330, 16.12.2009, bls. 82.

([4]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

2. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. maí 2010.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Belgíu, Lýðveldisins Tékklands, Stórhertogadæmisins Lúxemborgar, Konungsríkisins Hollands og Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.

Gjört í Brussel 25. maí 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

John DALLI

framkvæmdastjóri

VIÐAUKI

Í stað I. viðauka komi eftirfarandi:

„I. VIÐAUKI

ÞRIÐJU LÖND SEM ERU UPPRUNALÖND, UPPRUNASTÖÐVAR, VIÐTÖKUAÐILDARRÍKI, SKOÐUNARSTÖÐVAR Á LANDAMÆRUM ÞAR SEM VÖRURNAR KOMA FYRST INN Í BANDALAGIÐ OG SAMÞYKKTAR VERKSMIÐJUR FYRIR LJÓSMYNDAVÖRUR

Þriðja land sem er upprunaland	Upprunastöðvar	Viðtöku-aðildarríki	Skoðunarstöð á landamærum þar sem vörurnar koma fyrst inn í Bandalagið	Samþykktar verksmiðjur fyrir ljósmyndavörur
Japan	Nitta Gelatin Inc. 2-22 Futamata Yao-City, Osaka 581 – 0024 Japan Jellie Co. Ltd 7-1, Wakabayashi 2-Chome, Wakabayashi-ku, Sendai-city, Miyagi, 982 Japan NIPPI Inc. Gelatin Division 1 Yumizawa-Cho Fujinomiya City Shizuoka 418 – 0073 Japan	Holland	Rotterdam	Fujifilm Europe BV, Oudenstaart 1 5047 TK Tilburg, Netherlands
	Nitta Gelatin Inc. 2-22 Futamata Yao-City, Osaka 581 – 0024 Japan	Breska konungsríkið	Liverpool Felixstowe	Kodak Ltd Headstone Drive, Harrow, MIDDX HA4 4TY, United Kingdom
		Lýðveldið Tékkland	Hamburg	FOMA Bohemia spol. s r.o. Jana Krušinky 1604 501 04 Hradec Králove, Czech Republic
Bandaríki Ameríku	Eastman Gelatine Corporation, 227 Washington Street, Peabody, MA, 01960 USA Gelita North America, 2445 Port Neal Industrial Road Sergeant Bluff, Iowa, 51054 USA	Lúxemborg	Antwerp Zaventem Lúxemborg	DuPont Teijin Luxembourg SA PO Box 1681 1016 Luxembourg
		United Kingdom	Liverpool Felixstowe	Kodak Ltd Headstone Drive, Harrow, MIDDX HA4 4TY, United Kingdom
		Czech Republic	Hamburg	FOMA Bohemia spol. s r.o. Jana Krušinky 1604 501 04 Hradec Králove, Czech Republic“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1142/2010 **2013/EES/4/91**

frá 7. desember 2010

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1266/2007 að því er varðar gildistímabil aðlögunarráðstafananna varðandi skilyrðin fyrir því að undanþiggja tiltekin dýr brottfararbanninu sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 2000/75/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2000/75/EB frá 20. nóvember 2000 um sérstök ákvæði um eftirlit með og útrýmingu blátungu ([1]), einkum 9. gr. (c-lið 1. mgr.), 11. og 12. gr. og 19. gr. (þriðju málsgrein),

og *að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1266/2007 frá 26. október 2007 um framkvæmdarreglur varðandi tilskipun ráðsins 2000/75/EB að því er varðar varnir, vöktun og eftirlit með tilliti til blátungu og takmarkanir á flutningum á tilteknum dýrum af smitnæmum tegundum í tengslum við blátungu ([2]) er mælt fyrir um reglur um varnir, vöktun og eftirlit með tilliti til blátungu og takmarkanir á tilflutningi dýra innan takmörkunarsvæða og frá þeim.

2) Í 8. grein reglugerðar (EB) nr. 1266/2007 er mælt fyrir um skilyrði fyrir undanþágu frá brottfararbanninu sem kveðið er á um í tilskipun 2000/75/EB. Í 1. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um að tilflutningur á dýrum, sæði þeirra, eggjum og fósturvísum, af bújörð eða sæðingar- eða sæðisgeymslustöð, sem er á takmörkunarsvæði, til annarrar bújarðar eða sæðingar- eða sæðisgeymslustöðvar skuli undanþeginn brottfararbanninu, að því tilskildu að þau uppfylli skilyrðin sem sett eru fram í III. viðauka við þá reglugerð eða allar aðrar viðeigandi dýraheilbrigðisábyrgðir sem byggjast á jákvæðum niðurstöðum úr áhættumati á ráðstöfunum gegn útbreiðslu blátunguveirunnar og vernd gegn ásókn smitferja, sem lögbært yfirvald á upprunastað gerir kröfu um og lögbært yfirvald á viðtökustað samþykkir, áður en slík dýr eru flutt.

3) Í 9. gr. a í reglugerð (EB) nr. 1266/2007 er, þrátt fyrir skilyrðin sem sett eru fram í III. viðauka við þá reglugerð, kveðið á um að viðtökuaðildarríki geti, til 31. desember 2010, krafist þess að flutningur tiltekinna dýra, sem falla undir undanþáguna sem kveðið er á um í 1. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar, skuli háður viðbótarskilyrðum á grundvelli áhættumats þar sem tekið er tillit til skordýrafræðilegra og faraldsfræðilegra aðstæðna sem dýrin eru flutt í. Í þessum viðbótarskilyrðum er tilgreint að dýrin verði að vera yngri en 90 daga, að þau verði að vera haldin í lokuðu rými til verndar gegn smitferjum frá fæðingu, og að tilteknar prófanir hafi verið gerðar á þeim, eins og um getur í III. viðauka við þá reglugerð.

4) Fimmtán aðildarríki og Noregur hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni að þau hafi beitt þessari umbreytingarráðstöfun. Niðurstöður úr áhættumati, sem eru aðgengilegar öllum á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar, sýna að uppkoma blátungu í þessum aðildarríkjum og í Noregi í kjölfar flutninga dýra frá takmörkunarsvæðum gæti haft verulega neikvæð áhrif.

5) Síðan 2008 hefur sjúkdómsástandið í heild sinni batnað verulega að því er varðar blátungu. Veiran er þó enn fyrir hendi í hlutum Evrópusambandsins.

6) Til að samræma framkvæmd hafa aðildarríki óskað eftir sértækum viðmiðunum fyrir „smitferjuhelda stöð“ sem er mikilvæg krafa fyrir fjölda þeirra skilyrða sem eru sett fram í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1266/2007 og miðar að vernd dýra gegn ásókn smitferja. Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin vinnur sem stendur að skilgreiningu á smitferjuvarinni stöð eða aðstöðu. Niðurstöður þessarar vinnu skulu vera framlag til framkvæmdastjórnarinnar til að skilgreina viðmiðanir fyrir smitferjuheldar stöðvar eins og um getur í III. viðauka við reglugerðina.

7) Á meðan beðið er þróunar á viðmiðunum fyrir smitferjuheldar stöðvar skal framlengja gildistíma umbreytingarráðstafananna sem kveðið er á um í 9. gr. a í reglugerð (EB) nr. 1266/2007 um sex mánuði til viðbótar.

8) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1266/2007 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 322, 8.12.2010, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 20.

([1]) Stjtíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 74.

([2]) Stjtíð. ESB L 283, 27.10.2007, bls. 37.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. *gr.*

Í inngangssetningu 1. mgr. 9. gr. a í reglugerð (EB) nr. 1266/2007 komi dagsetningin „30. júní 2011“ í stað „31. desember 2010“.

2. *gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. desember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/92**

frá 1. október 2010

um leyfi fyrir tiltekna rannsóknarstofu í Rússlandi til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaæði (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 6684)

(2010/591/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2000/258/EB frá 20. mars 2000 um tilnefningu á sérstakri stofnun sem sér um að ákveða nauðsynlegar viðmiðanir við stöðlun sermiprófa til að fylgjast með árangri af notkun bóluefnis við hundaæði ([1]), einkum 2. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með ákvörðun 2000/258/EB er rannsóknarstofa frönsku matvælaöryggisstofnuninnar (AFSSA), Nancy, tilnefnd sem sérstök stofnun sem ber ábyrgð á að setja nauðsynlegar viðmiðanir við stöðlun sermiprófa til að fylgjast með árangri af notkun bóluefnis við hundaæði. Í þeirri ákvörðun er einnig mælt fyrir um skyldur þessarar rannsóknarstofu.

2) Franska matvælaöryggisstofnunin í Nancy skal einkum meta rannsóknarstofur í aðildarríkjum og þriðju löndum að því er varðar að veita þeim leyfi til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaæði.

3) Lögbæra yfirvaldið í Rússlandi hefur lagt fram umsókn um samþykki fyrir rannsóknarstofu í því þriðja landi til að framkvæma þessar sermiprófanir.

4) Franska matvælaöryggisstofnunin hefur framkvæmt mat á þessari rannsóknarstofu og sendi framkvæmdastjórninni hagstæða skýrslu um matið 19. febrúar 2010.

5) Þessi rannsóknarstofa skal því fá leyfi til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaæði í hundum, köttum og frettum.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi rannsóknarstofa hefur leyfi til að framkvæma sermiprófanir til að vakta skilvirkni bóluefna við hundaæði í hundum, köttum og frettum, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 3. gr. í ákvörðun 2000/258/EB:

„Federal Centre for Animal Health (FGI "ARRIAH"), 600901 Vladimir, Urjvets, Russia".

2. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 15. október 2010.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 1. október 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John DALLI

framkvæmdastjóri

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 260, 2.10.2010, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 20.

([1]) Stjtíð. EB L 79, 30.3.2000, bls. 40.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/93**

frá 17. desember 2009

um leyfi fyrir heilsufullyrðingu um áhrif vatnsleysanlegs tómatþykknis á blóðflagnaþyrpingar og um að veita gögnum, sem njóta einkaleyfisverndar, vernd samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 (*)

(tilkynnt með númeri C(2009) 10113)

(Einungis enski textinn hefur lagagildi)

(2009/980/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli ([1]), einkum 4. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1924/2006 eru heilsufullyrðingar er varða matvæli bannaðar nema framkvæmdastjórnin leyfi þær í samræmi við þá reglugerð og að þær séu á lista yfir leyfðar fullyrðingar.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er einnig kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja geti sent lögbæru yfirvaldi aðildarríkis umsókn um leyfi fyrir heilsufullyrðingum. Lögbæra yfirvaldið skal framsenda tækar umsóknir til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“.

3) Þegar Matvælaöryggisstofnuninni hefur borist umsókn skal hún tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni án tafar og skila áliti á viðkomandi heilsufullyrðingu.

4) Framkvæmdastjórnin skal ákveða hvort heilsufullyrðingar skuli leyfðar, að teknu tilliti til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

5) Til að hvetja til nýsköpunar skal enn fremur flýta fyrir málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir þær heilsufullyrðingar sem byggjast á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða fela í sér kröfu um vernd gagna sem njóta einkaleyfisverndar. Þegar framkvæmdastjórnin, að beiðni umsækjenda um að vernda gögn sem njóta einkaleyfisverndar, leggur til að takmarka notkun slíkra gagna, umsækjandanum í hag, skulu slíkar takmarkanir falla úr gildi eftir 5 ár í samræmi við 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

6) Í kjölfar umsóknar frá Provexis Natural Products Ltd, sem lögð var fram 7. janúar 2009 skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif vatnsleysanlegs tómatþykknis (WSTC) I og II á virkni blóðflagna í heilbrigðu fólki (spurning nr. EFSA-Q-2009-00229 ([2]). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Hjálpar til við að viðhalda heilbrigðu blóðflæði og hefur góð áhrif á blóðrásina.“

7) Hinn 28. maí 2009 fengu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar, þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að sýnt hefði verið fram á orsakatengsl milli neyslu á WSTC I og II og áhrifa sem stuðla að því að viðhalda eðlilegri blóðflagnaþyrpingu. Með fyrirvara um að orðalaginu verði breytt og einkum að teknu tilliti til kröfunnar sem um getur í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 telst fullyrðingin uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 og skal henni bætt á lista Bandalagsins yfir leyfðar fullyrðingar.

8) Eitt af markmiðum reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 er að tryggja að heilsufullyrðingar séu sannar, skýrar, áreiðanlegar og gagnlegar fyrir neytendur og að tekið sé tillit til orðalags og framsetningar að því er þetta varðar. Ef orðalag fullyrðinga sem umsækjandi notar felur í sér sömu merkingu fyrir neytendur og leyfð heilsufullyrðing vegna þess að þær staðfesta sömu tengsl og eru fyrir hendi milli matvælaflokks, matvæla eða eins af innihaldsefnum þeirra annars vegar og heilbrigðis hins vegar skulu þær því lúta sömu skilyrðum fyrir notkun og eru tilgreind í viðaukanum við þessa ákvörðun.

9) Matvælaöryggisstofnunin tók fram í áliti sínu að hún hefði ekki getað komist að þessari niðurstöðu án þess að taka níu rannsóknir, sem umsækjandinn hélt fram að nytu einkaleyfaverndar, til athugunar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 336, 18.12.2009, bls. 55. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 31.

([1]) Stjtíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

([2]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu cf cf (2009) 1101, bls. 1–15

10) Eftir að hafa tekið við áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar leitaði framkvæmdastjórnin aftur til umsækjandans til að fá nánari útlistun á rökstuðningnum sem gefinn var upp varðandi rannsóknirnar níu sem fullyrt er að njóti einkaleyfaverndar, einkum varðandi „einkarétt á að vísa til gagna“ sem um getur í b-lið 1. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006. Allar upplýsingarnar, sem umsækjandinn lagði fram til rökstuðnings, hafa verið metnar. Að því er varðar rannsóknirnar sjö sem ekki hafa verið birtar skal líta svo á að kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 séu uppfylltar. Til samræmis við það má ekki nota vísindagögnin og aðrar upplýsingar í þessum sjö rannsóknum í þágu umsækjanda, sem leggur síðar fram umsókn, í fimm ár frá þeim degi sem leyfið var veitt í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 21. gr. þeirrar reglugerðar. Að því er varðar þær tvær rannsóknir sem höfðu verið birtar áður en umsóknin um leyfi fyrir heilsufullyrðingunni ([1]) var lögð fram er litið svo á að þar eð rannsóknirnar hafa verið birtar og gerðar aðgengilegar almenningi sé verndun þeirra ekki réttlætanleg í ljósi markmiðanna í reglugerð (EB) nr. 1924/2006, en meðal þeirra er verndun fjárfestingar nýsköpunaraðila í öflun upplýsinga og gagna til stuðnings umsóknar samkvæmt þeirri reglugerð, og því skal hún ekki veitt.

11) Tekið hefur verið tillit til athugasemda frá umsækjenda sem bárust framkvæmdastjórninni í tengslum við 6. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 við ákvörðun þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í þessari ákvörðun.

12) Samráð var haft við aðildarríkin.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Heilsufullyrðinguna, sem sett er fram í viðaukanum við þessa ákvörðun, skal færa á lista Bandalagsins yfir leyfðar fullyrðingar sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

2. gr.

Vísindagögnin og aðrar upplýsingar í rannsóknunum, sem koma fram í viðaukanum við þessa ákvörðun, skal eingöngu nota í þágu umsækjanda í fimm ár frá þeim degi sem leyfið var veitt í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til

Provexis Natural Products Ltd, Thames Court, 1 Victoria Street, Windsor, Berkshire, SL4 1YB, Bretlandi.

Gjört í Brussel 17. desember 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

([1]) O'Kennedy, N., Crosbie, L., Whelam, S., Luther, V., Horgan, G., Broom, J.I., Webb, D.J., Duttaroy, A.K., *Effects of tomato extract on platelet function: a double-blinded crossover study in healthy humans*, The American Journal of Clinical Nutrition, 2006, 84. bindi, bls. 561–569 og O'Kennedy N., Crosbie, L., van Lieshout, M., Broom, J.I., Webb, D.J., Duttaroy, A.K., *Effects of antiplatelet components of tomato extract on platelet function* in vitro *and* ex vivo: *a time-course cannulation study in healthy humans* The American Journal of Clinical Nutrition, 2006, 84, bindi, bls. 570–579.

VIÐAUKI

Umsækjandi — heimilisfang	Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Skilyrði fyrir notkun fullyrðingar	Skilyrði og/eða takmarkanir á notkun matvælanna og/eða viðbótaryfirlýsing eða viðvörun	Gögn sem njóta einkaleyfisverndar sem eingöngu má nota í þágu umsækjanda.	Tilvísunarnúmer álits Matvælaöryggis-stofnunar Evrópu
Provexis Natural Products Ltd, Thames Court, 1 Victoria Street, Windsor, Berkshire, SL4 1YB, Bretlandi	Vatnsleysanlegt tómatþykkni (WSTC) I og II .	Vatnsleysanlegt tómatþykkni (WSTC) I og II hjálpar til við að viðhalda eðlilegri blóðflagnaþyrpingu, sem stuðlar að heilbrigðu blóðflæði	Upplýsingar fyrir neytandann þess efnis að nota þurfi 3 g af WSTC I eða 150 mg af WSTC II daglega í allt að 250 ml af ávaxtasafa, bragðbættri drykkjarvöru eða jógúrtdrykk (þó ekki vöru sem gengist hefur undir mikla gerilsneyðingu) til að fá fram jákvæðu áhrifin		1. O'Kennedy, N., Crosbie, L., van Lieshout M., Broom J.I., Webb, D.J., Duttaroy, A.K., 2003a. Persistence of the antiplatelet effect of a single dose of WSTC equivalent to 2 fresh tomatoes over a 24-hour timecourse. Skjal nr. 02/0269 2. O'Kennedy et al. 2003b. A 42-day randomised, controlled and double-blinded crossover study to evaluate effects of daily WSTC consumption on platelet function, coagulation and some baseline CVD risk markers. Skjal nr. 03/0177. 3. O'Kennedy et al. 2005. Effects of overconsuming Sirco®, a one-a-day fruit juice drink containing 12g/L WSTC, on platelet function in healthy subjects. Skjal nr. 05/S0802/77. 4. O'Kennedy et al. 2006c. A pilot study to compare the antiplatelet effects of WSTC in healthy subjects, after consumption in two different food matrices. Skjal nr. 06/S0802/60. 5. O'Kennedy et al. 2007. A randomised, controlled and double-blinded crossover study to compare the antiplatelet effects of three different formats of WSTC in healthy humans. Skjal nr. 07/S0801/13. 6. Song, V., Sheddon, A., Horgan, G. og O'Kennedy, N.Anticoagulatory and anti-inflammatory activities of WSTC in platelets and endothelial cells. Handrit til framlagningar, 2008. 7. Zhang, F., Song, V., Neascu, M., Crosbie, L., Duncan, G., Horgan, G., de Roos, B. og O'Kennedy, N.Flow cytometric and proteomic studies examining the effects of WSTC on platelet function in vitro. Óbirt, 2007/2008	Q-2009-00229

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/94**

frá 24. september 2010

um breytingu á viðaukanum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB, að því er varðar undanþágur varðandi búnað sem inniheldur blý, kvikasilfur, kadmíum, sexgilt króm, fjölbrómuð bífenýl eða fjölbrómaða dífenýletera, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 6403)

(2010/571/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB frá 27. janúar 2003 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ([1]), einkum 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2002/95/EB er lagt bann við notkun blýs, kvikasilfurs, kadmíums, sexgilds króms, fjölbrómaðra bífenýla og fjölbrómaðra dífenýletera í raf- og rafeindabúnaði sem settur er á markað eftir 1. júlí 2006. Undanþágur frá því banni eru skráðar í viðaukann við þá tilskipun. Þessar undanþágur þarf að endurskoða til að laga þær að framförum á sviði vísinda og tækni.

2) Niðurstaða endurskoðunar á undanþágum er sú að tiltekin notkun á blýi, kvikasilfri, kadmíumi eða sexgildu krómi skuli áfram njóta undanþágu frá banninu þar eð enn er vísindalega eða tæknilega ógerlegt að hætta þessari tilteknu notkun þessara hættulegu efna. Því er rétt að viðhalda þessum undanþágum.

3) Niðurstaða endurskoðunar á undanþágum er sú að fyrir tiltekna notkun á blýi, kvikasilfri eða kadmíumi sé orðið vísindalega eða tæknilega gerlegt að hætta notkun þessara efna eða skipta þeim út. Því er rétt að fella brott þessar undanþágur.

4) Niðurstaða endurskoðunar á undanþágum er sú að fyrir tiltekna notkun á blýi, kvikasilfri eða kadmíumi verði það vísindalega eða tæknilega gerlegt að hætta notkun þessara efna eða skipta þeim út í fyrirsjáanlegri framtíð. Því er rétt að fastsetja lokadagsetningar fyrir þessar undanþágur.

5) Niðurstaða endurskoðunar á undanþágum er sú að fyrir tiltekna notkun á kvikasilfri sé það orðið vísindalega eða tæknilega gerlegt að hætta að hluta til notkun þess efnis eða skipta því út að hluta til. Því er rétt að minnka það magn kvikasilfurs sem leyfilegt er að nota á þann hátt.

6) Niðurstaða endurskoðunar á undanþágum er sú að fyrir tiltekna notkun á kvikasilfri verði, í fyrirsjáanlegri framtíð, einungis vísindalega eða tæknilega gerlegt að hætta notkun þess efnis eða skipta því út að hluta til eða smám saman. Því er rétt að minnka smám saman það magn kvikasilfurs sem leyfilegt er að nota á þann hátt.

7) Í sumum tilvikum er tæknilega ómögulegt að gera við raf- og rafeindabúnað með varahlutum sem ekki eru upprunalegir. Því skal einungis í slíkum tilvikum leyfa notkun varahluta, sem innihalda blý, kvikasilfur, kadmíum, sexgilt króm eða fjölbrómaða dífenýletera og sem nutu undanþágu, til viðgerða á raf- og rafeindabúnaði sem var settur á markað áður en undanþágan rann út eða var felld úr gildi.

8) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 244/2009 frá 18. mars 2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun óstefnuvirkra ljósapera til heimilisnota ([2]) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 245/2009 frá 18. mars 2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun flúrpera án innbyggðrar straumfestu, háþrýstra úrhleðslupera og varðandi straumfestur og lampa fyrir slíkar ljósaperur og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/55/EB ([3]) er kveðið á um leiðbeinandi viðmiðanir að því er varðar notkun á kvikasilfri í perur. Þó að kvikasilfursinnihald í ljósaperum teljist mikilvægur umhverfisþáttur samkvæmt reglugerðum (EB) nr. 244/2009 og (EB) nr. 245/2009 var talið hentugra að setja reglur um það í tilskipun 2002/95/EB sem einnig tekur til gerða ljósapera sem eru undanþegnar þessum reglugerðum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 251, 25.9.2010, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 40.

([1]) Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003 bls. 19.

([2]) Stjtíð. ESB L 76, 24.3.2009 bls. 3.

([3]) Stjtíð. ESB L 76, 24.3.2009 bls. 17

9) Niðurstaða greiningar vegna tiltekinnar notkunar á kvikasilfri, sem gerð var vegna ráðstafana sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 244/2009, var sú að það sé vísindalega eða tæknilega gerlegt að hætta að hluta til notkun þess efnis eða skipta því út að hluta til án þess að neikvæð áhrif á umhverfið, heilsu og/eða öryggi neytenda vegi þyngra en ávinningurinn af útskiptingunni. Því er rétt að minnka kvikasilfursinnihald við þessa notkun í samræmi við reglugerð (EB) nr. 244/2009.

10) Nauðsynlegt er að gera verulegar breytingar á viðaukanum við tilskipun 2002/95/EB. Því skal skipta út öllum viðaukanum fyrir skýrleika sakir.

11) Í samræmi við 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2002/95/EB hefur framkvæmdastjórnin haft samráð við hlutaðeigandi aðila.

12) Því ber að breyta tilskipun 2002/95/EB til samræmis við það.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 18. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB ([1]).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við tilskipun 2002/95/EB komi viðaukinn við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 24. september 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Janez POTOČNIK

framkvæmdastjóri.

([1]) Stjtíð. ESB L 114, 27.4.2009 bls. 9

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Notkun sem er undanþegin banninu í 1. mgr. 4. gr.

Undanþága		Gildissvið og gildistími
1.	Kvikasilfur í (sambyggðum) flúrperum með einum sökkli, ekki yfir (í hverri peruhöldu (e. burner)):	
1.a	Til almennrar lýsingar < 30 W: 5 mg	Fellur úr gildi 31. desember 2011. Nota má 3,5 mg í hverja peruhöldu eftir 31. desember 2011 og til 31. desember 2012. Nota skal 2,5 mg í hverja peruhöldu eftir 31. desember 2012
1.b	Til almennrar lýsingar ≥ 30 W og < 50 W: 5 mg	Fellur úr gildi 31. desember 2011. Nota má 3,5 mg í hverja peruhöldu eftir 31. desember 2011
1.c	Til almennrar lýsingar ≥ 50 W og < 150 W: 5 mg	
1.d	Til almennrar lýsingar < 150 W: 15 mg	
1.e	Til almennrar lýsingar, með hringlaga eða ferhyrnda lögun og rörþvermál ≤ 17 mm	Engin takmörkun á notkun til 31. desember 2011. Nota má 7 mg í hverja peruhöldu eftir 31. desember 2011
1.f.	Til sérstakra nota: 5 mg	
2.a.	Kvikasilfur í ílöngum flúrperum með tveimur sökklum, til almennrar lýsingar, ekki yfir (í hverri peru):	
2.a.1.	Þrífosfórperur með eðlilegan endingartíma og rörþvermál < 9 mm (t.d. T2): 5 mg	Fellur úr gildi 31. desember 2011. Nota má 4 mg í hverja peru eftir 31. desember 2011
2.a.2.	Þrífosfórperur með eðlilegan endingartíma og rörþvermál ≥ 9 mm og ≤ 17 mm (t.d. T5): 5 mg	Fellur úr gildi 31. desember 2011. Nota má 3 mg í hverja peru eftir 31. desember 2011
2.a.3.	Þrífosfórperur með eðlilegan endingartíma og rörþvermál > 17 mm og ≤ 28 mm (t.d. T8): 5 mg	Fellur úr gildi 31. desember 2011. Nota má 3,5 mg í hverja peru eftir 31. desember 2011
2.a.4.	Þrífosfórperur með eðlilegan endingartíma og rörþvermál > 28 mm (t.d. T12): 5 mg	Fellur úr gildi 31. desember 2012. Nota má 3,5 mg í hverja peru eftir 31. desember 2012
2.a.5.	Þrífosfórperur með langan endingartíma (≥ 25 000 klst.): 8 mg	Fellur úr gildi 31. desember 2011. Nota má 5 mg í hverja peru eftir 31. desember 2011
2.b.	Kvikasilfur í öðrum flúrperum, ekki yfir (í hverri peru):	
2.b.1	Ílangar halófosfatperur með rörþvermál > 28 mm (t.d. T10 og T12): 10 mg	Fellur úr gildi 13. apríl 2012
2.b.2	Halófosfatperur sem ekki eru beinar (öll þvermál): 15 mg	Fellur úr gildi 13. apríl 2016

2.b.3	Þrífosfórperur sem ekki eru beinar, með rörþvermál > 17 mm (t.d. T9)	Engin takmörkun á notkun til 31. desember 2011. Nota má 15 mg í hverja peru eftir 31. desember 2011
2.b.4	Perur til annarrar almennrar lýsingar og til sérstakra nota (t.d. spanperur)	Engin takmörkun á notkun til 31. desember 2011. Nota má 15 mg í hverja peru eftir 31. desember 2011
3.	Kvikasilfur í kaldskautsperum og flúrperum með utanáliggjandi rafskautum til sérstakra nota, ekki yfir (í hverri peru):	
3.a	Stuttar perur (≤ 500 mm)	Engin takmörkun á notkun til 31. desember 2011. Nota má 3,5 mg í hverja peru eftir 31. desember 2011
3.b	Meðallangar perur (> 500 mm og ≤ 1500 mm)	Engin takmörkun á notkun til 31. desember 2011. Nota má 5 mg í hverja peru eftir 31. desember 2011
3.c	Langar perur (> 1500 mm)	Engin takmörkun á notkun til 31. desember 2011. Nota má 13 mg í hverja peru eftir 31. desember 2011
4.a	Kvikasilfur í öðrum lágþrýstum úrhleðsluperum (í hverri peru):	Engin takmörkun á notkun til 31. desember 2011. Nota má 15 mg í hverja peru eftir 31. desember 2011
4.b	Kvikasilfur í háþrýstum natríumperum til almennrar lýsingar, ekki yfir (í hverri peruhöldu), í perum með bættan litendurgjafarstuðul Ra > 60:	
4.b.I	P ≤ 155 W	Engin takmörkun á notkun til 31. desember 2011. Nota má 30 mg í hverja peruhöldu eftir 31. desember 2011
4.b.II	155 W < P ≤ 405 W	Engin takmörkun á notkun til 31. desember 2011. Nota má 40 mg í hverja peruhöldu eftir 31. desember 2011
4.b.III	P > 405 W	Engin takmörkun á notkun til 31. desember 2011. Nota má 40 mg í hverja peruhöldu eftir 31. desember 2011
4.c	Kvikasilfur í öðrum háþrýstum natríumperum til almennrar lýsingar, ekki yfir (í hverri peruhöldu):	
4.c.I	P ≤ 155 W	Engin takmörkun á notkun til 31. desember 2011. Nota má 25 mg í hverja peruhöldu eftir 31. desember 2011
4.c.II	155 W < P ≤ 405 W	Engin takmörkun á notkun til 31. desember 2011. Nota má 30 mg í hverja peruhöldu eftir 31. desember 2011
4.c.III	P > 405 W	Engin takmörkun á notkun til 31. desember 2011. Nota má 40 mg í hverja peruhöldu eftir 31. desember 2011
4.d	Kvikasilfur í háþrýstum kvikasilfursperum	Fellur úr gildi 13. apríl 2015
4.e	Kvikasilfur í málmhalógenperum	

4.f	Kvikasilfur í öðrum úrhleðsluperum til sérstakra nota sem ekki er getið sérstaklega í þessum viðauka	
5.a	Blý í gleri í myndlömpum	
5.b	Blý í gleri í flúrperum, ekki yfir 0,2% miðað við þyngd	
6.a	Blý sem málmblendisþáttur í stáli sem er notað til vinnslu og í galvanhúðuðu stáli sem inniheldur allt að 0,35% af blýi miðað við þyngd	
6.b	Blý sem málmblendisþáttur í áli sem inniheldur allt að 0,4% af blýi miðað við þyngd	
6.c	Koparblendi sem inniheldur allt að 4% af blýi miðað við þyngd	
7.a	Blý í lóðningarefni með háu bræðslumarki (þ.e. málmblendi sem eru að stofni til úr blýi og styrkur blýs í þeim er 85% eða meiri)	
7.b	Blý í lóðningarefni fyrir netþjóna, diska, sem geyma gögn, og gagnageymslur, netgrunnvirkisbúnað til að tengja, senda merki og senda út og netkerfisstjórnunarbúnað fyrir fjarskipti	
7.c.I	Raf- og rafeindaíhlutir sem innihalda blý í gleri eða keramík, annarri en rafefnakeramík (e. dielectric ceramic) í þéttum, t.d. þrýstiraftækjum eða í uppistöðuefnasamböndum glers eða keramíkur	
7.c.II	Blý í rafefnakeramík í þéttum fyrir málspennu sem er 125 V riðspenna eða 250 V jafnspenna eða hærri	
7.c.III	Blý í rafefnakeramík í þéttum fyrir málspennu sem er lægri en 125 V riðspenna eða 250 V jafnspenna	Fellur úr gildi 1. janúar 2013 og eftir þann dag má nota það í varahluti fyrir raf- og rafeindabúnað sem settur er á markað fyrir 1. janúar 2013
8.a	Kadmíum og efnasambönd þess í perlubræðivörum	Fellur úr gildi 1. janúar 2012 og eftir þann dag má nota það í varahluti fyrir raf- og rafeindabúnað sem settur er á markað fyrir 1. janúar 2012
8.b	Kadmíum og efnasambönd þess í rafsnertum	
9.	Sexgilt króm sem tæringarvarnarefni í kolstálskælikerfinu í ísogskælum, upp að 0,75%, miðað við þyngd, í kælilausninni	
9.b	Blý í legubökkum og fóðringum fyrir þjöppur, sem innihalda kælimiðil, til notkunar til hitunar, loftræstingar, loftjöfnunar og kælingar	
11.a	Blý sem er notað í C-press-tengikerfi með sveigjanlegum pinnum.	Má nota í varahluti fyrir raf- og rafeindabúnað sem settur var á markað fyrir 24. september 2010
11.b	Blý sem er notað í tengikerfi með sveigjanlegum pinnum, önnur en C-press-kerfi.	Fellur úr gildi 1. janúar 2013 og eftir þann dag má nota það í varahluti fyrir raf- og rafeindabúnað sem settur er á markað fyrir 1. janúar 2013

12.	Blý sem er notað sem húðunarefni fyrir opna (c-laga) hringa í varmaleiðandi einingum	Má nota í varahluti fyrir raf- og rafeindabúnað sem settur var á markað fyrir 24. september 2010
13.a	Blý í hvítum glerjum sem eru notuð í ljósbúnaði (e. optical applications)	
13.b	Kadmíum og blý í glersíum og glerjum sem eru notuð í endurvarpsstöðlum	
14.	Blý í lóðningarefni, gerðu úr fleiri en tveimur frumefnum, sem er notað til tengingar pinna við örgjörvastaflann og hlutfall blýsins er yfir 80% og undir 85% miðað við þyngd	Fellur úr gildi 1. janúar 2011 og eftir þann dag má nota það í varahluti fyrir raf- og rafeindabúnað sem settur er á markað fyrir 1. janúar 2011
15.	Blý í lóðningarefni til að koma á stöðugri raftengingu milli hálfleiðaraflögu og burðarefnis í samrásastöflum af viðsnúnum flögum	
16.	Blý í ílöngum glóðarperum með sílíkathúðuðum rörum	Fellur úr gildi 1. september 2013
17.	Blýhalíð sem er notað sem geislunarefni í hástyrksúrhleðsluperum sem fagmenn í eftirtökuljósmyndun nota	
18.a	Blý sem er örvari í flúrljómandi dufti (1% blý eða minna, miðað við þyngd) í úrhleðsluperum til sérstakra nota við afritun á bláörk (e. diazoprinting reprography), í steinprentun (litógrafíu), í skordýragildrum, ljósefnafræðilegum ferlum og verkunarferlum með fosfórinnihaldi, svo sem SMS ((Sr,Ba)2MgSi2O7:Pb)	Fellur úr gildi 1. janúar 2011
18.b	Blý sem er örvari í flúrljómandi dufti (1% blý eða minna, miðað við þyngd) í úrhleðsluperum þegar þær eru notaðar í sólarlömpum sem innihalda fosfór, s.s. BSP (BaSi2O5:Pb)	
19.	Blý með PbBiSn-Hg og PbInSn-Hg í sérstökum samsetningum sem aðalamalgam og með PbSn-Hg sem hjálparamalgam í mjög samþjöppuðum, orkusparandi perum.	Fellur úr gildi 1. júní 2011
20.	Blýoxíð í gleri sem er notað til að glerlóða fremra og aftara undirlag í flötum flúrperum sem eru notaðar í vökvakristalsskjái (LCD)	Fellur úr gildi 1. júní 2011
21.	Blý og kadmíum í prentlitum sem eru notaðir í smeltlökk á gler, s.s. bórsílíkatgler og natríumkalksílíkatgler	
23.	Blý í húðun fínskrefa íhluta, annarra en tengja, með skrefstærð 0,65 mm eða minna	Má nota í varahluti fyrir raf- og rafeindabúnað sem settur var á markað fyrir 24. september 2010
24.	Blý í lóðningarefni til lóðunar á skífulaga og flötum, marglaga keramikþéttum með málmhúðuðum götum	
25.	Blýoxíð í flötum skjáum með mikilli sundurgreiningu (SED), notað í smíðaeiningum, einkum í þéttiglerinu og glerhringnum	
26.	Blýoxíð í glerhylki svartljóspera með bláu ljósi	Fellur úr gildi 1. júní 2011
27.	Blýmelmi til lóðunar fyrir ferjöld (e. transducer) sem eru notuð í öflugum hátölurum (sem eru hannaðir til notkunar í margar klukkustundir við hljóðþrýstingsstig 125 dB og þar yfir)	Féll úr gildi 24. september 2010

29.	Blý, bundið í kristalgleri samkvæmt skilgreiningu í I. viðauka (1., 2., 3. og 4. flokki) við tilskipun ráðsins 69/493/EBE (1)	
30.	Kadmíumblendi sem eru lóðaðar rafvélrænar tengingar í rafleiðurum sem eru staðsettir beint á hljóðspólu á ferjöldum sem eru notuð í öflugum hátölurum með hljóðþrýstingsstigi 100 dB (A) og þar yfir	
31.	Blý í efni til lóðunar í kvikasilfurslausar, flatar flúrperur (sem eru t.d. notaðar í vökvakristalsskjái, lýsingu í tengslum við hönnun eða iðnaðarlýsingu)	
32.	Blýoxíð í þéttigleri sem er notað til að festa saman glerplötur í argon- og kryptongeislarörperum.	
33.	Blý í lóðningarefni til að lóða þunnan koparvír, að þvermáli 100 µm eða minna, í aflspennum	
34.	Blý í málmkeramíkeiningum fyrir stilliviðnám	
36.	Kvikasilfur sem er notað til að koma í veg fyrir að bakskaut snarki í jafnskautsplasmaskjáum með allt að 30 mg innihald á hvern skjá	Féll úr gildi 1. júlí 2010
37.	Blý í málmhúðunarlagi í háspennudíóðum á sökkli á peru úr sinkbóratgleri	
38.	Kadmíum og kadmíumoxíð í þykklagsmauki sem er notað á álbundið beryllíumoxíð	
39.	Kadmíum í II-VI ljóstvistum með breytilegum litum (< 10 µg Cd á hvern mm2 lýsandi svæðisins) til notkunar í hálfleiðaralýsingu eða ljósaskjáum með ljóstvistum	Fellur úr gildi 1. júlí 2014

([1]) Stjtíð. EB L 326, 29.12.1969 bls. 36.

Athugasemd: Að því er varðar a-lið 1. mgr. 5. gr. í tilskipun 2002/95/EB skal viðunandi hámarksstyrkur vera 0,1%, miðað við þyngd í einsleitu efni, fyrir blý, kvikasilfur, sexgilt króm, fjölbrómuð bífenýl og fjölbrómaða dífenýletera og 0,01%, miðað við þyngd í einsleitu efni, fyrir kadmíum.“

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/138/EB 2013/EES/4/95

frá 25. nóvember 2009

um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (*)

(endurútgefin)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 47. gr. og 55 gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna°([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Nokkrar veigamiklar breytingar verða gerðar á fyrstu tilskipun ráðsins 73/239/EBE frá 24. júlí 1973 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga ([3]), tilskipun ráðsins 78/473/EBE frá 30. maí 1978 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um samtryggingar innan Bandalagsins ([4]), tilskipun ráðsins 87/344/EBE frá 22. júní 1987 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um vátryggingar í tengslum við málsvarnarkostnað ([5]), önnur tilskipun ráðsins 88/357/EBE frá 22. júní 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum á sviði frumtrygginga, annarra en líftrygginga, um að greiða fyrir því að réttur til að stunda þjónustustarfsemi sé nýttur ([6]), tilskipun ráðsins 92/49/EB frá 18. júní 1992 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum varðandi frumtryggingar aðrar en líftryggingar (þriðja tilskipun um skaðatryggingar) ([7]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EBE frá 27. október 1998 um viðbótareftirlit vátryggingafélaga í vátryggingasamstæðu ([8]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/17/EB frá 19. mars 2001 um endurskipulagningu og slit vátryggingafélaga ([9]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB frá 5. nóvember 2002 um líftryggingar ([10]), og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 um endurtryggingu ([11]). Fyrir skýrleika sakir skal endurútgefa þessar tilskipanir.

2) Til þess að auðvelda það að stofna til og reka vátrygginga- og endurtryggingastarfsemi er nauðsynlegt að eyða alvarlegasta muninum á lögum aðildarríkja hvað viðvíkur reglum sem vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, lúta. Því skal settur lagarammi um vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, til að annast vátryggingastarfsemi hvarvetna á innri markaðinum og auðvelda þar með vátryggingafélögum, þ.m.t. endurtryggingafélögum, með aðalskrifstofur í Bandalaginu að ná yfir áhættur og skuldbindingar innan þess.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 57.

([1]) Stjtíð. ESB L 224, 30.8.2008, bls. 11.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 22. apríl 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 10. nóvember 2009.

([3]) Stjtíð. EB L 228, 16.8.1973, bls. 3.

([4]) Stjtíð. EB L 151, 7.6.1978, bls. 25.

([5]) Stjtíð. EB L 185, 4.7.1987, bls. 77.

([6]) Stjtíð. EB L 172, 4.7.1988, bls. 1.

([7]) Stjtíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 1.

([8]) Stjtíð. EB L 330, 5.12.1998, bls. 1.

([9]) Stjtíð. EB L 110, 20.4.2001, bls. 28.

([10]) Stjtíð. EB L 345, 19.12.2002, bls. 1.

([11]) Stjtíð. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 1.

3) Það er í þágu eðlilegrar starfsemi innri markaðarins að settar verði samræmdar reglur að því er varðar eftirlit með vátryggingasamstæðum og, með vernd lánardrottna í huga, endurskipulagningu og slitameðferð vátryggingafélaga.

4) Rétt þykir að tiltekin fyrirtæki, sem veita þjónustu á sviði vátrygginga, falli ekki undir kerfið sem er komið á fót með þessari tilskipun vegna stærðar þeirra, réttarstöðu, eðli – sem er nátengt opinberum vátryggingakerfum – eða þeirrar sértæku þjónustu sem þau veita. Einnig er æskilegt að undanskilja tilteknar stofnanir í nokkrum aðildarríkjum sem starfa eingöngu á mjög afmörkuðu sviði og starfsemi þeirra er takmörkuð með lögum við tiltekið svæði eða tiltekna aðila.

5) Mjög lítil vátryggingafélög, sem uppfylla tiltekin skilyrði, þ.m.t. að tekjur af bókfærðu iðgjaldi eru undir 5 milljónum evra, falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar. Öll vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, sem þegar hafa leyfi samkvæmt gildandi tilskipunum, skulu halda þeim þegar þessi tilskipun kemur til framkvæmda. Félög, sem eru utan gildissviðs þessarar tilskipunar, skulu geta nýtt sér grundvallarfrelsið sem veitt er samkvæmt sáttmálanum. Þessi félög eiga þess kost að sækja um starfsleyfi samkvæmt þessari tilskipun til þess að njóta áfram góðs af hinu eina leyfi sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

6) Aðildarríkin eiga að geta gert þá kröfu til fyrirtækja sem reka starfsemi á sviði vátrygginga, þ.m.t. endurtrygginga, og sem eru undanþegin gildissviði þessarar tilskipunar, að þau skrái sig. Aðildarríkin geta líka látið þessi fyrirtæki sæta varfærniseftirliti og lagalegu eftirliti.

7) Í tilskipun ráðsins 72/166/EBE frá 24. apríl 1972 um samræmingu á lögum aðildarríkja um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja og til að kveða á um skyldu til að viðhalda vátryggingu gagnvart slíkri ábyrgð ([1]), sjöunda tilskipun ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikninga, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans ([2]), annarri tilskipun ráðsins 84/5/EBE frá 30. desember 1983 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um ábyrgðartryggingu vegna notkunar á vélknúnum ökutækjum ([3]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga ([4]), og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana ([5]) er mælt fyrir um almennar reglur á sviði reikningsskila, ábyrgðartryggingu ökutækja, fjármálagerninga og lánastofnana, og um skilgreiningar á þessum sviðum. Rétt þykir að tilteknar skilgreiningar, sem mælt er fyrir um í þessum tilskipunum, gildi að því er varðar þessa tilskipun.

8) Það að stofna til og reka vátryggingastarfsemi, þ.m.t. endurtryggingastarfsemi, skal háð fyrirframleyfi. Því er nauðsynlegt að mæla fyrir um skilyrði og verklagsreglur að því er varðar leyfisveitingu og hvers konar synjun.

9) Í tilskipununum, sem felldar eru niður með þessari tilskipun, er ekki mælt fyrir um neinar reglur að því er varðar gildissvið endurtryggingastarfsemi sem vátryggingafélagi er heimilt að annast. Það er aðildarríkjanna að mæla fyrir um allar reglur hvað þetta varðar.

10) Tilvísanir í þessa tilskipun um vátrygginga- eða endurtryggingastarfsemi skulu taka til bundinna frumtryggingafélaga og bundinna endurtryggingafélaga, nema sértæk ákvæði séu sett um þessi félög.

11) Þar eð tilskipun þessi er grundvöllurinn að því að hinum innri markaði verði komið á skal vátryggingafélögum, þ.m.t. endurtryggingafélögum, með starfsleyfi í viðkomandi heimaaðildarríki leyft að reka, í gervöllu Bandalaginu, einhverja eða alla sína starfsemi með því að stofna útibú eða veita þjónustu. Því er rétt að koma á nauðsynlegri samræmingu sem nægir til að koma á gagnkvæmri viðurkenningu á starfsleyfum og eftirlitskerfum, og þar með einu leyfi sem gildir alls staðar í Bandalaginu og sem gerir kleift að eftirlit með félagi fari fram í heimaaðildarríkinu.

12) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/26/EB frá 16. maí 2000 um samræmingu á lögum aðildarríkja um ábyrgðartryggingu vegna notkunar vélknúinna ökutækja (fjórða tilskipunin um ökutækjatryggingar) ([6]) eru settar reglur um tilnefningu tjónauppgjörsfulltrúa. Þessar reglur skulu gilda að því er þessa tilskipun varðar.

13) Endurtryggingafélög skulu takmarka starfsemi sína við endurtryggingar og tengda starfsemi. Slík krafa skal ekki koma í veg fyrir að endurtryggingafélög annist starfsemi á borð við tölfræðilega eða tryggingafræðilega ráðgjöf, áhættugreiningu eða rannsóknir fyrir viðskiptavini sína. Hún getur einnig tekið til hlutverks og starfsemi eignarhaldsfélags sem tengist fjármálastarfsemi í skilningi 8. mgr. 2. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og fjárfestingarfyrirtækjum í fjármálasamsteypum([7]). Í öllum tilvikum kemur þessi krafa í veg fyrir að hægt sé að annast óskylda banka- og fjármálastarfsemi.

([1]) Stjtíð. EB L 103, 2.5.1972, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1.
([3]) Stjtíð. EB L 8, 11.1.1984, bls. 17.
([4]) Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.
([5]) Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1.
([6]) Stjtíð. EB L 181, 20.7.2000, bls. 65.
([7]) Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1.

14) Við vernd vátryggingartaka er gengið út frá því að vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, falli undir árangursríkar kröfur varðandi gjaldþol sem leiða til skilvirkrar ráðstöfunar eigin fjár innan Evrópusambandsins. Í ljósi markaðsþróunar er núverandi kerfi ekki lengur fullnægjandi. Því er nauðsynlegt að innleiða nýjan regluramma.

15) Í samræmi við nýjustu þróun í áhættustýringu, með skírskotun til Alþjóðasambands eftirlitsaðila með vátryggingum, Alþjóðareikningsskilaráðsins, Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á vátryggingamarkaði og með nýlegri þróun í öðrum fjármálageirum skal taka upp efnahagslega nálgun, byggða á áhættumati, sem er vátryggingafélögum, þ.m.t. endurtryggingafélögum, hvati til að meta áhættu á réttan hátt og stýra henni. Auka skal samhæfingu með setningu sérstakra reglna til að meta eignir og skuldir, þ.m.t. vátryggingaskuldir.

16) Meginmarkmiðið með reglum um vátryggingar og endurtryggingar og eftirliti með þeim er fullnægjandi vernd til handa vátryggingartökum og rétthöfum. Hugtakinu „rétthafi“ er ætlað að taka til allra einstaklinga eða lögaðila sem eiga rétt samkvæmt vátryggingarsamningi. Fjárhagslegur stöðugleiki og sanngjarnir og stöðugir markaðir eru einnig markmið með reglum um vátryggingar og endurtryggingar og eftirliti með þeim, jafnframt því sem tekið skal tillit til meginmarkmiðsins, án þess þó að grafið sé undan því.

17) Reiknað er með að reglur um gjaldþol, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, veiti vátryggingartökum enn betri vernd. Það gerir þá kröfu til aðildarríkjanna að þau veiti eftirlitsyfirvöldum úrræði til að standa við skuldbindingar sínar, eins og sett er fram í þessari tilskipun. Þetta nær til allra nauðsynlegra þátta, þ.m.t. fjármagns og mannauðs.

18) Eftirlitsyfirvöld í aðildarríkjunum skulu því hafa öll þau tilföng sem nauðsynleg eru til að tryggja að vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, reki starfsemi sína samkvæmt reglum alls staðar í Bandalaginu, hvort sem hún er rekin samkvæmt staðfesturétti eða frelsi til að veita þjónustu. Til að tryggja skilvirkni eftirlitsins skulu allar aðgerðir eftirlitsyfirvalda vera í samræmi við eðli, umfang og það hve flókin áhætta er sem innbyggð er í vátryggingastarfsemi, þ.m.t. endurtryggingastarfsemi, án tillits til mikilvægis hlutaðeigandi fyrirtækis fyrir fjárhagslegan stöðugleika markaðarins í heild.

19) Þessi tilskipun á ekki að vera of íþyngjandi fyrir lítil og meðalstór vátryggingafélög. Ein af aðferðunum til að ná þessu markmiði er að beita meðalhófsreglu á réttan hátt. Sú regla skal bæði gilda um kröfurnar sem gerðar eru til vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, og um beitingu eftirlitsheimilda.

20) Þess skal sérstaklega gætt að tilskipunin sé ekki of íþyngjandi fyrir vátryggingafélög sem sérhæfa sig í tilteknum tegundum vátrygginga eða þjónustu við viðskiptamenn á tilteknum sviðum, og viðurkennt skal að sérhæfing af þessu tagi geti verið mikilvæg aðferð hvað varðar skilvirkni og skilvirka áhættustýringu. Til þess að ná því markmiði, og einnig til að beita meðalhófsreglu á réttan hátt, skal einnig sérstaklega séð til þess að félög geti notað eigin gögn til þess að kvarða breytur í áhættueiningum skaðatrygginga hinnar stöðluðu formúlu gjaldþolskröfu.

21) Þessi tilskipun skal líka taka til greina hina sérstöku eiginleika bundinna frumtryggingafélaga og bundinna endurtryggingafélaga. Þar sem starfsemi þessara félaga nær aðeins yfir áhættu í tengslum við iðnaðar- eða verslunarsamstæðu, sem þau tilheyra, skal séð fyrir viðeigandi aðferðum í samræmi við meðalhófsregluna til að leiða í ljós eðli, umfang og það hversu flókin starfsemi þeirra er.

22) Í eftirliti með endurtryggingastarfsemi skal tekið tillit til sérkenna endurtryggingageirans, einkum hnattræns eðlis hans, og þess að vátryggingartakar eru sjálfir vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög.

23) Eftirlitsyfirvöld eiga að geta fengið upplýsingar frá vátryggingafélögum, þ.m.t. endurtryggingafélögum, sem nauðsynlegar eru til að þau geti sinnt eftirliti, þ.m.t. upplýsingar, eftir því sem við á, sem vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, greina frá opinberlega í tengslum við reikningsskil, kauphallartilkynningu og aðrar laga- eða eftirlitskröfur.

24) Eftirlitsyfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu bera ábyrgð á vöktun fjárhagslegs styrks vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga. Í því skyni skulu þau endurskoða matið með reglubundnum hætti.

25) Eftirlitsyfirvöld skulu geta tekið tillit til áhrifa á áhættustýringu og eignastýringu sem stafa af valfrjálsum starfsreglum og gagnsæi viðkomandi stofnana sem eiga viðskipti með eftirlitslausa eða óhefðbundna fjárfestingargerninga.

26) Gjaldþolskrafan er útgangspunktur þess hvort megindlegar kröfur í vátryggingageiranum duga. Því skulu eftirlitsyfirvöld aðeins hafa vald til að bæta viðbótargjaldþolskröfu við gjaldþolskröfuna í undantekningartilvikum sem talin eru upp í þessari tilskipun í samræmi við eftirlitsferlið. Staðlaðri formúlu gjaldþolskröfunnar er ætlað að endurspegla áhættusnið flestra vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga. Þó kunna að vera tilvik þar sem staðlaða aðferðin endurspeglar ekki nægilega vel afar sértækt áhættusnið félags.

27) Álagning viðbótargjaldþolskröfu heyrir til undantekninga í þeim skilningi að aðeins skal gripið til hennar í síðustu lög þegar aðrar eftirlitsaðgerðir reynast gagnslausar eða henta ekki. Þá skal orðið „undantekning“ fremur skilið með hliðsjón af sérstökum aðstæðum í hverju félagi en í tengslum við fjölda eiginfjárkrafna sem gerðar eru á tilteknum markaði.

28) Haldið skal í viðbótargjaldþolskröfuna svo lengi sem ekki er ráðin bót á aðstæðunum sem voru við lýði þegar henni var komið á. Ef verulegir annmarkar eru á innra líkani, að öllu leyti eða að hluta til, eða ef stjórnunarháttum er verulega áfátt skulu eftirlitsyfirvöld tryggja að viðkomandi félag leggi allt kapp á að ráða bót á annmörkum þeim sem leiddu til þess að viðbótargjaldþolskröfunni var komið á. Þegar staðlaða aðferðin endurspeglar ekki nægilega vel tiltekið áhættusnið í félagi getur viðbótargjaldþolskrafan verið við lýði í nokkur ár.

29) Aðeins kann að vera hægt að taka á sumum áhættuatriðum á tilhlýðilegan hátt með kröfum um stjórnunarhætti fremur en megindlegum kröfum sem fram koma í gjaldþolskröfunni. Skilvirkt stjórnkerfi skiptir því sköpum fyrir fullnægjandi stjórnun vátryggingafélagsins og fyrir eftirlitskerfið.

30) Stjórnkerfið tekur til starfsemi sem felur í sér eftirlit með áhættustýringu, löghlýðni, innri endurskoðun og starfsfólki tryggingafræðisviðs.

31) Í starfsemi felst stjórnsýslulegt hæfi til að inna tiltekin stjórnunarleg verkefni af hendi. Auðkenning tiltekinnar starfsemi kemur ekki í veg fyrir að félag ákveði upp á eigin spýtur hvernig sú starfsemi sé skipulögð í raun, nema annað sé tilgreint í þessari tilskipun. Þetta á ekki að hafa óþarflega íþyngjandi kröfur í för með sér þar sem taka skal tillit til eðlis, umfangs og þess hve flóknar aðgerðir félagsins eru. Það á því að vera mögulegt að eigið starfsfólk annist þessa starfsemi, að unnt sé að reiða sig á ráðgjöf sérfræðinga utan félagsins eða útvista starfseminni til sérfræðinga, innan þeirra marka sem þessi tilskipun setur.

32) Í minni og einfaldari félögum, nema að því er varðar innri endurskoðun, á enn fremur að vera mögulegt að einstaklingur eða skipulagseining framkvæmi fleiri en eina tegund starfsemi.

33) Þær tegundir starfsemi sem stjórnkerfi tekur til teljast til lykilstarfsemi og því einnig mikilvægar og þýðingarmiklar.

34) Allir einstaklingar sem gegna lykilhlutverki skulu vera hæfir og viðeigandi. Einungis einstaklingar í lykilhlutverki skulu þó sæta tilkynningarskyldu gagnvart eftirlitsyfirvaldi.

35) Í þeim tilgangi að meta áskilið hæfi skal taka tillit til faglegrar menntunar og hæfis og reynslu þeirra sem stýra félaginu í reynd eða hafa aðra lykilstarfsemi með höndum.

36) Öll vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu framkvæma, sem samþættan hluta starfsstefnu sinnar, reglubundið mat á gjaldþolsþörfum sínum með tiltekið áhættusnið sitt (eigin áhætta og mat á gjaldþoli) í huga. Við matið er hvorki þörf á að þróa innra líkan né reikna fjármagnsþörf sem sker sig frá gjaldþolskröfunni eða lágmarkskröfunni um eigið fé. Útkoman úr matinu hverju sinni skal tilkynnt eftirlitsyfirvaldi sem hluti af þeim upplýsingum sem leggja skal fram í eftirlitsskyni.

37) Til þess að tryggja skilvirkt eftirlit með útvistaðri starfsemi er nauðsynlegt að eftirlitsyfirvöld, sem hafa eftirlit með hinu útvistaða vátrygginga- eða endurtryggingafélagi, hafi aðgang að öllum viðkomandi gögnum sem veitandi útvistunarþjónustu hefur með höndum, hvort sem hann er eftirlitsskyldur eða ekki, og hafi einnig rétt til að annast vettvangsskoðun. Til að taka tillit til markaðsþróunar og tryggja að áfram sé farið að skilyrðum fyrir útvistunum skal veita eftirlitsyfirvöldum upplýsingar áður en þýðingarmikil eða mikilvæg starfsemi er útvistuð. Í þessum kröfum skal tekið tillit til vinnu Samráðsvettvangsins og vera í samræmi við núgildandi reglur og venjur í bankageiranum og tilskipun 2004/39/EB og beitingu hennar gagnvart lánastofnunum.

38) Til þess að tryggja gagnsæi skulu vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, birta opinberlega upplýsingar um gjaldþol sitt og fjárhagsstöðu að minnsta kosti árlega, nánar til tekið skulu upplýsingarnar gerðar aðgengilegar almenningi, annaðhvort á prentuðu eða rafrænu formi og ókeypis. Félögum skal heimilað að birta opinberlega viðbótarupplýsingar af frjálsum vilja.

39) Kveðið skal á um upplýsingaskipti milli eftirlitsyfirvalda og yfirvalda eða stofnana sem í krafti starfsemi sinnar stuðla að auknum stöðugleika fjármálakerfisins. Því er nauðsynlegt að tilgreina við hvaða skilyrði þessi upplýsingaskipti skulu vera möguleg. Þegar aðeins má greina frá upplýsingum með skýlausu samþykki eftirlitsyfirvalda skulu þau, þegar svo ber undir, enn fremur setja það skilyrði fyrir samþykki sínu að farið sé að ströngum skilyrðum.

40) Nauðsynlegt er að stuðla að samleitni eftirlits, ekki einungis að því er varðar tæki til eftirlits heldur einnig að því er varðar samleitni eftirlitsaðferða. Nefnd evrópskra eftirlitsaðila með vátryggingum og starfstengdum lífeyrissjóðum (CEIOPS), sem komið var á fót samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB ([1]), skal gegna mikilvægu hlutverki í þessu tilliti og greina Evrópuþinginu og framkvæmdastjórninni reglulega frá framvindunni.

([1]) Stjtíð. ESB L 25, 29.1.2009, bls. 28.

41) Markmiðið með upplýsingunum og skýrslunni, sem leggja skal fram í tengslum við viðbótargjaldþolskröfuna frá samstarfsnefndinni, er ekki að hindra notkun þeirra, eins og heimilt er samkvæmt þessari tilskipun, heldur stuðla að sífellt meiri samleitni eftirlits við notkun viðbótargjaldþolskrafna milli eftirlitsyfirvalda í mismunandi aðildarríkjum.

42) Til að takmarka stjórnsýsluálag og forðast tvíverknað skuli eftirlitsyfirvöld og landsbundin hagskýrsluyfirvöld vinna saman og skiptast á upplýsingum.

43) Til að styrkja eftirlit með vátryggingafélögum, þ.m.t. endurtryggingafélögum, og vernd vátryggingartaka skal löggiltum endurskoðendum, í merkingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB frá 17. maí 2006 um lögboðna endurskoðun ársreikninga og samstæðureikningsskil ([1]) bera skylda til að tilkynna tafarlaust öll málsatvik sem líklegt er að hafi alvarlegar afleiðingar fyrir fjárhagsstöðu eða stjórnsýsluskipulag vátrygginga- eða endurtryggingafélags.

44) Vátryggingafélög, sem bæði eru með líf- og skaðatryggingar, skulu reka þær aðgreindar til að vernda hagsmuni líftryggingartaka. Einkum skulu þessi félög falla undir sömu kröfur um eigið fé og gilda um sambærilega tryggingasamstæðu sem er samsett úr líftryggingarfélagi og skaðatryggingafélagi, að teknu tilliti til aukins framsalshæfis eigin fjár í blönduðum tryggingafélögum.

45) Mat á fjárhagsstöðu vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, skal byggt á traustum meginreglum hagfræðinnar og skal nýta sem best upplýsingarnar sem fjármálamarkaðir láta í té, sem og almenn gögn um tæknilega áhættu í vátryggingum. Gjaldþolskröfur skulu einkum byggðar á efnahagslegu mati á efnahagsreikningnum í heild.

46) Matsstaðlar, sem notaðir eru við eftirlitið, skulu samrýmast alþjóðlegri þróun í reikningsskilum, að svo miklu leyti sem mögulegt er, til þess að takmarka stjórnsýsluálag á vátrygginga- eða endurtryggingafélög.

47) Í samræmi við þá nálgun skulu eiginfjárkröfur falla undir eiginfjárliði, hvort sem þær falla undir liði á efnahagsreikningi eða utan hans. Þar eð ekki allt fjármagn getur að fullu borið tap vegna slita á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis skal flokka eiginfjárliði í þrjá þætti í samræmi við gæðaviðmiðanir og samkvæmt því skal viðurkennd fjárhæð eiginfjárliða takmarkast við að hún nái yfir eiginfjárkröfur. Mörkin, sem eiga við um eiginfjárliði, skulu aðeins gilda að því er varðar ákvörðun á gjaldþolsstöðu vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, og skulu ekki takmarka frekar frelsi þessara félaga að því er varðar stjórnun á innra veltufé.

48) Eignir, sem ekki tengjast neinum fyrirsjáanlegum skuldbindingum, er yfirleitt hægt að nota til að bera tap sem er til komið vegna neikvæðra sveiflna í starfseminni við áframhaldandi rekstrarhæfi og ef um slit er að ræða. Því skal, í langflestum tilvikum, litið á eignir umfram skuldir, eins og þær eru metnar í samræmi við meginreglurnar sem settar eru fram í þessari tilskipun, sem hágæðafjármagn (1. stig).

49) Ekki eru allar eignir innan félags óháðar takmörkunum. Í nokkrum aðildarríkjanna leiða tilteknar vörur til uppbyggingar sjóða sem haldið er aðgreindum og leiðir þetta til þess að einn flokkur vátryggingartaka hefur meiri réttindi til eigna innan eigin sjóðs. Enda þótt þessar eignir séu taldar með við útreikninga á eignum umfram skuldir er ekki hægt að veita aðgang að þeim til að bregðast við áhættu utan sjóðsins sem haldið er aðgreindum. Til að gætt sé samræmis við hina efnahagslegu nálgun þarf mat á eiginfjárliðum að endurspegla mismunandi eðli eigna sem taka til hluta af hinu aðgreinda fyrirkomulagi. Eins skal útreikningurinn á gjaldþolskröfunni endurspegla minni samnýtingu eða fjölbreytileika sem tengist sjóðunum sem haldið er aðgreindum.

50) Það er gildandi venja í vissum aðildarríkjum að vátryggingafélög selji líftryggingavörur í hlutfalli við framlög vátryggingartaka og styrkþega til áhættufjármagns félags í skiptum fyrir allan hagnaðinn af framlögunum eða hluta hans. Þessi uppsafnaði hagnaður er umframtekjur sem eru eign hinnar löglegu einingar þar sem hún varð til.

51) Umframtekjur skal meta í samræmi við hina efnahagslegu nálgun sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Í þessu tilviki er ekki nóg að láta við sitja að vísa til matsins á umframtekjum í lögboðnum ársreikningum. Í samræmi við kröfurnar sem gerðar eru til eiginfjárliða skulu umframtekjur falla undir viðmiðanir sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun um flokkun í stig. Þetta þýðir m.a. að eingöngu skal litið á umframtekjur, sem uppfylla kröfur um flokkun í 1. stig, sem tekjur á 1. stigi.

([1]) Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 87.

52) Gagnkvæm félög og félög hliðstæðrar gerðar með breytileg iðgjöld geta farið fram á viðbótarframlög frá aðilum sínum (viðbótariðgjöld félagsaðila) til þess að hækka þá fjárhæð fjármagns sem þau eiga til að bera tap. Viðbótariðgjöld félagsaðila geta verið umtalsverð fjármögnunarleið fyrir gagnkvæm félög og félög hliðstæðrar gerðar, meðal annars þegar þessi félög standa frammi fyrir neikvæðum viðskiptasveiflum. Því er hægt að færa viðbótariðgjöld félagsaðila sem fylgiliði eigin fjár og fara með þau í samræmi við það í gjaldþolsskyni. Einkum á þetta við að því er varðar gagnkvæm félög og svipuð félög skipaeigenda með breytileg iðgjöld þar sem eingöngu er tryggt gegn áhættu á sjó, en þar eru viðbótariðgjöld félagsaðila löngu viðtekin venja, með fyrirvara um sérstakt endurgreiðslufyrirkomulag, og skal litið á samþykkta fjárhæð þessara viðbótariðgjalda félagsaðila sem gott fjármagn (2. stig). Ef um er að ræða gagnkvæm félög og félög hliðstæðrar gerðar þar sem viðbótariðgjöld félagsaðila eru af svipuðum gæðum skal einnig litið á samþykkta fjárhæð þessara viðbótariðgjalda sem gott fjármagn (2. stig).

53) Til þess að gera vátryggingafélögum, þ.m.t. endurtryggingafélögum, kleift að standa við skuldbindingar sínar við vátryggingartaka og rétthafa skulu aðildarríkin krefjast þess af þessum félögum að þau séu með fullnægjandi vátryggingaskuldir. Meginreglurnar og þær tryggingafræðilegu og tölfræðilegu aðferðir sem liggja til grundvallar útreikningi á þessum vátryggingaskuldum skal samræma í gervöllu Bandalaginu til að auðvelda samanburð og auka gagnsæi.

54) Útreikningur vátryggingaskulda skal vera í samræmi við mat á eignum og öðrum skuldum, í samræmi við markaðinn og alþjóðlega þróun á sviði reikningsskila og eftirlits.

55) Verðmæti vátryggingaskulda skal því samsvara fjárhæðinni sem vátrygginga- eða endurtryggingafélag þyrfti að greiða ef það flytti samningsbundinn rétt sinn og skyldur tafarlaust til annars félags. Af því leiðir að verðmæti vátryggingaskulda skal samsvara fjárhæðinni sem búist væri við að annað vátrygginga- eða endurtryggingafélag (félagið sem vísað er til) krefðist til að taka yfir og uppfylla vátrygginga- og endurtryggingakvaðir sem liggja til grundvallar. Fjárhæð vátryggingaskuldanna skal endurspegla eiginleika vátryggingastofnsins sem liggur til grundvallar. Upplýsingar sem eiga sérstaklega við um tiltekið félag, t.d. þær sem snúa að meðferð bótakrafna og útgjöldum, skal því aðeins nota við útreikninga að því marki sem þær gera vátryggingafélögum, þ.m.t. endurtryggingafélögum, betur kleift að endurspegla eiginleika vátryggingastofnsins sem liggur til grundvallar.

56) Forsendurnar um félagið sem vísað er til og búist er við að taki yfir og uppfylli þær vátryggingakvaðir, þ.m.t. endurtryggingakvaðir, sem liggja til grundvallar skal samræma í gervöllu Bandalaginu. Einkum skulu forsendurnar um félagið sem vísað er til og ákvarða hvort, og þá að hve miklu leyti, áhrif fjölbreytileika skulu lögð til grundvallar við útreikning á vikmörkum áhættu, greind sem hluti af áhrifum og skulu síðan samræmdar innan Bandalagsins.

57) Að því er varðar útreikninga á vátryggingaskuldum skal vera mögulegt að beita hæfilegum innreikningum og framreikningum frá markaðsverði sem er sannreynanlegt með beinum hætti.

58) Nauðsynlegt er að reikna vænt núvirði vátryggingaskulda á grundvelli gildandi, trúverðugra upplýsinga og raunhæfra forsendna með því að taka tillit til fjárhagslegra trygginga og kosta í vátrygginga- og endurtryggingarsamningum, til að fá fram efnahagslegt mat á vátrygginga- og endurtryggingakvöðum. Þess skal krafist að skilvirkum og samræmdum tryggingafræðilegum aðferðum sé beitt.

59) Til þess að endurspegla tilteknar aðstæður lítilla og meðalstórra félaga skal kveðið á um einfaldaðar aðferðir við útreikning á vátryggingaskuldum.

60) Í eftirlitsfyrirkomulagi skal kveðið á um áhættunæmar kröfur, sem eru byggðar á framtíðarútreikningum til að tryggja nákvæma og tímanlega íhlutun eftirlitsyfirvalda (gjaldþolskrafan), og lágmarkskröfu um öryggi, og skal fjárhæð fjármagns ekki vera lægri en hún (lágmarkseiginfjárkrafa). Báðar eiginfjárkröfurnar skal samræma í gervöllu Bandalaginu til að ná fram samræmdu verndarstigi fyrir vátryggingartaka. Til að vel takist til um framkvæmd þessarar tilskipunar skulu fullnægjandi stig íhlutunar vera milli gjaldþolskröfunnar og lágmarkskröfunnar um eigið fé.

61) Til að draga úr möguleikum á óæskilegum, sveifluaukandi áhrifum fjármálakerfisins og koma í veg fyrir tilvik þar sem vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, neyðast án eigin tilverknaðar til að útvega viðbótarfjármagn eða selja fjárfestingar sínar vegna skammvinnra, óhagstæðra hreyfinga á fjármálamörkuðum, skal í markaðsáhættueiningu

stöðluðu formúlunnar fyrir gjaldþolskröfuna vera samhverfur búnaður til leiðréttingar vegna breytinga á verði eigin fjár. Komi til óvenjumikils falls á fjármálamörkuðum, og ef samhverfi leiðréttingarbúnaðurinn dugar ekki vátryggingafélögum, þ.m.t. endurtryggingafélögum, til að uppfylla gjaldþolskröfur þeirra, skulu eftirlitsyfirvöld að auki framlengja það tímabil þegar þess er krafist að vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, komi aftur á þeirri eiginfjárstöðu sem talin er ákjósanleg til að uppfylla gjaldþolskröfur.

62) Gjaldþolskrafan skal endurspegla ákjósanlega eiginfjárstöðu sem gerir vátryggingafélögum, þ.m.t. endurtryggingafélögum, kleift að bera umtalsvert tap, og gefur vátryggingartökum og rétthöfum hæfilega tryggingu fyrir því að greiðslur verði inntar af hendi þegar þær falla í gjalddaga.

63) Til þess að tryggja að vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, hafi yfir að ráða viðurkenndum eiginfjárliðum sem mæta gjaldþolskröfu á grundvelli áframhaldandi reksturs, með tilliti til allra breytinga á áhættusniði þeirra, skulu þau reikna gjaldþolskröfuna árlega hið minnsta, fylgjast stöðugt með henni og endurreikna hana í hvert sinn þegar áhættusniðið breytist verulega.

64) Til þess að stuðla að góðri áhættustýringu og laga eftirlitsreglur um eigið fé að starfsvenjum atvinnugreinarinnar skal gjaldþolskrafan ákvörðuð sem það varnarfjármagn sem vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, hafa til ráðstöfunar til að tryggja að ekki komi til hruns oftar en einu sinni í hverjum 200 tilvikum, eða, á hinn bóginn, að 99,5% líkur séu á að þessi félög geti staðið við skuldbindingar sínar við vátryggingartaka og rétthafa á næstu 12 mánuðum. Þetta varnarfjármagn skal reikna á grundvelli raunverulegs áhættusniðs þessara félaga með tilliti til áhrifa af hugsanlegum aðferðum við að draga úr áhættu ásamt áhrifum af áhættudreifingu.

65) Samþykkja skal staðlaða formúlu til útreiknings á gjaldþolskröfunni til að gera öllum vátryggingafélögum, þ.m.t. endurtryggingafélögum, kleift að meta eiginfjárþörf sína. Staðlaða formúlan skal byggð upp í einingum, í þeim skilningi að á fyrsta stigi skal meta hverja einstaka áhættuskuldbindingu í hverjum áhættuflokki og síðan uppsafnaða áhættu á öðru stigi. Ef notkun á breytum sem eiga sérstaklega við tiltekið félag verða til þess að leiða hið sanna áhættusnið vátryggingarinnar betur í ljós skal það vera leyfilegt, að því tilskildu að þessar breytur séu fengnar með staðlaðri aðferðafræði.

66) Til þess að endurspegla tilteknar aðstæður lítilla og meðalstórra félaga skal kveðið á um einfaldaðar aðferðir við útreikning á gjaldþolskröfunni í samræmi við stöðluðu formúluna.

67) Meginreglan er að hin nýja aðferð, sem byggist á áhættumati, tekur hvorki til hugtaksins um megindlegar takmarkanir á fjárfestingum né hæfisviðmiðanir eigna. Þó á að vera hægt að taka upp takmarkanir á fjárfestingum og hæfisviðmiðanir eigna sem taka til áhættu sem fellur ekki á fullnægjandi hátt undir undireiningu stöðluðu formúlunnar.

68) Í samræmi við áhættumiðaða nálgun á gjaldþolskröfuna á að vera hægt, við tilteknar aðstæður, að nota hlutstæð eða heildstæð innri líkön við útreikning á þeirri kröfu, fremur en stöðluðu formúluna. Til þess að veita vátryggingartökum og rétthöfum sambærilega vernd skulu þessi innri líkön háð fyrirframsamþykki á grundvelli samræmdra vinnsluferla og staðla.

69) Þegar fjárhæð viðurkenndra eiginfjárliða verður lægri en lágmarkskrafan um eigið fé skal starfsleyfi vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, dregin til baka ef þessi félög geta ekki á skömmum tíma hækkað á ný þá fjárhæð viðurkenndra eiginfjárliða og standa þar með við lágmarkskröfuna um eigið fé.

70) Lágmarkskrafan um eigið fé skal tryggja lágmarksstig og má fjárhæð fjármagns ekki vera lægra en það. Nauðsynlegt er að þetta stig sé reiknað með einfaldri formúlu með skilgreindum neðri og efri mörkum sem byggð eru á áhættumiðaðri gjaldþolskröfu í því skyni að gera stigvaxandi afskipti eftirlitsaðila möguleg og að það sé byggt á upplýsingum sem hægt er að endurskoða.

71) Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu eiga eignir af nægjanlegum gæðum til að ná yfir almennar fjárhagskröfur. Öllum fjárfestingum vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, skal stýrt í samræmi við varfærnismeginregluna.

72) Aðildarríkin skulu ekki krefjast þess að vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, fjárfesti í tilteknum eignaflokkum þar sem slíkar kröfur væru ósamrýmanlegar auknu frelsi í fjármagnsflutningum sem kveðið er á um í 56. gr. sáttmálans.

73) Nauðsynlegt er að banna öll ákvæði sem gera aðildarríkjunum kleift að krefjast þess að eignir verði veðsettar fyrir vátryggingaskuld vátrygginga- eða endurtryggingafélags, í hvaða formi sem krafan er sett fram, þegar vátryggjandi er endurtryggður hjá vátrygginga- eða endurtryggingafélagi, sem hefur starfsleyfi samkvæmt þessari tilskipun, eða hjá félagi í þriðja landi, ef eftirlitsfyrirkomulagið í því landi telst jafngilt.

74) Í lagarammanum fram til þessa hefur hvorki verið kveðið á um nákvæmar viðmiðanir vegna varfærnismats við fyrirhugaða yfirtöku né reglur um beitingu þeirra. Nánari útlistunar er því þörf á viðmiðunum og fyrirkomulagi varfærnismats til að stuðla að nauðsynlegu réttaröryggi, skýrleika og áreiðanleika að því er varðar matsferlið, svo og niðurstöður þess. Þessum viðmiðunum og málsmeðferð var komið á með tilskipun 2007/44/EB. Að því er varðar vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu þessi ákvæði því bundin í kerfi og felld inn í þessa tilskipun.

75) Það skiptir því miklu máli að málsmeðferð og varfærnismat í gervöllu Bandalaginu séu eins samræmd og hægt er. Ákvæðin um virka eignarhlutdeild koma þó ekki í veg fyrir að aðildarríkin krefjist þess að eftirlitsyfirvöldum sé tilkynnt um yfirtökur eignarhlutdeildar, sem eru undir þeim viðmiðunarmörkum sem mælt er fyrir um í þessum ákvæðum, enda kveði aðildarríki ekki á um fleiri en eitt viðbótarviðmiðunarmark undir 10% í því sambandi. Þessi ákvæði koma ekki heldur í veg fyrir að eftirlitsyfirvöld veiti almennar leiðbeiningar um hvenær slík eignarhlutdeild telst hafa í för með sér veruleg áhrif.

76) Með hliðsjón af auknum hreyfanleika borgara í Sambandinu er boðið upp á ábyrgðartryggingu ökutækja yfir landamæri í auknum mæli. Til þess að tryggja áframhaldandi rétta framkvæmd á fyrirkomulaginu um notkun græna skírteinisins milli landsskrifstofa vátryggjenda ökutækja þykir rétt að aðildarríkin geti krafist þess að vátryggingafélög, sem bjóða ábyrgðartryggingu ökutækja á sínu heimasvæði sem þjónustustarfsemi, tengist landsskrifstofunum og taki þátt í að fjármagna þær, og einnig ábyrgðarsjóðinn sem settur er á stofn í því aðildarríki. Aðildarríkið, þar sem þjónustan er í boði, skal krefjast þess að félög sem bjóða vátryggingar ökutækja tilnefni fulltrúa á heimasvæði sínu til að safna öllum nauðsynlegum upplýsingum í tengslum við tjónakröfur og koma fram fyrir hönd viðkomandi félags.

77) Innan marka innri markaðar er það í hag vátryggingartaka að hann hafi aðgang að sem mestu úrvali vátrygginga innan Bandalagsins. Aðildarríkið, þar sem áhættan liggur, eða aðildarríkið, þar sem gengist er undir skuldbindinguna, skal því sjá til þess að ekkert komi í veg fyrir að allar vátryggingar, sem eru markaðssettar innan Bandalagsins, séu boðnar til sölu innan heimasvæðis þess, enda brjóti þær ekki í bága við lagaákvæði sem þar eru sett til að vernda almannahagsmuni, svo fremi að þeirra sé ekki gætt með réttarákvæðum heimaaðildarríkisins.

78) Komið skal á kerfi viðurlaga sem skal beitt í aðildarríkinu þar sem áhættan liggur, eða aðildarríkinu þar sem gengist er undir skuldbindinguna, þegar vátryggingafélag fer ekki að neinum gildandi ákvæðum með almannahagsmuni að leiðarljósi.

79) Á innri vátryggingamarkaði munu neytendur hafa meira og fjölbreyttara val um samninga en áður. Ef sú fjölbreytni, auk aukinnar samkeppni, á að nýtast neytendum til fulls skulu þeir fá allar nauðsynlegar upplýsingar fyrir samningagerðina og á öllu samningstímabilinu til að gera þeim kleift að velja þann samning sem best er sniðinn að þeirra þörfum.

80) Vátryggingafélag, sem býður samninga um aðstoð, skal hafa yfir nauðsynlegum úrræðum að ráða til að veita boðnar bætur, greiddar í fríðu, innan tilhlýðilegs tíma. Sérákvæði skulu sett um útreikninga á gjaldþolskröfu og algjört lágmark lágmarkskröfunnar um eigið fé sem félagið skal hafa yfir að ráða.

81) Árangursríkur rekstur samtryggingafyrirtækja innan Bandalagsins í starfsemi, sem líkur eru á, vegna eðlis eða umfangs hennar, að falli undir alþjóðlegar samtryggingar, skal auðveldaður með því að halda samhæfingu í lágmarki til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni og ólíka meðferð. Í því samhengi skal aðalvátryggingafélag meta bótakröfur og ákveða fjárhæð vátryggingaskulda. Enn fremur skal kveðið á um sérstaka samvinnu á sviði samtryggingar í Bandalaginu, bæði milli eftirlitsyfirvalda aðildarríkjanna og milli þeirra og framkvæmdastjórnarinnar.

82) Í þágu hagsmuna hinna tryggðu skulu landslög varðandi málsvarnarkostnað samhæfð. Hvers konar hagsmunaárekstra, einkum þá sem stafa af því að vátryggingafélagið ábyrgðartryggir annan einstakling eða ábyrgðartryggir einstakling, bæði með tilliti til málsvarnarkostnaðar og allra annarra vátryggingasviða, skal fyrirbyggja eftir megni eða leysa. Í því skyni er hægt að veita vátryggingartökum hæfilega vernd með öðrum úrræðum. Vernda skal hagsmuni einstaklinga sem tryggðir eru gegn málsvarnarkostnaði með hliðstæðum verndarráðstöfunum, óháð því hvaða lausn finnst.

83) Jafna skal ágreining milli hinna tryggðu og vátryggingafélaga, sem ábyrgjast málsvarnarkostnað, eins hratt og með eins mikilli sanngirni og kostur er. Því er við hæfi að aðildarríkin kveði á um tilhögun á gerðardómi eða tilhögun sem býður upp á sambærilega ábyrgð.

84) Í sumum aðildarríkjanna eru einkasjúkratryggingar eða frjálsar sjúkratryggingar valkostur, að hluta til eða öllu leyti, við sjúkratryggingar almannatryggingakerfa. Sérstakt eðli þess háttar sjúkratrygginga greina þær frá öðrum flokkum ábyrgðartrygginga og líftrygginga að því leyti að nauðsynlegt er að tryggja að vátryggingartakar hafi skilvirkan aðgang að einkasjúkratryggingum eða

frjálsum sjúkratryggingum, án tillits til aldurs eða áhættusniðs. Vegna eðlis og félagslegra afleiðinga sjúkratryggingasamninga eiga eftirlitsyfirvöld í aðildarríkjunum, þar sem áhætta liggur, að geta krafist kerfisbundinna tilkynninga um almenna og sérstaka tryggingarskilmála, sé um að ræða einkasjúkratryggingar eða frjálsar sjúkratryggingar, til að sannprófa að þessir samningar séu valkostur, að hluta til eða að öllu leyti, við þær sjúkratryggingar sem almannatryggingakerfið lætur í té. Slík sannprófun skal ekki vera skilyrði fyrir markaðssetningu trygginganna.

85) Í því skyni hafa nokkur aðildarríkjanna samþykkt sérstök lagaákvæði. Til að vernda almannahagsmuni skal vera mögulegt að samþykkja slík lagaákvæði, svo fremi þau takmarki ekki með óréttmætum hætti staðfesturétt eða frelsi til að veita þjónustu, og að því tilskildu að þessi ákvæði séu notuð á sama hátt. Þessi lagaákvæði geta haft ólíkt eðli og fer það eftir skilyrðum í hverju aðildarríkjanna. Markmiðinu með að vernda almannahagsmuni er einnig hægt að ná með því að krefjast þess að félög sem bjóða einkasjúkratryggingar eða frjálsar sjúkratryggingar bjóði stöðluð kjör í samræmi við réttindi, sem lögbundin almannatryggingakerfi veita á iðgjaldataxta, eða á eða undir tiltekinni hámarksfjárhæð, og að þau taki þátt í bótakerfi vegna tjóna. Þá er hugsanlegt að þess sé krafist að tæknilega séu einkasjúkratryggingar eða frjálsar sjúkratryggingar sambærilegar líftryggingum.

86) Gistiaðildarríki eiga að geta krafist þess að öll vátryggingafélög, sem bjóða lögbundna atvinnuslysatryggingu á eigin ábyrgð á landsvæðum þeirra, fari að sértækum ákvæðum sem mælt er fyrir um í landslögum um slíkar tryggingar. Þó skulu þessar kröfur ekki eiga við um ákvæði um fjármálaeftirlit, en það á að vera á ábyrgð heimaaðildarríkisins að öllu leyti.

87) Nokkur aðildarríki leggja enga óbeina skatta á vátryggingaviðskipti en flest þeirra leggja á sérstaka skatta og önnur gjöld, þ.m.t. aukagjöld til tjónauppgjörsstofnana. Skattar þessir og gjöld eru talsvert mismunandi, bæði að samsetningu og hlutfalli, í þeim aðildarríkjum þar sem þau eru lögð á. Æskilegt er að koma í veg fyrir að þessi munur leiði til röskunar á samkeppni í tryggingaþjónustu milli aðildarríkjanna. Þar til frekari samhæfing hefur farið fram má búast við að með beitingu skatta og annarra gjalda þess aðildarríkis þar sem áhættan liggur, eða í aðildarríkinu þar sem skuldbindingin á sér stað, megi leysa þann vanda og kemur það í hlut aðildarríkjanna að koma á tilhögun sem tryggir að skattar þessir og gjöld séu innheimt.

88) Þau aðildarríki sem ekki eru bundin af beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 593/2008 frá 17. júní 2008 um lög sem gilda um samningsbundnar skyldur (Róm I) ([1]) skulu, í samræmi við þessa tilskipun, beita ákvæðum þeirrar reglugerðar til þess að ákvarða hvaða lög um vátryggingasamninga falli innan gildissviðs 7. gr. þeirrar reglugerðar.

89) Til þess að taka tillit til alþjóðlegra þátta í endurtryggingu skal vera mögulegt að gera alþjóðasamninga við þriðju lönd sem miða að því að skilgreina heimildir til að hafa eftirlit með endurtryggingafélögum sem stunda sína starfsemi á heimasvæði sérhvers samningsaðila. Enn fremur skal ákvarða sveigjanlega málsmeðferð svo að unnt sé að meta hvort varfærniseftirlit hjá þriðju löndum jafngildi því sem er í Bandalaginu í því skyni að auka frelsi í endurtryggingaþjónustu í þriðju löndum hvort sem það er með því að stofna félag eða veita þjónustu yfir landamæri.

90) Vegna sérstaks eðlis starfsemi takmarkaðra endurtrygginga skulu aðildarríkin tryggja að vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, sem gera takmarkaða endurtryggingarsamninga eða reka takmarkaða endurtryggingarstarfsemi, geti auðkennt á réttan hátt, mælt og haft eftirlit með áhættu, sem þessir samningar eða starfsemi hefur í för með sér.

91) Settar skulu viðeigandi reglur um félög með sérstakan tilgang sem taka á sig áhættu vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, án þess að vera vátrygginga- eða endurtryggingafélag. Litið skal á endurheimtanlegar fjárhæðir frá félagi með sérstakan tilgang sem frádráttarbærar fjárhæðir samkvæmt endurtryggingasamningum.

92) Félög með sérstakan tilgang, sem fá starfsleyfi fyrir 31. október 2012, skulu falla undir lög þess aðildarríkis sem hefur veitt starfsleyfi fyrir slík félög. Til að forðast eftirlitshögnun (e. regulatory arbitrage) skal þó öll ný starfsemi, sem þess háttar félag með sérstakan tilgang hefur eftir 31. október 2012, vera háð ákvæðunum í þessari tilskipun.

93) Þar eð tryggingastarfsemi fer í auknum mæli fram yfir landamæri skal draga eins og kostur er úr misræmi milli reglna aðildarríkjanna um félög með sérstakan tilgang, sem falla undir ákvæði þessarar tilskipunar, með hliðsjón af eftirlitsfyrirkomulagi landanna.

94) Frekari vinna um félög með sérstakan tilgang skal fara fram, með tilliti til vinnu sem framkvæmd er í öðrum fjármálageirum.

95) Ráðstafanir varðandi eftirlit með samstæðu vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, skulu gera yfirvöldum, sem hafa eftirlit með vátryggingafélögum, þ.m.t. endurtryggingafélögum, kleift að gera sér ígrundaðri mynd af fjárhagsstöðu þess.

([1]) Stjtíð. ESB L 177, 4.7.2008, bls. 6.

96) Með slíku eftirliti með samstæðu skal taka tillit til eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði, einnig blandaðra eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði, eftir því sem þurfa þykir. Þessi tilskipun felur þó á engan hátt í sér að þess sé krafist af aðildarríkjunum að þau hafi eftirlit með þessum félögum hverju fyrir sig.

97) Þó að eftirlitið með einstökum vátryggingafélögum, þ.m.t. endurtryggingafélögum, sé meginregla tryggingaeftirlits er nauðsynlegt að ákvarða hvaða félög falli undir svið eftirlits á samstæðustigi.

98) Með fyrirvara um lög Bandalagsins og landslög skulu félög, einkum gagnkvæm félög og félög hliðstæðrar gerðar, geta myndað samfylkingar eða samstæður, ekki með fjármagnstengslum heldur formlegum, sterkum og sjálfbærum tengslum sem byggja á samningum eða öðrum efnislegum viðurkenningum sem tryggja fjárhagslega samstöðu félaganna. Ef ráðandi áhrifum er beitt með miðlægri samræmingu skal haft eftirlit með þessum félögum í samræmi við sömu reglur og þær sem beitt er gagnvart samstæðum, sem stofnað er til með fjármagnstengslum, til þess að ná fullnægjandi vernd fyrir vátryggingartaka og jöfnum samkeppnisgrunni milli samstæðna.

99) Eftirliti með samstæðum skal ávallt beitt gagnvart endanlegu móðurfélagi sem er með aðalskrifstofu í Bandalaginu. Aðildarríkin mega þó gefa eftirlitsyfirvöldum sínum leyfi til að beita eftirliti með samstæðum á takmörkuðum fjölda lægri stiga, ef þau telja það nauðsynlegt.

100) Nauðsynlegt er að reikna gjaldþol á samstæðustigi fyrir vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, sem mynda samstæðu.

101) Í samsteyptu gjaldþolskröfunni gagnvart samstæðu skal tekið tillit til allsherjaráhættudreifingar samstæðunnar, sem er fyrir hendi hjá öllum vátryggingafélögum, þ.m.t. endurtryggingafélögum, til þess að endurspegla áhættu samstæðunnar rétt.

102) Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, sem tilheyra samstæðu eiga að geta sótt um samþykki fyrir innra líkani til nota á samstæðustigi og á einstaklingsgrundvelli til að reikna gjaldþolið.

103) Sum ákvæði þessarar tilskipunar kveða beinlínis á um að Samstarfsnefnd evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita (CEIOPS), gegni sátta- eða samráðshlutverki en það á ekki að koma í veg fyrir að samstarfsnefndin gegni einnig sátta- eða samráðshlutverki að því er varðar önnur ákvæði.

104) Í þessari tilskipun er lýst nýjungum hvað eftirlitslíkan varðar, í þá veru að samstæðueftirlitsaðili gegnir lykilhlutverki, en jafnframt er viðurkennt að einstaklingseftirlitsaðili gegni mikilvægu hlutverki sem ekki skal hróflað við. Valdsvið og skyldur eftirlitsaðila tengjast ábyrgð þeirra.

105) Allir vátryggingartakar og rétthafar skulu fá jafna meðferð, án tillits til þjóðernis eða búsetustaðar. Í þessu skyni skal hvert aðildarríki sjá til þess að ekki sé litið svo á að allar ráðstafanir, sem eftirlitsyfirvald grípur til á grundvelli landsbundins umboðs þess eftirlitsyfirvalds, gangi gegn hagsmunum þess aðildarríkis, eða tryggingartaka og rétthafa í því aðildarríki. Alltaf þegar um er að ræða greiðslur krafna og slitameðferð skal eignum úthlutað með réttlátum hætti til allra viðkomandi vátryggingartaka, án tillits til þjóðernis þeirra eða búsetustaðar.

106) Nauðsynlegt er að tryggja dreifingu eiginfjárliða innan samstæðunnar með viðeigandi hætti og að það sé tiltækt til að vernda vátryggingartaka og rétthafa þegar á þarf að halda. Í því skyni eiga vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, innan samstæðu að hafa nægjanlega eiginfjárliði til að standa undir gjaldþolskröfum sem gerðar eru til þeirra.

107) Allir eftirlitsaðilar sem annast samstæðueftirlit eiga að geta skilið ákvarðanirnar sem teknar eru, einkum ákvarðanir samstæðueftirlitsaðilans. Um leið og einn eftirlitsaðilanna fær viðkomandi upplýsingar í hendur skal því miðla þeim til hinna eftirlitsaðilanna svo að þeir geti allir myndað sér skoðun sem byggist á sömu, viðeigandi upplýsingunum. Komist endurskoðunaraðilarnir ekki að samkomulagi skal leitað eftir upplýstri ráðgjöf frá samstarfsnefndinni til að leysa málið.

108) Gjaldþol dótturfélags vátrygginga- eða endurtryggingafélags eignarhaldsfélags á vátryggingasviði, vátryggingafélags þriðja lands eða endurtryggingafélags þriðja lands kann að verða fyrir áhrifum af fjármagni samstæðunnar sem það tilheyrir og vegna dreifingar fjármagns innan þeirrar samstæðu. Eftirlitsyfirvöldum skal því séð fyrir úrræðum til að annast samstæðueftirlit og til að grípa til viðeigandi ráðstafana á stigi vátryggingafélagsins eða endurtryggingafélagsins, þar sem gjaldþol þess er í hættu eða kann að verða stofnað í hættu.

109) Áhættusamþjöppun og viðskipti innan samstæðunnar geta haft áhrif á fjárhagsstöðu vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga. Eftirlitsyfirvöld skulu því geta haft eftirlit með þessari áhættusamþjöppun og viðskiptum innan samstæðunnar með tilliti til eðlis tengslanna milli lögverndaðra eininga og eininga sem ekki eru lögverndaðar, þ.m.t. eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði og blandaðra eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði, og grípa til viðeigandi ráðstafana á stigi vátryggingafélagsins eða endurtryggingafélagsins, þar sem gjaldþol þess er í hættu eða kann að vera stofnað í hættu.

110) Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, innan samstæðu skulu vera með viðeigandi stjórnkerfi og skal það háð endurskoðun eftirlitsyfirvalda.

111) Öll vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, sem falla undir samstæðueftirlit, skulu hafa samstæðueftirlitsaðila sem eitthvert af viðkomandi eftirlitsyfirvöldum tilnefnir. Réttindi og skyldur samstæðueftirlitsaðilans skulu taka til viðeigandi samhæfingar og valds til ákvarðanatöku. Yfirvöld þau sem annast eftirlit með vátryggingafélögum, þ.m.t. endurtryggingafélögum, og heyra undir sömu samstæðu skulu koma á samræmingarfyrirkomulagi.

112) Í ljósi aukinnar hæfni samstæðueftirlitsaðila skal tryggt að komið verði í veg fyrir að viðmiðanir við val á samstæðueftirlitsaðilanum verði sniðgengnar að geðþótta. Einkum í tilvikum þar sem samstæðueftirlitsaðilanum verður falið að taka tillit til uppbyggingar samstæðunnar og hlutfallslegs mikilvægis vátrygginga- og endurtryggingastarfsemi á ólíkum mörkuðum skal hvorki tvítelja viðskipti innan samstæðunnar né endurtryggingu samstæðu þegar hlutfallslegt mikilvægi þeirra á markaði er metið.

113) Eftirlitsaðilar í öllum aðildarríkjum, þar sem félög samstæðunnar starfa, skulu taka þátt í samstæðueftirliti með þátttöku í samstarfshópi eftirlitsaðila (samstarfshópurinn). Þeir skulu allir hafa aðgang að fyrirliggjandi upplýsingum hjá öðrum eftirlitsyfirvöldum innan nefndarinnar og skulu taka virkan og stöðugan þátt í ákvarðanatöku. Komið skal á samvinnu milli yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti með vátryggingafélögum, þ.m.t. endurtryggingafélögum, og einnig þessara yfirvalda og þeirra sem bera ábyrgð á félögum með starfsemi á öðrum fjármálasviðum.

114) Starfsemi samstarfshópsins skal vera í samræmi við eðli, umfang og það hve flókin áhætta er sem innbyggð er í starfsemi allra félaga sem mynda samstæðuna og sem ná yfir landamæri. Samstarfshópnum skal komið á til að tryggja að samvinnu, upplýsingaskiptum og samráðsferli meðal eftirlitsaðila, sem aðild eiga að nefndinni, sé beitt á skilvirkan hátt í samræmi við þessa tilskipun. Eftirlitsyfirvöld skulu nýta samstarfshópinn til þess að styrkja samleitni ákvarðana sem þau taka hver fyrir sig, og til að annast eftirlitsstarfsemi sína í nánu samstarfi innan samstæðunnar samkvæmt samræmdum viðmiðunum.

115) Með þessari tilskipun er samstarfsnefndinni veitt samráðshlutverk. Ráðgjöf samstarfsnefndarinnar til viðkomandi eftirlitsaðila skal ekki vera bindandi gagnvart honum þegar hann tekur ákvarðanir sínar. Viðkomandi eftirlitsaðili skal þó taka fullt tillit til ráðgjafarinnar og útskýra öll umtalsverð frávik frá henni þegar hann tekur ákvörðun sína.

116) Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, sem eru hluti samstæðu með höfuðstöðvar utan Bandalagsins skulu hlíta sambærilegu og jafngildu eftirlitsfyrirkomulagi á vettvangi samstæðunnar. Því er nauðsynlegt að kveða á um gagnsæi reglna og upplýsingaskipti við yfirvöld þriðja lands við allar aðstæður sem skipta máli. Til þess að tryggja samhæfða nálgun við ákvörðun og greiningu á jafngildi eftirlits með vátryggingum og endurtryggingum í þriðja landi skulu sett ákvæði um að framkvæmdastjórnin taki bindandi ákvörðun að því er varðar jafngildi gjaldþolsreglna þriðja lands. Fyrir þriðja land, sem framkvæmdastjórnin hefur ekki tekið neinar ákvarðanir um, skal eftirlitsaðilinn með samstæðunni gera greiningu á jafngildi að höfðu samráði við önnur viðkomandi eftirlitsyfirvöld.

117) Þar eð innlend löggjöf um endurskipulagningarráðstafanir og slitameðferð er ekki samhæfð er viðeigandi, innan ramma innri markaðarins, að tryggja gagnkvæma viðurkenningu á endurskipulagningarráðstöfunum og slitameðferð í aðildarríkjunum varðandi vátryggingafélög og nauðsynlega samvinnu, með tilliti til þess að þörf er á einingu, algildi, samræmingu og birtingu á slíkum ráðstöfunum, ásamt sömu meðhöndlun á vátryggingalánardrottnum og vernd þeim til handa.

118) Tryggt skal að endurskipulagningarráðstafanir, sem lögbært yfirvald í aðildarríki samþykkir, hafi full áhrif í öllu Bandalaginu, í þeim tilgangi að viðhalda traustri fjárhagsstöðu vátryggingafélags eða færa hana aftur í eðlilegt horf, og koma, að svo miklu leyti sem unnt er, í veg fyrir slitameðferð. Áhrifin af þess háttar endurskipulagningarráðstöfunum og slitameðferð gagnvart þriðja landi breytast þó ekki við þetta.

119) Gera skal greinarmun annars vegar á lögbærum yfirvöldum að því er varðar endurskipulagningarráðstafanir og slitameðferð og hins vegar eftirlitsyfirvöldum vátryggingafélaga.

120) Í skilgreiningu á útibúi, í samræmi við þær meginreglur um gjaldþrot sem eru fyrir hendi, skal taka tillit til þess að vátryggingafélagið hefur sérstaka lögformlega stöðu. Löggjöf heimaaðildarríkisins skal þó ákvarða með hvaða hætti skal fara með eignir og skuldir sem eru í höndum óháðra einstaklinga sem hafa ótímabundna heimild til að koma fram sem fulltrúar vátryggingafélags þegar til slita þess vátryggingafélags kemur.

121) Mælt skal fyrir um skilyrði þar sem slitameðferð, sem felur í sér kröfuröð vátryggingarkrafna án þess að byggjast á gjaldþroti, fellur innan gildissviðs þessarar tilskipunar. Unnt skal vera að framselja innlendum launaábyrgðarsjóði kröfur starfsfólks vátryggingafélags vegna ráðningarsamninga og ráðningarsambands. Meðferð á framseldum kröfum af þessu tagi skal ákvarðast af löggjöf heimaaðildarríkisins (lex concursus).

122) Endurskipulagningarráðstafanir koma ekki í veg fyrir að slitameðferð geti hafist. Því skal unnt að hefja slitameðferð þrátt fyrir að endurskipulagningarráðstafanir hafi verið samþykktar eða í kjölfar samþykktar þeirra og þeim má ljúka með nauðungarsamningum eða öðrum hliðstæðum ráðstöfunum, þar á meðal endurskipulagningarráðstöfunum.

123) Einungis lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki skal veitt vald til þess að taka ákvarðanir um slitameðferð vátryggingafélaga. Áhrifa af þess konar ákvörðunum skal gæta í öllu Bandalaginu og skulu þær viðurkenndar af öllum aðildarríkjum. Ákvarðanirnar skal birta í samræmi við verklagsreglur um birtingu í heimaaðildarríkinu og í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Þessar upplýsingar skulu einnig gerðar aðgengilegar lánardrottnum sem vitað er um og búsettir eru í Bandalaginu, og skulu þeir hafa heimild til að leggja fram kröfur og bera fram athugasemdir.

124) Tekið skal tillit til allra eigna og skulda vátryggingafélags við slitameðferð.

125) Öll skilyrði fyrir því að hefja slitameðferð, framkvæma hana og ljúka henni falla undir löggjöf heimaaðildarríkis.

126) Til þess að tryggja samræmdar aðgerðir meðal aðildarríkjanna skal eftirlitsyfirvöldum í heimaaðildarríkinu og öllum öðrum aðildarríkjum tilkynnt um upphaf slitameðferðar svo skjótt sem kostur er.

127) Afar brýnt er að hinir vátryggðu, vátryggingartakar, rétthafar og aðrir, sem eiga beina kröfu á vátryggingafélag á grundvelli vátryggingarsamnings, njóti verndar við slitameðferð, að því tilskildu að þessi vernd eigi ekki við um kröfur sem ekki eru til komnar vegna skuldbindinga samkvæmt vátryggingarsamningum eða -starfsemi heldur vegna einkaréttarlegrar ábyrgðar vegna starfa umboðsmanns sem hann, í samræmi við gildandi lög um vátryggingarsamninga eða -starfsemi, er ekki ábyrgur fyrir samkvæmt skilmálum vátryggingarsamningsins eða -starfseminnar sem um ræðir. Til að ná þessu markmiði skulu aðildarríki geta valið milli jafngildra aðferða til að tryggja vátryggingalánardrottnum sérstaka meðferð, þar eð engin aðferðanna kemur í veg fyrir að aðildarríkin forgangsraði mismunandi flokkum vátryggingarkrafna eftir vægi. Enn fremur skal tryggja hæfilegt jafnvægi milli verndar, sem vátryggingalánardrottnar njóta, og annarra lánardrottna, sem njóta forgangsréttar og fá vernd í gegnum löggjöf viðkomandi aðildarríkis.

128) Þegar slitameðferð er hafin skal það hafa í för með sér afturköllun starfsleyfis sem vátryggingafélaginu var veitt, nema slíkt hafi þegar verið gert.

129) Lánardrottnar skulu hafa rétt til að lýsa kröfu eða leggja fram skriflegar athugasemdir þegar slitameðferð stendur yfir. Farið skal með kröfur lánardrottna, sem búsettir eru í öðru aðildarríki en heimaaðildarríki, eins og samsvarandi kröfur í heimaaðildarríki án mismununar vegna þjóðernis eða búsetu.

130) Til þess að vernda megi lögmætar væntingar og áreiðanleika tiltekinna aðgerða í öðrum aðildarríkjum en heimaaðildarríkinu er nauðsynlegt að ákvarða lög sem gilda um endurskipulagningarráðstafanir og slitameðferð vegna yfirstandandi málaferla, og einstakar aðfararaðgerðir sem leiða af málaferlum.

131) Nauðsynlegar ráðstafanir til að koma þessari tilskipun í framkvæmd skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

132) Einkum skal framkvæmdastjórninni veitt umboð til að samþykkja ráðstafanir varðandi aðlögun viðaukanna og ráðstafanir sem tilgreina sérstaklega eftirlitsheimildir og aðgerðir sem grípa skal til, og að setja nánari reglur á sviðum á borð við stjórnkerfi, skilmála útboðs, matsviðmið sem tengjast virkri eignarhlutdeild, útreikninga vátryggingaskulda og eiginfjárkrafna, fjárfestingarreglur og eftirlit með samstæðum. Framkvæmdastjórninni skal einnig veitt umboð til að samþykkja framkvæmdarráðstafanir sem veita þriðja landi jafna stöðu að því er varðar ákvæði þessarar tilskipunar. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, m.a. með því að bæta við hana veigalitlum þáttum, skulu þær samþykktar í samræmi við stjórnsýslumálsmeðferð með eftirliti sem mælt er fyrir um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

133) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar og hafa víðtæk áhrif, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná megi þessum markmiðum.

134) Tilskipun ráðsins 64/225/EBE frá 25. febrúar 1964 um afnám hafta á staðfesturétti og rétti til að veita þjónustu á sviði endurtrygginga ([2]), tilskipun ráðsins 73/240/EBE frá 24. júlí 1973 um afnám hafta á staðfesturétti á sviði atvinnurekstrar með frumtryggingar aðrar en líftryggingar ([3]), tilskipun ráðsins 76/580/EB frá 29. júní 1976 um breytingar á tilskipun 73/239/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga ([4]) og tilskipun ráðsins 84/641/EBE frá 10. desember 1984 með breytingu á fyrstu tilskipun

([1]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.
([2]) Stjtíð. EB L 56, 4.4.1964, bls. 878.
([3]) Stjtíð. EB L 228, 16.8.1973, bls. 20.
([4]) Stjtíð. EB L 189, 13.7.1976, bls. 13.

73/239/EBE, einkum að því er varðar aðstoð við ferðamenn, um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygginga ([1]) eru orðnar úreltar og því ber að fella þær úr gildi.

135) Sú skylda að lögleiða þessa tilskipun skal takmarkast við þau ákvæði sem fela í sér verulega breytingu, samanborið við fyrri tilskipanir. Kveðið er á um skylduna til að lögleiða óbreyttu ákvæðin í fyrri tilskipununum.

136) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti þeirra til að lögleiða tilskipanirnar sem eru tilgreindar í B-hluta VI. viðauka.

137) Framkvæmdastjórnin mun fara yfir hvort gildandi ábyrgðarkerfi á vátryggingasviði séu fullnægjandi og gera viðeigandi tillögur að nýrri löggjöf.

138) Ákvæði 2. mgr. 17. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB frá 3. júní 2003 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri ([2]) vísa til núgildandi löggjafar um gjaldþol. Þessum tilvísunum skal haldið til þess að viðhalda óbreyttu ástandi. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða tilskipun 2003/41/EB skv. 4. mgr. 21. gr. hennar, eins fljótt og kostur er. Framkvæmdastjórnin skal, með fulltingi samstarfsnefndarinnar, þróa heillegt kerfi gjaldþolsreglna fyrir stofnanir um starfstengdan lífeyri sem endurspeglar um leið helstu sérkenni vátrygginga, og skal því ekki fela í sér úrskurð um að beiting þessarar tilskipunar gildi um þær stofnanir.

139) Samþykkt þessarar tilskipunar breytir áhættusniði vátryggingafélagsins gagnvart vátryggingartakanum. Framkvæmdastjórnin skal, eins fljótt og kostur er og í síðasta lagi fyrir árslok 2010, leggja fram tillögu að endurskoðun á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/92/EB frá 9. desember 2002 um miðlun vátrygginga([3]), með tilliti til þeirra afleiðinga sem þessi tilskipun hefur fyrir vátryggingartaka.

140) Mikil þörf er á enn frekari umbótum á fyrirkomulagi reglusetningar og eftirlits að því er varðar fjármálageira Evrópusambandsins og skal framkvæmdastjórnin setja þær fram hið fyrsta, að teknu tilhlýðilegu tilliti til niðurstaðna sem sérfræðingahópurinn undir forystu Jacques de Larosière kynnti hinn 25. febrúar 2009. Framkvæmdastjórnin skal leggja fram frumvarp að þeim lögum sem nauðsynleg eru til að ráða bót á annmörkum sem komið hafa í ljós á ákvæðum sem varða samræmingu á eftirliti og fyrirkomulagi samvinnu.

141) Nauðsynlegt er að leita ráða hjá samstarfsnefndinni um hvernig best sé að annast aukið eftirlit með samstæðum og stýringu á fjármagni innan samstæðu vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga. Samstarfsnefndinni skal boðið að gefa ráð sem auðvelda framkvæmdastjórninni að þróa tillögur sínar samkvæmt skilyrðum sem eru í samræmi við öfluga vernd vátryggingartaka (og rétthafa) og vernd fjárhagslegs stöðugleika. Í því skyni skal samstarfsnefndinni boðið að veita framkvæmdastjórninni ráðgjöf um skipulag og meginreglur sem geta vísað veginn til síðari breytinga á þessari tilskipun, sem þörf kann að vera á til að tillögur um breytingar komist í framkvæmd. Framkvæmdastjórnin skal leggja fram skýrslu ásamt viðeigandi tillögum til Evrópuþingsins og ráðsins um annað fyrirkomulag um varfærniseftirlit með vátryggingafélögum, þ.m.t. endurtryggingafélögum, innan samstæðna sem auka skilvirkni við stýringu á fjármagni innan samstæðna ef í ljós kemur að fullnægjandi stuðningur sé af regluramma til að koma slíku fyrirkomulagi á.

Sérstaklega er æskilegt að reglur um stuðning við samstæður hvíli á traustum grunni sem byggist á samræmdu ábyrgðarkerfi vátrygginga, sem fjármagnað er á fullnægjandi hátt, á samræmdum og bindandi lagaramma fyrir lögbær yfirvöld, seðlabanka og fjármálaráðuneyti að því er varðar krísustjórnun og -lausnir og skiptingu fjárhagslegra byrða, sem stillir saman eftirlitsheimildir og fjárhagslega ábyrgð, á bindandi lagaramma til að miðla málum í deilum um eftirlit, á samræmdum ramma fyrir snemmíhlutun í mál og á samræmdum ramma um framsalshæfi eigna, ógjaldfærnimeðferð og slitameðferð sem fellir brott viðkomandi landsbundnar hindranir á sviði félaga- og fyrirtækjaréttar að því er varðar framsalshæfi eigna. Í skýrslu sinni skal framkvæmdastjórnin einnig taka tillit til tímaáhrifa af áhættudreifingu og áhættu sem tengist þátttöku í samstæðu, starfsvenjum miðlægrar áhættustýringar samstæðu og rekstri innri líkana samstæðu ásamt eftirliti með viðskiptum innan samstæðu og áhættusamþjöppun.

142) Í samræmi við 34. lið samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ([4]) eru aðildarríkin hvött til að taka saman, fyrir sig og í þágu Bandalagsins, eigin töflur sem sýna, eftir því sem við verður komið, samsvörun milli þessarar tilskipunar og ráðstafananna til að lögleiða hana og að birta þær,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

([1]) Stjtíð. EB L 339, 27.12.1984, bls. 21.
([2]) Stjtíð. ESB L 235, 23.9.2003, bls. 10
([3]) Stjtíð. EB L 9, 15.1.2003, bls. 3.
([4]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

EFNISYFIRLIT

I. BÁLKUR	ALMENNAR REGLUR UM AÐ STOFNA TIL OG REKA STARFSEMI Á SVIÐI FRUMTRYGGINGA, Þ.M.T. ENDURTRYGGINGA	
I. KAFLI	Efni, gildissvið og skilgreiningar	
1. ÞÁTTUR	Efni og gildissvið	1. og 2. gr.
2. ÞÁTTUR	Útilokun frá gildissviði	
1. undirþáttur	Almenn atriði	3. og 4. gr.
2. undirþáttur	Skaðatrygging	5.–8. gr.
3. undirþáttur	Líftrygging	9. og 10. gr.
4. undirþáttur	Endurtryggingar	11. og 12. gr.
3. ÞÁTTUR	Skilgreiningar	13. gr.
II. KAFLI	Stofnun rekstrar	14.–26. gr.
III. KAFLI	Eftirlitsyfirvöld og almennar reglur	27.–39. gr.
IV. KAFLI	Skilyrði fyrir atvinnurekstri	
1. ÞÁTTUR	Ábyrgð stjórnar, framkvæmdastjórnar eða eftirlitsstjórnar 40. gr.	
2. ÞÁTTUR	Stjórnkerfi	41.–50. gr.
3. ÞÁTTUR	Opinber birting	51.–56. gr.
4. ÞÁTTUR	Virk eignarhlutdeild	57.–63. gr.
5. ÞÁTTUR	Þagnarskylda, upplýsingaskipti og kynning á samleitni eftirlits	64.–71. gr.
6. ÞÁTTUR	Skyldur endurskoðenda	72. gr.
V. KAFLI	Rekstur líftrygginga- og skaðatryggingastarfsemi	73.–74. gr.
VI. KAFLI	Reglur um mat á eignum og skuldum, vátryggingaskuldum, eiginfjárliðum, gjaldþolskröfum, lágmarkskröfum um eigið fé og fjárfestingarreglum	
1. ÞÁTTUR	Mat á eignum og skuldum	75. gr.
2. ÞÁTTUR	Reglur um vátryggingaskuldir	76.–86. gr.
3. ÞÁTTUR	Eiginfjárliðir	
1. undirþáttur	Ákvörðun eiginfjárliða	87.–92. gr.
2. undirþáttur	Flokkun eiginfjárliða	93.–97. gr.
3. undirþáttur	Viðurkenning á eiginfjárliðum	98. og 99. gr.

4. ÞÁTTUR	Gjaldþolskrafa	
1. undirþáttur	Almenn ákvæði um gjaldþolskröfuna með því að nota stöðluðu formúluna eða innra líkan	100.–102. gr.
2. undirþáttur	Stöðluð formúla gjaldþolskröfu (SCR)	103.–111. gr.
3. undirþáttur	Heildstæð eða hlutstæð innri líkön gjaldþolskröfu	112.–127. gr.
5. ÞÁTTUR	Lágmarkskröfur um eigið fé	128.–131. gr.
6. ÞÁTTUR	Fjárfestingar	132.–135. gr.
VII. KAFLI	Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, sem eiga í erfiðleikum eða búa við óvenjulegar aðstæður	136.–144. gr.
VIII. KAFLI	Staðfesturéttur og frelsi til að veita þjónustu	
1. ÞÁTTUR	Stofnsetning vátryggingafélaga	145.–146. gr.
2. ÞÁTTUR	Frelsi vátryggingafélaga til að veita þjónustu	
1. undirþáttur	Almenn ákvæði	147.–149. gr.
2. undirþáttur	Bótaábyrgð þriðja aðila á vélknúnum ökutækjum	150.–152. gr.
3. ÞÁTTUR	Valdsvið eftirlitsyfirvalda gistiaðildarríkisins	
1. undirþáttur	Vátryggingar	153.–157. gr.
2. undirþáttur	Endurtryggingar	158. gr.
4. ÞÁTTUR	Tölfræðilegar upplýsingar	159. gr.
5. ÞÁTTUR	Meðferð samninga útibúa í slitameðferð	160.–161. gr.
IX. KAFLI	Útibú með staðfestu innan Bandalagsins og tilheyra vátryggingafélögum, þ.m.t. endurtryggingafélögum, sem hafa aðalskrifstofur utan Bandalagsins	
1. ÞÁTTUR	Stofnun rekstrar	162.–171. gr.
2. ÞÁTTUR	Endurtryggingar	172.–175. gr.
X. KAFLI	Dótturfélög vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélög, sem heyra undir löggjöf þriðja lands, og öflun slíkra félaga á eignarhlutum	176. og 177. gr.
II. BÁLKUR	SÉRTÆK ÁKVÆÐI UM VÁTRYGGINGAR, Þ.M.T. ENDURTRYGGINGAR	
I. KAFLI	Gildandi lög og skilmálar um frumtryggingasamninga	
1. ÞÁTTUR	Gildandi lög	178. gr.
2. ÞÁTTUR	Lögboðnar tryggingar	179. gr.
3. ÞÁTTUR	Almennir hagsmunir	180. gr.
4. ÞÁTTUR	Skilmálar vátryggingarsamninga og iðgjaldataxta	181. og 182. gr.

5. ÞÁTTUR	Upplýsingar sem veittar skulu vátryggingatökum	
1. undirþáttur	Skaðatryggingar	183. og 184. gr.
2. undirþáttur	Líftryggingar	185. og 186. gr.
II. KAFLI	Ákvæði sem gilda sérstaklega um skaðatryggingar	
1. ÞÁTTUR	Almenn ákvæði	187.–189. gr.
2. ÞÁTTUR	Samtryggingar í Bandalaginu	190.–196. gr.
3. ÞÁTTUR	Aðstoð	197. gr.
4. ÞÁTTUR	Vátryggingar í tengslum við málsvarnarkostnað	198.–205. gr.
5. ÞÁTTUR	Sjúkratryggingar	206. gr.
6. ÞÁTTUR	Atvinnuslysatrygging	207. gr.
III. KAFLI	Ákvæði sem gilda sérstaklega um líftryggingar	208. og 209. gr.
IV. KAFLI	Reglur sem gilda sérstaklega um endurtryggingar	210. og 211. gr.
III. BÁLKUR	EFTIRLIT MEÐ VÁTRYGGINGAFÉLÖGUM, Þ.M.T. ENDURTRYGGINGAFÉLÖGUM, Í SAMSTÆÐU	
I. KAFLI	Samstæðueftirlit: skilgreiningar, dæmi um beitingu, gildissvið og stig	
1. ÞÁTTUR	Skilgreiningar	212. gr.
2. ÞÁTTUR	Dæmi um beitingu og gildissvið	213. og 214. gr.
3. ÞÁTTUR	Stig	215.–217. gr.
II. KAFLI	Fjárhagsstaða	
1. ÞÁTTUR	Gjaldþol samstæðu	
1. undirþáttur	Almenn ákvæði	218. og 219. gr.
2. undirþáttur	Val á útreikningsaðferð og almennar grundvallarreglur	220.–224. gr.
3. undirþáttur	Beiting útreikningsaðferða	225.–229. gr.
4. undirþáttur	Útreikningsaðferðir	230.–234. gr.
5. undirþáttur	Eftirlit með gjaldþoli samstæðna hjá vátryggingafélögum, þ.m.t. endurtryggingafélögum, sem eru dótturfélög eignarhaldsfélags á vátryggingasviði	235. gr.
6. undirþáttur	Eftirlit með gjaldþoli samstæðna hjá samstæðum með miðlæga áhættustýringu	236.–243. gr.
2. ÞÁTTUR	Samþjöppun áhættu og viðskipti innan samstæðu	244. og 245. gr.
3. ÞÁTTUR	Áhættustýring og innra eftirlit	246. gr.
III. KAFLI	Ráðstafanir til að auðvelda samstæðueftirlit	247.–259. gr.
IV. KAFLI	Þriðju lönd	260.–264. gr.
V. KAFLI	Eignarhaldsfélög á vátryggingasviði með blandaða starfsemi	265. og 266. gr.
IV. BÁLKUR	ENDURSKIPULAGNING OG SLIT VÁTRYGGINGAFÉLAGA	
I. KAFLI	Gildissvið og skilgreiningar	267. og 268. gr.
II. KAFLI	ENDURSKIPULAGNINGARRÁÐSTAFANIR	269.–272. gr.
III. KAFLI	SLITAMEÐFERÐ	273.–284. gr.
IV. KAFLI	Sameiginleg ákvæði	285.–296. gr.
V. BÁLKUR	ÖNNUR ÁKVÆÐI	297.–304. gr.

VI. BÁLKUR	UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI	
I. KAFLI	Umbreytingarákvæði	
1. ÞÁTTUR	Vátryggingar	305. og 306. gr.
2. ÞÁTTUR	Endurtryggingar	307. og 308. gr.
II. KAFLI	Lokaákvæði	309.–312. gr.
I. VIÐAUKI	FLOKKAR SKAÐATRYGGINGA	
A.	Röðun áhættu í vátryggingarflokka	
B.	Heiti á greinaflokkum þegar starfsleyfi er veitt samtímis fyrir fleiri en einn flokk vátrygginga	
II. VIÐAUKI	FLOKKAR LÍFTRYGGINGA	
III. VIÐAUKI	LAGALEGT FORM FÉLAGA	
A.	Skaðatryggingafélög	
B.	Líftryggingafélög	
C.	Félagsform endurtryggingafélaga	
IV. VIÐAUKI	STÖÐLUÐ FORMÚLA GJALDÞOLSKRÖFU (SCR)	
1.	Útreikningur á grunngjaldþolskröfu	
2.	Útreikningur á áhættueiningu skaðatrygginga	
3.	Útreikningur á áhættueiningu líftrygginga	
4.	Útreikningur á markaðsáhættueiningu	
V. VIÐAUKI	FLOKKAR SKAÐATRYGGINGA AÐ ÞVÍ ER VARÐAR 159. GR.	
VI. VIÐAUKI	A-hluti Niðurfelldar tilskipanir með skrá yfir síðari breytingar þeirra (sem um getur í 310. gr.)	
B-hluti	Skrá yfir fresti til lögleiðingar í aðildarríkjunum (sem um getur í 310. gr.)	
VII. VIÐAUKI	SAMSVÖRUNARTAFLA	

I. BÁLKUR

ALMENNAR REGLUR UM AÐ STOFNA OG REKA STARFSEMI Á SVIÐI FRUMTRYGGINGA, Þ.M.T. ENDURTRYGGINGA

I. KAFLI

Efni, gildissvið og skilgreiningar

1. þáttur

Efni og gildissvið

1. gr.

Efni

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um reglur um eftirfarandi:

1) að stofna og reka sjálfstæða starfsemi frumtrygginga, þ.m.t. endurtrygginga, í Bandalaginu,

2) eftirlit með vátryggingasamstæðum, þ.m.t. endurtryggingasamstæðum,

3) endurskipulagning og slit á starfsemi á sviði frumtrygginga.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun skal gilda um félög sem annast frumtryggingar á sviði líftrygginga og skaðatrygginga sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði aðildarríkis eða sem óska eftir staðfestu þar.

Hún skal einnig gilda um endurtryggingafélög sem annast eingöngu starfsemi á sviði endurtrygginga og eru með staðfestu í aðildarríki eða sem óska eftir staðfestu þar, að undanskildum IV. bálki.

2. Hvað skaðatryggingar varðar skal þessi tilskipun gilda um þá starfsemi flokkanna sem sett er fram í A-hluta I. viðauka. Að því er varðar fyrstu undirgrein 1. mgr. skulu skaðatryggingar taka til starfsemi sem felst í að aðstoða fólk sem lendir í erfiðleikum á ferðalögum, þegar það er að heiman eða statt þar sem það hefur ekki fasta búsetu. Gegn fyrirframgreiðslu iðgjalds skal hún fólgin í því að gera aðstoð tafarlaust aðgengilega fyrir rétthafann samkvæmt samningi um aðstoð, ef einstaklingurinn sem um ræðir á í erfiðleikum í kjölfar atburðar sem gerst hefur af tilviljun, í þeim tilvikum og samkvæmt þeim skilmálum sem settir eru fram í samningnum.

Aðstoðin getur verið fólgin í úthlutun bóta í fé eða fríðu. Úthlutun bóta í fríðu getur einnig verið með þeim hætti að starfsfólk vátryggingarsalans eða búnaður þess kom henni í kring.

Aðstoðarstarfsemin skal ekki ná yfir þjónustu, viðhald, viðhaldsþjónustu né heldur aðeins vísan til eða útvegun bóta sem milliliður.

3. Hvað varðar líftryggingar skal þessi tilvísun gilda um:

a) eftirtaldar tegundir líftryggingastarfsemi ef þær eru gerðar á grundvelli samninga:

   i. líftryggingar sem fela í sér útborgun einvörðungu við tiltekinn aldur, við andlát, við tiltekinn aldur eða fyrr ef andlát ber að höndum, líftryggingu með endurgreiðslu iðgjalda, hjónalíftryggingu og líftryggingu við fæðingu,

   ii. lífeyrir,

   iii. viðbótartryggingar sem teknar eru sem viðbót við líftryggingar, einkum tryggingar gegn líkamstjóni, þ.m.t. vátrygging gegn starfsorkumissi, vátrygging vegna andláts af völdum slyss og vátrygging gegn fötlun af völdum slyss eða sjúkdóms,

   iv. tegundir varanlegra sjúkratrygginga án uppsagnar, í gildi á Írlandi og Bretlandi eins og sakir standa,

b) eftirfarandi starfsemi þegar hún er á samningsgrundvelli, að svo miklu leyti sem starfsemin er háð eftirliti yfirvalds sem ber ábyrgð á eftirliti með einkavátryggingum:

   i. starfsemi þar sem stofnsett eru samtök félagsmanna sem hafa það að markmiði að ávaxta sameiginleg framlög þeirra og úthluta eignum sem þannig safnast milli eftirlifenda eða til rétthafa eftir látna félaga (erfðalífrentur),

   ii. starfsemi sem lýtur að innlausn fjármagns, sem byggist á tryggingafræðilegum útreikningum og skuldbindur sig, í tilgreindan tíma, til að greiða tilgreindar fjárhæðir sem eingreiðslu eða fyrirframákveðnar reglubundnar greiðslur,

   iii. stjórnun lífeyrissjóða, sem nær til stjórnunar á fjárfestingum, einkum eignunum er standa undir varasjóðum þeirra aðila sem sjá um greiðslur við andlát eða þegar tilteknum aldri er náð eða þegar starfsemi er lögð af eða hún dregst saman,

   iv. starfsemi sem um getur í iii. lið þegar vátrygging fylgir sem annaðhvort nær til varðveislu fjármagns eða greiðslu lágmarksávöxtunar,

   v. starfsemi líftryggingafélaga sem vísað er til í 1. kafla 4. bálks bókar nr. IV í hinum franska „Code des assurances“,

c) starfsemi sem háð er ævilengd manna og nánar er mælt fyrir um eða kveðið á um í almannatryggingalöggjöf að svo miklu leyti sem rekstur eða framkvæmd eru í höndum líftryggingafélaga og þau taka á sig áhættuna samkvæmt löggjöf aðildarríkis.

2. þáttur

Útilokun frá gildissviði

1. undirþáttur

Almenn atriði

3. gr.

Lögboðin kerfi

Með fyrirvara um c-lið 3. mgr. 2. gr. skal þessi tilskipun ekki gilda um vátryggingu sem er hluti af lögboðnu kerfi almannatrygginga.

4. gr.

Útilokun frá gildissviði vegna stærðar

1. Með fyrirvara um 3. °gr. og 5.–°10. gr. skal þessi tilskipun ekki gilda um vátryggingafélag sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

a) árlegar bókfærðar bruttóiðgjaldatekjur félagsins fara ekki yfir 5 milljónir evra,

b) heildarvátryggingaskuld félagsins, endurheimtanleg heildarfjárhæð vegna endurtryggingarsamninga og félaga með sérstakan tilgang sem um getur í 76. °gr., fer ekki yfir 25 milljónir evra,

c) ef félagið er hluti samstæðu, heildarvátryggingaskuld félagsins, skilgreind sem endurheimtanleg heildarfjárhæð vegna endurtryggingarsamninga og félaga með sérstakan tilgang, fer ekki yfir 25 milljónir evra,

d) viðskipti félagsins ná ekki yfir vátrygginga- eða endurtryggingastarfsemi sem tekur til bótaábyrgðar, greiðslu- og efndavátryggingar, nema þegar um hliðaráhættu er að ræða í skilningi 1. mgr. 16. gr.,

e) viðskipti félagsins ná ekki yfir endurtryggingastarfsemi sem fer yfir 0,5 milljónir evra af bókfærðum bruttóiðgjaldatekjum þess eða 2,5 milljónum evra af vátryggingaskuld endurheimtanlegrar heildarfjárhæðar af endurtryggingarsamningum og félögum með sérstakan tilgang, eða yfir 10% af bókfærðum bruttóiðgjaldatekjum félagsins eða yfir 10% af vátryggingaskuldum þess af endurheimtanlegri heildarfjárhæð vátryggingasamninga og félaga með sérstakan tilgang.

2. Ef farið er framúr einhverri fjárhæðanna sem sett er fram í 1. mgr. þrjú ár í röð skal þessi tilskipun gilda frá fjórða árinu.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal þessi tilskipun gilda um öll félög sem hyggjast fá leyfi til að reka vátryggingastarfsemi, þ.m.t. endurtryggingarstarfsemi, með árlegar bókfærðar bruttóiðgjaldatekjur eða vátryggingaskuldir af endurheimtanlegri heildarfjárhæð vátryggingasamninga og félaga með sérstakan tilgang sem gert er ráð fyrir að fari yfir fjárhæðirnar sem settar eru fram í 1. mgr., innan næstu fimm ára.

4. Tilskipunin skal falla úr gildi hvað varðar vátryggingafélög ef eftirlitsyfirvöld hafa staðfest að þau uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

a) ekki var farið framúr neinum viðmiðunarmörkum sem sett eru fram í 1. mgr. næstliðin þrjú ár á undan, og

b) ekki er búist við að farið verði framúr viðmiðunarmörkunum sem sett eru fram í 1. mgr. næstu fimm ár.

Svo lengi sem viðkomandi vátryggingafélag stundar starfsemi í samræmi við 145.–°149. gr. gilda ákvæði 1. mgr. þessarar greinar ekki.

5. Ákvæði 1. og 4. mgr. koma ekki í veg fyrir að félag sæki um starfsleyfi eða haldi því samkvæmt þessari tilskipun.

2. undirþáttur

Skaðatrygging

5. gr.

Starfsemi

Hvað skaðatryggingar varðar gildir þessi tilskipun ekki um eftirfarandi starfsemi:

1) starfsemi sem lýtur að innlausn fjármagns, í skilningi laga hvers aðildarríkis fyrir sig,

2) starfsemi gagnkvæmra sjóða og styrktarstofnana þar sem bætur eru breytilegar eftir fjármagni sem fyrir hendi er og þar sem framlag hvers félagsmanns er ákveðið á grundvelli fastagjalds,

3) starfsemi stofnana sem ekki hafa réttarstöðu lögaðila hvað það varðar að veita meðlimum sínum gagnkvæma vernd, án þess að til komi nokkrar iðgjaldagreiðslur eða vátryggingasjóðir séu stofnsettir, eða

4) starfsemi vegna greiðsluvátryggingar vegna útflutnings á reikning eða ábyrgð ríkisins, eða ef ríkið er vátryggjandinn.

6. gr.

Aðstoð

1. Tilskipunin nær ekki til starfsemi í tengslum við aðstoð sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

a) aðstoðin er veitt ef slys ber að höndum eða ökutæki bilar, ef slysið eða bilunin á sér stað á yfirráðasvæði aðildarríkis vátryggingafélagsins,

b) bótaábyrgð vegna aðstoðarinnar er takmörkuð við eftirfarandi starfsemi:

i. bilanaþjónustu á staðnum þar sem vátryggingafélagið notast yfirleitt við eigið starfsfólk og búnað,

ii. flutningur ökutækisins til næsta eða hentugasta staðar til viðgerðar og mögulegur flutningur, venjulega með sama aðstoðarfarartæki, á bílstjóra og farþegum á næsta stað sem hentar til að halda ferðinni áfram á annan hátt, og

iii. flutningur ökutækisins og e.t.v. jafnframt ökumanns og farþega til heimilis þeirra, á brottfararstað eða ákvörðunarstað innan sama ríkis, ef heimaaðildarríki vátryggingafélagsins kveður á um slíkan flutning og

c) aðstoðin er ekki veitt af félagi sem fellur undir þessa tilskipun.

2. Í þeim tilvikum sem um getur í i. og ii. lið í b-lið 1. mgr. gildir skilyrðið um að slysið eða bilunin hafi átt sér stað á yfirráðasvæði aðildarríkis vátryggingafélagsins ekki ef rétthafinn er meðlimur vátryggingafélagsins og bilunar- eða flutningsþjónustan er einfaldlega veitt gegn framvísun meðlimakorts án þess að nokkurt viðbótariðgjald sé greitt af sambærilegu félagi í viðkomandi landi á grunni gagnkvæms samkomulags eða, sé um Írland og Bretland að ræða, ef aðstoðarstarfsemin er veitt af einu félagi sem rekur starfsemi sína í báðum ríkjunum.

3. Þessi tilskipun gildir ekki um starfsemi sem um getur í iii. lið b-liðar 1. mgr. ef slysið eða bilunin átti sér stað á yfirráðasvæði Írlands eða, hvað Bretland varðar, á yfirráðasvæði Norður-Írlands og ökutækið, ásamt bílstjóra og farþegum ef því er að skipta, er flutt á heimili, brottfararstað eða ákvörðunarstað þeirra, á hvoru yfirráðasvæði sem er.

4. Þessi tilskipun gildir ekki um aðstoðarstarfsemi sem Bifreiðaklúbbur Stórhertogadæmis Lúxemborgar framkvæmir, ef slysið eða bilunin í ökutæki hefur átt sér stað utan stórhertogadæmisins og aðstoðin er fólgin í því að flytja ökutækið heim, hugsanlega ásamt bílstjóra og farþegum.

7. gr.

Gagnkvæm félög

Þessi tilskipun gildir ekki um gagnkvæm félög sem reka skaðatryggingar og hafa komist að samkomulagi við önnur gagnkvæm félög um fulla endurtryggingu vátryggingarsamninga sem þau hafa gefið út, eða þá að félagið, sem annast tryggingarnar, uppfylli skuldbindingarnar sem leiða af slíkri stefnu í stað félagsins sem endurtryggir. Í því tilviki fellur félagið sem annast tryggingarnar undir reglur þessarar tilskipunar.

8. gr.

Stofnanir

Þessi tilskipun gildir ekki um eftirtaldar stofnanir sem reka skaðatryggingar, nema samþykktum þeirra eða gildandi lögum sé breytt að því er varðar hæfni:

1) í Danmörku, Falck Danmark,

2) í Þýskalandi, eftirtaldar hálfopinberar stofnanir:

a) Postbeamtenkrankenkasse,

b) Krankenversorgung der Bundesbahnbeamten,

3) á Írlandi, the Voluntary Health Insurance Board,

4) á Spáni, the Consorcio de Compensación de Seguros.

3. undirþáttur

Líftrygging

9. gr.

Starfsemi

Hvað líftryggingar varðar gildir þessi tilskipun ekki um eftirfarandi starfsemi:

1) starfsemi ýmissa gagnkvæmra sjóða og stofnana þar sem bætur eru breytilegar eftir fjármagni sem fyrir hendi er og þar sem krafist er að hver félagsmaður leggi fram fast framlag,

2) starfsemi samtaka, annarra en félaga sem um getur í 2. gr., sem hafa að markmiði að greiða launþegum eða sjálfstætt starfandi einstaklingum, sem tilheyra félagi eða félagasamstæðum eða atvinnugrein eða atvinnugreinum, bætur við andlát eða þegar tilteknum aldri er náð, þegar starfsemi er lögð af eða dregið úr henni, hvort sem líftryggingasjóður er ávallt fyrir hendi til að standa undir þeim skuldbindingum sem þessi starfsemi hefur í för með sér,

3) starfsemi lífeyristryggingafélaga, sem kveðið er á um í Employees Pension Act (TyEL) og annarri tengdri finnskri löggjöf, að því tilskildu:

a) að lífeyristryggingafélög, sem samkvæmt finnskum lögum ber þegar skylda til að hafa aðskilið bókhalds- og stjórnunarkerfi fyrir starfsemi sína, muni, frá 1. janúar 1995, setja á stofn sérstaka lögaðila til að reka þessa starfsemi og

b) að finnsk yfirvöld heimili, án mismununar, öllum ríkisborgurum og félögum í aðildarríkjunum að stunda starfsemi sína í samræmi við finnsk lög, þá starfsemi sem tilgreind er í 2. gr. í tengslum við *þá* undanþágu, hvort sem er í krafti eignarhalds eða hlutdeildar í vátryggingafélagi eða -samstæðu sem fyrir er eða með því að stofna eða taka þátt í nýjum vátryggingafélögum eða -samstæðum, þ.m.t. lífeyristryggingafélög.

10. gr.

Samtök, félög og stofnanir

Hvað líftryggingar varðar gildir þessi tilskipun ekki um eftirfarandi samtök, félög og stofnanir:

1) samtök sem einungis skuldbinda sig til að greiða bætur við andlát og fjárhæð bótanna er ekki hærri en meðalútfararkostnaður fyrir einstakling eða þegar bætur eru veittar í fríðu,

2) „Versorgungsverband deutscher Wirtschaftsorganisationen“ í Þýskalandi, nema samþykktum þess verði breytt að því er varðar umfang starfseminnar,

3) „Consorcio de Compensación de Seguros“ á Spáni nema samþykktum þess sé breytt að því er varðar umfang starfsemi eða hæfni.

4. undirþáttur

Endurtryggingar

11. gr.

Endurtryggingar

Hvað endurtryggingar varðar gildir þessi tilskipun ekki um endurtryggingastarfsemi sem er í höndum ríkisstjórnar aðildarríkis eða er tryggð til fulls af ríkisstjórn aðildarríkis þegar sú ríkisstjórn, af ástæðum sem varða mikilvæga hagsmuni almennings, veitir endurtryggingavernd sem að öðrum kosti væri ófáanleg, þ.m.t. þegar hún verður að gegna slíku hlutverki vegna aðstæðna á markaðinum þar sem ekki er hægt að fá fullnægjandi vátryggingavernd á markaðskjörum.

12. gr.

Endurtryggingafélög sem hætta starfsemi

1. Endurtryggingafélög, sem hætta að gera endurtryggingasamninga fyrir 10. desember 2007 og stjórna fyrirliggjandi vátryggingastofni eingöngu með það í huga að hætta starfsemi sinni, heyra ekki undir þessa tilskipun.

2. Aðildarríkin skulu gera skrá yfir viðkomandi endurtryggingafélög og senda hana öllum hinum aðildarríkjunum.

3. þáttur

Skilgreiningar

13. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „vátryggingafélag“: félag sem fengið hefur opinbert starfsleyfi í samræmi við 14. gr. og rekur frumtryggingar á sviði líftrygginga og skaðatrygginga,

2) „bundið tryggingafélag“: vátryggingafélag sem er annaðhvort í eigu fjármálafyrirtækis, þó ekki vátryggingafélags eða endurtryggingafélags eða samstæðu vátrygginga- eða endurtryggingafélaga í merkingu c-liðar 1. mgr. 212. gr., eða í eigu fyrirtækis, annars en fjármálafyrirtækis, sem hefur að markmiði að vátryggja einungis áhættu félags eða félaga sem það tilheyrir eða áhættu félags eða félaga samstæðunnar sem það á aðild að,

3) „vátryggingafélag þriðja lands“: félag sem þyrfti starfsleyfi sem vátryggingafélag í samræmi við 14. gr. ef aðalskrifstofa þess væri í Bandalaginu,

4) „endurtryggingafélag“: félag sem fengið hefur starfsleyfi í samræmi við 14. gr. til að reka endurtryggingar,

5) „bundið endurtryggingafélag“: endurtryggingafélag sem er annaðhvort í eigu fjármálafyrirtækis, þó ekki vátryggingafélags eða endurtryggingafélags eða samstæðu vátrygginga- eða endurtryggingafélaga í merkingu c-liðar 1. mgr. 212. gr., eða í eigu fyrirtækis, annars en fjármálafyrirtækis, sem hefur að markmiði að endurtryggja einungis áhættu félags eða félaga sem það tilheyrir eða áhættu félags eða félaga samstæðunnar sem það á aðild að,

6) „endurtryggingafélag þriðja lands“: félag sem þyrfti starfsleyfi sem endurtryggingafélag í samræmi við 14. gr. ef aðalskrifstofa þess væri í Bandalaginu,

7) „endurtryggingar“: annað hvort eftirfarandi:

   a) starfsemi sem felst í því að taka á sig áhættu sem vátryggingarfélag, vátryggingarfélag í þriðja landi, endurtryggingarfélag eða endurtryggingarfélag í þriðja landi hefur látið frá sér, eða

   b) ef um er að ræða samtök vátryggjenda sem þekkt eru undir nafninu Lloyd's felst starfsemin í því að taka á sig áhættu, sem félagi í Lloyd's, vátryggingafélag eða endurtryggingafélag, þó ekki samtök vátryggjenda sem þekkt eru undir nafninu Lloyd’s, hefur látið frá sér,

8) „heimaaðildarríki“: eitthvað af eftirfarandi:

   a) hvað skaðatryggingu viðkemur, aðildarríkið þar sem aðalskrifstofa vátryggingafélagsins, sem gengst undir áhættuna, er staðsett,

   b) hvað líftryggingu viðkemur, aðildarríkið þar sem aðalskrifstofa vátryggingafélagsins, sem gengst undir skuldbindinguna, er staðsett, eða

   c) hvað endurtryggingu viðkemur, aðildarríkið þar sem aðalskrifstofa endurtryggingafélagsins er staðsett

9) „gistiaðildarríki“: aðildarríki, annað en heimaaðildarríkið, þar sem vátrygginga- eða endurtryggingafélag er með útibú eða veitir þjónustu á sviði líf- og skaðatrygginga, á hinn bóginn merkir „aðildarríki þar sem þjónustan er veitt“ aðildarríkið sem skuldbindur sig eða aðildarríkið þar sem áhættan er til staðar, ef sú skuldbinding eða áhætta fellur undir vátryggingafélag eða útibú í öðru aðildarríki,

10) „eftirlitsyfirvald“: innlent yfirvald eða innlend yfirvöld sem heimilt er að lögum eða samkvæmt reglugerð að hafa eftirlit með vátrygginga- eða endurtryggingafélögum,

11) „útibú“: umboð eða útibú vátrygginga- eða endurtryggingafélags sem staðsett er á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en heimaaðildarríkisins,

12) „starfsstöð“: aðalskrifstofa félags eða eitthvert útibúa þess,

13) „aðildarríki þar sem áhættan er staðsett“ merkir eitthvað af eftirfarandi:

   a) aðildarríki þar sem eign er staðsett, ef vátryggingin tekur annað hvort til bygginga eða bygginga og innbús, svo fremi að innbúið falli undir sama vátryggingasamning,

   b) skráningaraðildarríki þar sem vátryggingin tekur til ökutækja af einhverju tagi,

   c) aðildarríki þar sem vátryggingartaki gekk frá tryggingu ef um er að ræða tryggingu, til fjögurra mánaða eða skemmri tíma, gegn áhættu á ferðalagi eða í fríi, óháð í hvaða flokki trygginga hún er,

   d) í öllum tilvikum sem falla ekki beinlínis undir a-, b- eða c-lið, aðildarríkið þar sem annað tveggja er fyrir hendi:

      i. föst búseta vátryggingartaka eða

      ii. ef vátryggingartakinn er lögaðili, starfsstöð vátryggingartakans sem samningurinn tekur til,

14) „Aðildarríkið þar sem gengist er undir skuldbindinguna“: aðildarríkið þar sem annað tveggja er fyrir hendi:

   a) föst búseta vátryggingartaka,

   b) ef vátryggingartakinn er lögaðili, starfsstöð vátryggingartakans sem samningurinn tekur til,

15) „móðurfélag“: móðurfélag í skilningi 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE,

16) „dótturfélag“: dótturfélagi í skilningi 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE, þ.m.t. dótturfélög þeirra,

17) „náin tengsl“: þegar tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar tengjast í gegnum yfirráð eða hlutdeild, eða aðstæður þar sem tveir eða fleiri einstaklingur eða lögaðilar eru varanlega tengdir einum og sama einstaklingnum yfirráðatengslum,

18) „yfirráð“: tengsl milli móðurfélags og dótturfélags, eins og það er sett fram í 1. gr. tilskipunar 83/349/EBE, eða sams konar tengsl milli einstaklings eða lögaðila og félags,

19) „viðskipti innan samstæðu“: öll viðskipti þar sem vátrygginga- eða endurtryggingafélag er, beint eða óbeint, háð öðrum félögum innan sömu samstæðu, eða einstaklingi eða lögaðila sem er í nánum tengslum við félög í þeirri samstæðu, varðandi það að standa við skuldbindingu, hvort sem hún er samningsbundin eða ekki og hvort heldur er gegn greiðslu eða ekki,

20) „hlutdeild“: eignarhald á minnst 20% atkvæðisréttar eða eigin fjár félags beint eða með yfirráðarétti,

21) „virk eignarhlutdeild“: bein eða óbein eignarhlutdeild í fyrirtæki sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti, eða annað sem gerir það kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun þess félags,

22) „skipulegur markaður“: annað hvort eftirfarandi:

a) ef um er að ræða markað í aðildarríki, skipulegur markaður eins og hann er skilgreindur í 14. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB eða

b) ef um er að ræða markað í þriðja landi, fjármálamarkaður sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

i. hann er viðurkenndur af heimaaðildarríki vátryggingafélagsins og uppfyllir sambærilegar kröfur og þær sem mælt er fyrir um í tilskipun 2004/39/EB, og

ii. fjármálagerningar sem verslað er með á þessum markaði eru sambærilegir að gæðum og þeir gerningar sem verslað er með á skipulegum markaði eða mörkuðum heimaaðildarríkisins,

23) „landsskrifstofa“: landsskrifstofa bifreiðatrygginga eins og hún er skilgreind í 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 72/166/EBE,

24) „innlendur ábyrgðarsjóður“: aðilinn sem um getur í 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 84/5/EBE,

25) „fjármálastofnun“: einhver eftirfarandi stofnana:

a) lánastofnun, fjármálastofnun eða þjónustufyrirtæki í tengslum við bankastarfsemi í skilningi 1. mgr. 4. gr., 5. gr. og 21. gr. tilskipunar 2006/48/EB, í þeirri röð,

b) vátryggingafélag, endurtryggingafélag eða eignarhaldsfélag á vátryggingasviði í skilningi f-liðar 1. mgr. 212. gr.,

c) fjárfestingarfyrirtæki eða fjármálastofnun í skilningi 1. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB, eða

d) eignarhaldsfélag á fjármálasviði með blandaða starfsemi í skilningi 15. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/87/EB,

26) „félag með sérstakan tilgang“: félag, hvort sem það er hlutafélag eða ekki, annað en starfandi vátrygginga- eða endurtryggingafélag, sem yfirtekur áhættu frá vátrygginga- eða endurtryggingafélögum og tryggir sig alfarið gegn slíkri áhættu með hagnaði af útgáfu skuldabréfa eða með hvers konar öðru fjármögnunarfyrirkomulagi þar sem endurgreiðsluréttur þeirra sem útvega slík skuldabréf eða fjármögnunarfyrirkomulag víkur fyrir endurtryggingaskuldbindingum slíks félags,

27) „mikil áhætta“:

a) áhætta sem flokkast í vátryggingaflokka 4, 5, 6, 7, 11 og 12 í A-hluta I. viðauka,

b) áhætta sem flokkast í vátryggingaflokka 14 og 15 í A-hluta I. viðauka ef vátryggingartakinn leggur stund á vinnu við iðnaðar- eða viðskiptastarfsemi, eða tilheyrir menntastéttunum, og þær áhættur sem eru samfara slíkri starfsemi,

c) áhætta sem flokkast í vátryggingaflokka 3, 8, 9, 10, 13 og 16 í A-hluta I. viðauka, að svo miklu leyti sem vátryggingartakinn fer yfir mörkin í að minnsta kosti tveimur af eftirfarandi viðmiðunum:

i. efnahagsreikningur sem nemur 6,2 milljónum evra,

ii. hrein velta í merkingu fjórðu tilskipunar ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978, sem er byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans, um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð ([1]) sem nemur 12,8 milljónum evra,

iii. á fjárhagsárinu séu starfsmenn að meðaltali 250.

Ef vátryggingartaki tilheyrir fyrirtækjasamstæðu sem samstæðureikningsskil eru gerð fyrir, í skilningi tilskipunar 83/349/EBE, skal beita viðmiðunum sem sett eru fram í c-lið fyrsta undirliðar samkvæmt samstæðureikningsskilunum.

Aðildarríkjunum er heimilt að bæta við flokkinn sem um getur í c-lið fyrsta undirliðar þeim áhættum sem fagfélög, samrekstur eða félög sem sameinast tímabundið vátryggja,

28) „útvistun“: fyrirkomulag í hvaða formi sem er milli vátrygginga- eða endurtryggingafélags og þjónustuveitanda, hvort sem það er eining sem er undir eftirliti eða ekki en samkvæmt því sér þessi þjónustuveitandi um framkvæmd, þjónustu eða starfsemi, annaðhvort beint eða á formi undirútvistunar sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið myndi að öðrum kosti annast,

([1]) Stjtíð. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11.

29) „starfssvið“: innri geta innan stjórnkerfis til að sinna verklegum verkefnum, stjórnkerfi tekur til áhætturekstrar, starfsemi til uppfyllingar ákvæða, innri endurskoðunar og tryggingafræðilegrar starfsemi,

30) „vátryggingaráhætta“: hætta á tapi eða neikvæðri breytingu á verðmæti vátryggingaskulda vegna ófullnægjandi forsendna hvað varðar verðlagningu og skuldbindingar,

31) „markaðsáhætta“: hætta á tapi eða neikvæðri breytingu á fjárhagsstöðu sem stafar beint eða óbeint af sveiflum á stigi og óstöðugleika á markaðsvirði fjármuna, skulda og fjármálagerninga,

32) „lánsáhætta“: hætta á tapi eða neikvæðri breytingu á fjárhagsstöðu sem stafar af sveiflum á lánsfjárstöðu útgefenda verðbréfa, mótaðila og allra skuldara sem vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, verða fyrir, í formi áhættu af vanskilum mótaðila, áhættudreifingar eða samþjöppunar markaðsáhættu,

33) „rekstraráhætta“: hætta á tapi sem leiðir af ófullnægjandi innri ferlum, starfsfólki og kerfum, eða af ytri atburðum,

34) „lausafjáráhætta“: sú áhætta að vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, geti ekki innleyst fjárfestingar og aðrar eignir til að gera upp fjárskuldbindingar þegar þær koma til greiðslu,

35) „samþjöppun áhættu“: öll áhætta sem getur hugsanlega haft í för með sér tap sem er nógu mikið til að ógna gjaldþoli eða fjárhagsstöðu vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga,

36) „aðferðir til að draga úr áhættu“: allar aðferðir sem gera vátryggingafélögum, þ.m.t. endurtryggingafélögum, kleift að flytja áhættu yfir á annan aðila, að hluta til eða að öllu leyti,

37) „áhrif áhættudreifingar“: það að draga úr áhættu vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, og samstæðna sem tengjast áhættudreifingu viðskipta þeirra, sem leiðir af því að neikvæð niðurstaða úr einu áhættudæmi kann að jafnast út af jákvæðari niðurstöðu úr öðru, ef ekki er full fylgni milli þeirra,

38) „líkindadreifing byggð á spá“: stærðfræðilegt fall sem gefur til kynna líkurnar á því að tæmandi mengi framtíðaratburða sem útiloka hverjir aðra muni gerast í raun og veru,

39) „áhættumat“: stærðfræðilegt fall sem setur fjárhæð á tiltekna líkindadreifingu byggða á spá sem eykst í takt við áhættustigið sem liggur líkindadreifingunni til grundvallar.

II. KAFLI

Stofnun rekstrar

14. gr.

Meginreglan um starfsleyfi

1. Gefið skal út starfsleyfi fyrir frumtrygginga- eða endurtryggingastarfsemi sem þessi tilskipun tekur til, áður en stofnað er til rekstrar.

2. Eftirfarandi skulu sækja um starfsleyfið sem um getur í 1. mgr. til eftirlitsyfirvalda í heimaaðildarríkinu:

a) hvert það félag sem stofnsetur aðalskrifstofu innan yfirráðasvæðis þess ríkis, eða

b) hvert það vátryggingafélag sem að fengnu starfsleyfi skv. 1. mgr. óskar eftir að færa starfsemi sína út svo hún nái yfir vátryggingaflokk í heild eða vátryggingaflokka, aðra en þá sem þegar hefur verið veitt starfsleyfi fyrir.

15. gr.

Gildissvið starfsleyfis

1. Starfsleyfi skv. 14. gr. gildir alls staðar í Bandalaginu. Það heimilar vátryggingafélögum, þ.m.t. endurtryggingafélögum, að stunda starfsemi þar, og tekur starfsleyfið einnig til staðfesturéttar og frelsis til að veita þjónustu.

2. Með fyrirvara um 14. gr. skal starfsleyfi veitt fyrir tiltekinn flokk frumtrygginga eins og þeir eru skráðir í A-hluta I. viðauka eða í II. viðauka. Leyfið nær til flokks líftrygginga í heild nema umsækjandi óski eftir að tryggja aðeins hluta þeirrar áhættu sem flokkurinn tekur til.

Áhætta sem fellur undir tiltekinn flokk skal ekki talin með neinum öðrum flokki nema í tilvikum sem um getur í 16. gr.

Heimilt er að veita starfsleyfi í tveimur eða fleiri flokkum trygginga þegar landslög aðildarríkis heimila að slíkir flokkar séu reknir samtímis.

3. Hvað skaðatryggingar varðar geta aðildarríki veitt starfsleyfi fyrir þá hópa vátryggingaflokka sem skráðir eru í B-hluta I. viðauka.

Eftirlitsyfirvöldum er heimilt að takmarka starfsleyfi sem sótt er um fyrir tiltekinn vátryggingaflokk við starfsemi samkvæmt rekstraráætluninni sem um getur í 23. gr.

4. Félög sem falla undir þessa tilskipun geta einungis stundað aðstoðarstarfsemi sem um getur í 6. gr. ef þau hafa fengið starfsleyfi fyrir 18. vátryggingaflokk í A-hluta I. viðauka, með fyrirvara um 1. mgr. 16. gr. Ef svo ber undir skal þessi tilskipun gilda um viðkomandi starfsemi.

5. Hvað endurtryggingar varðar skal starfsleyfi veitt fyrir endurtryggingastarfsemi á sviði skaðatrygginga, á sviði líftrygginga eða hvers kyns endurtryggingastarfsemi.

Umsókn um starfsleyfi skal metin á grundvelli starfsáætlana sem lagðar skulu fram skv. c-lið 1. mgr. 18. gr. og að uppfylltum skilyrðum sem aðildarríkið, þar sem sótt er um starfsleyfið, mælir fyrir um.

16. gr.

Hliðaráhætta

1. Vátryggingafélag sem hefur fengið starfsleyfi vegna höfuðstólsáhættu sem tilheyrir einum flokki eða hópi flokka, eins og þeir eru settir fram í I. viðauka, getur einnig tryggt áhættu í öðrum flokki og þarf þá ekki að fá starfsleyfi hvað þá áhættu varðar, ef áhættan uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

a) hún tengist höfuðstólsáhættunni,

b) hún varðar hlutinn sem er tryggður gegn höfuðstólsáhættunni og

c) hún fellur undir samninginn sem tryggir höfuðstólsáhættuna.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal ekki líta á áhættuna í 14., 15. og 17. flokki í A-hluta I. viðauka sem hliðaráhættu við aðra flokka.

Þó má líta á vátryggingu í tengslum við málsvarnarkostnað, eins og hún er sett fram í 17. flokki, sem hliðaráhættu við 18. flokk að uppfylltum öðrum hvorum eftirfarandi skilyrða:

a) aðaláhættan tekur eingöngu til aðstoðarinnar sem veitt er einstaklingum sem rata í vandræði á ferðalögum, eru að heiman eða ekki staddir þar sem þeir eiga fasta búsetu, eða

b) vátryggingin varðar ágreining eða áhættu sem kemur upp vegna, eða í tengslum við, notkun hafskipa.

17. gr.

Rekstrarform vátrygginga- eða endurtryggingafélaga að lögum

1. Heimaaðildarríkið skal gera kröfu um að hvert félag, sem sótt er um leyfi fyrir skv. 14. gr., taki upp eitt af þeim rekstrarformum að lögum sem sett eru fram í III. viðauka.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að koma á stofn félögum sem lúta opinberum rétti, að því tilskildu að þessir aðilar hafi vátrygginga- eða endurtryggingastarfsemi að markmiði, með sambærilegum skilyrðum og þeim sem gilda um félög sem starfa í samræmi við einkarétt.

3. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdarráðstafanir sem varða viðbót við skrána yfir eyðublöð sem sett er fram í III. viðauka.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

18. gr.

Skilyrði fyrir starfsleyfi

1. Heimaaðildarríkið skal gera kröfu um að hvert félag sem sótt er um starfsleyfi fyrir:

a) hvað vátryggingafélög varðar, að þau takmarki rekstrartilgang sinn við vátryggingar og tengda starfsemi og starfsemi sem rakin verður beint til hennar, á kostnað allra annarra viðskipta,

b) hvað endurtryggingafélög varðar, að þau takmarki rekstrartilgang sinn við endurtryggingar og tengda starfsemi, en þessi krafa getur tekið til hlutverks og starfsemi eignarhaldsfélags sem tengist fjármálastarfsemi í skilningi 8. mgr. 2. gr. í tilskipun 2002/87/EB,

c) leggi fram rekstraráætlun í samræmi við 23. gr.,

d) búi yfir viðurkenndum eiginfjárliðum til að standa straum af algjöru lágmarki lágmarkseiginfjárkröfu sem kveðið er á um í d-lið 1. mgr. 129. gr.,

e) að færa sönnur á að það verði áfram í stöðu til að búa yfir viðurkenndum eiginfjárliðum til að ná yfir gjaldþolskröfuna, eins og kveðið er á um í 100. gr.,

f) að færa sönnur á að það verði áfram í stöðu til að búa yfir viðurkenndum eiginfjárliðum til að ná yfir gjaldþolskröfuna, eins og kveðið er á um í 128. gr.,

g) að færa sönnur á að það verði í stöðu til að fara að stjórnkerfinu sem um getur í 2. þætti IV. kafla,

h) hvað varðar skaðatryggingar, tilkynni nafn og heimilisfang allra tjónauppgjörsfulltrúa sem tilnefndir eru skv. 4. gr. tilskipunar 2000/26/EB í hverju aðildarríki öðru en því þar sem sótt er um starfsleyfið, ef áhættan sem tryggt er gegn flokkast í 10. flokk í A-hluta I. viðauka við þessa tilskipun, að undanskilinni ábyrgð vegna flutninga.

2. Vátryggingafélag, sem sækir um starfsleyfi til að færa starfsemi sína út til annarra flokka vátrygginga, eða um útvíkkun á starfsleyfi sem tekur eingöngu til hluta af áhættum sem flokkaðar eru undir einn flokk, skal leggja fram rekstraráætlun í samræmi við ákvæði 23. gr.

Það skal að auki færa sönnur á að það hafi yfir að ráða viðurkenndum eiginfjárliðum til að standa straum af gjaldþolskröfu og lágmarkskröfu um eigið fé sem kveðið er á um í fyrstu málsgrein 100. gr. og 128. gr.

3. Með fyrirvara um 2. mgr. skal vátryggingafélag sem annast líftryggingarstarfsemi og hyggst fá útvíkkað starfsleyfi til að ná yfir áhættur þær sem taldar eru upp í 1. eða 2. flokki í A-hluta I. viðauka, eins og um getur í 73. gr., sýna fram á:

a) að það hafi yfir að ráða viðurkenndum eiginfjárliðum til að standa straum af algjöru lágmarki lágmarkseiginfjárkröfu fyrir líftryggingafélög og algjöru lágmarki lágmarkskröfu um eigið fé hvað varðar skaðatryggingafélög, eins og um getur í d-lið 1. mgr. 129. gr.,

b) að það skuldbindi sig til að standa áfram straum af lágmarksfjárskuldbindingunum sem um getur í 3. mgr. 74. gr.

4. Með fyrirvara um aðra málsgrein skal vátryggingafélag sem annast skaðatryggingar sem taka til áhætta sem taldar eru upp í 1. eða 2. flokki í A-hluta I. viðauka og hyggst fá útvíkkað starfsleyfi til að ná yfir áhættur á sviði líftrygginga sem um getur í 73. gr., sýna fram á:

a) að það hafi yfir að ráða viðurkenndum eiginfjárliðum til að standa straum af algjöru lágmarki lágmarkseiginfjárkröfu fyrir líftryggingafélög og algjöru lágmarki lágmarkskröfu um eigið fé hvað varðar skaðatryggingafélög, eins og um getur í d-lið 1. mgr. 129. gr.,

b) að það skuldbindi sig til að standa áfram straum af lágmarksfjárskuldbindingum sem um getur í 3. mgr. 74. gr.

19. gr.

Náin tengsl

Ef náin tengsl eru milli vátryggingafélagsins eða endurtryggingafélagsins og annarra einstaklinga eða lögaðila skulu eftirlitsyfirvöld einungis veita starfsleyfi ef sýnt er að þessi tengsl komi ekki í veg fyrir að þau sinni eftirlitshlutverki sínu.

Eftirlitsyfirvöld skulu synja um starfsleyfi ef lög og stjórnsýslufyrirmæli þriðja lands, sem gilda um einn eða fleiri einstaklinga eða lögaðila sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið hefur náin tengsl við, eða vandkvæði tengd framkvæmd þeirra koma í veg fyrir að yfirvaldið sinni eftirlitshlutverki sínu með skilvirkum hætti.

Eftirlitsyfirvöld skulu krefjast þess að vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, veiti þeim nauðsynlegar upplýsingar svo að þau geti gengið úr skugga um að jafnan sé farið að skilyrðunum sem um getur í fyrstu málsgrein.

20. gr.

Aðalskrifstofa vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga

Aðildarríkin skulu krefjast þess að aðalskrifstofur vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, séu staðsettar í sama aðildarríki og skráðar skrifstofur þeirra.

21. gr.

Tryggingaskilmálar og iðgjaldataxtar

1. Aðildarríkjunum er óheimilt að krefjast fyrirframsamþykkis við eða reglubundinna tilkynninga á almennum og sérstökum tryggingaskilmálum, iðgjaldatöxtum, tæknilegum grundvelli sem er einkum notaður við útreikning á iðgjaldatöxtum og vátryggingaskuldum eða eyðublöðum og öðrum prentuðum skjölum sem félag hefur í hyggju að nota í skiptum sínum við vátryggingataka eða félög sem endurtryggja.

Hvað líftryggingar varðar, og í þeim eina tilgangi að sannreyna að farið sé að ákvæðum landslaga hvað varðar tryggingafræðilegar meginreglur, getur heimaaðildarríkið þó krafist þess að því sé tilkynnt reglulega um hvaða tæknilegi grundvöllur sé notaður við útreikning á iðgjaldatöxtum og vátryggingaskuldum. Þessi krafa skal þó ekki vera skilyrði fyrir starfsleyfi til handa líftryggingarfélagi.

2. Aðildarríki skulu ekki viðhalda eða taka upp fyrirframtilkynningu eða samþykki hækkunar iðgjalda, nema sem hluta af almennu verðstýringakerfi.

3. Aðildarríki geta gert félögum, sem óska eftir starfsleyfi eða hafa öðlast það fyrir 18. flokk í A-hluta I. viðauka, að sæta eftirliti hvað varðar bein eða óbein verðmæti í starfsfólki og búnaði, þ.m.t. hæfi lækningahópa þeirra og búnaðar sem er tiltækur þessum félögum til að standa við þær skuldbindingar sínar sem leiða af þessum flokki.

4. Aðildarríki geti haldið lögum í gildi eða sett lög og stjórnsýslufyrirmæli þar sem krafist er samþykkis á stofnsamningi og -samþykktum og að tilkynnt sé um önnur nauðsynleg skjöl svo unnt sé að framfylgja eðlilegu eftirliti.

22. gr.

Efnahagsleg þörf fyrir starfsemina á markaðinum

Aðildarríkin skulu ekki gera kröfu um að fjallað sé um umsókn um starfsleyfi í ljósi þess hvort efnahagsleg þörf sé fyrir starfsemina á markaðinum.

23. gr.

Rekstraráætlun

1. Í rekstraráætluninni, sem um getur í c-lið 1. mgr. 18. gr., skal tilgreina eftirfarandi atriði eða staðfestingu á þeim:

a) eðli þeirrar áhættu eða skuldbindinga sem viðkomandi vátrygginga- eða endurtryggingafélag hyggst tryggja gegn,

b) fyrirkomulag á endurtryggingum sem endurtryggingafélagið leggur til við félögin sem endurtryggja,

c) meginreglur um endurtryggingar,

d) þættir viðurkennds eigin fjár sem standa fyrir algjört lágmark lágmarkseiginfjárkröfu,

e) áætlaðan kostnað við að koma upp rekstraraðstöðu og skipulagi til að tryggja áframhaldandi starfsemi, fjármagn sem ætlað er að standa straum af honum og, ef áhættan sem tryggt er gegn flokkast í 18. flokk A-hluta I. viðauka, úrræði sem vátryggingafélagið hefur aðgang að til að veita þá aðstoð sem heitið hefur verið.

2. Auk skilyrðanna sem sett eru fram í fyrstu málsgrein skal eftirfarandi koma fram í áætluninni fyrir þrjú fyrstu fjárhagsárin:

a) áætlaður efnahagsreikningur,

b) mat á framtíðargjaldþolskröfum, eins og kveðið er á um í 1. undirþætti 4. þáttar VI. kafla, á grundvelli áætlaðs efnahagsreiknings sem um getur í a-lið, og einnig reikningsaðferðin sem beitt er til að leiða fram þetta mat,

c) mat á framtíðarlágmarkskröfum um eigið fé, eins og kveðið er á um í 128. og 129. gr., á grundvelli áætlaðs efnahagsreiknings sem um getur í a-lið, og einnig reikningsaðferðin sem beitt er til að leiða fram þetta mat,

d) mat á fjármagni sem ætlað er að standa straum af vátryggingaskuldum, lágmarkskröfum um eigið fé og gjaldþolskröfum,

e) og einnig eftirfarandi, að því er varðar skaðatryggingar, þ.m.t. endurtryggingar:

i. áætlaður stjórnunarkostnaður, annar en uppsetningarkostnaður, einkum almennur kostnaður vegna daglegs reksturs og umboðslauna,

ii. áætluð iðgjöld eða framlög og kröfur,

f) hvað varðar líftryggingar, einnig áætlun með nákvæmu mati á tekjum og kostnaði vegna frumtryggingastarfsemi, móttekinna endurtrygginga og vegna endurtryggingaverndar,

24. gr.

Hluthafar og aðilar með virka eignarhlutdeild

1. Eftirlitsyfirvöld heimaaðildarríkis skulu ekki veita félagi starfsleyfi til að hefja vátrygginga- eða endurtryggingastarfsemi fyrr en þau hafa fengið upplýsingar um hverjir séu hluthafar eða aðilar, beint eða óbeint, hvort þeir séu einstaklingar eða lögaðilar, hverjir hafi yfir að ráða virkri eignarhlutdeild í félaginu, svo og hve stóran hlut þeir eiga.

Þessi yfirvöld skulu synja um starfsleyfi ef þau telja, með hliðsjón af nauðsyn þess að tryggja trausta og varfærna stjórnun vátrygginga- eða endurtryggingafélags, að fyrrnefndir hluthafar eða aðilar séu ekki hæfir.

2. Að því er varðar 1. mgr. skal hafa í huga atkvæðisréttinn sem um getur í 9. og 10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað ([1]), og um þau skilyrði um samlagningu eignarhluta sem mælt er fyrir um í 4. og 5. mgr. 12. gr. þeirrar tilskipunar.

Aðildarríki skulu ekki taka tillit til atkvæðisréttar eða hlutabréfa sem fjárfestingarfyrirtæki eða lánastofnanir kunna að eiga eftir að hafa veitt sölutryggingu vegna fjármálagerninga og/eða markaðssett fjármálagerninga á skuldbindandi grundvelli skv. 6. lið A-þáttar í I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB, að því tilskildu að þessi réttindi séu ekki nýtt eða notuð á annan hátt til að hlutast til um stjórn útgefandans og að þeim sé ráðstafað innan eins árs frá yfirtökunni.

25. gr.

Synjun starfsleyfis

Í ákvörðun um synjun starfsleyfis skulu allar ástæður tilgreindar og skal viðkomandi félagi tilkynnt um þær.

Aðildarríki skulu sjá til þess að synjun á starfsleyfi megi áfrýja til dómstóla.

Sama skal gilda í því tilviki þegar eftirlitsyfirvöld hafa ekki tekið afstöðu til umsóknar um starfsleyfi til umfjöllunar innan sex mánaða frá móttöku hennar.

26. gr.

Fyrirframsamráð við yfirvöld annarra aðildarríkja

1. Hafa skal samráð við eftirlitsyfirvöld annars viðkomandi aðildarríkis áður en starfsleyfi er veitt:

a) dótturfélag vátryggingafélags eða endurtryggingafélags með starfsleyfi í því aðildarríki,

b) dótturfélag móðurfélags vátryggingafélags eða endurtryggingafélags með starfsleyfi í því aðildarríki eða

c) félag sem er undir yfirráðum einstaklings eða lögaðila sem hefur yfirráð yfir vátryggingafélagi eða endurtryggingafélagi með starfsleyfi í því aðildarríki.

([1]) Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38.

2. Hafa skal samráð við yfirvöld í hlutaðeigandi aðildarríki, sem bera ábyrgð á eftirliti með lánastofnunum eða fjárfestingarfyrirtækjum, áður en vátrygginga- eða endurtryggingafélagi er veitt starfsleyfi ef það er:

a) dótturfélag lánastofnunar eða fjárfestingarfyrirtækis með starfsleyfi í Bandalaginu,

b) dótturfélag móðurfélags lánastofnunar eða fjárfestingarfyrirtækis með starfsleyfi í Bandalaginu eða

c) félag undir yfirráðum einstaklings eða lögaðila sem hefur yfirráð yfir lánastofnun eða fjárfestingarfyrirtæki með starfsleyfi í Bandalaginu.

3. Viðkomandi yfirvöld, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu einkum hafa samráð sín á milli við mat á hæfi hluthafanna og hæfnis- og heiðarleikakrafna sem gerðar eru til allra einstaklinga sem í reynd stjórna eða gegna öðru lykilhlutverki í því fyrirtæki sem tekur þátt í stjórnun annarrar einingar í sömu samstæðu.

Þau skulu veita hvert öðru allar upplýsingar um hæfi hluthafa og um hæfnis- og heiðarleikakröfur sem gerðar eru til allra einstaklinga sem í reynd stjórna eða gegna öðru lykilhlutverki í félaginu, og sem skipta máli fyrir önnur viðkomandi, lögbær yfirvöld sem koma að málinu vegna leyfisveitingar eða yfirstandandi mats á því hvort rekstrarskilyrði séu uppfyllt.

III. KAFLI

Eftirlitsyfirvöld og almennar reglur

27. gr.

Meginmarkmiðið með eftirliti

Aðildarríki skulu sjá til þess að eftirlitsyfirvöldum séu veitt öll nauðsynleg úrræði, og búi yfir viðeigandi sérþekkingu, getu, og umboði til að ná fram meginmarkmiðinu með eftirliti, nánar tiltekið vernd vátryggingartaka og rétthafa.

28. gr.

Fjárhagslegur stöðugleiki og sveifluaukning

Með fyrirvara um meginmarkmiðið með eftirliti, eins og það er sett fram í 27. gr., skulu aðildarríkin tryggja, við framkvæmd almennra skyldna sinna, að eftirlitsyfirvöld taki með viðeigandi hætti til athugunar möguleg áhrif ákvarðana þeirra á stöðugleika fjármálakerfisins í Evrópusambandinu, einkum ef neyðarástand skapast, m.t.t. upplýsinga sem þá voru aðgengilegar.

Þegar hreyfingar eru sérstaklega miklar á fjármálamörkuðum skulu eftirlitsyfirvöld taka tillit til sveifluaukandi áhrifa sem athafnir þeirra geta mögulega valdið.

29. gr.

Almennar meginreglur um eftirlit

1. Eftirlit skal byggt á grundvelli framvirkar nálgunar og nálgunar byggðri á áhættumati. Með eftirlitinu skal stöðugt sannprófað að vátrygginga- eða endurtryggingastarfsemi sé starfrækt með réttum hætti og að farið sé að eftirlitsákvæðum vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga.

2. Eftirlit með vátryggingafélögum, þ.m.t. endurtryggingafélögum, skal vera viðeigandi blanda af starfsemi utan vettvangs og vettvangsskoðunum.

3. Aðildarríki skulu tryggja að kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun sé beitt á þann hátt að það samræmist eðli, umfangi og þeirri flóknu áhættu sem innbyggð er í starfsemi vátrygginga- eða endurtryggingafélaga.

4. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að í framkvæmdarráðstöfunum sé tekið tillit til meðalhófsreglunnar og tryggja þar með að þessari tilskipun sé beitt hófsamlega, einkum hvað varðar lítil vátryggingafélög.

30. gr.

Eftirlitsyfirvöld og gildissvið eftirlitsins

1. Fjármálaeftirlit með vátryggingafélögum, þ.m.t. endurtryggingafélögum, þ.m.t. eftirlit með starfsemi sem þau reka, annaðhvort fyrir milligöngu útibúa eða samkvæmt frelsi til að veita þjónustu, skal alfarið vera á ábyrgð heimaaðildarríkisins.

2. Fjármálaeftirlit skv. 1. mgr., skal taka til sannprófunar á allri starfsemi vátryggingafélagsins, þ.m.t. endurtryggingafélagsins, gjaldþolsstöðu þess, vátryggingaskuldum, eignum og viðurkenndum eiginfjárliðum í samræmi við settar reglur eða gildandi starfshætti í heimaaðildarríkinu samkvæmt ákvæðum sem samþykkt eru á vettvangi Bandalagsins.

Ef viðkomandi vátryggingafélag hefur heimild til að tryggja áhættur sem flokkaðar eru í 18. flokk í A-hluta I. viðauka skal eftirlitið ná til þeirra tæknilegu tilfanga sem vátryggingafélagið ræður yfir til að framkvæma þær aðstoðaraðgerðir sem það hefur tekið að sér, ef lög heimaaðildarríkisins kveða á um eftirlit með slíkum tilföngum.

3. Ef eftirlitsyfirvöld aðildarríkisins þar sem áhættan er staðsett, eða aðildarríkið þar sem gengist hefur verið undir skuldbindinguna eða, ef um endurtryggingafélag er að ræða, eftirlitsyfirvöld í gistiaðildarríkinu, hafa ástæðu til að ætla að starfsemi vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins geti haft áhrif á trausta fjárhagsstöðu þess, skulu þau tilkynna það til eftirlitsyfirvalda heimaaðildarríkis félagsins.

Eftirlitsyfirvöld heimaaðildarríkisins skulu ganga úr skugga um hvort félagið fari að varfærnisreglunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

31. gr.

Gagnsæi og ábyrgð

1. Eftirlitsyfirvöld skulu annast verkefni sín með gagnsæjum og ábyrgum hætti, með tilhlýðilegri virðingu fyrir vernd trúnaðarupplýsinga.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að eftirfarandi upplýsingar séu birtar:

a) lagatextar, textar reglugerða, stjórnsýslureglur og almennar leiðbeiningar á sviði vátryggingareglna,

b) almennar viðmiðanir og aðferðir, þ.m.t. þær aðferðir sem þróaðar hafa verið í samræmi við 4. mgr. 34. gr., sem notaðar eru í eftirlitsferlum sem eru settir fram í 36. gr.,

c) samanlögð tölfræðileg gögn um lykilþætti við beitingu eftirlitsreglnanna,

d) á hvaða hátt má nýta þá kosti sem þessi tilskipun kveður á um,

e) markmiðin með eftirlitinu, meginhlutverk og starfsemi.

Upplýsingarnar sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein skulu nægja til þess að unnt sé að bera saman eftirlitsaðferðirnar sem eftirlitsyfirvöld mismunandi aðildarríkja hafa tileinkað sér.

Upplýsingarnar skulu vera á sameiginlegu sniði og uppfærðar reglulega. Upplýsingarnar sem um getur í a- til e-lið fyrstu undirgreinar skulu vera aðgengilegar á einu og sama vefsetri í hverju aðildarríkjanna.

3. Aðildarríkin skulu kveða á um gagnsæjar verklagsreglur um tilnefningu og brottvikningu þeirra sem sæti eiga í stjórnum og framkvæmdaráðum eftirlitsstofnana þeirra.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdarráðstafanir sem varða 2. mgr. þar sem tilgreindir eru lykilþættir sem birta skal um samanlögð tölfræðileg gögn, sem og snið, gerð, efnisyfirlit og birtingardag upplýsinganna.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

32. gr.

Bann við höfnun endurtryggingarsamninga

1. Heimaaðildarríki vátryggingafélags skal ekki hafna endurtryggingasamningi sem gerður hefur við endurtryggingafélag, eða vátryggingafélag sem fengið hefur starfsleyfi í samræmi við 14. gr. á forsendum sem tengjast beint traustri fjárhagsstöðu þess endurtrygginga- eða vátryggingafélags.

2. Heimaaðildarríki endurtryggingafélagsins skal ekki hafna endurtryggingasamningi, sem endurtryggingafélagið hefur gert við endurtryggingafélag eða vátryggingafélag, sem fengið hefur starfsleyfi í samræmi við 14. gr., á forsendum sem tengjast beint fjárhagslegum styrkleika þess endurtrygginga- eða vátryggingafélags.

33. gr.

Eftirlit með útibúum með staðfestu í öðru aðildarríki

Aðildarríki skulu kveða á um að ef vátrygginga- eða endurtryggingafélag, sem hefur fengið starfsleyfi í öðru aðildarríki, rekur starfsemi sína fyrir milligöngu útibús geta eftirlitsyfirvöld heimaaðildarríkisins kveðið á um, eftir að hafa tilkynnt það eftirlitsyfirvöldum í viðkomandi gistiaðildarríki, sjálf eða fyrir milligöngu einstaklinga sem þau tilnefna í því skyni, sannprófað á staðnum þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að tryggja fjármálaeftirlit með félaginu.

Yfirvöldum viðkomandi gistiaðildarríkis er heimilt að taka þátt í þessum sannprófunum.

34. gr.

Almennar eftirlitsheimildir

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að eftirlitsyfirvöld hafi heimild til að grípa til fyrirbyggjandi ráðstafana og ráðstafana til úrbóta til að sjá til þess að vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, fari að þeim lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem þau verða að fara að í hverju aðildarríki.

2. Eftirlitsyfirvöld skulu hafa heimild til að grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana, þ.m.t. stjórnsýslu- og fjárhagsráðstafana eftir því sem við á, að því er varðar vátrygginga- eða endurtryggingafélög og þá sem sitja í stjórnum, framkvæmdastjórnum eða eftirlitsstjórnum þeirra.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að eftirlitsyfirvöld hafi vald til að krefjast allra nauðsynlegra upplýsinga til að framfylgja eftirliti í samræmi við 35. gr.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að eftirlitsyfirvöld hafi heimild til að þróa, til viðbótar við útreikning á gjaldþolskröfunni og eftir því sem við á, nauðsynleg megindleg verkfæri í samræmi við eftirlitsferla til að meta hvort vátrygginga- eða endurtryggingafélagið ráði við mögulega atburði eða breytingar í framtíðinni á efnahagsskilyrðum sem gætu haft óheppileg áhrif á heildarfjárhagsstöðu þeirra. Eftirlitsyfirvöld skulu hafa heimild til að krefjast þess að félögin framkvæmi samsvarandi prófanir.

5. Eftirlitsyfirvöld skulu hafa heimild til að framkvæma skoðun á staðnum á athafnasvæði vátryggingafélaganna, þ.m.t. endurtryggingafélaganna.

6. Eftirlitsheimildum skal beitt tímanlega og af hófsemi.

7. Heimildir, m.t.t. vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, sem um getur í 1.–5. mgr. skulu einnig gilda um útvistaða starfsemi vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga.

8. Beita skal þeim heimildum sem um getur í 1.–5. mgr. og 7. mgr., með fullnustuaðgerðum ef þörf krefur og fyrir atbeina dómstóla, eftir því sem við á.

35. gr.

Upplýsingar sem veita skal í eftirlitsskyni

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, leggi upplýsingar fyrir eftirlitsyfirvöld sem eru nauðsynlegar að því er varðar eftirlit. Þessar upplýsingar skulu a.m.k. taka til upplýsinga sem nauðsynlegar eru fyrir eftirfarandi til að framkvæma þá ferla sem um getur í 36. gr.:

a) til að leggja mat á stjórnkerfi félaganna, rekstur þeirra, matsreglurnar sem þau nota hvað varðar gjaldþol, þær áhættur sem þau standa frammi fyrir og áhættustýringarkerfið, fjármagnsuppbyggingu, -þarfir og -stjórnun,

b) til að taka viðeigandi ákvarðanir sem byggjast á beitingu eftirlitsréttinda og -skyldum þeirra.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að valdsvið eftirlitsyfirvalda taki til eftirfarandi:

a) að ákvarða eðli, umfang og snið upplýsinganna sem um getur í 1. mgr. sem þau krefjast að vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, leggi fram á eftirtöldum tímapunktum:

   i. á fyrirframskilgreindum tímabilum,

   ii. þegar fyrirframskilgreindir atburðir gerast,

   iii. þegar aðstæður vátrygginga- eða endurtryggingafélags eru rannsakaðar,

b) að afla allra upplýsinga varðandi samninga sem milliliðir hafa séð um eða samninga sem gerðir eru við þriðju aðila, og

c) að krefjast upplýsinga frá utanaðkomandi sérfræðingum, t.d. endurskoðendum og tryggingafræðingum.

3. Í upplýsingunum, sem um getur í 1. og 2. mgr., skal eftirfarandi koma fram:

a) eigindlegir og megindlegir þættir, eða hvers konar viðeigandi samsetning af þeim,

b) þættir úr þátíð, nútíð eða framtíð, eða hvers konar viðeigandi samsetning af þeim,

c) gögn frá innri eða utanaðkomandi heimildum, eða hvers konar viðeigandi samsetning af þeim.

4. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. og 2. mgr. skulu vera í samræmi við eftirfarandi meginreglur:

a) þær verða að endurspegla eðli, umfang og hve flókin starfsemi viðeigandi félags er, einkum áhættuna sem er innbyggð í starfsemina,

b) þær verða að vera aðgengilegar, heildstæðar í öllum mikilvægum atriðum, sambærilegar og samræmdar og stöðugar yfir lengra tímabil, og

c) þær verða að vera viðeigandi, áreiðanlegar og auðskiljanlegar.

5. Aðildarríkin skulu krefjast þess að vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, komi á viðeigandi kerfi og skipulagi til að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1.–4. mgr. og einnig skriflegri stefnu sem stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn vátryggingafélagsins, þ.m.t. endurtryggingafélagsins, samþykkir, og tryggi þar með að upplýsingarnar sem lagðar eru fram eigi ávallt við.

6. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdarráðstafanir sem tilgreina nánar upplýsingarnar sem um getur í 1. –4. mgr., með það í huga að tryggja samleitni skýrslugjafar eftirlitsaðila í viðeigandi mæli.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

36. gr.

Eftirlitsferlar

1. Aðildarríki skulu tryggja að eftirlitsyfirvöld endurskoði og meti stefnu, ferla og skýrslugjafaraðferðir sem vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, koma á til að fara að lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem samþykkt eru, samkvæmt þessari tilskipun.

Sú endurskoðun og það mat skal fela í sér mat á eigindlegum kröfum sem tengjast stjórnkerfinu, mat á þeim áhættum sem félagið stendur frammi fyrir eða kann að standa frammi fyrir, og mat á getu þessara félaga til að meta þessar áhættur, að teknu tilliti til þess umhverfis þar sem félögin starfa.

2. Eftirlitsyfirvöld skulu einkum endurskoða og meta hvort farið er að eftirfarandi:

a) stjórnkerfi, þ.m.t. eigin áhætta og mat á gjaldþoli, eins og það er sett fram í 2. þætti IV. kafla,

b) vátryggingaskuldir eins og þær eru settar fram í 2. þætti VI. kafla,

c) eiginfjárkröfur eins og þær eru settar fram í 4. og 5. þætti VI. kafla,

d) fjárfestingarreglur eins og þær eru settar fram í 6. þætti VI. kafla,

e) gæði og magn eiginfjárliða eins og það er sett fram í 3. þætti VI. kafla,

f) þar sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið notar innra líkan, að fullu eða að hluta, til að standa stöðugt við kröfurnar um innra líkan, að fullu eða að hluta eins og sett er fram í 3. undirþætti, 4. þáttar VI. kafla.

3. Eftirlitsyfirvöld setja upp viðeigandi vöktunarbúnað sem gerir þeim kleift að þekkja versnandi fjármögnunarskilyrði hjá vátryggingaeða endurtryggingafélagi, og að fylgjast með hvernig ráðin er bót á því.

4. Eftirlitsyfirvöld skulu meta hvort vátryggingafélögin, þ.m.t. endurtryggingafélögin, hafi þróað fullnægjandi aðferðir og starfsemi til að tilgreina hugsanlega atburði eða framtíðarbreytingar á efnahagsskilyrðum sem gætu haft skaðleg áhrif á heildarfjárhagsstöðu viðkomandi félags.

Eftirlitsyfirvöld skulu meta getu félaganna til að þola þessa hugsanlegu atburði eða framtíðarbreytingar á efnahagsskilyrðum.

5. Eftirlitsyfirvöld skulu hafa tilskildar heimildir til að krefjast þess að vátryggingafélögin, þ.m.t. endurtryggingafélög, ráði bót á veikleikum eða ágöllum sem koma í ljós í eftirlitsferlinu.

6. Sú endurskoðun, mat og álit sem um getur í 1., 2. og 4. mgr. skal framkvæmt með reglulegu millibili.

Eftirlitsyfirvöld skulu ákveða lágmarkstíðni og umfang þessarar endurskoðunar, mats og álits, með hliðsjón af eðli, umfangi og því hve flókin starfsemi viðkomandi vátrygginga- eða endurtryggingafélaga er.

37. gr.

Viðbótargjaldþolskrafa

1. Í framhaldi af eftirlitsferlum geta eftirlitsyfirvöld sett á viðbótargjaldþolskröfu fyrir vátrygginga- eða endurtryggingafélag í undantekningartilvikum með ákvörðun þar sem ástæðurnar eru tilgreindar. Sá möguleiki skal einungis eiga við um eftirfarandi tilvik:

a) ef eftirlitsyfirvöld komast að þeirri niðurstöðu að áhættusnið vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins greini sig í veigamiklum atriðum frá þeim forsendum sem liggja til grundvallar gjaldþolskröfunni, eins og hún er reiknuð út með því að nota stöðluðu formúluna, í samræmi við 2. undirgrein 4. þáttar VI. kafla, og

   i. krafan um að nota innra líkan skv. 119. gr. á ekki við eða hefur verið óvirk, eða

   ii. innra líkan er í þróun, að hluta eða að öllu leyti, í samræmi við 119. gr.,

b) eftirlitsyfirvöld komast að þeirri niðurstöðu að áhættusnið vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins víkur í veigamiklum atriðum frá þeim forsendum sem liggja gjaldþolskröfunni til grundvallar, eins og hún er reiknuð út með því að nota innra líkan, eða innra líkan að hluta, í samræmi við 3. undirþátt 4. þáttar VI. kafla, þar sem tilteknar, megindlegar áhættur eru ekki teknar upp með fullnægjandi hætti og breytingin á líkaninu, til að endurspegla betur tiltekið áhættusnið, hefur ekki tekist innan viðeigandi tímaramma, eða

c) eftirlitsyfirvöld komast að þeirri niðurstöðu að stjórnkerfi vátrygginga- eða endurtryggingafélags víkur í veigamiklum atriðum frá þeim stöðlum sem mælt er fyrir um í 2. þætti IV. kafla, að þau frávik komi í veg fyrir að hægt sé að greina með fullnægjandi hætti, mæla, hafa eftirlit með, stjórna, og tilkynna um áhættur sem það sætir eða gæti sætt, og að í sjálfu sér sé ólíklegt að beiting annarra ráðstafana bæti nægilega úr annmörkunum innan viðeigandi tímaramma.

2. Við þær aðstæður sem settar eru fram í a- og b-lið 1. mgr. skal viðbótargjaldþolskrafan reiknuð út á þann veg að tryggt sé að félagið fari að ákvæðum 3. mgr. 101. gr.

Við þær aðstæður sem settar eru fram í c-lið 1. mgr. skal viðbótargjaldþolskrafan vera í réttu hlutfalli við þær efnislegu áhættur sem leiða af annmörkum þeim sem leiddu til þeirrar ákvörðunar eftirlitsyfirvalda að setja á viðbótargjaldþolskröfu.

3. Í þeim tilvikum sem sett eru fram í b- og c-lið 1. mgr. skulu eftirlitsyfirvöld sjá til þess að vátrygginga- eða endurtryggingafélagið leggi allt kapp á að ráða bót á þeim annmörkum sem leiddu til þess að viðbótargjaldþolskröfunni var komið á.

4. Eftirlitsyfirvöld skulu endurskoða viðbótargjaldþolskröfuna, sem um getur í 1. mgr., a.m.k. árlega og skal hún fjarlægð þegar félagið hefur ráðið bót á þeim annmörkum sem leiddu til þess að henni var komið á.

5. Gjaldþolskrafan að viðbættri viðbótargjaldþolskröfunni sem komið var á, skal koma í staðinn fyrir hina ófullnægjandi gjaldþolskröfu.

Þrátt fyrir 1. undirgrein skal gjaldþolskrafan ekki innihalda viðbótargjaldþolskröfuna sem komið var á í samræmi við c-lið 1. mgr., að því er varðar útreikning á vikmörkum áhættu sem um getur í 5. mgr. 77. gr.

6. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdarráðstafanir þar sem mælt er fyrir um frekari forskriftir um þær aðstæður þegar heimilt er að koma viðbótargjaldþolskröfunni á, og aðferðafræðinni við þá útreikninga.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

38. gr.

Eftirlit með útvistaðri starfsemi

1. Með fyrirvara um 49. gr. skulu aðildarríkin tryggja að vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, sem útvista starfssviði eða vátryggingastarfsemi, þ.m.t. endurtryggingastarfsemi, geri nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) þjónustuveitandinn verður að starfa með eftirlitsyfirvöldum vátryggingafélagsins, þ.m.t. endurtryggingafélögum, hvað varðar hinn útvistaða rekstur eða starfsemi,

b) vátryggingafélögin, þ.m.t. endurtryggingafélögin, endurskoðendur þeirra og eftirlitsyfirvöld, verða að hafa skilvirkan aðgang að gögnum sem tengjast hinum útvistaða rekstri og starfsemi,

c) eftirlitsyfirvöld verða að hafa skilvirkan aðgang að starfstöð þjónustuveitandans og verða að geta nýtt sér þann aðgangsrétt.

2. Aðildarríkið þar sem þjónustuveitandinn hefur aðsetur skal veita eftirlitsyfirvöldum vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins leyfi til að framkvæma sjálf, eða fyrir milligöngu einstaklinga sem þau tilnefna til verksins, skoðun á staðnum þar sem þjónustuveitandinn er með starfstöð. Eftirlitsyfirvöld vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins skulu tilkynna viðeigandi yfirvöldum aðildarríkis þjónustuveitandans um slíka skoðun á staðnum áður en til hennar kemur. Sé um að ræða einingu sem ekki sætir eftirliti skulu viðeigandi yfirvöld taka sér hlutverk eftirlitsyfirvaldanna.

Eftirlitsyfirvöld aðildarríkis vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins geta falið eftirlitsyfirvöldum í aðildarríkinu, þar sem þjónustuveitandinn er staðsettur, slíka skoðun á staðnum.

39. gr.

Yfirfærsla vátryggingastofns

1. Með þeim skilyrðum sem sett eru í landslögum skulu aðildarríki veita vátryggingafélögum, þ.m.t. endurtryggingafélögum, með aðalskrifstofur á yfirráðasvæði þeirra, leyfi til að yfirfæra samningasafn sitt, að einhverju eða öllu leyti, þar sem samningar hafa verið gerðir annaðhvort samkvæmt staðfesturétti eða frelsi til að veita þjónustu, til viðtökufélags og starfar í Bandalaginu.

Þessar yfirfærslur skulu aðeins leyfðar ef eftirlitsyfirvöld í heimaaðildarríki viðtökufélagsins votta að þegar tillit hefur verið tekið til yfirfærslunnar hafi viðtökufélagið yfir nægjanlegum viðurkenndum eiginfjárliðum að ráða til að standa við gjaldþolskröfu sem um getur í fyrsta lið 100. gr.

2. Ef um vátryggingafélög er að ræða gilda ákvæði 3.–6. mgr.

3. Ef útibú leggur til að samningasafn þess verði yfirfært, að einhverju eða öllu leyti, skal haft samráð við aðildarríkið þar sem útibúið er.

4. Við þær aðstæður sem um getur í 1. og 3. mgr. skulu eftirlitsyfirvöld í heimaaðildarríki vátryggingafélagsins sem annast yfirfærsluna veita heimild fyrir henni, að fengnu samþykki yfirvalda í aðildarríkjunum þar sem gengið var frá samningunum, annaðhvort samkvæmt staðfesturétti eða frelsi til að veita þjónustu

5. Yfirvöld í aðildarríkjunum sem samráð er haft við skulu tilkynna yfirvöldum í heimaaðildarríki vátryggingafélagsins sem annast yfirfærslur álit sitt eða samþykki, innan þriggja mánaða frá því að þeim barst beiðni um samráð.

Ef yfirvöldin sem samráð er haft við hafa ekki svarað innan þess frests telst það þegjandi samþykki.

6. Yfirfærsla vátryggingastofns sem heimiluð er í samræmi við 1.–5. mgr. skal annaðhvort birt áður eða eftir að starfsleyfi er veitt, eins og mælt er fyrir um í landslögum heimaaðildarríkisins, aðildarríkisins þar sem áhættan er staðsett eða í aðildarríkinu sem hefur skuldbundið sig.

Slík yfirfærsla öðlast sjálfkrafa gildi gagnvart vátryggingatökum, hinum tryggðu og öllum öðrum sem eiga rétt eða bera skyldu vegna þeirra samninga sem yfirfærðir hafa verið.

Fyrsta og önnur undirgrein þessarar greinar hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkja til að gefa vátryggingatökum kost á að segja upp samningi innan ákveðins frests frá því yfirfærsla fer fram.

IV. KAFLI

Skilyrði fyrir atvinnurekstri

1. þáttur

Ábyrgð stjórnar, framkvæmdastjórnar eða eftirlitsstjórnar

40. gr.

Ábyrgð stjórnar, framkvæmdastjórnar eða eftirlitsstjórnar

Aðildarríki skulu sjá til þess að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins beri endanlega ábyrgð á að viðkomandi félag fari að lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem samþykkt hafa verið samkvæmt þessari tilskipun.

2. þáttur

Stjórnkerfi

41. gr.

Almennar kröfur um stjórnunarhætti

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, hafi yfir skilvirku stjórnkerfi að ráða sem kveður á um trausta og varfærna stjórnun rekstrarins.

Það kerfi skal a.m.k. taka til fullnægjandi og gagnsæs stjórnskipulags með skýra aðgreiningu ábyrgðarsviða og skilvirkt kerfi til að tryggja miðlun upplýsinga. Í því skal farið að kröfum þeim sem mælt er fyrir um í 42.–49. gr.

Þetta stjórnkerfi skal sæta reglulegri, innri endurskoðun.

2. Stjórnkerfið skal vera í samræmi við eðli, umfang og það hve flókinn rekstur vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins er.

3. Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu hafa skriflega stefnu a.m.k. í tengslum við áhættustýringu, innra eftirlit, innri endurskoðun og, eftir því sem við á, útvistun. Þau skulu sjá til þess að þessari stefnu sé hrint í framkvæmd.

Þessa skriflegu stefnu skal endurskoða a.m.k. árlega. Stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn þarf að samþykkja hana fyrirfram og aðlaga hana í ljósi umtalsverðra breytinga á viðkomandi kerfi eða svæði.

4. Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu gera raunhæfar ráðstafanir til að tryggja samfelldni og reglufestu í starfsemi þeirra, þ.m.t. með þróun viðbragðsáætlunar. Með þetta að markmiði skal félagið nota viðeigandi kerfi, tilföng og málsmeðferð sem eru í réttu hlutfalli við þetta.

5. Eftirlitsyfirvöld skulu hafa viðeigandi úrræði, aðferðir og heimildir til að sannprófa stjórnkerfi vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, og til að meta komandi áhættur sem félögin átta sig á og geta haft áhrif á trausta fjárhagsstöðu þeirra.

Aðildarríkin skulu tryggja að eftirlitsyfirvöld hafi nægilegar heimildir til að krefjast þess að stjórnkerfið sé bætt og styrkt til að sjá til þess að farið sé að ákvæðum krafnanna sem settar eru fram í 42.–49. gr.

42. gr.

Hæfilegar og viðeigandi kröfur fyrir fólk sem rekur félagið í raun eða gegnir lykilhlutverki á öðrum sviðum

1. Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu sjá til þess að allir einstaklingar sem í raun reka félagið eða gegna lykilhlutverki á öðrum sviðum fullnægi ávallt eftirfarandi skilyrðum:

a) fagleg menntun þeirra og hæfi, þekking og reynsla er fullnægjandi til að koma á traustri og varfærinni stjórnun (hæfilegri), og

b) þeir búa yfir góðum orðstír og ráðvendni (heiðarleika).

2. Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu tilkynna eftirlitsyfirvöldum um öll mannaskipti hvað viðkemur þeim sem í raun reka félagið eða bera ábyrgð á annarri lykilstarfsemi, ásamt öllum upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að meta hvort nýlega tilnefndir stjórnendur séu hæfir og heiðarlegir.

3. Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu tilkynna eftirlitsyfirvöldum sínum ef einhverjum einstaklinganna sem um getur í 1. og 2. mgr. hefur verið skipt út vegna þess að þeir uppfylla ekki lengur skilyrðin sem um getur í 1. mgr.

43. gr.

Sönnun um óflekkað mannorð

1. Þegar aðildarríki fer fram á að ríkisborgarar þess sanni að þeir hafi óflekkað mannorð og að þeir hafi ekki verið lýstir gjaldþrota eða hvorttveggja, skal það aðildarríki, þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra aðildarríkja, samþykkja sem fullnægjandi sönnun að lagt sé fram sakavottorð, eða ef það er ekki unnt, jafngilt skjal gefið út af lögbæru yfirvaldi á sviði dómgæslu eða stjórnsýslu í heimaaðildarríkinu eða því aðildarríki sem hinn erlendi ríkisborgari kemur frá, er sýnir að þessar kröfur hafi verið uppfylltar.

2. Ef heimaaðildarríkið eða aðildarríkið þaðan sem erlendi ríkisborgarinn er, gefur ekki út skjalið sem um getur í 1. mgr. getur eiðsvarin yfirlýsing komið í stað þess – eða í þeim aðildarríkjum þar sem engin ákvæði eru um slíka eiðsvarna yfirlýsingu, drengskaparheit – sem viðkomandi gefur í viðurvist lögbærs yfirvalds á sviði dómgæslu eða stjórnsýslu eða þar sem það á við, lögbókanda, í heimaaðildarríkinu eða aðildarríkinu þaðan sem viðkomandi ríkisborgari er.

Viðkomandi yfirvald eða lögbókandi skal gefa út skírteini þar sem vottaður er áreiðanleiki eiðsvörnu yfirlýsingarinnar eða drengskaparheitisins.

Yfirlýsinguna, sem um getur í 1. undirlið, um að viðkomandi hafi ekki áður verið lýstur gjaldþrota má einnig gefa hjá þar til bærri sérfræði- eða atvinnugreinastofnun í hlutaðeigandi aðildarríki.

3. Skjöl og skírteini, sem um getur í 1. og 2. mgr., skulu ekki vera eldri en þriggja mánaða frá útgáfudegi að telja þegar þau eru lögð fram.

4. Aðildarríki skulu tilnefna aðila og stofnanir sem bær eru til að gefa út þau skjöl sem getið er í 1. og 2. mgr. og skulu tilkynna það tafarlaust öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni.

Aðildarríki skulu enn fremur tilkynna hvert öðru og framkvæmdastjórninni um aðila eða stofnanir sem senda skal gögn til skv. 1. og 2. mgr. til stuðnings umsókn um leyfi til að reka á yfirráðasvæði aðildarríkisins þá starfsemi sem um getur í 2. gr.

44. gr.

Áhættustýring

1. Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu hafa skilvirkt kerfi áhættustýringar sem tekur til stefnu, vinnslu og skýrslugjafaraðferða sem nauðsynlegar eru til að greina, mæla, stjórna, hafa eftirlit með og tilkynna stöðugt um þær áhættur, hvort heldur sem er stakar eða uppsafnaðar, sem þau sæta eða gætu sætt, og víxltengslin milli þeirra.

Áhættustýringarkerfið skal vera skilvirkt og samþætt inn í stjórnskipulag vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins og ferlum við ákvarðanatöku, og taka viðeigandi tillit til þeirra einstaklinga sem reka félagið í raun eða gegna lykilhlutverki á öðrum sviðum.

2. Áhættustýringarkerfið skal ná yfir þær áhættur sem ber að taka með við útreikning á gjaldþolskröfunni eins og hún er sett fram í 4. mgr. 101. gr., ásamt þeim áhættum sem ekki eru teknar með að fullu í þeim útreikningi.

Áhættustýringarkerfið skal a.m.k. taka til eftirfarandi sviða:

a) sölutrygginga og varasjóða,

b) eigna- og skuldastýringar,

c) fjárfestinga, einkum afleiða og svipaðra skuldbindinga,

d) stýringu lausafjár- og samfylkingaráhættu,

e) stýringu rekstraráhættu,

f) endurtrygginga og annarra aðferða til að draga úr áhættu.

Skrifleg stefna um áhættustýringu, sem um getur í 3. mgr. 41. gr., skal taka til stefna sem varða a- til f-lið annars undirliðar þessarar málsgreinar.

3. Að því er varðar fjárfestingaráhættu skulu vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, sýna fram á að þau fari að 6. þætti VI. kafla.

4. Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu kveða á um áhættustýringu sem sé þannig uppsett að hún auðveldi framkvæmd áhættustýringar.

5. Hvað varðar vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, sem nota innra líkan, heildstætt eða að hluta til, í samræmi við 112. og 113. gr. skal áhættustýringin taka til eftirfarandi viðbótarverkefna:

a) að hanna innra líkanið og koma því í framkvæmd,

b) að prófa og fullgilda innra líkanið,

c) að skrá upplýsingar um innra líkanið og breytingar sem gerðar eru á því,

d) að gera frammistöðugreiningu á innra líkaninu og semja yfirlitsskýrsla um hana,

e) að gera stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn grein fyrir frammistöðu innra líkansins, tiltaka svið þar sem úrbóta er þörf og halda stjórninni upplýstri um hvernig gangi að bæta veikleika sem þegar hafa verið greindir.

45. gr.

Mat á eigin áhættu og gjaldþoli

1. Öll vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu annast mat á eigin áhættu og gjaldþoli og er það hluti af áhættustýringarkerfi þeirra.

Það mat skal a.m.k. taka til eftirfarandi:

a) í heildargjaldþoli þarf að taka tillit til hins tilgreinda áhættusniðs, samþykktra áhættuþolmarka og viðskiptaáætlunar félagsins,

b) stöðugt samræmi við eiginfjárkröfur, eins og mælt er fyrir um í 4. og 5. þætti VI. kafla, og kröfur hvað varðar vátryggingaskuldir eins og mælt er fyrir um í 2. þætti VI. kafla,

c) í hve miklum mæli áhættusnið viðkomandi félags víkur frá forsendunum sem liggja gjaldþolskröfunni til grundvallar, eins og mælt er fyrir um í 3. mgr. 101. gr., reiknuð út með stöðluðu formúlunni í samræmi við 2. undirþátt 4. þáttar VI. kafla eða innra líkan hennar, heildstætt eða að hluta til, í samræmi við 3. undirþátt 4. þáttar VI. kafla.

2. Að því er varðar a-lið 1. mgr. skal viðkomandi félag búa yfir ferlum í réttu hlutfalli við eðli, umfang og það hve flóknar áhætturnar eru sem eru innbyggðar í starfsemi þess og gera þeim kleift að þekkja og meta áhætturnar sem það stendur frammi fyrir, til lengri eða skemmri tíma, og sem það sætir eða gæti sætt. Félagið skal kynna aðferðirnar sem notaðar eru í því mati.

3. Ef innra líkan er notað, í því tilviki sem um getur í c-lið 1. mgr., skal matið framkvæmt með endurkvörðun sem breytir innri áhættutölum í áhættumati og kvörðun gjaldþolskröfunnar.

4. Mat á eigin áhættu og gjaldþoli skal vera óaðskiljanlegur hluti viðskiptaáætlunarinnar og skal stöðugt tekið tillit til þessa við stefnumótandi ákvarðanatöku félagsins.

5. Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu framkvæma matið, sem um getur í 1. mgr., reglulega og tafarlaust ef áhættusnið þeirra tekur marktækum breytingum.

6. Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu veita eftirlitsyfirvöldum upplýsingar um niðurstöðurnar úr hverju mati á eigin áhættu og gjaldþoli sem hluta af upplýsingunum sem veittar eru skv. 35. gr.

7. Matið á eigin áhættu og gjaldþoli skal ekki nota til að reikna út eiginfjárkröfu. Gjaldþolskröfuna skal aðeins leiðrétta í samræmi við 37. gr., 231.-233. gr. og 238. gr.

46. gr.

Innra eftirlit

1. Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu vera með skilvirkt innra eftirlitskerfi.

Það skal a.m.k. taka til stjórnsýslu- og bókhaldsfyrirkomulags, innri eftirlitsramma, viðeigandi skýrslugjafa á öllum stigum félagsins og þess að farið sé að ákvæðum.

2. Það að farið sé að ákvæðum skal taka til þess að vera stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn til ráðgjafar um að farið sé að ákvæðum laga og stjórnsýslufyrirmæla sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun. Það tekur líka til mats á mögulegum áhrifum allra breytinga í lagaumhverfinu á starfsemi viðkomandi félags og þess að þekkja og meta áhættuna af því að farið sé að ákvæðum.

47. gr.

Innri endurskoðun

1. Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu hafa skilvirka innri endurskoðun.

Innri endurskoðun skal taka til mats á því hvort innra eftirlitskerfið, og aðrir hlutar stjórnkerfisins, séu fullnægjandi og skilvirkir.

2. Innri endurskoðun skal vera hlutlæg og óháð rekstrarþáttum.

3. Allar niðurstöður og tilmæli í innri endurskoðun skulu tilkynntar stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn sem ákveður til hvaða aðgerða skal grípa að því er varðar niðurstöður og tilmæli innri endurskoðunar, og skal tryggja að þessar aðgerðir verði framkvæmdar.

48. gr.

Tryggingafræðileg starfsemi

1. Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu koma á skilvirkri tryggingafræðilegri starfsemi til að:

a) samræma útreikninga á vátryggingaskuldum,

b) tryggja að aðferðafræðin og þær aðferðir sem beitt er og liggja til grundvallar séu viðeigandi, og einnig forsendur útreikninga vátryggingaskulda,

c) meta hvort gögnin sem beitt er við útreikninga á vátryggingaskuldum séu fullnægjandi og uppfylli gæðakröfur,

d) bera saman besta mat og reynslu,

e) gera stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn grein fyrir því hve áreiðanlegir og fullnægjandi útreikningarnir á vátryggingaskuldunum séu,

f) hafa umsjón með útreikningum á vátryggingaskuldum í tilvikum sem sett eru fram í 82. gr.,

g) skila áliti á heildarstefnunni hvað sölutryggingar varðar,

h) skila áliti á hve fullnægjandi tilhögun við endurtryggingar er og

i) stuðla að skilvirkri innsetningu áhættustýringarkerfisins sem um getur í 44. gr., einkum að því er varðar áhættulíkanið sem liggur til grundvallar útreikningnum á eiginfjárkröfunum sem settar eru fram í 4. og 5. þætti VI. kafla, og matinu sem um getur í 45. gr.

2. Tryggingafræðilega starfsemi skulu einstaklingar með þekkingu á tryggingastærðfræði og fjármálastærðfræði annast, skal sú þekking samsvara eðli, umfangi og þeirri flóknu áhættu sem innbyggð er í starfsemi vátrygginga- eða endurtryggingafélaga og skulu viðkomandi einstaklingar geta sýnt fram á að þeir búi yfir viðeigandi reynslu af gildandi, faglegum stöðlum og öðrum stöðlum.

49. gr.

Útvistun

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, beri fulla ábyrgð á að uppfylla allar skuldbindingar sínar samkvæmt þessari tilskipun, þegar þau útvista verkefni eða hvers konar vátrygginga- eða endurtryggingastarfsemi.

2. Útvistun þýðingarmikilla eða mikilvægra rekstrarþátta eða starfsemi má ekki fara þannig fram að hún leiði til eftirfarandi:

a) að hún rýri umtalsvert gæði stjórnkerfis viðkomandi félags,

b) að hún auki rekstraráhættu óþarflega,

c) að hún rýri getu eftirlitsyfirvalda til að hafa eftirlit með því að félagið standi við skuldbindingar sínar,

d) að hún grafi undan stöðugri og fullnægjandi þjónustu við vátryggingataka.

3. Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu gera eftirlitsyfirvöldum tímanlega viðvart áður en kemur til útvistunar á þýðingarmiklum eða mikilvægum rekstrarþáttum eða starfsemi, sem og mikilvægrar þróunar sem kemur í kjölfarið hvað varðar þessa þætti eða starfsemi.

50. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

1. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdarráðstafanir til að tilgreina enn frekar:

a) þætti kerfisins sem um getur í 41., 44., 46. og 47. gr., einkum þau svið sem eiga að falla undir eigna- og skuldastýringu og fjárfestingarstefnu, eins og um getur í 2. mgr. 44. gr., um vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög,

b) hlutverk sem um getur í 44. gr. og 46.–48.gr.,

c) kröfur sem settar eru fram í 42. gr. og hlutverk sem þeim fylgja,

d) skilyrði fyrir útvistun, einkum til þjónustuveitenda í þriðja landi.

2. Þegar nauðsynlegt er að tryggja viðeigandi samleitni á matinu sem um getur í a-lið 1. mgr. 45. gr. getur framkvæmdastjórnin samþykkt framkvæmdarráðstafanir til að tilgreina frekar þætti þess mats.

3. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

3 . þ á t t u r

O p i n b e r b i r t i n g

51. gr.

Skýrsla um gjaldþol og fjárhagsleg skilyrði: inntak

1. Að teknu tilliti til upplýsinganna sem gerð er krafa um í 3. mgr. og meginreglnanna sem settar eru fram í 4. mgr. 35. gr. skulu aðildarríkin skylda vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, til að birta opinberlega skýrslu á hverju ári um gjaldþol þeirra og fjárhagsleg skilyrði.

Skýrslan skal innihalda eftirfarandi upplýsingar, annaðhvort í heild eða með vísun til sambærilegra upplýsinga, bæði hvað varðar eðli og umfang, sem birtar eru opinberlega undir öðrum ákvæðum laga og reglna:

a) lýsing á starfseminni og árangri félagsins,

b) lýsing á stjórnkerfinu og mat á hæfi þess fyrir áhættusnið félagsins,

c) sérstök lýsing, fyrir hvern áhættuflokk, á áhættu, samþjöppun, úrdrætti og næmi,

d) lýsing, þar sem sérstaklega er fjallað um fjármuni, vátryggingaskuldir og aðrar skuldir, á þeim grundvelli og aðferðum sem notaðar eru til að meta verðmæti þeirra, ásamt skýringu á verulegum mun sem kann að vera á þeim grundvelli og aðferðum sem notaðar eru til að meta verðmæti þeirra í reikningsskilum,

e) lýsing á stýringu á fjármagni, þ.m.t. eftirfarandi a.m.k.:

i. gerð, fjárhæð og gæði eiginfjárliða,

ii. fjárhæðir gjaldþolskröfu og lágmarkskröfur um eigið fé,

iii. valkosturinn sem settur er fram í 304. gr. um útreikning á gjaldþolskröfunni,

iv. upplýsingar sem leiða til skilnings á meginmuninum á forsendunum sem liggja til grundvallar stöðluðu formúlunni og þeim sem eiga við um öll innri líkön sem félagið notar til að reikna út gjaldþolskröfu sína,

v. fjárhæð allra frávika frá lágmarkskröfu um eigið fé eða öll veruleg frávik frá gjaldþolskröfunni á reikningsskilatímabilinu, jafnvel þó þau séu leiðrétt í framhaldinu, með skýringu á uppruna, afleiðingum og öllum ráðstöfunum til úrbóta sem gripið er til.

2. Lýsingin sem um getur í i. lið e-liðar 1. mgr. skal innihalda greiningu á öllum verulegum breytingum samanborið við fyrra reikningsskilatímabil, og útskýringu á öllum verulegum mun að því er varðar verðmæti slíkra þátta í reikningsskilum, og stutta lýsingu á framsalshæfi eigin fjár.

Upplýsingarnar um gjaldþolskröfuna sem um getur í ii. lið e-liðar 1. mgr. skulu sýna sérstaklega fjárhæðina sem reiknuð er í samræmi við 2. og 3. undirþátt 4. þáttar VI. kafla og allar viðbótargjaldþolskröfur sem lagðar eru á í samræmi við 37. gr., eða áhrif hinna sérstöku breytna sem krafa er gerð um að vátrygginga- eða endurtryggingafélög noti í samræmi við 110. gr., ásamt gagnorðum upplýsingum um rök viðkomandi eftirlitsyfirvalda fyrir henni.

Með fyrirvara um allar upplýsingar sem eru skyldubundnar skv. öllum öðrum laga- og reglugerðarskilyrðum geta aðildarríki þó kveðið á um, enda þótt heildargjaldþolskrafan sem um getur í ii. lið e-liðar 1. mgr. sé birt, að ekki þurfi að birta viðbótargjaldþolskröfuna sérstaklega, eða áhrifin af hinum tilteknu breytum sem vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu er gert að nota í samræmi við 110. gr., á aðlögunartímabili sem lýkur ekki síðar en 31. október 2017.

Birtingu upplýsinga um gjaldþolskröfuna skal eftir atvikum fylgja vísbending um að lokafjárhæðin sé eftir sem áður háð eftirlitsmati.

52. gr.

Upplýsingar til samstarfsnefndar evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita (CEIOPS) og skýrslur hennar

1. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að eftirlitsyfirvöld leggi árlega fram eftirfarandi upplýsingar til handa samstarfsnefnd evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita:

a) meðaltal viðbótargjaldþolskröfu á fyrirtæki og dreifing slíkra krafna sem eftirlitsyfirvöld hafa komið á árið á undan, mælt sem hlutfall af gjaldþolskröfunni, sýnt sérstaklega sem hér segir:

i. þegar um er að ræða vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög,

ii. þegar um er að ræða líftryggingafélög,

iii. þegar um er að ræða skaðatryggingafélög,

iv. þegar um er að ræða vátryggingafélög sem reka bæði líftrygginga- og skaðatryggingastarfsemi,

v. þegar um er að ræða endurtryggingafélög,

b) þegar um er að ræða upplýsingar sem settar eru fram í a-lið, hlutfall viðbótargjaldþolskrafna sem sett er á samkvæmt a-, b- og c-lið 1. mgr. 37. gr.

2. Samstarfsnefnd evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita skal árlega birta opinberlega eftirfarandi upplýsingar:

a) fyrir aðildarríkin í heild, heildardreifingu viðbótargjaldþolskrafna, mælda sem hlutfall af gjaldþolskröfunni, fyrir hvert eftirfarandi:

i. öll vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög,

ii. líftryggingafélög,

iii. skaðatryggingafélög,

iv. vátryggingafélög sem reka bæði líftrygginga- og skaðatryggingastarfsemi,

v. endurtryggingafélög,

b) fyrir aðildarríkin hvert í sínu lagi, heildardreifingu viðbótargjaldþolskrafna, mælda sem hlutfall af gjaldþolskröfunni, sem tekur til allra vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, í viðkomandi aðildarríki,

c) fyrir upplýsingar sem settar eru fram í a- og b-lið, hlutfall viðbótargjaldþolskrafna sem sett er á samkvæmt a-, b- og c-lið 1. mgr. 37. gr.

3. Samstarfsnefnd evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita skal veita Evrópuþinginu, ráðinu og framkvæmdastjórninni upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr, ásamt skýrslu þar sem gerð er grein fyrir hve mikil samleitni eftirlits er þegar viðbótargjaldþolskröfum er beitt milli eftirlitsyfirvalda í mismunandi aðildarríkjum.

53. gr.

Skýrsla um gjaldþol og fjárhagsleg skilyrði: gildandi meginreglur

1. Eftirlitsyfirvöld skulu gefa vátryggingafélögum, þ.m.t. endurtryggingafélögum, leyfi til að greina ekki frá upplýsingum ef:

a) birting slíkra upplýsinga yrði til þess að þeir aðilar sem eru í samkeppni við félagið öðluðust umtalsverðan, óréttmætan ávinning,

b) skyldur við vátryggingataka eða önnur tengsl við mótaðila valda því að félag er bundið þagnarskyldu eða trúnaðarkvöð.

2. Ef eftirlitsyfirvöld heimila að upplýsingar séu ekki veittar skulu félög gefa yfirlýsingu þess efnis í skýrslum sínum um gjaldþol og fjármögnunarskilyrði og tiltaka ástæðurnar.

3. Eftirlitsyfirvöld skulu heimila vátryggingafélögum, þ.m.t. endurtryggingafélögum, að nota eða vísa til opinberra yfirlýsinga sem eru í samræmi við önnur laga- og reglugerðarskilyrði, að því marki sem þessar yfirlýsingar jafngilda upplýsingunum sem gerð er krafa um skv. 51. gr., bæði hvað varðar eðli þeirra og umfang.

4. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda um upplýsingar sem tilgreindar eru í e-lið 1. mgr. 51. gr.

54. gr.

Skýrsla um gjaldþol og fjárhagsleg skilyrði: uppfærslur og valfrjálsar viðbótarupplýsingar

1. Ef veruleg breyting á sér stað sem hefur umtalsverð áhrif á upplýsingarnar sem birtar eru samkvæmt 51. og 53. gr. skulu vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, birta viðeigandi upplýsingar um eðli og umfang þessara verulegu breytinga.

Að því er fyrstu undirgrein varðar skal a.m.k. eftirfarandi teljast verulegar breytingar:

a) frávik frá lágmarkskröfum um eigið fé og eftirlitsyfirvöld líta annaðhvort svo á að félagið geti ekki lagt fram raunhæfa skammtímafjárhagsáætlun eða fái ekki slíka áætlun innan mánaðar frá þeirri dagsetningu þegar frávikið kom í ljós,

b) umtalsvert frávik frá gjaldþolskröfunni kemur í ljós og eftirlitsyfirvöld fá ekki raunhæfa endurreisnaráætlun innan tveggja mánaða frá þeirri dagsetningu þegar frávikið kom í ljós.

Varðandi a-lið annarrar undirgreinar skulu eftirlitsyfirvöld krefjast þess að umrætt félag greini þegar frá því um hve mörg frávik sé að ræða, ásamt skýringum á uppruna þeirra og afleiðingum, þ.m.t. allar ráðstafanir til úrbóta sem gripið er til. Ef frávik frá lágmarkskröfum um eigið fé hefur ekki verið leyst þremur mánuðum eftir að það kom í ljós, þrátt fyrir skammtímafjárhagsáætlun sem talin er raunhæf, skal frávikið birt í lok þess tímabils ásamt skýringu á uppruna þess og afleiðingum, þ.m.t. allar ráðstafanir til úrbóta sem gripið er til auk allra frekari ráðstafana til úrbóta sem áætlaðar eru.

Varðandi b-lið annarrar undirgreinar skulu eftirlitsyfirvöld krefjast þess að umrætt félag greini þegar frá því um hve mörg frávik sé að ræða, ásamt skýringum á uppruna þeirra og afleiðingum, þ.m.t. allar ráðstafanir til úrbóta sem gripið er til. Ef umtalsvert frávik frá gjaldþolskröfunni hefur ekki verið leyst sex mánuðum eftir að það kom í ljós, þrátt fyrir endurreisnaráætlunina sem upphaflega var talin raunhæf, skal frávikið birt í lok þess tímabils ásamt skýringu á uppruna þess og afleiðingum, þ.m.t. allar ráðstafanir til úrbóta sem gripið er til auk allra frekari ráðstafana til úrbóta sem áætlaðar eru.

2. Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, geta birt að eigin frumkvæði allar upplýsingar eða skýringar sem tengjast gjaldþoli þeirra og fjárhagsstöðu, hafi ekki þegar verið krafist birtingar á þeim í samræmi við 51. og 53. gr. og 1. mgr. þessarar greinar.

55. gr.

Skýrsla um gjaldþol og fjárhagsleg skilyrði: stefna og samþykki

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, komi á viðeigandi kerfi og skipulagi til að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 51. gr., 53. gr. og 1. mgr. 54. gr. og einnig skriflegri stefnu og tryggi þar með að allar upplýsingar sem birtar eru í samræmi við 51., 53. og 54. gr. eigi ávallt við.

2. Skýrslan um gjaldþol og fjárhagsstöðu skal háð samþykki stjórnar, framkvæmdastjórnar eða eftirlitsstjórnar vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins og skal ekki birt fyrr en að fengnu því samþykki.

56. gr.

Skýrsla um gjaldþol og fjárhagsleg skilyrði: framkvæmdarráðstafanir

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdarráðstafanir sem tilgreina nánar þær upplýsingar sem verður að birta, og með hvaða aðferðum því verði náð.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

4. þáttur

Virk eignarhlutdeild

57. gr.

Yfirtökur

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að einstaklingur eða lögaðili, eða slíkir aðilar í samstarfi (fyrirhugaður yfirtökuaðili), sem hafa tekið ákvörðun um að annaðhvort yfirtaka, beint eða óbeint, virka eignarhlutdeild í vátrygginga- eða endurtryggingafélagi eða auka frekar, beint eða óbeint, virka eignarhlutdeild sína í vátrygginga- eða endurtryggingafélagi svo mikið að hlutfall viðkomandi aðila af atkvæðisrétti eða hlutafé nemi eða fari yfir 20%, 30% eða 50% eða þannig að vátrygginga- eða endurtryggingafélagið yrði dótturfélag hans (fyrirhuguð yfirtaka), tilkynni það áður skriflega eftirlitsyfirvöldum í ríki vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins, sem þeir hyggjast yfirtaka eða auka eignarhlutdeild sína í, og skýri þeim frá hve stórum hluta í félaginu þeir hyggjast ráða yfir, eins og um getur í 4. mgr. 59. gr. Aðildarríkin þurfa ekki að beita 30% viðmiðunarmörkunum ef þau, í samræmi við a-lið 3. mgr. 9. gr.

tilskipunar 2004/109/EB, beita viðmiðunarmörkum sem miðast við einn þriðja hluta.

2. Aðildarríkin skulu krefjast þess að einstaklingur eða lögaðili, sem hefur tekið ákvörðun um að ráðstafa, beint eða óbeint, virkri eignarhlutdeild í vátrygginga- eða endurtryggingafélagi, tilkynni það áður skriflega eftirlitsyfirvöldum í heimaaðildarríkinu og skýri þeim frá hve stór hlutur þessa einstaklings eða lögaðila verði eftir fyrirhugaða sölu. Hlutaðeigandi skal einnig tilkynna eftirlitsyfirvöldum um ákvörðun um að minnka virka eignarhlutdeild þess einstaklings eða lögaðila svo mikið að hlutfall atkvæðisréttar eða hlutafjár hans fari niður fyrir 20%, 30% eða 50% eða að vátrygginga- eða endurtryggingafélagið hætti að vera dótturfélag hlutaðeigandi. Aðildarríkin þurfa ekki að beita 30% viðmiðunarmörkunum ef þau, í samræmi við a-lið 3. mgr. 9. gr. tilskipunar 2004/109/EB, beita viðmiðunarmörkum sem miðast við einn þriðja hluta.

58. gr.

Matstímabil

1. Eftirlitsyfirvöld skulu, þegar í stað og a.m.k. innan tveggja virkra daga frá viðtöku tilkynningarinnar, sem krafist er í 1. mgr. 57. gr., svo og í kjölfar hugsanlegrar síðari móttöku upplýsinga, sem um getur í 2. mgr., senda fyrirhuguðum yfirtökuaðila kvittun fyrir móttöku.

Eftirlitsyfirvöld skulu hafa mest 60 daga frá þeim degi þegar þeim berst kvittun fyrir viðtöku tilkynningarinnar og allra þeirra skjala sem aðildarríkið fer fram á að fylgi tilkynningunni á grundvelli skrárinnar sem um getur í 4. mgr. 59. gr. (matstímabil) til þess að framkvæma matið sem kveðið er á um í 1. mgr. 59. gr. (matið).

Eftirlitsyfirvöld skulu tilkynna fyrirhuguðum yfirtökuaðila um það hvenær matstímabilinu lýkur þegar þau kvitta fyrir móttöku.

2. Á matstímabilinu er eftirlitsyfirvöldum heimilt, ef þörf krefur og eigi síðar en á 50. virka degi matstímabilsins, að fara fram á nánari upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að ljúka við matið. Slíkar beiðnir skulu vera skriflegar og í þeim skal tilgreina hvaða viðbótarupplýsinga sé þörf.

Á tímabilinu frá því eftirlitsyfirvöld biðja um upplýsingarnar þar til svar berst frá fyrirhuguðum yfirtökuaðila við þeim skal gera hlé á matstímabilinu. Það hlé má ekki vara lengur en 20 virka daga. Eftirlitsyfirvöldum er heimilt að biðja um frekari eða nánari upplýsingar en það skal ekki leiða til þess að hlé sé gert á matstímabilinu.

3. Eftirlitsyfirvöld geta framlengt hléið, sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr., í allt að 30 virka daga ef fyrirhugaður yfirtökuaðili er:

a) staðsettur eða eftirlitsskyldur utan Bandalagsins eða

b) einstaklingur eða lögaðili sem fellur ekki undir eftirlit samkvæmt þessari tilskipun, tilskipun ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) ([1]), tilskipun 2004/39/EB eða tilskipun 2006/48/EB.

4. Ákveði eftirlitsyfirvöld, að loknu mati sínu, að andmæla fyrirhugaðri yfirtöku, skulu þau, innan tveggja virkra daga og á sjálfu matstímabilinu, tilkynna það fyrirhuguðum yfirtökuaðila skriflega og rökstyðja þá ákvörðun. Með fyrirvara um landslög er heimilt að birta opinberlega viðeigandi yfirlýsingu um ástæður fyrir ákvörðuninni að fenginni beiðni fyrirhugaðs yfirtökuaðila. Þetta kemur ekki í veg fyrir að aðildarríki heimili eftirlitsyfirvaldi að birta slíkar upplýsingar þótt ekki liggi fyrir beiðni frá fyrirhuguðum yfirtökuaðila.

5. Ef eftirlitsyfirvöld andmæla ekki fyrirhugaðri yfirtöku skriflega á matstímabilinu telst hún samþykkt.

6. Eftirlitsyfirvöldum er heimilt að fastsetja hámarkstímabil til að ganga frá fyrirhugaðri yfirtöku og framlengja það eftir því sem við á.

7. Aðildarríkin skulu ekki setja strangari skilyrði fyrir tilkynningu til og samþykki eftirlitsyfirvalda á beinum eða óbeinum yfirtökum á atkvæðisrétti eða hlutafé en sett eru í þessari tilskipun.

8. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdarráðstafanir sem tilgreina nánar breytingar á viðmiðunum, sem settar eru fram í 1. mgr. 59. gr., með framtíðarþróun í huga og til að tryggja samræmda beitingu 57.–63. gr.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

59. gr.

Mat

1. Við mat á tilkynningunni, sem kveðið er á um í 1. mgr. 57. gr., og upplýsingunum, sem um getur í 2. mgr. 58. gr., skulu eftirlitsyfirvöld, til að tryggja trausta og varfærna stjórnun vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins, sem fyrirhugað er að yfirtaka, og, að teknu tilliti til hugsanlegra áhrifa fyrirhugaðs yfirtökuaðila á vátrygginga- eða endurtryggingafélagið, leggja mat á hæfi fyrirhugaðs yfirtökuaðila og það hversu fjárhagslega traust fyrirhuguð yfirtaka er með hliðsjón af öllum eftirfarandi viðmiðunum:

a) orðspori fyrirhugaðs yfirtökuaðila,

([1]) Stjtíð. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3.

b) orðspori og reynslu hvers þess aðila sem kemur til með að stjórna viðskiptum vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins í kjölfar fyrirhugaðrar yfirtöku,

c) fjárhagslegu trausti fyrirhugaðs yfirtökuaðila, einkum í tengslum við þá gerð viðskipta sem eru stunduð og áformað er að stunda í vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu sem fyrirhugað er að yfirtaka,

d) því hvort vátrygginga- eða endurtryggingafélagið getur farið að og haldið áfram að fara að varfærniskröfunum, sem byggjast á þessari tilskipun og, eftir atvikum, öðrum tilskipunum, nánar til tekið tilskipun 2002/87/EB, einkum hvort uppbygging samstæðunnar, sem það verður hluti af, sé þannig að hægt sé að hafa skilvirkt eftirlit með henni, skiptast á upplýsingum um hana milli eftirlitsyfirvalda á skilvirkan hátt og ákvarða skiptingu ábyrgðar milli eftirlitsyfirvalda,

e) því hvort gildar ástæður séu til að ætla að peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, í skilningi 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB frá 26. október 2005 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi ([1]), eigi sér stað, hafi átt sér stað eða hafi verið framin, eða hvort fyrirhuguð yfirtaka geti aukið hættuna á því.

2. Eftirlitsyfirvöld geta ekki andmælt fyrirhugaðri yfirtöku nema fyrir því liggi gildar ástæður á grundvelli viðmiðananna sem sett eru fram í 1. mgr. eða ef upplýsingarnar sem fyrirhugaður yfirtökuaðili veitir eru ófullnægjandi.

3. Aðildarríki skulu hvorki setja nein skilyrði fyrirfram hvað varðar hlutfall eignarhlutdeildar sem verður að yfirtaka né heimila eftirlitsyfirvöldum sínum að kanna fyrirhugaða yfirtöku m.t.t. hagrænna þarfa markaðarins.

4. Aðildarríkin skulu birta opinberlega skrá með nauðsynlegum upplýsingum til að framkvæma matið og sem ber að senda eftirlitsyfirvöldum um leið og tilkynninguna sem um getur í 1. mgr. 57. gr. Upplýsingarnar sem krafist er skulu vera í réttu hlutfalli við og lagaðar að eðli fyrirhugaðs yfirtökuaðila og fyrirhugaðrar yfirtöku. Aðildarríkin skulu ekki krefjast annarra upplýsinga en þeirra sem skipta máli fyrir varfærnismat.

5. Hafi eftirlitsyfirvaldi verið tilkynnt um tvær eða fleiri fyrirhugaðar yfirtökur eða tvö eða fleiri tilvik fyrirhugaðrar aukningar á virkri eignarhlutdeild í sama vátrygginga- eða endurtryggingafélagi skal, með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr. 58. gr., meðferð þess á fyrirhuguðum yfirtökuaðilum vera án mismununar.

([1]) Stjtíð. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 15.

60. gr.

Yfirtökur af hálfu eftirlitsskyldra fjármálafyrirtækja

1. Viðeigandi eftirlitsyfirvöld skulu hafa fullt samráð sín á milli þegar þau framkvæma mat ef fyrirhugaður yfirtökuaðili er:

a) lánastofnun, vátrygginga- eða endurtryggingafélag, fjárfestingarfyrirtæki eða rekstrarfélag í skilningi 2. liðar 1. gr. a í tilskipun 85/611/EBE (rekstrarfélag verðbréfasjóðs) með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða öðrum geira en þeim þar sem yfirtakan er fyrirhuguð,

b) móðurfélag lánastofnunar, vátrygginga- eða endurtryggingafélags, fjárfestingarfyrirtækis eða rekstrarfélags verðbréfasjóðs með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða öðrum geira en þeim þar sem yfirtakan er fyrirhuguð eða

c) einstaklingur eða lögaðili sem hefur yfirráð yfir lánastofnun, vátrygginga- eða endurtryggingafélagi, fjárfestingarfyrirtæki eða rekstrarfélagi verðbréfasjóðs með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða öðrum geira en þeim þar sem yfirtakan er fyrirhuguð.

2. Eftirlitsyfirvöld skulu veita hvert öðru, án óþarfa tafa, allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru eða skipta máli fyrir matið. Að því er þetta varðar skulu eftirlitsyfirvöldin senda hvert öðru allar upplýsingar sem málið varðar ef óskað er eftir því og allar mikilvægar upplýsingar að eigin frumkvæði. Taki eftirlitsyfirvaldið, sem veitt hefur vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu, sem fyrirhugað er að yfirtaka, starfsleyfi, ákvörðun skal tilgreina í henni sjónarmið eða fyrirvara sem eftirlitsyfirvaldið, sem ber ábyrgð á fyrirhuguðum yfirtökuaðila, hefur látið í ljósi eða gert.

61. gr.

Upplýsingar frá vátrygginga- eða endurtryggingafélagi til eftirlitsyfirvalds

Þegar vátrygginga- eða endurtryggingafélag fær vitneskju um öflun og ráðstöfun á eignarhlutum í eigin fé sínu, sem veldur því að þessir eignarhlutar fara yfir eða undir mörkin sem tilgreind eru í 57. gr. og 1.-7. mgr. 58. gr., skal það tilkynna það eftirlitsyfirvöldum í heimaaðildarríkinu.

Vátrygginga- eða endurtryggingafélagið skal einnig, a.m.k. einu sinni á ári, tilkynna eftirlitsyfirvöldunum í heimaaðildarríkinu nöfn þeirra hluthafa og aðila sem eiga virka eignarhlutdeild og upphæð þess hlutafjár svo sem gefið er upp t.d. á aðalfundum hluthafa eða félagsaðila eða vegna reglna sem settar eru um fyrirtæki sem skráð eru í kauphöllum.

62. gr.

Virk eignarhlutdeild, heimildir eftirlitsyfirvalda

Aðildarríkin skulu krefjast þess að þegar áhrif þeirra aðila sem um getur í 57. gr. eru líkleg til að ganga gegn traustri og varfærinni stjórnun vátrygginga- eða endurtryggingafélags skuli eftirlitsyfirvöld í heimaaðildarríki þess félags þar sem sóst er eftir virkri eignarhlutdeild eða hún aukin, grípa til viðeigandi ráðstafana til að binda enda á það ástand. Slíkar ráðstafanir geta t.d. verið lögbann, viðurlög gagnvart stjórnendum og forstöðumönnum eða svipting atkvæðisréttar sem fylgir hlutabréfum þeirra hluthafa og aðila sem um ræðir.

Svipaðar ráðstafanir skulu gilda gagnvart einstaklingum eða lögaðilum sem ekki standa við skuldbindinguna um að veita upplýsingar sem kveðið er á um í 57. gr.

Ef eignarhlutdeildar er aflað þrátt fyrir andstöðu eftirlitsyfirvalda skulu aðildarríkin, óháð öðrum refsiaðgerðum sem gripið er til, kveða á um:

1) sviptingu atkvæðisréttar eða

2) ógildingu á öllum greiddum atkvæðum eða að hægt sé að ógilda þau.

63. gr.

Atkvæðisréttur

Að því er varðar þennan lið ber að taka tillit til atkvæðisréttarins sem um getur í 9. og 10. gr. tilskipunar 2004/109/EB, svo og til skilyrða um samlagningu sem mælt er fyrir um í 4. og 5. mgr. 12. gr. þeirrar tilskipunar.

Aðildarríki skulu ekki taka tillit til atkvæðisréttar eða hlutabréfa sem fjárfestingarfyrirtæki eða lánastofnanir kunna að eiga eftir að hafa veitt sölutryggingu vegna fjármálagerninga og/eða markaðssett fjármálagerninga á skuldbindandi grundvelli skv. 6. lið A-þáttar í I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB, að því tilskildu að þessi réttindi séu ekki nýtt eða notuð á annan hátt til að hlutast til um stjórn útgefandans og að þeim sé ráðstafað innan eins árs frá yfirtökunni.

5. þáttur

Þagnarskylda, upplýsingaskipti og kynning á samleitni eftirlits

64. gr.

Þagnarskylda

Aðildarríkin skulu mæla svo fyrir að allir þeir sem vinna fyrir eða hafa unnið fyrir eftirlitsyfirvöld, sem og endurskoðendur eða sérfræðingar sem koma fram fyrir hönd þessara yfirvalda, séu bundnir þagnarskyldu.

Þessir einstaklingar skulu ekki skýra neinum einstaklingum eða yfirvöldum frá trúnaðarmálum sem þeir öðlast vitneskju um við skyldustörf sín nema um sé að ræða ágrip eða samantekt af því tagi að ekki sé unnt að bera kennsl á einstök vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, þó með fyrirvara um mál sem heyra undir hegningarlög.

Þó má skýra frá trúnaðarupplýsingum í málum sem heyra undir einkamálrétt eða verslunarrétt ef vátrygginga- eða endurtryggingafélag hefur verið lýst gjaldþrota eða tekið nauðugt til slitameðferðar, snerti þau ekki þriðju aðila sem reyna að bjarga áðurnefndu félagi.

65. gr.

Upplýsingaskipti milli eftirlitsyfirvalda aðildarríkjanna

Ákvæði 64. gr. skulu ekki útiloka að eftirlitsyfirvöld í mismunandi aðildarríkjum skiptist á upplýsingum. Slíkar upplýsingar skulu háðar þagnarskyldu svo sem kveðið er á um í 64. gr.

66. gr.

Samvinna við þriðju lönd

Aðildarríkjunum er því aðeins heimilt að gera samstarfssamninga um upplýsingaskipti við eftirlitsyfirvöld í þriðju löndum, eða yfirvöld eða stofnanir í þriðju löndum, eins og skilgreint er í 1. og 2. mgr. 68. gr., að um upplýsingarnar sem veita skal ríki þagnarskylda í a.m.k. sama mæli og um getur í þessum þætti. Slík upplýsingaskipti skulu fara fram í þeim tilgangi að fyrrgreind yfirvöld eða stofnanir geti sinnt eftirlitsstörfum sínum.

Séu upplýsingarnar, sem aðildarríki skal veita þriðja landi, upprunnar í öðru aðildarríki skal ekki afhenda þær án skýlauss samþykkis eftirlitsyfirvalda í því aðildarríki og, þar sem við á, einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.

67. gr.

Notkun trúnaðarupplýsinga

Eftirlitsyfirvöld, sem fá upplýsingar um trúnaðarmál skv. 64. eða 65 gr. mega einungis notfæra sér þær við skyldustörf sín í eftirfarandi tilgangi:

1) til að fylgjast með því að skilyrði fyrir því að stofnað er til vátrygginga- eða endurtryggingastarfsemi séu uppfyllt, og til að auðvelda eftirlit með slíkri starfsemi, einkum m.t.t. eftirlits með vátryggingaskuldum, gjaldþolskröfu, lágmarkskröfum um eigið fé og stjórnkerfi,

2) til að beita viðurlögum,

3) þegar ákvörðun eftirlitsyfirvalds er skotið til æðra stjórnsýslustigs,

4) í málarekstri fyrir dómstóli samkvæmt þessari tilskipun.

68. gr.

Upplýsingaskipti við önnur yfirvöld

1. Ákvæði 64. og 67. gr. skulu ekki útiloka neitt af eftirfarandi:

a) upplýsingaskipti milli nokkurra eftirlitsyfirvalda í sama aðildarríki þegar þau gegna eftirlitshlutverki sínu,

b) upplýsingaskipti milli eftirlitsyfirvalda, þegar þau gegna eftirlitshlutverki sínu, og einhverra af eftirtöldum aðilum sem eru staðsettir í sama aðildarríki:

   i. yfirvöld sem annast eftirlit með lánastofnunum og öðrum fjármálastofnunum og yfirvöld sem annast eftirlit með fjármálamörkuðum,

   ii. stofnanir sem hafa afskipti af félagsslitum og gjaldþroti vátrygginga- eða endurtryggingafélaga og annarri sambærilegri málsmeðferð,

   iii. aðilar sem annast lögboðna endurskoðun á reikningum vátryggingafélaga, endurtryggingafélaga og annarra fjármálastofnana,

c) birtingu nauðsynlegra upplýsinga til handa stofnunum sem stjórna lögboðinni slitameðferð eða ábyrgðasjóðum til að þær geti gegnt starfi sínu.

Upplýsingaskiptin sem um getur í b- og c-liðum geta einnig farið fram milli mismunandi aðildarríkja.

Upplýsingar, sem þessi yfirvöld, stofnanir og aðilar fá, skulu háðar skilyrðum um þagnarskyldu svo sem mælt er fyrir um í 64. gr.

2. Ákvæði 64. og 67. gr. skulu ekki koma í veg fyrir að aðildarríki heimili upplýsingaskipti milli eftirlitsyfirvalda og einhverra eftirfarandi aðila:

a) yfirvalda sem annast eftirlit með stofnunum sem hafa afskipti af félagsslitum og gjaldþrotaskiptum vátryggingafélaga, endurtryggingafélaga og annarri sambærilegri málsmeðferð,

b) yfirvalda sem annast eftirlit með aðilum sem falin er lögboðin endurskoðun reikninga vátryggingafélaga, endurtryggingafélaga, lánastofnana, fjárfestingarfyrirtækja og annarra fjármálastofnana,

c) óháðra tryggingafræðinga vátryggingafélaga eða endurtryggingafélaga sem annast lögboðið eftirlit með þessum félögum, svo og stofnana sem annast eftirlit með þessum tryggingafræðingum.

Aðildarríki sem beita ákvæði fyrstu undirgreinar skulu krefjast þess að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt hið minnsta:

a) upplýsingarnar skal nota í því skyni að hafa umsjón með og annast lögboðið eftirlit eins og um getur í fyrstu undirgrein,

b) upplýsingarnar sem fengnar eru skulu háðar skilyrðum um þagnarskyldu svo sem mælt er fyrir um í 64. gr.,

c) séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki er ekki heimilt að afhenda þær án skýlauss samþykkis eftirlitsyfirvalds þaðan sem þær eru upprunnar, og þá einungis til þeirra nota sem sama yfirvald hefur gefið samþykki fyrir.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum hvaða yfirvöld, aðilar og stofnanir megi taka við upplýsingum samkvæmt 1. og 2. undirgrein.

3. Ákvæði 64.–67. gr. skulu ekki koma í veg fyrir að aðildarríkin geti, með það að markmiði að auka stöðugleika fjármálakerfisins og gera það heilsteyptara, leyft skipti á upplýsingum milli eftirlitsyfirvalda og yfirvalda eða stofnana sem hafa það hlutverk að ljóstra upp um og rannsaka brot á félagarétti.

Aðildarríki sem beita ákvæði fyrstu undirgreinar skulu krefjast þess að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt hið minnsta:

a) upplýsingarnar verða að vera ætlaðar til uppljóstrana og rannsókna eins og um getur í fyrstu undirgrein,

b) upplýsingar sem fengnar eru skulu háðar skilyrðum um þagnarskyldu svo sem mælt er fyrir um í 64. gr.,

c) séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki skulu þær ekki afhentar án skýlauss samþykkis eftirlitsyfirvalds þaðan sem þær eru upprunnar, og þá einungis til þeirra nota sem sama yfirvald hefur gefið samþykki fyrir.

Ef svo ber undir í aðildarríki að yfirvöld eða stofnanir, sem um getur í fyrstu undirgrein, njóta við uppljóstranir eða rannsóknir sínar aðstoðar einstaklinga, sem hafa verið tilnefndir í þessu skyni vegna sérþekkingar sinnar en starfa ekki á vegum hins opinbera, er heimilt að láta hugsanleg upplýsingaskipti, sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, ná einnig til slíkra einstaklinga með þeim skilyrðum sem sett eru fram í annarri undirgrein.

Við beitingu c-liðar annarrar undirgreinar ber yfirvöldum eða stofnunum, sem um getur í fyrstu undirgrein, að gera eftirlitsyfirvaldinu, þaðan sem upplýsingarnar eru upprunnar, grein fyrir nöfnum og nákvæmu umboði aðilanna sem eiga að fá þær.

4. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum hvaða yfirvöld, aðilar eða stofnanir mega þiggja upplýsingar samkvæmt 3. mgr.

69. gr.

Upplýsingar sem veittar eru stjórnarskrifstofum sem bera ábyrgð á fjármálalöggjöf

Ákvæði 64. og 67. gr. skulu ekki koma ekki í veg fyrir að aðildarríkin leyfi, samkvæmt ákvæðum í lögum, að öðrum deildum

stjórnarskrifstofa sem bera ábyrgð á löggjöf um eftirlit með lánastofnunum, fjármálastofnunum, fjárfestingarþjónustu og vátrygginga- eða endurtryggingafélögum og eftirlitsmönnum, sem koma fram fyrir hönd þessara deilda, sé skýrt frá vissum upplýsingum.

Slíkar upplýsingar skal þó aðeins veita þegar þess er þörf vegna varfærnieftirlits með starfseminni. Þó skulu aðildarríkin kveða á um að upplýsingar, sem fengnar eru skv. 65. gr. og 1. mgr. 68. gr. eða með sannprófun á staðnum, svo sem um getur í 32. gr., megi aldrei veita í þeim tilvikum sem um getur í þessari grein nema með skýlausu samþykki eftirlitsyfirvalda aðildarríkisins sem veitti upplýsingarnar eða eftirlitsyfirvalda aðildarríkisins þar sem sannprófunin á staðnum fór fram.

70. gr.

Miðlun upplýsinga til seðlabanka og yfirvalda á sviði peningamála

Með fyrirvara um þennan þátt getur eftirlitsyfirvald sent upplýsingar, sem ætlað er að komi að haldi við störf þeirra, til eftirfarandi aðila:

1) seðlabanka og annarra stofnana sem gegna svipuðu hlutverki og yfirvöld á sviði peningamála,

2) eftir atvikum, annarra opinberra yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti með greiðslukerfum.

Þessi yfirvöld eða stofnanir geta einnig sent eftirlitsyfirvöldum upplýsingar sem þau geta þurft á að halda að því er varðar 67. gr. Um upplýsingar, sem eru fengnar í þessu sambandi, skulu gilda ákvæði um þagnarskyldu sem mælt er fyrir um í þessum þætti.

71. gr.

Samleitni eftirlits

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að umboð eftirlitsyfirvalda miðist við tilhlýðilegt tillit til hagsmuna Evrópusambandsins.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að við skyldustörf sín taki eftirlitsyfirvöld tillit til samleitni að því er varðar eftirlitstæki og framkvæmd eftirlits við beitingu laga og stjórnsýslufyrirmæla, sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun. Í þeim tilgangi skulu aðildarríkin sjá til þess að eftirlitsyfirvöld taki þátt í starfsemi samstarfsnefndar evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsaðila samkvæmt ákvörðun 2009/79/EB og taki viðeigandi tillit til leiðbeininga og tilmæla sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar.

3. Ef nauðsyn krefur skal samstarfsnefnd evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsaðila kveða á um leiðbeiningar og tilmæli, sem ekki eru bindandi að lögum, varðandi innleiðingu ákvæðanna í þessari tilskipun og framkvæmdarráðstafanir þeirra, til þess að auka samleitni eftirlitsaðferða. Þá skal samstarfsnefnd evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsaðila reglulega gefa Evrópuþinginu, ráðinu og framkvæmdastjórninni skýrslu, eigi sjaldnar en annað hvert ár, um framvindu samleitni eftirlitsaðferða í Bandalaginu.

6. þáttur

Skyldur endurskoðenda

72. gr.

Skyldur endurskoðenda

1. Aðildarríkin skulu að lágmarki kveða á um að aðilum sem til þess hafa heimild í skilningi áttundu tilskipunar ráðsins 84/253/EBE frá 10. apríl 1984 sem byggð er á g-lið 3. mgr. 54. gr. sáttmálans um löggildingu einstaklinga sem falið er að annast lögboðna endurskoðun bókhaldsgagna ([1]), og annast í vátrygginga- eða endurtryggingafélögum hina lögboðnu endurskoðun sem um getur í 51. gr. tilskipunar 78/660/EBE, 37. gr. tilskipunar 83/349/EBE eða 31. gr. tilskipunar 85/611/EBE eða einhverja aðra lögboðna endurskoðun, skuli skylt að upplýsa endurskoðunaryfirvöld þegar í stað um málsatvik eða ákvarðanir sem snerta félagið, sem viðkomandi hefur orðið áskynja í starfi sínu og getur leitt til einhvers af eftirfarandi:

a) verulega er gengið á svig við lög eða stjórnsýslufyrirmæli, þar sem mælt er fyrir um skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis eða sem fjalla sérstaklega um starfsemi vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga,

b) skerðing á áframhaldandi starfsemi vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins,

c) ekki er skrifað upp á reikningana eða fyrirvarar settir,

d) ekki er farið að ákvæðum hvað varðar gjaldþolskröfu,

e) ekki er farið að ákvæðum hvað varðar lágmarkskröfur um eigið fé.

Einstaklingarnir sem um getur í fyrstu undirgrein skulu einnig upplýsa um málsatvik og ákvarðanir sem þeir hafa orðið áskynja í starfi sínu, eins og um getur í fyrstu undirgrein, í félagi sem hefur náin tengsl vegna yfirráðatengsla við vátrygginga- eða endurtryggingafélagið þar sem þeir vinna það starf.

2. Ekki skal litið svo á að það athæfi einstaklinga, sem til þess hafa heimild í skilningi tilskipunar 84/253/EBE, að upplýsa í góðri trú eftirlitsyfirvöld um málsatvik eða ákvarðanir samkvæmt 1. mgr., sé brot á þagnarskyldu sem komið hefur verið á með samningi eða lögum eða stjórnsýsluákvæðum og skal ekki kalla þá til ábyrgðar með neinum hætti.

([1]) Stjtíð. EB L 126, 12.5.1984, bls. 20.

V. KAFLI

Rekstur líftrygginga- og skaðatryggingastarfsemi

73. gr.

Rekstur líftrygginga- og skaðatryggingastarfsemi

1. Vátryggingafélögum skal ekki heimilt að reka líftryggingar og skaðatryggingar samtímis.

2. Þrátt fyrir 1. mgr., geta aðildarríkin kveðið á um að:

a) félög sem hafa starfsleyfi til að reka líftryggingastarfsemi geti fengið starfsleyfi fyrir skaðatryggingastarfsemi sem tekur til áhættu sem skráð er í 1. og 2. flokki A-hluta í I. viðauka,

b) félög sem aðeins hafa starfsleyfi vegna áhættu sem skráð er í 1. og 2. flokki A-hluta í I. viðauka geta fengið starfsleyfi til að reka líftryggingastarfsemi.

Rekstur hvorrar starfsemi fyrir sig skal þó vera aðgreindur í samræmi við 74. gr.

3. Aðildarríkin geta kveðið á um að félögin, sem um getur í 2. mgr., hlíti gildandi bókhaldsreglum um líftryggingafélög að því er varðar alla starfsemi þeirra. Þar til samræming fer fram á þessu sviði er aðildarríkjunum einnig heimilt að kveða á um að, að því er varðar reglur um félagsslit, skuli reglur um vátryggingastarfsemi einnig eiga við um starfsemi í tengslum við áhættu sem talin er upp í 1. og 2. flokki A-hluta í I. viðauka.

4. Ef skaðatryggingafélag hefur fjárhagsleg, viðskiptaleg eða stjórnunarleg tengsl við líftryggingarfélag skulu eftirlitsyfirvöld í heimaaðildarríkinu sjá til þess að ekki séu í gildi samningar eða fyrirkomulag milli þessara félaga sem eru þannig að reikningar viðkomandi félaga gefi ranga mynd eða geti haft áhrif á skiptingu tekna og gjalda milli þeirra.

5. Félög sem á eftirfarandi dagsetningum ráku samtímis bæði líftrygginga- og skaðatryggingastarfsemi sem þessi tilskipun tekur til geta haldið því áfram að því tilskildu að rekstur starfseminnar sé aðgreindur skv. 74. gr.

a) 1. janúar 1981, að því er varðar félög með starfsleyfi í Grikklandi,

b) 1. janúar 1986, að því er varðar félög með starfsleyfi á Spáni og í Portúgal,

c) 1. janúar 1995, að því er varðar félög með starfsleyfi í Austurríki, Finnlandi og Svíþjóð,

d) 1. maí 2004, að því er varðar félög með starfsleyfi í Tékklandi, Eistlandi, Kýpur, Lettlandi, Litháen, Ungverjalandi, Möltu, Póllandi, Slóvakíu og Slóveníu,

e) 1. janúar 2007, að því er varðar félög með starfsleyfi í Búlgaríu og Rúmeníu,

f) 15. mars 1979, að því er varðar öll önnur félög.

Heimaaðildarríkið getur krafist þess af vátryggingafélögum að þau hætti samhliða rekstri líftrygginga- og skaðatryggingastarfsemi sem þau stunduðu á þeim dögum sem um getur í fyrstu undirgrein, innan tiltekins frests sem aðildarríkið setur.

74. gr.

Aðskilinn rekstur líftrygginga- og skaðatryggingastarfsemi

1. Aðgreindum rekstri skv. 73. gr. skal haga þannig að líftryggingastarfsemi sé haldið aðskilinni frá skaðatryggingastarfsemi.

Hagsmunir líftryggingartaka og skaðatryggingataka hverra um sig skulu ekki skaðast og skal þess einkum gætt að hagnaður af líftryggingastarfsemi komi líftryggingartökum til góða á sama hátt og ef félagið ræki einungis líftryggingastarfsemi.

2. Með fyrirvara um 100. og 128. gr. skulu vátryggingafélögin sem um getur í 2. og 5. mgr. 73. gr. reikna út:

a) hugsaða lágmarkskröfu um eigið fé að því er varðar líftrygginga- eða endurtryggingastarfsemi, og er hún reiknuð út eins og viðkomandi félag ræki aðeins þá starfsemi, á grundvelli aðskilins bókhalds sem um getur í 6. mgr., og

b) hugsaða lágmarkskröfu um eigið fé að því er varðar skaðatrygginga- eða endurtryggingastarfsemi, og er hún reiknuð út eins og viðkomandi félag ræki aðeins þá starfsemi, á grundvelli aðskilins bókhalds sem um getur í 6. mgr.

3. Vátryggingafélögin sem um getur í 2. og 5. mgr. 73. gr. skulu að minnsta kosti veita eftirfarandi tryggingarvernd, með jafnhárri fjárhæð í viðurkenndum liðum í eiginfjárgrunni:

a) hin hugsaða lágmarkskrafa um eigið fé, að því er varðar líftryggingarstarfsemi,

b) hin hugsaða lágmarkskrafa um eigið fé, að því er varðar skaðatryggingastarfsemi.

Lágmarksfjárhagsskuldbindingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein, að því er varðar líftryggingastarfsemi og skaðatryggingastarfsemi, skulu vera með þeim hætti að hvorug starfsemin standi straum af kostnaði hinnar.

4. Að uppfylltum fjárhagslegum lágmarksskilyrðum sem um getur í 3. mgr., og að því tilskildu að eftirlitsyfirvöldum sé tilkynnt þar um, getur félagið látið viðurkennda hluta eiginfjárliða, sem enn eru tiltækir fyrir aðra hvora starfsemina, taka til gjaldþolskröfunnar sem um getur í 100. gr.

5. Eftirlitsyfirvöld skulu bæði greina niðurstöðurnar fyrir líftrygginga- og skaðatryggingastarfsemi til að tryggja að kröfunum í 1.–4. mgr. sé fullnægt.

6. Reikningar skulu gerðir þannig að þeir sýni aðskildar niðurstöður fyrir líftryggingar og skaðatryggingar. Allar tekjur, einkum iðgjöld, greiðslur frá endurtryggjendum og fjárfestingatekjur, og útgjöld, einkum vátryggingabætur, aukning vátryggingaskuldar, endurtryggingariðgjöld og rekstrarútgjöld í tengslum við vátryggingastarfsemi, skulu sundurliðuð samkvæmt uppruna sínum. Skipting þess sem sameiginlegt er báðum tegundum starfseminnar skal bókfært samkvæmt reglum sem eftirlitsyfirvöld samþykkja.

Vátryggingafélög skulu semja skýrslu á grundvelli reikninga þar sem skýrt koma fram viðurkenndir liðir eiginfjárgrunns sem taka til hverrar hugsaðrar lágmarkskröfu um eigið fé sem um getur í 2. mgr., í samræmi við 4. mgr. 98. gr.

7. Ef fjárhæð viðurkenndra liða eiginfjárgrunns, hvað varðar aðra hvora tegund starfseminnar, dugar ekki til að taka til lágmarksfjárskuldbindinga sem um getur í fyrstu undirgrein 3. gr. skulu eftirlitsyfirvöld beita þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í þessari reglugerð gagnvart þeirri starfsemi, óháð niðurstöðunum í hinni tegund starfseminnar.

Þrátt fyrir aðra undirgrein 3. mgr. geta ráðstafanir þessar tekið til heimilda til færslu sérstakra viðurkenndra liða eiginfjárgrunns frá annarri tegund starfseminnar til hinnar.

VI. KAFLI

Reglur um mat á eignum og skuldum, vátryggingaskuldum, eiginfjárliðum, gjaldþolskröfum, lágmarkskröfum um eigið fé og fjárfestingarreglum

1. þáttur

Mat á eignum og skuldum

75. gr.

Mat á eignum og skuldum

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess, nema annað sé tekið fram, að vátryggingarfélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, meti eignir og skuldir sem hér segir:

a) eignir skulu metnar á þá fjárhæð sem unnt er að skipta þeim fyrir í viðskiptum ótengdra aðila sem eru upplýstir og fúsir til viðskiptanna.

b) skuldir skulu metnar á þá fjárhæð sem unnt er að yfirfæra þær, eða gera upp, í viðskiptum ótengdra aðila sem eru upplýstir og fúsir til viðskiptanna.

Þegar mat er lagt á skuldir í b-lið skal ekki framkvæma neinar leiðréttingar til að hafa hliðsjón af lánsfjárstöðu vátrygginga eða endurtryggingafélagsins.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdarráðstafanir til að setja fram aðferðir og forsendur sem nota skal við mat á eignum og skuldum eins og mælt er fyrir um í 1. mgr.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

2. þáttur

Reglur um vátryggingaskuldir

76. gr.

Almenn ákvæði

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, komi á vátryggingaskuldum að því er varðar allar vátryggingaskuldbindingar þeirra, þ.m.t. endurtryggingaskuldbindingar, gagnvart vátryggingatökum og rétthöfum samninga um vátryggingar eða endurtryggingar.

2. Virði vátryggingaskulda skal samsvara fjárhæðinni sem vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, þyrftu að greiða ef þau flyttu vátryggingaskuldbindingar sínar, þ.m.t. endurtryggingaskuldbindingar, til annars vátrygginga- eða endurtryggingafélags.

3. Við útreikning á vátryggingaskuld skal notast við upplýsingar frá fjármálamörkuðunum og almenn aðgengileg gögn um sölutryggingaráhættu (samkvæmni á markaði) og vera í samræmi við þau gögn.

4. Vátryggingaskuldir skulu reiknaðar á varfærinn, áreiðanlegan og hlutlægan hátt.

5. Útreikningur á vátryggingaskuldum skal vera í samræmi við 77.–82. gr. og 86. gr., samkvæmt meginreglunum sem settar eru fram í 2., 3. og 4. mgr. og með tilliti til meginreglnanna sem settar eru fram í 1. mgr. 75. gr.

77. gr.

Útreikningur á vátryggingaskuldum

1. Virði vátryggingaskulda skal vera jafnt samanlagðri fjárhæð besta mats og vikmörkum áhættu eins og sett er fram í 2. og 3. mgr.

2. Besta mat skal samsvara líkindavegnu meðaltali framtíðarsjóðstreymis, taka tillit til tímavirðis fjármuna (vænt núvirði framtíðarsjóðstreymis), og nota viðeigandi tímavirði hvað varðar áhættulausa vexti.

Útreikning á besta mati skal byggja á uppfærðum og trúverðugum upplýsingum og raunhæfum forsendum, og skal fullnægjandi, gildandi og viðeigandi tryggingafræðilegum og tölfræðilegum aðferðum beitt.

Sjóðstreymisspáin sem notuð er við útreikning á besta mati skal taka tillit til alls inn- og útstreymis handbærs fjár sem þörf er á til að gera upp vátryggingaskuldbindingar, þ.m.t. endurtryggingaskuldbindingar, á meðan þær gilda.

Besta mat skal reiknað brúttó, án þess að dregnar séu frá endurheimtanlegar fjárhæðir vegna endurtryggingarsamninga og félaga með sérstakan tilgang. Þessar fjárhæðir skal reikna sérstaklega, í samræmi við 81. gr.

3. Vikmörk áhættu skulu ákvörðuð þannig að þau tryggi að vátryggingaskuldir séu jafnar fjárhæðinni sem vænst sé að vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, krefjist til að taka yfir og uppfylla vátryggingaskuldbindingar, þ.m.t. endurtryggingaskuldbindingar.

4. Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu meta besta mat og vikmörk áhættu aðskilið.

Ef unnt er að endurgera framtíðarsjóðstreymi í tengslum við vátryggingaskuldbindingar, þ.m.t. endurtryggingaskuldbindingar, með áreiðanlegum hætti með því að nota fjármálagerninga með áreiðanlegt og sannreynanlegt markaðsgildi, skal gildi vátryggingaskulda sem tengjast þessu framtíðarsjóðstreymi þó ákveðið á grundvelli markaðsvirðis þessara vátryggingaskulda. Í þessu tilviki skal ekki gerð krafa um aðskilda útreikninga á besta mati og vikmörkum áhættu.

5. Ef vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, meta besta mat og vikmörk áhættu aðskilið skal reikna vikmörk áhættu með því að ákvarða kostnaðinn við að útvega fjárhæð viðurkenndra eiginfjárliða sem eru jafnir gjaldþolskröfunni sem nauðsynleg er til að standa undir vátryggingaskuldbindingum, þ.m.t. endurtryggingaskuldbindingum, meðan þær gilda.

Vextirnir sem notaðir eru til að ákvarða kostnaðinn við að útvega þá fjárhæð viðurkenndra eiginfjárliða (vextir fjármagnskostnaðar) skulu vera hinir sömu fyrir öll vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, og skulu endurskoðaðir reglulega.

Vextir fjármagnskostnaðar sem notaðir eru skulu vera jafnir viðbótarvöxtunum, hærri en viðeigandi áhættulausir vextir, sem vátrygginga- eða endurtryggingafélag stofnar til með fjárhæð viðurkenndra eiginfjárliða eins og sett er fram í 3. þætti, jafnháir gjaldþolskröfu sem nauðsynleg er til að standa undir skuldbindingum á sviði vátrygginga, þ.m.t. endurtrygginga, á meðan þessar skuldbindingar eru við lýði.

78. gr.

Aðrir þættir sem taka þarf tillit til við útreikning á vátryggingaskuldum

Til viðbótar við ákvæði 77. gr. skulu vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, taka eftirfarandi til greina við útreikning á vátryggingaskuldum:

1) allan kostnað sem stofnað er til í því skyni að uppfylla skuldbindingar á sviði vátrygginga, þ.m.t. endurtrygginga,

2) verðbólgu, þ.m.t. verðbólga vegna kostnaðar og tjóna,

3) allar greiðslur til vátryggingartaka og rétthafa, þ.m.t. valkvæð ágóðahlutdeild í framtíðinni, sem vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, reikna með að greiða, hvort sem þær greiðslur eru tryggðar í samningum eða ekki, nema þær greiðslur falli undir 2. mgr. 91. gr.

79. gr.

Mat á fjárhagslegum tryggingum og samningsbundnum réttindum sem vátryggingasamningar, þ.m.t. endurtryggingarsamningar, taka til

Við útreikning á vátryggingaskuldum skulu vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, taka fjárhagslegar tryggingar til greina, sem og öll samningsbundin réttindi sem stefna vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, tekur til.

Allar forsendur vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, að því er varðar líkurnar á því að vátryggingartakar beiti samningsbundnum réttindum, þ.m.t. niðurfelling og endurkaup, skulu vera raunhæfar og byggðar á gildandi, trúverðugum upplýsingum. Í forsendunum skulu þau áhrif sem framtíðarbreytingar á fjárhagslegum og ófjárhagslegum skilyrðum kunna að hafa á framkvæmd þessara kosta tekin til greina, með beinum eða óbeinum hætti.

80. gr.

Liðun

Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu sundurliða vátryggingaskuldbindingar sínar, þ.m.t. endurtryggingaskuldbindingar, í einsleita áhættuflokka, a.m.k. eftir atvinnugreinum, þegar þau reikna út vátryggingaskuldir sínar.

81. gr.

Endurheimtanlegar fjárhæðir vegna endurtryggingarsamninga og félaga með sérstakan tilgang

Útreikningar vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, á endurheimtanlegum fjárhæðum vegna endurtryggingarsamninga og félaga með sérstakan tilgang skulu vera í samræmi við 76.–80. gr.

Við útreikning á endurheimtanlegum fjárhæðum vegna endurtryggingarsamninga og félaga með sérstakan tilgang skulu vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, hafa tímamismuninn milli endurheimta og beinna greiðslna til hliðsjónar.

Niðurstaða þeirra útreikninga skal löguð að því að taka til greina vænt töp, vegna þess að mótaðili lendir í vanskilum. Sú aðlögun skal byggð á mati á líkunum á því að mótaðili lendi í vanskilum og meðaltapi sem af því stafar (tap vegna vanskila).

82. gr.

Gæði gagna og beiting nálgana, þ.m.t. útreikningur á hverju tilviki fyrir sig, vegna vátryggingaskulda

Aðildarríki skulu tryggja að vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, komi á innri ferlum og málsmeðferðum til að sjá til þess að þau gögn sem notuð eru við útreikning á vátryggingaskuldum séu viðeigandi, heilleg og nákvæm.

Ef vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, hafa við sérstakar aðstæður, aðeins yfir að ráða ófullnægjandi gögnum af viðeigandi gæðum til að beita áreiðanlegri tryggingafræðilegri aðferð á mengi eða hlutmengi vátryggingaskuldbindinga sinna, þ.m.t. endurtryggingaskuldbindinga, eða endurheimtanlegra fjárhæða vegna endurtryggingarsamninga og félaga með sérstakan tilgang, má nota viðeigandi nálgun, þ.m.t. útreikning á hverju tilviki fyrir sig, til að reikna út besta mat.

83. gr.

Samanburður við fyrri reynslu

Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu koma á ferlum og málsmeðferðum til að sjá til þess að besta mat, og þær forsendur sem liggja til grundvallar útreikningum á því, sé reglulega borið saman við fyrri reynslu.

Ef samanburðurinn leiðir í ljós kerfisbundið frávik milli fyrri reynslu og útreiknings á besta mati vátrygginga- eða endurtryggingafélaga skal hlutaðeigandi félag gera viðeigandi leiðréttingar á þeim tryggingafræðilegu aðferðum sem beitt var og/eða forsendunum sem bjuggu að baki.

84. gr.

Viðeigandi stig vátryggingaskulda

Ef eftirlitsyfirvöld fara fram á það skulu vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, sýna fram á viðeigandi stig vátryggingaskulda, sem og beitingu og gildi aðferða sem notaðar voru og hversu vel tölfræðigögnin dugðu sem lögð voru til grundvallar.

85. gr.

Hækkun á vátryggingaskuld

Að því marki sem útreikningar vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, á vátryggingaskuldum fara ekki að ákvæðum 76.–83. gr. geta eftirlitsyfirvöld krafist þess að vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, hækki fjárhæð vátryggingaskulda til þess að hún samsvari því stigi sem ákvarðað er samkvæmt þessum greinum.

86. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdarráðstafanir sem mæla fyrir um eftirfarandi:

a) tryggingafræðilega og tölfræðilega aðferðafræði til að reikna út besta matið sem um getur í 2. mgr. 77. gr.,

b) viðeigandi tímavirði hvað varðar áhættulausa vexti sem nota skal til að reikna út besta matið sem um getur í 2. mgr. 77. gr.,

c) þau tilvik þar sem vátryggingaskuldir skulu reiknaðar í heild, eða sem samanlögð fjárhæð besta mats og vikmörk áhættu, og þær aðferðir sem nota skal þegar vátryggingaskuldir eru reiknaðar út í heild,

d) þær aðferðir og forsendur sem nota skal við útreikning á vikmörkum áhættu, þ.m.t. að ákvarða fjárhæð viðurkenndra eiginfjárliða sem nauðsynlegir eru til að standa undir skuldbindingum á sviði vátrygginga, þ.m.t. endurtrygginga, og kvörðun vaxta fjármagnskostnaðar,

e) atvinnugreinar sem liggja til grundvallar niðurhlutun skuldbindinga á sviði vátrygginga, þ.m.t. endurtrygginga, við útreikning á vátryggingaskuldum,

f) staðla sem þarf að uppfylla til að tryggja að gögnin sem notuð eru við útreikning á vátryggingaskuldum séu viðeigandi, heilleg og nákvæm, og þær sérstöku aðstæður þar sem viðeigandi væri að beita nálgunum, þ.m.t. skoðun á hverju tilviki fyrir sig, til að reikna út besta matið,

g) aðferðafræðina sem beita skal við útreikning á vanskilaaðlögun mótaðila sem um getur í 81. gr. og er til þess gerð að ná yfir vænt tap vegna vanskila mótaðila,

h) einfaldaðar aðferðir og tækni, ef nauðsyn krefur, við útreikning á vátryggingaskuldum, til að sjá til þess að þær tryggingafræðilegu og tölfræðilegu aðferðir sem um getur í a- og d-lið séu í samræmi við eðli og umfang áhættunnar og það hversu flókin hún er, sem vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, standa undir, þ.m.t. bundin frumtryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

3. þáttur

Eiginfjárliðir

1. undirþáttur

Ákvörðun eiginfjárliða

87. gr.

Eiginfjárliðir

Eiginfjárliðir skulu samanstanda af summu eiginfjárgrunns, sem um getur í 88. gr., og fylgiliði eigin fjár sem um getur í 89. gr.

88. gr.

Eiginfjárgrunnur

Eiginfjárgrunnur skal settur saman úr eftirfarandi:

1) eignum umfram skuldir, metnar í samræmi við 75. gr. og 2. þátt,

2) víkjandi skuldbindingum.

Umframfjárhæð sem um getur í 1. tölulið skal lækkuð sem nemur fjárhæð eigin hlutabréfa vátrygginga- eða endurtryggingafélags.

89. gr.

Fylgiliðir eigin fjár

1. Fylgiliðir eigin fjár skulu samanstanda af öðrum hlutum en eiginfjárgrunni sem hægt er að innkalla til að bera tap.

Fylgiliðir eigin fjár geta tekið til eftirfarandi hluta, að því marki sem þeir eru ekki hlutar viðurkenndra eiginfjárliða:

a) óinnborgað hlutafé eða stofnfé sem ekki hefur verið innkallað,

b) loforð um lánveitingu og tryggingar,

c) allar aðrar lagalega bindandi skuldbindingar sem vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, hafa tekið á sig.

Ef um er að ræða gagnkvæm félög eða félög hliðstæðrar gerðar með breytileg iðgjöld geta fylgiliðir eigin fjár einnig tekið til allra krafna í framtíðinni sem viðkomandi félag kann að eiga á hendur meðlimum sínum, í formi kröfu um viðbótarframlag innan næstu tólf mánaða.

2. Ef fylgiliðir eigin fjár hafa verið innborgaðir eða innkallaðir skal farið með þá sem eign og eru þeir þá ekki lengur hlutar fylgiliða eigin fjár.

90. gr.

Samþykki eftirlitsyfirvalda á fylgiliðum eigin fjár

1. Fjárhæðir fylgiliða eigin fjár sem taka skal tillit til þegar eigið fé er ákvarðað skal háð fyrirvara um fyrirframsamþykki eftirlitsyfirvalda.

2. Fjárhæðin sem ákvörðuð er fyrir hvern fylgilið eigin fjár skal endurspegla getu liðarins til að taka á sig tap og skal byggt á varfærnum og raunhæfum forsendum. Ef fylgiliður eigin fjár hefur fast nafnverð skal fjárhæð þess liðar jafngilda nafnverði þess, ef hún endurspeglar getu liðarins til að taka á sig tap.

3. Eftirlitsyfirvöld skulu samþykkja annað hvort eftirfarandi atriða:

a) fjárhæð fyrir hvern fylgilið eigin fjár,

b) aðferð til að ákvarða fjárhæð fyrir hvern hluta fylgihlutar eigin fjár, og skal þá samþykki eftirlitsyfirvalda á fjárhæðinni ákveðið í samræmi við þá aðferð og veitt í tiltekinn tíma.

4. Fyrir hvern fylgilið eigin fjár skulu eftirlitsyfirvöld byggja samþykki sitt á mati á eftirfarandi:

a) stöðu viðkomandi mótaðila, m.t.t. þess hvort þeir geta greitt og séu fúsir til þess,

b) endurheimtanleika fjármunanna, m.t.t. lagalegs forms liðarins og allra skilyrða sem gætu komið í veg fyrir að liðurinn yrði innborgaður eða innkallaður,

c) öllum upplýsingum um niðurstöður fyrri innkallana sem vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, hafa gert hvað varðar slíka fylgiliði eigin fjár, að því marki sem unnt er að nota upplýsingarnar með áreiðanlegum hætti til að meta væntа niðurstöðu innkallana í framtíðinni.

91. gr.

Umframtekjur

1. Umframtekjur skulu teljast uppsafnaður hagnaður sem ekki hefur verið gerður aðgengilegur til útgreiðslu til vátryggingataka og rétthafa.

2. Að svo miklu leyti sem landslög heimila, skal ekki litið á umframtekjur sem vátryggingaskuldbindingar, þ.m.t. endurtrygginga-skuldbindingar, að því marki sem þær uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í 1. mgr. 94. gr.

92. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

1. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdarráðstafanir sem tilgreina eftirfarandi:

a) viðmiðanir fyrir veitingu samþykkis eftirlitsyfirvalda í samræmi við 90. gr.

b) hvernig farið skal með hlutdeild í skilningi 3. undirgreinar 2. mgr. 212. gr. í fjármála- og lánastofnunum, að því er varðar ákvörðun eigin fjár.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

2. Eftirfarandi telst hlutdeild í fjármála- og lánastofnunum sem um getur í b-lið 1. gr.:

a) hlutdeild sem vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, eiga í:

i. lána- og fjármálastofnunum í skilningi 1. og 5. mgr. 4. gr. tilskipunar 2006/48/EB,

ii. fjárfestingarfyrirtækjum í skilningi 1. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB,

b) víkjandi kröfur og gerningar, sem um getur í 63. gr. og 3. mgr. 64. gr. tilskipunar 2006/48/EB, sem vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, eiga að því er varðar einingar sem skilgreindar eru í a-lið þessarar málsgreinar, þar sem þau eiga hlutdeild.

2. undirþáttur

Flokkun eiginfjárliða

93. gr.

Einkenni og aðrir eiginleikar sem notaðir eru til að flokka eiginfjárliði í stig

1. Liðir eigin fjár skulu flokkaðir í þrjú stig. Flokkun þessara liða ræðst af því hvort um viðurkennda eiginfjárliði eða fylgiliði eigin fjár er að ræða, og að hve miklu leyti þeir búa yfir eftirfarandi eiginleikum:

a) liðurinn er tiltækur, eða hægt er gera kröfu um að hann verði innkallaður, til að bera tap í áframhaldandi rekstrarhæfi og við slit (ávallt til staðar),

b) komi til slita er heildarfjárhæð liðarins tiltæk til að bera tap og er eiganda meinað um endurgreiðslu liðarins þar til allar skuldbindingar, þ.m.t. vátryggingaskuldbindingar, þ.m.t. endurtryggingarskuldbindingar, til vátryggingataka og rétthafa vegna vátryggingasamninga, þ.m.t. endurtryggingasamninga, hafa verið greiddar (undirskipun).

2. Þegar metið er að hve miklu leyti liðir eigin fjár hafi yfir þeim einkennum að ráða sem sett eru fram í a- og b-lið 1. mgr, nú þegar og í framtíðinni, skal fullt tillit tekið til varanleika liðarins, einkum þess hvort hann er í gildi eða ekki. Ef liður eigin fjár er fallinn úr gildi skal litið til tiltölulegs varanleika hans, borið saman við varanleika vátryggingaskuldbindinga, þ.m.t. endurtryggingaskuldbindinga, fyrirtækisins (nægilegur varanleiki).

Að auki skal litið til eftirfarandi:

a) þess hvort liðurinn sé háður kröfum eða hvötum til að innleysa nafnvirðisfjárhæð (engir hvatar til innlausnar),

b) þess hvort hluturinn sé háður skyldubundnum, föstum gjöldum (enginn skyldubundinn kostnaður vegna þjónustu),

c) þess hvort hluturinn sé laus við íþyngjandi ákvæði (engin íþyngjandi ákvæði).

94. gr.

Helstu viðmiðanir fyrir flokkun í stig

1. Liði eiginfjárgrunns skal flokka í 1. stig ef þeir búa í meginatriðum yfir einkennum sem sett eru fram í a- og b-lið 1. mgr. 93. gr., að teknu tilliti til einkenna sem sett eru fram í 2. mgr. 93. gr.

2. Liði eiginfjárgrunns skal flokka í 2. stig ef þeir búa í meginatriðum yfir einkenninu sem sett er fram í b-lið 1. mgr. 93. gr., að teknu tilliti til eiginleika sem settir eru fram í 2. mgr. 93. gr.

Fylgiliði eigin fjár skal flokka í 2. stig ef þeir búa í meginatriðum yfir einkennum sem sett eru fram í a- og b-lið 1. mgr. 93. gr., að teknu tilliti til eiginleika sem settir eru fram í 2. mgr. 93. gr.

3. Alla liði eiginfjárgrunns og fylgiliði eigin fjár sem falla ekki undir 1. og 2. mgr. skal flokka í 3. stig.

95. gr.

Flokkun eiginfjárliða í stig

Aðildarríki skulu sjá til þess að vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, flokki liði eigin fjár þeirra á grundvelli þeirra viðmiðana sem mælt er fyrir um í 94. gr.

Í því skyni skulu vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, vísa til skrárinnar um eiginfjárliði sem vísað er til í a-lið 1. mgr. 97. gr. þar sem það á við.

Ef eiginfjárliður er ekki í skránni skulu vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, meta hann og flokka, í samræmi við 1. mgr. Sú flokkun skal háð samþykki eftirlitsyfirvalds.

96. gr.

Flokkun sértækra eiginfjárliða hvað varðar vátryggingar

Með fyrirvara um 95. gr. og a-lið 1. mgr. 97. gr. að því er varðar þessa tilskipun skal eftirfarandi flokkunum beitt:

1) umframtekjur sem falla undir 2. mgr. 91. gr. skulu flokkaðar í 1. stig,

2) loforð um lánveitingu og ábyrgðir sem óháður fjárvörsluaðili varðveitir í fjárvörslusjóðum í þágu vátryggingalánardrottna og lögð eru fram af lánastofnunum sem eru með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2006/48/EB, skulu flokkuð í 2. stig,

3) allar kröfur í framtíðinni sem gagnkvæm félög og svipuð félög skipaeigenda með breytileg iðgjöld, sem eingöngu tryggja áhættur sem taldar eru upp í flokkum 6, 12 og 17 í A-hluta I. viðauka, kunna að eiga á hendur meðlimum sínum í formi kröfu um viðbótarframlag innan næstu tólf mánaða, skulu flokkaðar í 2. stig.

Í samræmi við annan undirlið 2. mgr. 94. gr. skulu allar kröfur í framtíðinni sem gagnkvæm félög og félög hliðstæðrar gerðar með breytileg iðgjöld kunna að eiga á hendur meðlimum sínum í formi kröfu um viðbótarframlag innan næstu tólf mánaða og falla ekki undir 3. lið fyrstu undirgreinar, flokkaðar í 2. stig, ef þær búa í meginatriðum yfir þeim einkennum sem sett eru fram í a- og b-lið 1. mgr. 93. gr., með tilliti til þeirra einkenna sem sett eru fram í 2. mgr. 93. gr.

97. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

1. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdarráðstafanir sem mæla fyrir um eftirfarandi:

a) skrá yfir eiginfjárliði, þ.m.t. þá sem um getur í 96. gr. og teljast uppfylla viðmiðanir, sem um getur í 94. gr. og innihalda nákvæma lýsingu, fyrir hvern eiginfjárlið, á þeim einkennum sem réðu flokkuninni,

b) aðferðirnar sem eftirlitsyfirvöld skulu nota við samþykki á mati og flokkun eiginfjárliða sem ekki falla undir skrána sem um getur í a-lið.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða reglulega og uppfæra, eftir því sem við á, skrána sem um getur í a-lið 1. mgr., í ljósi markaðsþróunar.

3. undirþáttur

Viðurkenning á eiginfjárliðum

98. gr.

Viðurkenning og takmarkanir sem gilda um 1., 2. og 3. stig

1. Hvað varðar að farið sé að gjaldþolskröfunni skulu viðurkenndar fjárhæðir 2. og 3. stigs vera háðar magntakmörkunum. Þessar takmarkanir skulu sjá til þess að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt að minnsta kosti:

a) hlutfall 1. stigs hluta viðurkenndra eiginfjárliða er hærra en einn þriðji af heildarfjárhæð viðurkenndra eiginfjárliða,

b) aðstoðarhæf fjárhæð 3. stigs hluta er lægri en einn þriðji af heildarfjárhæð viðurkenndra eiginfjárliða.

2. Hvað varðar að farið sé að lágmarkskröfum um eigið fé skulu viðurkenndir liðir eiginfjárgrunns, sem taka til lágmarkskröfunnar um eigið fé og flokkaðir eru á 2. stig, vera háðir magntakmörkunum. Þessar takmarkanir skulu að lágmarki tryggja að hlutfall viðurkenndra eiginfjárliða á 1. stigi sé hærra en heildarfjárhæð viðurkenndra liða eiginfjárgrunns.

3. Viðurkennd fjárhæð eigin fjár til að ná yfir gjaldþolskröfuna sem sett er fram í 100. gr. skal vera jöfn summu fjárhæðarinnar á 1. stigi, viðurkenndu fjárhæðinni á 2. stigi og viðurkenndu fjárhæðinni á 3. stigi.

4. Viðurkennd fjárhæð viðurkenndra liða eiginfjárgrunns til að ná yfir lágmarkskröfuna um eigið fé sem sett er fram í 128. gr. skal vera jöfn summu fjárhæðarinnar á 1. stigi og hinnar viðurkenndu fjárhæðar viðurkenndra liða eiginfjárgrunns á 2. stigi.

99. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdarráðstafanir sem mæla fyrir um:

a) magntakmarkanir sem um getur í 1. og 2. mgr. 98. gr.,

b) aðlaganir sem gera skal til að endurspegla framsalshæfisskort þessara eiginfjárliða sem aðeins er hægt að nota til að standa straum af tapi vegna sérstakra starfsþátta skulda eða vegna sérstakra áhætta (sjóðir sem haldið er aðgreindum).

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

4. þáttur

Gjaldþolskrafa

1. undirþáttur

Almenn ákvæði um gjaldþolskröfuna með því að nota stöðluðu formúluna eða innra líkan

100. gr.

Almenn ákvæði

Aðildarríki skulu krefjast þess að vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, hafi yfir viðurkenndum eiginfjárliðum að ráða sem ná yfir gjaldþolskröfuna.

Gjaldþolskrafan skal annaðhvort reiknuð út í samræmi við stöðluðu formúluna í 2. undirþætti eða með því að nota innra líkan eins og sett er fram í 3. undirþætti.

101. gr.

Útreikningur á gjaldþolskröfu

1. Gjaldþolskrafan skal reiknuð út í samræmi við 2.- 5. mgr.

2. Forsenda útreiknings á gjaldþolskröfunni skal vera að félagið framfylgi áframhaldandi rekstrarhæfi.

3. Gjaldþolskrafan skal kvörðuð þannig að hún tryggi að reiknað sé með öllum magnáhættum vátrygginga- eða endurtryggingafélaga. Hún skal ná yfir núverandi starfsemi og starfsemi sem reiknað er með að hefjist innan næstu tólf mánaða. Að því er varðar núverandi starfsemi skal hún aðeins ná yfir óvænt töp.

Hún skal samsvara vágildi viðurkenndra eiginfjárliða vátrygginga- eða endurtryggingafélags, með fyrirvara um 99,5% öryggisstig á ársgrundvelli.

4. Gjaldþolskrafan skal a.m.k. ná yfir eftirfarandi áhættu:

a) skaðatryggingaráhættu,

b) líftryggingaráhættu,

c) heilsutryggingaráhættu,

d) markaðsáhættu,

e) lánsáhættu,

f) rekstraráhættu.

Rekstraráhætta sem um getur í f-lið fyrstu undirgreinar skal taka til lagalegrar áhættu og undanskilja áhættu vegna stefnumótandi ákvarðana og orðsporsáhættu.

5. Við útreikning á gjaldþolskröfunni skulu vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, taka mið af aðferðum til að draga úr áhættu, að því tilskildu að lánsáhætta og aðrar áhættur sem stafa af slíkum aðferðum komi nægjanlega vel fram í gjaldþolskröfunni.

102. gr.

Tíðni útreikninga

1. Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu reikna gjaldþolskröfuna a.m.k. einu sinni á ári og gefa eftirlitsyfirvöldum skýrslu um niðurstöðu útreikninganna.

Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu hafa yfir viðurkenndum eiginfjárliðum að ráða til að ná yfir gjaldþolskröfuna sem síðast var gefin skýrsla um.

Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu stöðugt fylgjast með fjárhæð viðurkenndra eiginfjárliða og gjaldþolskröfunni.

Ef áhættusnið vátrygginga- eða endurtryggingafélags víkur í veigamiklum atriðum frá forsendum þeim sem liggja til grundvallar nýjustu skýrslu um gjaldþolskröfu skal viðkomandi félag endurreikna gjaldþolskröfuna án tafar og gefa eftirlitsyfirvöldum skýrslu.

2. Ef vísbendingar eru um að áhættusnið vátrygginga- eða endurtryggingafélags hafi breyst marktækt frá dagsetningu síðustu skýrslu um gjaldþolskröfu geta eftirlitsyfirvöld krafið viðkomandi félag um endurútreikning á gjaldþolskröfunni.

2. undirþáttur

Stöðluð formúla gjaldþolskröfu (SCR)

103. gr.

Gerð stöðluðu formúlunnar

Gjaldþolskrafan sem reiknuð er á grunni stöðluðu formúlunnar skal vera summan af eftirfarandi:

a) grunngjaldþolskröfu eins og mælt er fyrir um í 104. gr.

b) eiginfjárkröfu vegna rekstraráhættu eins og mælt er fyrir um í 107. gr.

c) breytingu á getu vátryggingaskulda og frestaðra skatta til að taka á sig tap, eins og mælt er fyrir um í 108. gr.

104. gr.

Útfærsla grunngjaldþolskröfunnar

1. Grunngjaldþolskrafan skal ná til einstakra áhættueininga, sem safnað er saman í samræmi við 1. lið í IV. viðauka.

Hún skal ná yfir eftirfarandi áhættueiningar hið minnsta:

a) skaðatryggingaráhættu,

b) líftryggingaráhættu,

c) heilsutryggingaráhættu,

d) markaðsáhættu,

e) áhættu vegna vanskila mótaðila.

2. Að því er varðar a-, b- og c-lið 1. mgr. skal vátrygginga- eða endurtryggingastarfsemi falin þeirri áhættueiningu sem endurspeglar best tæknilega eiginleika þeirrar áhættu sem liggur til grundvallar.

3. Fylgnistuðull fyrir söfnun áhættueininga sem um getur í 1. mgr., sem og kvörðun eiginfjárkrafna fyrir hverja áhættueiningu, skal leiða til heildargjaldþolskröfu sem er í samræmi við meginreglurnar sem settar eru fram í 101. gr.

4. Hver þessara áhættueininga sem um getur í 1. mgr. skal kvörðuð með mælingu vágildis, með 99,5% öryggisstig, á ársgrundvelli.

Tekið skal tillit til áhrifa fjölbreytileika við útfærslu hverrar áhættueiningar, eftir því sem við á.

5. Nota skal sömu útfærslu og sömu forskriftir fyrir áhættueiningarnar fyrir öll vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, bæði með tilliti til grunngjaldþolskröfu og allra einfaldaðra útreikninga, eins og mælt er fyrir um í 109. gr.

6. Með tilliti til áhættu vegna hamfara má nota landfræðilegar forskriftir, eftir því sem við á, við útreikning á áhættueiningum líftrygginga, skaðatrygginga og heilsutrygginga.

7. Að fengnu samþykki eftirlitsyfirvalda geta vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, í krafti útfærslu stöðluðu formúlunnar, skipt hlutmengi breyta sinna út fyrir breytur sem eiga sérstaklega við um viðkomandi félag, við útreikning á áhættueiningum líftrygginga, skaðatrygginga og heilsutrygginga.

Þessar breytur skulu kvarðaðar á grundvelli innri gagna viðkomandi félags, eða gagna sem skipta beinlínis máli við rekstur þess félags, með beitingu staðlaðra aðferða.

Þegar eftirlitsyfirvöld veita samþykki sitt skulu þau sannreyna að gögnin sem notuð eru séu fullnægjandi, nákvæm og viðeigandi.

105. gr.

Útreikningur á grunngjaldþolskröfu

1. Grunngjaldþolskrafan skal reiknuð út í samræmi við ákvæði 2.-6. mgr.

2. Áhættueining fyrir skaðatryggingu skal endurspegla áhættuna sem stafar af tryggingaskuldbindingum skaðatrygginga, m.t.t. áhættu sem tryggt er gegn og vinnsluferla sem beitt er við starfsemina.

Hún skal hafa til hliðsjónar óvissu niðurstaðna vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, hvað varðar gildandi vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindingar, og hvað varðar nýja starfsemi sem reiknað er með að hefjist innan næstu tólf mánaða.

Í samræmi við 2.°lið í IV.°viðauka skal hún reiknuð út sem samsetning eiginfjárkrafna fyrir eftirfarandi undireiningar hið minnsta:

a) hættu á tapi eða neikvæðri breytingu á virði vátryggingaskulda sem stafar af sveiflum í tímasetningum, tíðni og því hversu alvarlegir hinir tryggðu atburðir eru, sem og tímasetningu og fjölda bótakrafna (skaðatryggingaiðgjöld og varasjóðsáhætta),

b) hættu á tapi eða neikvæðri breytingu á virði vátryggingaskulda sem stafar af umtalsverðri óvissu hvað varðar verðlagningu og skuldbindingar í tengslum við aftakaviðburði og óvænta viðburði (stórslysaáhætta skaðatrygginga).

3. Áhættueining fyrir líftryggingu skal endurspegla áhættuna sem stafar af tryggingaskuldbindingum líftrygginga, með tilliti til áhætta sem tryggt er gegn og vinnsluferla sem beitt er við starfsemina.

Í samræmi við 3.°lið í IV.°viðauka skal hún reiknuð út sem samsetning eiginfjárkrafna fyrir eftirfarandi undireiningar hið minnsta:

a) hættu á tapi eða neikvæðri breytingu á virði vátryggingaskulda sem stafar af breytingum á stigi, þróun og óstöðugleika í dánartíðni, ef aukin dánartíðni veldur því að virði vátryggingaskulda eykst (áhætta vegna dauða),

b) hættu á tapi eða neikvæðri breytingu á virði vátryggingaskulda sem stafar af breytingum á stigi, þróun og óstöðugleika í dánartíðni, ef lækkuð dánartíðni veldur því að virði vátryggingaskulda eykst (áhætta vegna langlífis),

c) hættu á tapi eða neikvæðri breytingu á virði vátryggingaskulda sem stafar af breytingum á stigi, þróun og óstöðugleika tíðni á sviði fötlunar, veikinda og sjúkdóma (áhætta vegna fötlunar eða sjúkdóma),

d) hættu á tapi eða neikvæðri breytingu á virði vátryggingaskulda sem stafar af breytingum á stigi, þróun og óstöðugleika útgjalda sem stofnað er til í því skyni að staðið verði við samninga á sviði vátrygginga- eða endurtrygginga (rekstrarkostnaðaráhætta vegna líftrygginga),

e) hættu á tapi eða neikvæðri breytingu á virði vátryggingaskulda sem stafar af breytingum á stigi, þróun og óstöðugleika endurskoðunarhlutfalls sem beitt er á lífeyri, vegna breytinga á lagaumhverfinu eða breytingum á heilsufari hins tryggða (endurskoðunaráhætta),

f) hættu á tapi eða neikvæðri breytingu á virði vátryggingaskulda sem stafa af breytingum á stigi eða óstöðugleika hvað varðar fjölda fyrninga tryggingasamninga, niðurfellinga, endurnýjunar og endurkaupa (fyrningaráhætta),

g) hættu á tapi eða neikvæðri breytingu á virði vátryggingaskulda sem stafar af umtalsverðri óvissu hvað varðar verðlagningu og skuldbindingar í tengslum við aftakaviðburði og óvænta viðburði (stórslysaáhætta líftrygginga).

4. Áhættueiningin fyrir heilsutryggingu skal endurspegla áhættuna sem stafar af tryggingaskuldbindingum fyrir heilsutryggingu, hvort sem henni er framfylgt tæknilega á svipaðan hátt og líftryggingum eða ekki, m.t.t. áhættu sem tryggt er gegn og vinnsluferla sem beitt er við starfsemina.

Hún skal a.m.k. taka til eftirfarandi atriða:

a) hættu á tapi eða neikvæðri breytingu á virði vátryggingaskulda sem stafar af breytingum á stigi, þróun og óstöðugleika útgjalda sem stofnað er til í því skyni að staðið verði við samninga á sviði vátrygginga- eða endurtrygginga,

b) hættu á tapi eða neikvæðri breytingu á virði vátryggingaskulda sem stafar af sveiflum í tímasetningum, tíðni og því hversu alvarlegir hinir tryggðu atburðir eru, sem og tímasetningu og fjölda bótakrafna þegar gengið er frá þeim,

c) hættu á tapi eða neikvæðri breytingu á virði vátryggingaskulda sem stafar af umtalsverðri óvissu hvað varðar verðlagningu og skuldbindingar í tengslum við alvarlegar farsóttir sem koma upp, sem og óvenjulega uppsöfnun áhættu við svo alvarlegar aðstæður.

5. Markaðsáhættueiningin skal endurspegla áhættuna sem stafar af óstöðugleikastigi á markaðsverði fjármálagerninga sem hafa áhrif á virði eigna og skulda félagsins. Hún skal endurspegla á tilhlýðilegan hátt misræmið milli eigna og skulda, einkum að því er það varðar hve lengi það skal vara.

Í samræmi við 4.°lið í IV.°viðauka skal hún reiknuð út sem samsetning eiginfjárkrafna fyrir eftirfarandi undireiningar hið minnsta:

a) næmi verðgildis eigna, skulda og fjármálagerninga gagnvart breytingum á vaxtaskilmálum eða óstöðugleika vaxta (vaxtaáhætta),

b) næmi verðgildis eigna, skulda og fjármálagerninga gagnvart breytingum á stigi eða óstöðugleika markaðsvirðis hlutabréfa (hlutabréfaáhætta),

c) næmi verðgildis eigna, skulda og fjármálagerninga gagnvart breytingum á stigi eða óstöðugleika markaðsvirðis fasteigna (fasteignaáhætta),

d) næmi verðgildis eigna, skulda og fjármálagerninga gagnvart breytingum á stigi eða óstöðugleika áhættuálags gagnvart áhættulausum vaxtaskilmálum (áhættudreifing),

e) næmi verðgildis eigna, skulda og fjármálagerninga gagnvart breytingum á stigi eða óstöðugleika gengis gjaldmiðla (gjaldmiðilsáhætta),

f) viðbótaráhættur vátrygginga- eða endurtryggingafélaga sem annaðhvort eru tilkomnar vegna skorts á fjölbreytni í eignasafninu eða vegna mikillar hættu á vanskilaáhættu frá einum útgefanda verðbréfa eða flokki tengdra útgefenda (samþjöppun markaðsáhættu).

6. Áhættueining vanskila mótaðila skal endurspegla hugsanlegt tap vegna óvæntra vanskila, eða versnandi fjárhagsstöðu mótaðila og skuldara vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, næstu tólf mánuði. Áhættueining vanskila mótaðila skal taka til samninga sem draga úr áhættu, t.d. tilhögun endurtrygginga, verðbréfunar og afleiðna, viðskiptakröfur frá miðlurum, sem og öll önnur lánaáhætta sem undireining áhættudreifingar tekur ekki til. Hún skal taka viðeigandi mið af tryggingum eða öðrum verðbréfum í eigu eða í reikningi vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins og þeim áhættum sem þessu tengjast.

Fyrir hvern mótaðila skal áhættueining vanskila mótaðila taka mið af heildarmótaðilaáhættu viðkomandi vátrygginga- eða endurtryggingafélags gagnvart mótaðilanum, án tillits til lagalegs forms samningsbundinna skyldna þess félags.

106. gr.

Útreikningur á undireiningu hlutabréfaáhættu: samhverfur stillibúnaður

1. Undireining hlutabréfaáhættu sem reiknuð er út í samræmi við stöðluðu formúluna skal ná yfir samhverfa aðlögun að eiginfjárkröfum sem beitt er til að ná yfir áhættur sem verða til við breytingar á verði eigin fjár.

2. Hin samhverfa aðlögun sem gerð er á hinni stöðluðu eiginfjárkröfu, kvörðuð í samræmi við 4. mgr. 104. gr. og nær yfir áhættuna sem verður til vegna breytinga á verði eigin fjár, skal byggð á hlutverki núverandi stigs viðeigandi hlutabréfavísitölu og vegnu meðaltalsstigi þeirrar vísitölu. Hið vegna meðaltal skal reiknað út fyrir viðeigandi tímabil og skal það vera hið sama fyrir öll vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög.

3. Hin samhverfa aðlögun sem gerð er á hinni stöðluðu eiginfjárkröfu og, nær yfir áhættuna sem verður til vegna breytinga á verði eigin fjár, skal ekki leiða til þess að beitt sé eiginfjárkröfu sem er 10% lægri eða hærri en hin staðlaða eiginfjárkrafa.

107. gr.

Eiginfjárkrafa vegna rekstraráhættu

1. Eiginfjárkrafa vegna rekstraráhættu skal endurspegla rekstraráhættu að því marki sem hún endurspeglast ekki nú þegar í áhættueiningunum sem um getur í 104. gr. Skal sú krafa kvörðuð í samræmi við 3. mgr. 101. gr.

2. Að því er varðar líftryggingarsamninga þar sem vátryggingartakar bera fjárfestingaráhættuna skal útreikningur eiginfjárkröfu vegna rekstraráhættu taka mið af árlegum kostnaði sem þessar vátryggingaskuldbindingar hafa í för með sér.

3. Að því er varðar vátryggingastarfsemi, þ.m.t. endurtryggingastarfsemi, aðra en þá sem um getur í 2. mgr., skal útreikningur eiginfjárkröfu vegna rekstraráhættu taka mið af umfangi starfseminnar hvað varðar iðgjöld ársins og vátryggingaskuldir sem hún hefur yfir að ráða hvað varðar þessar vátryggingaskuldbindingar, þ.m.t. endurtryggingaskuldbindingar. Í þessu tilviki skal eiginfjárkrafa vegna rekstraráhættu ekki hafa verið hærri en 30% af grunngjaldþolskröfunni hvað varðar þessa vátryggingastarfsemi, þ.m.t. endurtryggingastarfsemi.

108. gr.

Breyting á getu vátryggingaskulda og frestaðra skatta til að taka á sig tap

Breytingin sem um getur í c-lið 103. gr. um getu vátryggingaskulda og frestaðra skatta til að taka á sig tap skal endurspegla mögulegar bætur fyrir óvænt tap með því að lækka samtímis vátryggingaskuldir eða frestaða skatta eða hvort tveggja.

Sú breyting skal hafa hliðsjón af áhrifum þess að draga úr áhættu vegna eigin ákvarðana um ávinning af tryggingasamningum í framtíðinni, að því marki sem vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, geta sýnt fram á að nota megi lækkun slíkra bóta til að ná yfir óvænt töp þegar þau verða til. Áhrifin við að draga úr áhættu vegna eigin ávinnings skulu ekki vera hærri en summan af vátryggingaskuldum og frestuðum sköttum sem varða eigin ávinning í framtíðinni.

Að því er varðar 2. mgr. skal virði eigin ávinnings í framtíðinni við óhagstæði skilyrði borið saman við virði slíks ávinnings samkvæmt grundvallarforsendum útreiknings á besta mati.

109. gr.

Einfaldanir í stöðluðu formúlunni

Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, geta beitt einfölduðum útreikningum á tilteknar undireiningar eða áhættueiningar ef eðli, umfang og það hversu flóknar áhætturnar eru sem þau standa frammi fyrir réttlæta það, og ef óhóflegt væri að krefjast þess að öll vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, beiti stöðluðum útreikningum.

Einfaldaðir útreikningar skulu kvarðaðir í samræmi við 3. mgr. 101. gr.

110. gr.

Umtalsverð frávik frá forsendunum sem liggja útreikningum stöðluðu formúlunnar til grundvallar

Ef ekki er viðeigandi að reikna gjaldþolskröfuna í samræmi við stöðluðu formúluna, eins og sett er fram í 2. undirþætti, vegna þess að áhættusnið viðkomandi vátrygginga- eða endurtryggingafélags víkur í veigamiklum atriðum frá forsendum þeim sem liggja útreikningum á stöðluðu formúlunni til grundvallar, geta eftirlitsyfirvöld, með rökstuddri ákvörðun, krafist þess að viðkomandi félag skipti út hlutmengi breyta sinna í útreikningum á stöðluðu formúlunni fyrir breytur sem eiga sérstaklega við um það félag þegar áhættueiningar líftrygginga, skaðatrygginga og heilsutrygginga eru reiknaðar út, eins og sett er fram í 7. mgr. 104. gr. Þessar sérstöku breytur skulu reiknaðar þannig út að tryggt sé að félagið uppfylli ákvæði 3. mgr. 101. gr.

111. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

1. Til að tryggja að öll vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, sitji við sama borð við útreikning á gjaldþolskröfunni á grundvelli stöðluðu formúlunnar, eða með hliðsjón af markaðsþróun, skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdarráðstafanir til að tilgreina nákvæmlega eftirfarandi:

a) staðlaða formúlu í samræmi við ákvæði 101.°gr. og 103.°–109.°gr.,

b) allar undireiningar sem eru nauðsynlegar eða ná nákvæmar yfir áhættur sem falla undir viðkomandi áhættueiningar sem um getur í 104°gr., sem og allar síðari uppfærslur,

c) aðferðir þær, forsendur og staðalbreytur sem beita skal við útreikning á áhættueiningum eða undireiningum grunngjaldþolskröfunnar sem mælt er fyrir um í 104.°gr., 105.°gr. og 304.°gr., samhverfan stillibúnað og viðeigandi tímabil í mánuðum eins og um getur í 106.°gr., og viðeigandi nálgun til að fella aðferðina sem um getur í 304.°gr. inn í gjaldþolskröfuna eins og hún er reiknuð út í samræmi við stöðluðu formúluna,

d) samsvörunarbreytur, þ.m.t. ef nauðsyn krefur þær sem settar eru fram í IV.°viðauka, og verklagsreglur til að uppfæra þessar breytur,

e) ef vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, nota aðferðir til að draga úr áhættu, aðferðir þær og forsendur sem nota skal til að meta breytingarnar á áhættusniði viðkomandi félags og leiðrétta útreikninginn á gjaldþolskröfunni,

f) þau eigindlegu viðmið sem aðferðirnar til að draga úr áhættu sem um getur í e-lið verða að uppfylla til að sjá til þess að áhættan hafi í raun verið flutt yfir á þriðja aðila,

g) þær aðferðir og breytur sem nota skal við mat á eiginfjárkröfu fyrir rekstraráhættu eins og sett er fram í 107.°gr., þ.m.t. það hlutfall sem um getur í 3. mgr. 107.°gr.,

h) þær aðferðir og breytingar sem nota skal til að endurspegla minnkað gildissvið vegna áhættudreifingar vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, í tengslum við sjóði sem haldið er aðgreindum,

i) aðferðin sem nota skal til að reikna út breytingu á getu vátryggingaskulda eða frestaðra skatta til að taka á sig tap, eins og mælt er fyrir um í 108.°gr.,

j) hlutmengi staðalbreyta í áhættueiningum líftrygginga, skaðatrygginga og heilsutrygginga sem hægt er að skipta út fyrir breytur sem eiga við tiltekið félag eins og sett er fram í 7.°mgr. 104.°gr.,

k) staðalaðferðir sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið skal nota til að reikna út breytur sem eiga við tiltekið félag sem um getur í j-lið, og allar viðmiðanir m.t.t. þess að gögnin sem notuð eru séu fullnægjandi, nákvæm og viðeigandi, áður en eftirlitsyfirvöld gefa samþykki sitt,

l) einfaldaða útreikninga sem nota má á tilteknar undireiningar og áhættueiningar, sem og viðmiðanir sem vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, þ.m.t. bundin frumtryggingafélög og bundin endurtryggingafélög, skulu krafin um að uppfylla til að fá leyfi til að nota þessar einfaldanir eins og sett er fram í 109.°gr.,

m) nálgun sem beita skal gagnvart tengdum félögum, í skilningi 212.°gr. við útreikning á gjaldþolskröfunni, einkum útreikning á undireiningu hlutabréfaáhættu sem um getur í 5.°mgr. 105.°gr., að teknu tilliti til líkindanna á minnkandi óstöðugleika í virði þessara tengdu félaga sem stafa af stefnumarkandi eðli þessara fjárfestinga og áhrifunum sem þátttökufélagið hefur á þessi tengdu félög.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

2. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdarráðstafanir um magntakmarkanir og hæfisviðmiðanir fyrir eignir til að taka á áhættum sem undireining tryggir ekki nægjanlega. Slíkar framkvæmdarráðstafanir skulu gilda um fjármuni sem ná yfir vátryggingaskuldir, að undanskildum fjármunum sem haldið er vegna líftryggingarsamninga ef vátryggingatakar bera fjárfestingaráhættuna. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessar ráðstafanir í ljósi þróunar stöðluðu formúlunnar og fjármálamarkaða.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

3. undirþáttur

Heildstæð eða hlutstæð innri líkön gjaldþolskröfu

112. gr.

Almenn ákvæði um samþykki heildstæðra eða hlutstæðra innri líkana

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að vátrygginga- eða endurtryggingafélög geti reiknað út gjaldþolskröfuna með því að nota heildstætt eða hlutstætt innra líkan sem samþykkt er af eftirlitsyfirvöldum.

2. Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, geta notað hlutstæð innri líkön til að reikna út eitt eða fleiri eftirtalinna atriða:

a) eina eða fleiri áhættueiningar, eða undireiningar, grunngjaldþolskröfunnar eins og hún er sett fram í 104. og 105. gr.,

b) eiginfjárkröfu vegna rekstraráhættu eins og hún er sett fram í 107. gr.,

c) breytinguna sem um getur í 108. gr.

Að auki má nota hlutstæð reiknilíkön á alla starfsemi vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, eða einungis eina eða fleiri hinna stærri rekstrareininga.

3. Í öllum umsóknum um samþykki skulu vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, að lágmarki leggja fram skjalfesta sönnun þess að innra líkanið uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 120.–125. gr.

Ef umsókn um það samþykki tengist hlutstæðu innra líkani skal aðlaga kröfurnar sem settar eru fram í 120.-125. gr. svo að tekið sé tillit til takmarkaðs gildissviðs líkansins.

4. Eftirlitsyfirvöld skulu taka ákvörðun um umsóknina innan sex mánaða frá því að fullfrágenginni umsókn var veitt viðtaka.

5. Eftirlitsyfirvöld skulu því aðeins samþykkja umsóknina að þau hafi fullvissað sig um að kerfin sem vátrygginga- eða endurtryggingafélagið notar til að greina, mæla, fylgjast með, stjórna og tilkynna um áhættu séu fullnægjandi, og einkum að innra líkanið uppfylli kröfurnar sem um getur í 3. mgr.

6. Ef eftirlitsyfirvöld ákveða að hafna umsókn um leyfi til að nota innra líkan skulu þau tilgreina ástæður höfnunarinnar.

7. Að fengnu samþykki eftirlitsyfirvalda fyrir notkun innra líkans má krefjast þess að vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, leggi fram rökstudda ákvörðun við eftirlitsyfirvöld, með mati á gjaldþolskröfunni sem ákveðin er í samræmi við stöðluðu formúluna eins og hún er sett fram í 2. undirþætti.

113. gr.

Sértæk ákvæði um samþykki hlutstæðra innri líkana

1. Eftirlitsyfirvöld samþykkja því aðeins hlutstætt innra líkan að það uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 112. gr., auk eftirtalinna skilyrða:

a) félagið rökstyður ástæðuna fyrir takmörkuðu gildissviði líkansins á tilhlýðilegan hátt,

b) gjaldþolskrafan sem leiðir af líkaninu endurspeglar betur áhættusnið félagsins og samrýmist einkum meginreglunum sem settar eru fram í 1. undirþætti,

c) útfærsla líkansins er í samræmi við meginreglurnar sem settar eru fram í 1. undirþætti, svo að hægt er að aðlaga það staðlaðri formúlu gjaldþolskröfunnar að fullu.

2. Við mat á umsókn um leyfi til að nota hlutstætt innra líkan sem aðeins tekur til ákveðinna undireininga tiltekinnar áhættueiningar, eða nokkurra rekstrareininga vátryggingafélags, eða endurtryggingafélags að því er varðar tiltekna áhættueiningu eða hvort tveggja, geta eftirlitsyfirvöld krafist þess að viðkomandi vátryggingarfélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, leggi fram raunhæfa bráðabirgðaáætlun til að auka við gildissvið líkansins.

Í bráðabirgðaáætluninni skal sett fram hvernig vátryggingafélögin, þ.m.t. endurtryggingafélögin, áætla að auka við gildissvið líkansins þannig að það taki til annarra undireininga eða rekstrareininga, til þess að sjá til þess að líkanið nái yfir stærsta hluta tryggingastarfsemi þeirra, að því er varðar þá tilteknu áhættueiningu.

114. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdarráðstafanir sem tilgreina eftirfarandi:

1) tilhögunina sem fylgja skal við samþykki innra líkansins,

2) breytingarnar sem gera skal á stöðlunum sem settir eru fram í 120.-°125. gr. til þess að höfð sé hliðsjón af takmörkuðu gildissviði hins hlutstæða innra líkans.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

115. gr.

Stefna fyrir breytingar á heildstæðum eða hlutstæðum innri líkönum

Sem hluta af upphaflegu samþykktarferli innra líkans skulu eftirlitsyfirvöld samþykkja stefnuna fyrir breytingar á líkani vátrygginga- eða endurtryggingafélags. Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, geta breytt innri líkönum sínum í samræmi við þessa stefnu.

Í stefnunni skulu tilgreindar allar minni háttar og meiri háttar breytingar á innra líkaninu.

Meiri háttar breytingar á innra líkaninu, sem og breytingar á stefnunni, skulu alltaf háðar fyrirframsamþykki eftirlitsyfirvalda eins og mælt er fyrir um í 112. gr.

Minni háttar breytingar á innra líkaninu skulu ekki háðar fyrirframsamþykki eftirlitsyfirvalda, að því leyti sem þær eru þróaðar í samræmi við stefnuna.

116. gr.

Ábyrgð stjórnar, framkvæmdastjórnar eða eftirlitsstjórnar

Stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, skal samþykkja umsóknina til eftirlitsyfirvalda um samþykki innra líkansins sem um getur í 112.°gr., sem og umsókn um samþykki fyrir öllum síðari meiri háttar breytingum á því líkani.

Stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn skal bera ábyrgð á að koma á kerfum sem sjá til þess að innra líkanið virki rétt og með stöðugum hætti.

117. gr.

Skipti yfir í stöðluðu formúluna

Að fengnu samþykki í samræmi við 112.°gr. skulu vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, ekki hverfa aftur til þess að reikna gjaldþolskröfuna, að hluta eða öllu leyti, í samræmi við stöðluðu formúluna eins og hún er sett fram í 2. undirþætti, nema við tilhlýðilega rökstuddar kringumstæður og að fengnu samþykki eftirlitsyfirvalda.

118. gr.

Ekki er farið að ákvæðum innra líkansins

1. Ef vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, að fengnu samþykki eftirlitsyfirvalda til að nota innra líkan, uppfylla ekki lengur kröfurnar sem settar eru fram í 120.–125. gr. skulu þau án tafar annað hvort kynna eftirlitsyfirvöldum áætlun um að fara að ákvæðum innan hæfilegs tíma eða sýna fram á að áhrifin af því að fara ekki að ákvæðum skipti litlu máli.

2. Ef vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, framkvæma ekki áætlunina sem um getur í 1. mgr. geta eftirlitsyfirvöld krafist þess að vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, hverfi aftur til þess að reikna gjaldþolskröfuna í samræmi við stöðluðu formúluna eins og hún er sett fram í 2. undirþætti.

119. gr.

Umtalsverð frávik frá forsendunum sem liggja útreikningum staðlaðrar formúlu til grundvallar

Ef ekki er viðeigandi að reikna gjaldþolskröfuna í samræmi við stöðluðu formúluna eins og sett er fram í 2. undirþætti, vegna þess að áhættusnið viðkomandi vátrygginga- eða endurtryggingafélags víkur í veigamiklum atriðum frá forsendum þeim sem liggja útreikningum á stöðluðu formúlunni til grundvallar, geta eftirlitsyfirvöld, með rökstuddri ákvörðun, krafist þess að viðkomandi félag noti innra líkan til að reikna út gjaldþolskröfuna, eða viðeigandi áhættueiningar hennar.

120. gr.

Notkunarpróf

Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu sýna fram á að innra líkanið sé mikið notað og að það gegni mikilvægu hlutverki í stjórnkerfi þeirra sem um getur í 41.–50. gr., einkum:

a) áhættustýringarkerfi þeirra eins og mælt er fyrir um í 44. gr. og ferli þeirra við ákvarðanatöku,

b) mats- og úthlutunarferlum þeirra sem lúta að efnahag og gjaldþoli, þ.m.t. matið sem um getur í 45. gr.

Með því að beita innra líkaninu skulu vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, að auki sýna fram á að tíðni útreikninga á gjaldþolskröfunni sé í samræmi við tíðni annarrar beitingar á innra líkaninu sem fellur undir 1. mgr.

Stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn skal bera ábyrgð á að sjá til þess að hönnun og virkni innra líkansins eigi ávallt við, og að innra líkanið haldi áfram að endurspegla, með viðeigandi hætti, áhættusnið viðkomandi vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga.

121. gr.

Gæðastaðlar hagskýrslna

1. Innra líkanið, einkum útreikningar á líkindadreifingu byggðri á spá sem liggur því til grundvallar, skal vera í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í 2.–9. mgr.

2. Aðferðirnar sem notaðar eru til að reikna líkindadreifingu sem byggist á spá skulu byggðar á fullnægjandi, gildandi og viðeigandi tryggingafræðilegum og tölfræðilegum aðferðum og skulu vera í samræmi við þær aðferðir sem beitt er við útreikning á vátryggingaskuldum.

Aðferðirnar sem beitt er við útreikninga á líkindadreifingu byggðri á spá skulu byggðar á gildandi, trúverðugum upplýsingum og raunhæfum forsendum.

Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu geta fært rök fyrir forsendunum sem búa að baki innri líkönum þeirra, gagnvart eftirlitsyfirvöldum.

3. Gögnin sem notuð eru fyrir innra líkanið skulu vera nákvæm, fullgerð og viðeigandi.

Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu uppfæra gagnasöfnin sem notuð eru við útreikning á líkindadreifingu byggðri á spá a.m.k. árlega.

4. Ekki skal mælt fyrir um neina sérstaka aðferð við útreikning á líkindadreifingu byggðri á spá.

Óháð reikningsaðferðinni sem beitt er skal geta innra líkansins til að forgangsraða áhættum vera nægjanleg til að tryggja að því sé almennt beitt og að það gegni mikilvægu hlutverki í stjórnkerfi vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, einkum hvað varðar áhættustýringarkerfi þeirra og ferli við ákvarðanatöku, auk ráðstöfunar eigin fjár í samræmi við 120. gr.

Innra líkanið skal taka til hvers konar efnislegra áhætta sem vátryggingafélögin, þ.m.t. endurtryggingafélögin, verða fyrir. Innri líkön skulu hið minnsta taka til þeirra áhætta sem settar eru fram í 4. mgr.°101. gr.

5. Hvað varðar áhrif áhættudreifingar geta vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, litið til innri líkana sinna hvað varðar að vera háð innan áhættuflokka og þvert á þá, að því tilskildu að eftirlitsyfirvöld séu sannfærð um að kerfin sem notuð eru til að mæla áhrif áhættudreifingar séu fullnægjandi.

6. Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, geta að fullu tekið til greina áhrif aðferða til að draga úr áhættu í innri líkönum sínum, að því tilskildu að lánsáhætta og aðrar áhættur sem aðferðir til að draga úr áhættu valda endurspeglist með tilhlýðilegum hætti í innra líkaninu.

7. Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu meta af nákvæmni þær tilteknu tegundir áhættu sem tengjast fjárhagslegum tryggingum og öllum samningskostum í innri líkönum sínum, ef þau eru mikilvæg. Þau skulu einnig meta áhættuna sem bæði tengist kostum vátryggingartaka og samningskostum vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga. Í forsendunum skal, með beinum eða óbeinum hætti, taka þau áhrif til greina sem framtíðarbreytingar á fjárhagslegum og ófjárhagslegum skilyrðum kunna að hafa á framkvæmd þessara kosta.

8. Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, geta í innri líkönum sínum tekið tillit til rekstraraðgerða í framtíðinni sem reikna má með að þau hafi vænst að framkvæma við tilteknar aðstæður.

Í þeim tilvikum sem sett eru fram í fyrstu undirgrein skal viðkomandi félag taka tillit til þess tíma sem nauðsynlegur er til að framkvæma slíkar aðgerðir.

9. Í innri líkönum sínum skulu vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, hafa hliðsjón af öllum greiðslum til vátryggingartaka og rétthafa sem þau reikna með að inna af hendi, einnig þeim greiðslum sem eru tryggðar með samningum.

122. gr.

Kvörðunarstaðlar

1. Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, geta notað annað tímabil eða áhættumat en það sem sett er fram í 3. mgr. 101. gr. við gerð innri líkana sinna, svo framarlega sem þessi félög geta notað niðurstöður innra líkansins til að reikna út gjaldþolskröfuna á þann hátt að vátryggingartökum og rétthöfum sé séð fyrir umfangi verndunar sem jafngildi því sem sett er fram í 101. gr.

2. Þar sem því verður komið við skulu vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, leiða gjaldþolskröfuna beint af líkindadreifingu byggðri á spá sem stafar af innri líkönum þessara félaga, og nota til þess mælikvarða vágildis sem settur er fram í 3. mgr. 101. gr.

3. Ef vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, geta ekki leitt gjaldþolskröfuna beint af líkindadreifingu byggðri á spá sem stafar af innra líkaninu, geta eftirlitsyfirvöld heimilað að nálgunum sé beitt við útreikning á gjaldþolskröfunni, svo framarlega sem félögin geta sýnt eftirlitsyfirvöldum fram á að vátryggingartökum sé séð fyrir vernd sem jafngildi þeirri sem kveðið er á um í 101. gr.

4. Eftirlitsyfirvöld geta krafist þess að vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, starfræki innri líkön á viðeigandi vátryggingasöfnum til viðmiðunar og noti forsendur sem byggðar eru á ytri frekar en innri gögnum til að sannreyna kvörðun innra líkansins og ganga úr skugga um að forskriftin sé í samræmi við almennt viðurkenndar markaðsvenjur.

123. gr.

Skipting hagnaðar og taps

Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu endurskoða, að minnsta kosti árlega, orsakir og upptök hagnaðar og taps fyrir stærri rekstrareiningar.

Þau skulu sýna fram á hvernig áhættuflokkun í innra líkaninu sýnir fram á orsakir og upptök hagnaðar og taps. Áhættuflokkun og skipting hagnaðar og taps skal endurspegla áhættusnið vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga.

124. gr.

Fullgildingarstaðlar

Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu reglulega fullgilda líkanið, en slík fullgilding tekur til þess að vakta hvernig innra líkanið virkar, fylgjast með því að forskriftirnar séu við hæfi og bera niðurstöðurnar saman við reynsluna.

Fullgildingarferli líkansins skal taka til skilvirks tölfræðiferlis til fullgildingar á innra líkaninu, en það gerir vátryggingafélögum, þ.m.t. endurtryggingafélögum, kleift að sýna eftirlitsyfirvöldum fram á að eiginfjárkröfurnar sem af þessu stafa séu viðeigandi.

Tölfræðiaðferðirnar sem beitt er skulu prófa hversu viðeigandi líkindadreifingin sem byggð er á spá er, ekki einungis borið saman við reynslu af tapi heldur einnig öll efnisleg ný gögn og upplýsingar sem tengjast þeim.

Fullgildingarferli líkansins skal taka til greiningar á stöðugleika innra líkansins, einkum prófunar á því hve næmar niðurstöður innra líkansins eru á breytingar á þeim forsendum sem að baki búa. Það skal einnig taka til mats á því hve nákvæm, heildstæð og viðeigandi gögnin eru sem innra líkanið styðst við.

125. gr.

Staðlar vegna skjalahalds

Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu skrá hönnun og rekstraratriði innra líkans síns.

Skjölin skulu sýna að líkanið sé í samræmi við 120.–124. gr.

Í skjölunum skal vera nákvæmt yfirlit yfir kenningar, forsendur og þann stærðfræðilega og empíríska grunn sem býr að baki innra líkaninu.

Í skjölunum skulu gefin til kynna öll tilvik þegar innra líkan virkar ekki með skilvirkum hætti.

Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu skrá helstu breytingar á innri líkönum þeirra, eins og sett er fram í 115. gr.

126. gr.

Ytri líkön og gögn

Ekki skal litið á notkun líkans eða gagna sem fengin eru frá þriðja aðila sem réttlætingu á undanþágu frá neinum krafnanna til innra líkansins sem settar eru fram í 120.–125. gr.

127. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdarráðstafanir að því er varðar 120.–126. gr. til að tryggja samhæfða nálgun við notkun innri líkana í gervöllu Bandalaginu, og til að stuðla að betra mati á áhættusniði og stjórnun vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

5. þáttur

Lágmarkskröfur um eigið fé

128. gr.

Almenn ákvæði

Aðildarríki skulu krefjast þess að vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, hafi yfir viðurkenndum eiginfjárliðum að ráða til að ná yfir lágmarkskröfur um eigið fé.

129. gr.

Útreikningur á lágmarkskröfum um eigið fé

1. Lágmarkskrafan um eigið fé skal reiknuð út í samræmi við eftirfarandi meginreglur:

a) hún skal reiknuð á skýran og einfaldan hátt, og þannig að tryggt sé að hægt sé að endurskoða útreikningana,

b) hún skal samsvara lágmarksfjárhæð viðurkennds eiginfjárliðar til að vátryggingartakar og rétthafar þurfi ekki að sæta óviðunandi áhættu ef vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, fá leyfi fyrir áframhaldandi starfsemi,

c) línulegt fall sem um getur í 2. mgr. og notað er við útreikning á lágmarkskröfunni um eigið fé skal kvarðað að vágildi viðurkenndra eiginfjárliða vátrygginga- eða endurtryggingafélags, með fyrirvara um 85% öryggisstig á ársgrundvelli,

d) algjört lágmark hennar skal vera:

i. hvað varðar skaðatryggingafélög, þ.m.t. bundin frumtryggingafélög, 2 200 000 evrur, nema í þeim tilvikum þegar allar eða hluti af áhættunum eru innifaldar í einhverjum flokka 10-15 sem skráðir eru í A-hluta 1. viðauka, og skal þá ekki vera lægri en 3 200 000 evrur,

ii. hvað varðar líftryggingafélög, þ.m.t. bundin frumtryggingafélög, 3 200 000 evrur,

iii. hvað varðar endurtryggingafélög, 3 200 000 evrur, nema ef um bundin endurtryggingafélög er að ræða og skal lágmarkskrafan um eigið fé þá ekki vera undir 1 000 000 evrum,

iv. summan af þeim fjárhæðum sem settar eru fram í i. og ii. lið fyrir vátryggingafélög eins og um getur í 5. mgr. 73. gr.

2. Með fyrirvara um 3. lið skal lágmarkskrafan um eigið fé reiknuð sem línulegt fall af mengi eða hlutmengi eftirtalinna breyta: vátryggingaskuldir félagsins, bókfærð iðgjöld, áhættufjárhæð, frestaður skattur og stjórnunarkostnaður. Breyturnar sem notaðar eru skulu metnar að frádregnum hluta endurtryggjenda.

3. Með fyrirvara um d-lið 1. mgr. skal lágmarkskrafan um eigið fé hvorki falla undir 25% né fara yfir 45% af gjaldþolskröfu félagsins, reiknuð í samræmi við 2. eða 3. undirþátt 4. þáttar VI. kafla, og að meðtöldum öllum viðbótargjaldþolskröfum sem komið er á í samræmi við 37. gr.

Á tímabili sem lýkur eigi síðar en 31. október 2014 skulu aðildarríki veita eftirlitsyfirvöldum leyfi til að krefjast þess að vátryggingafélag eða endurtryggingafélag beiti hlutföllunum sem um getur í 1. undirlið eingöngu á gjaldþolskröfu félagsins, í samræmi við 2. undirþátt 4. þáttar VI. kafla.

4. Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu reikna lágmarkskröfu um eigin fé að minnsta kosti ársfjórðungslega og gefa eftirlitsyfirvöldum skýrslu um niðurstöðurnar.

Ef önnur hvor mörkin sem um getur í 3. mgr. ákvarða lágmarkskröfu um eigið fé félags skal félagið veita eftirlitsyfirvöldum upplýsingar sem leiða ástæður þessa skýrt í ljós.

5. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og nefnd evrópskra eftirlitsaðila með vátryggingum og starfstengdum lífeyrissjóðum sem komið var á með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/9/EB ([1]), fyrir 31. október 2017, um reglur aðildarríkjanna og starfsreglur eftirlitsyfirvalda samkvæmt 1.–4. mgr.

Í skýrslunni skal einkum fjallað um notkun og stig hámarks og lágmarks sem sett er fram í 3. mgr., sem og vandamál sem eftirlitsyfirvöld og félög kunna að þurfa að fást við þegar þessari grein er beitt.

130. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdarráðstafanir þar sem tilgreint er hvernig útreikningi á lágmarkskröfu um eigið fé skal háttað, eins og um getur í 128. og 129. gr.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

131. gr.

Aðlögunarfyrirkomulag varðandi það að farið sé að ákvæðum um lágmarkskröfu um eigið fé

Þrátt fyrir ákvæði 139. og 144. gr. þar sem vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, fara að ákvæðum um lágmarksgjaldþol sem um getur í 28. gr. tilskipunar 2002/83/EB, 16. gr. a í tilskipun 73/239/EBE, eða 37., 38., eða 39. gr. tilskipunar 2005/68/EB, eftir því sem við á, þann 31. október 2012, en hafa ekki yfir að ráða lágmarksfjárhæð viðurkennds eiginfjárgrunns til að standa straum af lágmarkskröfu um eigið fé skulu viðkomandi félög fara að ákvæðum 128. gr. eigi síðar en 31. október 2013.

Ef viðkomandi félag fer ekki að 128. gr. innan þess tíma sem settur er fram í 1. mgr. skal starfsleyfi félagsins afturkallað. með fyrirvara um viðeigandi málsmeðferð sem kveðið er á um í landslöggjöf.

6. þáttur

Fjárfestingar

132. gr.

Varfærnismeginregla

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, fjárfesti allar eignir sínar í samræmi við varfærnismeginregluna, eins og tilgreint er í 2., 3. og 4. mgr.

([1]) Stjtíð. ESB L 3, 7.1.2004, bls. 34.

2. Að því er varðar eignasafnið í heild, skulu vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, einungis fjárfesta í eignum og gerningum sem hlutaðeigandi félag getur með viðeigandi hætti skilgreint, metið, haft eftirlit með, stýrt, stjórnað og gefið skýrslu um, og tekið með viðeigandi hætti tillit til við mat á heildargjaldþolsþörf í samræmi við a-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. 45. gr.

Allar eignir, einkum þær sem nýttar eru til að uppfylla lágmarkskröfur um eigið fé og gjaldþolskröfu, skulu fjárfestar með þeim hætti að öryggi, gæði, seljanleiki og arðsemi eignasafnsins í heild sinni sé tryggt. Auk þess skulu eignirnar staðsettar þannig að tryggt sé að þær séu aðgengilegar.

Við fjárfestingar í eignum til jöfnunar á móti vátryggingaskuld skal hafa hliðsjón af eðli og tímalengd vátryggingaskuldbindinga, þ.m.t. endurtryggingaskuldbindinga. Þessar eignir skulu fjárfestar með hagsmuni allra vátryggingartaka og rétthafa í huga m.t.t. allra framlagðra vátryggingamála.

Ef um er að ræða hagsmunaárekstur skulu vátryggingafélögin eða einingin sem stýrir eignasafni þeirra sjá til þess að fjárfestingin sé eingöngu í þágu vátryggingartaka og rétthafa.

3. Með fyrirvara um ákvæði 2. mgr., skulu önnur, þriðja og fjórða undirgrein þessarar málsgreinar gilda að því er varðar eignir í tengslum við líftryggingarsamninga ef vátryggingartakar bera fjárfestingaráhættuna.

Þegar bætur samkvæmt samningi eru með beinum hætti tengdar verðgildi eininga í verðbréfasjóði eins og skilgreint í tilskipun 85/611/EBE eða verðgildi eigna í sjóðum, sem eru í vörslu vátryggingafélaganna, yfirleitt skipt í einingar, skal vátryggingaskuld vegna bótanna mætt, eins og hægt er, með þessum einingum eða, þegar slíkar einingar eru ekki fyrir hendi, með þessum eignum.

Ef bætur samkvæmt samningi eru með beinum hætti tengdar hlutabréfavísitölu eða einhverju öðru viðmiðunargildi en því sem um getur í annarri undirgrein skal vátryggingaskuld vegna bótanna mætt, eins og hægt er, annaðhvort með einingum sem taldar eru sýna viðmiðunargildið eða, ef þessar einingar eru ekki fyrir hendi, með hæfilega öruggum og söluhæfum eignum sem samsvara eins og hægt er þeim eignum sem hið tiltekna viðmiðunargildi byggist á.

Ef bæturnar sem um getur í annarri og þriðju undirgrein fela í sér ábyrgð á fjárfestingarárangri eða annars konar ábyrgðan ávinning, skulu eignirnar, sem nýttar eru til að uppfylla ákvæði um samsvarandi viðbótarvátryggingaskuld, falla undir 4. mgr.

4. Með fyrirvara um 2. mgr., skulu ákvæði annarrar til fimmtu undirgreinar þessarar málsgreinar gilda um eignir, aðrar en þær sem falla undir 3. mgr.

Notkun afleiðugerninga skal vera möguleg að því marki sem þeir geta dregið úr áhættu eða stuðlað að hagkvæmri stýringu vátryggingastofns.

Fjárfestingar og eignir, sem ekki eru skráðar á skipulegum fjármálamarkaði, verða ávallt að vera innan varfærnismarka.

Eignir skulu vera nægilega fjölbreytilegar þannig að komast megi hjá því að treyst sé óþarflega mikið á tiltekna eign, útgefanda eða fyrirtækjasamstæðu eða landsvæði og uppsöfnun áhættu í eignasafninu í heild.

Fjárfestingar í eignum sem gefnar eru úr af sama útgefanda eða útgefendum, sem tilheyra sömu samstæðu, skulu ekki leiða til þess að áhætta safnist fyrir í of miklum mæli hjá vátryggingafélaginu.

133. gr.

Frelsi til fjárfestinga

1. Aðildarríkin skulu ekki krefja vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, um að þau fjárfesti í tilteknum eignaflokkum.

2. Aðildarríkin skulu ekki skilyrða fjárfestingarákvarðanir vátrygginga- eða endurtryggingafélags eða forstöðumanns fjárfestinga þess við neins konar fyrirframsamþykki eða kerfisbundna tilkynningarskyldu.

3. Þessi grein hefur ekki áhrif á kröfur aðildarríkja um takmarkanir á tegundum eigna eða viðmiðunargilda sem tryggingabætur geta verið tengdar. Þess háttar reglum skal einungis beitt ef vátryggingartaki, sem er einstaklingur, ber fjárfestingaráhættu og skulu ekki vera meira takmarkandi en þær sem settar eru fram í tilskipun 85/611/EBE.

134. gr.

Staðsetning eigna og bann við veðsetningu eigna

1. Að því er varðar vátryggingaráhættu innan Bandalagsins, skulu aðildarríki ekki krefjast þess að eignir sem ætlaðar eru til að bæta vátryggingaskuld í tengslum við þá áhættu séu staðsettar innan Bandalagsins eða í tilteknu aðildarríki.

Auk þess skulu aðildarríki, að því er varðar kröfur vegna endurtryggingarsamninga við félög, sem hafa leyfi í samræmi við þessa tilskipun eða hafa aðalskrifstofu í þriðja landi sem hefur eftirlitsfyrirkomulag sem talið er jafngilt í samræmi við 172. gr., ekki krefjast þess að eignir sem eru ætlaðar vegna þeirra krafna séu staðsettar innan Bandalagsins.

2. Aðildarríki skulu ekki viðhalda eða taka upp, vegna myndunar vátryggingaskuldar, kerfi með brúttóvarasjóðum sem binda eignir til að mæta væntum iðgjöldum og útistandandi tjónaskuld ef endurtryggjandinn er vátrygginga- eða endurtryggingafélag með starfsleyfi í samræmi við þessa tilskipun.

135. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

1. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar, getur framkvæmdastjórnin samþykkt framkvæmdarráðstafanir sem tilgreina megindlegar kröfur á eftirfarandi sviðum:

a) greiningu, mælingu, vöktun, stýringu og skýrslugjöf vegna áhættu sem leiðir af fjárfestingum í tengslum við fyrstu undirgrein 2. mgr. 132. gr.,

b) greiningu, mælingu, vöktun, stýringu og skýrslugjöf vegna sérstakrar áhættu sem leiðir af fjárfestingum í afleiðugerningum og eignum sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr. 132. gr.

2. Til að tryggja stöðugleika þvert á atvinnugreinar og til að koma í veg fyrir misræmi milli hagsmuna fyrirtækja sem „endurpakka“ útlán í seljanleg verðbréf og aðra fjármálagerninga (útgefanda) og hagsmuna vátrygginga- eða endurtryggingafélaga sem fjárfesta í þess háttar verðbréfum eða gerningum, skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdarráðstafanir sem setja fram:

a) kröfurnar sem útgefandi þarf að uppfylla til þess að vátrygginga- eða endurtryggingafélagi sé heimilt að fjárfesta í þess háttar verðbréfum eða gerningum eftir 1. janúar 2011, þ.m.t. kröfur sem tryggja að útgefandi viðhaldi hluta af hreinni, fjárhagslegri hlutdeild sem nemur ekki minna en 5 %,

b) eigindlegar kröfur sem vátrygginga- eða endurtryggingafélög, sem fjárfesta í þess háttar verðbréfum eða gerningum, skulu uppfylla.

3. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

VII. KAFLI

Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, sem eiga í erfiðleikum eða búa við óvenjulegar aðstæður

136. gr.

Greining og tilkynning vátryggingafélags, þ.m.t. endurtryggingafélags, um versnandi fjárhagsleg skilyrði

Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu hafa verklagsreglur til að greina versnandi fjárhagsleg skilyrði og skulu tafarlaust tilkynna eftirlitsyfirvöldum um versnandi skilyrði.

137. gr.

Ekki er farið að ákvæðum um vátryggingaskuldir

Fari vátrygginga- eða endurtryggingafélag ekki að ákvæðum 2. þáttar VI. kafla geta eftirlitsyfirvöld í heimaaðildarríki þess bannað frjálsa ráðstöfun eigna þess eftir að hafa áður tilkynnt eftirlitsyfirvöldum gistiaðildarríkisins um fyrirætlun sína. Eftirlitsyfirvöld heimaaðildarríkis skulu tilnefna eignir sem skulu falla undir þess háttar ráðstafanir.

138. gr.

Ekki er farið að ákvæðum um gjaldþolskröfu

1. Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu tafarlaust upplýsa eftirlitsyfirvöld ef þau telja að ekki sé farið að gjaldþolskröfu, eða ef hætta er á að ekki verði farið að ákvæðunum á næstu þremur mánuðum.

2. Innan tveggja mánaða frá því að í ljós kemur að ekki er farið að ákvæðum um gjaldþolskröfu, skal hlutaðeigandi vátrygginga- eða endurtryggingafélag leggja fram raunhæfa endurreisnaráætlun til samþykkis fyrir eftirlitsyfirvaldið.

3. Eftirlitsyfirvöld skulu krefjast þess að hlutaðeigandi vátrygginga- eða endurtryggingafélag geri viðeigandi ráðstafanir, innan sex mánaða frá því að kemur í ljós að ekki sé farið að ákvæðum um gjaldþolskröfur, til að ná aftur nauðsynlegu stigi viðurkenndra eiginfjárliða sem þarf til að uppfylla kröfur um gjaldþol eða lækkun á áhættusniði til að tryggja að farið sé að ákvæðum um gjaldþolskröfur.

Eftirlitsyfirvöld geta, ef við á, framlengt það tímabil um þrjá mánuði.

4. Ef um er að ræða óvenjulegt hrun á fjármálamörkuðum, getur eftirlitsyfirvald framlengt tímabilið sem sett er fram í annarri undirgrein 3. mgr. um viðeigandi tímabil að teknu tilliti til allra viðeigandi þátta.

Hlutaðeigandi vátrygginga- eða endurtryggingafélag skal, á þriggja mánaða fresti, leggja fram framvinduskýrslu til eftirlitsyfirvalda sinna þar sem settar eru fram ráðstafanir sem gerðar eru og framvinda við að ná aftur nauðsynlegu stigi viðurkenndra eiginfjárliða, sem þarf til að uppfylla kröfur um gjaldþol, eða til að lækka áhættusnið til að tryggja að farið sé að ákvæðum um gjaldþolskröfu.

Framlengingin sem um getur í fyrstu undirgrein skal afturkölluð ef framvinduskýrsla sýnir fram á að engin marktæk framvinda hafi átt sér stað til að ná aftur nauðsynlegu stigi viðurkenndra eiginfjárliða, sem þarf til að uppfylla gjaldþolskröfuna, eða lækkun áhættusniðs til að tryggja að farið sé að ákvæðum um gjaldþolskröfur, frá þeim degi sem kom í ljós að ekki var farið að ákvæðum um gjaldþolskröfur og þeim degi sem framvinduskýrslan er lögð fram.

5. Í undantekningartilvikum getur eftirlitsyfirvald, telji það að fjárhagsstaða hlutaðeigandi félags eigi eftir að versna enn frekar, takmarkað eða bannað frjálsa ráðstöfun eigna þess félags. Viðkomandi eftirlitsyfirvald skal upplýsa eftirlitsyfirvöld gistiaðildarríkis um gerðar ráðstafanir. Þau yfirvöld skulu, samkvæmt beiðni eftirlitsyfirvalds heimaaðildarríkis, gera sömu ráðstafanir. Eftirlitsyfirvald heimaaðildarríkis skal tilnefna eignir sem skulu falla undir þess háttar ráðstafanir.

139. gr.

Ekki er farið að ákvæðum hvað varðar lágmarkskröfur um eigið fé

1. Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu tafarlaust upplýsa eftirlitsyfirvöld ef þau telja að lágmarkskröfur um eigið fé séu ekki lengur uppfylltar, eða ef hætta er á að ekki verði farið að ákvæðunum á næstu þremur mánuðum.

2. Innan eins mánaðar frá því að kemur í ljós að ákvæði um lágmarkskröfur um eigið fé eru ekki uppfylltar, skal hlutaðeigandi vátrygginga- eða endurtryggingafélag leggja fram raunhæfa skammtíma fjárhagsáætlun, til eftirlitsyfirvalds til samþykktar, um að ná aftur nauðsynlegum viðurkenndum eiginfjárliðum, að lágmarki sem nemur lágmarkskröfum um eigið fé, eða lækkun áhættusniðs til að tryggja að farið sé að ákvæðum um lágmarkskröfur um eigið fé.

3. Eftirlitsyfirvald heimaaðildarríkis getur einnig takmarkað eða bannað frjálsa ráðstöfun eigna vátrygginga- eða endurtryggingafélags. Það skal upplýsa eftirlitsyfirvöld gistiaðildarríkis til samræmis við það. Þau yfirvöld skulu, samkvæmt beiðni eftirlitsyfirvalds heimaaðildarríkis, gera sömu ráðstafanir. Eftirlitsyfirvald heimaaðildarríkis skal tilnefna eignir sem skulu falla undir þess háttar ráðstafanir.

140. gr.

Bann við frjálsri ráðstöfun eigna sem eru á yfirráðasvæði aðildarríkis

Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir svo þau geti, í samræmi við landslög, bannað frjálsa ráðstöfun eigna sem eru á yfirráðasvæði þess, að beiðni heimaaðildarríkis félagsins, í þeim tilvikum sem um getur í 137.–139. og 2. mgr. 144. gr., en heimaaðildarríkið skal tilgreina um hvaða eignir þessar ráðstafanir gilda.

141. gr.

Eftirlitsheimildir við versnandi fjárhagsleg skilyrði

Ef gjaldþolsstaða félags heldur áfram að versna, skulu eftirlitsyfirvöld, þrátt fyrir 138. og 139. gr., hafa heimild til að gera nauðsynlegar verndarráðstafanir til að gæta hagsmuna vátryggingartaka ef um er að ræða vátryggingarsamninga, eða skuldbindingar sem leiða af endurtryggingarsamningum.

Þessar ráðstafanir skulu vera í réttu hlutfalli við og endurspegla stig og tímalengd versnandi gjaldþolsstöðu hlutaðeigandi vátrygginga- eða endurtryggingafélags.

142. gr.

Endurreisnaráætlun og fjárhagsáætlun

1. Endurreisnaráætlunin sem um getur í 2. mgr. 138. gr. og fjárhagsáætlun sem um getur í 2. mgr. 139. gr. skal að lágmarki tilgreina eftirfarandi atriði eða staðfestingu á þeim:

a) áætlaðan rekstrarkostnað, einkum almennan kostnað vegna daglegs reksturs og umboðslauna,

b) spá um tekjur og kostnað vegna frumtryggingastarfsemi, móttöku endurtrygginga og vegna endurtryggingaverndar,

c) áætlaðan efnahagsreikning,

d) mat á fjármagni sem ætlað er að standa straum af vátryggingaskuldum, gjaldþolskröfum og lágmarkskröfum um eigið fé,

e) heildarstefnu varðandi endurtryggingar.

2. Ef eftirlitsyfirvöld hafa krafist þess að gerð sé endurreisnaráætlun sem um getur í 2. mgr. 138. gr. eða fjárhagsáætlun sem um getur í 2. mgr. 139. gr. í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, skulu þau láta vera að gefa út skírteini í samræmi við 39. gr. svo lengi sem þau telja að réttindum vátryggingartaka, eða samningsskuldbindingum endurtryggingafélags, sé ógnað.

143. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdarráðstafanir sem tilgreina þá þætti sem skulu teknir til greina við beitingu 4. mgr. 138. gr., þ.m.t. lengsta viðeigandi tímabil, tilgreint í heildarfjölda mánaða, sem skal vera það sama að því er varðar öll vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, eins og um getur í fyrstu undirgrein 4. mgr. 138. gr.

Ef nauðsynlegt er að bæta samleitni, getur framkvæmdastjórnin samþykkt framkvæmdarráðstafanir þar sem mælt er fyrir um frekari forskriftir með tilliti til endurreisnaráætlunarinnar sem um getur í 2. mgr. 138. gr., fjárhagsáætlunar sem um getur í 2. mgr. 139. gr. og með tilliti til 141. gr. og þess vandlega gætt að forðast sveifluaukandi áhrif.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

144. gr.

Afturköllun starfsleyfis

1. Eftirlitsyfirvald heimaaðildarríkis getur afturkallað leyfi sem veitt er vátrygginga- eða endurtryggingafélögum í eftirfarandi tilvikum:

a) hlutaðeigandi félag nýtir ekki starfsleyfið innan tólf mánaða, afsalar sér því afdráttarlaust eða hættir rekstri starfseminnar í meira en sex mánuði, nema hlutaðeigandi aðildarríki hafi kveðið á um að starfsleyfið renni út í slíkum tilvikum,

b) hlutaðeigandi félag uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir leyfi,

c) hlutaðeigandi félag bregst alvarlega skyldum sem á því hvíla samkvæmt gildandi reglugerðum.

Eftirlitsyfirvald heimaaðildarríkis skal afturkalla leyfi sem veitt er vátrygginga- eða endurtryggingafélagi í því tilviki ef félag uppfyllir ekki lágmarkskröfur um eigið fé og eftirlitsyfirvald telur að fjárhagsáætlun sem lögð er fram sé augljóslega ófullnægjandi eða hlutaðeigandi félagi tekst ekki að standa við samþykkta áætlun innan þriggja mánaða eftir að athugun leiddi í ljós að ekki er farið að ákvæðum um lágmarkskröfur um eigið fé.

2. Sé starfsleyfi afturkallað eða ef það rennur út skal eftirlitsyfirvald í heimaaðildarríkinu tilkynna það til eftirlitsyfirvalda í hinum aðildarríkjunum og skulu þau gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að vátrygginga- eða endurtryggingafélagið hefji á ný starfsemi á yfirráðasvæði þeirra.

Eftirlitsyfirvald heimaaðildarríkis skal, í samvinnu við þau yfirvöld, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gæta hagsmuna hinna tryggðu aðila og sérstaklega hamla frjálsri ráðstöfun eigna vátryggingafélags í samræmi við 140. gr.

3. Ákvörðun um að afturkalla starfsleyfi skal ítarlega rökstudd og skal tilkynna hana hlutaðeigandi vátrygginga- eða endurtryggingafélagi.

VIII. KAFLI

Staðfesturéttur og frelsi til að veita þjónustu

1. þáttur

Stofnsetning vátryggingafélaga

145. gr.

Skilyrði fyrir stofnun útibús

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að vátryggingafélag sem óskar eftir að stofna útibú á yfirráðasvæði annars aðildarríkis skuli tilkynna það eftirlitsyfirvöldum í heimaaðildarríki sínu.

Fara skal með fast aðsetur félags í aðildarríki eins og um útibú væri að ræða enda þótt það sé ekki í formi útibús heldur felist einungis í skrifstofu sem rekin er af starfsfólki félagsins sjálfs eða óháðum aðila sem hefur ótímabundna heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins með sama hætti og umboð myndi gera.

2. Aðildarríki skulu gera kröfu um að vátryggingafélag sem óskar eftir að stofna útibú á yfirráðasvæði annars aðildarríkis láti eftirfarandi fylgja tilkynningunni sem um getur í 1. mgr.:

a) upplýsingar um í hvaða aðildarríki það óskar eftir að stofna útibú,

b) rekstraráætlun þar sem a.m.k. er tilgreint hvaða starfsemi það hyggst stunda og uppbygging útibúsins,

c) nafn aðila sem hefur umboð til að skuldbinda vátryggingafélagið, í tengslum við þriðja aðila, eða, í tilviki Lloyd's, viðkomandi vátryggjanda og til að koma fram fyrir hönd þess í tengslum við yfirvöld og dómstóla gistiaðildarríkis (viðurkenndur umboðsmaður),

d) heimilisfang í gistiaðildarríki þar sem hægt er að nálgast skjöl og afhenda skjöl, þ.m.t. allar tilkynningar til viðurkennds umboðsmanns.

Hvað Lloyd's-vátryggjendur varðar skulu tryggðir einstaklingar, komi til málaferla í gistiaðildarríki vegna vátryggingaskuldbindinga, hljóta sambærilega meðferð og ef mál hefði verið höfðað gegn starfsemi af hefðbundinni gerð.

3. Ef skaðatryggingafélag hefur í hyggju að láta útibú sitt tryggja gegn áhættu sem flokkast í 10. flokk í A-hluta I. viðauka, burtséð frá ábyrgð vegna flutninga, skal það leggja fram yfirlýsingu um að það sé aðili að landsskrifstofu og landsbundnum ábyrgðarsjóði gistiaðildarríkis.

4. Ef breytingar verða á einstökum atriðum, sem tilkynnt eru skv. b-, c- eða d-lið 2. mgr., skal vátryggingafélag tilkynna eftirlitsyfirvöldum heimaaðildarríkisins og aðildarríki útibúsins skriflega um viðkomandi breytingu a.m.k. mánuði áður en breytingin er gerð til að gera eftirlitsyfirvöldum heimaaðildarríkisins og eftirlitsyfirvöldum aðildarríkisins þar sem útibúið er staðsett, kleift að uppfylla hlutaðeigandi skyldur sínar skv. 146. gr.

146. gr.

Upplýsingar veittar

1. Eftirlitsyfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu, að teknu tilliti til fyrirhugaðs rekstrar, og innan þriggja mánaða frá móttöku upplýsinganna sem um getur í 2. mgr 145. gr., senda upplýsingarnar til eftirlitsyfirvalda gistiaðildarríkisins og láta hlutaðeigandi vátryggingafélag vita nema þau hafi ástæðu til að efast um fullnægjandi stjórnskipulag eða fjárhagsstöðu vátryggingafélagsins, kröfur um hæfni og heiðvirði viðurkennds umboðsmanns í samræmi við 42. gr.

Eftirlitsyfirvöld heimaaðildarríkisins skulu einnig votta að vátryggingafélagið uppfylli gjaldþolskröfur og lágmarkskröfur um eigið fé sem er reiknað út skv. 100. gr. og 129. gr.

2. Neiti eftirlitsyfirvöld heimaaðildarríkisins að veita eftirlitsyfirvöldum í gistiaðildarríkinu upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. 145. gr. ber þeim að greina hlutaðeigandi vátryggingafélagi frá ástæðum fyrir synjuninni innan þriggja mánaða frá því að allar upplýsingar bárust.

Heimilt er að áfrýja til dómstóla í heimaaðildarríkinu ef um er að ræða synjun eða ef ekkert svar berst.

3. Áður en útibú vátryggingafélags hefur starfsemi skulu eftirlitsyfirvöld í gistiaðildarríki útibúsins, eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að upplýsingarnar sem um ræðir í 1. mgr. hafa borist, tilkynna eftirlitsyfirvaldi í heimaaðildarríkinu um hvaða skilyrðum starfsemin skuli hlíta í gistiaðildarríki útibúsins svo almennra hagsmuna sé gætt. Eftirlitsyfirvald heimaaðildarríkis skal upplýsa hlutaðeigandi vátryggingafélag um þetta.

Vátryggingafélagið getur stofnað útibú og hafið starfsemi frá og með þeim degi sem eftirlitsyfirvald heimaaðildarríkis hefur móttekið þess háttar upplýsingar eða, ef engar upplýsingar hafa verið mótteknar, þegar tímabilinu sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein lýkur.

2. þáttur

Frelsi vátryggingafélaga til að veita þjónustu

1. undirþáttur

Almenn ákvæði

147. gr.

Fyrirframtilkynning til heimaaðildarríkis

Vátryggingafélag, sem hyggst reka starfsemi í fyrsta sinn í einu eða fleiri aðildarríkjum samkvæmt frelsi til að veita þjónustu, skal fyrst tilkynna það eftirlitsyfirvöldum í heimaaðildarríkinu og tilgreina hvers konar áhættur eða skuldbindingar það hyggst gangast undir.

148. gr.

Tilkynning heimaaðildarríkis

1. Eftirlitsyfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu, innan eins mánaðar frá tilkynningunni sem kveðið er á um í 147. gr., senda aðildarríkinu eða -ríkjunum þar sem vátryggingafélagið hyggst reka starfsemi samkvæmt frelsi til að veita þjónustu eftirfarandi:

a) vottorð um að vátryggingafélagið taki til þess lágmarksgjaldþols og uppfylli lágmarkskröfur um eigið fé sem reiknað er út skv. 100. og 129. gr.,

b) upplýsingar um í hvaða flokkum vátrygginga vátryggingafélagið hefur starfsleyfi,

c) eðli áhætta eða skuldbindinga sem vátryggingafélagið ætlar að gangast undir í gistiaðildarríki.

Á sama tíma skulu eftirlitsyfirvöld heimaaðildarríkis upplýsa hlutaðeigandi vátryggingafélag um það.

2. Ef skaðatryggingafélag ætlar, á grundvelli frelsis til að veita þjónustu, að gangast undir ábyrgðir á áhættu sem flokkast í 10. flokk í A-hluta I. viðauka, fyrir utan ábyrgð vegna flutninga, á yfirráðasvæði aðildarríkis, getur það aðildarríki krafist þess að vátryggingafélag leggi fram eftirfarandi:

a) nafn og heimilisfang fulltrúans sem um getur í h-lið 1. mgr. 18. gr.,

b) yfirlýsingu um að félagið sé aðili að landsskrifstofu og innlendum ábyrgðarsjóði gistiaðildarríkis.

3. Sendi eftirlitsyfirvöld heimaaðildarríkisins upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. ekki innan tilskilins frests ber þeim að greina vátryggingafélaginu frá ástæðum fyrir synjuninni innan sama frests.

Heimilt er að áfrýja til dómstóla í heimaaðildarríkinu ef um er að ræða synjun eða ef ekkert svar berst.

4. Vátryggingafélaginu er heimilt að hefja starfsemi frá og með þeim degi sem staðfest er að það hafi verið látið vita um tilkynninguna sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr.

149. gr.

Breytingar á eðli áhættanna eða skuldbindinganna

Málsmeðferðin í 147. og 148. gr. gildir um allar breytingar sem vátryggingafélagið hyggist gera á upplýsingunum sem um getur í 145. gr.

2. undirþáttur

Bótaábyrgð þriðja aðila á vélknúnum ökutækjum

150. gr.

Lögboðnar bótaábyrgðir þriðja aðila á vélknúnum ökutækjum

1. Ef skaðatryggingafélag, fyrir milligöngu stofnunar sem staðsett er í einu aðildarríkjanna, ábyrgist áhættu, aðra en ábyrgð vegna flutninga, sem flokkast í 10. flokk í A-hluta I. viðauka sem er í öðru aðildarríki, skal gistiaðildarríki krefjast þess að það félag verði aðili að og taki þátt í fjármögnun landsskrifstofu og innlendum ábyrgðarsjóði þess.

2. Fjárframlag sem um getur í 1. mgr. skal aðeins lagt fram í tengslum við áhættur, aðrar en ábyrgð vegna flutninga, sem flokkast í 10. flokk í A-hluta I. viðauka sem fellur undir þjónustustarfsemi. Það framlag skal reiknað út á sama grundvelli og fyrir skaðatryggingafélög sem gangast undir þær áhættur fyrir milligöngu stofnunar sem staðsett er í því aðildarríki.

Útreikningurinn skal gerður með vísan í iðgjaldatekjur vátryggingafélags af þeim flokki í gistiaðildarríkinu eða fjölda áhætta í þeim flokki sem félagið ber ábyrgð á þar.

3. Gistiaðildarríkið getur krafist þess að vátryggingafélag, sem veitir þjónustu, starfi í samræmi við reglur í því aðildarríki að því er varðar ábyrgð á aukinni áhættu, að svo miklu leyti sem þær eiga við um skaðatryggingafélög sem komið er á fót í því ríki.

151. gr.

Bann við mismunun aðila sem sækja kröfur

Gistiaðildarríkið skal krefjast þess að skaðatryggingafélag sjái til þess að aðilar sem sækja kröfur, sem leiða af atburðum sem eiga sér stað á yfirráðasvæði þess, séu ekki í verri stöðu vegna þess að félagið ber ábyrgð á áhættu, fyrir utan ábyrgð vegna flutninga, sem flokkast í 10. flokk í A-hluta I. viðauka sem fellur undir þjónustustarfsemi, frekar en fyrir milligöngu stofnunar sem staðsett er í því ríki.

152. gr.

Fulltrúi

1. Í þeim tilgangi sem um getur í 151. gr., skal gistiaðildarríki krefjast þess að skaðatryggingafélag tilnefni fulltrúa sem er búsettur eða hefur staðfestu á yfirráðasvæði þess, sem skal safna öllum nauðsynlegum upplýsingum í tengslum við kröfur, og skal hafa umboð til að koma fram fyrir hönd félagsins í tengslum við aðila sem orðið hafa fyrir tjóni og gætu sótt kröfur, þ.m.t. greiðslu þess háttar krafna, og komið fram fyrir hönd þess eða, ef nauðsyn krefur, frammi fyrir dómstólum og yfirvöldum þess aðildarríkis í tengslum við þær kröfur.

Þess getur einnig verið krafist að sá fulltrúi komi fram fyrir hönd skaðatryggingafélags frammi fyrir eftirlitsyfirvöldum gistiaðildarríkis að því er varðar athugun á tilvist og lögmæti ábyrgðartrygginga vélknúinna ökutækja.

2. Gistiaðildarríki skal ekki krefjast þess að fulltrúi skuldbindi sig til að annast önnur störf fyrir hönd skaðatryggingafélags sem tilnefndi hann en þau sem sett eru fram í 1. mgr.

3. Tilnefning fulltrúa skal ekki í sjálfu sér tákna stofnun útibús að því er varðar ákvæði 145. gr.

4. Ef vátryggingafélag hefur ekki tilnefnt fulltrúa geta aðildarríkin samþykkt að tjónauppgjörsfulltrúi, sem tilnefndur er í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2000/26/EB annist störf fulltrúans sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

3. þáttur

Valdsvið eftirlitsyfirvalda gistiaðildarríkisins

1. undirþáttur

Vátryggingar

153. gr.

Tungumál

Eftirlitsyfirvöld gistiaðildarríkisins geta krafist þess að upplýsingarnar, sem þau geta farið fram á varðandi starfsemi vátryggingafélags á yfirráðasvæði þess, séu veittar á opinberu tungumáli eða tungumálum þess ríkis.

154. gr.

Fyrirframtilkynning og fyrirframsamþykki

1. Gistiaðildarríkjunum er óheimilt að samþykkja ákvæði þar sem krafist er fyrirframsamþykkis við eða reglubundinna tilkynninga á almennum og sérstökum tryggingaskilmálum, iðgjaldatöxtum, eða í tilviki líftrygginga, tæknilegum grundvelli sem er einkum notaður við útreikning á iðgjaldatöxtum og líftryggingaskuldum eða eyðublöðum og öðrum skjölum sem vátryggingafélagið hefur í hyggju að nota í skiptum sínum við vátryggingataka.

2. Í því skyni að hafa eftirlit með því að vátryggingafélag fari að innlendum ákvæðum um vátryggingarsamninga, er gistiaðildarríkinu aðeins heimilt að krefjast ókerfisbundinna tilkynninga vegna tryggingaskilmála og annarra skjala frá vátryggingafélagi sem fyrirhugar að reka vátryggingastarfsemi á yfirráðasvæði þess, og þær kröfur skulu ekki vera skilyrði þess að vátryggingafélag stundi starfsemi.

3. Gistiaðildarríki skulu ekki viðhalda eða taka upp kröfur um fyrirframtilkynningar eða samþykki hækkunar iðgjalda, nema sem hluta af almennu verðstýringakerfi.

155. gr.

Vátryggingafélög sem fara ekki að lagaákvæðum

1. Þar sem eftirlitsyfirvöld gistiaðildarríkis komast að því að vátryggingafélag, sem hefur útibú eða rekur starfsemi samkvæmt frelsi til að veita þjónustu á yfirráðasvæði þess, fer ekki að þeim lagaákvæðum sem um það gilda í því aðildarríki skulu þau krefjast þess af vátryggingafélaginu að það bindi enda á hinar óvenjulegu aðstæður.

2. Þar sem umrætt vátryggingafélag gerir ekki nauðsynlegar ráðstafanir skulu eftirlitsyfirvöld viðkomandi aðildarríkis tilkynna það eftirlitsyfirvöldum heimaaðildarríkisins.

Eftirlitsyfirvöld heimaaðildarríkisins skulu við fyrsta tækifæri gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að vátryggingafélag sem hlut á að máli bindi enda á þetta óeðlilega ástand.

Eftirlitsyfirvald heimaaðildarríkisins skal tilkynna eftirlitsyfirvaldi gistiaðildarríkisins um ráðstafanir sem gerðar eru.

3. Þar sem vátryggingafélagið heldur áfram að brjóta gegn lagaákvæðum sem í gildi eru í viðkomandi gistiaðildarríki þrátt fyrir áðurnefndar ráðstafanir af hálfu heimaaðildarríkis eða vegna þess að ráðstafanirnar eru ónógar eða hafa ekki verið gerðar geta yfirvöld gistiaðildarríkis, er þau hafa skýrt eftirlitsyfirvöldum heimaaðildarríkisins frá því, gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða refsa fyrir frekari brot og þar á meðal, að því marki sem það er nauðsynlegt, komið í veg fyrir að félagið geri fleiri vátryggingasamninga á yfirráðasvæði þess.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að á þeirra yfirráðasvæði sé unnt að birta vátryggingafélögum nauðsynleg lagaskjöl vegna slíkra ráðstafana.

4. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. hafa ekki áhrif á rétt viðkomandi aðildarríkis til að gera nauðsynlegar ráðstafanir í neyðartilvikum til að koma í veg fyrir eða refsa fyrir lagabrot á yfirráðasvæði þess. Þetta felur einnig í sér þann möguleika að koma í veg fyrir að vátryggingafélög geri fleiri vátryggingasamninga á yfirráðasvæði þess.

5. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. hafa ekki áhrif á rétt aðildarríkis til að refsa fyrir brot sem eru framin á yfirráðasvæði þess.

6. Þar sem vátryggingafélag, sem hefur gerst brotlegt, hefur starfsstöð eða á eignir í viðkomandi aðildarríki geta eftirlitsyfirvöld hins síðarnefnda beitt þeim stjórnsýsluviðurlögum sem gilda í landslögum þeirra, með refsiaðgerðum gagnvart þeirri starfsstöð eða þeirri eign sem um ræðir.

7. Allar ráðstafanir, sem gripið er til skv. 2. til 6. mgr. og fela í sér takmörkun vátryggingastarfsemi, skulu rökstuddar og tilkynntar því vátryggingafélagi sem í hlut á.

8. Vátryggingafélög skulu afhenda eftirlitsyfirvöldum gistiaðildarríkis öll gögn sem þau óska eftir að þau afhendi að því er varðar 1. til 7. mgr., að því marki sem vátryggingafélögum sem hafa aðalskrifstofu í því aðildarríki er einnig skylt að gera það.

9. Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um fjölda og tegundir tilvika sem leiða til synjunar skv. 146. og 148. gr., þar sem ráðstafanir hafa verið gerðar skv. 4. mgr. þessarar greinar.

Á grundvelli þeirra upplýsinga skal framkvæmdastjórnin upplýsa nefnd evrópskra eftirlitsaðila með vátryggingum og starfstengdum lífeyrissjóðum á tveggja ára fresti.

156. gr.

Auglýsingastarfsemi

Vátryggingafélögum sem hafa aðalskrifstofur í aðildarríkjum er heimilt að auglýsa þjónustu sína í öllum tiltækum miðlum í gistiaðildarríkinu, svo fremi farið sé eftir reglum um framsetningu og efni slíkra auglýsinga sem settar hafa verið í þágu almennra hagsmuna.

157. gr.

Skattlagning iðgjalda

1. Með fyrirvara um síðari samhæfingu, skulu vátryggingarsamningar einungis falla undir óbeina skattlagningu og skattatengda gjaldtöku af tryggingariðgjöldum í þeim aðildarríkjum sem áhættan er staðsett í eða í aðildarríkinu þar sem gengist er undir skuldbindinguna.

Að því er varðar fyrstu undirgrein, teljast færanlegar eignir, sem staðsettar eru í fasteign sem er innan yfirráðasvæðis aðildarríkis, að undanskildum vörum í umflutningi, áhætta staðsett í því aðildarríki, jafnvel ef fasteignin og innihald hennar falla ekki undir sama vátryggingarsamning.

Á Spáni eru einnig lögð aukagjöld á vátryggingarsamninga, sem komið er á með löglegum hætti í þágu „Consorcio de Compensación de Seguros“ svo þau geti sinnt hlutverki sínu í tengslum við bætur vegna taps af völdum óvenjulegra atburða sem eiga sér stað í því aðildarríki.

2. Löggjöf, sem við á um samninginn skv. 178. gr. þessarar tilskipunar og samkvæmt reglugerð (EB) nr. 593/2008, skal óháð hinni skattalegu tilhögun sem í gildi er.

3. Hvert aðildarríki skal beita eigin innlendum ákvæðum gagnvart þeim vátryggingafélögum sem ábyrgjast áhættu eða skuldbindingar innan yfirráðasvæðis síns varðandi ráðstafanir sem gerðar eru til að tryggja innheimtu óbeinna skatta og skattatengdra gjalda til greiðslu skv. 1. mgr.

2. undirþáttur

Endurtryggingar

158. gr.

Endurtryggingafélög sem fara ekki að lagaákvæðum

1. Þar sem eftirlitsyfirvöld gistiaðildarríkis komast að því að endurtryggingafélag, sem hefur útibú eða rekur starfsemi samkvæmt frelsi til að veita þjónustu á yfirráðasvæði þess, fer ekki að þeim lagaákvæðum sem um það gilda í því aðildarríki skulu þau krefjast þess af endurtryggingafélaginu að það bindi enda á það ástand og fari að settum reglum. Á sama tíma skulu þau vísa málinu til eftirlitsyfirvalds í heimaaðildarríkinu.

2. Þar sem endurtryggingafélagið heldur áfram að brjóta gegn lagaákvæðum sem í gildi eru í viðkomandi gistiaðildarríki, þrátt fyrir áðurnefndar ráðstafanir af hálfu heimaaðildarríkis eða vegna þess að ráðstafanirnar eru ónógar, geta yfirvöld gistiaðildarríkis, eftir að þau hafa skýrt eftirlitsyfirvöldum heimaaðildarríkisins frá því, gert viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða refsa fyrir frekari brot þ.m.t., að því marki sem það er nauðsynlegt, komið í veg fyrir að endurtryggingafélagið geri fleiri endurtryggingasamninga á yfirráðasvæði þess.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að á þeirra yfirráðasvæði sé unnt að birta endurtryggingafélögum nauðsynleg lagaskjöl vegna slíkra ráðstafana.

3. Allar ráðstafanir, sem gripið er til skv. 1. og 2. mgr. og fela í sér viðurlög eða takmörkun á endurtryggingastarfsemi, skulu vel rökstuddar og tilkynntar því endurtryggingafélagi sem í hlut á.

4. þáttur

Tölfræðilegar upplýsingar

159. gr.

Tölfræðilegar upplýsingar um starfsemi sem nær yfir landamæri

Vátryggingafélög skulu, sundurliðað eftir því hvort um er að ræða viðskipti sem eru stunduð samkvæmt staðfesturétti eða viðskipti sem stunduð eru samkvæmt frelsi til að veita þjónustu, skýra lögbæru eftirlitsyfirvaldi í heimaaðildarríkinu frá fjárhæð iðgjalda, krafna og þóknana áður en endurtryggingariðgjöld eru dregin frá, fyrir hvert aðildarríki og hvern eftirfarandi:

a) að því er varðar skaðatryggingar, hóp flokka eins og sett er fram í V. viðauka,

b) að því er varðar líftryggingar, hvern flokk I til IX eins og sett er fram í II. viðauka.

Að því er varðar 10. flokk A-hluta I. viðauka, að undanskilinni ábyrgð vegna flutninga, skal hlutaðeigandi félag einnig upplýsa það eftirlitsyfirvald um tíðni og meðalkostnað krafna.

Eftirlitsyfirvald heimaaðildarríkis skal framsenda upplýsingar, sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein, innan hæfilegs frests og í samanteknu formi til eftirlitsyfirvalda hlutaðeigandi aðildarríkja, óski þau eftir því.

5. þáttur

Meðferð samninga útibúa í slitameðferð

160. gr.

Slit vátryggingafélaga

Þar sem vátryggingafélagi er slitið skal gera upp skuldbindingar vegna samninga, sem gerðir hafa verið fyrir milligöngu útibús eða samkvæmt frelsi til að veita þjónustu, á sama hátt og þær sem eiga rætur að rekja til annarra vátryggingasamninga félagsins og burtséð frá þjóðerni tryggðra einstaklinga eða rétthafa.

161. gr.

Slit endurtryggingafélaga

Þar sem endurtryggingafélagi er slitið skal gera upp skuldbindingar vegna samninga sem gerðir hafa verið fyrir milligöngu útibús eða samkvæmt frelsi til að veita þjónustu, á sama hátt og þær sem eiga rætur að rekja til annarra endurtryggingasamninga félagsins.

IX. KAFLI

Útibú með staðfestu innan Bandalagsins og tilheyra vátryggingafélögum, þ.m.t. endurtryggingafélögum, sem hafa aðalskrifstofur utan Bandalagsins

1. þáttur

Stofnun rekstrar

162. gr.

Meginreglur um leyfisveitingu og skilyrði

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að félag, sem hefur aðalskrifstofu sína utan Bandalagsins, afli sér starfsleyfis til að stunda í ríkinu þá starfsemi sem um getur í 1. mgr. 2. gr.

2. Aðildarríki er heimilt að veita félagi starfsleyfi að uppfylltum eftirfarandi lágmarksskilyrðum:

a) það hefur leyfi til að stunda vátryggingastarfsemi samkvæmt landslögum sínum,

b) það stofni útibú innan yfirráðasvæðis þess aðildarríkis þar sem sóst er eftir leyfi,

c) það skuldbindi sig til að halda reikninga fyrir atvinnurekstrinn, á þeim stað þar sem útibúið hefur aðsetur og geyma þar öll gögn viðvíkjandi starfseminni,

d) það tilnefni aðalumboðsmann sem eftirlitsyfirvöld samþykkja,

e) það hafi yfir að ráða, í því aðildarríki þar sem það óskar eftir starfsleyfi, eignum sem jafngilda a.m.k. helmingi lágmarksfjárhæðar, sem kveðið er á um í d-lið 1. mgr. 129. gr. að því er varðar lágmarkskröfur um eigið fé, og leggi fram sem geymslufé einn fjórða af lágmarksfjárhæðinni,

f) það skuldbindur sig til að uppfylla gjaldþolskröfur og lágmarkskröfur um eigið fé í samræmi við kröfurnar sem um getur í 100. og 128. gr.,

g) það tilkynni nafn og heimilisfang tjónauppgjörsfulltrúa sem tilnefndur er í hverju aðildarríki öðru en því þar sem sótt er um starfsleyfið, ef áhættan sem tryggt er gegn flokkast í 10. flokk í A-hluta I. viðauka, að undanskilinni ábyrgð vegna flutninga,

h) það leggi fram rekstraráætlun samkvæmt ákvæðum 163. gr.,

i) það uppfylli kröfur um stjórnunarhætti sem mælt er fyrir um í 2. þætti IV. kafla.

3. Að því er varðar þennan kafla merkir „útibú“ stöðug viðvera félags sem um getur í 1. mgr. á yfirráðasvæði aðildarríkis, sem fær starfsleyfi í því aðildarríki og stundar vátryggingastarfsemi.

163. gr.

Rekstraráætlun útibús

1. Í rekstraráætlun útibús sem um getur í h-lið 2. mgr. 162. gr. skal eftirfarandi sett fram:

a) eðli þeirra áhætta eða skuldbindinga sem félagið hyggst taka að sér,

b) meginreglur endurtryggingar,

c) mat á framtíðargjaldþolskröfum, eins og mælt er fyrir um í 4. þætti VI. kafla, á grundvelli áætlaðs efnahagsreiknings og einnig reikningsaðferðin sem beitt er til að leiða fram þetta mat,

d) mat á framtíðarlágmarkskröfum um eigið fé, eins og mælt er fyrir um í 5. þætti VI. kafla, á grundvelli áætlaðs efnahagsreiknings og einnig reikningsaðferðin sem beitt er til að leiða fram þetta mat,

e) yfirlit yfir viðurkennda eiginfjárliði og viðurkennda liði eiginfjárgrunns félagsins með tilliti til gjaldþolskröfu og lágmarkskrafna um eigið fé eins og um getur í 4. og 5. þætti VI. kafla,

f) áætlaðan kostnað við að koma upp stjórnsýsluþjónustu og skipulagi til að tryggja áframhaldandi starfsemi, fjármagn sem ætlað er að standa straum af honum og, ef áhættan sem tryggt er gegn flokkast í 18. flokk í A-hluta I. viðauka, aðgengilegir fjármunir til að veita þá aðstoð,

g) upplýsingar um skipulag stjórnkerfis.

2. Auk skilyrðanna sem sett eru fram í 1. mgr. skal eftirfarandi koma fram í rekstraráætluninni fyrir þrjú fyrstu fjárhagsárin:

a) áætlaður efnahagsreikningur,

b) mat á fjármagni sem ætlað er að standa straum af vátryggingaskuldum, lágmarkskröfum um eigið fé og gjaldþolskröfum,

c) þegar um er að ræða skaðatryggingar:

   i. áætlaður stjórnunarkostnaður, annar en uppsetningarkostnaður, einkum almennur kostnaður vegna daglegs reksturs og umboðslauna,

   ii. áætluð iðgjöld eða framlög og kröfur,

d) þegar um er að ræða líftryggingar, áætlun með nákvæmri spá um tekjur og kostnað vegna frumtryggingastarfsemi, móttöku endurtrygginga og vegna endurtryggingaverndar.

3. Að því er varðar líftryggingar getur aðildarríki krafist þess að vátryggingafélag tilkynni reglulega um hvaða tæknilegi grundvöllur er notaður við útreikning á iðgjaldatöxtum og tryggingaskuldum, en þessi krafa er þó ekki skilyrði fyrir því að líftryggingarfélag geti rekið starfsemi sína.

164. gr.

Yfirfærsla vátryggingastofns

1. Með þeim skilyrðum sem sett eru í landslögum skulu aðildarríki veita útibúum, sem stofnsett eru á yfirráðasvæði þeirra og þessi kafli tekur til, leyfi til að yfirfæra samningasafn þeirra að einhverju eða öllu leyti til viðtökufélags sem stofnsett er í sama aðildarríki, enda staðfesti eftirlitsyfirvöld þess aðildarríkis eða, ef við á, aðildarríkið sem um getur í 167. gr. að viðtökufélagið búi yfir nægilegum viðurkenndum eiginfjárliðum til að ná yfir gjaldþolskröfuna sem vísað er til í fyrstu málsgrein 100. gr., þegar tekið hefur verið tillit til yfirfærslunnar.

2. Með þeim skilyrðum sem sett eru í landslögum skulu aðildarríki veita útibúum, sem stofnsett eru á yfirráðasvæði þeirra og þessi kafli tekur til, leyfi til að yfirfæra samningasafn þeirra að einhverju eða öllu leyti til vátryggingafélags sem hefur aðalskrifstofu í öðru aðildarríki, enda staðfesti eftirlitsyfirvöld þess aðildarríkis að viðtökufélagið búi yfir nauðsynlegum viðurkenndum eiginfjárliðum að því er varðar gjaldþolskröfur sem um getur í fyrstu málsgrein 100. gr. þegar tekið hefur verið tillit til yfirfærslunnar.

3. Ef aðildarríki, samkvæmt skilyrðunum sem kveðið er á um í landslögum, heimilar útibúum á yfirráðasvæði sínu, sem falla undir þennan kafla, að yfirfæra samningasafn sitt að einhverju eða öllu leyti til útibús sem fellur undir þennan kafla og er stofnsett innan yfirráðasvæðis annars aðildarríkis, skal það sjá til þess að eftirlitsyfirvöld aðildarríkis viðtökufélagsins eða, ef við á, aðildarríkisins sem um getur í 167. gr. staðfesti:

a) að félagið sem tekur við yfirfærslunni hafi nauðsynlega viðurkennda eiginfjárliði til að uppfylla gjaldþolskröfuna, eftir að hafa tekið við yfirfærslunni,

b) að löggjöf aðildarríkis þess félags sem tekur við yfirfærslunni heimili þess háttar yfirfærslu og

c) að aðildarríkið hafi samþykkt yfirfærsluna.

4. Í þeim tilvikum sem um getur í 1. til 3. mgr. skal aðildarríkið, þar sem útibúið sem yfirfærir vátryggingastofn sinn er staðsett, heimila yfirfærsluna, að fengnu samþykki eftirlitsyfirvalda þess aðildarríkis þar sem áhættan er staðsett eða gengist er undir skuldbindinguna, ef það er ekki aðildarríkið þar sem útibúið er staðsett sem yfirfærir vátryggingastofn sinn.

5. Eftirlitsyfirvöld í aðildarríkjunum sem samráð er haft við skulu tilkynna eftirlitsyfirvöldum í heimaaðildarríki vátryggingafélagsins sem yfirfærir vátryggingastofn sinn um álit sitt eða samþykki innan þriggja mánaða frá því að þeim barst beiðnin. Ef yfirvöldin sem samráð er haft við hafa ekki svarað innan þess frests telst það jafngilda jákvæðu svari eða þegjandi samþykki.

6. Yfirfærsla vátryggingastofns sem heimiluð er í samræmi við 1.–5. mgr. skal birt eins og mælt er fyrir um í landslögum aðildarríkisins þar sem áhættan er staðsett eða í aðildarríkinu þar sem gengist er undir skuldbindinguna.

Slík yfirfærsla öðlast sjálfkrafa gildi gagnvart vátryggingatökum, tryggðum einstaklingum og öllum þeim öðrum sem eiga rétt eða bera skyldu vegna þeirra samninga sem yfirfærðir hafa verið.

165. gr.

Vátryggingaskuldir

Aðildarríki skulu krefjast þess að félög komi á fullnægjandi vátryggingaskuldum til að tryggja vátryggingaskuldbindingar, þ.m.t. endurtryggingaskuldbindingar, sem þau stofna til innan yfirráðasvæðis þeirra, reiknaðar út í samræmi við 2. þátt VI. kafla. Aðildarríki skulu krefjast þess að félög meti eignir og skuldir í samræmi við 1. þátt VI. kafla og ákvarði eiginfjárliði í samræmi við 3. þátt VI. kafla.

166. gr.

Gjaldþolskrafa og lágmarkskröfur um eigið fé

1. Hvert aðildarríki skal krefjast þess að útibú, sem komið er á fót á yfirráðasvæði þess, hafi yfir að ráða fjárhæð viðurkenndra eiginfjárliða sem samanstendur af þeim þáttum sem um getur í 3. mgr. 98. gr.

Gjaldþolskrafan og lágmarkskröfur um eigið fé skulu reiknaðar út í samræmi við ákvæði 4. og 5. þáttar VI. kafla.

Að því er varðar útreikning á gjaldþolskröfu og lágmarkskröfum um eigið fé skal þó aðeins taka tillit til þeirrar starfsemi sem viðkomandi útibú hefur áhrif á, bæði í tilviki líf- og skaðatrygginga.

2. Fjárhæð viðurkennds eiginfjárliðar sem krafist er til að uppfylla lágmarkskröfur um eigið fé og lágmarksfjárhæð þeirra lágmarkskrafna um eigið fé skal ákvörðuð í samræmi við 4. mgr. 98. gr.

3. Fjárhæð viðurkennds eiginfjárliðar skal ekki vera lægri en helmingur lágmarksfjárhæðar sem krafist er skv. d-lið 1. mgr. 129. gr.

Tryggingarfé sem hefur verið lagt fram í samræmi við e-lið 2. mgr. 162. gr. skal reiknast á móti þess háttar viðurkenndum eiginfjárlið í því skyni að uppfylla lágmarkskröfur um eigið fé.

4. Eignir, sem tryggja gjaldþol, skulu varðveittar í því aðildarríki þar sem starfsemin er rekin að því marki sem samsvarar lágmarkskröfum um eigið fé og það sem umfram er skal varðveitt innan Bandalagsins.

167. gr.

Ávinningur fyrir félög sem hafa starfsleyfi í fleiri en einu aðildarríki

1. Félögum, sem óskað hafa eftir eða fengið hafa starfsleyfi í fleiri en einu aðildarríki, er heimilt að sækja um ávinning af eftirtöldum tegundum sem einungis má veita leyfi fyrir öllum í einu:

a) að gjaldþolskröfur, sem um getur í 166. gr., verði reiknaðar á grundvelli allrar starfsemi þess innan Bandalagsins,

b) að geymslufé það, sem krafist er skv. e-lið 2. mgr. 162. gr., skuli aðeins lagt fram í einu aðildarríkjanna,

c) að eignir, sem tryggja lágmarkskröfur um eigið fé, megi í samræmi við 134. gr. vera í einhverju aðildarríkjanna þar sem félagið starfar og þá í hverju þeirra sem er.

Í þeim tilvikum sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar, skal aðeins taka til greina starfsemi útibúa sem stofnsett hafa verið innan Bandalagsins þegar þessi útreikningur er gerður.

2. Umsókn um að nýta þær tegundir ávinnings, sem um getur í 1. mgr., skal senda eftirlitsyfirvöldum þeirra aðildarríkja sem í hlut eiga. Í umsókninni skal koma fram það yfirvald aðildarríkis sem framvegis skuli annast eftirlit með gjaldþoli fyrir samanlagða starfsemi útibúa sem hafa staðfestu innan Bandalagsins. Félagið skal skýra frá ástæðu þess að viðkomandi yfirvald varð fyrir valinu.

Tryggingarfé sem um getur í e-lið 2. mgr. 162. gr. skal lagt fram í því aðildarríki.

3. Því aðeins má veita leyfi fyrir þeim tegundum ávinnings sem mælt er fyrir um í 1. mgr. að eftirlitsyfirvöld í öllum aðildarríkjum, þar sem sótt hefur verið um, veiti samþykki sitt.

Þær tegundir ávinnings taka gildi frá þeim tíma þegar eftirlitsyfirvaldið, sem varð fyrir valinu, tilkynnir öðrum eftirlitsyfirvöldum að það muni hafa eftirlit með gjaldþolsstöðu samanlagðrar starfsemi útibúa innan Bandalagsins.

Eftirlitsyfirvaldið, sem valið er, aflar allra nauðsynlegra upplýsinga frá öðrum aðildarríkjum til þess að hafa eftirlit með heildargjaldþoli útibúa sem stofnuð eru á yfirráðasvæðum þeirra.

4. Krefjist eitt eða fleiri hlutaðeigandi aðildarríki þess skulu þær tegundir ávinnings, sem útibúum hefur verið veitt leyfi fyrir samkvæmt 1., 2. og 3. mgr., afturkallaðar samtímis af öllum aðildarríkjum sem hlut eiga að máli.

168. gr.

Reikningsskil, varfærnis- og tölfræðilegar upplýsingar og félög í erfiðleikum

Að því er varðar þennan þátt, gilda 34. gr., 3. mgr. 139. gr. og 140. og 141. gr.

Ef félag uppfyllir skilyrði til að njóta ávinnings sem kveðið er á um í 1., 2. og 3. mgr. 167. gr., að því er varðar beitingu 137.–139. gr., skal farið með eftirlitsyfirvald, sem ber ábyrgð á að votta gjaldþol útibúa með staðfestu innan Bandalagsins að því er varðar alla starfsemi þeirra, á sama hátt og eftirlitsyfirvald aðildarríkis þess yfirráðasvæðis sem félag sem hefur staðfestu í Bandalaginu hefur aðalskrifstofu.

169. gr.

Aðgreining skaða- og líftryggingastarfsemi

1. Útibú sem um getur í þessum þætti skulu ekki stunda líf- og skaðatryggingastarfsemi á sama tíma í sama aðildarríki.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er aðildarríkjunum heimilt að kveða á um að þau útibú, sem þessi þáttur á við um og reka samtímis báðar tegundir starfsemi í aðildarríki á viðkomandi degi sem um getur í fyrstu undirgrein 5. mgr. 73. gr., geti haldið því áfram enda sé rekstur hvorrar starfsemi fyrir sig aðgreindur skv. 74. gr.

3. Aðildarríki sem krefst þess samkvæmt annarri undirgrein 5. mgr. 73. gr. að félög, sem stofnuð eru á yfirráðasvæði þess, hætti að reka samtímis báðar tegundir starfsemi, sem stundaðar eru á viðkomandi degi sem um getur í fyrstu undirgrein 5. mgr. 73. gr., skal enn fremur gera sömu kröfur varðandi útibú, sem þessi þáttur á við um, og eru á yfirráðasvæði þess og stunda þar samtímis báðar tegundir starfseminnar.

Aðildarríkjunum er heimilt að leyfa útibúum, sem þessi þáttur á við um, að halda áfram starfsemi sinni þar þótt aðalskrifstofa þeirra reki samtímis, á þeim dögum sem um getur í fyrstu undirgrein 5. mgr. 73. gr., báðar tegundir starfsemi en innan aðildarríkisins einungis líftryggingastarfsemi. Ef félag ætlar að stunda skaðatryggingastarfsemi á því yfirráðasvæði má það einungis stunda skaðatryggingastarfsemi í gegnum dótturfélag.

170. gr.

Afturköllun starfsleyfis til félaga sem hafa starfsleyfi í fleiri en einu aðildarríki

Afturkalli yfirvaldið, sem um getur í 2. mgr. 167. gr., starfsleyfi skal það tilkynna slíkt eftirlitsyfirvöldum hinna aðildarríkjanna þar sem félagið er með starfsemi og skulu síðarnefndu yfirvöldin gera viðeigandi ráðstafanir.

Ef ástæða afturköllunar er ófullnægjandi heildargjaldþol eins og það er ákvarðað af aðildarríkjunum sem samþykktu beiðnina sem um getur í 167. gr., skal aðildarríkið sem veitti samþykki sitt einnig afturkalla veitt starfsleyfi.

171. gr.

Samningar við þriðju lönd

Bandalaginu er heimilt að víkja frá ákvæðum sem kveðið er á um í þessum þætti með samningum sem gerðir eru í samræmi við stofnsáttmálann við eitt eða fleiri þriðju lönd á grundvelli gagnkvæmni, í því skyni að tryggja vátryggingatökum og hinum tryggðu í aðildarríkjunum fullnægjandi vernd.

2. þáttur

Endurtryggingar

172. gr.

Jafngildi

1. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdarráðstafanir sem tilgreina viðmið til að meta jafngildi gjaldþolsreglna þriðja lands, sem beitt er á endurtryggingastarfsemi félaga með aðalskrifstofu í því þriðja landi, við þær sem mælt er fyrir um í I. bálki.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

2. Framkvæmdastjórnin getur, í samræmi við reglunefndarmeðferð sem um getur í 2. mgr. 301. gr. og að teknu tilliti til viðmiðana sem samþykkt eru í samræmi við 1. mgr., ákvarðað hvort gjaldþolsreglur þriðja lands, sem beitt er gagnvart endurtryggingastarfsemi félaga með aðalskrifstofu sína í því þriðja landi, séu jafngildar þeim sem kveðið er á um í I. bálki.

Þær ákvarðanir skulu endurskoðaðar reglulega.

3. Ef gjaldþolsreglur þriðja lands teljast jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, í samræmi við 2. mgr., skal farið með endurtryggingarsamninga, sem gerðir eru við félög sem hafa aðalskrifstofu í því þriðja landi, með sama hætti og endurtryggingarsamninga sem gerðir eru við félög sem hafa starfsleyfi í samræmi við þessa tilskipun.

173. gr.

Bann við veðsetningu eigna

Aðildarríki skulu ekki viðhalda eða taka upp, vegna myndunar vátryggingaskuldar, kerfi með brúttóvarasjóðum sem binda eignir til að mæta væntum iðgjöldum og útistandandi tjónaskuld ef endurtryggjandinn er vátrygginga- eða endurtryggingafélag í þriðja landi, staðsettur í landi þar sem gjaldþolsreglur gilda sem teljast jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun í samræmi við 172. gr.

174. gr.

Meginregla og skilyrði fyrir rekstri endurtryggingastarfsemi

Aðildarríki skal ekki beita endurtryggingafélögum í þriðju löndum, sem stofna eða reka endurtryggingastarfsemi á yfirráðasvæði þess, ákvæðum sem leiða til hagstæðari meðferðar en veitt er endurtryggingafélagi sem hefur aðalskrifstofu sína í því aðildarríki.

175. gr.

Samningar við þriðju lönd

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að leggja fyrir ráðið tillögur vegna samningaviðræðna við eitt eða fleiri þriðju lönd um hvernig annast skuli viðbótareftirlit með eftirfarandi:

a) endurtryggingafélögum í þriðja landi sem stunda endurtryggingastarfsemi innan Bandalagsins,

b) endurtryggingafélögum innan Bandalagsins sem stunda endurtryggingastarfsemi á yfirráðasvæði þriðja lands.

2. Í samningunum, sem um getur í 1. mgr., skal einkum leitast við að tryggja skilvirkan markaðsaðgang, á grundvelli skilyrða um samsvörun í varfærnisreglum, fyrir endurtryggingafélög á yfirráðasvæði hvers samningsaðila og kveða á um gagnkvæma viðurkenningu á eftirlitsreglum og starfsvenjum í endurtryggingum. Einnig skal leitast við að tryggja:

a) að eftirlitsyfirvöld í aðildarríkjunum geti aflað upplýsinga sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með endurtryggingafélögum sem hafa aðalskrifstofur sínar í Bandalaginu og stunda starfsemi á yfirráðasvæðum viðkomandi þriðju landa,

b) að eftirlitsyfirvöld í þriðju löndum geti aflað upplýsinga sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með endurtryggingafélögum sem hafa aðalskrifstofur sínar á yfirráðasvæði þeirra og stunda starfsemi í Bandalaginu.

3. Með fyrirvara um 1. og 2. mgr. 300. gr. sáttmálans skal framkvæmdastjórnin, með aðstoð nefndar evrópskra eftirlitsaðila með vátryggingum og starfstengdum lífeyrissjóðum, fara yfir niðurstöður samningaviðræðnanna sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og meta árangur þeirra.

X. KAFLI

Dótturfélög vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélög, sem heyra undir löggjöf þriðja lands og öflun slíkra félaga á eignarhlutum

176. gr.

Upplýsingar frá aðildarríkjum til framkvæmdastjórnarinnar

Eftirlitsyfirvöld aðildarríkjanna skulu upplýsa framkvæmdastjórnina og eftirlitsyfirvöld annarra aðildarríkja um öll starfsleyfi sem veitt eru beinu eða óbeinu dótturfélagi, ef eitt eða fleiri móðurfélaga þeirra heyrir undir löggjöf þriðja lands.

Í þeim tilvikum skal einnig upplýsa um skipulag viðkomandi samstæðu.

Ef félag sem heyrir undir löggjöf þriðja lands yfirtekur eignarhlutdeild í vátrygginga- eða endurtryggingafélagi með starfsleyfi í Bandalaginu, sem myndi breyta því vátrygginga- eða endurtryggingafélagi í dótturfélag þess félags frá þriðja landi, skulu eftirlitsyfirvöld heimaaðildarríkis upplýsa framkvæmdastjórnina og eftirlitsyfirvöld annarra aðildarríkja.

177. gr.

Meðferð þriðja lands á vátryggingafélögum, þ.m.t. endurtryggingafélögum, úr Bandalaginu

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um alla erfiðleika almenns eðlis sem vátrygginga- eða endurtryggingafélög þeirra lenda í við að öðlast staðfestu og við rekstur í þriðja landi eða þegar þau stunda starfsemi sína í þriðja landi.

2. Framkvæmdastjórnin skal, reglubundið, leggja fram skýrslu til ráðsins þar sem rannsökuð er sú meðferð sem vátrygginga- eða endurtryggingafélög með starfsleyfi í Bandalaginu fá að því er varðar eftirfarandi:

a) stofnun vátrygginga- eða endurtryggingafélaga, með starfsleyfi í Bandalaginu, í þriðja landi

b) yfirtaka eignarhlutdeildar í vátrygginga- eða endurtryggingafélögum í þriðja landi,

c) rekstur þess háttar félaga, sem komið hefur verið á fót, á vátrygginga- og endurtryggingastarfsemi,

d) veiting vátrygginga- eða endurtryggingastarfsemi frá Bandalaginu yfir landamæri til þriðju landa.

Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslurnar fyrir ráðið, ásamt tillögum og tilmælum, eftir því sem við á.

II. BÁLKUR

SÉRTÆK ÁKVÆÐI UM VÁTRYGGINGAR, Þ.M.T. ENDURTRYGGINGAR

I. KAFLI

Gildandi lög og skilmálar um frumtryggingasamninga

1. þáttur

Gildandi lög

178. gr.

Gildandi lög

Aðildarríki sem ekki eru bundin af beitingu reglugerðar (EB) nr. 593/2008 skulu beita ákvæðum þeirrar reglugerðar til að ákvarða hvaða löggjöf um vátryggingasamninga fellur innan gildissviðs 7. gr. þeirrar reglugerðar.

2. þáttur

Lögboðnar tryggingar

179. gr.

Tengdar skuldbindingar

1. Skaðatryggingafélög geta, að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fram í þessari grein, boðið fram og gert samninga um lögboðnar tryggingar.

2. Ef aðildarríki leggur á þá skyldu að kaupa tryggingu, getur vátryggingarsamningur ekki fullnægt þeirri skuldbindingu nema hann samræmist þeim sértæku ákvæðum sem varða trygginguna sem mælt er fyrir um af viðkomandi aðildarríki.

3. Krefjist aðildarríki lögboðinnar tryggingar og sé vátryggingafélagið skyldugt að tilkynna eftirlitsyfirvöldum um stöðvun tryggingar, getur slíkri stöðvun einungis verið beitt gagnvart tjónþola sem er þriðji aðili við þær aðstæður sem mælt er fyrir um af viðkomandi aðildarríki.

4. Sérhvert aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni gegn hvaða áhættu vátrygging er lögboðin samkvæmt löggjöf þess, með eftirfarandi upplýsingum:

a) sértæk lagaákvæði að því er varðar trygginguna og

b) upplýsingar sem gefa þarf upp í skírteininu sem skaðatryggingafélag þarf að gefa út til vátryggðs aðila þegar það aðildarríki krefst sönnunar um að farið sé að þeirri skyldu að kaupa vátryggingu.

Aðildarríki getur krafist þess að upplýsingarnar sem um getur í b-lið fyrsta undirliðar feli í sér yfirlýsingu vátryggingafélags þess efnis að samningurinn samrýmist sértækum ákvæðum sem varða þá tryggingu.

Framkvæmdastjórnin skal birta upplýsingarnar sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

3. þáttur

Almennir hagsmunir

180. gr.

Almennir hagsmunir

Hvorki aðildarríkið, þar sem áhætta er staðsett, né aðildarríkið þar sem gengist er undir skuldbindinguna skulu hindra vátryggingartaka í að gera samning við viðurkennt vátryggingafélag samkvæmt skilyrðum 14. gr., svo fremi sem sú samningagerð brjóti ekki gegn lagaákvæðum sem sett eru í þágu almennra hagsmuna í aðildarríkinu þar sem áhættan er staðsett eða í aðildarríkinu þar sem gengist er undir skuldbindinguna.

4. þáttur

Skilmálar vátryggingarsamninga og iðgjaldataxta

181. gr.

Skaðatryggingar

1. Aðildarríkin mega ekki setja ákvæði þar sem krafist er fyrirframsamþykkis á almennum og sérstökum tryggingaskilmálum, iðgjaldatöxtum og eyðublöðum og öðrum prentuðum skjölum sem tryggingafélagið hyggst nota í skiptum sínum við vátryggingartaka, né að um slíkt sé tilkynnt kerfisbundið.

Aðildarríki geta krafist að tilkynnt sé með ókerfisbundnum hætti um þessa tryggingaskilmála og önnur skjöl, einungis í þeim tilgangi að sannreyna hvort farið sé að ákvæðum landslaga varðandi vátryggingarsamninga. Þessar kröfur eru þó ekki skilyrði fyrir því að vátryggingafélag geti stundað viðskipti.

2. Aðildarríki sem lögfestir vátryggingar er heimilt að krefjast þess að vátryggingafélög tilkynni eftirlitsyfirvöldum um almenn og sértæk skilyrði slíkrar vátryggingar áður en þær eru teknar í notkun.

3. Aðildarríki skulu ekki viðhalda eða taka upp skuldbindingu vegna fyrri tilkynningar eða samþykkis hækkunar iðgjaldataxta, nema að það sé hluti af almennu verðstýringakerfi.

182. gr.

Líftryggingar

Aðildarríkjunum er ekki heimilt að setja reglur þar sem krafist er fyrirframsamþykkis við almennum og sérstökum líftryggingaskilmálum, iðgjaldatöxtum, tæknilegum grunni fyrir útreikningi á iðgjöldum og líftryggingaskuld eða eyðublöðum og öðrum prentuðum skjölum sem líftryggingarfélagið hyggst nota í skiptum sínum við vátryggingataka, né að um slíkt sé tilkynnt kerfisbundið.

Þó er heimaaðildarríkinu heimilt að krefjast, en eingöngu í þeim tilgangi að sannreyna hvort farið sé að ákvæðum í landslögum varðandi tryggingafræðilegar grundvallarreglur, að tilkynnt sé reglulega um hvaða tæknilegi grundvöllur sé notaður við útreikning á iðgjaldatöxtum og tryggingaskuld. Þessar kröfur eru þó ekki skilyrði fyrir því að vátryggingafélag geti stundað viðskipti.

5. þáttur

Upplýsingar sem veittar skulu vátryggingatökum

1. undirþáttur

Skaðatryggingar

183. gr.

Almennar upplýsingar sem veittar skulu vátryggingatökum

1. Áður en skaðatryggingasamningur er gerður skal skaðatryggingafélagið upplýsa vátryggingartaka um eftirfarandi:

a) þau lög sem gilda um samninginn, þar sem aðilar hafa ekki val,

b) þá staðreynd að aðilum er frjálst að velja gildandi lög og þau lög sem vátryggjandi leggur til að verði valin.

Vátryggingafélagið skal einnig gera vátryggingartakanum grein fyrir tilhögun við meðhöndlun kvartana vátryggingartaka varðandi samninga, þ.m.t. eftir því sem við á, hvort stofnanir eru fyrir hendi sem hægt er að bera upp kvartanir við, án þess að hafa áhrif á rétt vátryggingartaka til málareksturs.

2. Skuldbindingarnar sem um getur í 1. mgr. skulu aðeins gilda þegar vátryggingartakinn er einstaklingur.

3. Ákveða skal ítarlegar reglur til að hrinda ákvæðum 1. og 2. mgr. í framkvæmd í samræmi við löggjöf aðildarríkisins þar sem áhættan er fyrir hendi.

184. gr.

Viðbótarupplýsingar ef um er að ræða skaðatryggingar sem eru boðnar samkvæmt staðfesturétti eða frelsi til að veita þjónustu

1. Þar sem skaðatryggingar eru boðnar samkvæmt staðfesturétti eða frelsi til að veita þjónustu skal vátryggingartaka skýrt frá því, áður en gengist er undir skuldbindingu, í hvaða aðildarríki aðalskrifstofa er staðsett, eða útibú, eftir því sem við á, sem gengið er til samninga við.

Upplýsingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein skulu koma fram í öllum skjölum sem gefin eru út til vátryggingartaka.

Skuldbindingarnar sem eru lagðar á í fyrstu og annarri undirgrein gilda ekki um stóráhættu.

2. Í samningi eða hverju öðru skjali sem veitir vátryggingavernd, ásamt vátryggingatilboði þar sem það er bindandi fyrir vátryggingartaka, skal heimilisfang aðalskrifstofu tilgreint, eða eftir því sem við á, útibú skaðatryggingafélagsins sem veitir vátryggingaverndina.

Aðildarríkin geta krafist þess að nafn og heimilisfang fulltrúa skaðatryggingafélags sem um getur í a-lið 2. mgr. 148. gr. birtist einnig í skjölunum sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

2. undirþáttur

Líftryggingar

185. gr.

Upplýsingar sem veittar skulu vátryggingatökum

1. Áður en líftryggingarsamningur er gerður skal upplýsa vátryggingataka a.m.k. um þær upplýsingar sem settar eru fram í 2. til 4. mgr.

2. Upplýsa skal um eftirfarandi varðandi líftryggingarfélagið:

a) heiti félagsins og rekstrarform að lögum,

b) heiti aðildarríkisins þar sem aðalskrifstofan er staðsett og, ef við á, heiti útibúsins þar sem samningurinn er gerður,

c) heimilisfang aðalskrifstofu og, ef við á, heiti útibúsins þar sem samningurinn er gerður,

d) raunverulega vísun í skýrslu um gjaldþol og fjárhagsleg skilyrði eins og mælt er fyrir um í 51. gr., sem veitir vátryggingartakanum aðgang að þessum upplýsingum á auðveldan hátt.

3. Upplýsa skal um eftirfarandi að því er varðar skuldbindinguna:

a) skilgreiningu á einstökum tryggingum og öllum valmöguleikum,

b) samningstíma,

c) uppsagnarskilmála,

d) greiðslumáta iðgjalda og greiðslutíma,

e) aðferðir við útreikning og skiptingu ágóðahlutdeildar,

f) upplýsingar um endurkaupsverð og verðmæti gjaldfrjálsra trygginga og að hvaða marki þær eru tryggðar,

g) upplýsingar um iðgjöld fyrir einstakar tryggingar, bæði aðaltryggingar og viðbótartryggingar, ef við á,

h) að því er varðar líftryggingu með fjárfestingaráhættu líftryggingataka, skilgreiningu á hlutdeildarbréfum sem þessar tryggingar eru tengdar,

i) upplýsingar um eðli þeirra eigna sem liggja til grundvallar líftryggingum með fjárfestingaráhættu líftryggingataka,

j) skilyrði fyrir beitingu umþóttunartíma,

k) almennar upplýsingar um skattafyrirkomulagið sem gildir um tiltekna gerð líftryggingar,

l) ráðstafanir vegna meðferðar á kvörtunum varðandi samninga af hálfu vátryggingartaka, líftryggðra eða rétthafa samkvæmt samningum, þ.m.t. ef við á, hvort til séu stofnanir sem leita má til með kvartanir með fyrirvara um rétt til að hefja málarekstur,

m) gildandi lög um samninga ef aðilar geta ekki valið eða ef aðilar geta valið um viðeigandi löggjöf, lögin sem líftryggingarfélagið leggur til að verði valin.

4. Til viðbótar skal veita sérstakar upplýsingar í þeim tilgangi að tryggja réttan skilning á áhættu sem liggur til grundvallar samningnum sem vátryggingartaki stofnar til.

5. Vátryggingartaki skal látinn vita um allar breytingar sem verða á samningstímanum á eftirfarandi upplýsingum:

a) tryggingaskilmálum, bæði almennum og sérstökum,

b) heiti líftryggingarfélagsins, rekstrarformi þess að lögum eða heimilisfangi aðalskrifstofu þess og, ef við á, á útibúi þar sem samningurinn er gerður,

c) allar upplýsingar sem taldar eru upp í d- til j-lið 3. mgr. ef breytingar verða á tryggingaskilmálum eða breytingar á lögum sem gilda um samninginn,

d) árlega skal veita upplýsingar um stöðu ágóðahlutdeildar.

Þegar vátryggjandi í tengslum við tilboð eða gerð líftryggingarsamnings gefur upp tölur sem varða fjárhæð hugsanlegra greiðslna umfram samningsbundnar greiðslur, skal vátryggjandi veita vátryggingartaka sýnishorn útreiknings þar sem hugsanlegur gjalddagi er settur fram til að leggja grunn að iðgjaldaútreikningi með þrenns konar mismunandi vaxtahlutfalli. Þetta skal ekki gilda að því er varðar trygginga- og samningsskilmála. Vátryggjandi skal upplýsa vátryggingartaka á skýran og auðskiljanlegan hátt um að sýnishorn útreiknings sé einungis útreikningslíkan byggt á huglægum forsendum og að vátryggingartaki geti ekki lagt fram neinar samningskröfur byggðar á sýnishorni útreiknings.

Sé um tryggingar að ræða með ágóðahluti frá endurtryggjendum skal vátryggjandinn árlega upplýsa vátryggingartakann skriflega um stöðu kröfu vátryggingartaka, þ.m.t. um ágóðahluta frá endurtryggjendum. Þegar vátryggjandi hefur lagt fram tölur um mögulega framtíðarþróun ágóðahluta frá endurtryggjendum skal vátryggjandinn upplýsa vátryggingartakann um muninn á raunverulegri þróun og upphaflegum gögnum.

6. Upplýsingarnar sem um getur í 2. til 5. mgr. skulu lagðar fram skriflega á skýran og nákvæman hátt, á opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem gengist er undir skuldbindinguna.

Þó er heimilt að veita slíkar upplýsingar á öðru tungumáli að beiðni vátryggingartaka og ef lög aðildarríkisins heimila það eða ef vátryggingartaki getur valið um löggjöf.

7. Aðildarríkið þar sem gengist er undir skuldbindinguna getur krafist þess að líftryggingarfélög leggi fram upplýsingar til viðbótar við þær sem taldar eru upp í 2. til 5. mgr., en eingöngu ef það er nauðsynlegt til að vátryggingartaki geti skilið fullkomlega helstu þætti skuldbindingarinnar.

8. Aðildarríkið þar sem gengist er undir skuldbindinguna skal ákveða ítarlegar reglur til að hrinda ákvæðum 1. til 7. mgr. í framkvæmd.

186. gr.

Uppsagnarfrestur

1. Hvert aðildarríki skal kveða á um að vátryggingartaki, sem gerir samning um einstaklingslíftryggingu, hafi 14-30 daga frest til að falla frá samningnum frá því honum er tilkynnt um gerð hans.

Uppsagnartilkynning vátryggingartakanna leysir þá undan hvers kyns skuldbindingum sem síðar geta leitt af samningnum.

Réttaráhrif og skilyrði uppsagnar fara að öðru leyti eftir þeim lögum sem um samninginn gilda, þar á meðal um á hvern hátt vátryggingartaka verði tilkynnt að samningur hafi verið gerður.

2. Aðildarríkjum er heimilt að beita ekki 1. mgr. í eftirfarandi tilvikum:

a) þegar samningur er gerður til sex mánaða eða skemmri tíma,

b) þegar vátryggingartaki þarfnast ekki þessarar sérstöku verndar vegna stöðu sinnar eða þeirra aðstæðna sem ríktu þegar samningurinn var gerður.

Ef aðildarríki notfærir sér þann valkost sem settur er fram í fyrstu undirgrein skal það tilgreina þá staðreynd í lögum sínum.

II. KAFLI

Ákvæði sem gilda sérstaklega um skaðatryggingar

1. þáttur

Almenn ákvæði

187. gr.

Tryggingaskilmálar

Almennir og sérstakir tryggingaskilmálar skulu ekki hafa að geyma nein skilyrði sem eru sett vegna sérstakra aðstæðna í einstökum tilvikum í tengslum við þá áhættu sem tryggt er gegn.

188. gr.

Afnám einokunar

Aðildarríki skulu sjá til þess að einokun sé afnumin, að því er varðar stofnun reksturs tiltekinna tryggingargreina til handa rekstraraðilum með staðfestu á yfirráðasvæði þeirra og sem um getur í 8. gr.

189. gr.

Þátttaka í innlendum ábyrgðarkerfum

Gistiaðildarríki geta krafist þess að skaðatryggingafélög verði aðilar að og taki þátt í kerfi sem er ætlað að tryggja greiðslu tryggingakrafna til handa þeim tryggðu og tjónþola sem er þriðji aðili með sömu skilmálum og viðurkennt skaðatryggingafélag á þeirra svæði.

2. þáttur

Samtryggingar í Bandalaginu

190. gr.

Samtryggingastarfsemi innan Bandalagsins

1. Þessi þáttur gildir um þá samtryggingastarfsemi innan Bandalagsins sem tengist einni áhættu eða fleiri í flokkum 3 til 16 í A. hluta I. viðauka og sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) áhættan er stóráhætta,

b) áhættan fellur undir einn samning með heildariðgjaldi og fyrir sama tímabil hjá tveimur eða fleiri vátryggingafélögum, sem hver um sig er samvátryggjandi, þar af er einn af þeim aðalvátryggingafélag,

c) áhættan er staðsett í Bandalaginu,

d) að því er varðar tryggingavernd er farið með aðalvátryggingafélagið líkt og það væri vátryggingafélagið sem gengst undir alla áhættuna,

e) að minnsta kosti einn af samvátryggjendunum tekur þátt í samningnum í gegnum aðalskrifstofu eða útibú sem var komið á fót í öðru aðildarríki en því þar sem aðalvátryggingafélag er,

f) aðalvátryggingafélagið fylgir til fullnustu aðalhlutverki í samtryggingum og ákveður einkum skilmála og skilyrði trygginga og taxta.

2. Ákvæði 147. til 152. gr. eiga einungis við um aðalvátryggingafélag.

3. Samtryggingastarfsemi sem uppfyllir ekki skilyrðin sem eru sett fram í 1. mgr. skal áfram heyra undir ákvæði þessarar tilskipunar, að undanskildum ákvæðum þessa þáttar.

191. gr.

Þátttaka í samtryggingum Bandalagsins

Réttur vátryggingafélaga til að taka þátt í samtryggingum Bandalagsins skal ekki vera háður öðrum ákvæðum en þeim sem eru í þessum þætti.

192. gr.

Tryggingaskuld

Fjárhæð tryggingaskulda skal ákvörðuð af mismunandi samvátryggjendum samkvæmt þeim reglum sem gilda í þeirra heimaaðildarríki eða, sé ekki um slíkar reglur að ræða, samkvæmt viðteknum venjum í því ríki.

Tryggingaskuld skal þó að lágmarki vera sú sama og aðalvátryggjandi ákveður samkvæmt reglum heimaaðildarríkis síns.

193. gr.

Tölfræðileg gögn

Heimaaðildarríki skulu tryggja að samvátryggjendur haldi utan um tölfræðileg gögn er sýna umfang samtryggingarstarfsemi Bandalagsins sem þau taka þátt í og hlutaðeigandi aðildarríki.

194. gr.

Meðferð samtryggingasamninga við slitameðferð

Komi til slita vátryggingafélags verða skuldbindingar sem leiða af þátttöku í samtryggingasamningum Bandalagsins gerðar upp á sama hátt og þær sem eiga rætur að rekja til annarra vátryggingasamninga þess félags burtséð frá þjóðerni þess vátryggða og rétthafa.

195. gr.

Upplýsingaskipti milli eftirlitsyfirvalda

Eftirlitsyfirvöld í aðildarríkjunum skulu , að því er varðar framkvæmd þessa þáttar, veita hvert öðru allar nauðsynlegar upplýsingar, innan samstarfsrammans sem um getur í 5. þætti, IV. kafla, I. bálks.

196. gr.

Samvinna um framkvæmd

Framkvæmdastjórnin og eftirlitsyfirvöld aðildarríkjanna skulu hafa með sér náið samstarf í þeim tilgangi að rannsaka vandkvæði sem upp geta komið við framkvæmd þessa þáttar.

Sem liður í *þeirri* samvinnu skal sérstaklega athuga einstök atriði sem gætu bent til þess að aðalvátryggingafélagið gegni ekki því hlutverki sínu sem leiðandi aðili í samtryggingum eða að áhættan sem gengist er við þarfnist ekki þátttöku tveggja eða fleiri vátryggjenda til að bera hana.

3. þáttur

Aðstoð

197. gr.

Starfsemi sem er sambærileg við aðstoð við ferðamenn

Aðildarríki geta kveðið á um aðstoð til handa einstaklingum sem lenda í erfiðleikum í annars konar aðstæðum en um getur í 2. mgr. 2. gr. sem fellur undir þessa tilskipun.

Grípi aðildarríki til slíkra ákvæða skal farið með slíka starfsemi líkt og hún væri flokkuð í 18. flokk í A. hluta I. viðauka.

Önnur málsgrein skal á engan hátt hafa áhrif á flokkunarmöguleikana sem mælt er fyrir um í I. viðauka vegna starfsemi sem greinilega tilheyrir öðrum flokkum.

4. þáttur

Vátryggingar í tengslum við málsvarnarkostnað

198. gr.

Gildissvið þessa þáttar

1. Þessi þáttur skal gilda um tryggingar í tengslum við málsvarnarkostnað sem um getur í 17. flokki í A. hluta I. viðauka en samkvæmt honum heitir vátryggingafélag, gegn greiðslu iðgjalds, að bera kostnað vegna málareksturs og veita aðra þjónustu sem tengist beint tryggingavernd, einkum með eftirfarandi í huga:

a) að tryggja bætur vegna skaða, tjóns eða áverka sem hinn tryggði verður fyrir, með uppgjöri utan dómstóla eða við meðferð einkamáls eða sakamáls,

b) að verja eða vera fulltrúi hins tryggða í einkamálum, sakamálum, stjórnsýslumálum eða í öðrum málarekstri, eða vegna hvaða annarrar kröfu sem er gerð á hendur þeim aðila.

2. Þessi þáttur skal hins vegar ekki gilda um eftirfarandi:

a) málsvarnarkostnaðarvátryggingu þar sem slík trygging varðar ágreining eða áhættu sem upp er komin vegna, eða í tengslum við, notkun hafskipa,

b) starfsemi vátryggingafélags sem veitir einkaréttarábyrgð í þeim tilgangi að verja eða koma fram fyrir hönd hins tryggða í hvaða rannsókn eða málshöfðun sem er, þar sem sú starfsemi er á sama tíma rekin í þágu viðkomandi vátryggingafélags,

c) þar sem aðildarríki ákveður svo, starfsemi málsvarnarkostnaðartryggingarfélags sem aðstoðarvátryggjandi ábyrgist, og uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

i. starfsemin er rekin í öðru aðildarríki en þar sem hinn vátryggði hefur fasta búsetu,

ii. starfsemin myndar hluta samnings sem nær eingöngu til aðstoðarinnar sem veitt er einstaklingum sem rata í vandræði á ferðalögum, að heiman eða annars staðar en þar sem þeir eiga fasta búsetu.

Að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar skal í samningnum tilgreint á skýran hátt að viðkomandi tryggingarvernd sé takmörkuð við aðstæður sem um getur í þeim lið og sé til viðbótar við aðstoðina.

199. gr.

Aðgreindir samningar

Tryggingarvernd í tengslum við málsvarnarkostnað skal vera viðfangsefni samnings, sem er aðskilinn frá þeim sem eru útbúnir fyrir aðra tryggingaflokka eða sem eru meðhöndlaðir í aðgreindum hluta staks vátryggingarskírteinis þar sem tegund tryggingar í tengslum við málsvarnarkostnað er tilgreind og óski aðildarríki eftir því, þar sem fjárhæð viðeigandi iðgjalds er tilgreind.

200. gr.

Meðferð krafna

1. Heimaaðildarríkið skal sjá til þess að vátryggingafélögin samþykki, í samræmi við þann valkost sem aðildarríkið velur, eða að eigin vali, þar sem aðildarríkið samþykkir svo, að lágmarki eina af aðferðunum fyrir meðferð krafna sem settar voru fram í liðum 2, 3 og 4.

Óháð því hvaða lausn er samþykkt, skal vernda hagsmuni einstaklinga sem tryggðir eru gegn málsvarnarkostnaði á sambærilegan hátt í þessum þætti.

2. Vátryggingafélög skulu sjá til þess að ekkert af starfsfólki sem kemur að meðferð krafna í tengslum við málsvarnarkostnað eða lögfræðiráðgjöf reki á sama tíma sambærilega starfsemi í öðru félagi sem tengist fjárhagslega, viðskiptalega eða stjórnunarlega fyrsta vátryggingafélaginu og nái yfir einn eða fleiri af öðrum vátryggingaflokkum sem settir eru fram í I. viðauka.

Samsett vátryggingafélög skulu sjá til þess að ekkert af starfsfólki sem kemur að meðferð krafna í tengslum við málsvarnarkostnað eða lögfræðiráðgjöf reki á sama tíma sambærilega starfsemi fyrir annan flokk sem þau annast viðskipti með.

3. Vátryggingafélagið skal fela félagi með aðskilda lögformlega stöðu meðferð krafna að því er varðar tryggingar í tengslum við málsvarnarkostnað. Kveðið skal á um það félag í aðskildum samningi eða aðskildum þætti sem um getur í 199. gr.

Þegar félagið hefur aðskilda lögformlega stöðu, og tengist vátryggingafélagi sem hefur einn eða fleiri vátryggingaflokka sem um getur í A. hluta I. viðauka, skal starfsfólk félagsins með aðskilda lögformlega stöðu sem kemur að meðferð krafna, eða lögfræðiráðgjöf í tengslum við slíka meðferð, ekki reka sömu eða sambærilega starfsemi í hinu vátryggingafélaginu á sama tíma. Aðildarríkin geta lagt sömu kröfur á aðila stjórnar, framkvæmdastjórnar eða eftirlitsstjórnar.

4. Í samningnum skal kveðið á um að þeir tryggðu geti falið lögfræðingi að eigin vali að verja hagsmuni sína eða, að því marki sem landslög heimila, annan til þess hæfan einstakling, frá þeirri stund sem þeir tryggðu eiga kröfu samkvæmt þeim samningi.

201. gr.

Frjálst val á lögfræðingi

1. Í sérhverjum vátryggingarsamningi í tengslum við málsvarnarkostnað skal kveðið skýrt á um:

a) að þegar leitað er aðstoðar lögmanns eða annars sem hæfur telst samkvæmt landslögum að verja vátryggðan, reka erindi hans eða gæta hagsmuna við málsrannsókn eða málshöfðun, skuli vátryggðum frjálst að velja sér lögmann eða þann mann annan sem telst hæfur,

b) að vátryggðum sé frjálst að velja sér lögmann, eða ef þeir óski eftir því, annan hæfan mann, að því marki sem landslög leyfa, til þess að gæta hagsmuna þeirra hvenær sem hagsmunaárekstrar koma upp.

2. „Lögmaður“ er í þessum þætti hvaða einstaklingur sem hefur rétt til að stunda atvinnustarfsemi samkvæmt einhverju þeirra heita sem tilgreind eru í tilskipun ráðsins 77/249/EBE frá 22. mars 1977 um að auðvelda lögmönnum að neyta réttar til að veita þjónustu ([1]).

([1]) Stjtíð. EB L 78, 26.3.1977, bls. 17.

202. gr.

Undanþága frá reglunni um frjálst val á lögfræðingi

1. Aðildarríki geta veitt undanþágu frá 1. mgr. 201. gr. vegna tryggingar í tengslum við málsvarnarkostnað að öllum eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

a) að tryggingin sé takmörkuð við tilvik sem leiða af notkun ökutækja innan yfirráðasvæðis hlutaðeigandi aðildarríkis,

b) að tryggingin tengist samningi um veitingu aðstoðar ef slys ber að höndum eða bilun á ökutæki á sér stað,

c) að hvorki vátryggingafélag vegna málsvarnarkostnaðar né vátryggjandi vegna aðstoðar veiti einhverja tegund ábyrgðartryggingar,

d) að ráðstafanir verði gerðar til að óháðir lögfræðingar og fulltrúar sérhvers aðila annist lögfræðilega ráðgjöf vegna ágreinings, þar sem þessir aðilar eru tryggðir vegna málsvarnarkostnaðar af sama vátryggingafélaginu.

2. Undanþága sem veitt er skv. 1. undirgrein skal ekki hafa áhrif á beitingu 200. gr.

203. gr.

Gerðardómur

Aðildarríki skulu kveða á um gerðardóm eða aðrar aðferðir sem veita sambærilegar ábyrgðir um hlutlægni til lausnar deilumála á milli vátryggingafélags vegna málsvarnarkostnaðar og þess tryggða, og með fyrirvara um rétt til áfrýjunar til dómsaðila sem landslög kveða á um.

Vátryggingarsamningurinn skal kveða á um rétt hins tryggða til endurkröfu við slíka málsmeðferð.

204. gr.

Hagsmunaárekstrar

Komi til hagsmunaárekstra eða ágreinings vegna lausnar deilumála skal vátryggjandi málsvarnarkostnaðar, eða eftir því sem við á skrifstofan sem sér um uppgjör bótakrafna, upplýsa hinn tryggða um þann rétt sem um getur í 1. mgr. 201. gr. og um möguleikann á endurkröfurétti vegna málsmeðferðarinnar sem um getur í 203. gr.

205. gr.

Afnám kröfu um sérhæfingu vátryggingar í tengslum við málsvarnarkostnað

Aðildarríki skulu fella niður öll ákvæði sem banna vátryggingafélagi að reka samtímis vátryggingar í tengslum við málsvarnarkostnað og aðra vátryggingaflokka innan þeirra yfirráðasvæðis.

5. þáttur

Sjúkratryggingar

206. gr.

Sjúkratryggingar sem valkostur við almannatryggingar

1. Aðildarríkjum er heimilt að krefjast þess, þar sem samningar sem tryggja gegn áhættu samkvæmt 2. flokki í A. hluta I. viðauka geta að einhverju eða öllu leyti komið í stað sjúkratrygginga sem almannatryggingakerfin bjóða:

a) að þessir samningar hlíti sérstökum lagaákvæðum sem samþykkt eru í því aðildarríki til að vernda almenna hagsmuni í viðkomandi vátryggingaflokki,

b) að hinum almennu og sérstöku skilyrðum þessarar vátryggingar sé komið á framfæri við eftirlitsyfirvöld í því aðildarríki áður en hún er tekin í notkun.

2. Aðildarríki geta krafist þess að sjúkratryggingakerfið sem um getur í 1. mgr. sé starfrækt á tæknilegum grunni, á sambærilegan hátt og við líftryggingar þar sem uppfylla þarf öll eftirfarandi skilyrði:

a) greidd iðgjöld eru reiknuð á grundvelli sjúkrataflna og annarra tölfræðilegra gagna er varða aðildarríkið þar sem áhættan er staðsett, í samræmi við stærðfræðilegar aðferðir sem eru notaðar í vátryggingum,

b) varasjóði er komið upp vegna hækkandi aldurs,

c) vátryggjandinn getur einungis sagt samningnum upp innan ákveðins tímabils sem er ákvarðað af aðildarríkinu þar sem áhættan er staðsett,

d) samningurinn gerir ráð fyrir að hækka megi iðgjöld eða lækka bætur, jafnvel þegar um er að ræða gildandi samninga,

e) samningurinn kveður á um að vátryggingartakar geti breytt núverandi samningi í nýjan samning sem er í samræmi við ákvæði 1. mgr., sem sama vátryggingarfélag, eða útibú býður og að teknu tilliti til áunninna réttinda þeirra.

Í því tilviki sem um getur í fyrstu undirgrein e-liðar, skal taka tillit til sjóðs vegna hækkandi aldurs og eingöngu er heimilt að gera kröfu um nýja læknisskoðun þegar um er að ræða aukna tryggingu.

Eftirlitsyfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkis skulu birta sjúkratöflur og önnur tölfræðileg gögn sem skipta máli, sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar og senda þau til eftirlitsyfirvalda heimaaðildarríkis.

Iðgjöld skulu fullnægjandi, samkvæmt skynsamlegum tryggingafræðilegum forsendum, svo að vátryggingafélög geti staðið við allar skuldbindingar sínar með hliðsjón af öllum þáttum í fjárhagsstöðu þeirra. Heimaaðildarríkið skal krefjast tæknilegs grundvallar vegna útreiknings á iðgjöldum sem tilkynna á til eftirlitsyfirvalda áður en trygging er sett á markað.

Þriðji og fjórði undirliður skulu einnig gilda þegar núverandi samningum er breytt.

6. þáttur

Atvinnuslysatrygging

207. gr.

Lögbundin atvinnuslysatrygging

Aðildarríkjum er heimilt að krefjast þess að öll vátryggingafélög sem á eigin ábyrgð bjóða lögbundnar atvinnuslysatryggingar á yfirráðasvæðum sínum hlíti sértækum ákvæðum í landslögum um slíkar tryggingar, nema þegar um er að ræða ákvæði er varða fjárhagslegt eftirlit, sem er eingöngu á ábyrgð heimaaðildarríkis.

III. KAFLI

Ákvæði sem gilda sérstaklega um líftryggingar

208. gr.

Bann við kröfu um að félög endurtryggi hluta af starfsemi sinni

Aðildarríkin skulu ekki gera kröfu um að líftryggingarfélög endurtryggi hluta af starfsemi sinni, skv. 3. mgr. 2. gr., hjá samtökum, einum eða fleiri, sem tilnefnd eru samkvæmt landslögum.

209. gr.

Iðgjöld fyrir nýja starfsemi

Iðgjöld fyrir nýja starfsemi skulu nægja, samkvæmt skynsamlegu tryggingafræðilegu mati, til að tryggt sé að líftryggingarfélagið geti staðið við allar skuldbindingar sínar, þ.m.t. myndun fullnægjandi líftryggingaskuldar.

Í þessu skyni skal taka til greina fjárhagsstöðu líftryggingarfélagsins frá öllum hliðum, þó skal þess gætt að telja ekki kerfisbundið og stöðugt með aðrar greiðslur en iðgjöld og tekjur af þeim þannig að það geti stofnað gjaldþoli félagsins í hættu til lengri tíma litið.

IV. KAFLI

Reglur sem gilda sérstaklega um endurtryggingar

210. gr.

Takmarkaðar endurtryggingar

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, sem gera takmarkaða endurtryggingasamninga eða reka takmarkaða endurtryggingarstarfsemi séu fær um að greina, mæla, vakta, stjórna, stýra og tilgreina á tilhlýðilegan hátt áhættu sem leiðir af þessum samningum eða starfsemi.

2. Til að tryggja að samhæfð nálgun sé samþykkt að því er varðar takmarkaða endurtryggingarstarfsemi getur framkvæmdastjórnin samþykkt framkvæmdarráðstafanir sem tilgreina ákvæði 1. mgr., með tilliti til vöktunar, stjórnunar og stýringar áhættu sem leiðir af takmarkaðri endurtryggingastarfsemi.

Samþykkja skal þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar m.a. með því að bæta við hana, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

3. Í 1. og 2. mgr. merkir takmörkuð endurtrygging: endurtrygging þar sem beint mögulegt hámarkstap, mælt sem yfirfærð fjárhagsleg hámarksáhætta, sem leiðir af yfirfærslu verulegrar vátryggingaráhættu er tengist bæði vátryggingaratburði og tímasetningu yfirfærslu áhættu, er hærra en iðgjaldið á gildistíma samningsins sem svarar til takmarkaðrar en þó verulegrar fjárhæðar, ásamt a.m.k. einu eftirfarandi atriða:

a) skýru og efnislegu mati á tímavirði peninga,

b) samningsbundnum ákvæðum um að ná, til lengri tíma litið, jafnvægi í fjárhagslegri reynslu aðilanna við að ná þeirri yfirfærslu á áhættu sem stefnt er að.

211. gr.

Félög með sérstakan tilgang

1. Aðildarríki skulu heimila að félög með sérstakan tilgang séu stofnuð á yfirráðasvæði sínu, með fyrirvara um fyrirframsamþykki eftirlitsaðila.

2. Til að tryggja samhæfða nálgun að því er varðar félög með sérstakan tilgang skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdarráðstafanir sem ákvarða eftirfarandi:

a) gildissvið starfsleyfis,

b) lögboðin skilyrði sem skulu vera í öllum útgefnum samningum,

c) kröfur sem um getur í 42. gr. um hæfni og heiðvirði þeirra sem reka félög með sérstakan tilgang,

d) hæfilegar og viðeigandi kröfur fyrir hluthafa eða aðila með virka eignarhlutdeild í félagi með sérstakan tilgang,

e) traustar stjórnunar- og bókhaldsaðferðir, fullnægjandi innra eftirlitskerfi og kröfur um áhættustýringu,

f) kröfur um reikningsskil, varfærnisupplýsingar og tölfræðilegar upplýsingar,

g) gjaldþolskröfur.

Samþykkja skal þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar m.a. með því að auka við hana, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

3. Félög með sérstakan tilgang sem fá starfsleyfi fyrir 31. október 2012 skulu falla undir löggjöfina í því aðildarríki sem hefur heimilað félag með sérstakan tilgang. Samt sem áður skal hvaða starfsemi sem hefst hjá slíku félagi með sérstakan tilgang eftir þá dagsetningu falla undir ákvæði 1. og 2. mgr.

III. BÁLKUR

EFTIRLIT MEÐ VÁTRYGGINGAFÉLÖGUM, Þ.M.T. ENDURTRYGGINGAFÉLÖGUM, Í SAMSTÆÐU

I. KAFLI

Samstæðueftirlit: skilgreiningar, dæmi um beitingu, gildissvið og stig

1. þáttur

Skilgreiningar

212. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessum bálki gilda eftirfarandi skilgreiningar:

a) „hluteignarfélag“: félag sem er annaðhvort móðurfélag eða annað félag sem á hlutdeild í öðru félagi eða félag sem hefur tengsl við annað félag í skilningi 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 83/349/EBE,

b) „tengt félag“: annaðhvort dótturfélag eða annað félag sem önnur félög eiga hlutdeild í eða félag með tengsl við annað félag í skilningi 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 83/349/EBE,

c) „samstæða“: fyrirtækjasamstæða sem:

i. í eru hluteignarfélag, dótturfélög þess og aðilar sem hluteignarfélagið eða dótturfélögin eiga hlutdeild í og einnig félög sem tengjast hvert öðru með tengslum sem um getur í 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 83/349/EBE eða

ii. grundvallast á sterkum og sjálfbærum fjárhagslegum tengslum með samningi eða á annan hátt á meðal þessara fyrirtækja og getur falið í sér gagnkvæm félög eða félög hliðstæðrar gerðar, að því tilskildu að:

– eitt þessara félaga hafi í reynd í hendi sér, með miðlægri samræmingu, ráðandi áhrif yfir ákvörðunum, þ.m.t. fjárhagslegum ákvörðunum, hinna félaganna sem eru hluti samstæðunnar og

– að stofnun og slit slíkra tengsla að því er varðar þennan bálk séu með fyrirvara um fyrirframsamþykki eftirlitsaðila samstæðu,

þar sem félagið sem beitir miðlægri samræmingu skal teljast móðurfélagið og hin félögin skulu teljast dótturfélög,

d) „eftirlitsaðili samstæðu“: ábyrgt eftirlitsyfirvald með eftirliti samstæðu, ákvarðað í samræmi við 247. gr.,

e) „samstarfshópur eftirlitsaðila“: varanlegt en sveigjanlegt skipulag fyrir samvinnu og samræmingu á meðal eftirlitsyfirvalda hlutaðeigandi aðildarríkis,

f) „eignarhaldsfélag á vátryggingasviði“: móðurfélag sem er ekki blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði í skilningi tilskipunar 2002/87/EB og aðalstarfsemi þess er að yfirtaka og eiga hlutdeild í dótturfélögum, þar sem þessi dótturfélög eru eingöngu eða aðallega vátrygginga- eða endurtryggingafélög, eða vátrygginga- eða endurtryggingafélög í þriðja landi, þar sem að lágmarki eitt af slíkum dótturfélögum er vátrygginga- eða endurtryggingafélag,

g) „blandað eignarhaldsfélag á vátryggingasviði“: móðurfélag sem er ekki vátryggingafélag, vátryggingafélag í þriðja landi, endurtryggingafélag, endurtryggingafélag í þriðja landi, eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eða blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði í skilningi tilskipunar 2002/87/EB þar sem a.m.k. eitt dótturfélaganna er vátryggingafélag eða endurtryggingafélag.

2. Að því er varðar þennan bálk skulu eftirlitsyfirvöld einnig telja hvaða félag móðurfélag, sem að þeirra mati beitir á skilvirkan hátt ráðandi áhrifum yfir öðru félagi.

Þau skulu einnig líta á félag sem dótturfélag þar sem móðurfélag, að mati eftirlitsyfirvalda, beitir í reynd ráðandi áhrifum.

Þau skulu einnig líta á eignarhlutdeild, sem með beinum eða óbeinum hætti býr yfir atkvæðisrétti eða hlutafé í félagi, sem hlutdeild þar sem að mati eftirlitsyfirvalda verulegum áhrifum er beitt í reynd.

2. þáttur

Dæmi um beitingu og gildissvið

213. gr.

Dæmi um beitingu samstæðueftirlits

1. Aðildarríki skulu, í samræmi við þennan bálk, kveða á um eftirlit á samstæðustigi með vátryggingafélögum, þ.m.t. endurtryggingafélögum, sem eru hluti samstæðu.

Ákvæði þessarar tilskipunar sem mæla fyrir um reglur vegna eftirlits með einstökum vátryggingafélögum, þ.m.t. endurtryggingafélögum, skulu gilda áfram um slík félög, nema kveðið sé sérstaklega á um annað samkvæmt þessum bálki.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að eftirlit á samstæðustigi eigi við eftirfarandi:

a) um vátrygginga- eða endurtryggingafélög sem eru hluteignarfélög í a.m.k. einu vátryggingafélagi, endurtryggingafélagi, vátryggingafélagi í þriðja landi eða endurtryggingafélagi í þriðja landi, í samræmi við 218.–258. gr.,

b) um vátrygginga- eða endurtryggingafélög þar sem móðurfélagið er eignarhaldsfélag á vátryggingasviði sem hefur aðalskrifstofu í Bandalaginu, í samræmi við 218.–258. gr.,

c) vátrygginga- eða endurtryggingafélög þar sem móðurfélagið er eignarhaldsfélag á vátryggingasviði sem hefur aðalskrifstofu í Bandalaginu eða vátrygginga- eða endurtryggingafélag í þriðja landi, í samræmi við 260.–263. gr.,

d) vátrygginga- eða endurtryggingafélög þar sem móðurfélagið er eignarhaldsfélag á vátryggingasviði sem er með blandaða starfsemi, í samræmi við 265. gr.

3. Í þeim tilvikum sem um getur í a- og b-lið 2. mgr., þar sem hluteignarfélag á trygginga- eða endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélag á vátryggingasviði sem er með aðalskrifstofu sína í Bandalaginu er fyrirtæki tengt eftirlitsskyldum aðila eða blönduðu eignarhaldsfélagi á fjármálasviði sem fellur undir viðbótareftirlit í samræmi við 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2002/87/EB, er eftirlitsaðila samstæðu heimilt, að höfðu samráði við önnur hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld, að ákveða að viðhafa ekki eftirlit með áhættusamþjöppun á stigi hluteignarfélags á tryggingafélags- eða endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélags á fjármálasviði sem um getur í 244. gr. þessarar tilskipunar, eftirlit með viðskiptum innan samstæðu sem um getur í 245. gr. þessarar tilskipunar eða hvoru tveggja.

214. gr.

Umfang samstæðueftirlits

1. Framkvæmd eftirlits með samstæðu í samræmi við ákvæði 213. gr. gerir ekki þá kröfu á hendur eftirlitsyfirvöldum að þau takist á hendur eftirlit í tengslum við vátryggingafélag í þriðja landi, endurtryggingafélag í þriðja landi, eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eða eignarhaldsfélag á vátryggingasviði sem er með blandaða starfsemi, með fyrirvara um ákvæði 257. gr. að því er varðar eignarhaldsfélög á vátryggingasviði.

2. Eftirlitsaðili samstæðu getur ákveðið í hverju tilviki fyrir sig að telja ekki félag með í samstæðueftirliti sem um getur í 213. gr. þegar:

a) félagið er staðsett í þriðja landi þar sem eru lagalegar hömlur á flutningi nauðsynlegra upplýsinga, með fyrirvara um ákvæði 229. gr.,

b) félagið, sem taka ber með, hefur litla þýðingu sé tekið mið af markmiðum samstæðueftirlitsins eða

c) óviðeigandi eða villandi væri að telja félagið með, m.t.t. markmiðanna um samstæðueftirlit.

Ef undanskilja á mörg félög í sömu samstæðu, hvert fyrir sig, skv. b-lið fyrstu undirgreinar, verður þó að taka þau með ef áhrif þeirra samanlagt eru ekki óveruleg.

Sé eftirlitsaðili samstæðu þeirrar skoðunar að ekki eigi að taka vátryggingafélag eða endurtryggingafélag með í samstæðueftirliti samkvæmt b- eða c-lið fyrstu undirgreinar, skal hann hafa samráð við önnur hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld áður en ákvörðunin er tekin.

Taki eftirlitsaðili samstæðu ekki vátryggingafélag eða endurtryggingafélag með í samstæðueftirliti samkvæmt b- eða c-lið fyrstu undirgreinar, geta eftirlitsyfirvöld í aðildarríkinu þar sem viðkomandi félag er staðsett beðið félagið sem er í forsvari fyrir samstæðuna um allar upplýsingar sem geta greitt fyrir eftirliti hlutaðeigandi vátryggingafélags eða endurtryggingafélags.

3. þáttur

Stig

215. gr.

Endanlegt móðurfélag innan Bandalagsins

1. Þar sem hluteignarfélag á tryggingа- eða endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélag á vátryggingasviði sem um getur í a- og b-lið 2. mgr. 213. gr. er sjálft dótturfélag annars vátryggingа- eða endurtryggingafélags eða annars eignarhaldsfélags á vátryggingasviði sem hefur aðalskrifstofu sína í Bandalaginu, skulu 218.–258. gr. einungis gilda gagnvart endanlegu móðurtryggingafélagi eða endurtryggingafélagi eða eignarhaldsfélagi á vátryggingasviði sem hefur aðalskrifstofu í Bandalaginu.

2. Þar sem endanlegt móðurtryggingafélag eða endurtryggingafélag eða eignarhaldsfélag á vátryggingasviði sem er með aðalskrifstofu í Bandalaginu, sem um getur í 1. mgr., er dótturfélag félags sem fellur undir viðbótareftirlit í samræmi við 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2002/87/EB, er eftirlitsaðila samstæðu heimilt, að höfðu samráði við önnur hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld, að ákveða að viðhafa ekki eftirlit með áhættusamþjöppun á stigi endanlegs móðurtryggingafélags sem um getur í 244. gr., eftirlit með viðskiptum innan samstæðu sem um getur í 245. gr. eða hvoru tveggja.

216. gr.

Endanlegt móðurfélag á landsvísu

1. Þar sem hluteignarfélag á vátryggingа- eða endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélag á vátryggingasviði sem hefur aðalskrifstofu í Bandalaginu, sem um getur í a- og b-lið 2. mgr. 213. gr., hefur ekki aðalskrifstofu í sama aðildarríki og endanlegt móðurfélag innan Bandalagsins sem um getur í 215. gr. geta aðildarríki heimilað eftirlitsyfirvöldum að ákvarða, að höfðu samráði við eftirlitsaðila samstæðu og endanlegt móðurfélag innan Bandalagsins, að nota samstæðueftirlit vegna endanlegs móðurtryggingafélags eða endurtryggingafélags eða eignarhaldsfélags á vátryggingasviði á landsvísu.

Í slíku tilfelli skal eftirlitsyfirvald útskýra ákvörðun sína gagnvart bæði eftirlitsaðila samstæðu og endanlegu móðurfélagi innan Bandalagsins.

Ákvæðum 218.–258. gr. skal beita að breyttu breytanda, með fyrirvara um ákvæði sem sett eru fram í 2.–6. mgr.

2. Eftirlitsyfirvald getur takmarkað samstæðueftirlit endanlegs móðurfélags á landsvísu við einn eða nokkra þætti II. kafla.

3. Þegar eftirlitsyfirvald ákveður að láta 1. þátt, II. kafla gilda um endanlegt móðurfélag á landsvísu, skal líta á val aðferðarinnar sem ákvarðandi af eftirlitsaðila samstæðu í samræmi við 220. gr. að því er varðar endanlegt móðurfélag á landsvísu sem um getur í 215. gr. og skal henni beitt af eftirlitsyfirvaldi í hlutaðeigandi aðildarríki.

4. Þegar eftirlitsyfirvald ákveður að láta 1. þátt, II. kafla gilda um endanlegt móðurfélag á landsvísu og þar sem endanlegt móðurfélag á landsvísu, sem um getur í 215. gr., hefur fengið leyfi innan Bandalagsins í samræmi við 231. gr. eða 5. mgr. 233. gr. til að reikna gjaldþolskröfu samstæðu, sem og gjaldþolskröfu vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, í samstæðunni, á grunni innra líkans, skal ákvörðunin viðurkennd sem ákvarðandi og skal beita henni af eftirlitsyfirvaldi í hlutaðeigandi aðildarríki.

Í slíkum aðstæðum, þar sem eftirlitsyfirvaldið telur áhættusnið endanlegs móðurfélags á landsvísu víkja marktækt frá samþykktu innra líkani innan Bandalagsins, og svo lengi sem það félag tekst ekki á við áhyggjur eftirlitsyfirvalds á viðeigandi hátt, getur það eftirlitsyfirvald ákveðið að leggja viðbótargjaldþolskröfu á gjaldþolskröfu samstæðu þess félags sem er reiknað á grunni gildandi líkans, eða í undantekningartilvikum, þar sem slík viðbótargjaldþolskrafa væri ekki viðeigandi, að krefja félagið um útreikning gjaldþolskröfu samstæðunnar á grunni staðlaðrar formúlu.

Eftirlitsyfirvald skal útskýra slíkar ákvarðanir bæði gagnvart félaginu og eftirlitsaðila samstæðunnar.

5. Þegar eftirlitsyfirvald ákveður að láta 1. þátt, II. kafla gilda um endanlegt móðurfélag á landsvísu skal félaginu ekki heimilt, í samræmi við ákvæði 236. gr. eða 243. gr. að sækja um leyfi til að beita ákvæðum 238. gr. og 239. gr. á neitt af dótturfélögum sínum.

6. Þegar aðildarríki leyfa eftirlitsyfirvöldum sínum að taka þá ákvörðun sem um getur í 1. mgr. skulu þau sjá til þess að ekki sé hægt að taka eða viðhalda neinni slíkri ákvörðun þegar endanlegt móðurfélag á landsvísu er dótturfélag þess endanlega móðurfélags innan Bandalagsins sem um getur í 215. gr. og hið síðara hefur í samræmi við 237. gr. eða 243. gr. hlotið heimild til að 238. gr. og 239. gr. gildi um það dótturfélag.

7. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdarráðstafanir sem tilgreina við hvaða kringumstæður er hægt að taka ákvörðunina sem um getur í 1. mgr.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

217. gr.

Móðurfélag sem nær til nokkurra aðildarríkja

1. Þegar aðildarríki leyfa eftirlitsyfirvöldum sínum að taka þá ákvörðun sem um getur í 216. gr. eiga þau einnig að leyfa þeim að ákvarða um gerð samnings við eftirlitsyfirvöld í öðrum aðildarríkjum þar sem annað tengt endanlegt móðurfélag á landsvísu er fyrir hendi, í því skyni að framkvæma samstæðueftirlit á stigi undirhóps sem nær til nokkurra aðildarríkja.

Þegar viðkomandi eftirlitsyfirvöld hafa gert samning eins og um getur í fyrstu undirgrein, skal ekki viðhafa samstæðueftirlit á stigi neins endanlegs móðurfélags sem um getur í 216. gr. sem er í öðrum aðildarríkjum en því aðildarríki þar sem undirhópurinn sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar er staðsettur.

2. Ákvæði 2.–6. mgr. 216. gr. gilda að breyttu breytanda.

3. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdarráðstafanir sem tilgreina undir hvaða kringumstæðum er hægt að taka ákvörðunina sem um getur í 1. mgr.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

II. KAFLI

Fjárhagsstaða

1. þáttur

Gjaldþol samstæðu

1. undirþáttur

Almenn ákvæði

218. gr.

Eftirlit með gjaldþoli samstæðu

1. Eftirlit með gjaldþoli samstæðu skal viðhaft í samræmi við 2. og 3. málsgrein þessarar greinar, 246. gr. og III. kafla.

2. Í því tilviki sem um getur í a-lið 2. mgr. 213. gr. skulu aðildarríki krefjast þess að hluteignarfélög á trygginga- eða endurtryggingasviði tryggi að viðurkenndir eiginfjárliðir séu tiltækir í samstæðunni sem er ætlað að lágmarki jafnt útreiknaðri gjaldþolskröfu samstæðu í samræmi við 2., 3. og 4. undirþátt.

3. Í því tilviki sem um getur í b-lið 2. mgr. 213. gr. skulu aðildarríki krefjast þess að vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, í samstæðu tryggi að viðurkenndir eiginfjárliðir séu tiltækir í samstæðu sem er ætlað að lágmarki jafnt útreiknaðri gjaldþolskröfu samstæðu í samræmi við 5. undirþátt.

4. Kröfurnar sem um getur í 2. og 3. mgr. skulu háðar eftirliti eftirlitsaðila samstæðu í samræmi við III. kafla. Ákvæði 136. gr. og 1.–4. mgr. 138. gr. skulu gilda að breyttu breytanda.

5. Um leið og hluteignarfélag hefur gengið úr skugga um og upplýst eftirlitsaðila samstæðu um að gjaldþolskrafa samstæðu sé ekki lengur uppfyllt, eða að hætta sé á að það uppfylli hana ekki á næstu þremur mánuðum skal eftirlitsaðili samstæðu upplýsa önnur eftirlitsyfirvöld innan samstarfshóps eftirlitsaðila sem skulu þá greina stöðu samstæðunnar.

219. gr.

Tíðni útreikninga

1. Eftirlitsaðili samstæðu skal sjá til þess að útreikningarnir sem um getur í 2. og 3. mgr. 218. gr. séu gerðir að lágmarki árlega, annaðhvort af hluteignarfélögum á vátryggingar- eða endurtryggingarsviði eða af eignarhaldsfélagi á vátryggingasviði.

Hluteignarfélag á vátryggingar- eða endurtryggingarsviði skal senda viðeigandi upplýsingar og niðurstöður þess útreiknings til eftirlitsaðila samstæðu, eða þar sem aðalfyrirtæki samstæðu er ekki vátryggingafélag eða endurtryggingafélag skal senda upplýsingar frá eignarhaldsfélagi á vátryggingasviði eða af félagi í samstæðu sem er auðkennt af eftirlitsaðila samstæðu að höfðu samráði við önnur hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld og samstæðuna sjálfa.

2. Vátryggingafélag, þ.m.t. endurtryggingafélag, og eignarhaldsfélag á vátryggingasviði skulu reglulega fylgjast með gjaldþolskröfu samstæðu. Þar sem áhættusnið samstæðu víkur umtalsvert frá undirliggjandi forsendum síðast tilkynntrar gjaldþolskröfu samstæðu skal endurreikna gjaldþolskröfu samstæðu án tafar og tilkynna hana til eftirlitsaðila samstæðu.

Þar sem vísbendingar eru um að áhættusnið samstæðu hafi breyst marktækt frá síðast tilkynntri dagsetningu gjaldþolskröfu samstæðu getur eftirlitsaðili samstæðu krafist endurútreiknings á gjaldþolskröfu samstæðu.

2. undirþáttur

Val á útreikningsaðferð og almennar grundvallarreglur

220. gr.

Val á aðferð

1. Útreikningur á gjaldþoli samstæðu vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, sem um getur í a-lið 2. mgr. 213. gr., skal fara fram í samræmi við tæknilegar meginreglur og eina af aðferðunum sem er sett fram í 221.–233. gr.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að útreikningur á gjaldþoli samstæðu vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, sem um getur í a-lið 2. mgr. 213. gr., fari fram í samræmi við 1. aðferð sem mælt er fyrir um í 230.–232. gr.

Samt sem áður skulu aðildarríki heimila eftirlitsyfirvöldum sínum, þar sem þau taka sér hlutverk eftirlitsaðila samstæðu að því er varðar tiltekna samstæðu að ákvarða, að höfðu samráði við önnur hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld og samstæðuna sjálfa, að beita 2. aðferð á samstæðuna sem er mælt fyrir um í 233. gr. og 234. gr., eða samsetningu aðferða 1 og 2 þar sem notkun 1. aðferðar eingöngu væri ekki viðeigandi.

221. gr.

Hlutfallslegur eignarhluti talinn með

1. Þegar gjaldþol samstæðu er reiknað skal tekið tillit til hlutfallslegs eignarhluta hluteignarfélagsins í félögum því tengdu.

Að því er varðar fyrstu undirgreinina skal hlutfallslegur eignarhluti ná yfir annað af eftirfarandi:

a) þar sem 1. aðferð er notuð, hlutföll sem eru notuð við gerð samstæðureikninga eða

b) þar sem 2. aðferð er notuð, hluti skráðs hlutafjár sem beint eða óbeint, er í vörslu hluteignarfélagsins.

Ef tengda félagið er dótturfélag með ófullnægjandi viðurkennda eiginfjárliði til að ná yfir gjaldþolskröfu sína verður að taka tillit til slíks ófullnægjandi gjaldþols dótturfélagsins í heild, sama hvaða aðferð er beitt.

Telji eftirlitsyfirvöld á hinn bóginn að ábyrgð móðurfélags, sem á hlutafé í félaginu, sé skýrt og ótvírætt bundin við það hlutafé getur eftirlitsaðili samstæðu samt sem áður heimilað að hlutfallslega verði tekið tillit til ófullnægjandi gjaldþols dótturfélagsins.

2. Eftirlitsaðili samstæðu skal ákvarða, að höfðu samráði við önnur hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld og samstæðuna sjálfa að taka skuli tillit til hlutfallslegs eignarhluta í eftirfarandi tilvikum:

a) þar sem engin fjármagnstengsl eru á milli sumra félaganna í samstæðu,

b) þar sem eftirlitsyfirvald hefur ákvarðað að eignarhlutdeild atkvæðisréttar, með beinum eða óbeinum hætti, eða hlutafé í félagi sé hlutdeild, þar sem verulegum áhrifum er beitt í reynd í því félagi að þess mati,

c) þar sem eftirlitsyfirvald hefur ákvarðað að félag sé móðurfélag annars félags, þar sem það, að mati eftirlitsyfirvalds, beitir í reynd ráðandi áhrifum í því félagi.

222. gr.

Afnám tvínotkunar viðurkenndra eiginfjárliða

1. Ekki skal heimila tvínotkun viðurkenndra eiginfjárliða til borgunar gjaldþolskröfu á meðal mismunandi vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, í þeim útreikningi.

Í því skyni skal undanskilja eftirtaldar fjárhæðir þegar gjaldþol samstæðu er reiknað út og ekki er kveðið á um það í aðferðunum sem lýst er í 4. undirþætti:

a) verðmæti sérhverrar eignar hluteignarfélags á vátryggingar- eða endurtryggingasviði, sem ætlað er að fjármagna viðurkennda eiginfjárliði með, sem getur verið hluti af gjaldþolskröfu eins af tengdu vátryggingafélögum eða endurtryggingafélögum þess,

b) verðmæti sérhverrar eignar tengds vátryggingafélags eða endurtryggingafélags hluteignarfélags á vátrygginga- eða endurtryggingasviði, sem ætlað er að fjármagna eigið fé með, sem getur verið hluti af gjaldþolskröfu eins af tengdum hluteignarfélögum þess á vátrygginga- eða endurtryggingasviði,

c) verðmæti sérhverrar eignar tengds vátryggingafélags eða endurtryggingafélags hluteignarfélags á trygginga- eða endurtryggingasviði, sem ætlað er að fjármagna eigið fé með, sem getur verið hluti af gjaldþolskröfu eins af tengdum vátryggingafélögum eða endurtryggingafélögum við hluteignarfélagið á vátrygginga- eða endurtryggingasviði.

2. Með fyrirvara um 1. málsgrein er einungis hægt að telja eftirfarandi atriði með í útreikningi svo fremi sem þau séu tæk vegna gjaldþolskröfu tengds hlutaðeigandi félags:

a) umframtekjur sem falla undir ákvæði 2. mgr. 91. gr. sem verða til í tengdu líftrygginga- eða endurtryggingafélagi hluteignarfélags á vátrygginga- eða endurtryggingasviði sem gjaldþol samstæðu er reiknað fyrir,

b) allt skráð, óinnborgað hlutafé tengds vátryggingafélags eða endurtryggingafélags hjá hluteignarfélaginu á vátrygginga- eða endurtryggingasviði sem gjaldþol samstæðu er reiknað fyrir.

Eftirfarandi atriði skulu þó útilokuð frá útreikningnum:

i. skráð, óinnborgað hlutafé sem hugsanlega skuldbindur hluteignarfélagið,

ii. skráð, óinnborgað hlutafé hluteignarfélags á vátrygginga- eða endurtryggingasviði sem hugsanlega skuldbindur tengt vátryggingafélag eða endurtryggingafélag,

iii. skráð, óinnborgað hlutafé tengds vátryggingafélags eða endurtryggingafélags, sem hugsanlega skuldbindur annað tengt vátryggingafélag eða endurtryggingafélag sama hluteignarfélags á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði.

3. Ef eftirlitsyfirvöld telja að tiltekið viðurkennt eigið fé, sem getur verið hluti af gjaldþolskröfu tengds vátryggingafélags eða endurtryggingafélags annarra en þeirra sem um getur í 2. mgr., sé ekki raunverulega til umráða til að mæta gjaldþolskröfu hluteignarfélagsins á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði, sem verið er að reikna gjaldþol samstæðu fyrir, má aðeins taka þetta eigin fé með við útreikninginn að því marki sem það getur fullnægt gjaldþolskröfu tengda félagsins.

4. Samtala eigin fjár, sem um getur í 2. og 3. mgr., má ekki vera hærri en gjaldþolskrafa tengda vátryggingafélagsins eða endurtryggingafélagsins.

5. Einungis skal telja viðurkennt eigin fé tengds vátryggingafélags eða endurtryggingafélags hluteignarfélags á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði sem gjaldþol samstæðu er reiknað fyrir, sem er með fyrirvara um fyrri heimild frá eftirlitsyfirvaldi í samræmi við 90. gr., með í útreikningi svo fremi það hafi verið heimilað á viðeigandi hátt af eftirlitsyfirvaldi, sem ber ábyrgð á eftirliti viðkomandi tengds félags.

223. gr.

Útilokun fjármögnunar innan samstæðunnar

1. Þegar gjaldþol samstæðu er reiknað skal ekki taka tillit til neins viðurkennds eigin fjár sem getur verið hluti af gjaldþolskröfu og fellur til við gagnkvæma fjármögnun hluteignarfélags á vátryggingasviði eða endurtryggingafélagsins og einhvers af eftirfarandi:

a) tengds félags,

b) hluteignarfélags,

c) annars félags sem er tengt einhverju hluteignarfélaga þess.

2. Við útreikning gjaldþols samstæðu skal ekki tekið tillit til neins viðurkennds eigin fjár sem getur verið hluti af gjaldþolskröfu tengds vátryggingafélags eða endurtryggingafélags sem er tengt hluteignarfélaginu á vátrygginga- eða endurtryggingasviði, sem aðlagað gjaldþol er reiknað fyrir, þegar viðkomandi eigið fé verður til við gagnkvæma fjármögnun með öðru tengdu félagi þess hluteignarfélags á vátrygginga- eða endurtryggingasviði.

3. Að lágmarki telst um gagnkvæma fjármögnun að ræða þegar vátryggingafélag eða endurtryggingafélag, eða eitthvert félag því tengt, á hlutabréf í eða veitir lán til annars félags sem, beint eða óbeint, ræður yfir viðurkenndu eigin fé sem getur verið hluti af gjaldþolskröfu fyrst nefnda félagsins.

224. gr.

Mat

Virði eigna og skulda skal metið í samræmi við ákvæði 75. gr.

3. undirþáttur

Beiting útreikningsaðferða

225. gr.

Tengd vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög

Þegar vátryggingafélag eða endurtryggingafélag er tengt fleiri en einu vátryggingafélagi eða endurtryggingafélagi, skal reikna gjaldþol samstæðu með hliðsjón af hverju og einu þessara tengdu vátryggingafélaga eða endurtryggingafélaga.

Hafi tengt vátryggingafélag eða tengt endurtryggingafélag aðalskrifstofu í öðru aðildarríki en vátryggingafélagið eða endurtryggingafélagið, sem verið er að reikna gjaldþol samstæðu fyrir, geta aðildarríkin kveðið á um að við útreikninginn sé, að því er varðar tengda félagið, tekið tillit til gjaldþolskröfu þess og viðurkennds eigin fjár til að uppfylla þá kröfu sem mælt er fyrir um í viðkomandi aðildarríki.

226. gr.

Eignarhaldsfélög á vátryggingasviði sem eru milliliðir

1. Við útreikning á gjaldþoli samstæðu vátryggingafélags eða endurtryggingafélags, sem á hlutdeild í tengdu vátryggingafélagi, tengdu endurtryggingafélagi, vátryggingafélagi þriðja lands eða endurtryggingafélagi þriðja lands, í gegnum eignarhaldsfélag á vátryggingasviði, er tekið tillit til stöðu eignarhaldsfélagsins á vátryggingasviði.

Eingöngu að því er varðar þennan útreikning skal farið með eignarhaldsfélagið á vátryggingasviði sem er milliliður eins og það væri vátryggingafélag eða endurtryggingafélag sem fellur undir reglurnar sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. undirlið 4. þáttar VI. kafla I. bálks að því er varðar gjaldþolskröfuna og sem fellur undir sömu skilyrði og mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. undirþætti 3. þáttar VI. kafla I. bálks að því er varðar viðurkennt eigin fé fyrir gjaldþolskröfuna.

2. Í tilvikum þar sem eignarhaldsfélag á vátryggingasviði sem er milliliður hefur víkjandi skuldir undir höndum eða annað viðurkennt eigið fé sem fellur undir takmörkun í samræmi við ákvæði 98. gr. skal það fært sem viðurkenndir eiginfjárliðir upp að útreiknuðum fjárhæðum með beitingu framsettra takmarkana í 98. gr. að heildartölu útistandandi viðurkenndra eiginfjárliða á samstæðustigi, í samanburði við gjaldþolskröfuna á samstæðustigi.

Einungis má telja viðurkennda eiginfjárliði eignarhaldsfélags á vátryggingasviði sem er milliliður, sem myndi krefjast fyrirframleyfis frá eftirlitsyfirvaldi í samræmi við 90. gr. ef það væri í vörslu vátryggingafélags eða endurtryggingafélags, með í útreikningi gjaldþols samstæðu að svo miklu leyti sem það er heimilað af eftirlitsaðila samstæðu.

227. gr.

Tengd vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, þriðja lands

1. Við útreikning gjaldþols samstæðu vátrygginga- eða endurtryggingafélags sem er hluteignarfélag á vátrygginga- eða endurtryggingasviði í þriðja landi, í samræmi við ákvæði 233. gr., skal farið með síðarnefnda félagið, einungis að því er varðar útreikninginn, á hliðstæðan hátt og tengt vátryggingafélag eða tengt endurtryggingafélag.

Sé þess hins vegar krafist í þriðja landi, þar sem þetta félag hefur aðalskrifstofu, að það hafi starfsleyfi, auk þess sem gjaldþolsreglur gilda um það sem eru a.m.k. sambærilegar við þær sem mælt er fyrir um í VI. kafla I. bálks, geta aðildarríkin kveðið á um að í útreikningnum sé tekið tillit til kröfunnar um gjaldþol og viðurkennt eigið fé sem fullnægir þeirri kröfu eins og mælt er fyrir um af viðkomandi þriðja landi, að því er varðar það félag.

2. Eftirlitsaðili samstæðu skal framkvæma sannprófun á jafngildi reglu um þriðju lönd að beiðni hluteignarfélags eða að eigin frumkvæði.

Eftirlitsaðili samstæðu skal hafa samráð við önnur hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld og samstarfsnefnd evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita áður en ákvörðun um jafngildi er tekin.

3. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdarráðstafanir sem tilgreina viðmið vegna mats á jafngildi gjaldþolsreglna þriðja lands við það sem mælt var fyrir um í VI. kafla, I. bálks.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

4. Framkvæmdastjórnin getur, að höfðu samráði við nefnd evrópskra eftirlitsaðila með vátryggingum og starfstengdum lífeyrissjóðum og í samræmi við reglunefndarmeðferð sem um getur í 2. mgr. 301. gr. og með tilliti til samþykktra viðmiðana í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar, ákveðið hvort gjaldþolsreglur í þriðja landi séu jafngildar þeim sem mælt var fyrir um í VI. kafla, I. bálks.

Þessar ákvarðanir skal endurskoða reglulega með tilliti til breytinga á gjaldþolsreglum sem mælt var fyrir um í VI. kafla I. bálks og gjaldþolsreglna þriðja lands.

5. Ákvæði 2. málsgreinar eiga ekki við þegar framkvæmdastjórnin samþykkir ákvörðun um jafngildi gjaldþolsreglna þriðja lands í samræmi við ákvæði 4. málsgreinar.

Þegar samþykkt ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 4. mgr. leiðir til þess að gjaldþolsreglur þriðja lands séu ekki jafngildar, skal valkosturinn sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. um að taka tillit til gjaldþolskröfunnar og viðurkenndra eiginfjárliða eins og hlutaðeigandi þriðja land mælti fyrir um, ekki gilda og skal farið með vátrygginga- eða endurtryggingafélag þriðja lands einungis í samræmi við fyrstu undirmálsgrein 1. mgr.

228. gr.

Tengdar lánastofnanir, fjárfestingarfyrirtæki og fjármálastofnanir

Við útreikning gjaldþols samstæðu vátryggingafélags, þ.m.t. endurtryggingafélags, sem er hluteignarfélag í lánastofnun, fjárfestingarfyrirtæki eða fjármálastofnun skulu aðildarríki heimila sínum hluteignarfélögum á vátrygginga- eða endurtryggingasviði að beita aðferðum 1 eða 2 sem settar eru fram í I. viðauka við tilskipun 2002/87/EB að breyttu breytanda. Einungis má beita aðferð 1 sem sett er fram í þeim viðauka ef eftirlitsaðili samstæðu hefur fulla vissu fyrir því að hve miklu leyti stjórnun er samþætt og innra eftirlit viðhaft að því er varðar einingar sem á að taka með í samstæðureikningsskilunum. Jafnan skal beita aðferðinni, sem valin er, á samræmdan hátt.

Aðildarríkin skulu samt sem áður heimila eftirlitsyfirvöldum sínum, þar sem þau taka að sér hlutverk eftirlitsaðila samstæðu að því er varðar tiltekna samstæðu, að ákvarða, að beiðni hluteignarfélags eða að þeirra frumkvæði að draga hlutdeild sem um getur í fyrstu málsgrein frá viðurkenndu eigin fé gjaldþols samstæðu hluteignarfélags.

229. gr.

Fáist nauðsynlegar upplýsingar ekki

Hafi hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld ekki aðgang að upplýsingum, sem eru nauðsynlegar til að reikna gjaldþol samstæðu fyrir vátryggingafélag eða endurtryggingafélag er varða tengt félag með aðalskrifstofu í aðildarríki eða þriðja landi, skal draga bókfært virði þess félags í hluteignarfélaginu á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði frá viðurkenndu eigin fé sem getur verið hluti af gjaldþoli samstæðu.

Þegar svo ber undir er ekki hægt að færa dulinn hagnað af slíkri hlutdeild sem viðurkennt eigið fé vegna gjaldþols samstæðu.

4. undirþáttur

Útreikningsaðferðir

230. gr.

Aðferð 1 (Notuð í flestum tilfellum): Aðferð byggð á samstæðureikningsskilum

1. Samstæðugjaldþol hluteignarfélags á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði skal reiknað á grundvelli samstæðureikninga.

Samstæðugjaldþol hluteignarfélags á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði er mismunurinn á eftirfarandi:

a) viðurkenndu eigin fé sem nær yfir gjaldþolskröfuna, reiknuðu út á grunni samstæðugagna,

b) gjaldþolskröfu samstæðustigs, reiknaðri út á grunni samstæðugagna.

Reglurnar sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. undirþætti 3. þáttar VI. kafla I. bálks og í 1., 2. og 3. undirþætti 4. þáttar VI. kafla I. bálks skulu gilda fyrir útreikning viðurkennds eigin fjár vegna gjaldþolskröfu og gjaldþolskröfu samstæðustigs á grundvelli samstæðugagna.

2. Til útreiknings á gjaldþolskröfu samstæðustigs sem byggir á samstæðugögnum (gjaldþolskrafa samstæðu) skal annaðhvort byggja á grunni staðlaðrar formúlu eða samþykkts innra líkans, á samræmdan hátt við meginreglu sem er innifalin í 1. og 2. undirþætti 4. þáttar VI. kafla I. bálks og 1. og 3. undirþætti 4. þáttar VI. kafla I. bálks, eftir því sem við á.

Gjaldþolskrafa samstæðu skal að lágmarki vera summa eftirfarandi:

a) lágmarkskröfu um eigið fé hluteignarfélags á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði sem um getur í 129. gr.,

b) hlutfallslegs eignarhluta lágmarkskröfunnar um eigið fé í tengdu vátryggingafélögunum, þ.m.t. endurtryggingafélögunum.

Þetta lágmark fellur undir viðurkenndan eiginfjárgrunn í samræmi við ákvæði 4. mgr. 98. gr.

Til að ákvarða hvort slíkir viðurkenndir eiginfjárliðir séu hæfir til að ná yfir lágmarksgjaldþolskröfu samstæðu skulu meginreglurnar sem settar eru fram í 221.–229. gr. gilda að breyttu breytanda. Ákvæði 1. og 2. mgr. 139. gr. gilda að breyttu breytanda.

231. gr.

Innra líkan samstæðu

1. Leggi vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, og félög tengd þeim fram umsókn um heimild til að reikna út gjaldþolskröfu samstæðu, sem og gjaldþolskröfu vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga samstæðu, á grunni innra líkans, eða ef umsókn er lögð fram sameiginlega af tengdum félögum eignarhaldsfélags á vátryggingasviði, skulu hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld vinna saman til að ákveða hvort veita eigi þá heimild og til að ákvarða skilmála og skilyrði, ef einhver eru, sem slík heimild er veitt með fyrirvara um.

Leggja skal fram umsókn, eins og um getur í fyrstu undirgrein, til eftirlitsaðila samstæðu.

Eftirlitsaðili samstæðu skal án tafar upplýsa önnur hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld.

2. Hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að komast að sameiginlegri niðurstöðu um umsóknina innan sex mánaða frá viðtökudegi fullgerðrar umsóknar til eftirlitsaðila samstæðu.

Eftirlitsaðili samstæðu skal án tafar áframsenda fullgerðu umsóknina til annarra hlutaðeigandi eftirlitsyfirvalda.

3. Á tímabilinu sem um getur í 2. mgr. geta eftirlitsaðili samstæðu og einhver hinna hlutaðeigandi eftirlitsyfirvalda haft samráð við samstarfsnefnd evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita (CEIOPS). Einnig skal samráð haft við samstarfsnefnd evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita fari hluteignarfélagið fram á það.

Sé samráð haft við samstarfsnefnd evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita skal upplýsa öll hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld þar um og tímabilið sem um getur í 2. mgr. skal framlengt um tvo mánuði.

4. Sé samráð ekki haft við samstarfsnefnd evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita í samræmi við ákvæði fyrstu undirgreinar 3. mgr. og sé ekki um sameiginlega ákvörðun hlutaðeigandi eftirlitsyfirvalda að ræða innan sex mánaða frá viðtökudegi fullgerðrar umsóknar til eftirlitsaðila samstæðu, skal eftirlitsaðili samstæðu fara fram á það við samstarfsnefnd evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita, innan tveggja mánaða til viðbótar, að öllum hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöldum sé veitt ráðgjöf. Eftirlitsaðili samstæðu skal í síðasta lagi taka ákvörðun þremur vikum eftir sendingu þeirrar ráðgjafar og taka fullt tillit til hennar.

5. Þrátt fyrir að samráð hafi verið haft við samstarfsnefnd evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita skal ákvörðun eftirlitsaðila samstæðu tilgreina allar ástæður og taka tillit til álita annarra hlutaðeigandi eftirlitsyfirvalda.

Eftirlitsaðili samstæðu skal veita umsækjanda og öðrum hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöldum upplýsingar um ákvörðunina.

Hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld skulu fara að ákvörðuninni.

6. Ef ekki er komist að sameiginlegri niðurstöðu á þeim tímabilum sem sett eru fram í 2. og 3. mgr. eftir því sem við á, skal eftirlitsaðili samstæðu taka eigin ákvörðun varðandi umsóknina.

Eftirlitsaðili samstæðu skal á viðeigandi hátt við ákvarðanatöku sína taka tillit til eftirfarandi:

a) skoðana og fyrirvara annarra hlutaðeigandi eftirlitsyfirvalda sem þau hafa látið í ljós á gildandi tímabili,

b) ráðlegginga samstarfsnefndar evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita, hafi samráð verið haft við hana.

Í ákvörðuninni skulu allar ástæður tilgreindar og hún skal innihalda útskýringu á sérhverju umtalsverðu fráviki frá samþykktri afstöðu samstarfsnefndar evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita.

Eftirlitsaðili samstæðu skal senda ákvörðunina til umsækjandans og annarra hlutaðeigandi eftirlitsyfirvalda.

Sú ákvörðun skal viðurkennd sem ákvarðandi og skulu hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld beita henni.

7. Þegar einhver af hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöldum telur áhættusnið vátrygginga- eða endurtryggingafélags undir sínu eftirliti víkja marktækt frá undirliggjandi forsendum samþykkts innra líkans á samstæðustigi, og svo fremi sem það félag hefur ekki fjallað um áhyggjuefni eftirlitsyfirvalda á tilhlýðilegan hátt, getur yfirvaldið, í samræmi við 37. gr. lagt viðbótargjaldþolskröfu á gjaldþolskröfu þess vátrygginga- eða endurtryggingafélags sem beitir slíku innra líkani við útreikning hennar.

Í undantekningartilvikum, þar sem slík viðbótargjaldþolskrafa væri ekki viðeigandi getur eftirlitsyfirvaldið krafið hlutaðeigandi félag um útreikning á gjaldþolskröfu sinni á grunni staðlaðrar formúlu sem um getur í 1. og 2. undirþætti 4. þáttar VI. kafla I. bálks. Í samræmi við a- og c-lið 1. mgr. 37. gr. getur eftirlitsyfirvaldið lagt viðbótargjaldþolskröfu á gjaldþolskröfu þess vátrygginga- eða endurtryggingafélags sem leiðir af beitingu stöðluðu formúlunnar.

Eftirlitsyfirvaldið skal útskýra hvaða ákvörðun sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein gagnvart bæði vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu og eftirlitsaðila samstæðu.

232. gr.

Viðbótargjaldþolskrafa samstæðu

Við ákvörðun þess hvort samsteypt gjaldþolskrafa samstæðu endurspegli áhættusnið samstæðu á viðeigandi hátt skal eftirlitsaðili samstæðu veita sérstakan gaum sérhverju tilviki þar sem aðstæður sem um getur í a- til c-lið 1. mgr. 37. gr. geta komið fram á samstæðustigi, einkum þar sem:

a) sérstök áhætta sem er fyrir hendi á samstæðustigi fellur ekki nægjanlega að staðlaðri formúlu eða innra líkani sem notað er, þar sem erfitt er að meta hana,

b) viðbótargjaldþolskrafa er lögð við gjaldþolskröfu tengdra vátrygginga- eða endurtryggingafélaga af hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöldum, í samræmi við 37. gr. og 7. mgr. 231. gr.

Þar sem áhættusnið samstæðu endurspeglast ekki nægilega er leyfilegt að leggja viðbótargjaldþolskröfu á samsteypta gjaldþolskröfu samstæðu.

Beita skal ákvæðum 1.–5. mgr. 37. gr. ásamt framkvæmdarráðstöfunum sem gripið hefur verið til í samræmi við 6. mgr. 37. gr. að breyttu breytanda.

233. gr.

Aðferð 2 (fráviksaðferð): Frádráttar- og samlagningaraðferð

1. Samstæðugjaldþol hluteignarfélags á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði á að vera mismunurinn á eftirfarandi:

a) uppsöfnuðum viðurkenndum eiginfjárliðum samstæðu, líkt og kveðið er á um í 2. mgr.,

b) virði hlutdeildarfélaga á vátrygginga- eða endurtryggingasviði í tengdu vátryggingar- eða endurtryggingafélagi og uppsafnaðri gjaldþolskröfu samstæðu, líkt og kveðið er á um í 3. mgr.

2. Uppsafnaðir viðurkenndir eiginfjárliðir samstæðu eru summa eftirfarandi:

a) nægilegs viðurkennds eigin fjár vegna gjaldþolskröfu hluteignarfélags á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði,

b) hlutfallslegs eignarhluta hluteignarfélags á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði í viðurkenndu eigin fé vegna gjaldþolskröfu tengdra vátrygginga- eða endurtryggingafélaga.

3. Uppsöfnuð gjaldþolskrafa samstæðu er summa eftirfarandi:

a) gjaldþolskröfu hluteignarfélags á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði,

b) hlutfallslegs eignarhluta gjaldþolskröfu tengdu vátrygginga- eða endurtryggingafélaganna.

4. Ef hlutdeild í tengdu vátryggingafélagi eða tengdu endurtryggingafélagi felst, algjörlega eða að hluta til, í óbeinu eignarhaldi skal telja virði hlutdeildarfélags á vátrygginga- eða endurtryggingasviði í tengdum vátrygginga- eða endurtryggingafélögum með í virði slíks óbeins eignarhalds, að teknu tilliti til viðkomandi raðtengdra hagsmuna, og liðir sem um getur í b-lið 2. mgr. og b-lið 3. mgr. skulu innihalda samsvarandi hlutfallslegan eignarhluta, eftir því sem við á vegna viðurkennds eigin fjár fyrir gjaldþolskröfu tengdra vátrygginga- eða endurtryggingafélaga og vegna gjaldþolskröfu tengdra vátrygginga- eða endurtryggingafélaga.

5. Leggi vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, fram umsókn um heimild til að reikna út gjaldþolskröfu vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, í samstæðu á grunni innra líkans sem var lagt fram af vátrygginga- eða endurtryggingafélagi og tengdum félögum, eða umsókn er lögð fram sameiginlega af tengdum félögum eignarhaldsfélags á vátryggingasviði, skulu ákvæði 231. gr. gilda að breyttu breytanda.

6. Við ákvörðun þess hvort uppsöfnuð gjaldþolskrafa samstæðu, reiknuð út eins og sett er fram í þriðju málsgrein, endurspegli áhættusnið samstæðunnar á viðeigandi hátt, skulu hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld gefa því sérstakan gaum hvort sérstök áhætta sé fyrir hendi á samstæðustigi sem ekki er náð fullkomlega fyrir, þar sem erfitt er að meta hana.

Þar sem áhættusnið samstæðu víkur umtalsvert frá undirliggjandi forsendum uppsafnaðrar gjaldþolskröfu samstæðu, er heimilt að leggja viðbótargjaldþolskröfu á gjaldþolskröfuna.

Beita skal ákvæðum 1.–5. mgr. 37. gr. ásamt framkvæmdarráðstöfunum sem gripið hefur verið til í samræmi við 6. mgr. 37. gr. að breyttu breytanda.

234. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdarráðstafanir sem tilgreina tæknilegar meginreglur og aðferðir sem eru settar fram í 220.–229. gr. og beitingu ákvæða 230.–233. gr. til að tryggja samræmda beitingu innan Bandalagsins.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

5. undirþáttur

Eftirlit með gjaldþoli samstæðna hjá vátryggingafélögum, þ.m.t. endurtryggingafélögum, sem eru dótturfélög eignarhaldsfélags á vátryggingasviði

235. gr.

Samstæðugjaldþol eignarhaldsfélags á vátryggingasviði

Þegar vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, eru dótturfélög eignarhaldsfélags á vátryggingasviði skal eftirlitsaðili samstæðu sjá til þess að útreikningur gjaldþols samstæðu sé framkvæmdur á stigi eignarhaldsfélagsins á vátryggingasviði með beitingu ákvæða 2. mgr. 220. gr. og 233. gr.

Að því er varðar þennan útreikning skal farið með móðurfélagið sem vátrygginga- eða endurtryggingafélag sem fellur undir reglurnar sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. undirþætti 4. þáttar VI. kafla I. bálks að því er varðar gjaldþolskröfuna og sem fellur undir sömu skilyrði og mælt var fyrir um í 1., 2. og 3. undirþætti 3. þáttar VI. kafla I. bálks að því er varðar viðurkennt eigið fé fyrir gjaldþolskröfuna.

6. undirþáttur

Eftirlit með gjaldþoli samstæðna hjá samstæðum með miðlæga áhættustýringu

236. gr.

Dótturfélög vátrygginga- eða endurtryggingafélags: skilyrði

Aðildarríkin skulu kveða á um að reglurnar sem mælt er fyrir um í 238. gr. og 239. gr. skulu gilda varðandi hvaða vátrygginga- eða endurtryggingafélag sem er, sé það dótturfélag vátrygginga- eða endurtryggingafélags þar sem öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) dótturfélagið, sem eftirlitsaðili samstæðu hefur ekki tekið ákvörðun fyrir samkvæmt 2. mgr. 214. gr., er innifalið í samstæðueftirliti sem er framkvæmt af eftirlitsaðila samstæðu á stigi móðurfélagsins í samræmi við þennan bálk,

b) ferli við áhættustýringu og innri eftirlitskerfi móðurfélagsins ná yfir dótturfélagið og eftirlitsyfirvöld viðurkenna að móðurfélagið viðhafi varfærna stjórnun dótturfélags,

c) móðurfélagið hefur móttekið samkomulagið sem um getur í þriðju undirgrein 4. mgr. 246. gr.,

d) móðurfélagið hefur móttekið samkomulagið sem um getur í 2. mgr. 256. gr.,

e) móðurfélagið hefur sent umsókn um heimild til að falla undir ákvæði 238. og 239. gr. og hagstæð ákvörðun hefur verið tekin um slíka umsókn í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 237. gr.

237. gr.

Dótturfélög vátrygginga- eða endurtryggingafélags: ákvörðun umsóknar

1. Þegar um er að ræða umsóknir um heimild til að heyra undir reglurnar sem kveðið er á um í 238. og 239. gr. skulu hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld vinna saman innan samstarfshóps eftirlitsaðila í fullu samráði að ákvörðun um hvort heimild sem sótt er um verði veitt og til að ákvarða aðra skilmála og skilyrði, ef einhver eru, sem slík heimild ætti að vera háð.

Einungis skal leggja fram umsókn, eins og um getur í fyrstu undirgrein, til eftirlitsyfirvalda sem hafa veitt dótturfélaginu leyfi. Það eftirlitsyfirvald skal upplýsa og áframsenda fullgerðu umsóknina til annarra eftirlitsyfirvalda innan samstarfshóps eftirlitsaðila án tafar.

2. Hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að komast að sameiginlegri niðurstöðu um umsóknina innan þriggja mánaða frá viðtökudegi fullgerðrar umsóknar til allra eftirlitsyfirvalda innan samstarfshóps eftirlitsaðila.

3. Ef um skiptar skoðanir er að ræða varðandi samþykki umsóknar sem um getur í 1. mgr., á tímabilinu sem um getur í 2. mgr., geta eftirlitsaðili samstæðu eða einhver hinna hlutaðeigandi eftirlitsyfirvalda haft samráð við samstarfsnefnd evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita. Sé samráð haft við samstarfsnefnd evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita skal upplýsa öll hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld þar um og tímabilið sem um getur í 2. mgr. skal framlengt um einn mánuð.

Sé samráð haft við samstarfsnefnd evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita skulu hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld íhuga slíka ráðleggingu á viðeigandi hátt áður en þau taka sameiginlega ákvörðun.

4. Eftirlitsyfirvaldið sem hefur veitt dótturfélaginu leyfi skal veita umsækjanda sameiginlegu ákvörðunina sem um getur í 2. og 3. mgr., skal tilgreina allar ástæður og hafi samráð verið haft við samstarfsnefnd evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita, útskýra umtalsverð frávik frá samþykktri stöðu samstarfsnefndar evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita. Sameiginlega ákvörðunin skal viðurkennd sem ákvarðandi og skal beita henni af hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöldum.

5. Komist hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld ekki að sameiginlegri niðurstöðu á þeim tímabilum sem sett eru fram í 2. og 3. mgr., skal eftirlitsaðili samstæðu taka eigin ákvörðun að því er varðar umsóknina.

Eftirlitsaðili samstæðu skal á viðeigandi hátt taka eftirfarandi til athugunar við ákvarðanatöku sína:

a) skoðanir og fyrirvara hlutaðeigandi eftirlitsyfirvalda sem þau hafa látið í ljós á viðeigandi tímabili,

b) fyrirvara annarra hlutaðeigandi eftirlitsyfirvalda innan samstarfshóps eftirlitsaðila sem þau hafa látið í ljós á viðeigandi tímabili,

c) ráðlegginga samstarfsnefndar evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita, hafi samráð verið haft við hana.

Í ákvörðuninni skulu tilgreindar allar ástæður og skal hún innihalda útskýringu á umtalsverðu fráviki frá bókunum annarra hlutaðeigandi eftirlitsyfirvalda og frá ráðleggingum samstarfsnefndar evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita. Eftirlitsaðili samstæðu skal veita umsækjanda og öðrum hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöldum afrit af ákvörðuninni.

238. gr.

Dótturfélög vátrygginga- eða endurtryggingafélags: ákvörðun gjaldþolskröfu

1. Með fyrirvara um 231. gr. skal reikna gjaldþolskröfu dótturfélags líkt og sett er fram í ákvæðum 2., 4. og 5. málsgreinar þessarar greinar.

2. Þegar gjaldþolskrafa dótturfélags er reiknuð á grunni innra líkans sem samþykkt er á samstæðustigi í samræmi við 231. gr. og telji eftirlitsyfirvaldið sem veitti dótturfélaginu leyfi að áhættusnið þess víki marktækt frá þessu innra líkani og svo fremi sem það félag takist ekki á tilhlýðilegan hátt við áhyggjur eftirlitsyfirvaldsins, getur það yfirvald, í þeim tilvikum sem um getur í 37. gr. lagt til að sett verði viðbótargjaldþolskrafa á gjaldþolskröfu þess dótturfélags sem leiðir af beitingu slíks líkans, eða í undantekningartilvikum þar sem slík viðbótargjaldþolskrafa væri ekki viðeigandi, krafið félagið um útreikning á gjaldþolskröfu á grunni stöðluðu formúlunnar. Eftirlitsyfirvaldið skal ræða tillögur sínar innan samstarfshóps eftirlitsaðila og tilkynna ástæður slíkra tillagna til bæði dótturfélags og samstarfshóps eftirlitsaðila.

3. Þegar gjaldþolskrafa dótturfélags er reiknuð á grunni stöðluðu formúlunnar og eftirlitsyfirvaldið sem veitti dótturfélaginu leyfi telur að áhættusnið þess víki marktækt frá þeim forsendum sem liggja til grundvallar stöðluðu formúlunnar, og svo lengi sem það félag tekst ekki á tilhlýðilegan hátt við áhyggjur eftirlitsyfirvaldsins, getur það yfirvald, í undantekningartilvikum lagt til að félagið skipti út hlutmengi breyta sem notaðar eru í útreikningi stöðluðu formúlunnar með breytum sem eiga sérstaklega við það félag þegar áhættueiningar líftrygginga, skaðatrygginga og heilsutrygginga eru reiknaðar út, líkt

og sett fram í 110. gr., eða í þeim tilvikum sem um getur í 37. gr. til að ákveða viðbótargjaldþolskröfu við gjaldþolskröfu þess dótturfélags.

Eftirlitsyfirvaldið skal fjalla um tillögu sína innan samstarfshóps eftirlitsaðila og tilkynna ástæður slíkrar tillögu til bæði dótturfélagsins og samstarfshóps eftirlitsaðila.

4. Samstarfshópur eftirlitsaðila skal gera allt sem í hans valdi stendur til að komast að samkomulagi um tillögu eftirlitsyfirvalds sem veitti dótturfélaginu leyfi eða um aðrar hugsanlegar ráðstafanir.

5. Rísi ágreiningur á milli eftirlitsyfirvalds og eftirlitsaðila samstæðu, skal málinu innan mánaðar frá tillögu eftirlitsyfirvalds, vísað áfram til samráðs hjá samstarfsnefnd evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita, sem skal veita ráðleggingar innan tveggja mánaða frá slíkri vísun.

Eftirlitsyfirvaldið sem veitti dótturfélaginu leyfi skal íhuga slíka ráðleggingu á viðeigandi hátt áður en það tekur sína endanlegu ákvörðun.

Í ákvörðuninni skal tilgreina allar ástæður og taka tillit til sjónarmiða, þ.m.t. fyrirvara annarra eftirlitsyfirvalda innan samstarfshóps eftirlitsaðila, og til ráðlegginga frá samstarfsnefnd evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita.

Senda skal ákvörðunina til dótturfélagsins og samstarfshóps eftirlitsaðila.

239. gr.

Dótturfélög vátrygginga- eða endurtryggingafélags: ekki er farið að gjaldþolskröfum og lágmarkskröfum um eigið fé

1. Sé ekki farið að gjaldþolskröfu og þrátt fyrir 138. gr. skal eftirlitsyfirvaldið sem veitti dótturfélaginu leyfi án tafar áframsenda endurreisnaráætlunina, sem dótturfélagið hefur lagt fram, til samstarfshóps eftirlitsaðila til að ná, innan sex mánaða frá athugun þess að ekki sé farið að gjaldþolskröfu, að koma að nýju á nægilegum viðurkenndum eiginfjárliðum eða skerðingu á áhættusniði til að tryggja að farið sé að gjaldþolskröfunni.

Samstarfshópur eftirlitsaðila skal gera allt sem í hans valdi stendur til að komast að samkomulagi um tillögu eftirlitsyfirvalds varðandi samþykki endurreisnaráætlunarinnar innan fjögurra mánaða frá þeim degi sem fyrst var tekið eftir að ekki væri farið að gjaldþolskröfu.

Sé slíkt samkomulag ekki fyrir hendi skal eftirlitsyfirvaldið sem veitti dótturfélaginu leyfi ákveða hvort samþykkja eigi endurreisnaráætlunina, að teknu tilliti til skoðana og fyrirvara annarra eftirlitsyfirvalda innan samstarfshóps eftirlitsaðila.

2. Komist eftirlitsyfirvaldið sem veitti dótturfélaginu leyfi að því, í samræmi við 136. gr., að fjárhagsleg skilyrði hafi versnað, skal það tilkynna samstarfshópi eftirlitsaðila án tafar um fyrirhugaðar ráðstafanir sem grípa skal til. Fyrir utan neyðarástand, skal fjalla um ráðstafanir sem grípa skal til innan samstarfshóps eftirlitsaðila.

Samstarfshópur eftirlitsaðila skal, innan mánaðar frá tilkynningu, gera allt sem í hans valdi stendur til að komast að samkomulagi um fyrirhugaðar ráðstafanir sem grípa skal til.

Sé slíkt samkomulag ekki fyrir hendi skal eftirlitsyfirvaldið sem veitti dótturfélaginu leyfi ákveða hvort samþykkja eigi fyrirhugaðar ráðstafanir, að teknu tilliti til skoðana og fyrirvara annarra eftirlitsyfirvalda innan samstarfshóps eftirlitsaðila.

3. Sé ekki farið að lágmarkskröfum um eigið fé og þrátt fyrir 139. gr. skal eftirlitsyfirvaldið sem veitti dótturfélaginu leyfi áframsenda án tafar skammtímafjárhagsáætlunina sem dótturfélagið lagði fram til samstarfshóps eftirlitsaðila til að ná, innan þriggja mánaða frá þeim degi sem fyrst var tekið eftir að ekki var farið að lágmarkskröfum um eigið fé, að koma að nýju á nægilegu viðurkenndu eigin fé sem nær yfir lágmarkskröfu um eigið fé eða skerðingu á áhættusniði til að sjá til þess að farið sé að lágmarkskröfunni um eigið fé. Einnig skal upplýsa samstarfshóp eftirlitsaðila um allar ráðstafanir sem gripið er til, til að framfylgja lágmarkskröfunni um eigið fé á stigi dótturfélags.

240. gr.

Dótturfélög vátrygginga- eða endurtryggingafélags: lok undanþága fyrir dótturfélag

1. Reglurnar sem kveðið er á um í 238. og 239. gr., skulu falla úr gildi þegar:

a) skilyrði sem um getur í a-lið 236. gr. er ekki lengur uppfyllt,

b) skilyrði sem um getur í b-lið 236. gr. er ekki lengur uppfyllt og samstæðan fer ekki að ákvæðinu innan hæfilegs tímabils,

c) skilyrðin sem um getur í c- og d-lið 236. gr. eru ekki lengur uppfyllt.

Í því tilviki sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar, þar sem eftirlitsaðili samstæðu, að höfðu samráði við samstarfshóp eftirlitsaðila, ákveður að taka dótturfélagið ekki lengur með í samstæðueftirlitinu sem hann framkvæmir, skal hann tafarlaust upplýsa hlutaðeigandi eftirlitsyfirvald og móðurfélagið.

Að því er varðar ákvæði b-, c- og d-liðar 236. gr. skal móðurfélagið bera ábyrgð á að sjá til þess að stöðugt sé farið að skilyrðum. Sé ekki farið að skilyrðum, skal móðurfélagið upplýsa eftirlitsaðila samstæðu og eftirlitsyfirvald hlutaðeigandi dótturfélags án tafar. Móðurfélagið skal kynna áætlun um að farið sé að ákvæðum að nýju innan hæfilegs tímabils.

Með fyrirvara um þriðju undirgreinina skal eftirlitsaðili samstæðu a.m.k. árlega sannreyna, að eigin frumkvæði, að áfram sé farið að skilyrðunum sem um getur í b-, c- og d-lið 236. gr. Eftirlitsaðili samstæðu skal einnig framkvæma slíka sannprófun að beiðni hlutaðeigandi eftirlitsyfirvalds, þar sem hið síðara hefur umtalsverðar áhyggjur sem tengjast því hvort stöðugt sé farið að ákvæðum þessara skilyrða.

Þegar komið er auga á veikleika við framkvæmd sannprófunarinnar skal eftirlitsaðili samstæðu krefja móðurfélagið um að setja fram áætlun um að farið sé að ákvæðum að nýju innan hæfilegs tímabils.

Þegar eftirlitsaðili samstæðu, að höfðu samráði við samstarfshóp eftirlitsaðila, ákvarðar að áætlunin sem um getur í þriðju eða fimmtu undirgrein sé ófullnægjandi eða síðar að hún hafi ekki verið framkvæmd innan samþykkts tímabils, skal eftirlitsaðili samstæðu komast að þeirri niðurstöðu að ekki sé lengur farið að skilyrðunum sem um getur í b-, c- og d-lið 236. gr. og skal hann tafarlaust upplýsa hlutaðeigandi eftirlitsyfirvald þar um.

2. Fyrirkomulagið sem kveðið er á um í 238. og 239. gr. skal gilda aftur þegar móðurfélagið sendir nýja umsókn og hlýtur hagstæða ákvörðun í samræmi við framsetta tilhögun í 237. gr.

241. gr.

Dótturfélög vátrygginga- eða endurtryggingafélags: framkvæmdarráðstafanir

Til að tryggja samræmda beitingu 236.–240. gr. skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdarráðstafanir sem tilgreina:

a) viðmiðanir sem á að beita við mat á því hvort skilyrðin sem tilgreind eru í 236. gr. eru uppfyllt,

b) viðmiðanir sem á að beita við mat á því hvað skal teljast neyðarástand skv. 2. mgr. 239. gr. og

c) málsmeðferðarreglur sem eftirlitsyfirvöld eiga að fylgja við upplýsingaskipti, til að leita réttar síns og til að uppfylla skyldur sínar í samræmi við 237.–240. gr.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

242. gr.

Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal fyrir 31. október 2014 leggja mat á beitingu III. bálks, einkum að því er varðar samvinnu eftirlitsyfirvalda, og virkni, innan samstarfshóps eftirlitsaðila, réttarstöðu samstarfsnefndar evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita og eftirlitsstarfsemi varðandi ákvörðun viðbótargjaldþolskrafna og skal hún leggja fram skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins, ásamt tillögum að breytingu þessarar tilskipunar, eftir því sem við á.

2. Framkvæmdastjórnin skal fyrir 31. október 2015 leggja mat á hagræði af því að bæta samstæðueftirlit og fjármagnsstýringu innan samstæðu vátrygginga- eða endurtryggingafélaga, þ.m.t. vísun í COM(2008)0119 og skýrslu nefndar Evrópuþingsins um efnahags- og peningamál varðandi þessa tillögu frá 16. október 2008 (A6-0413/2008). Það mat skal innihalda líklegar ráðstafanir til að bæta áreiðanleika stjórnunar vátryggingasamstæða yfir landamæri, einkum varðandi áhættu- og eignastýringu. Framkvæmdastjórnin skal m.a. taka tillit til nýrrar þróunar og framþróunar í mati sínu varðandi:

a) samræmdan ramma til snemmíhlutunar,

b) starfsvenjur miðlægrar áhættustýringar og rekstur innri líkana samstæðu, þ.m.t. álagsprófun,

c) viðskipti innan samstæðu og áhættusamþjappanir,

d) áhrif fjölbreytileika og samþjöppunar með tímanum,

e) bindandi lagaramma vegna sáttaumleitana vegna ágreinings eftirlitsyfirvalda,

f) samræmdan ramma um framsalshæfi eigna, ógjaldfærnimeðferð og slitameðferð sem upprætir landsbundnar hindranir félaga- eða fyrirtækjaréttar sem skipta máli vegna framsalshæfis eigna,

g) sambærilega vernd vátryggingartaka og rétthafa félaga sama hóps, einkum í krísuástandi,

h) samræmda og fullnægjandi fjármagnaða lausn innan Evrópusambandsins fyrir ábyrgðarkerfi vátrygginga,

i) samræmdan og bindandi lagaramma á milli lögbærra yfirvalda, seðlabanka og fjármálaráðuneyta hvað varðar hættustjórnun, lausnir og skiptingu efnahagsbyrði sem samræmir eftirlitsheimildir og fjárhagslega ábyrgð.

Framkvæmdastjórnin skal leggja fram skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, auk tillagna um breytingu þessarar tilskipunar, eftir því sem við á.

243. gr.

Dótturfélög eignarhaldsfélags á vátryggingasviði

Ákvæði 236.–242. gr. skulu gilda að breyttu breytanda um vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, sem eru dótturfélög eignarhaldsfélags á vátryggingasviði.

2. þáttur

Samþjöppun áhættu og viðskipti innan samstæðu

244. gr.

Eftirlit með áhættusamþjöppun

1. Eftirlit með áhættusamþjöppun á samstæðustigi skal viðhaft í samræmi við 2. og 3. málsgrein þessarar greinar, 246. gr. og III. kafla.

2. Aðildarríki skulu krefja vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, eða eignarhaldsfélög á vátryggingasviði um að senda reglulega skýrslu, og a.m.k. árlega, til eftirlitsaðila samstæðu um verulega áhættusamþjöppun á samstæðustigi.

Vátrygginga- eða endurtryggingafélagið sem fer fyrir samstæðunni skal senda nauðsynlegar upplýsingar til eftirlitsaðila samstæðu, eða þar sem fyrir samstæðunni fer ekki vátryggingafélag eða endurtryggingafélag skal senda upplýsingar frá eignarhaldsfélagi á vátryggingasviði eða af vátrygginga- eða endurtryggingafélagi í samstæðu sem er auðkennd af eftirlitsaðila samstæðu, að höfðu samráði við önnur hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld og samstæðuna sjálfa.

Áhættusamþjöppun skal háð eftirliti eftirlitsaðila samstæðu.

3. Eftirlitsaðili samstæðu skal, að höfðu samráði við önnur hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld og samstæðuna, greina áhættuflokka sem vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, í tiltekinni samstæðu skulu tilkynna um við allar kringumstæður.

Þegar eftirlitsaðili samstæðu og önnur hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld skilgreina eða gefa álit sitt á áhættuflokkum skulu þau taka tillit til sérstakrar uppbyggingar samstæðna og áhættustýringaraðferða í samstæðunni.

Til að geta greint verulega áhættusamþjöppun sem ber að tilkynna, skal eftirlitsaðili samstæðu, að höfðu samráði við önnur hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld og samstæðuna, leggja á viðeigandi viðmiðunarmörk byggð á gjaldþolskröfum, vátryggingaskuld eða hvoru tveggja.

Við endurskoðun áhættusamþjöppunar skal eftirlitsaðili samstæðu einkum fylgjast með mögulegri smithættu innan samstæðunnar, hættu á hagsmunaárekstrum og stigi eða umfangi áhættu.

4. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdarráðstafanir, að því er varðar skilgreiningu og auðkenningu umtalsverðrar áhættusamþjöppunar og tilkynningu slíkrar áhættusamþjöppunar, að því er varðar 2. og 3. málsgrein.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

245. gr.

Eftirlit með viðskiptum innan samstæðu

1. Eftirlit með viðskiptum innan samstæðu skal viðhaft í samræmi við 2. og 3. málsgrein þessarar greinar, 246. gr. og III. kafla.

2. Aðildarríki skulu krefja vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, eða eignarhaldsfélög á vátryggingasviði um að senda reglulega skýrslu, a.m.k. árlega til eftirlitsaðila samstæðu varðandi öll veruleg viðskipti vátryggingarfélaga innan samstæðu, þ.m.t. endurtryggingafélaga, innan samstæðu, þ.m.t. þeirra sem eru gerð við einstakling með náin tengsl við félag í samstæðunni.

Til viðbótar skulu aðildarríki krefjast tilkynningar um veruleg viðskipti innan samstæðu eins fljótt og auðið er.

Vátrygginga- eða endurtryggingafélag sem fer fyrir samstæðunni skal senda nauðsynlegar upplýsingar til eftirlitsaðila samstæðu, eða þar sem fyrir samstæðunni fer ekki vátryggingafélag eða endurtryggingafélag skal senda upplýsingar frá eignarhaldsfélagi á vátryggingasviði eða af vátrygginga- eða endurtryggingafélagi í samstæðu sem er auðkennt af eftirlitsaðila samstæðu að höfðu samráði við önnur hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld og samstæðuna sjálfa.

Viðskipti innan samstæðu skulu falla undir eftirlit eftirlitsaðila samstæðu.

3. Eftirlitsaðili samstæðu skal, að höfðu samráði við önnur hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld og samstæðuna, greina eðli viðskipta vátryggingafélaga innan samstæðu, þ.m.t. endurtryggingafélaga, í tiltekinni samstæðu sem skal tilkynna við allar kringumstæður. Ákvæði 3. mgr. 244. gr. gilda, að breyttu breytanda.

4. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdarráðstafanir, að því er varðar skilgreiningu og greiningu verulegra viðskipta innan samstæðu og tilkynningu slíkra viðskipta innan samstæðu, að því er varðar 2. og 3. málsgrein.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

3. þáttur

Áhættustýring og innra eftirlit

246. gr.

Eftirlit með stjórnkerfi

1. Kröfurnar sem eru settar fram í 2. þætti IV. kafla I. bálks skulu gilda að breyttu breytanda á samstæðustigi.

Með fyrirvara um fyrstu undirgrein skal koma áhættustýringu og innri eftirlitskerfum og verklagi við skýrslugjöf á með samræmdum hætti í öllum félögum sem eru innan samstæðueftirlits samkvæmt ákvæðum a- og b-liðar 2. mgr. 213. gr. til að hægt sé að stýra þessum kerfum og verklagi við skýrslugjöf á samstæðustigi.

2. Með fyrirvara um ákvæði 1. málsgreinar skal innra eftirlitskerfi samstæðu að lágmarki innihalda eftirfarandi:

a) fullnægjandi kerfi að því er varðar gjaldþol samstæðu til að greina og mæla alla verulega áhættu sem stofnað er til og tengja viðurkennt eigið fé áhættunni á viðeigandi hátt,

b) traust fyrirkomulag við skýrslugjöf og bókhald til að fylgjast með og stýra viðskiptum innan samstæðunnar og áhættusamþjöppun.

3. Eftirlitsaðili samstæðu hefur eftirlit kerfismeðferðar og verklags við skýrslugjöf með höndum sem um getur í 1. og 2. málsgrein, í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í III. kafla.

4. Aðildarríki skulu fara fram á að hluteignarfélag á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélag á vátryggingasviði taki að sér matið á samstæðustigi sem krafist er skv. 45. gr. Matið á eigin áhættu og gjaldþoli sem fer fram á samstæðustigi skal vera háð eftirliti eftirlitsaðila samstæðu í samræmi við III. kafla.

Þar sem útreikningur gjaldþols á samstæðustigi er framkvæmdur í samræmi við 1. aðferð sem um getur í 230. gr., skulu hluteignarfélag á vátryggingasviði eða endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélag á vátryggingasviði veita eftirlitsaðila samstæðu viðeigandi upplýsingar um mismuninn á milli summu gjaldþolskrafna allra tengdra vátrygginga- eða endurtryggingafélaga samstæðu og samsteyptri gjaldþolskröfu samstæðu.

Þar sem hluteignarfélag á tryggingasviði eða endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélag á vátryggingasviði ákveður svo, og með fyrirvara um samkomulag eftirlitsaðila samstæðu, getur það framkvæmt hvaða mat sem krafist er í 45. gr. á samstæðustigi og á stigi hvaða dótturfélags sem er í samstæðunni á sama tíma og getur búið til eitt skjal sem tekur til allra mata.

Áður en samkomulag er veitt í samræmi við þriðju undirgrein skal eftirlitsaðili samstæðu hafa samráð við aðila að samstarfshópi eftirlitsaðila og taka tillit til skoðana þeirra eða fyrirvara á viðeigandi hátt.

Þegar samstæðan beitir valkostinum í þriðju undirgrein skal hún senda skjalið til allra hlutaðeigandi eftirlitsyfirvalda á sama tíma. Með beitingu þess valkosts skulu hlutaðeigandi dótturfélög ekki undanþegin frá skuldbindingunni sem tryggir að skilyrðin í 45. gr. séu uppfyllt.

III. KAFLI

Ráðstafanir til að auðvelda samstæðueftirlit

247. gr.

Eftirlitsaðili samstæðu

1. Tilnefna skal einstakan eftirlitsaðila sem ber ábyrgð á samræmingu og beitingu eftirlits með samstæðu (eftirlitsaðili samstæðu), úr hópi eftirlitsyfirvalda hlutaðeigandi aðildarríkja.

2. Þar sem sama eftirlitsyfirvaldið er lögbært fyrir öll vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, samstæðu skal verkefni eftirlitsaðila samstæðu vera í höndum þess eftirlitsyfirvalds.

Í öllum öðrum tilvikum og með fyrirvara um 3. mgr. skulu verkefni eftirlitsaðila samstæðu framkvæmd á eftirfarandi hátt:

a) þar sem vátrygginga- eða endurtryggingafélag fer fyrir samstæðunni, af eftirlitsyfirvaldi sem hefur heimilað viðkomandi félag,

b) þar sem vátrygginga- eða endurtryggingafélag fer ekki fyrir samstæðunni, af eftirlitsyfirvaldi sem eftirfarandi á við um:

   i. þar sem móðurfélag vátrygginga- eða endurtryggingafélags er eignarhaldsfélag á vátryggingasviði, af eftirlitsyfirvaldi sem hefur heimilað það vátrygginga- eða endurtryggingafélag,

   ii. þar sem eitt eða fleiri vátrygginga- eða endurtryggingafélag hefur aðalskrifstofu í Bandalaginu þar sem móðurfélag þeirra er sama eignarhaldsfélag á vátryggingasviði og eitt þessara félaga hefur fengið starfsleyfi í aðildarríkinu þar sem eignarhaldsfélag á fjármálasviði hefur aðalskrifstofu sína, af eftirlitsyfirvaldi vátrygginga- eða endurtryggingafélags sem hefur fengið starfsleyfi í því aðildarríki,

iii. þar sem fleiri en eitt eignarhaldsfélag á vátryggingasviði fer fyrir samstæðunni sem hefur aðalskrifstofu í mismunandi aðildarríkjum og þar sem vátrygginga- eða endurtryggingafélag er í hverju þessara aðildarríkja, af eftirlitsyfirvaldi vátrygginga- eða endurtryggingafélags með hæstu niðurstöðutölu efnahagsreiknings,

iv. þar sem eitt eða fleiri vátrygginga- eða endurtryggingafélög hafa aðalskrifstofu í Bandalaginu þar sem móðurfélagið er sama eignarhaldsfélag á vátryggingasviði og ekkert þessara félaga hefur fengið starfsleyfi í aðildarríkinu þar sem eignarhaldsfélag á fjármálasviði hefur aðalskrifstofu sína, af eftirlitsyfirvaldi sem veitti vátrygginga- eða endurtryggingafélagi með hæstu niðurstöðutölu efnahagsreiknings starfsleyfi eða

v. þar sem samstæðan er samstæða án móðurfélags, eða við einhverjar kringumstæður þar sem hennar er ekki getið í i.–iv. lið, af eftirlitsyfirvaldi sem veitti vátrygginga- eða endurtryggingafélagi með hæstu niðurstöðutölu efnahagsreiknings starfsleyfi.

3. Í sérstökum tilvikum geta hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld, að beiðni einhverra yfirvalda, tekið sameiginlega ákvörðun um að víkja frá framsettum viðmiðunum í 2. mgr. þar sem beiting þeirra væri óviðeigandi, með tilliti til uppbyggingar samstæðunnar og hlutfallslegs mikilvægis starfsemi vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, í mismunandi löndum og tilnefnt annað eftirlitsyfirvald sem eftirlitsaðila samstæðu.

Í því skyni getur eitthvert hlutaðeigandi eftirlitsyfirvalda farið fram á að fjallað sé um hvort viðmiðunin sem um getur í 2. mgr. sé viðeigandi. Slík umfjöllun skal ekki fara fram oftar en árlega.

Hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að komast að sameiginlegri niðurstöðu um val á eftirlitsaðila samstæðu innan þriggja mánaða frá beiðninni um umfjöllun. Áður en hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld taka ákvörðun skulu þau gefa samstæðunni tækifæri á að tjá álit sitt.

4. Á þriggja mánaða tímabilinu sem um getur í þriðju undirgrein 3. mgr. getur hvert hlutaðeigandi eftirlitsyfirvald farið fram á að samráð sé haft við samstarfsnefnd evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita. Sé samráð haft við samstarfsnefnd evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita skal tímabilið framlengt um tvo mánuði.

5. Komi til þess að samráð sé haft við samstarfsnefnd evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita, skulu hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld á viðeigandi hátt taka tillit til ráðlegginga samstarfsnefndar evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita áður en þau taka sameiginlega ákvörðun. Í sameiginlegu ákvörðuninni skal tilgreina allar ástæður og skal hún innihalda útskýringu á umtalsverðu fráviki frá öllum ráðleggingum sem samstarfsnefnd evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita hefur veitt.

6. Ef ekki er komist að sameiginlegri ákvörðun um að víkja frá framsettum viðmiðunum í 2. mgr. skal verkefni eftirlitsaðila samstæðu framkvæmt af auðkenndu eftirlitsyfirvaldi í samræmi við 2. málsgrein.

7. Samstarfsnefnd evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita skal upplýsa Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnina a.m.k. árlega um veruleg vandkvæði varðandi beitingu 2., 3. og 6. málsgreinar.

Komi upp veruleg vandkvæði vegna beitingar framsettra viðmiðana í 2. og 3. mgr. skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdarráðstafanir sem tilgreina þessar viðmiðanir.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

8. Ef í aðildarríki eru fleiri en eitt eftirlitsyfirvald sem hafa með höndum varfærniseftirlit vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, skulu þau aðildarríki grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja samræmingu á milli þessara yfirvalda.

248. gr.

Réttindi og skyldur eftirlitsaðila samstæðu og annarra eftirlitsaðila - samstarfshópur eftirlitsaðila

1. Réttindi og skyldur sem úthlutað er til eftirlitsaðila samstæðu að því er varðar samstæðueftirlit skulu taka til eftirfarandi:

a) samræmingar söfnunar og miðlunar viðeigandi eða mikilvægra upplýsinga, vegna áframhaldandi rekstrarhæfis og neyðartilvika, þ.m.t. miðlun upplýsinga sem eru mikilvægar fyrir eftirlitsverkefni eftirlitsyfirvalds,

b) sérstaks eftirlits og mats á fjárhagsstöðu samstæðu,

c) mats á því hvort farið sé að reglunum um gjaldþol og áhættusamþjöppun og viðskiptum innan samstæðunnar eins og fram kemur í 218.–245. gr.,

d) mats á stjórnkerfi samstæðunnar, líkt og sett er fram í 246. gr. og hvort aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn hluteignarfélags uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 42. gr. og 257. gr.,

e) áætlanagerðar og samræmingar, með reglulegum fundum sem eru haldnir að lágmarki árlega eða með öðrum viðeigandi leiðum, með eftirlitsstarfsemi fyrir áframhaldandi rekstrarhæfi sem og í neyðartilvikum í samstarfi við hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld þar sem tekið er tillit til eðlis, umfangs og þess hve flókin innbyggð áhætta er í viðskiptum allra félaga sem eru hluti samstæðunnar,

f) annarra verkefna, ráðstafana og ákvarðana sem úthlutað er til eftirlitsaðila samstæðu með þessari tilskipun eða hljótast af beitingu þessarar tilskipunar, einkum vegna þess sem leiðir fullgildingarferli innra líkans á samstæðustigi líkt og sett er fram í 231. og 233. gr. og leiðir ferlið til að heimila beitingu reglna sem var komið á með ákvæðum 237.–240. gr.

2. Til að greiða fyrir beitingu verkefna samstæðueftirlits sem um getur í 1. mgr. skal koma á fót samstarfshópi eftirlitsaðila undir forystu eftirlitsaðila samstæðu.

Samstarfshópur eftirlitsaðila skal sjá til þess að samvinna, upplýsingaskipti og samráðsferli fari fram á skilvirkan hátt á meðal eftirlitsyfirvalda sem eru meðlimir í samstarfshópi eftirlitsaðila, í samræmi við III. bálk, með það í huga að kynna samleitni viðkomandi ákvarðana og aðgerða.

3. Aðild að samstarfshópi eftirlitsaðila skal ná yfir eftirlitsaðila samstæðu og eftirlitsyfirvöld allra aðildarríkjanna þar sem aðalskrifstofa allra dótturfélaga er staðsett.

Eftirlitsyfirvöldum mikilvægra útibúa og tengdra félaga skal einnig gert kleift að taka þátt í samstarfshópi eftirlitsaðila. Þó skal takmarka þátttöku þeirra við að ná markmiðinu um skilvirk upplýsingaskipti.

Til að ná árangursríkri starfsemi samstarfshóps eftirlitsaðila, gæti þess verið krafist að einhver verkefni séu í höndum færri eftirlitsyfirvalda.

4. Án þess að hafa áhrif á ráðstafanir sem eru samþykktar samkvæmt þessari tilskipun, skal byggja stofnun og rekstur samstarfshóps eftirlitsaðila á samræmingarfyrirkomulagi sem var komið á af eftirlitsaðila samstæðu og öðrum hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöldum.

Séu skiptar skoðanir varðandi samræmingarfyrirkomulag getur hvaða aðili að samstarfshópi eftirlitsaðila sem er vísað málinu til samstarfsnefndar evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita.

Að höfðu samráði við hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld skal eftirlitsaðili samstæðu íhuga ráðleggingar samstarfsnefndar evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita á viðeigandi hátt innan tveggja mánaða frá móttöku þeirra áður en hann tekur endanlega ákvörðun. Í ákvörðuninni skal tilgreina allar ástæður og skal hún innihalda útskýringu á umtalsverðu fráviki frá hvers konar ráðleggingum sem samstarfsnefnd evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita hefur veitt. Eftirlitsaðili samstæðu skal senda ákvörðunina til annarra hlutaðeigandi eftirlitsyfirvalda.

5. Með fyrirvara um ráðstafanir sem samþykktar eru samkvæmt þessari tilskipun, skal samræmingarfyrirkomulagið sem um getur í 4. mgr. tilgreina málsmeðferð fyrir:

a) ferli við ákvarðanatöku á meðal hlutaðeigandi eftirlitsyfirvalda í samræmi við 231., 232. og 247. gr.,

b) samráð skv. 4. mgr. þessarar greinar og samkvæmt 5. mgr. 218. gr.

Með fyrirvara um réttindi og skyldur sem úthlutað er til eftirlitsaðila samstæðu og til annarra eftirlitsyfirvalda með þessari tilskipun getur samræmingarfyrirkomulagið haft í för með sér viðbótarverkefni til handa eftirlitsaðila samstæðu eða til annarra eftirlitsyfirvalda þar sem þetta gæti leitt til skilvirkara eftirlits með samstæðunni og myndi ekki skerða eftirlitsstarfsemi aðila að samstarfshópi eftirlitsaðila að því er varðar einstaklingsábyrgð.

Til viðbótar getur samræmingarfyrirkomulagið sett fram málsmeðferðarreglur fyrir:

a) samráð hlutaðeigandi eftirlitsyfirvalda, einkum sem um getur í 213.–217. gr., 219.–221. gr., 227. gr., 244.–246. gr., 250. gr., 256. gr., 260. gr. og 262. gr.,

b) samvinnu við önnur eftirlitsyfirvöld.

6. Samstarfsnefnd evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita skal útfæra viðmiðunarreglur fyrir rekstrarþætti samstarfshóps eftirlitsaðila á grunni ítarlegrar endurskoðunar á vinnu þeirra til að meta stig samleitni á milli þeirra. Slík endurskoðun skal að lágmarki fara fram á þriggja ára fresti. Aðildarríki skulu sjá til þess að eftirlitsaðili samstæðu sendi upplýsingar til samstarfsnefndar evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita um rekstur samstarfshóps eftirlitsaðila og um alla erfiðleika sem koma í ljós sem skipta máli vegna þessarar endurskoðunar.

7. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdarráðstafanir vegna samræmingar samstæðueftirlits að því er varðar 1. til 6. mgr., þ.m.t. skilgreiningin „mikilvægt útibú“.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

249. gr.

Samvinna og upplýsingaskipti milli eftirlitsyfirvalda

1. Yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti einstakra vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, í samstæðu og eftirlitsaðili samstæðu skulu vinna náið saman, einkum þegar vátrygginga- eða endurtryggingafélag á í fjárhagserfiðleikum.

Með það að markmiði að tryggja að eftirlitsyfirvöld, þ.m.t. eftirlitsaðili samstæðu, búi yfir sömu upplýsingum sem skipta máli, með fyrirvara um viðkomandi ábyrgð þeirra, og án tillits til staðfestu þeirra í sama aðildarríki, skulu þau veita hvort öðru slíkar upplýsingar til að heimila og greiða fyrir beitingu eftirlitsverkefna annarra

yfirvalda samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar. Með það fyrir augum skulu hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðili samstæðu tilkynna hvort öðru án tafar allar upplýsingar sem skipta máli, jafnskjótt og þær eru fáanlegar. Upplýsingarnar sem um getur í þessari undirgrein ná yfir, en eru ekki afmarkaðar við, upplýsingar um aðgerðir samstæðunnar og eftirlitsyfirvalda og upplýsingar sem hafa verið veittar af samstæðunni.

2. Yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti einstakra vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, í samstæðu og eftirlitsaðili samstæðu skulu hver um sig boða öll eftirlitsyfirvöld sem hafa tekið þátt í samstæðueftirliti til fundar a.m.k. við eftirfarandi kringumstæður:

a) þegar þau verða þess áskynja að um umtalsvert brot einstakra vátrygginga- eða endurtryggingafélaga á gjaldþolskröfu eða brot á lágmarkskröfu um eigið fé er að ræða,

b) þegar þau verða þess áskynja að um umtalsvert brot á gjaldþolskröfu á samstæðustigi er að ræða, reiknað út á grunni samsteyptra gagna eða uppsafnaðrar gjaldþolskröfu samstæðu, í samræmi við hvaða útreikniaðferð er notuð skv. 4. undirþætti 1. þáttar II. kafla III. bálks,

c) þegar aðrar sérstakar aðstæður koma upp eða hafa komið upp.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdarráðstafanir þar sem ákvarðað er hvaða upplýsingum eftirlitsaðili samstæðu skal safna á kerfisbundinn hátt og miðla til annarra hlutaðeigandi eftirlitsyfirvalda eða sem önnur hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld skulu senda eftirlitsaðila samstæðu.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdarráðstafanir þar sem þær upplýsingar eru tilgreindar sem eru mikilvægar eða viðeigandi fyrir eftirlit á samstæðustigi með það í huga að bæta samleitni skýrslugjafar eftirlitsaðila.

Þær ráðstafanir, sem um getur í þessari málsgrein og er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við þá reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

250. gr.

Samráð eftirlitsyfirvalda

1. Með fyrirvara um 248. gr. skulu hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld, áður en mikilvæg ákvörðun varðandi eftirlitsverkefni annarra eftirlitsyfirvalda er tekin, hafa samráð sín á milli innan samstarfshóps eftirlitsaðila að því er varðar eftirfarandi:

a) breytingar á hluthafafyrirkomulagi, stjórnskipulagi eða stjórnunarfyrirkomulagi vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, í samstæðu sem þarfnast samþykkis eða leyfis eftirlitsyfirvalda og

b) ströng viðurlög eða sérstakar neyðarráðstafanir sem eftirlitsyfirvöld grípa til, þ.m.t. álagning viðbótargjaldþolskröfu á gjaldþolskröfuna ,skv. 37. gr. og álagningu takmarkana á notkun innra líkans við útreikning á gjaldþolskröfunni skv. 3. undirþætti, 4. þáttar, VI. kafla, I. bálks.

Að því er varðar b-lið, skal ávallt hafa samráð við eftirlitsaðila samstæðu.

Þar að auki skulu hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld hafa samráð sín á milli fyrir ákvarðanatöku, ef ákvörðun er byggð á upplýsingum frá öðrum eftirlitsyfirvöldum.

2. Með fyrirvara um 248. gr. getur eftirlitsyfirvald ákveðið að hafa ekki samráð í málum sem þola enga bið eða þegar slíkt samráð getur teflt skilvirkni ákvörðunar í tvísýnu. Í því tilviki skal eftirlitsyfirvaldið án tafar tilkynna öðrum hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöldum um það.

251. gr.

Beiðnir eftirlitsaðila samstæðu til annarra eftirlitsyfirvalda um upplýsingar

Eftirlitsaðili samstæðu getur farið fram á að eftirlitsyfirvöld aðildarríkisins þar sem móðurfélag hefur aðalskrifstofu sína, og sem hafa ekki sjálf samstæðueftirlit með höndum skv. 247. gr., leiti eftir öllum upplýsingum frá móðurfélaginu sem gætu skipt máli fyrir framkvæmd réttinda til samræmingar, sem mælt er fyrir um í 248. gr., og sendi eftirlitsaðila samstæðunnar þær upplýsingar.

Ef eftirlitsaðili samstæðu þarfnast upplýsinga sem um getur í 2. mgr. 247. gr., sem hafa þegar verið gefnar öðru eftirlitsyfirvaldi, skal hann hafa samband við það yfirvald, þegar unnt er, til að koma í veg fyrir tvítekningu skýrslugjafar til hinna ýmsu yfirvalda, sem koma að eftirliti.

252. gr.

Samstarf við yfirvöld sem bera ábyrgð á lánastofnunum og fjárfestingarfyrirtækjum

Ef vátrygginga- eða endurtryggingafélag og annaðhvort lánastofnun eins og hún er skilgreind í tilskipun 2006/48/EB eða fjárfestingarfyrirtæki eins og það er skilgreint í tilskipun 2004/39/EB eða bæði, eru tengd beint eða óbeint eða hafa sameiginlegt hluteignarfélag, skulu hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld og yfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti með þessum öðru félögum hafa með sér náið samstarf.

Með fyrirvara um ábyrgð hvers fyrir sig skulu þessi yfirvöld veita hvert öðru allar upplýsingar sem geta auðveldað störf þeirra, einkum eins og sett er fram í þessum bálki.

253. gr.

Þagnarskylda og trúnaðarkvöð

Aðildarríkin skulu heimila upplýsingaskipti á milli eftirlitsyfirvalda sinna og á milli eftirlitsyfirvalda sinna og annarra yfirvalda eins og um getur í ákvæðum 249.–252. gr.

Um upplýsingar sem aflað er innan rammafyrirkomulags við samstæðueftirlit, einkum hvers konar upplýsingaskipti á milli eftirlitsyfirvalda og á milli eftirlitsyfirvalda og annarra yfirvalda, sem kveðið er á um í þessum bálki, gilda ákvæði 295. gr.

254. gr.

Aðgangur að upplýsingum

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að einstaklingar og lögaðilar sem falla undir samstæðueftirlit, og tengd félög og hluteignarfélög þeirra, geti skipst á upplýsingum sem gætu skipt máli við samstæðueftirlit.

2. Aðildarríki skulu kveða á um að yfirvöld þeirra sem bera ábyrgð á framkvæmd samstæðueftirlits skuli hafa aðgang að öllum upplýsingum, sem skipta máli að því er varðar það eftirlit, án tillits til tegundar hlutaðeigandi félags. Ákvæði 35. gr. gilda að breyttu breytanda.

Hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld mega aðeins hafa beint samband við félög í samstæðunni í þeim tilgangi að nálgast nauðsynlegar upplýsingar ef vátrygginga- eða endurtryggingafélagið sem fellur undir samstæðueftirlitið hefur beðið um þær upplýsingar og félagið hefur ekki gefið þær upp innan hæfilegs tíma.

255. gr.

Sannprófun upplýsinga

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að eftirlitsyfirvöldum þeirra sé heimilt að sannprófa á vettvangi, innan yfirráðasvæða þeirra, annað hvort sjálf eða fyrir milligöngu einstaklinga sem þau tilnefna í því skyni, upplýsingarnar sem um getur í 254. gr. á athafnasvæði eftirfarandi:

a) vátrygginga- eða endurtryggingafélags sem fellur undir samstæðueftirlit,

b) félaga sem eru tengd vátrygginga- eða endurtryggingafélaginu,

c) móðurfélaga vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins,

d) félaga sem eru tengd móðurfélagi vátrygginga- eða endurtryggingafélagsins.

2. Kjósi eftirlitsyfirvöld að sannprófa, í sérstökum tilvikum, upplýsingar um félag sem er hluti af samstæðu og staðsett í öðru aðildarríki, hvort sem það er eftirlitsskylt eða ekki, skulu þau fara þess á leit að eftirlitsyfirvöld þess aðildarríkis annist sannprófunina.

Yfirvöld, sem fá slíka beiðni, skulu bregðast við beiðninni innan ramma síns valdsviðs, annaðhvort með því að framkvæma sannprófunina sjálf, með því að heimila endurskoðanda eða sérfræðingi að framkvæma hana eða með því að heimila yfirvaldinu, sem lagði fram beiðnina, að annast sannprófunina sjálft. Upplýsa skal eftirlitsaðila samstæðu um þá aðgerð sem gripið er til.

Eftirlitsyfirvaldið, sem lagði fram beiðnina, getur tekið þátt í sannprófun sem það annast ekki sjálft ef það óskar eftir því.

256. gr.

Skýrsla um gjaldþol samstæðu og fjárhagsstöðu

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að hluteignarfélög á vátryggingasviði, þ.m.t. endurtryggingasviði, eða eignarhaldsfélög á vátryggingasviði birti opinberlega, á ársgrundvelli, skýrslu um gjaldþol og fjárhagsstöðu á samstæðustigi. Ákvæði 51. gr. og 53.–55. gr. gilda að breyttu breytanda.

2. Ef hluteignarfélag á vátrygginga- eða endurtryggingasviði eða eignarhaldsfélag á vátryggingasviði ákveður svo, og með fyrirvara um samþykki eftirlitsaðila samstæðu, getur það lagt fram eina skýrslu um gjaldþol og fjárhagsstöðu sem skal taka til eftirfarandi:

a) upplýsinga á samstæðustigi sem skulu birtar í samræmi við 1. mgr.,

b) upplýsinga um öll dótturfélög innan samstæðu, sem hægt verður að greina fyrir hvert þeirra, og birta í samræmi við 51. gr. og 53.–55. gr.

Áður en samþykki er veitt í samræmi við fyrstu undirgrein, skal eftirlitsaðili samstæðu ráðfæra sig við aðila samstarfshóps eftirlitsaðila og taka tillit til álita og fyrirvara þeirra.

3. Ef skýrslan sem um getur í 2. mgr. tekur ekki til upplýsinga sem eftirlitsyfirvald, sem hefur viðurkennt dótturfélag innan samstæðu, hefur krafist frá sambærilegum félögum og vöntun þeirra upplýsinga er veigamikil, skal hlutaðeigandi eftirlitsyfirvald hafa heimild til að krefjast þess að viðkomandi dótturfélag birti nauðsynlegar viðbótarupplýsingar.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdarráðstafanir og tilgreina þar með nánar þær upplýsingar sem verður að birta, og með hvaða aðferðum því verði náð að því er varðar eina skýrslu um gjaldþol og fjárhagsstöðu.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

257. gr.

Stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsaðili eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði

Aðildarríki skulu tryggja að allir þeir aðilar sem í reynd stjórna rekstri eignarhaldsfélags á vátryggingasviði séu hæfir og heiðarlegir til að uppfylla skyldur sínar.

Ákvæði 42. gr. gilda að breyttu breytanda.

258. gr.

Fullnusturáðstafanir

1. Uppfylli vátrygginga- eða endurtryggingafélög í samstæðu ekki kröfurnar, sem um getur í 218.–246. gr., eða, ef kröfunum er fullnægt en gjaldþoli kann engu að síður að vera teflt í tvísýnu eða ef viðskipti innan samstæðunnar eða áhættusamþjöppun ógnar fjárhagsstöðu vátrygginga- eða endurtryggingafélaganna, er þess krafist að eftirfarandi aðilar geri nauðsynlegar ráðstafanir til að ráða bót á vandanum eins fljótt og unnt er:

a) eftirlitsaðili samstæðu að því er varðar eignarhaldsfélag á vátryggingasviði,

b) eftirlitsyfirvöld að því er varðar vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög.

Ef eftirlitsaðili samstæðu er ekki eitt eftirlitsyfirvalda þess aðildarríkis þar sem eignarhaldsfélag á vátryggingasviði hefur aðalskrifstofu sína, í tilviki sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar, skal eftirlitsaðili samstæðu upplýsa þau eftirlitsyfirvöld um niðurstöður sínar með það í huga að gera þeim kleift að gera viðeigandi ráðstafanir.

Ef eftirlitsaðili samstæðu er ekki eitt eftirlitsyfirvalda þess aðildarríkis þar sem vátrygginga- eða endurtryggingafélag hefur aðalskrifstofu sína, í tilviki sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar, skal eftirlitsaðili samstæðu upplýsa þau eftirlitsyfirvöld um niðurstöður sínar með það í huga að gera þeim kleift að gera viðeigandi ráðstafanir.

Með fyrirvara um 2. mgr. skulu aðildarríkin ákvarða hvaða ráðstafana eftirlitsyfirvöld þeirra geta gripið til varðandi eignarhaldsfélög á vátryggingasviði.

Hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld, þ.m.t. eftirlitsaðili samstæðu, skulu samræma fullnusturáðstafanir eftir því sem við á.

2. Án þess að hafa áhrif á ákvæði hegningarlaga sinna, skulu aðildarríki sjá til þess að hægt sé að beita viðurlögum eða gera ráðstafanir vegna eignarhaldsfélaga á vátryggingasviði sem brjóta í bága við lög, reglugerðir eða stjórnsýsluákvæði sem samþykkt eru vegna framkvæmdar á þessum bálki, eða vegna aðila sem í reynd stýra þeim félögum. Eftirlitsyfirvöld skulu hafa með sér nána samvinnu til að sjá til þess að þessi viðurlög eða ráðstafanir séu skilvirk, einkum ef yfirstjórn eða höfuðstöðvar eignarhaldsfélags á vátryggingasviði eru ekki á aðalskrifstofu þess.

3. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdarráðstafanir vegna samræmingar á ráðstöfunum til framfylgdar sem um getur í 1. og 2. málsgrein.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

259. gr.

Skýrslugjöf samstarfsnefndar evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita (CEIOPS)

1. Samstarfsnefnd evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita skal árlega taka þátt í almennri skýrslugjöf þingmannanefndar í Evrópuþinginu. Ef þess háttar þátttaka fellur saman við kröfu samstarfsnefndar evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita um upplýsingaskyldu skv. 3. mgr. 71. gr., skal uppfylla þá kröfu, að því er varðar Evrópuþingið, með þátttöku samstarfsnefndar evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita í þeirri skýrslugjöf.

2. Við skýrslugjöfina sem um getur í 1. mgr. skal samstarfsnefnd evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita m.a. gefa skýrslu um alla viðkomandi og mikilvæga reynslu af eftirlitsstarfsemi og samstarfi milli eftirlitsaðila innan ramma III. bálks og einkum:

a) ferlið við útnefningu eftirlitsaðila samstæðu, fjölda eftirlitsaðila samstæðu og landfræðilega dreifingu,

b) starfsemi samstarfshóps eftirlitsaðila, einkum þátttöku og skuldbindingu eftirlitsyfirvalda ef þau eru ekki eftirlitsaðili samstæðu.

3. Samstarfsnefnd evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita er einnig heimilt, að því er varðar 1. mgr., að gefa skýrslu um helstu reynslu sem draga má af endurskoðuninni sem um getur í 6. mgr. 248. gr., eftir því sem við á.

IV. KAFLI

Þriðju lönd

260. gr.

Móðurfélög utan Evrópubandalagsins: sannprófun á jafngildi

1. Í því tilviki sem um getur í c-lið 2. mgr. 213. gr., skulu hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld sannprófa hvort vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, sem hafa móðurfélag sem hefur aðalskrifstofu utan Bandalagsins, falli undir eftirlit eftirlitsyfirvalds þriðja lands, sem er jafngilt því sem kveðið er á um í þessum bálki um eftirlit á samstæðustigi vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, sem um getur í a- og b-lið 2. mgr. 213. gr.

Eftirlitsyfirvaldið, sem væri eftirlitsaðili samstæðu ef viðmiðanirnar, sem eru settar fram í 2. mgr. 247. gr. giltu, skal framkvæma sannprófunina að beiðni móðurfélagsins eða einhvers af vátryggingafélögunum, þ.m.t. endurtryggingafélögunum, sem fengið hafa starfsleyfi í Bandalaginu, eða að eigin frumkvæði, nema ef framkvæmdastjórnin hefur áður komist að niðurstöðu að því er varðar jafngildi hlutaðeigandi þriðja lands. Í því sambandi skal eftirlitsyfirvald hafa samráð við önnur hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld og samstarfsnefnd evrópskra vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlita áður en ákvörðun er tekin.

2. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdarráðstafanir sem tilgreina viðmiðanir vegna mats á jafngildi varfærnisfyrirkomulags þriðja lands við það sem mælt var fyrir um í þessum bálki. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 301. gr.

3. Framkvæmdastjórnin getur, að höfðu samráði við nefnd evrópskra eftirlitsaðila með vátryggingum og starfstengdum lífeyrissjóðum og í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 301. gr. og með tilliti til viðmiðana sem samþykkt eru í samræmi við ákvæði 2. mgr., ákveðið hvort varfærnisfyrirkomulag vegna eftirlits með samstæðum í þriðja landi sé jafngilt því sem mælt er fyrir um í þessum bálki.

Þær ákvarðanir skulu endurskoðaðar reglulega til að taka tillit til breytinga á varfærnisfyrirkomulagi við eftirlit með samstæðum, sem mælt er fyrir um í þessum bálki, og breytinga á varfærnisfyrirkomulagi í þriðja landi við eftirlit með samstæðum og allar aðrar breytingar á reglugerðum sem gætu haft áhrif á ákvörðun um jafngildi.

Þegar ákvörðun hefur verið samþykkt af framkvæmdastjórninni, í samræmi við fyrstu undirgrein, að því er varðar þriðja land, skal sú ákvörðun viðurkennd sem ákvarðandi að því er varðar sannprófunina sem um getur í 1. mgr.

261. gr.

Móðurfélög utan Bandalagsins: jafngildi

1. Ef um er að ræða jafngilt eftirlit sem um getur í 260. gr., skulu aðildarríki reiða sig á jafngilt samstæðueftirlit sem framkvæmt er af eftirlitsyfirvöldum í þriðja landi, í samræmi við 2. málsgrein.

2. Ákvæði 247.–258. gr. skulu gilda að breyttu breytanda að því er varðar samstarf við eftirlitsyfirvöld þriðja lands.

262. gr.

Móðurfélög utan Evrópubandalagsins: jafngildi er ekki fyrir hendi

1. Ef ekki er um jafngilt eftirlit að ræða eins og um getur í 260. gr., skulu aðildarríki beita annaðhvort ákvæðum 218.–258. gr. á vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, að breyttu breytanda, fyrir utan ákvæði 236.–243. gr., eða einni af þeim aðferðum sem settar eru fram í 2. málsgrein.

Almennar meginreglur og aðferðir sem settar eru fram í 218.–258. gr. gilda á stigi eignarhaldsfélags á vátryggingasviði, vátryggingafélags í þriðja landi eða endurtryggingafélags í þriðja landi.

Farið skal með móðurfélag sem vátrygginga- eða endurtryggingafélag, sem fellur undir sömu kröfur og settar eru fram í 1., 2. og 3. undirþætti 3. þáttar VI. kafla I. bálks, einungis að því er varðar útreikning á gjaldþoli samstæðu, að því er varðar eigið fé sem er viðurkennt fyrir gjaldþolskröfu og annað hvort eftirfarandi:

a) gjaldþolskröfu sem er ákvörðuð í samræmi við meginreglur 226. gr. ef um er að ræða eignarhaldsfélag á vátryggingasviði,

b) gjaldþolskröfu sem er ákvörðuð í samræmi við meginreglur 227. gr. ef um er að ræða vátryggingafélag í þriðja landi eða endurtryggingafélag í þriðja landi.

2. Aðildarríki skulu heimila eftirlitsyfirvöldum sínum að beita öðrum aðferðum sem tryggja viðeigandi eftirlit með vátryggingafélögum, þ.m.t. endurtryggingafélögum, í samstæðu. Þessar aðferðir skulu samþykktar af eftirlitsaðila samstæðu, að höfðu samráði við önnur hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöld.

Eftirlitsyfirvöld geta einkum krafist þess að komið sé á fót eignarhaldsfélagi á vátryggingasviði með aðalskrifstofu í Bandalaginu og beitt þessum bálki gagnvart vátryggingafélögum, þ.m.t. endurtryggingafélögum, í samstæðu sem eignarhaldsfélagið á vátryggingasviði fer fyrir.

Markmiðin með samstæðueftirlitinu skulu nást með þessum völdu aðferðum eins og skilgreint er í þessum bálki og skal tilkynna öðrum hlutaðeigandi eftirlitsyfirvöldum, sem málið varðar, og framkvæmdastjórninni um þær.

263. gr.

Móðurfélög utan Bandalagsins: stig

Ef móðurfélag sem um getur í 260. gr. er dótturfélag eignarhaldsfélags á vátryggingasviði sem hefur aðalskrifstofu utan Bandalagsins eða vátrygginga- eða endurtryggingafélags í þriðja landi, skulu aðildarríki aðeins beita sannprófun sem kveðið er á um í 260. gr. á stigi endanlegs móðurfélags sem er eignarhaldsfélag á vátryggingasviði í þriðja landi, vátryggingafélag í þriðja landi eða endurtryggingafélag í þriðja landi.

Þó skulu aðildarríki heimila eftirlitsyfirvöldum sínum að ákveða, ef ekki er um að ræða jafngildi eftirlits sem um getur í 260. gr., að framkvæma nýja sannprófun á lægra stigi ef móðurfélag vátrygginga- eða endurtryggingafélaga er til staðar, hvort sem það er eignarhaldsfélag á vátryggingasviði í þriðja landi, vátryggingafélag í þriðja landi eða endurtryggingafélag í þriðja landi.

Í slíku tilviki, skal eftirlitsyfirvaldið sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 260. gr. skýra ákvörðun sína fyrir samstæðunni.

Ákvæði 262. gr. gilda að breyttu breytanda.

264. gr.

Samvinna við eftirlitsyfirvöld í þriðja landi

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að leggja fyrir ráðið tillögur vegna samningaviðræðna við eitt eða fleiri þriðju lönd um hvernig annast skuli samstæðueftirlit með:

a) vátrygginga- eða endurtryggingafélögum sem eiga, sem hluteignarfélög, félög í skilningi 213. gr. sem hafa aðalskrifstofu sína í þriðja landi, og

b) vátrygginga- eða endurtryggingafélögum í þriðja landi sem eiga, sem hluteignarfélög, félög í skilningi 213. gr. sem hafa aðalskrifstofu sína í Bandalaginu.

2. Í samningunum, sem um getur í 1. mgr., skal einkum leitast við að tryggja:

a) að eftirlitsyfirvöld í aðildarríkjunum geti fengið þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, á samstæðustigi sem hafa aðalskrifstofu í Bandalaginu og eiga dótturfélög eða hlutdeild í félögum utan Bandalagsins og

b) að eftirlitsyfirvöld í þriðju löndum geti fengið þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir eftirlit á samstæðustigi vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, í þriðja landi sem hafa aðalskrifstofu á yfirráðasvæðum þeirra og eiga dótturfélög eða hlutdeild í félögum í einu eða fleiri aðildarríkjum.

3. Með fyrirvara um 1. og 2. mgr. 300. gr. sáttmálans skal framkvæmdastjórnin, með aðstoð nefndar evrópskra eftirlitsaðila með vátryggingum og starfstengdum lífeyrissjóðum, fara yfir niðurstöður samningaviðræðnanna sem um getur í 1. mgr.

V. KAFLI

Eignarhaldsfélög á vátryggingasviði með blandaða starfsemi

265. gr.

Viðskipti innan samstæðu

1. Aðildarríki skulu tryggja að eftirlitsyfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti með þess háttar vátrygginga- eða endurtryggingafélögum hafi almennt eftirlit með viðskiptum milli þessara vátrygginga- eða endurtryggingafélaga og blandaða eignarhaldsfélagsins og tengdum félögum þess ef móðurfélag eins eða fleiri vátrygginga- eða endurtryggingafélaga er eignarhaldsfélag á vátryggingasviði með blandaða starfsemi.

2. Ákvæði 245. gr., 249.–255. gr. og 258. gr. skulu gilda að breyttu breytanda.

266. gr.

Samvinna við þriðju lönd

Að því er varðar samvinnu við þriðju lönd gilda ákvæði 264. gr. að breyttu breytanda.

IV. BÁLKUR

ENDURSKIPULAGNING OG SLIT VÁTRYGGINGAFÉLAGA

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar

267. gr.

Gildissvið þessa hluta

Þessi bálkur gildir um endurskipulagningarráðstafanir og slitameðferð sem tengist eftirfarandi:

a) vátryggingafélögum,

b) útibúum vátryggingafélaga þriðja lands á yfirráðasvæði Bandalagsins.

268. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessum bálki gilda eftirfarandi hugtök:

a) „lögbær yfirvöld“: stjórnvöld eða dómsmálayfirvöld í aðildarríkjunum sem eru til þess bær að sjá um endurskipulagningarráðstafanir eða slitameðferð,

b) „útibú“: hvers kyns fast aðsetur vátryggingafélags á yfirráðasvæði aðildarríkis, sem ekki er heimaaðildarríki, sem stundar vátryggingastarfsemi,

c) „endurskipulagningarráðstafanir“: ráðstafanir sem fela í sér hvers kyns íhlutun af hálfu lögbærra yfirvalda í þeim tilgangi að viðhalda fjárhagsstöðu vátryggingafélags eða koma henni í eðlilegt horf og hafa áhrif á þau réttindi þriðju aðila, annarra en vátryggingafélagsins sjálfs, sem þegar eru til, þ.m.t., en þó ekki eingöngu, ráðstafanir sem fela í sér hugsanlega greiðslustöðvun, frestun fullnusturáðstafana eða lækkun á kröfum,

d) „slitameðferð“: sameiginleg málsmeðferð sem felur í sér innlausn eigna og skiptingu afrakstursins milli lánardrottna, hluthafa eða félaga, eftir því sem við á, og felur í sér hvers konar íhlutun lögbærra yfirvalda, þ.m.t. þau tilvik þegar sameiginlegri málsmeðferð lýkur með nauðasamningi eða annarri hliðstæðri ráðstöfun, hvort sem hún er vegna gjaldþrots, að eigin frumkvæði eða lögboðin,

e) „stjórnandi“: hver einstaklingur eða aðili sem tilnefndur er af lögbæru yfirvaldi til að hafa umsjón með endurskipulagningarráðstöfunum,

f) „skiptastjóri“: hver sá einstaklingur eða aðili sem tilnefndur er af lögbæru yfirvaldi eða stjórn vátryggingafélags til að fara með stjórn slitameðferðar,

g) „vátryggingakrafa“: hver sú fjárhæð sem vátryggingafélag skuldar vátryggðum, vátryggingartökum, rétthöfum eða öðrum sem eiga beina kröfu á vátryggingafélagið og er til komin á grundvelli vátryggingarsamnings eða hverrar annarrar aðgerðar sem er, eins og kveðið er á um í b- og c-lið 3. mgr. 2. gr. í frumtryggingarstarfsemi, þ.m.t. fjárhæð sem lögð hefur verið til hliðar fyrir þá einstaklinga, þegar ekki er vitað um suma þætti skuldarinnar.

Einnig skulu iðgjöld, sem vátryggingafélag skuldar og eru til komin vegna þess að þessum vátryggingasamningum hefur ekki verið komið á eða ekki verið lokið eða vátryggingastarfsemin, sem um getur í g-lið fyrsta undirliðar, í samræmi við lög um slíka samninga eða starfsemi áður en slitameðferð hefst, talin til vátryggingakrafna.

2. Við beitingu þessa bálks á endurskipulagningarráðstafanir og slitameðferð vegna útibús í eigu vátryggingafélags í þriðja landi, sem staðsett er í aðildarríki, eiga eftirfarandi skilgreiningar við:

a) „heimaaðildarríki“: aðildarríkið þar sem útibúi hefur verið veitt starfsleyfi í samræmi við 145.–149. gr.,

b) „eftirlitsyfirvöld“: eftirlitsyfirvöld heimaaðildarríkis,

c) „lögbær yfirvöld“: lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis.

II. KAFLI

Endurskipulagningarráðstafanir

269. gr.

Samþykkt endurskipulagningarráðstafana — gildandi lög

1. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis skulu ein hafa heimild til þess að ákveða endurskipulagningarráðstafanir sem snerta vátryggingafélagið, þ.m.t. útibú þess.

2. Endurskipulagningarráðstafanirnar skulu ekki koma í veg fyrir að heimaaðildarríki hefji slitameðferð.

3. Endurskipulagningarráðstafanirnar skulu lúta lögum, reglum og málsmeðferð, sem í gildi eru í heimaaðildarríkinu, nema kveðið sé á um annað í 285. til 292. gr.

4. Endurskipulagningarráðstafanir, sem grípa skal til í samræmi við löggjöf heimaaðildarríkis, skulu hafa fullt gildi, án frekari formsatriða, í öllu Bandalaginu, þ.m.t. gagnvart þriðju aðilum í öðrum aðildarríkjum og einnig þegar löggjöf þessara annarra aðildarríkja kveður ekki á um slíkar endurskipulagningarráðstafanir eða gerir framkvæmd þeirra háða skilyrðum sem ekki eru uppfyllt.

5. Endurskipulagningarráðstafanirnar skulu gilda í öllu Bandalaginu þegar þær taka gildi í heimaaðildarríkinu.

270. gr.

Upplýsingar til eftirlitsyfirvalda

Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis skulu tilkynna eftirlitsyfirvöldum heimaaðildarríkisins, svo skjótt sem kostur er, um úrskurð sinn um sérhverja endurskipulagningarráðstöfun, helst áður en ráðstöfunin er samþykkt og, ef það bregst, strax að því loknu.

Eftirlitsyfirvöld heimaaðildarríkis skulu tilkynna eftirlitsyfirvöldum allra hinna aðildarríkjanna, svo skjótt sem kostur er, að þau hafi samþykkt endurskipulagningarráðstafanir og þar með einnig um áþreifanleg áhrif slíkra ráðstafana.

271. gr.

Birting ákvarðana um endurskipulagningarráðstafanir

1. Ef unnt er, í heimaaðildarríki, að krefjast málskots ákvörðunar um endurskipulagningarráðstöfun skulu lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu, stjórnandi eða hver sá einstaklingur sem er til þess bær í heimaaðildarríkinu birta opinberlega ákvörðun sína um endurskipulagningarráðstöfun í samræmi við málsmeðferð við birtingu sem kveðið er á um í heimaaðildarríkinu og enn fremur að birta við fyrsta tækifæri í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* útdrátt úr skjalinu þar sem endurskipulagningarráðstafanirnar eru ákvarðaðar.

Eftirlitsyfirvöld hinna aðildarríkjanna, sem tilkynnt hefur verið um úrskurðinn um endurskipulagningarráðstöfunina, skv. 270. gr., geta tryggt birtingu slíks úrskurðar á yfirráðasvæði sínu með þeim hætti sem þau telja viðeigandi.

2. Í þeim upplýsingum, sem birtar eru og kveðið er á um í 1. mgr., skal tilgreina lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins, gildandi lög, eins og kveðið er á um í 3. mgr. 269. gr., og stjórnanda sem tilnefndur er, ef nokkur. Þær skulu birtar á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum þess aðildarríkis þar sem upplýsingarnar eru birtar.

3. Endurskipulagningarráðstafanirnar skulu gilda þrátt fyrir ákvæðin um birtingu í 1. og 2. mgr. og gilda að fullu gagnvart lánardrottnum, nema lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis eða lög þess aðildarríkis kveði á um annað.

4. Ef endurskipulagningarráðstafanir hafa einungis áhrif á rétt hluthafa, félaga eða starfsmanna í vátryggingafélaginu, í þeirri stöðu sem þeir gegna sem slíkri, gilda 1. 2. og 3. mgr. ekki, nema að kveðið sé á um annað í lögum um endurskipulagningarráðstafanir.

Lögbær yfirvöld skulu ákveða með hvaða hætti tilkynning skal send, í samræmi við þá löggjöf sem við á, þeim aðilum sem um getur í fyrsta undirlið.

272. gr.

Upplýsingar til þekktra lánardrottna — rétturinn til að lýsa kröfum

1. Þegar þess er krafist samkvæmt lögum heimaaðildarríkis að kröfum sé lýst eigi að taka þær gildar eða að kveðið er á um að lögboðið sé að tilkynna lánardrottnum, sem eru með fasta búsetu, lögheimili eða aðalskrifstofu sína í því ríki, um endurskipulagningarráðstöfunina skulu lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins eða stjórnandi einnig tilkynna það þekktum lánardrottnum sem eru með fasta búsetu, lögheimili sitt eða aðalskrifstofu sína í öðrum aðildarríkjum, í samræmi við ákvæði 281. gr. og 1. mgr. 283. gr.

2. Þegar lög heimaaðildarríkis kveða á um rétt lánardrottna, sem eru með fasta búsetu, lögheimili sitt eða aðalskrifstofu í því ríki, til að lýsa kröfum eða leggja fram athugasemdir varðandi kröfur sínar skulu lánardrottnar með fasta búsetu, lögheimili sitt eða aðalskrifstofu í öðru aðildarríki hafa sama rétt, í samræmi við 282. gr. og 2. mgr. 283. gr.

III. KAFLI

Slitameðferð

273. gr.

Upphaf slitameðferðar — upplýsingar til eftirlitsyfirvalda

1. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis skulu ein hafa heimild til þess að taka ákvörðun um að hefja slitameðferð vátryggingafélags, þ.m.t. útibúa þess í öðrum aðildarríkjum. Þessa ákvörðun má taka þótt ekki hafi verið gerðar endurskipulagningarráðstafanir eða í kjölfar þess að þær eru samþykktar.

2. Ákvörðun varðandi upphaf slitameðferðar vátryggingafélags, þ.m.t. útibúa þess í öðrum aðildarríkjum, sem samþykkt er í samræmi við löggjöf heimaaðildarríkis, skal viðurkennd án frekari formsatriða í öllu Bandalaginu og gilda þar jafnskjótt og ákvörðunin tekur gildi í aðildarríkinu þar sem slitameðferðin hefst.

3. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis skulu gera eftirlitsyfirvöldum þess aðildarríkis tafarlaust kunnugt um þá ákvörðun að hefja slitameðferð áður en til hennar kemur, ef því verður við komið, en ef það tekst ekki um leið og slitameðferð er hafin.

Eftirlitsyfirvöld heimaaðildarríkis skulu, svo skjótt sem kostur er, gera eftirlitsyfirvöldum allra hinna aðildarríkjanna kunnugt um þá ákvörðun að hefja slitameðferð og einnig um áþreifanleg áhrif slíkra ráðstafana.

274. gr.

Gildandi lög

1. Ákvörðun um að hefja slitameðferð vátryggingafélags, slitameðferðin og áhrif hennar skulu lúta þeim lögum sem í gildi eru í heimaaðildarríkinu, nema kveðið sé á um annað í 285.–292. gr.

2. Lög heimaaðildarríkis skulu hið minnsta ákvarða eftirfarandi:

a) hvaða eignir mynda hluta af búinu og meðferð eigna sem vátryggingafélagið hefur aflað eða hafa runnið til þess eftir að slitameðferð hefst,

b) heimild vátryggingafélags og skiptastjóra hvors um sig,

c) þær aðstæður þar sem beita má skuldajöfnun,

d) áhrif slitameðferðar á gildandi samninga sem vátryggingafélagið er aðili að,

e) áhrif slitameðferðar á málsmeðferð sem einstakir lánardrottnar hefja, að undanskildum yfirstandandi málaferlum, sem um getur í 292. gr.,

f) þær kröfur sem er lýst á hendur búi vátryggingafélagsins og meðferð krafna sem lýst er eftir að slitameðferð hefst,

g) reglur sem gilda um lýsingu, sannprófun og skráningu krafna,

h) reglur sem gilda um skiptingu afraksturs af sölu eigna, forgangsröðun krafna og réttindi lánardrottna sem hafa fengið skuldakröfum sínum fullnægt að hluta eftir að slitameðferð hófst, með skírskotun til hlutbundins veðréttar eða með skuldajöfnun,

i) skilyrðin og áhrif þess að slitameðferð sé lokið, einkum með nauðungarsamningum,

j) réttindi lánardrottna eftir að slitameðferð er lokið,

k) aðilann sem skal bera kostnað og útgjöld sem stofnað er til við slitameðferð og

l) reglur er varða það hvort löggerningar, sem eru öllum lánardrottnum skaðlegir, séu ógildir, ógildanlegir eða ekki aðfararhæfir.

275. gr.

Meðferð vátryggingakrafna

1. Aðildarríki skulu tryggja að vátryggingakröfur fái forgang fram yfir aðrar kröfur í vátryggingafélagið með annarri hvorri eða báðum eftirfarandi aðferða:

a) vátryggingakröfur skulu, að því er varðar eignir sem ætlað er að mæta vátryggingarskuld, hafa algeran forgang fram yfir allar aðrar kröfur á hendur vátryggingafélaginu,

b) vátryggingakröfur skulu, að því er varðar heildareignir vátryggingafélagsins, hafa forgang fram yfir allar aðrar kröfur á hendur vátryggingafélaginu með möguleika á eftirfarandi undantekningum eingöngu:

   i. kröfur frá starfsmönnum sem til eru komnar vegna ráðningarsamninga eða -sambanda,

   ii. skattakröfur opinberra aðila,

   iii. kröfur vegna launa og launatengdra gjalda,

   iv. kröfur í eignir sem njóta hlutbundins veðréttar.

2. Með fyrirvara um 1. mgr. geta aðildarríki kveðið á um að öll útgjöld eða hluti þeirra sem hljótast af slitameðferð, samkvæmt skilgreiningu í landslögum þeirra, skuli hafa forgang fram yfir vátryggingakröfur.

3. Aðildarríki, sem hafa kosið að beita aðferðinni sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr., skulu krefjast þess að vátryggingafélög taki saman sérstaka skrá í samræmi við ákvæði 276. gr.

276. gr.

Sérstök skrá

1. Sérhvert vátryggingafélag skal halda, í aðalskrifstofu sinni, sérstaka skrá yfir þær eignir sem notaðar eru til að jafna þá vátryggingarskuld sem reiknuð er og ávöxtuð í samræmi við lög heimaaðildarríkisins.

2. Ef vátryggingafélag stundar bæði rekstur skaðatrygginga og líftrygginga skal það halda aðskildar skrár fyrir hvorn reksturinn um sig í aðalskrifstofu sinni.

Ef aðildarríki heimilar hins vegar vátryggingafélögum að reka bæði líftryggingar og mæta áhættunni, sem skráð er í 1. og 2. flokki A-hluta í I. viðauka, má kveða á um að þessi vátryggingafélög skuli halda eina skrá um alla starfsemi sína.

3. Heildarverðgildi eigna, sem skráðar eru og metnar í samræmi við gildandi lög í heimaaðildarríkinu, skal aldrei vera lægra en verðgildi vátryggingarskuldarinnar.

4. Ef eign, sem færð er í skrána, er háð hlutbundnum veðrétti sem er í hag lánardrottni eða þriðja aðila og af því hlýst að sá hluti verðgildis eignarinnar er ekki tiltækur til að mæta skuldbindingum, er sú staðreynd færð í skrána og fjárhæðin, sem ekki er tiltæk, er ekki reiknuð með í heildarverðgildinu, sem um getur í 3. lið.

5. Meðferð eignar við slitameðferð vátryggingafélags, að teknu tilliti til aðferðarinnar, sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 275. gr., skal lúta löggjöf heimaaðildarríkisins, nema 286., 287. og 288. gr. gildi um þessa eign þegar:

a) eignin, sem notuð er til jöfnunar vátryggingarskuldar, er háð hlutbundnum veðrétti sem er í hag lánardrottni eða þriðja aðila, en uppfyllir ekki skilyrði 4. liðar,

b) slík eign er háð eignarréttarfyrirvara sem er lánardrottni eða þriðja aðila í hag eða

c) lánardrottinn á rétt á að krefjast skuldajöfnunar kröfu sinnar gagnvart kröfu vátryggingafélagsins.

6. Samsetningu þeirra eigna sem færðar eru í skrána í samræmi við 1.–5. lið, þegar slitameðferð hefst, skal ekki breytt eftir það og ekki skal færa neinar breytingar í skrárnar aðrar en leiðréttingar á augljósum ritvillum nema með leyfi lögbærs yfirvalds.

Eigi að síður skulu skiptastjórar leggja ávöxtun téðra eigna við þær sem og virði hreinna iðgjalda sem móttekin eru í tengslum við þá tilteknu vátryggingagrein, frá því slitameðferð hefst og þar til vátryggingakröfur eru greiddar eða þar til vátryggingastofn hefur verið fluttur.

7. Ef afraksturinn af sölu eigna er minni en virði þeirra, eins og það er metið í skránum, skulu skiptastjórar rökstyðja að svo sé gagnvart eftirlitsstjórnvöldum í heimaaðildarríkjunum.

277. gr.

Framsal kröfu til ábyrgðasjóðs

Ef réttur vátryggingalánardrottna hefur verið framseldur til ábyrgðarsjóðs, sem komið hefur verið á fót í heimaaðildarríkinu, getur heimaaðildarríkið kveðið á um að kröfur úr þessum sjóði skuli ekki njóta góðs af ákvæðum 1. mgr. 275. gr.

278. gr.

Jöfnun eigna á móti kröfum sem hafa forgang

Þau aðildarríki sem velja aðferðina, sem sett er fram í b-lið 1. mgr. 275. gr., skulu krefjast þess af sérhverju vátryggingafélagi að sjá til þess að kröfum, sem kunna að hafa forgang fram yfir vátryggingakröfur skv. b-lið 1. mgr. 275. gr. og sem skráðar eru í reikninga vátryggingafélagsins, sé lýst hvenær sem er og óháð hugsanlegum slitum með eignum.

279. gr.

Afturköllun starfsleyfis

1. Ef tekin er ákvörðun um að hefja slitameðferð í tengslum við vátryggingafélag skal afturkalla starfsleyfi fyrir vátryggingafélagið í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 144. gr., nema að því leyti sem nauðsynlegt er vegna ákvæða 2. mgr.

2. Afturköllun starfsleyfis skv. 1. mgr. skal ekki hindra skiptastjóra eða aðra einstaklinga, sem lögbær yfirvöld fela framkvæmd slitanna, í því að halda áfram starfsemi vátryggingafélagsins að hluta til að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt eða viðeigandi vegna slitanna.

Heimaaðildarríki getur kveðið á um að slíkri starfsemi sé haldið áfram með samþykki og undir eftirliti eftirlitsstjórnvalda þess aðildarríkis.

280. gr.

Birting ákvarðana um slitameðferðir

1. Lögbært yfirvald, skiptastjóri eða annar einstaklingur, sem lögbæra yfirvaldið tilnefnir í þessu skyni, skal birta ákvörðunina um að hefja slitameðferð í samræmi við málsmeðferð við birtingu, sem kveðið er á um í heimaaðildarríkinu, og skal einnig birta útdrátt úr ákvörðuninni um slit í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Eftirlitsstjórnvöld allra hinna aðildarríkjanna, sem tilkynnt hefur verið um ákvörðunina um slitameðferð í samræmi við 3. mgr. 273. gr., geta tryggt birtingu slíkrar ákvörðunar á yfirráðasvæði sínu með þeim hætti sem þau telja viðeigandi.

2. Í þeim upplýsingum sem um getur í 1. mgr. skal tilgreina lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins, gildandi lög og þann skiptastjóra sem tilnefndur hefur verið. Upplýsingarnar skulu birtar á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum aðildarríkisins þar sem þær eru birtar.

281. gr.

Upplýsingar til þekktra lánardrottna

1. Þegar slitameðferð hefst skulu lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins, skiptastjórinn eða hver sá einstaklingur, sem lögbær yfirvöld hafa tilnefnt í því skyni, tafarlaust senda skriflega tilkynningu þess efnis til allra þekktra lánardrottna sem eru með fasta búsetu, lögheimili eða aðalskrifstofu í öðru aðildarríki.

2. Í tilkynningunni, sem um getur í 1. mgr., skulu vera upplýsingar um tímamörk og viðurlög varðandi þau, hvaða aðili eða yfirvald hefur umboð til að viðurkenna kröfur sem lýst er eða athugasemdir um kröfur og aðrar ráðstafanir.

Í tilkynningunni skal einnig koma fram hvort lánardrottnar, sem eiga kröfur, sem hafa forgang, eða njóta hlutbundins veðréttar þurfi að lýsa kröfum sínum.

Þegar um vátryggingakröfur er að ræða skal enn fremur koma fram í tilkynningunni almenn áhrif slitameðferðarinnar á vátryggingasamninga, einkum dagsetningin þegar vátryggingasamningar eða starfsemin hætta að hafa áhrif og réttindi og skyldur vátryggðra að því er varðar samninginn eða starfsemina.

282. gr.

Réttur til að lýsa kröfum

1. Allir lánardrottnar með lögheimili, fasta búsetu eða aðalskrifstofu í öðru aðildarríki en heimaaðildarríkinu, þ.m.t. opinber yfirvöld aðildarríkja, skulu hafa rétt til að lýsa kröfum eða leggja fram skriflegar athugasemdir er varða kröfur.

2. Með kröfur allra lánardrottna, sem um getur í 1. mgr., skal farið á sama hátt og þeim forgangsraðað eins og samsvarandi kröfum sem lánardrottnar með fasta búsetu, lögheimili eða aðalskrifstofu í heimaaðildarríkinu geta lýst. Lögbær yfirvöld skulu því starfa án mismununar á vettvangi Bandalagsins.

3. Ef undan eru skilin þau tilvik þegar annað er heimilt samkvæmt lögum heimaaðildarríkis skal lánardrottinn senda lögbærum yfirvöldum afrit af fylgiskjölum og tilgreina eftirfarandi:

a) eðli og fjárhæð kröfunnar,

b) daginn þegar krafan er stofnuð,

c) hvort hann skírskoti til forgangs, hlutbundins veðréttar eða eignarréttarfyrirvara að því er varðar kröfuna,

d) eftir því sem við á, hvaða eignir falla undir tryggingunа.

Ekki er nauðsynlegt að tilgreina þann forgang sem vátryggingakröfur hafa skv. 275. gr.

283. gr.

Tungumál og eyðublöð

1. Upplýsingarnar í tilkynningunni, sem um getur í 1. mgr. 281. gr., skulu vera á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum heimaaðildarríkisins.

Nota skal eyðublað sem á er letrað önnur hvor eftirfarandi fyrirsagna á öllum opinberum tungumálum Evrópusambandsins:

a) „Innköllun krafna; tímamörk sem skulu virt“ eða

b) ef lög heimaaðildarríkisins kveða á um að athugasemdir varðandi kröfuna séu lagðar fram, „Boð um að leggja fram athugasemdir varðandi kröfu; tímamörk sem skulu virt“.

Sé þekktur lánardrottinn, hins vegar, kröfuhafi vátryggingarkröfu skal veita upplýsingarnar í tilkynningunni, sem getið er um í 1. mgr. 281. gr., á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum þess aðildarríkis þar sem lánardrottinn er með fasta búsetu, lögheimili eða aðalskrifstofu.

2. Lánardrottnar sem hafa fasta búsetu, lögheimili eða aðalskrifstofu í öðru aðildarríki en heimaaðildarríkinu geta lýst kröfu eða lagt fram athugasemdir varðandi kröfuna á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum þess aðildarríkis.

Ef svo ber undir skal krafan sem hann lýsir eða athugasemdirnar sem hann leggur fram við kröfuna, eftir því sem við á, bera fyrirsögnina „Kröfulýsing“ eða „Afhending athugasemda er varða kröfu“, eftir því sem við á, á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum heimaaðildarríkisins.

284. gr.

Reglubundnar upplýsingar til lánardrottna

1. Skiptastjórar skulu reglulega veita lánardrottnum upplýsingar, með þeim hætti sem við á, um framvindu slitanna.

2. Eftirlitsyfirvöld í aðildarríkjunum geta farið fram á upplýsingar um framvindu slitameðferðar frá eftirlitsyfirvöldum í heimaaðildarríkinu.

IV. KAFLI

Sameiginleg ákvæði

285. gr.

Áhrif á tiltekna samninga og réttindi

Þrátt fyrir ákvæði 269. og 274. gr. ákvarðast áhrif upphafs endurskipulagningarráðstafana eða slitameðferðar af eftirfarandi reglum:

a) að því er varðar ráðningarsamninga og -sambönd, einvörðungu af lögum aðildarríkisins sem gilda um ráðningarsamninginn eða -sambandið,

b) að því er varðar samninga sem veita réttindi til að nýta eða eignast fasteign, einvörðungu af lögum þess aðildarríkis þar sem fasteignin er,

c) að því er varðar réttindi vátryggingafélagsins er varða fasteignir, skip eða loftfar háð skráningu í opinbera skrá, einvörðungu af lögum þess aðildarríkis þar sem skráin er færð.

286. gr.

Hlutbundinn veðréttur þriðju aðila

1. Innleiðing endurskipulagningarráðstafana eða upphaf slitameðferðar skal ekki hafa áhrif á hlutbundinn veðrétt lánardrottna eða þriðju aðila að því er varðar efnislegar eða óefnislegar eignir, lausafé eða fasteignir — bæði sérstakar eignir og söfn ótiltekinna eigna sem heildar, og sem breytast öðru hverju — sem tilheyra vátryggingafélaginu og eru á yfirráðasvæði annars aðildarríkis á þeim tíma þegar slíkar ráðstafanir voru innleiddar eða málsmeðferð hófst.

2. Rétturinn, sem um getur í 1. mgr., er einkum:

a) rétturinn til að selja eða láta selja eignir og njóta góðs af afrakstrinum eða af tekjunum af þessum eignum, einkum með veði eða fasteignaveði,

b) einkaréttur á því að fallist sé á kröfu, einkum réttur sem tryggður er með veði í kröfunni eða með framsali kröfunnar með ábyrgð,

c) rétturinn til að krefjast eignanna eða skila af hverjum þeim sem hefur yfirráð yfir eignunum eða not af þeim í trássi við óskir aðila sem til þess hefur rétt,

d) réttindi til að njóta afraksturs af eignunum.

3. Rétturinn, sem skráður er í opinbera skrá og nýtur réttarverndar gagnvart þriðja aðila, og sem á þann hátt veitir hlutbundinn veðrétt í skilningi 1. mgr., skal teljast hlutbundinn veðréttur.

4. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir aðgerðir vegna ógildingar, ógildanleika eða skorts á aðfararhæfi sem getið er um í l-lið 2. mgr. 274. gr.

287. gr.

Eignarréttarfyrirvari

1. Innleiðing endurskipulagningarráðstafana eða það að hafin er slitameðferð gagnvart vátryggingafélagi, sem kaupir eignir, skal ekki hafa áhrif á réttindi seljandans, sem eru byggð á eignarréttarfyrirvara, í þeim tilvikum þegar eignin er á yfirráðasvæði aðildarríkis annars en aðildarríkisins þar sem ráðstafanirnar voru innleiddar eða málsmeðferðin hófst.

2. Innleiðing endurskipulagningarráðstafana, eða það að slitameðferð er hafin gagnvart vátryggingafélagi, sem selur eign eftir að afhending á eigninni hefur farið fram, skal ekki vera ástæða riftunar eða ógildingar sölunnar og hindra kaupandann í að öðlast eignarrétt í þeim tilvikum þegar eignin, sem seld er, er staðsett á yfirráðasvæði aðildarríkis annars en aðildarríkisins þar sem ráðstafanirnar eða málsmeðferðin hófst á þeim tíma þegar slíkar ráðstafanir voru innleiddar eða málsmeðferð hófst.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir aðgerðir vegna ógildingar, ógildanleika eða skorts á aðfararhæfi, sem um getur í l-lið 2. mgr. 274. gr.

288. gr.

Skuldajöfnun

1. Innleiðing endurskipulagningarráðstafana eða það að slitameðferð er hafin skal ekki hafa áhrif á rétt lánardrottna til að krefjast skuldajöfnunar krafna sinna gegn kröfum vátryggingafélagsins þegar slík skuldajöfnun er heimiluð í lögum sem gilda um kröfu vátryggingafélagsins.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir aðgerðir vegna ógildingar, ógildanleika eða skorts á aðfararhæfi sem getið er um í l-lið 2. mgr. 274. gr.

289. gr.

Markaðir undir opinberu eftirliti

1. Með fyrirvara um 286. gr. skulu áhrif endurskipulagningarráðstöfunar eða þess að slitameðferð hefst á réttindi og skyldur aðila, sem lúta opinberu eftirliti, einvörðungu falla undir lög sem gilda um þann markað.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir hvers konar aðgerðir vegna ógildingar, ógildanleika eða skorts á aðfararhæfi sem um getur í l-lið 2. mgr. 274. gr. sem kann að eiga sér stað í þeim tilgangi að leggja til hliðar greiðslur eða færslur í samræmi við þau lög sem gilda um þann markað.

290. gr.

Löggerningar sem eru lánardrottnum skaðlegir

Ákvæði l-liðar 2. mgr. 274. gr. gilda ekki ef einstaklingur, sem hefur haft hag af löggerningi sem er skaðlegur öllum lánardrottnum, leggur fram sannanir fyrir því að gerningurinn falli undir lög annars aðildarríkis en heimaaðildarríkisins og leggur fram sannanir fyrir því að þau hin sömu lög feli ekki í sér nein úrræði til að véfengja viðkomandi gerning.

291. gr.

Vernd kaupenda sem eru þriðju aðilar

Eftirfarandi lög skulu gilda ef vátryggingafélag ráðstafar gegn endurgjaldi með aðgerð, sem er gerð eftir samþykkt endurskipulagningarráðstöfunar eða eftir að slitameðferð hófst:

a) varðandi fasteignir: lög aðildarríkisins þar sem fasteign er staðsett,

b) varðandi skip eða loftfar: háð skráningu í opinbera skrá skulu einvörðungu falla undir lög þess aðildarríkis þar sem skráin er færð,

c) varðandi framseljanleg verðbréf eða önnur verðbréf: forsenda fyrir því að þau séu til eða hægt að framselja þau er að þau séu færð í skrá eða reikning sem mælt er fyrir um í lögum eða að þau eru skráð í verðbréfamiðstöð sem lýtur lögum aðildarríkisins, lögum aðildarríkisins þar sem skráin, reikningurinn er færður eða skráð er í verðbréfamiðstöð.

292. gr.

Yfirstandandi málshöfðun

Áhrif endurskipulagningarráðstafana eða slitameðferðar á yfirstandandi málshöfðun er varða eign eða réttindi sem vátryggingafélag hefur látið af hendi skulu falla einvörðungu undir lög aðildarríkisins þar sem málshöfðunin fer fram.

293. gr.

Stjórnendur og skiptastjórar

1. Færa skal sönnur á tilnefningu stjórnanda eða skiptastjóra með staðfestu endurriti af upprunalegri ákvörðun um tilnefningu hans eða með annarri staðfestingu sem gefin er út af lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins.

Aðildarríki þar sem stjórnandinn eða skiptastjórinn hyggst starfa er heimilt að krefjast þýðingar yfir á opinbert tungumál eða eitt af opinberum tungumálum þess aðildarríkis. Ekki er krafist formlegrar sannvottunar þeirrar þýðingar eða annarra slíkra formsatriða.

2. Stjórnendum og skiptastjórum er heimilt að beita því valdi, sem þeim er heimilt að beita á yfirráðasvæði heimaaðildarríkisins, á yfirráðasvæði allra aðildarríkja.

Einnig má, í samræmi við lög heimaaðildarríkisins, tilnefna einstaklinga til aðstoðar eða, þegar það á við, sem fulltrúa stjórnenda og skiptastjóra meðan á endurskipulagningarráðstöfun eða slitameðferð stendur, einkum í gistiaðildarríkjum, sérstaklega í því skyni að aðstoða lánardrottna við að yfirstíga erfiðleika sem þeir standa frammi fyrir í gistiaðildarríkinu.

3. Við beitingu valds síns í samræmi við löggjöf heimaaðildarríkis skal stjórnandi eða skiptastjóri fara að lögum þess aðildarríkis þar sem hann hyggst starfa, einkum að því er varðar verklagsreglur um sölu eigna og upplýsingamiðlun til starfsmanna.

Þetta vald má ekki fela í sér þvingunaraðgerðir eða rétt til að úrskurða í málarekstri eða deilumálum.

294. gr.

Skráning í opinbera skrá

1. Stjórnandi, skiptastjóri eða það annað yfirvald eða einstaklingur sem hefur tilskilið umboð í heimaaðildarríkinu getur óskað eftir því að endurskipulagningarráðstöfun eða ákvörðun um að hefja slitameðferð sé skráð í viðeigandi opinbera skrá sem færð er í öðrum aðildarríkjum.

Mæli aðildarríki fyrir um lögboðna skráningu skal yfirvaldið eða einstaklingurinn, sem um getur í fyrstu undirgrein, gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að sjá um slíka skráningu.

2. Líta ber á kostnaðinn við skráninguna sem kostnað og útgjöld í tengslum við málsmeðferðina.

295. gr.

Þagnarskylda

Allir einstaklingar sem þurfa að taka við eða skýra frá upplýsingum í tengslum við málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 270., 273. og 296. gr., skulu bundnir þagnarskyldu líkt og mælt er fyrir um í 64. til 69. gr., að undanskildum þeim dómsmálayfirvöldum sem innlend ákvæði gilda um.

296. gr.

Meðferð útibúa vátryggingafélaga þriðju landa

Þegar vátryggingafélag er með útibú í fleiri en einu aðildarríki er farið með hvert útibú sem sjálfstæða einingu að því er varðar beitingu þessa hluta.

Lögbær yfirvöld og eftirlitsyfirvöld í þessum aðildarríkjum skulu leggja sig fram um að samræma aðgerðir sínar.

Stjórnendur og skiptastjórar skulu einnig leitast við að samræma aðgerðir sínar.

V. BÁLKUR

ÖNNUR ÁKVÆÐI

297. gr.

Réttur til að vísa til dómstóla

Aðildarríkin skulu sjá til þess að unnt sé að vísa til dómstóls öllum ákvörðunum sem teknar eru um vátrygginga- og endurtryggingafélög samkvæmt lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem sett eru til framkvæmdar þessari tilskipun.

298. gr.

Samvinna milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar

1. Aðildarríkin skulu starfa saman að því að auðvelda eftirlit með vátryggingum og endurtryggingum innan Bandalagsins og beitingu þessarar tilskipunar.

2. Framkvæmdastjórnin og eftirlitsyfirvöld aðildarríkjanna skulu hafa með sér náið samstarf til þess að auðvelda eftirlit með vátryggingum og endurtryggingum innan Bandalagsins og við að rannsaka vandkvæði sem upp geta komið við beitingu þessarar tilskipunar.

3. Aðildarríki skulu skýra framkvæmdastjórninni frá öllum meiri háttar vandkvæðum sem upp kunna að koma við framkvæmd þessarar tilskipunar.

Framkvæmdastjórnin og eftirlitsyfirvöld þeirra aðildarríkja sem hlut eiga að máli skulu skoða slík vandkvæði svo fljótt sem unnt er til þess að finna viðeigandi lausn.

299. gr.

Evrur

Þegar vísað er til evru í þessari tilskipun skal nota gengi gjaldmiðla viðkomandi aðildarríkis sem gildir frá 31. desember ár hvert til síðasta dags næstliðins októbermánaðar, þegar gengi evrunnar gagnvart öllum gjaldmiðlum aðildarríkja Bandalagsins liggur fyrir.

300. gr.

Endurskoðun fjárhæða sem tilgreindar eru í evrum

Endurskoða skal fjárhæðir sem eru tilgreindar í evrum í þessari tilskipun á fimm ára fresti og hækka grunnfjárhæðina í evrum í hlutfalli við breytingu á samræmdum vísitölum neysluverðs allra aðildarríkja sem Hagstofa Evrópubandalaganna gefur út frá 31. október 2012 til endurskoðunardags og námunda að margfeldi af 100 000 evrum.

Ef breytingin á hlutfallinu frá síðustu endurskoðun er undir 5% verða fjárhæðirnar ekki endurskoðaðar.

Framkvæmdastjórnin skal birta endurskoðaðar fjárhæðir í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Aðildarríkin innleiða endurskoðaðar fjárhæðir innan 12 mánaða frá útgáfu í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

301. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar Evrópunefndar um vátryggingar og starfstengdar lífeyrisgreiðslur.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar skulu ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar skulu ákvæði 1. til 4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

302. gr.

Tilkynningar sendar fyrir gildistöku laga og stjórnsýslufyrirmæla sem nauðsynleg eru til að fara að ákvæðum 57. til 63. greinar

Matsmeðferð vegna fyrirhugaðra yfirtaka, sem tilkynntar hafa verið lögbærum yfirvöldum, skv. 57. gr., áður en nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að ákvæðum 57. til 63. gr. taka gildi, skal fara fram í samræmi við gildandi landslög aðildarríkjanna á þeim tíma þegar tilkynning er send.

303. gr.

Breytingar á tilskipun 2003/41/EB

Tilskipun 2003/41/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað 2. mgr. 17. gr. komi eftirfarandi:

„2. Við útreikning á lágmarksfjárhæð viðbótareignanna skulu reglur, sem mælt er fyrir um í 17. gr. a til 17gr. d gilda.“

2. Eftirfarandi greinar bætist við:

„17. gr. a

Raunverulegt gjaldþol

1. Aðildarríki skal gera kröfu um að hver sú stofnun sem um getur í 1. mgr. 17. gr., sem er með aðalskrifstofu innan yfirráðasvæðis þess, sjái til þess að raunverulegt gjaldþol þeirra vegna starfseminnar í heild sé ætíð fullnægjandi og a.m.k. í samræmi við kröfur í þessari tilskipun.

2. Raunverulegt gjaldþol er hreinar eignir stofnunar sem ekki tengjast neinum fyrirsjáanlegum skuldbindingum, að frádregnum öllum óefnislegum eignum, þ.m.t.:

a) innborgað hlutafé eða, ef um er að ræða gagnkvæmt félag, upphaflegt stofnfé, að viðbættum reikningum félagsaðila gagnkvæms félags sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

i. í stofnsamþykktum skal kveðið á um að ekki sé heimilt að greiða félagsaðilum gagnkvæms félags af þessum reikningum hafi það í för með sér að raunverulegt gjaldþol fari niður fyrir tilskilið lágmark eða, ef um er að ræða félagsslit, að fyrst skuli gera upp aðrar skuldir félagsins,

ii. í stofnsamþykktum skal kveðið á um, að því er varðar greiðslur sem um getur í i. tölulið, af öðrum ástæðum en við útgöngu félagsaðila úr gagnkvæma félaginu, skuli lögbærum yfirvöldum tilkynnt um það með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara og geta þau, þar til sá tími rennur út, bannað greiðslu og

iii. eingöngu er heimilt að breyta viðkomandi ákvæðum í stofnsamþykktum eftir að lögbær yfirvöld hafa lýst því yfir að þau hreyfi engum andmælum við breytingunni, sbr. þó skilyrðin sem kveðið er á um í i. og ii. lið,

b) varasjóðir (bundnir og frjálsir) sem ekki tengjast vátryggingarskuldbindingum,

c) hagnaður eða tap frá fyrra ári, að frádregnum arðgreiðslum og

d) enn fremur, að því marki sem landslög heimila, ágóðasjóðir sem koma fram í efnahagsreikningi og nota má til að mæta hvers kyns tapi, hafi ekki þegar verið tekin ákvörðun um úthlutun úr þeim til félaga og rétthafa.

Raunverulegt gjaldþol skal lækkað um fjárhæð sem nemur eign stofnunarinnar í eigin hlutum.

3. Aðildarríki geta einnig kveðið á um að til raunverulegs gjaldþols megi einnig telja:

a) samanlagða fjárhæð forgangshlutafjár og víkjandi lána sem ekki mega fara yfir 50% af raunverulegu gjaldþoli eða lágmarksgjaldþoli, eftir því hvort er lægra, og þar af mega víkjandi lán með fastan gjalddaga eða heildarfjárhæð forgangshlutafjár með fastan lánstíma ekki fara yfir 25%, að því tilskildu, ef um er að ræða gjaldþrot eða slit líftryggingarfélags, að til sé bindandi samkomulag um að víkjandi lánum eða forgangshlutabréfum sé skipað aftar kröfum allra annarra kröfuhafa og þau verði ekki endurgreidd fyrr en allar aðrar útistandandi skuldir hafa verið greiddar.

b) verðbréf án tiltekins lánstíma og aðrir gerningar, þ.m.t. forgangshlutabréf, önnur en þau sem um getur í a-lið, en þau ásamt víkjandi lánum, sem um getur í a-lið, mega vera að hámarki 50% af raunverulegu gjaldþoli eða lágmarksgjaldþoli, eftir því hvort er lægra, að því tilskildu að þau uppfylli eftirtalin skilyrði:

i. óheimilt sé að endurgreiða þau að frumkvæði handhafa eða án þess að lögbært yfirvald hafi áður veitt samþykki sitt,

ii. útgáfusamningurinn verður að gera líftryggingarfélaginu kleift að fresta greiðslu vaxta af láninu,

iii. skipa skal kröfum lánveitanda á hendur líftryggingarfélaginu aftar öllum öðrum kröfum kröfuhafa sem ekki eru víkjandi,

iv. í skjölunum, sem gilda um útgáfu verðbréfanna, skal kveðið á um að nota megi skuldir og ógreidda vexti til að mæta tapi á meðan líftryggingarfélaginu er gert kleift að halda áfram starfsemi sinni og

v. aðeins er heimilt að telja með innborgaðar fjárhæðir.

Að því er varðar a-lið skal víkjandi lán einnig uppfylla eftirfarandi skilyrði:

i. aðeins er heimilt að telja með innborgaðar fjárhæðir,

ii. upphaflegur lánstími lána með föstum lánstíma skal ekki vera skemmri en fimm ár. Eigi síðar en einu ári áður en kemur að endurgreiðslu skal líftryggingarfélagið leggja fyrir lögbær yfirvöld til samþykktar áætlun um hvernig raunverulegu gjaldþoli skuli haldið eða það aukið þannig að það nái tilskildu marki á gjalddaga, nema um sé að ræða lán sem má telja hluta af raunverulegu gjaldþoli sem unnt er að lækka í áföngum, á a.m.k. fimm árum fyrir endurgreiðslu. Lögbær yfirvöld geta veitt heimild til að flýta endurgreiðslu slíkra lána svo fremi líftryggingarfélagið sæki um það og að því tilskildu að raunverulegt gjaldþol fari ekki niður fyrir tilskilið lágmark,

iii. lán sem eru ekki með föstum gjalddaga skulu vera með fimm ára uppsagnarfresti nema lánið teljist ekki lengur hluti af raunverulegu gjaldþoli eða samþykki lögbærra yfirvalda þurfi til að það fáist greitt fyrr. Í síðara tilvikinu verður líftryggingarfélagið að senda lögbærum yfirvöldum tilkynningu a.m.k. sex mánuðum fyrir áætlaðan greiðsludag þar sem það tilgreinir raunverulegt gjaldþol og lágmarksgjaldþol, bæði fyrir og eftir endurgreiðsluna. Lögbær yfirvöld skulu eingöngu heimila endurgreiðslu fari raunverulegt gjaldþol líftryggingarfélagsins ekki niður fyrir tilskilið lágmark,

iv. lánssamningurinn má ekki fela í sér nein ákvæði þar sem gert er ráð fyrir að lán verði við sérstakar aðstæður endurgreitt fyrir gjalddaga nema um sé að ræða slit líftryggingarfélagsins,

v. einungis er heimilt að breyta lánssamningnum eftir að lögbær yfirvöld hafa lýst því yfir að þau hreyfi ekki andmælum við breytingunni,

4. Samkvæmt rökstuddri umsókn stofnunar til lögbærs yfirvalds heimaðildarríkis og að fengnu samþykki viðkomandi lögbærs yfirvalds má einnig telja til handbærs gjaldþols:

a) ef Zillmer-aðferð er ekki beitt eða ef henni er beitt en miðað við álag vegna sölukostnaðar sem er lægra en samsvarandi álag sem er innifalið í iðgjöldum, mismunurinn annars vegar á líftryggingarsjóði, sem er ekki reiknaður samkvæmt Zillmer-aðferðinni eða reiknaður er að hluta samkvæmt Zillmer-aðferð, og hins vegar líftryggingarsjóði, sem er reiknaður samkvæmt Zillmer-aðferð, þar sem gengið er út frá álagi á iðgjöld sem samsvarar sölukostnaðinum,

b) dulda nettóvarasjóði sem stafa af mati á eignum, að svo miklu leyti sem slíkir duldir nettóvarasjóðir eru ekki óvenjulegs eðlis,

c) helming ógreidds hlutafjár eða stofnfjár, enda nemi hlutinn, sem greiddur hefur verið, a.m.k. 25% hlutafjár eða stofnfjár, og þessi liður verði í mesta lagi 50% af raunverulegu eða lágmarksgjaldþoli, eftir því hvort er lægra.

Fjárhæðin, sem um getur í a-lið, má þó ekki fara yfir 3,5% af samanlögðum mismun á líftryggingarfjárhæðum og starfstengdum lífeyri vegna allra samninga þar sem unnt er að nota Zillmer-aðferð. Frá þeim mismun skal draga allan óafskrifaðan, eignfærðan sölukostnað.

5. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdaráðstafanir sem varða 2. til 4. mgr. til að taka tillit til þróunar sem réttlætir tæknilega aðlögun þeirra liða sem mynda mega raunverulegt gjaldþol.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að auka við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina með athugun sem um getur í grein 21b.

Grein 17b

Lágmarksgjaldþol

1. Með fyrirvara um grein 17c skal lágmarksgjaldþol ákvarðað eins og mælt er fyrir um í málsgreinum 2 til 6 í samræmi við þær skuldbindingar sem stofnunin tekur á sig.

2. Lágmarksgjaldþol skal nema samtölu eftirfarandi liða:

a) fyrri niðurstaða:

margfalda skal hluta sem nemur 4% af vátryggingasjóðum, í frumtryggingum og endurtryggingum, án frádráttar á hlut endurtryggjenda, og vegna móttekinna endurtrygginga, með

hlutfallinu, sem skal ekki vera lægra en 85%, milli samanlagðra vátryggingafjárhæða, að frádregnum hlut endurtryggjenda, og heildarvátryggingafjárhæða eins og hlutfallið var á fyrra fjárhagsári.

b) síðari niðurstaða:

margfalda skal hluta, sem nemur 0,3% af áhættufjárhæð vátrygginga, sem stofnunin hefur tekið á sig, þar sem áhættufjárhæðin er ekki neikvæð tala, með hlutfallinu milli samanlagðra líftryggingafjárhæða í eigin áhættu félagsins eftir endurtryggingu og endurtryggingu endurtryggjenda (úttrygging) og samanlagðra líftryggingafjárhæða án frádráttar endurtrygginga eins og það var á fyrra fjárhagsári — hlutfallið má þó aldrei vera lægra en 50%.

Þegar um er að ræða tímabundnar dánaráhættulíftryggingar, að hámarki til þriggja ára, skal reikna 0,1% af fjárhæðinni. Séu líftryggingarnar til lengri tíma en þriggja ára en skemmri en fimm ára skal reikna 0,15% af fjárhæðinni.

3. Þegar um er að ræða viðbótartryggingar þær sem um getur í iii. lið a-liðar 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/138/EB Evrópuþingsins og ráðsins frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II)(*) skal lágmarksgjaldþol vera jafnt lágmarksgjaldþoli stofnana sem mælt er fyrir um í 17. gr. d.

4. Þegar um er að ræða fjármögnunarstarfsemi, sem um getur í ii. lið b-liðar 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal lágmarksgjaldþol vera jafnt 4% af líftryggingaskuld, reiknað í samræmi við a-lið 2. mgr.

5. Þegar um er að ræða starfsemi, sem um getur í i. lið b-liðar 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal lágmarksgjaldþol vera jafnt 1% af eignum þeirra.

6. Þegar um er að ræða vátryggingar skv. i. og ii. lið a-liðar 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sem tengjast fjárfestingarsjóðum og starfsemi, sem um getur í iii., iv. og v. lið b-liðar 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal lágmarksgjaldþol vera jafnt og summa eftirfarandi liða:

a) 4% af líftryggingarskuld, reiknuð í samræmi við a-lið 2. mgr., beri stofnunin fjárfestingaráhættu,

b) 1% af líftryggingaskuld, reiknað í samræmi við a-lið 2. mgr., ef félagið ber enga fjárfestingaráhættu en þeirri fjárhæð, sem á að mæta rekstrarkostnaði, er dreift á lengri tíma en fimm ár,

c) 25% af hreinum skrifstofu- og stjórnunarkostnaði fyrra fjárhagsárs er lýtur að slíkri starfsemi ef félagið ber fjárfestingaráhættu og rekstrarkostnaði er ekki dreift á lengri tíma en fimm ár,

d) 0,3% af líftryggingafjárhæð sem reiknuð er í samræmi við skilyrði, sem kveðið er á um í b-lið 2. mgr., ef starfsemi líftryggingarfélagsins nær til dánaráhættulíftrygginga.

Grein 17c

Ábyrgðarsjóður

1. Aðildarríkin geta kveðið á um að ábyrgðarsjóður skuli nema þriðjungi lágmarksgjaldþols eins og það er tilgreint í 17. gr. b. Þessi sjóður skal myndaður af liðum sem tilgreindir eru í 2. og 3. mgr. 17. gr. a og, að fengnu samþykki lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkisins, í b-lið 4. mgr. 17. gr. a.

2. Ábyrgðarsjóður má þó ekki vera lægri en 3 milljónir evra. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um lækkun um 25% á lágmarki ábyrgðarsjóðs þegar um er að ræða gagnkvæm félög og hliðstæð félagsform.

Grein 17d

Lágmarksgjaldþol að því er varðar 3. mgr. 17. gr. b

1. Lágmarksgjaldþol skal annaðhvort ákveðið á grundvelli árlegrar fjárhæðar iðgjalda og framlaga eða á grundvelli meðaltjónakostnaðar þriggja næstliðinna fjárhagsára.

2. Lágmarksgjaldþol skal eigi vera lægra en sú niðurstöðutala sem hærri er þeirra tveggja sem settar eru fram í 3. og 4. mgr.

3. Iðgjaldagrunnurinn skal reiknaður út með því að nota bókfærð iðgjöld og framlög, eins og þau eru reiknuð hér á eftir, eða verg iðgjöld og framlög ársins, hvort sem hærra reynist.

Iðgjöld eða framlög (þar með talin viðbótargjöld eða viðbótarframlög) sem féllu í gjalddaga á fyrra fjárhagsári vegna frumtryggingastarfsemi skulu lögð saman.

Þar við bætast iðgjöld fyrir allar mótteknar endurtryggingar á næstliðnu fjárhagsári.

Frá þessari samtölu skal draga heildarfjárhæð niðurfelldra iðgjalda eða framlaga á næstliðnu fjárhagsári sem og heildarfjárhæð skatta og álagðra gjalda sem innifalin eru í iðgjöldum eða framlögum sem fara í samtöluna.

Fjárhæðinni sem þannig fæst, er skipt í tvo hluta, annan, sem nemur allt að 50 milljón evrum, og hinn því sem umfram er. Reiknuð eru 18% af fyrri fjárhæðinni og 16% af þeirri síðari og þær fjárhæðir lagðar saman.

Samtalan sem þannig fæst skal margfölduð með hlutfalli milli tjóna þriggja næstliðinna fjárhagsára, sem fyrirtækið ber í eigin áhættu eftir að hlutur endurtryggjenda í tjónum hefur verið dreginn frá, og tjóna í heild. Þetta hlutfall má þó aldrei vera lægra en 50% .

4. Tjónagrunnur skal reiknaður á eftirfarandi hátt:

Bókfærð tjón í frumtryggingum (án frádráttar á hlut endurtryggjenda) á því tímabili, sem tiltekið er í 1. mgr., skulu lögð saman.

Þar við er bætt bókfærðum tjónum í mótteknum endurtryggingum á sama tímabili og tjónaskuld í lok næstliðins fjárhagsárs, bæði vegna frumtryggingastarfsemi og móttekinna endurtrygginga.

Frá þeirri samtölu skal draga fjárhæðir endurheimtar á þeim tímabilum sem um getur í 1. mgr.

Frá fjárhæðinni, er þá stendur eftir, dregst tjónaskuld í upphafi næstliðins fjárhagsárs á undan síðasta fjárhagsári sem reikningar eru til fyrir, bæði í frumtryggingastarfsemi og mótteknum endurtryggingum.

Einum þriðja hluta af fjárhæðinni sem þannig fæst, er skipt í tvo hluta, annan, sem nemur allt að 35 milljón evrum, og hinn síðari því sem umfram er. Reiknuð eru 26% af fyrri fjárhæðinni og 23% af þeirri síðari og þær fjárhæðir lagðar saman.

Samtalan, sem þannig fæst, skal margfölduð með hlutfalli milli tjóna þriggja næstliðinna fjárhagsára, sem fyrirtækið ber í eigin áhættu eftir að hlutur endurtryggjenda í tjónum hefur verið dreginn frá, og tjóna í heild. Þetta hlutfall má þó aldrei vera lægra en 50% .

5. Ef lágmarksgjaldþol, eins og það er reiknað út í 2. til 4. mgr., reynist vera lægra en lágmarksgjaldþol fyrra árs skal lágmarksgjaldþol nema a.m.k. lágmarksgjaldþoli fyrra árs, margfölduðu með hlutfalli tjónaskuldar í lok síðasta fjárhagsárs og tjónaskuldar í byrjun síðasta fjárhagsárs. Í þessum útreikningum skulu vátryggingarskuldir reiknaðar að frádregnum hluta endurtryggjenda (úttrygging) en hlutfallið skal aldrei vera hærra en 1.

(*) Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

3. Eftirfarandi greinar bætast við:

„Grein 21a

Endurskoðun á fjárhæð ábyrgðarsjóðs

1. Fjárhæðin í evrum, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 17. gr. c, skal endurskoðuð árlega frá og með 31. október 2012 með hliðsjón af breytingum á samræmdum vísitölum neysluverðs allra aðildarríkjanna sem Hagstofa Evrópubandalaganna (Eurostat) gefur út .

Þá fjárhæð skal aðlaga sjálfkrafa með því að hækka grunnfjárhæðina í evrum í hlutfalli við breytingu á vísitölunni frá 31. desember 2009 til endurskoðunardags og námunda að margfeldi af 100 000 evrum.

Ef breytingin á hlutfallinu frá síðustu aðlögun er undir 5% fer engin aðlögun fram.

2. Framkvæmdastjórnin skal ár hvert tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um endurskoðunina og aðlöguðu fjárhæðina sem um getur í 1. mgr.

21. gr. b

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar Evrópunefndar um vátryggingar og starfstengda lífeyrissjóði, sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/9/EB(*).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.“

(*) Stjtíð. ESB L 3, 7.1.2004, bls. 34.

304. gr.

Undireining hlutabréfaáhættu sem samsvarar gildistíma

1. Aðildarríki geta veitt þeim líftryggingarfélögum starfsleyfi sem bjóða:

a) starfstengdan lífeyri í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2003/41/EB eða

b) eftirlaun, sem miðast við greiðslu þegar starfslokum er náð, eða þegar vænst er að þeim sé náð, ef greidd iðgjöld vegna eftirlaunanna veita vátryggingartaka rétt til skattafrádráttar í samræmi við landslög þess aðildarríkis sem veitt hefur félaginu starfsleyfi,

þar sem:

i. allar eignir og skuldir, sem samsvara fyrirtækinu, sem annast starfstengda lífeyrinn, eru afmarkaðar (e. ring-fenced) og stýring þeirra og skipulagning er aðgreind frá allri annarri starfsemi vátryggingafélagsins og enginn möguleiki er á yfirfærslu,

ii. starfsemi félagsins, sem tengist a- og b-lið, að því er varðar þá aðferð sem beitt er og um getur í þessari málsgrein, er einungis rekin í því aðildarríki þar sem félagið hefur starfsleyfi og

iii. meðallíftími skuldbindinga félagsins, sem samsvara fyrirtækinu, sem annast starfstengda lífeyrinn, er að meðaltali lengri en 12 ár,

til að nota einingu vegna hlutabréfaáhættu sem er hluti af gjaldþolskröfunni, sem er stillt með vágildismælingu, á tímabili sem er í samræmi við dæmigert eignartímabil eiginfjár viðkomandi félags með öryggismörkum sem veitir vátryggingartökum og rétthöfum sambærilega vernd og um getur

í 101. gr., þegar aðferðin, sem kveðið er á um í þeirri grein, er einungis notuð vegna þeirra eigna og skuldbindinga sem um getur í i. lið. Við útreikning gjaldþolskröfunnar skal tekið fullt tillit til eigna og skuldbindinga í þeim tilgangi að meta áhrif áhættudreifingar, með fyrirvara um þörfina á að vernda hagsmuni vátryggingartaka og rétthafa í öðrum aðildarríkjum.

Að fengnu samþykki eftirlitsyfirvalda skal einungis nota aðferðina, sem sett er fram í fyrsta undirlið, ef gjaldþols- og greiðsluhæfisstaða og stefna, verklag og reikningsskilaaðferðir viðkomandi félags, að því er varðar eigna- og skuldastýringu, eru þannig að það tryggi, miðað við áframhaldandi rekstrarhæfi, að félagið geti átt eigið fé á tímabili sem er í samræmi við dæmigert tímabil eignarhalds viðkomandi félags á eigin fé. Félagið skal geta sýnt eftirlitsyfirvaldinu fram á að það skilyrði sé sannprófað við þau öryggismörk sem nauðsynleg eru til að veita vátryggingartökum og rétthöfum þá vernd sem fram kemur í 101. gr.

Vátryggingafélög, þ.m.t. endurtryggingafélög, skulu ekki hverfa aftur til notkunar á aðferðinni sem er sett fram í 105. gr., nema aðstæður gefi nægilegt tilefni til og að fengnu samþykki eftirlitsyfirvalda.

2. Framkvæmdastjórnin skal leggja fyrir Evrópunefnd um vátryggingar og starfstengda lífeyrissjóði og Evrópuþingið skýrslu fyrir 31. október 2015 um beitingu aðferðarinnar, sem er sett fram í 1. mgr., og þær starfsreglur eftirlitsyfirvalda sem samþykkt hefur verið að taka upp skv. 1. mgr., ásamt viðeigandi tillögum, eftir því sem við á. Í þeirri skýrslu skal einkum fjallað um áhrif yfir landamæri af beitingu þeirrar aðferðar til að koma í veg fyrir eftirlitshögnun vátryggingafélaga, þ.m.t. endurtryggingafélaga, vegna breytilegs regluumhverfis landa (e. regulatory arbitrage).

VI. BÁLKUR

UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

I. KAFLI

Umbreytingarákvæði

1. þáttur

V á t r y g g i n g a r

305. gr.

Undanþágur og afnám takmarkandi ráðstafana

1. Aðildarríki geta undanþegið skaðatryggingafélög sem uppfylltu ekki kröfur í 16. og 17. gr. tilskipunar 73/239/EBE hinn 31. janúar 1975, og höfðu ekki enn hinn 31. júlí 1978 náð árlegum iðgjöldum eða framlögum sem námu sexfaldri fjárhæð þess lágmarkstryggingarsjóðs sem krafist er skv. 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 73/239/EBE, frá kröfum um að stofna lágmarkstryggingasjóð fyrir lok fjárhagsársins, þar sem iðgjöld eða framlög nema allt að sexfaldri fjárhæð þess háttar lágmarkstryggingasjóðs. Að teknu tilliti til niðurstaða þeirra athugana sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 298. gr. skal ráðið, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, ákveða samhljóða hvenær aðildarríki eigi að fella niður þá undanþágu.

2. Skaðatryggingafélögum sem komið er á fót í Breska konungsríkinu með „Royal Charter“ eða „private Act“ eða „special public Act“ er heimilt að halda áfram að reka starfsemi sína með því rekstrarformi að lögum sem þau voru stofnuð samkvæmt þann 31. júlí 1973 um ótakmarkaðan tíma.

Líftryggingarfélög sem komið er á fót í Breska konungsríkinu með „Royal Charter“ eða „private Act“ eða „special public Act“ er heimilt að halda áfram að reka starfsemi sína með því rekstrarformi að lögum sem þau voru stofnuð samkvæmt þann 15. mars 1979 um ótakmarkaðan tíma.

Breska konungsríkið skal gera skrá yfir þessi félög sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein og senda hana öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni.

3. Félögum skráðum í Breska Konungsríkinu samkvæmt „Friendly Societies Acts“ er heimilt að halda áfram þeirri líftryggingarstarfsemi og innlánsstarfsemi, sem þau stunduðu, í samræmi við tilgang sinn, 15. mars 1979.

4. Að beiðni skaðatryggingafélaga, sem fara að kröfunum, sem mælt er fyrir um í 2., 4. og 5. þætti, VI. kafla í I. bálki, skulu aðildarríki fella takmarkandi ráðstafanir úr gildi, eins og þær sem varða veðlán, tryggingarfé og verðbréf.

306. gr.

Áunnin réttindi útibúa og líftryggingarfélaga sem fyrir eru

1. Útibú, sem hófu starfsemi í samræmi við gildandi ákvæði í aðildarríkinu, þar sem útibúið er, fyrir 1. júlí 1994, teljast falla undir málsmeðferðina í 145. og 146. gr.

2. Ákvæði 147. og 148. gr. hafa ekki áhrif á áunnin réttindi líftryggingarfélaga sem reka starfsemi á grundvelli frelsis til að veita þjónustu fyrir 1. júlí 1994.

2. þáttur

Endurtryggingar

307. gr.

Aðlögunartímabil vegna 57. gr. (3. mgr.) og 60. gr. (6. mgr.) tilskipunar 2005/68/EB

Aðildarríkjum er heimilt að fresta beitingu ákvæða 3. mgr. 57. gr. tilskipunar 2005/68/EB sem breytir 3. mgr. 15. gr. tilskipunar 73/239/EBE og ákvæði 6. mgr. 60. gr. tilskipunar 2005/68/EB til 10. desember 2008.

308. gr.

Áunnin réttindi starfandi endurtryggingafélaga

1. Endurtryggingafélög, sem heyra undir þessa tilskipun og fengu starfsleyfi eða réttindi til að annast endurtryggingastarfsemi í samræmi við ákvæði aðildarríkjanna þar sem þau hafa aðalskrifstofur fyrir 10. desember 2005, teljast vera með starfsleyfi í samræmi við 14. gr.

Hins vegar er þeim skylt að fara að ákvæðum þessarar tilskipunar, að því er varðar rekstur endurtrygginga, og kröfunum sem eru settar fram í 1. mgr. 18. gr. (b-, d- og g-liður), 19., 20. og 24. gr. og í 2., 3. og 4. þætti VI. kafla I. bálks.

2. Aðildarríkin geta heimilað að endurtryggingafélög, sem um getur í 1. mgr. og hafa ekki farið að 1. mgr. 18. gr. (b-liður), 19. og 20. gr. og 2., 3. og 4. þætti VI. kafla I. bálks 10. desember 2005, fái frest til 10. desember 2008 til að uppfylla þessar kröfur.

II. KAFLI

Lokaákvæði

309. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að greinum 4, 10, 13, 14, 18, 23, 26–32, 34–49, 51–55, 67, 68, 71, 72, 74–85, 87–91, 93–96, 98,100–110, 112, 113, 115–126, 128, 129, 131–134, 136–142, 144, 146, 148, 162–167, 172, 173, 178, 185, 190, 192, 210–233, 235–240, 243–258, 260–263, 265, 266, 303 og 304 og III. og IV. viðauka eigi síðar en 31. október 2012. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Í þeim skal einnig vera yfirlýsing um að líta beri á tilvísanir í gildandi lögum og stjórnsýslufyrirmælum í tilskipanirnar sem eru felldar niður með þessari tilskipun sem tilvísanir í þessa tilskipun. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun og hvernig yfirlýsingin skal sett fram.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

310. gr.

Niðurfelling

Tilskipanir 64/225/EBE, 73/239/EBE, 73/240/EBE, 76/580/EBE, 78/473/EBE, 84/641/EBE, 87/344/EBE, 88/357/EBE, 92/49/EBE, 98/78/EB, 2001/17/EB, 2002/83/EB og 2005/68/EB, eins og þeim var breytt með gerðum í A-hluta VI. viðauka, eru felldar úr gildi frá og með 1. nóvember 2012, með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkja sem varða fresti til lögleiðingar og beitingu tilskipana sem eru settar fram í B-hluta VI. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipanirnar sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í VII. viðauka.

311. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Ákvæði greina 1–3, 5–9, 11, 12, 15–17, 19–22, 24, 25, 33, 56–66, 69, 70, 73, 143, 145, 147, 149–161, 168–171, 174–177, 179–184, 186–189, 191, 193–209, 267–300, 302, 305–308 og I., II., V., VI. og VII. viðauka skulu gilda frá 1. nóvember 2012.

312. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg, 25. nóvember 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. BUZEK	Åsa TORSTENSSON
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

FLOKKAR SKAÐATRYGGINGA

A. Röðun áhættu í vátryggingarflokka

1. ***Slys (þar með talin vinnuslys og atvinnusjúkdómar):***

   – bætur með föstum fjárhæðum

   – bætur eftir eðli tjóns

   – samsetning þessa tveggja

   – slys á farþegum

2. ***Veikindi***

   – bætur með föstum fjárhæðum

   – bætur eftir eðli tjóns

   – samsetning þessa tveggja

3. ***Ökutæki til notkunar á landi (önnur en járnbrautarvagnar)***

   Allt tjón og skemmdir á

   – vélknúnum ökutækjum til notkunar á landi

   – ökutækjum til notkunar á landi öðrum en vélknúnum ökutækjum

4. ***Járnbrautarvagnar***

   Allt tjón og skemmdir á járnbrautarvögnum

5. ***Loftför***

   Allt tjón og skemmdir á loftförum

6. ***Skip (á sjó, vötnum, fljótum og síkjum)***

   Allt tjón og skemmdir á

   – fljóta- og síkjabátum

   – vatnabátum

   – sjóskipum

7. ***Vöruflutningar (þ.m.t. söluvarningur, farangur og aðrar vörur)***

   Allt tjón og skemmdir á vörum í flutningi án tillits til þess hvernig flutt er

8. ***Bruni og náttúruöfl***

   Allt eignatjón og skemmdir (á öðrum eignum en þeim sem eru í 3., 4., 5., 6. og 7. flokki) sem verða vegna

   – elds

   – sprengingar

   – óveðurs

– náttúruafla annarra en óveðurs

– kjarnorku

– landsigs

9. ***Annað eignatjón***

Allt eignatjón og skemmdir (á öðrum eignum en þeim sem eru í 3., 4., 5., 6. og 7. flokki) sem verða vegna hagls, frosts og atburða eins og þjófnaðar, annars en innifalinn er í 8. flokki.

10. ***Ábyrgð vegna ökutækja***

Hvers konar ábyrgð vegna ökutækja til notkunar á landi (þar með talin ábyrgð vegna flutninga).

11. ***Ábyrgð vegna loftfara***

Hvers konar ábyrgð vegna notkunar loftfara (þ.m.t. ábyrgð vegna flutninga)

12. **Ábyrgð vegna báta eða skipa (á sjó, vötnum, fljótum og síkjum)**

Hvers konar ábyrgð vegna notkunar skipa eða báta á sjó, vatni, fljótum eða síkjum (þar með talin ábyrgð vegna flutninga)

13. ***Almenn ábyrgð***

Hvers konar ábyrgð önnur en sem um getur í 10., 11. og 12. flokki.

14. ***Greiðslur***

– ógjaldfærni (almennt)

– útflutningslán

– afborgunarskilmálar

– veð

– landbúnaðarlán

15. ***Efndir***

– beinar

– óbeinar

16. ***Ýmislegt fjárhagstjón***

– atvinnuleysisáhætta

– ófullnægjandi tekjur (almennt)

– óveður

– ábatamissir

– áframhaldandi almennur kostnaður

– ófyrirsjáanleg viðskiptaútgjöld

– tap á markaðsverði
– tap á leigu eða tekjum
– annað óbeint tap á viðskiptum
– fjárhagstjón (þó ekki í viðskiptum)
– annað fjárhagstjón

17. ***Réttaraðstoð***

Réttaraðstoð og kostnaður við málarekstur

18. ***Aðstoð***

Aðstoð við fólk sem lendir í erfiðleikum á ferðalögum, að heiman eða fjarri föstum búsetustað.

B. Heiti á greinaflokkum þegar starfsleyfi er veitt samtímis fyrir fleiri en einn flokk vátrygginga

Eftirfarandi heiti skal gefa starfsleyfum sem ná yfir eftirfarandi flokka:

a) Flokkar 1 og 2: „Slysa- og sjúkratryggingar“,

b) Flokkar 1 (fjórði undirliður), 3, 7 og 10: „Ökutækjatryggingar“,

c) Flokkar 1 (fjórði undirliður), 4, 6, 7 og 12: „Sjó- og flutningstryggingar“,

d) Flokkar 1 (fjórði undirliður), 5, 7 og 11: „Flugtryggingar“,

e) Flokkar 8 og 9: „Brunatryggingar og aðrar eignatryggingar“,

f) Flokkar 10, 11, 12 og 13: „Ábyrgðartryggingar“,

g) Flokkar 14 og 15: „Greiðslu- og efndavátryggingar“,

h) Allir flokkar, sem aðildarríkin ákveða, og skulu þau tilkynna öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórn val sitt.

II. VIÐAUKI

FLOKKAR LÍFTRYGGINGA

I. Líftryggingin sem um getur í i., ii. og iii. lið a-liðar í 3. mgr. 2. gr., að undanskildum þeim sem um getur í II. og III. lið

II. Hjónalíftrygging, líftrygging við fæðingu

III. Vátryggingin sem um getur í i. og ii. lið a-liðar í 3. mgr. 2. gr. og tengist fjárfestingarsjóðum

IV. Varanleg heilsutrygging sem um getur í iv. lið a-liðar í 3. mgr. 2. gr.

V. Erfðalífrentusjóðurinn sem um getur í i. lið b-liðar í 3. mgr. 2. gr.

VI. Fjármögnunarstarfsemin sem um getur í ii. lið b-liðar í 3. mgr. 2. gr.

VII. Rekstur lífeyrissjóða, sem um getur í iii. og iv. lið b-liðar í 3. mgr. 2. gr.

VIII. Rekstur sem um getur í v. lið b-liðar í 3. mgr. 2. gr.

IX. Rekstur sem um getur í c-lið 3. mgr. 2. gr.

III. VIÐAUKI

LAGALEGT FORM FÉLAGA

A. Skaðatryggingafélög:

1) í Konungsríkinu Belgíu: ‘société anonyme/naamloze vennootschap’, ‘société en commandite par actions/commanditaire vennootschap op aandelen’, ‘association d’assurance mutuelle/onderlinge verzekeringsvereniging’, ‘société coopérative/coöperatieve vennootschap’, ‘société mutualiste/maatschappij van onderlinge bijstand’;

2) í Lýðveldinu Búlgaríu: ‘акционерно дружество’;

3) í Tékklandi: ‘akciová společnost’, ‘družstvo’;

4) í Konungsríkinu Danmörku: ‘aktieselskaber’, ‘gensidige selskaber’;

5) í Sambandslýðveldinu Þýskalandi: ‘Aktiengesellschaft’, ‘Versicherungsverein auf Gegenseitigkeit’, ‘Öffentlich-rechtliches Wettbewerbsversicherungsunternehmen’;

6) í Lýðveldinu Eistlandi: ‘aktsiaselts’;

7) á Írlandi: ‘incorporated companies limited by shares or by guarantee or unlimited’;

8) í Lýðveldinu Grikklandi: ‘ανώνυμη εταιρία’, ‘αλληλασφαλιστικός συνεταιρισμός’;

9) í Konungsríkinu Spáni: ‘sociedad anónima’, ‘sociedad mutua’, ‘sociedad cooperativa’;

10) Í Lýðveldinu Frakklandi: ‘société anonyme’, ‘société d’assurance mutuelle’, ‘institution de prévoyance régie par le code de la sécurité sociale’, ‘institution de prévoyance régie par le code rural’, ‘mutuelles régies par le code de la mutualité’;

11) í Lýðveldinu Ítalíu: ‘società per azioni’, ‘società cooperativa’, ‘mutua di assicurazione’;

12) í Lýðveldinu Kýpur: ‘εταιρεία περιορισμένης ευθύνης με μετοχές’, ‘εταιρεία περιορισμένης ευθύνης χωρίς μετοχικό κεφάλαιο’;

13) í Lýðveldinu Lettlandi: ‘apdrošināšanas akciju sabiedrība’, ‘savstarpējās apdrošināšanas kooperatīvā biedrība’;

14) í Lýðveldinu Litháen: ‘akcinė bendrovė’, ‘uždaroji akcinė bendrovė’;

15) í Stórhertogadæminu Lúxemborg: ‘société anonyme’, ‘société en commandite par actions’, ‘association d’assurances mutuelles’, ‘société coopérative’;

16) í Lýðveldinu Ungverjalandi: ‘biztosító részvénytársaság’, ‘biztosító szövetkezet’, ‘biztosító egyesület’, ‘külföldi székhelyű biztosító magyarországi fióktelepe’;

17) í Lýðveldinu Möltu: ‘limited liability company/kumpannija b’ responsabbilta’ limitata’;

18) í Konungsríkinu Hollandi: ‘naamloze vennootschap’, ‘onderlinge waarborgmaatschappij’;

19) í Lýðveldinu Austurríki: ‘Aktiengesellschaft’, ‘Versicherungsverein auf Gegenseitigkeit’;

20) í Lýðveldinu Póllandi: ‘spółka akcyjna’, ‘towarzystwo ubezpieczeń wzajemnych’;

21) í Lýðveldinu Portúgal: ‘sociedade anónima’, ‘mútua de seguros’;

22) í Rúmeníu: ‘societăţi pe acţiuni’, ‘societăţi mutuale’;

23) í Lýðveldinu Slóveníu: ‘delniška družba’, ‘družba za vzajemno zavarovanje’;

24) í Lýðveldinu Slóvakíu: ‘akciová spoločnosť’;

25) í Lýðveldinu Finnlandi: ‘keskinäinen vakuutusyhtiö/ömsesidigt försäkringsbolag’, ‘vakuutusosakeyhtiö/försäkringsaktiebolag’, ‘vakuutusyhdistys/försäkringsförening’;

26) í Konungsríkinu Svíþjóð: ‘försäkringsaktiebolag’, ‘ömsesidiga försäkringsbolag’, ‘understödsföreningar’;

27) á Stóra-Bretlandi: ‘companies limited by shares or by guarantee or unlimited, societies registered under the Industrial and Provident Societies Acts, societies registered under the Friendly Societies Acts, the association of underwriters known as Lloyd’s’;

28) í öllu falli og sem annan kost en þau félagsform skaðatryggingafélaga sem tilgreind eru í 1.–27. lið getur fyrirtæki tekið upp félagsform Evrópufélags (SE) eins og það er skilgreint í reglugerð (EB) nr. 2157/2001([1]).

B. Líftryggingafélög:

1) í Konungsríkinu Belgíu: ‘société anonyme/naamloze vennootschap’, ‘société en commandite par actions/commanditaire vennootschap op aandelen’, ‘association d’assurance mutuelle/onderlinge verzekeringsvereniging’, ‘société coopérative/coöperatieve vennootschap’;

2) í Lýðveldinu Búlgaríu: ‘акционерно дружество’, ‘взаимозастрахователна кооперация’;

3) í Tékklandi: ‘akciová společnost’, ‘družstvo’;

4) í Konungsríkinu Danmörku: ‘aktieselskaber’, ‘gensidige selskaber’, ‘pensionskasser omfattet af lov om forsikringsvirksomhed (tværgående pensionskasser)’;

5) í Sambandslýðveldinu Þýskalandi: ‘Aktiengesellschaft’, ‘Versicherungsverein auf Gegenseitigkeit’, ‘öffentlich-rechtliches Wettbewerbsversicherungsunternehmen’;

6) í Lýðveldinu Eistlandi: ‘aktsiaselts’;

7) á Írlandi: ‘incorporated companies limited by shares or by guarantee or unlimited’, ‘societies registered under the Industrial and Provident Societies Acts’, ‘societies registered under the Friendly Societies Acts’;

8) í Lýðveldinu Grikklandi: ‘ανώνυμη εταιρία’;

9) í Konungsríkinu Spáni: ‘sociedad anónima’, ‘sociedad mutua’, ‘sociedad cooperativa’;

10) Í Lýðveldinu Frakklandi: ‘société anonyme’, ‘société d’assurance mutuelle’, ‘institution de prévoyance régie par le code de la sécurité sociale’, ‘institution de prévoyance régie par le code rural’, ‘mutuelles régies par le code de la mutualité’;

11) í Lýðveldinu Ítalíu: ‘società per azioni’, ‘società cooperativa’, ‘mutua di assicurazione’;

12) í Lýðveldinu Kýpur: ‘εταιρεία περιορισμένης ευθύνης με μετοχές’, ‘εταιρεία περιορισμένης ευθύνης με εγγύηση’;

13) í Lýðveldinu Lettlandi: ‘apdrošināšanas akciju sabiedrība’, ‘savstarpējās apdrošināšanas kooperatīvā biedrība’;

14) í Lýðveldinu Litháen: ‘akcinė bendrovė’, ‘uždaroji akcinė bendrovė’;

15) í Stórhertogadæminu Lúxemborg: ‘société anonyme’, ‘société en commandite par actions’, ‘association d’assurances mutuelles’, ‘société coopérative’;

16) í Lýðveldinu Ungverjalandi: ‘biztosító részvénytársaság’, ‘biztosító szövetkezet’, ‘biztosító egyesület’, ‘külföldi székhelyű biztosító magyarországi fióktelepe’;

17) í Lýðveldinu Möltu: ‘limited liability company/kumpannija b’ responsabbilta’ limitata’;

18) í Konungsríkinu Hollandi: ‘naamloze vennootschap’, ‘onderlinge waarborgmaatschappij’;

19) í Lýðveldinu Austurríki: ‘Aktiengesellschaft’, ‘Versicherungsverein auf Gegenseitigkeit’;

20) í Lýðveldinu Póllandi: ‘spółka akcyjna’, ‘towarzystwo ubezpieczeń wzajemnych’;

([1]) Stjtíð. EB L 294, 10.11.2001, bls. 1.

21) í Lýðveldinu Portúgal: ‘sociedade anónima’, ‘mútua de seguros’;

22) í Rúmeníu: ‘societăţi pe acţiuni’, ‘societăţi mutuale’;

23) í Lýðveldinu Slóveníu: ‘delniška družba’, ‘družba za vzajemno zavarovanje’;

24) í Lýðveldinu Slóvakíu: ‘akciová spoločnosť’;

25) í Lýðveldinu Finnlandi: ‘keskinäinen vakuutusyhtiö/ömsesidigt försäkringsbolag’, ‘vakuutusosakeyhtiö/ försäkringsaktiebolag’, ‘vakuutusyhdistys/försäkringsförening’;

26) í Konungsríkinu Svíþjóð: ‘försäkringsaktiebolag’, ‘ömsesidiga försäkringsbolag’, ‘understödsföreningar’;

27) á Stóra-Bretlandi: ‘companies limited by shares or by guarantee or unlimited, societies registered under the Industrial and Provident Societies Acts, societies registered or incorporated under the Friendly Societies Acts, the association of underwriters known as Lloyd’s’;

28) í öllu falli, og sem annan kost en þau félagsform líftryggingafyrirtækis sem tilgreind eru í 1.–27. lið, getur fyrirtæki tekið upp félagsform Evrópufélags (SE) eins og það er skilgreint í reglugerð (EB) nr. 2157/2001.

C. Félagsform endurtryggingafélaga:

1) í Konungsríkinu Belgíu: ‘société anonyme/naamloze vennootschap’, ‘société en commandite par actions/commanditaire vennootschap op aandelen’, ‘association d’assurance mutuelle/onderlinge verzekeringsvereniging’, ‘société coopérative/coöperatieve vennootschap’;

2) í Lýðveldinu Búlgaríu: ‘акционерно дружество’;

3) í Tékklandi: ‘akciová společnost’;

4) í Konungsríkinu Danmörku: ‘aktieselskaber’, ‘gensidige selskaber’;

5) í Sambandslýðveldinu Þýskalandi: ‘Aktiengesellschaft’, ‘Versicherungsverein auf Gegenseitigkeit’, ‘Öffentlich-rechtliches Wettbewerbsversicherungsunternehmen’;

6) í Lýðveldinu Eistlandi: ‘aktsiaselts’;

7) á Írlandi: ‘incorporated companies limited by shares or by guarantee or unlimited’;

8) í Lýðveldinu Grikklandi: ‘ανώνυμη εταιρία’, ‘αλληλασφαλιστικός συνεταιρισμός’;

9) í Konungsríkinu Spáni: ‘sociedad anónima’;

10) Í Lýðveldinu Frakklandi: ‘société anonyme’, ‘société d’assurance mutuelle’, ‘institution de prévoyance régie par le code de la sécurité sociale’, ‘institution de prévoyance régie par le code rural’, ‘mutuelles régies par le code de la mutualité’;

11) í Lýðveldinu Ítalíu: ‘società per azioni’;

12) í Lýðveldinu Kýpur: ‘εταιρεία περιορισμένης ευθύνης με μετοχές’, ‘εταιρεία περιορισμένης ευθύνης με εγγύηση’;

13) í Lýðveldinu Lettlandi: ‘akciju sabiedrība’, ‘sabiedrība ar ierobežotu atbildību’;

14) í Lýðveldinu Litháen: ‘akcinė bendrovė’, ‘uždaroji akcinė bendrovė’;

15) í Stórhertogadæminu Lúxemborg: ‘société anonyme’, ‘société en commandite par actions’, ‘association d’assurances mutuelles’, ‘société coopérative’;

16) í Lýðveldinu Ungverjalandi: ‘biztosító részvénytársaság’, ‘biztosító szövetkezet’, ‘harmadik országbeli biztosító magyarországi fióktelepe’;

17) í Lýðveldinu Möltu: ‘limited liability company/kumpannija tà responsabbiltà limitata’;

18) í Konungsríkinu Hollandi: ‘naamloze vennootschap’, ‘onderlinge waarborgmaatschappij’;

19) í Lýðveldinu Austurríki: ‘Aktiengesellschaft’, ‘Versicherungsverein auf Gegenseitigkeit’;

20) í Lýðveldinu Póllandi: ‘spółka akcyjna’, ‘towarzystwo ubezpieczeń wzajemnych’;

21) í Lýðveldinu Portúgal: ‘sociedade anónima’, ‘mútua de seguros’;

22) í Rúmeníu: ‘societate pe actiuni’;

23) í Lýðveldinu Slóveníu: ‘delniška družba’;

24) í Lýðveldinu Slóvakíu: ‘akciová spoločnosť’;

25) í Lýðveldinu Finnlandi: ‘keskinäinen vakuutusyhtiö/ömsesidigt försäkringsbolag’, ‘vakuutusosakeyhtiö/försäkringsaktiebolag’, ‘vakuutusyhdistys/försäkringsförening’;

26) í Konungsríkinu Svíþjóð: ‘försäkringsaktiebolag’, ‘ömsesidigt försäkringsbolag’;

27) á Stóra-Bretlandi: ‘companies limited by shares or by guarantee or unlimited, societies registered under the Industrial and Provident Societies Acts, societies registered or incorporated under the Friendly Societies Acts, the association of underwriters known as Lloyd’s’;

28) í öllu falli og sem annan kost en þau félagsform endurtryggingafélaga sem tilgreind eru í 1.–27. lið getur fyrirtæki tekið upp félagsform Evrópufélags (SE) eins og það er skilgreint í reglugerð (EB) nr. 2157/2001.

IV. VIÐAUKI

STÖÐLUÐ FORMÚLA GJALDÞOLSKRÖFU (SCR)

1. Útreikningur á grunngjaldþolskröfu

Grunngjaldþolskrafan, sem sett er fram í 1. mgr. 104. gr., er reiknuð á eftirfarandi hátt:

$$\text{Grunngjaldþolskrafa} = \sqrt{\sum_{i,j} \text{Corr}_{i,j} \times \text{SCR}_i \times \text{SCR}_i}$$

þar sem SCR_i er áhættueining i og SCR_j er áhættueining j, og þar sem ‘i,j’ merkir að summa mismunandi skilmála skuli taka til allra hugsanlegra samsetninga á i og j. Í útreikningnum kemur eftirfarandi í stað SCR_i og SCR_j:

— $SCR_{\text{non-life}}$ sem er áhættueining skaðatrygginga,

— SCR_{life} sem er áhættueining líftrygginga,

— SCR_{health} táknar áhættueiningu heilsutrygginga,

— SCR_{market} táknar áhættueiningu markaðarins,

— SCR_{default} táknar sjálfgefna áhættueiningu mótaðila,

Stuðullinn $Corr_{i,j}$ táknar þáttinn sem er settur fram í i-línu og í j-dálki eftirfarandi fylgnifylki:

i \ j	Markaður	Vanefndir	Líftrygging	Heilsa	Skaðatryggin g
Skaðatrygging	0,25	0,5	0	0	1
Markaður	1	0,25	0,25	0,25	0,25
Líftrygging	0,25	0,25	1	0,25	0
Heilsa	0,25	0,25	0,25	1	0
Vanefndir	0,25	1	0,25	0,25	0,5

2. Útreikningur á áhættueiningu skaðatrygginga

Áhættueining skaðatrygginga, sem er sett fram í 2. mgr. 105. gr., er reiknuð á eftirfarandi hátt:

$$SCR_{\text{non-life}} = \sqrt{\sum_{i,j} \text{Corr}_{i,j} \times \text{SCR}_i \times \text{SCR}_i}$$

þar sem SCR_i er undireining i og SCR_j er undireining j, og ‘i,j’ merkir að summa mismunandi skilmála skuli taka til allra hugsanlegra samsetninga i og j. Í útreikningum koma, SCR_i og SCR_j í stað eftirfarandi:

— $SCR_{\text{nl premium and reserve}}$ sem eru skaðatryggingaiðgjöld og undireining varasjóðsáhættu,

— $SCR_{\text{nl catastrophe}}$ sem er undireining stórslysaáhættu skaðatrygginga,

3. Útreikningur á áhættueiningu líftrygginga

Áhættueining líftrygginga, sem er sett fram í 3. mgr. 105. gr., er reiknuð á eftirfarandi hátt:

$$SCR_{life} = \sqrt{\sum_{i,j} Corr_{i,j} \times SCR_i \times SCR_i}$$

þar sem SCR_i táknar undireiningu i og SCR_j táknar undireiningu j, og þar sem ‘i,j’ merkir að summa mismunandi skilmála eigi að ná yfir allar mögulegar samsetningar i og j. Í útreikningum koma, SCR_i og SCR_j í stað eftirfarandi:

— $SCR_{mortality}$ sem er undireining dánaráhættu,

— $SCR_{longevity}$ táknar undireiningu áhættu vegna langlífis,

— $SCR_{disability}$ táknar undireiningu áhættu vegna fötlunar eða sjúkdómsástands,

— $SCR_{life\ expense}$ táknar undireiningu áhættu líftryggingaútgjalda,

— $SCR_{revision}$ táknar undireiningu endurskoðunaráhættu,

— SCR_{lapse} táknar undireiningu fyrningaráhættu,

— $SCR_{life\ catastrophe}$ táknar undireiningu stórslysaáhættu líftrygginga,

4. Útreikningur á markaðsáhættueiningu

Uppbygging markaðsáhættueiningar

Markaðsáhættueining, sem er sett fram í 5. mgr. 105. gr., er reiknuð á eftirfarandi hátt:

$$SCR_{market} = \sqrt{\sum_{i,j} Corr_{i,j} \times SCR_i \times SCR_i}$$

þar sem SCR_i táknar undireiningu i og SCR_j táknar undireiningu j, og þar sem ‘i,j’ merkir að summa mismunandi skilmála eigi að ná yfir allar mögulegar samsetningar i og j. Í útreikningum koma, SCR_i og SCR_j í stað eftirfarandi:

— $SCR_{interest\ rate}$ sem er undireining vaxtaáhættu,

— SCR_{equity} táknar undireiningu hlutabréfaáhættu,

— $SCR_{property}$ táknar undireiningu fasteignaáhættu,

— $SCR_{property}$ táknar undireiningu áhættudreifingar,

— $SCR_{concentration}$ táknar undireiningu samsafnaðrar markaðsáhættu,

— $SCR_{currency}$ táknar undireiningu gjaldmiðilsáhættu,

V. VIÐAUKI

FLOKKAR SKAÐATRYGGINGA AÐ ÞVÍ ER VARÐAR 159. GR.

1. Slys og veikindi (1. og 2. flokkur í I. viðauka),
2. ökutæki (flokkar 3, 7 og 10 í I. viðauka, tölur fyrir 10. flokk að undanskilinni bótaábyrgð flutningsaðila, gefnar upp sérstaklega),
3. brunar og annað eignatjón (flokkar 8 og 9 í I. viðauka),
4. loft-, sjó- og flutningstryggingar (flokkar 4, 5, 6, 7, 11 og 12 í I. viðauka)
5. almenn bótaábyrgð (13. flokkur í I. viðauka),
6. greiðslu- og efndavátryggingar (flokkar 14 og 15 í I. viðauka),
7. aðrir flokkar (flokkar 16, 17 og 18 í I. viðauka).

VI. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelldar tilskipanir með skrá yfir síðari breytingar þeirra

(sem um getur í 310. gr.)

Tilskipun ráðsins 64/225/EBE	
(Stjtíð. EB L 56, 4.4.1964, bls. 878).	
Aðildarlög frá 1973, 1. liður G-liðar III. liðar I. viðauka 29. gr.	
(Stjtíð. EB L 73, 27.3.1972, bls. 89).	
Fyrsta tilskipun ráðsins 73/239/EBE	
(Stjtíð. EB L 228, 16.8.1973, bls. 3).	
Aðildarlög frá 1994, 1. liður II. liðar B-liðar XI. liðar I. viðauka	
(Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 197).	
(í samræmi við ákvæði sem sett voru í stað þeirra með ákvörðun ráðsins 95/1/EB)	
(Stjtíð. EB L 1, 1.1.1995, bls. 1).	
Aðildarlög frá 2003, 1. liður 3. liðar II. viðauka 20. gr.	
(Stjtíð. ESB L 236, 23.9.2003, bls. 335).	
Aðildarlög frá 1985, a-liður 1. liðar c-liðar II. liðar I. viðauka 26. gr.	
(Stjtíð. EB L 302, 15.11.1985, bls. 156).	
Tilskipun ráðsins 76/580/EBE	eingöngu 1. gr.
(Stjtíð. EB L 189, 13.7.1976, bls. 13).	
Tilskipun ráðsins 84/641/EBE	eingöngu 1.-14. gr.
(Stjtíð. EB L 339, 27.12.1984, bls. 21).	
Tilskipun ráðsins 87/343/EBE	eingöngu 1. gr. og viðauki
(Stjtíð. EB L 185, 4.7.1987, bls. 72).	
Tilskipun ráðsins 87/344/EBE	eingöngu 9. gr.
(Stjtíð. EB L 185, 4.7.1987, bls. 77).	
Önnur tilskipun ráðsins 88/357/EBE	eingöngu greinar 9, 10 og 11
(Stjtíð. EB L 172, 4.7.1988, bls. 1).	
Tilskipun ráðsins 90/618/EBE	eingöngu greinar 2, 3 og 4
(Stjtíð. EB L 330, 29.11.1990, bls. 44).	
Tilskipun ráðsins 92/49/EBE	eingöngu greinar 4, 5, 6, 7, 9, 10, 11, 13, 14, 17, 18, 24, 32, 33 og 53
(Stjtíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 1).	
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/26/EB	eingöngu 1. gr., þriðji undirliður 2. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 3. gr.
(Stjtíð. EB L 168, 18.7.1995, bls. 7).	
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/26/EB	eingöngu 8. gr.
(Stjtíð. EB L 181, 20.7.2000, bls. 65).	
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/13/EB	eingöngu 1. gr.
(Stjtíð. EB L 77, 20.3.2002, bls. 17).	
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB	eingöngu 22. gr.
(Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1).	

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/1/EB	eingöngu 4. gr.
(Stjtíð. ESB L 79, 24.3.2005, bls. 9).	
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB	eingöngu 57. gr.
(Stjtíð. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 1).	
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/101/EB	eingöngu 1. gr. og 1. liður viðauka
(Stjtíð. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 238).	
Tilskipun ráðsins 73/240/EBE	
(Stjtíð. EB L 228, 16.8.1973, bls. 20).	
Tilskipun ráðsins 76/580/EBE	
(Stjtíð. EB L 189, 13.7.1976, bls. 13).	
Tilskipun ráðsins 78/473/EBE	
(Stjtíð. EB L 151, 7.6.1978, bls. 25).	
Tilskipun ráðsins 84/641/EBE	
(Stjtíð. EB L 339, 27.12.1984, bls. 21).	
Tilskipun ráðsins 87/344/EBE	
(Stjtíð. EB L 185, 4.7.1987, bls. 77).	
Önnur tilskipun ráðsins 88/357/EBE	
(Stjtíð. EB L 172, 4.7.1988, bls. 1).	
Tilskipun ráðsins 90/618/EBE	eingöngu 5. til 10. gr.
(Stjtíð. EB L 330, 29.11.1990, bls. 44).	
Tilskipun ráðsins 92/49/EBE	eingöngu 12. gr. (1. mgr.), 19. gr., 23. gr., 27. gr., 30. gr. (1. mgr.), 34. gr., 35. gr., 36. gr., 37. gr., 39. gr. (1. mgr.), 40. gr. (1. mgr.), 42. gr. (1. mgr.), 43. gr. (1. mgr.), 44. gr. (1. mgr.), 45. gr. (1. mgr.) og 46. gr. (1. mgr.).
(Stjtíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 1).	
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/26/EB	eingöngu 9. gr.
(Stjtíð. EB L 181, 20.7.2000, bls. 65).	
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/14/EB	eingöngu 3. gr.
(Stjtíð. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 14).	
Tilskipun ráðsins 92/49/EBE	
(Stjtíð. EB L 228, 11.8.1992, bls. 1).	
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/26/EB	einungis annar undirliður 1. gr., fyrsti undirliður 1. mgr. 2. gr., 1., 3. og 5. mgr. 4. gr. og annar undirliður 5. gr.
(Stjtíð. EB L 168, 18.7.1995, bls. 7).	
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/64/EB	eingöngu 2. gr.
(Stjtíð. EB L 290, 17.11.2000, bls. 27).	
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB	eingöngu 24. gr.
(Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1).	
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/1/EB	eingöngu 6. gr.
(Stjtíð. ESB L 79, 24.3.2005, bls. 9).	
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB	eingöngu 58. gr.
(Stjtíð. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 1).	

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB eingöngu 1. gr.

(Stjtíð. ESB L 247, 21.9.2007, bls. 1).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB

(Stjtíð. EB L 330, 5.12.1998, bls. 1).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB eingöngu 28. gr.

(Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/1/EB eingöngu 7. gr.

(Stjtíð. ESB L 79, 24.3.2005, bls. 9).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB eingöngu 59. gr.

(Stjtíð. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 1).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/17/EB

(Stjtíð. EB L 110, 20.4.2001, bls. 28).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB

(Stjtíð. EB L 345, 19.12.2002, bls. 1).

Tilskipun ráðsins 2004/66/EB eingöngu II. liður viðauka

(Stjtíð. ESB L 168, 1.5.2004, bls. 35).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/1/EB eingöngu 8. gr.

(Stjtíð. ESB L 79, 24.3.2005, bls. 9).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB eingöngu 60. gr.

(Stjtíð. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 1).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/101/EB eingöngu 1. gr. og 3. liður viðaukans

(Stjtíð. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 238).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB eingöngu 2. gr.

(Stjtíð. ESB L 247, 21.9.2007, bls. 1).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/19/EB eingöngu 1. gr.

(Stjtíð. ESB L 76, 19.3.2008, bls. 44).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB

(Stjtíð. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 1).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/44/EB eingöngu 4. gr.

(Stjtíð. ESB L 247, 21.9.2007, bls. 1).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/19/EB eingöngu 1. gr.

(Stjtíð. ESB L 76, 19.3.2008, bls. 44).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/37/EB eingöngu 1. gr.

(Stjtíð. ESB L 81, 20.3.2008, bls. 1).

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 310. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar	Tímamörk fyrir beitingu
64/225/EBE	26. ágúst 1965	
73/239/EBE	27. janúar 1975	27. janúar 1976
73/240/EBE	27. janúar 1975	
76/580/EBE	31. desember 1976	
78/473/EBE	2. desember 1979	2. júní 1980
84/641/EBE	30. júní 1987	1. janúar 1988
87/343/EBE	1. janúar 1990	1. júlí 1990
87/344/EBE	1. janúar 1990	1. júlí 1990
88/357/EBE	30. desember 1989	30. júní 1990
90/618/EBE	20. maí 1992	20. nóvember 1992
92/49/EBE	31. desember 1993	1. júlí 1994
95/26/EB	18. júlí 1996	18. júlí 1996
98/78/EB	5. júní 2000	
2000/26/EB	20. júlí 2002	20. janúar 2003
2000/64/EB	17. nóvember 2002	
2001/17/EB	20. apríl 2003	
2002/13/EB	20. september 2003	
2002/83/EB	17. nóvember 2002, 20. september 2003, 19. júní 2004 (með hliðsjón af gildandi ákvæðum)	
2002/87/EB	11. ágúst 2004	
2004/66/EB	1. maí 2004	
2005/1/EB	13. maí 2005	
2005/14/EB	11. júní 2007	
2005/68/EB	10. desember 2007	
2006/101/EB	1. janúar 2007	
2008/19/EB	Á ekki við	
2008/37/EB	Á ekki við	

VII. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 73/239/EBE	Tilskipun 78/473/EBE	Tilskipun 87/344/EBE	Tilskipun 88/357/EBE	Tilskipun 92/49/EBE	Tilskipun 98/78/EB	Tilskipun 2001/17/EB	Tilskipun 2002/83/EB	Tilskipun 2005/68/EB	Tilskipun 2007/44/EB	Þessi tilskipun
1. mgr. 1. gr.				2. gr.		1. mgr. 1. gr.	Fyrsti málsliður 2. gr.	1. mgr. 1. gr.		1. gr., 2. og 3. mgr. 2. gr. og 267. gr.
2. mgr. 1. gr.										2. mgr. 2. gr.
3. mgr. 1. gr.										—
a- til c-liður 1. mgr. 2. gr.										—
d-liður 1. mgr. 2. gr.							4. mgr. 3. gr.			3. gr.
e-liður 1. mgr. 2. gr.										—
a-liður 2. mgr. 2. gr.										1. mgr. 5. gr.
b-liður 2. mgr. 2. gr.										2. mgr. 5. gr.
c-liður 2. mgr. 2. gr.										3. mgr. 5. gr.
d-liður 2. mgr. 2. gr.										4. mgr. 5. gr.
Fyrsta til fjórða undirgrein 3. mgr. 2. gr.										6. gr.
Fimmta undirgrein 3. mgr. 2. gr.										4. mgr. 15. gr.

Tilskipun 73/239/EBE	Tilskipun 78/473/EBE	Tilskipun 87/344/EBE	Tilskipun 88/357/EBE	Tilskipun 92/49/EBE	Tilskipun 98/78/EB	Tilskipun 2001/17/EB	Tilskipun 2002/83/EB	Tilskipun 2005/68/EB	Tilskipun 2007/44/EB	Þessi tilskipun
Fyrsta og önnur undirgrein 1. mgr. 3. gr.										—
Þriðja undirgrein 1. mgr. 3. gr.										5. mgr. 4. gr.
2. mgr. 3. gr.										7. gr.
Fyrsti málsliður 4. gr.										Fyrsti málsliður 8. gr.
a-liður 4. gr.										2. mgr. 8. gr.
b-liður 4. gr.										—
c-liður 4. gr.										3. mgr. 8. gr.
e-liður 4. gr.										—
f-liður 4. gr.										1. mgr. 8. gr.
g-liður 4. gr.										4. mgr. 8. gr.
a-liður 5. gr.										—
b-liður 5. gr.							o-liður 1. mgr. 1. gr.			—
c-liður 5. gr.							p-liður 1. mgr. 1. gr.			1. mgr. 134. gr.
d-liður 5. gr.										—
6. gr.				4. gr.			4. gr.	3. gr.		1. mgr., a- og b-liður 2. mgr. 14. gr.

Tilskipun 73/239/EBE	Tilskipun 78/473/EBE	Tilskipun 87/344/EBE	Tilskipun 88/357/EBE	Tilskipun 92/49/EBE	Tilskipun 98/78/EB	Tilskipun 2001/17/EB	Tilskipun 2002/83/EB	Tilskipun 2005/68/EB	Tilskipun 2007/44/EB	Þessi tilskipun
1. mgr. og fyrsta undirgrein 2. mgr. 7. gr.				1. mgr. 5. gr. og fyrsta undirgrein 2. mgr.			1. mgr. og fyrsta undirgrein 2. mgr. 5. gr.			1. mgr. og fyrsta undirgrein 2. mgr. 15. gr.
a-liður annarrar undirgreinar 2. mgr. 7. gr.				a-liður annarrar undirgreinar 2. mgr. 5. gr.						Fyrsta undirgrein 3. mgr. 15. gr.
b-liður annarrar undirgreinar 2. mgr. 7. gr.				b-liður annarrar undirgreinar 2. mgr. 5. gr.						—
a-liður 1. mgr. 8. gr.				a-liður 1. mgr. 6. gr.			a-liður 1. mgr. 6. gr.	I. viðauki		Viðaukar IIIA og B
Lokagrein a-liðar 1. mgr. 8. gr.								2. mgr. 5. gr.		2. mgr. 17. gr.
b-liður 1. mgr. 8. gr.				b-liður 1. mgr. 6. gr.			b-liður 1. mgr. 6. gr.	a-liður 6. gr.		a-liður 1. mgr. 18. gr.
								a-liður 6. gr.		b-liður 1. mgr. 18. gr.
c-liður 1. mgr. 8. gr.				c-liður 1. mgr. 6. gr.			c-liður 1. mgr. 6. gr.	b-liður 6. gr.		c-liður 1. mgr. 18. gr.
d-liður 1. mgr. 8. gr.				d-liður 1. mgr. 6. gr.			d-liður 1. mgr. 6. gr.	c-liður 6. gr.		d-liður 1. mgr. 18. gr.
e-liður 1. mgr. 8. gr.				e-liður 1. mgr. 6. gr.			e-liður 1. mgr. 6. gr.	d-liður 6. gr.		g-liður 18. gr.
f-liður 1. mgr. 8. gr.										h-liður 18. gr.
Önnur til fjórða undirgrein 1. mgr. 8. gr.							2. mgr. 6. gr.	7. gr.		19. gr.

Tilskipun 73/239/EBE	Tilskipun 78/473/EBE	Tilskipun 87/344/EBE	Tilskipun 88/357/EBE	Tilskipun 92/49/EBE	Tilskipun 98/78/EB	Tilskipun 2001/17/EB	Tilskipun 2002/83/EB	Tilskipun 2005/68/EB	Tilskipun 2007/44/EB	Þessi tilskipun
1. mgr. a 8. gr.							3. mgr. 6. gr.	8. gr.		20. gr.
2. mgr. 8. gr.				2. mgr. 6. gr.			4. mgr. 6. gr.			2. mgr. 18. gr.
Fyrsta undirgrein 3. mgr. 8. gr.				Fyrsta undirgrein 3. mgr. 6. gr.			Þriðja undirgrein 5. mgr. 6. gr.	1. mgr. 9. gr.		4. mgr. 21. gr.
Önnur undirgrein 3. mgr. 8. gr.				Önnur undirgrein 3. mgr. 6. gr. og fyrsti málsliður 1. undirgreinar 29. gr.			Fyrsta undirgrein 5. mgr. 6. gr.	2. mgr. 9. gr.		Fyrsta undirgrein 1. mgr. 21. gr.
Þriðja undirgrein 3. mgr. 8. gr.				Þriðja undirgrein 3. mgr. 6. gr. og önnur undirgrein 29. gr.						2. mgr. 21. gr.
Fjórða undirgrein 3. mgr. 8. gr.				Fjórða undirgrein 3. mgr. 6. gr.						3. mgr. 21. gr.
4. mgr. 8. gr.				4. mgr. 6. gr.			6. mgr. 6. gr.	10. gr.		22. gr.
a–d-liður 9. gr.				a–d-liður 7. gr.			a–d-liður 7. gr.	a-, c-, d- og e-liður 1. mgr. 11. gr.		a-, c-, d- og e-liður 1. mgr. 23. gr.
e- og f-liður 9. gr.				e- og f-liður 7. gr.				a- og b-liður 2. mgr. 11. gr.		e-liður 2. mgr. 23. gr.
g- og h- liður 9. gr.				g- og h- liður 7. gr.			f- og g-liður 7. gr.	c- og d-liður 2. mgr. 11. gr.		a- og d-liður 2. mgr. 23. gr.
1. mgr. 10. gr.				1. mgr. 32. gr.			1. mgr. 40. gr.			Fyrsta undirgrein 1. mgr. 145. gr.

Tilskipun 73/239/EBE	Tilskipun 78/473/EBE	Tilskipun 87/344/EBE	Tilskipun 88/357/EBE	Tilskipun 92/49/EBE	Tilskipun 98/78/EB	Tilskipun 2001/17/EB	Tilskipun 2002/83/EB	Tilskipun 2005/68/EB	Tilskipun 2007/44/EB	Þessi tilskipun
Fyrsta undirgrein 2. mgr. 10. gr.				Fyrsta undirgrein 2. mgr. 32. gr.			2. mgr. 40. gr.			2. mgr. 145. gr.
Önnur undirgrein 2. mgr. 10. gr.				Önnur undirgrein 2. mgr. 32. gr.						3. mgr. 145. gr.
3. mgr. 10. gr.				3. mgr. 32. gr.			3. mgr. 40. gr.			1. og 2. mgr. 146. gr.
4. mgr. 10. gr.				4. mgr. 32. gr.			4. mgr. 40. gr.			3. mgr. 146. gr.
5. mgr. 10. gr.				5. mgr. 32. gr.			5. mgr. 40. gr.			Önnur undirgrein 3. mgr. 146. gr.
6. mgr. 10. gr.				6. mgr. 32. gr.			6. mgr. 40. gr.			4. mgr. 145. gr.
11. gr.				33. gr.						—
12. gr.				56. gr.			9. gr.	13. gr.		Önnur undirgrein 25. gr.
Grein 12a							Grein 9a	14. gr. og 2. mgr. 60. gr.		26. gr.
Fyrsta undirgrein 1. og 2. mgr. 13. gr.				Fyrsta undirgrein 1. og 2. mgr. 9. gr.			Fyrsti málsliður 1. mgr. og fyrsta undirgrein 2. mgr. 10. gr.	Fyrsta undirgrein 1. og 2. mgr. 15. gr.		1. mgr. 30. gr., fyrsta undirgrein 2. mgr.
Önnur undirgrein 2. mgr. 13. gr.				Önnur undirgrein 2. mgr. 9. gr.						Önnur undirgrein 2. mgr. 30. gr.
							Annar og þriðji málsliður 1. mgr. 10. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 15. gr.		3. mgr. 30. gr.
Þriðja undirgrein 2. mgr. 13. gr.							Önnur undirgrein 2. mgr. 10. gr.	3. mgr. 60. gr.		1. mgr. 32. gr.
3. mgr. 13. gr.				3. mgr. 9. gr.			3. mgr. 10. gr.	4. mgr. 15. gr.		—

Tilskipun 73/239/EBE	Tilskipun 78/473/EBE	Tilskipun 87/344/EBE	Tilskipun 88/357/EBE	Tilskipun 92/49/EBE	Tilskipun 98/78/EB	Tilskipun 2001/17/EB	Tilskipun 2002/83/EB	Tilskipun 2005/68/EB	Tilskipun 2007/44/EB	Þessi tilskipun
14. gr.				10. gr.			11. gr.	16. gr.		33. gr.
1. og 2. mgr. og önnur undirgrein 3. mgr. 15. gr.				17. gr.			1.–3. mgr. og önnur undirgrein 4. mgr. 20. gr.	1. og 3. mgr. 32. gr.		76.–86. gr.
Fyrsta undirgrein 3. mgr. 15. gr.							Fyrsta undirgrein 4. mgr. 20. gr.	2. mgr. 32. gr.		2. mgr. 134. og 173. gr.
Grein 15a				18. gr.				33. gr.		—
16. gr.							27. gr.	35. gr., 36. gr., 8. mgr. 60. gr.		87.–99. gr.
Grein 16a							28. gr.	37.–39. gr., 9. mgr. 60. gr.		100.–127. gr.
1. mgr. 17. gr.							1. mgr. 29. gr.	1. mgr. 40. gr.		128. gr. og a–c-liður 1. mgr. og 2. mgr. 129. gr.
2. mgr. 17. gr.							2. mgr. 29. gr.	2. mgr. 40. gr.		d-liður 1. mgr. 129. gr.
Grein 17a							30. gr.	41. gr.		—
Grein 17b							28. gr. og a-liður 28. gr.	10. mgr. 60. gr.		—
18. gr.							31. gr.			—
14. gr.							11. gr.	16. gr.		33. gr.
2. mgr. 19. gr.				2. mgr. 11. gr.			2. mgr. 13. gr.	2. mgr. 17. gr.		35. gr.
a- og b-liður í fyrstu og annarri undirgrein, 3. mgr. 19. gr.			10. gr.	a- og b-liður í fyrstu og annarri undirgrein 3. mgr. 11. gr.			1. og 2. a- og b-liður í fyrstu og annarri undirgrein 3. mgr. 13. gr.	a- og b-liður fyrstu undirgreinar, 3. og 4. mgr. 17. gr.		3., 5., 6. og 7. liður 1. mgr. 34. gr.

Tilskipun 73/239/EBE	Tilskipun 78/473/EBE	Tilskipun 87/344/EBE	Tilskipun 88/357/EBE	Tilskipun 92/49/EBE	Tilskipun 98/78/EB	Tilskipun 2001/17/EB	Tilskipun 2002/83/EB	Tilskipun 2005/68/EB	Tilskipun 2007/44/EB	Þessi tilskipun
c-liður annarrar undirgreinar 3. mgr. 19. gr.			10. gr.	c-liður annarrar undirgreinar 3. mgr. 11. gr.			c-liður annarrar undirgreinar 3. mgr. 13. gr.	c-liður fyrstu undirgreinar 4. mgr. 17. gr.		8. mgr. 34. gr.
Þriðja undirgrein 3. mgr. 19. gr.			10. gr.	Þriðja undirgrein 3. mgr. 11. gr.			Þriðja undirgrein 3. mgr. 13. gr.	Önnur undirgrein 4. mgr. 17. gr.		b-liður 2. mgr. 35. gr.
1. mgr. 20. gr.							1. mgr. 37. gr.	1. mgr. 42. gr.		137. gr.
Fyrsta undirgrein 2. mgr. 20. gr.				Fyrsta undirgrein 2. mgr. 13. gr.			Fyrsta undirgrein 2. mgr. 37. gr.	Fyrsta undirgrein 2. mgr. 42. gr.		—
Önnur undirgrein 2. mgr. 20. gr.				Önnur undirgrein 2. mgr. 13. gr.			Önnur undirgrein 2. mgr. 37. gr.	Önnur undirgrein 2. mgr. 42. gr.		5. mgr. 138. gr.
Fyrsta undirgrein 3. mgr. 20. gr.				Fyrsta undirgrein 3. mgr. 13. gr.			Fyrsta undirgrein 3. mgr. 37. gr.	Fyrsta undirgrein 3. mgr. 42. gr.		—
Önnur undirgrein 3. mgr. 20. gr.				Önnur undirgrein 3. mgr. 13. gr.			Önnur undirgrein 3. mgr. 37. gr.	Önnur undirgrein 3. mgr. 42. gr.		3. mgr. 139. gr.
4. mgr. 20. gr.				4. mgr. 13. gr.						—
5. mgr. 20. gr.				Önnur undirgrein 2. mgr. og 5. mgr. 13. gr.			Önnur undirgrein 2. mgr. og 5. mgr. 37. gr.	Önnur undirgrein 2. mgr. og 4. mgr. 42. gr.		5. mgr. 138. gr.
Fyrsti málsliður fyrstu undirgreinar 1. mgr. greinar 20a.							Fyrsti málsliður 1. mgr. 38. gr.	1. mgr. 43. gr.		2. mgr. 138. gr. og 2. mgr. 139. gr.
a–e-liður annars málsliðar fyrstu undirgreinar 1. mgr. greinar 20a.							a–e-liður annars málsliðar 1. mgr. 38. gr.	a–e-liður 2. mgr. 43. gr.		1. mgr. 142. gr.
2. mgr. greinar 20a							2. mgr. 38. gr.			141. gr.

Tilskipun 73/239/EBE	Tilskipun 78/473/EBE	Tilskipun 87/344/EBE	Tilskipun 88/357/EBE	Tilskipun 92/49/EBE	Tilskipun 98/78/EB	Tilskipun 2001/17/EB	Tilskipun 2002/83/EB	Tilskipun 2005/68/EB	Tilskipun 2007/44/EB	Þessi tilskipun
3. mgr. greinar 20a							3. mgr. 38. gr.	4. mgr. 43. gr.		2. mgr. 140. gr.
4. mgr. greinar 20a							4. mgr. 38. gr.	5. mgr. 43. gr.		—
5. mgr. greinar 20a							5. mgr. 38. gr.	6. mgr. 43. gr.		2. mgr. 142. gr.
21. gr.			1. mgr. 11. gr.							—
a-, b- og d-liður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 22. gr.				14. gr.			a-, b- og d-liður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 39. gr.	a-, b- og d-liður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 44. gr.		a-, b- og c-liður 1. mgr. 144. gr.
Fyrsti málsliður annarrar undirgreinar 1. mgr. 22. gr.							Fyrsti málsliður annarrar undirgreinar 1. mgr. 39. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 44. gr.		Fyrsta undirgrein 2. mgr. 144. gr.
Annar málsliður annarrar undirgreinar 1. mgr. 22. gr.							Annar málsliður annarrar undirgreinar 1. mgr. 39. gr.			Önnur undirgrein 2. mgr. 144. gr.
2. mgr. 22. gr.							2. mgr. 39. gr.	2. mgr. 44. gr.		3. mgr. 144. gr.
1. mgr. 23. gr.							1. mgr. 51. gr.			1. mgr. 162. gr.
a–g-liður 2. mgr. 23. gr.							2. mgr. 51. gr.			a–f-liður og h-liður 2. mgr. 162. gr.
h-liður 2. mgr. 23. gr.										g-liður 2. mgr. 162. gr.
Fyrsti málsliður fyrstu undirgreinar 24. gr.							Fyrsti málsliður fyrstu undirgreinar 54. gr.			Fyrsti málsliður 165. gr.
Fyrsta undirgrein, annar málsliður og þriðja undirgrein 24. gr.							Fyrsta undirgrein, annar málsliður – þriðja undirgrein 54. gr.			—
25. gr.							55. gr.			166. gr.

Tilskipun 73/239/EBE	Tilskipun 78/473/EBE	Tilskipun 87/344/EBE	Tilskipun 88/357/EBE	Tilskipun 92/49/EBE	Tilskipun 98/78/EB	Tilskipun 2001/17/EB	Tilskipun 2002/83/EB	Tilskipun 2005/68/EB	Tilskipun 2007/44/EB	Þessi tilskipun
26. gr.							56. gr.			167. gr.
Fyrsta undirgrein 27. gr.							Fyrsta undirgrein 2. mgr. 52. gr.			Fyrsta undirgrein 168. gr.
Önnur undirgrein 27. gr.							Önnur undirgrein 2. mgr. 52. gr.			Önnur undirgrein 168. gr.
28. gr.							3. mgr. 52. gr.			170. gr.
Grein 28a				53. gr.			53. gr.			164. gr.
29. gr.							57. gr.			171. gr.
Grein 29a							58. gr.			Fyrsta, önnur og þriðja undirgrein 176. gr.
1. og 2. mgr. greinar 29b							1. og 2. mgr. 59. gr.	1. og 2. mgr. 52. gr.		1. og 2. mgr. 177. gr.
3.–6. liður greinar 29b							3.–6. mgr. 59. gr.	3. og 4. mgr. 52. gr.		—
1. mgr. og a-liður 2. mgr. 30. gr.										—
b-liður 2. mgr. 30. gr.										1. mgr. 305. gr.
4. mgr. 30. gr.										2. mgr. 305. gr.
5. mgr. 30. gr.										4. mgr. 305. gr.
31. gr.										—
32. gr.										—
33. gr.			28. gr.				62. gr.	2. mgr. 54. gr.		2. og 3. mgr. 298. gr.

Tilskipun 73/239/EBE	Tilskipun 78/473/EBE	Tilskipun 87/344/EBE	Tilskipun 88/357/EBE	Tilskipun 92/49/EBE	Tilskipun 98/78/EB	Tilskipun 2001/17/EB	Tilskipun 2002/83/EB	Tilskipun 2005/68/EB	Tilskipun 2007/44/EB	Þessi tilskipun
34. gr.	9. gr.		29. gr.		5. mgr. 11. gr.		Fjórða undirgrein 5. mgr. 6. gr.		6. gr.	—
35. gr.	10. gr.	10. gr.	32. gr.	1. mgr. 57. gr.	1.–3. mgr. 11. gr.	1. og 2. mgr. 31. gr.	1.–4. mgr. 69. gr.	1. mgr. 64. gr.	1. mgr. 7. gr.	1. mgr. 309. gr.
36. gr.	11. gr.	11. gr.	33. gr.	2. mgr. 57. gr.	4. mgr. 11. gr.	3. mgr. 31. gr.	70. gr.	2. mgr. 64. gr.	2. mgr. 7. gr.	2. mgr. 309. gr.
37. gr.			34. gr.							—
38. gr.	12. gr.	12. gr.	35. gr.	58. gr.	13. gr.	33. gr.	74. gr.	66. gr.	9. gr.	312. gr.
A-hluti viðaukans										Önnur undirgrein 2. mgr. 15. gr. og A-hluti I. viðaukans.
A-, B-hluti viðaukans										A- og B-hluti I. viðauka
C-hluti viðaukans										16. gr.
D-hluti viðaukans										—
	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 1. gr.									1. mgr. 190. gr.
	Önnur undirgrein 1. mgr. 1. gr.									2. mgr. 190. gr.
	2. mgr. 1. gr.									—
	1. mgr. 2. gr.									1. mgr. 190. gr.
	2. mgr. 2. gr.									3. mgr. 190. gr.
	3. gr.									191. gr.
	1. mgr. 4. gr.									Fyrsta og önnur undirgrein 192. gr.
	2. mgr. 4. gr.									—
	5. gr.									193. gr.

Tilskipun 73/239/EBE	Tilskipun 78/473/EBE	Tilskipun 87/344/EBE	Tilskipun 88/357/EBE	Tilskipun 92/49/EBE	Tilskipun 98/78/EB	Tilskipun 2001/17/EB	Tilskipun 2002/83/EB	Tilskipun 2005/68/EB	Tilskipun 2007/44/EB	Þessi tilskipun
	6. gr.									195. gr.
	7. gr.									194. gr.
	8. gr.									196. gr.
		1. gr.								—
		2. gr.								198. gr.
		1. mgr. 3. gr.								199. gr.
		Fyrsti málsliður fyrstu undirgreinar 2. mgr. 3. gr.								Fyrsta undirgrein 1. mgr. 200. gr.
		a- til c-liður 2. mgr. 3. gr.								2.–4. mgr. 200. gr.
		3. mgr. 3. gr.								Önnur undirgrein 1. mgr. 200. gr.
		4. gr.								201. gr.
		5. gr.								202. gr.
		6. gr.								203. gr.
		7. gr.								204. gr.
		8. gr.								205. gr.
		9. gr.								2. mgr. 16. gr.
			1. gr.							—
			a-, b- og e-liður 2. gr.							—
			c-liður 2. gr.				c-liður 1. mgr. 1. gr.	e-liður 1. mgr. 2. gr.		—
			d-liður 2. gr.							13. mgr. 13. gr.

Tilskipun 73/239/EBE	Tilskipun 78/473/EBE	Tilskipun 87/344/EBE	Tilskipun 88/357/EBE	Tilskipun 92/49/EBE	Tilskipun 98/78/EB	Tilskipun 2001/17/EB	Tilskipun 2002/83/EB	Tilskipun 2005/68/EB	Tilskipun 2007/44/EB	Þessi tilskipun
			f-liður 2. gr.	e-liður 1. gr.			h-liður 1. mgr. 1. gr.			—
			3. gr.				Annar málsliður, b-liður 1. gr.			Önnur undirgrein 1. mgr. 145. gr.
			4. gr.							187. gr.
			6. gr.							—
			a- til e-liður 1. mgr. 7. gr.							—
			f-liður 1. mgr. 7. gr.	27. gr.						—
			g-liður og 3. liður, 1. mgr. 7.gr.							—
			1. og 2. mgr. 8. gr.							1. og 2. mgr. 179. gr.
			3. mgr. 8. gr.							—
			a- og c-liður, 4. mgr. 8.gr.	1. mgr. 30. gr.						—
			d-liður, 4. mgr. 8. gr.							3. mgr. 179. gr.
			5. mgr. 8. gr.							4. mgr. 179. gr.
			12. gr.							—
			1.–3. mgr. greinar 12a							150. gr.

Tilskipun 73/239/EBE	Tilskipun 78/473/EBE	Tilskipun 87/344/EBE	Tilskipun 88/357/EBE	Tilskipun 92/49/EBE	Tilskipun 98/78/EB	Tilskipun 2001/17/EB	Tilskipun 2002/83/EB	Tilskipun 2005/68/EB	Tilskipun 2007/44/EB	Þessi tilskipun
			Fyrsta undirgrein 4. mgr. greinar 12a							151. gr.
			Annar til sjötti undirliður 4. mgr. greinar 12a							152. gr.
			14. gr.	34. gr.			41. gr.			147. gr.
			Fyrsta og önnur undirgrein, 1. mgr. 16. gr.	35. gr.			42. gr.			148. gr.
			Þriðja undirgrein 1. mgr. 16. gr.	35. gr.						2. mgr. 148. gr.
			17. gr.	36. gr.			43. gr.			149. gr.
			26. gr.							—
			27. gr.							—
			31. gr.							299. gr.
			31. gr.				2. mgr. 68. gr.			300. gr.
			I. viðauki	23. gr.			II. viðauki			—
			Viðauki 2A							—
			Viðauki 2B							—
			5. gr., 9. gr., 10. gr. og 11. gr.							—
				a-liður 1. gr.	a-liður 1. gr.	a-liður 2. gr.	a-liður 1. mgr. 1. gr.			1. mgr. 13. gr.
				b-liður 1. gr.			b-liður 1. mgr. 1. gr.	d-liður 1. mgr. 2. gr.		11. mgr. 13. gr.
				c-liður 1. gr.		e-liður 2. gr.	e-liður 1. mgr. 1. gr.	f-liður 1. mgr. 2. gr.		a-liður 8. mgr. 13. gr.

Tilskipun 73/239/EBE	Tilskipun 78/473/EBE	Tilskipun 87/344/EBE	Tilskipun 88/357/EBE	Tilskipun 92/49/EBE	Tilskipun 98/78/EB	Tilskipun 2001/17/EB	Tilskipun 2002/83/EB	Tilskipun 2005/68/EB	Tilskipun 2007/44/EB	Þessi tilskipun
				d-liður 1. gr.			f-liður 1. mgr. 1. gr.	g-liður 1. mgr. 2. gr.		—
				f-liður 1. gr.			i-liður 1. mgr. 1. gr.	i-liður 1. mgr. 2. gr.		18. mgr. 13. gr.
				g-liður 1. gr.			j-liður 1. mgr. 1. gr.	j-liður 1. mgr. 2. gr.		21. mgr. 13. gr., 2. mgr. 24. gr. og 63. gr.
				h-liður 1. gr.	d-liður 1. gr.		k-liður 1. mgr. 1. gr.	k-liður 1. mgr. 2. gr.		15. mgr. 13. gr.
				i-liður 1. gr.	e-liður 1. gr.		l-liður 1. mgr. 1. gr.	l-liður 1. mgr. 2. gr.		16. mgr. 13. gr.
				j-liður 1. gr.			m-liður 1. mgr. 1. gr.			22. mgr. 13. gr.
				k-liður 1. gr.	k-liður 1. gr.	h-liður 2. gr.	n-liður 1. mgr. 1. gr.	m-liður 1. mgr. 2. gr.		10. mgr. 13. gr.
				l-liður 1. gr.			r-liður 1. mgr. 1. gr.	n-liður 1. mgr. 2. gr.		17. mgr. 13. gr.
				a-liður l-liðar 1. gr.	f-liður 1. gr.		i-liður r-liðar 1. mgr. 1. gr.	i-liður n-liðar 1. mgr. 2. gr.		20. mgr. 13. gr.
				b-liður l-liðar 1. gr.			ii-liður r-liðar 1. mgr. 1. gr.	ii-liður n-liðar 1. mgr. 2. gr.		18. mgr. 13. gr.
				3. gr.						188. gr.
				8. gr.				12. gr.		1. mgr. 24. gr.
				2. mgr. 12. gr.			1. mgr. 14. gr.	18. gr.		1. mgr. 39. gr.
				3.–6. mgr. 12. gr.			2.–5. mgr. 14. gr.			2.–6. mgr. 39. gr.

Tilskipun 73/239/EBE	Tilskipun 78/473/EBE	Tilskipun 87/344/EBE	Tilskipun 88/357/EBE	Tilskipun 92/49/EBE	Tilskipun 98/78/EB	Tilskipun 2001/17/EB	Tilskipun 2002/83/EB	Tilskipun 2005/68/EB	Tilskipun 2007/44/EB	Þessi tilskipun
				1. og 2. mgr.15. gr.			1. og 2. mgr. 15. gr.	1. mgr. 19. gr.		57. gr.
				3. mgr. 15. gr.			3. mgr. 15. gr.	22. gr.		61. gr.
				4. mgr. 15. gr.			4. mgr. 15. gr.	23. gr.		62. gr.
				Grein 15a			Grein 15a	2.–8. mgr. 19. gr.		1.–7. mgr. 58. gr.
				Grein 15b			Grein 15b	Grein 19a		59. gr.
				Grein 15c			Grein 15c	20. gr.		60. gr.
				1. mgr. 16. gr.			1. mgr. 16. gr.	24. gr.		64. gr.
				2. mgr. 16. gr.			2. mgr. 16. gr.	25. gr.		65. gr.
				3. mgr. 16. gr.			3. mgr. 16. gr.	26. gr.		66. gr.
				4. mgr. 16. gr.			4. mgr. 16. gr.	27. gr.		67. gr.
				5. mgr. 16. gr.			5. mgr. 16. gr.	1. mgr. 28. gr.		1. mgr. 68. gr.
				Fyrsta til fjórða undirgrein málsgreinar 5b 16. gr.			Fyrsta til fjórða undirgrein 7. mgr. 16. gr.	Fyrsta til fjórða undirgrein 3. mgr. 28. gr.		3. mgr. 68. gr.
				Fimmta undirgrein málsgreinar 5b 16. gr.			Fimmta undirgrein 7. mgr. 16. gr.	Fimmta undirgrein 3. mgr. 28. gr.		4. mgr. 68. gr.
				3. mgr. 16. gr.						66. gr.
				5. mgr. c 16. gr.			8. mgr. 16. gr.	29. gr.		70. gr.
				5. mgr. a 16. gr.			6. mgr. 16. gr.	2. mgr. 28. gr.		2. mgr. 68. gr.
				a-liður 1. mgr. greinar 16a			a-liður 1. mgr. 17. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 31. gr.		a–c-liður 1. mgr. 72. gr.

Tilskipun 73/239/EBE	Tilskipun 78/473/EBE	Tilskipun 87/344/EBE	Tilskipun 88/357/EBE	Tilskipun 92/49/EBE	Tilskipun 98/78/EB	Tilskipun 2001/17/EB	Tilskipun 2002/83/EB	Tilskipun 2005/68/EB	Tilskipun 2007/44/EB	Þessi tilskipun
				b-liður 1.mgr. greinar 16a			b-liður 1. mgr. 17. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 31. gr.		Önnur undirgrein 1. mgr. 72. gr.
				2. mgr. greinar 16a			2. mgr. 17. gr.	2. mgr. 31. gr.		2. mgr. 72. gr.
				20. gr.			22. gr.			—
				21. gr.			23. gr.	1.–3. mgr. 34. gr.		—
				22. gr.			24. gr.	4. mgr. 34. gr.		—
				25. gr.						—
				28. gr.			33. gr.			180. gr.
				29. gr.						1. og 3. mgr. 181. gr.
				2. mgr. 30. gr.						2. mgr. 181. gr.
				31. gr.						183. gr.
				38. gr.			44. gr.			153. gr.
				2. og 3. mgr. 39. gr.			45. gr.			154. gr.
				2. mgr. 40. gr.			1. mgr. 46. gr.			8. mgr. 155. gr.
				3. mgr. 40. gr.			2. mgr. 46. gr.			1. mgr. 155. gr.
				4., 6.–8. og 10. mgr. 40. gr.			3., 5.–7. og 9. mgr. 46. gr.			2., 4.–6. og 9. mgr. 155. gr.
				5. mgr. 40. gr.			4. mgr. 46. gr.			3. mgr. 155. gr.
				9. mgr. 40. gr.			8. mgr. 46. gr.			7. mgr. 155. gr.
				41. gr.			47. gr.			156. gr.
				2. mgr. 42. gr.			48. gr.			160. gr.
				2. og 3. mgr. 43. gr.						184. gr.

Tilskipun 73/239/EBE	Tilskipun 78/473/EBE	Tilskipun 87/344/EBE	Tilskipun 88/357/EBE	Tilskipun 92/49/EBE	Tilskipun 98/78/EB	Tilskipun 2001/17/EB	Tilskipun 2002/83/EB	Tilskipun 2005/68/EB	Tilskipun 2007/44/EB	Þessi tilskipun
				2. mgr. 44. gr.			49. gr.			159. gr. og V. viðauki
				2. mgr. 45. gr.						189. gr.
				Fyrsta og þriðja undirgrein 2. mgr. 46. gr.			Fyrsta og þriðja undirgrein 1. mgr. og 2. mgr. 50. gr.			157. gr.
				47.–50. gr.						—
				51. gr.			64. gr.	56. gr.		—
				Síðasti undirliður 51. gr.					4. mgr. 1. gr.	8. mgr. 58. gr.
				52. gr.						—
				54. gr.						206. gr.
				55. gr.						207. gr.
				24. og 26. gr.						—
				1. mgr. 12. gr., 19. gr., 33. gr., 37. gr., 1. mgr. 39. gr., 1. mgr. 40. gr., 1. mgr. 42. gr., 1. mgr. 43. gr., 1. mgr. 44. gr., 1. mgr. 45. gr., 1. mgr. 46. gr.						—
					b-liður 1. gr.					3. mgr. 13. gr.

Tilskipun 73/239/EBE	Tilskipun 78/473/EBE	Tilskipun 87/344/EBE	Tilskipun 88/357/EBE	Tilskipun 92/49/EBE	Tilskipun 98/78/EB	Tilskipun 2001/17/EB	Tilskipun 2002/83/EB	Tilskipun 2005/68/EB	Tilskipun 2007/44/EB	Þessi tilskipun
					c-liður 1. gr.		s-liður 1. mgr. 1. gr.	c-liður 1. mgr. 2. gr.		4. mgr. 13. gr.
					g-liður 1. gr.					a-liður 1. mgr. 212. gr.
					h-liður 1. gr.					b-liður 1. mgr. 212. gr.
					i-liður 1. gr.			i-liður a-liðar 2. mgr. 59. gr.		f-liður 1. mgr. 210. gr.
					j-liður 1. gr.			j-liður a-liðar 2. mgr. 59. gr.		g-liður 1. mgr. 210. gr.
					l-liður 1. gr.			b-liður 2. mgr. 59. gr.		6. mgr. 13. gr.
					2. gr.			3. mgr. 59. gr.		1. mgr. 214. gr.
					3. gr.			3. mgr. 59. gr.		fyrsta og önnur undirgrein 1. og 2. mgr. 214. gr.
					4. gr.			3. mgr. 59. gr.		1. mgr. 247. gr.
					1. mgr. 5. gr.			4. mgr. 59. gr.		246. gr.
					2. mgr. 5. gr.					1. mgr. 254. gr.
					6. gr.			5. mgr. 59. gr.		2. mgr. 254. gr., 1. og 2. mgr. 255. gr.
					7. gr.			5. mgr. 59. gr.		1. mgr. 249. gr., 252. gr., 253. gr.

Tilskipun 73/239/EBE	Tilskipun 78/473/EBE	Tilskipun 87/344/EBE	Tilskipun 88/357/EBE	Tilskipun 92/49/EBE	Tilskipun 98/78/EB	Tilskipun 2001/17/EB	Tilskipun 2002/83/EB	Tilskipun 2005/68/EB	Tilskipun 2007/44/EB	Þessi tilskipun
					8. gr.			5. mgr. 59. gr.		245. gr., 246. gr., 1. mgr. 258. gr.
					9. gr.			6. mgr. 59. gr.		218. gr., 219. gr., 1. mgr. 258. gr.
					10. gr.			7. mgr. 59. gr.		218. gr., 219. gr., 1. mgr. 258. gr., 260.–263. gr.
					Grein 10a			8. mgr. 59. gr.		264. gr.
					Grein 10b					257. gr.
					12. gr.	32. gr.	73. gr.	65. gr.	1. mgr. 8. gr.	311. gr.
					I. viðauki			9. mgr. 59. gr. og II. viðauki		213.–215. gr., 218.–246. gr.
					II. viðauki			9. mgr. 59. gr. og II. viðauki		215.–217. gr., 220.–243. gr.
						2. mgr. 1. gr.				267. gr.
						b-liður 2. gr.				b-liður 1. mgr. 268. gr.
						c-liður 2. gr.				c-liður 1. mgr. 268. gr.
						d-liður 2. gr.				d-liður 1. mgr. 268. gr.
						f-liður 2. gr.		h-liður 1. mgr. 2. gr.		9. mgr. 13. gr.
						g-liður 2. gr.				a-liður 1. mgr. 268. gr.

Tilskipun 73/239/EBE	Tilskipun 78/473/EBE	Tilskipun 87/344/EBE	Tilskipun 88/357/EBE	Tilskipun 92/49/EBE	Tilskipun 98/78/EB	Tilskipun 2001/17/EB	Tilskipun 2002/83/EB	Tilskipun 2005/68/EB	Tilskipun 2007/44/EB	Þessi tilskipun
						i-liður 2. gr.				e-liður 1. mgr. 268. gr.
						j-liður 2. gr.				f-liður 1. mgr. 268. gr.
						k-liður 2. gr.				g-liður 1. mgr. 268. gr.
						3. gr.				—
						4. gr.				269. gr.
						5. gr.				270. gr.
						6. gr.				271. gr.
						7. gr.				272. gr.
						8. gr.				273. gr.
						9. gr.				274. gr.
						10. gr.				275. gr.
						11. gr.				277. gr.
						12. gr.				278. gr.
						13. gr.				279. gr.
						14. gr.				280. gr.
						15. gr.				281. gr.
						16. gr.				282. gr.
						17. gr.				283. gr.
						18. gr.				284. gr.
						19. gr.				285. gr.
						20. gr.				286. gr.
						21. gr.				287. gr.
						22. gr.				288. gr.
						23. gr.				289. gr.
						24. gr.				290. gr.
						25. gr.				291. gr.
						26. gr.				292. gr.

Tilskipun 73/239/EBE	Tilskipun 78/473/EBE	Tilskipun 87/344/EBE	Tilskipun 88/357/EBE	Tilskipun 92/49/EBE	Tilskipun 98/78/EB	Tilskipun 2001/17/EB	Tilskipun 2002/83/EB	Tilskipun 2005/68/EB	Tilskipun 2007/44/EB	Þessi tilskipun
						27. gr.				293. gr.
						28. gr.				294. gr.
						29. gr.				295. gr.
						1. mgr. 30. gr.				2. mgr. 268. gr.
						2. mgr. 30. gr.				296. gr.
						Viðauki				276. gr.
							d-liður 1. mgr. 1. gr.			—
							g-liður 1. mgr. 1. gr.			14. mgr. 13. gr.
							q-liður 1. mgr. 1. gr.			—
							2. mgr. 1. gr.	3. mgr. 2. gr.		—
							1. mgr. 2. gr.			3. mgr. 2. gr.
							2., 3. og 8. mgr. 3. gr.			9. gr.
							5. og 7 mgr. 3. gr.			10. gr.
							6. mgr. 3. gr.			—
							Önnur og þriðja undirgrein 2. mgr. 5. gr.			Þriðji undirliður 2. mgr. og annar undirliður 3. mgr. 15. gr.
							Fyrsta og önnur undirgrein 5. mgr. 6. gr.			1. mgr. 21. gr.

Tilskipun 73/239/EBE	Tilskipun 78/473/EBE	Tilskipun 87/344/EBE	Tilskipun 88/357/EBE	Tilskipun 92/49/EBE	Tilskipun 98/78/EB	Tilskipun 2001/17/EB	Tilskipun 2002/83/EB	Tilskipun 2005/68/EB	Tilskipun 2007/44/EB	Þessi tilskipun
							e-liður 7. gr.			f-liður 2. mgr. 23. gr.
							8. gr.	12. gr.		1. mgr. 24. gr.
							12. gr.			208. gr.
							9. mgr. 16. gr.	30. gr.		69. gr.
							1.–6. mgr. 18. gr.			73. gr.
							7. mgr. 18. gr.			—
							Fyrsti undirliður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 19. gr.			1. mgr. 74. gr.
							Annar undirliður annarrar undirgreinar 1. mgr. 19. gr.			Önnur undirgrein 3. mgr. 74. gr.
							Önnur undirgrein 1. mgr., 2. og 3. mgr. 19. gr.			4.–7. mgr. 74. gr.
							21. gr.			209. gr.
							25. gr.			—
							26. gr.			—
							32. gr.			—
							34. gr.			182. gr.
							35. gr.			186. gr.
							1. mgr. 36. gr.			1. mgr. 185. gr.
							2. mgr. 36. gr.			Fyrsti málsliður 4. mgr. 185. gr.
							Viðauki IIIA			6. mgr. 185. gr.

Tilskipun 73/239/EBE	Tilskipun 78/473/EBE	Tilskipun 87/344/EBE	Tilskipun 88/357/EBE	Tilskipun 92/49/EBE	Tilskipun 98/78/EB	Tilskipun 2001/17/EB	Tilskipun 2002/83/EB	Tilskipun 2005/68/EB	Tilskipun 2007/44/EB	Þessi tilskipun
							3. mgr. 36. gr.			7. mgr. 185. gr.
							41. gr.			147. gr.
							1.–3. mgr. 42. gr.			1., 3. og 4. mgr. 148. gr.
							43. gr.			149. gr.
							45. gr.			—
							48. gr.			160. gr.
							49. gr.			159. gr.
							a–g- liður 2. mgr. 51. gr.			a–e, g- og h-liður 2. mgr. 162. gr.
							3. og 4. mgr. 51. gr.			163. gr.
							1. mgr. 52. gr.			169. gr.
							1. og 2. mgr. 55. gr.			1. og 2. mgr. 166. gr.
							56. gr.			167. gr.
							1. og 2. mgr. 59. gr.	1. og 2. mgr. 52. gr.		1. og 2. mgr. 177. gr.
							3. og 6. mgr. 59. gr.	3. og 4. mgr. 52. gr.		—
							1. mgr. 60. gr.			Önnur og þriðja undirgrein 2. mgr. 305. gr.
							2. mgr. 60. gr.			3. mgr. 305. gr.
			31. gr.				61. gr.			43. gr.
							65. gr.	55. gr.		1. og 3. mgr. 301. gr.

Tilskipun 73/239/EBE	Tilskipun 78/473/EBE	Tilskipun 87/344/EBE	Tilskipun 88/357/EBE	Tilskipun 92/49/EBE	Tilskipun 98/78/EB	Tilskipun 2001/17/EB	Tilskipun 2002/83/EB	Tilskipun 2005/68/EB	Tilskipun 2007/44/EB	Þessi tilskipun
							66. gr.			308. gr.
							67. gr.	53. gr.		297. gr.
							1. mgr. 68. gr.			—
							71. gr.			—
							72. gr.			310. gr.
							I. viðauki			II. viðauki
							III. viðauki			a–c- liður 2. mgr., 3. mgr. og fyrsti undirliður 5. mgr. 185. gr.
							IV. viðauki			—
							V. viðauki			VI. viðauki
							VI. viðauki			VII. viðauki
								d-liður 2. mgr. 1. gr.		11. gr.
								a-liður 1. mgr. 2. gr.		7. mgr. 13. gr.
								b-liður 1. mgr. 2. gr.		—
								h-liður 1. mgr. 2. gr.		9. mgr. 13. gr.
								o-liður 1. mgr. 2. gr.		25. mgr. 13. gr.
								p-liður 1. mgr. 2. gr.		26. mgr. 13. gr.
								q-liður 1. mgr. 2. gr.		3. mgr. 210. gr.
								2. mgr. 2. gr.		—

Tilskipun 73/239/EBE	Tilskipun 78/473/EBE	Tilskipun 87/344/EBE	Tilskipun 88/357/EBE	Tilskipun 92/49/EBE	Tilskipun 98/78/EB	Tilskipun 2001/17/EB	Tilskipun 2002/83/EB	Tilskipun 2005/68/EB	Tilskipun 2007/44/EB	Þessi tilskipun
								2. mgr. 4. gr.		5. mgr. 15. gr.
								Fyrsta undirgrein 1. mgr. og 2. mgr. 5. gr.		1. og 2. mgr. 17. gr. og viðauki IIIC,
								1. mgr. 9. gr.		4. mgr. 21. gr.
								b-liður 1. mgr. 11. gr.		b-liður 1. mgr. 23. gr.
								3. mgr. 15. gr.		2. mgr. 32. gr.
								21. gr.		—
								45. gr.		—
								46. gr.		1. og 2. mgr. 211. gr.
								47. gr.		158. gr.
								48. gr.		161. gr.
								50. gr.		175. gr.
								51. gr.		176. gr.
								1. mgr. 54. gr.		1. mgr. 298. gr.
								61. gr.		308. gr.
								62. gr.		12. gr.
								63. gr.		307. gr.
								57., 58., 59. og 60. gr. II. viðauka,		—
									4. mgr 1. gr., 4. mgr. 2. gr. og 6. mgr. 4. gr.	8. mgr. 58. gr.
									2. mgr. 8. gr.	312. gr.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/96**

frá 5. febrúar 2010

um föst samningsákvæði vegna flutnings persónuupplýsinga til vinnsluaðila með staðfestu í þriðju löndum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 593)

(2010/87/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([1]), einkum 4. mgr. 26. gr.,

að höfðu samráði við Evrópsku persónuverndarstofnunina,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt tilskipun 95/46/EB er aðildarríkjunum gert að kveða á um að einungis megi flytja persónuupplýsingar til þriðja lands ef það land tryggir fullnægjandi gagnavernd og ef farið hefur verið að lögum aðildarríkisins, sem samrýmast öðrum ákvæðum tilskipunarinnar, áður en flutningurinn á sér stað.

2) Í 2. mgr. 26. gr. tilskipunar 95/46/EB er þó kveðið á um að aðildarríkjum sé heimilt að leyfa, með fyrirvara um tilteknar verndarráðstafanir, flutning eða röð flutninga á persónuupplýsingum til þriðju landa sem tryggja ekki fullnægjandi vernd. Slíkar verndarráðstafanir er einkum hægt að gera með hliðsjón af viðeigandi samningsákvæðum.

3) Samkvæmt tilskipun 95/46/EB skal meta gagnavernd með hliðsjón af öllum kringumstæðum sem hafa áhrif á gagnaflutningsaðgerð eða röð gagnaflutningsaðgerða. Starfshópur um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem komið var á fót samkvæmt þeirri tilskipun, hefur gefið út leiðbeiningar um slíkt mat.

4) Föst samningsákvæði skulu einungis tengjast gagnavernd. Gagnaútflytjandanum og gagnainnflytjandanum er því frjálst að setja inn önnur ákvæði um viðskiptatengd málefni sem þeir telja vera mikilvæg í samningnum svo framarlega sem þau stangast ekki á við föstu samningsákvæðin.

5) Ákvörðun þessi skal ekki hafa áhrif á landsbundin leyfi sem aðildarríkin kunna að veita í samræmi við ákvæði landslaga til framkvæmdar 2. mgr. 26. gr. tilskipunar 95/46/EB. Þessi ákvörðun skal einungis hafa þau áhrif að aðildarríkin geti ekki neitað að viðurkenna að föstu samningsákvæðin, sem hér er lýst, tryggi fullnægjandi vernd og hefur hún þess vegna engin áhrif á önnur samningsákvæði.

6) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/16/EB frá 27. desember 2001 um staðlaða samningsskilmála vegna flutnings persónuupplýsinga til vinnsluaðila með staðfestu í þriðju löndum samkvæmt tilskipun 95/46/EB ([2]) var samþykkt til að auðvelda flutning persónuupplýsinga frá ábyrgðaraðila gagna með staðfestu í Evrópusambandinu til vinnsluaðila með staðfestu í þriðja landi, sem veitir ekki fullnægjandi vernd.

7) Mikil reynsla hefur fengist síðan ákvörðun 2002/16/EB var samþykkt. Auk þess hefur skýrslan um framkvæmd ákvarðana um föst samningsákvæði vegna flutnings persónuupplýsinga til þriðju landa ([3]) leitt í ljós að vaxandi áhugi er á að stuðla að notkun fastra samningsákvæða við flutninga á persónuupplýsingum til þriðju landa sem veita ekki fullnægjandi vernd. Auk þess hafa hagsmunaaðilar lagt fram tillögur með það fyrir augum að uppfæra föstu samningsákvæðin, sem sett eru fram í ákvörðun 2002/16/EB, svo taka megi tillit til ört vaxandi umfangs gagnavinnslu í heiminum og fjalla um mál sem sú ákvörðun nær ekki til ([4]).

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 39, 12.2.2010, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptapjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 63.

([1]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

([2]) Stjtíð. EB L 6, 10.01.2002, bls. 52.

([3]) SEC(2006) 95, 20.1.2006.

([4]) Alþjóðaverslunarráðið (ICC), Japan Business Council in Europe (JBCE), EU Committee of the American Chamber of Commerce in Belgium (Amcham) og Federation of European Direct Marketing Associations (FEDMA).

8) Gildissvið þessarar ákvörðunar skal takmarkast við að fastsetja að ábyrgðaraðili gagna, sem hefur staðfestu í Evrópusambandinu, geti notað ákvæðin í viðaukanum til að tryggja fullnægjandi verndarráðstafanir í skilningi 2. mgr. 26. gr. tilskipunar 95/46/EB við flutning persónuupplýsinga til vinnsluaðila með staðfestu í þriðja landi.

9) Þessi ákvörðun gildir ekki um flutning ábyrgðaraðila gagna, sem hafa staðfestu í Evrópusambandinu, á persónuupplýsingum til ábyrgðaraðila sem hafa staðfestu utan Evrópusambandsins og falla undir gildissvið ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/497/EB frá 15. júní 2001 um föst samningsákvæði vegna flutnings persónuupplýsinga til þriðju landa samkvæmt tilskipun 95/46/EB ([1]).

10) Þessi ákvörðun er til framkvæmdar þeirri skyldu, sem kveðið er á um í 3. mgr. 17. gr., í tilskipun 95/46/EB og skal ekki hafa áhrif á efni samninga eða löggerninga sem eru gerðir samkvæmt því ákvæði. Þó ber að taka með sum af föstu samningsákvæðunum, einkum þau er varða skyldur gagnaútflytjanda, til að auka skýrleika varðandi þau ákvæði sem kunna að vera í samningi milli ábyrgðaraðila og vinnsluaðila.

11) Eftirlitsyfirvöld aðildarríkisins gegna lykilhlutverki í þessu samningaferli að því er varðar að tryggja að persónuupplýsingar séu nægilega verndaðar eftir flutninginn. Í undantekningartilvikum, þar sem gagnaútflytjendur neita að gefa gagnainnflytjandanum fullnægjandi fyrirmæli, eða eru ófærir um það, og hætta er á því að skráðu aðilarnir verði fyrir miklum skaða, skulu föstu samningsákvæðin veita eftirlitsyfirvöldum rétt til að gera úttekt hjá gagnainnflytjendum og undirverktökum og, ef við á, til að taka ákvarðanir sem eru bindandi fyrir gagnainnflytjendur og undirverktaka. Eftirlitsyfirvöld skulu hafa vald til að banna eða stöðva tímabundið gagnaflutning eða röð gagnaflutninga á grundvelli fastra samningsákvæða í þeim undantekningartilvikum þar sem staðfest er að flutningur á grundvelli samningsákvæða er líklegur til að hafa veruleg neikvæð áhrif á ábyrgðir og skyldur sem veita skráða aðilanum nægilega vernd.

12) Í föstum samningsákvæðum skal kveðið á um að tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir sem gagnavinnsluaðili, sem hefur staðfestu í þriðja landi sem ekki veitir fullnægjandi vernd, verður að taka upp til að tryggja nægilegt öryggi miðað við áhættuna sem vinnslan hefur í för með sér og það hvers eðlis þau gögn eru sem á að vernda. Í samningnum skulu málsaðilar kveða á um þessar tæknilegu og skipulagslegu ráðstafanir sem, að teknu tilliti til gildandi laga um gagnavernd, stöðu tækninnar og kostnaðar við framkvæmdina, eru nauðsynlegar til að verja persónuupplýsingar gegn óviljandi eða ólöglegri eyðileggingu eða að þær glatist fyrir slysni, gegn breytingum, óleyfilegum afhendingum eða aðgangi eða allri annarri ólöglegri vinnslu.

13) Til að auðvelda gagnaflæði frá Evrópusambandinu er æskilegt að vinnsluaðilar, sem veita mörgum ábyrgðaraðilum gagna í Evrópusambandinu gagnavinnsluþjónustu, fái leyfi til að beita sömu tæknilegu og skipulagslegu öryggisráðstöfunum, óháð því frá hvaða aðildarríki gögnin eru flutt, einkum í þeim tilvikum þar sem gagnainnflytjandinn tekur við gögnum til frekari vinnslu frá mismunandi starfsstöðvum útflutningsaðila í Evrópusambandinu, en þá gilda lög þess aðildarríkis þar sem starfsstöðin er staðsett.

14) Rétt er að mæla fyrir um lágmark þeirra upplýsinga sem aðilarnir skulu tilgreina í samningnum um flutninginn. Aðildarríki skulu halda rétti sínum til að ákveða nánar hvaða upplýsingar aðilunum er gert að láta í té. Endurskoða skal framkvæmd þessarar ákvörðunar í ljósi reynslunnar.

15) Gagnainnflytjandinn skal einungis vinna úr persónuupplýsingum, sem hafa verið fluttar, fyrir hönd gagnaútflytjandans og í samræmi við fyrirmæli hans og þær skyldur sem felast í ákvæðunum. Einkum ætti gagnainnflytjandi ekki að afhenda þriðja aðila persónuupplýsingar ef skriflegt fyrirframsamþykki gagnaútflytjanda liggur ekki fyrir. Gagnaútflytjandinn skal gefa gagnainnflytjandanum fyrirmæli á meðan á gagnavinnslu stendur um að vinna úr gögnunum í samræmi við fyrirmæli hans, gildandi lög um gagnavernd og þær skyldur sem felast í ákvæðunum.

16) Í skýrslunni um framkvæmd ákvarðana um föst samningsákvæði vegna flutnings persónuupplýsinga til þriðju landa var mælt með því að koma á viðeigandi föstum samningsákvæðum um frekari flutning frá gagnavinnsluaðila, sem hefur staðfestu í þriðja landi, áfram til annars gagnavinnsluaðila (að ráðstafa gagnavinnslu til undirverktaka) svo taka megi tillit til þróunar viðskiptavenja í átt að síaukinni hnattvæðingu á sviði gagnavinnslu.

([1]) Stjtíð. EB L 181, 4.7.2001, bls. 19.

17) Í þessari ákvörðun skulu vera sérstök föst samningsákvæði um ráðstöfun á gagnavinnsluþjónustu gagnavinnsluaðila, sem er með staðfestu í þriðja landi, (gagnainnflytjandinn) til annarra gagnavinnsluaðila (undirverktaka) sem eru með staðfestu í þriðju löndum. Í þessari ákvörðun skulu að auki sett fram þau skilyrði sem ráðstöfun á gagnavinnslu til undirverktaka á að uppfylla til að tryggja að persónuupplýsingarnar, sem fluttar eru, njóti áfram verndar þrátt fyrir flutning til undirverktaka.

18) Þá skal ráðstöfun til undirverktaka aðeins fela í sér þær aðgerðir sem samþykktar eru í samningnum milli gagnaútflytjanda og gagnainnflytjanda og sem innihaldur föstu samningsákvæðin sem kveðið er á um í þessari ákvörðun og þessi ráðstöfun skal ekki ná yfir annars konar gagnavinnslu eða hafa annan tilgang svo að meginreglan um takmörkun vegna tilgangs, sem sett er fram í tilskipun 95/46/EB, sé virt. Enn fremur, ef undirverktakinn uppfyllir ekki þær skyldur sem á honum hvíla samkvæmt samningnum að því er varðar gagnavinnslu, skal gagnainnflytjandinn áfram bera ábyrgð gagnvart gagnaútflytjandanum. Flutningur persónuupplýsinganna til vinnsluaðila, sem hafa staðfestu utan Evrópusambandsins, skal ekki hafa áhrif á þá staðreynd að gagnavinnsla heyrir undir gildandi lög um gagnavernd.

19) Föst samningsákvæði skulu vera aðfararhæf, ekki aðeins af hálfu fyrirtækjanna, sem eru aðilar að samningnum, heldur einnig skráðu aðilanna, einkum ef skráðu aðilarnir verða fyrir tjóni vegna brots á samningnum.

20) Hinn skráði skal eiga rétt á að grípa til aðgerða og, ef við á, taka við bótum frá gagnaútflytjandanum sem er ábyrgðaraðili persónuupplýsinganna sem hafa verið fluttar. Í undantekningartilvikum getur skráði aðilinn einnig átt rétt á því að grípa til aðgerða og, ef við á, fá bætur frá gagnainnflytjandanum ef hann eða einhver af undirverktökum hans hefur ekki staðið við einhverjar þær skyldur sínar sem um getur í 2. mgr. 3. ákvæðis, þegar gagnaútflytjandinn er ekki lengur til í bókstaflegri eða lagalegri merkingu eða er ógjaldfær. Í undantekningartilvikum getur skráði aðilinn einnig átt rétt á því að grípa til aðgerða og, ef við á, fá bætur frá undirverktaka í þeim tilvikum þegar hvorki gagnaútflytjandinn né gagnainnflytjandinn eru lengur til í bókstaflegri eða lagalegri merkingu eða eru ógjaldfærir. Bótaábyrgð undirverktakans skal takmörkuð við hans eigin gagnavinnslu samkvæmt samningsákvæðum.

21) Ef ágreiningur rís milli skráðs aðila, sem skírskotar til samningsákvæðisins um rétt þriðja aðila, og gagna innflytjanda, og ágreiningurinn verður ekki leystur á vinsamlegan hátt, ber gagnainnflytjanda að gefa skráða aðilanum kost á að velja milli sáttaumleitunar og málssóknar. Skráði aðilinn á kost á því að velja að því marki sem áreiðanlegt og viðurkennt kerfi sáttaumleitana er tiltækt. Eftirlitsyfirvöld með gagnavernd í aðildarríkinu þar sem gagnaútflytjandinn hefur staðfestu skulu gefa kost á sáttaumleitun ef slík þjónusta er fyrir hendi.

22) Lögin, sem gilda um samninginn, skulu vera lög aðildarríkisins þar sem gagnaútflytjandinn hefur staðfestu, sem gerir rétthafa þriðja aðila kleift að framfylgja samningi. Leyfilegt skal vera að félög eða aðrir aðilar séu í forsvari fyrir skráða aðila ef þess er óskað og leyfilegt er samkvæmt landslögum. Sömu lög skulu einnig gilda um ákvæðin um gagnavernd í hverjum þeim samningi sem gerður er við undirverktaka um ráðstöfun á vinnslu persónuupplýsinganna sem gagnaútflytjandi flytur til gagnainnflytjanda samkvæmt samningsákvæðum.

23) Þar sem þessi ákvörðun gildir einungis um þær aðstæður þegar gagnavinnsluaðili, með staðfestu í þriðja landi, semur við undirverktaka, með staðfestu í þriðja landi, um gagnavinnslu sína gildir hún ekki um þær aðstæður þegar gagnavinnsluaðili með staðfestu í Evrópusambandinu, sem innir af hendi vinnslu persónuupplýsinga fyrir hönd ábyrgðaraðila með staðfestu í Evrópusambandinu, semur við undirverktaka með staðfestu í þriðja landi um gagnavinnslu sína. Við slíkar aðstæður er aðildarríkjum frjálst að velja hvort þau taki tillit til þeirrar staðreyndar að meginreglurnar og verndarráðstafanirnar í föstu samningsákvæðunum, sem sett eru fram í þessari ákvörðun, hafa verið notaðar til að semja við undirverktaka með staðfestu í þriðja landi um gagnavinnslu í því skyni að vernda á fullnægjandi hátt réttindi skráðra aðila hvað varðar flutning á persónuupplýsingum hans til vinnslu hjá undirverktaka.

24) Starfshópur um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem komið var á fót skv. 29. gr. tilskipunar 95/46/EB, hefur skilað áliti um umfang verndar, sem kveðið er á um í föstu samningsákvæðunum sem fylgja með ákvörðun þessari í viðauka og tekið hefur verið tillit til þess við gerð þessarar ákvörðunar.

25) Því ber að fella ákvörðun 2002/16/EB úr gildi.

26) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Föstu samningsákvæðin, sem sett eru fram í viðaukanum, eru talin vera fullnægjandi trygging fyrir vernd einkalífsins og grundvallarréttinda og mannfrelsis og að njóta sams konar réttinda og kveðið er á um í 2. mgr. 26. gr. tilskipunar 95/46/EB.

2. gr.

Ákvörðun þessi lýtur eingöngu að því hvort veitt sé nægileg vernd með föstu samningsákvæðunum, sem sett eru fram í viðaukanum, vegna flutnings á persónuupplýsingum til vinnsluaðila. Hún hefur ekki áhrif á beitingu annarra ákvæða landslaga til framkvæmdar tilskipun 95/46/EB sem varða vinnslu persónuupplýsinga í aðildarríkjunum.

Ákvörðun þessi tekur til flutnings ábyrgðaraðila, sem hafa staðfestu í Evrópusambandinu, á persónuupplýsingum til viðtakenda sem hafa staðfestu utan yfirráðasvæðis Evrópusambandsins og eru einungis vinnsluaðilar.

3. gr.

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „sérstakir gagnaflokkar“: gögnin sem um getur í 8. gr. tilskipunar 95/46/EB,

b) „eftirlitsyfirvald“: yfirvaldið sem um getur í 28. gr. tilskipunar 95/46/EB,

c) „gagnaútflytjandi “: ábyrgðaraðilinn sem flytur persónuupplýsingarnar,

d) „gagnainnflytjandi“: vinnsluaðilinn sem hefur staðfestu í þriðja landi og samþykkir að taka við persónuupplýsingum frá gagnaútflytjanda sem eru ætlaðar til vinnslu fyrir hönd gagnaútflytjandans eftir flutninginn í samræmi við fyrirmæli hans og skilmála þessarar ákvörðunar og sem heyrir ekki undir kerfi þriðja lands sem tryggir fullnægjandi vernd í skilningi 1. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB,

e) „undirverktaki": vinnsluaðili sem ráðinn er af gagnainnflytjanda eða einhverjum af undirverktökum hans og sem samþykkir að taka við persónuupplýsingum frá gagnainnflytjanda eða einhverjum af undirverktökum hans, sem eru eingöngu ætlaðar til vinnslu fyrir hönd gagnaútflytjandans eftir flutninginn, í samræmi við fyrirmæli gagnaútflytjandans, föstu samningsákvæðin sem sett eru fram í viðaukanum og skilmála skriflega samningsins um ráðstöfun gagnavinnslu til undirverktaka,

f) „gildandi lög um gagnavernd“: löggjöf sem verndar grundvallarréttindi og mannfrelsi einstaklinga, einkum rétt þeirra til friðhelgi einkalífsins með tilliti til vinnslu persónuupplýsinga, sem gildir um ábyrgðaraðila gagna í aðildarríkinu þar sem gagnaútflytjandinn hefur staðfestu,

g) „tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir“: ráðstafanir sem miða að því að vernda persónuupplýsingar gegn óviljandi eða ólöglegri eyðileggingu eða að þær glatist fyrir slysni, gegn breytingum, óleyfilegum afhendingum eða aðgangi, einkum þar sem vinnslan felur í sér gagnaflutning um net, og gegn allri annarri ólöglegri vinnslu.

4. gr.

1. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum geta, án þess að það hafi áhrif á heimild þeirra til að grípa til aðgerða til að tryggja að farið sé að ákvæðum landslaga, sem eru samþykkt skv. II., III., V. og VI. kafla tilskipunar 95/46/EB, beitt heimildum sínum til að banna eða stöðva tímabundið gagnasendingar til þriðju landa í því skyni að vernda einstaklinga með tilliti til vinnslu persónuupplýsinga um þá í tilvikum þar sem:

a) staðfest hefur verið að samkvæmt þeim lögum, sem gagnainnflytjandi eða undirverktaki heyra undir, sé þess krafist að hann víki frá gildandi lögum um gagnavernd sem ganga lengra en nauðsynlegar takmarkanir sem krafist er í lýðræðisþjóðfélagi, eins og kveðið er á um í 13. gr. tilskipunar 95/46/EB, ef líklegt er að kröfur þessar hafi veruleg neikvæð áhrif á þá tryggingu sem gildandi lög um gagnavernd og föstu samningsákvæðin veita, eða

b) lögbært yfirvald hefur staðfest að gagnainnflytjandinn eða undirverktaki hafi ekki virt föstu samningsákvæðin í viðaukanum, eða

c) verulegar líkur eru á því að föstu samningsákvæðunum í viðaukanum sé ekki eða verði ekki hlítt og að áframhaldandi gagnaflutningur myndi stofna hinum skráðu í hættu á að skaðast alvarlega.

2. Banni eða tímabundinni stöðvun skv. 1. mgr. skal aflétt um leið og ástæður bannsins eða stöðvunarinnar eru ekki lengur fyrir hendi.

3. Þegar aðildarríki samþykkja ráðstafanir, skv. 1. og 2. mgr., skulu þau án tafar tilkynna það framkvæmdastjórninni sem sendir upplýsingarnar áfram til hinna aðildarríkjanna.

5. gr.

Framkvæmdastjórnin skal meta framkvæmd ákvörðunar þessarar á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga þremur árum eftir samþykkt hennar. Hún skal leggja skýrslu um niðurstöðurnar fyrir nefndina sem komið var á fót skv. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB. Þar skulu koma fram sannanir, ef einhverjar eru, sem gætu haft áhrif á mat á því hvort föstu samningsákvæðin í viðaukanum séu fullnægjandi og hverjar þær sannanir sem kunna að liggja fyrir um að ákvörðun þessari sé beitt til mismununar.

6. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 15. maí 2010.

7. gr.

1. Ákvörðun 2002/16/EB fellur úr gildi frá og með 15. maí 2010.

2. Samningur, sem gerður er á milli gagnaútflytjanda og gagnainnflytjanda samkvæmt ákvörðun 2002/16/EB fyrir 15. maí 2010, skal halda gildi sínu á meðan flutningar og gagnavinnsla, sem eru efni samningsins, haldast óbreytt og persónuupplýsingar, sem falla undir þessa ákvörðun, eru áfram fluttar á milli samningsaðilanna. Ákveði samningsaðilar að gera breytingar hvað þetta varðar eða að semja við undirverktaka um gagnavinnsluna, sem er efni samningsins, skal þess krafist að þeir geri nýjan samning sem er í samræmi við föstu samningsákvæðin sem sett eru fram í viðaukanum.

8. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jacques BARROT

varaforseti.

VIÐAUKI

FÖST SAMNINGSÁKVÆÐI (VINNSLUAÐILAR)

að því er varðar 2. mgr. 26. gr. tilskipunar 95/46/EB vegna flutnings persónuupplýsinga til vinnsluaðila með staðfestu í þriðju löndum sem tryggja ekki fullnægjandi gagnavernd

Heiti fyrirtækis sem flytur út gögnin: .....

Heimilisfang: .....

Sími: ..... bréfasími: ..... tölvupóstfang: .....

Aðrar nauðsynlegar upplýsingar til að auðkenna fyrirtækið:

.....

(gagnaútflytjandi)

og

Heiti fyrirtækis sem flytur inn gögnin: .....

Heimilisfang: .....

Sími: ..... bréfasími: ..... tölvupóstfang: .....

Aðrar nauðsynlegar upplýsingar til að auðkenna fyrirtækið:

.....

(gagnainnflytjandi)

hvor um sig „aðili“, saman „aðilar“,

HAFA SAMÞYKKT eftirfarandi samningsákvæði (hér á eftir nefnd „ákvæðin“) sem eru talin vera fullnægjandi trygging fyrir vernd einkalífsins og grundvallarréttinda og mannfrelsis við flutning gagnaútflytjanda á persónuupplýsingum til gagnainnflytjanda eins og skilgreint er í 1. viðbæti.

1. ákvæði

Skilgreiningar

Í ákvæðum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „persónuupplýsingar“, „sérstakir gagnaflokkar“, „vinnsluferli/vinnsla“, „ábyrgðaraðili“, „vinnsluaðili“, „skráður aðili“ og „eftirlitsyfirvald“ skulu hafa sömu merkingu og í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (1),

b) „gagnaútflytjandi “: ábyrgðaraðilinn sem flytur persónuupplýsingarnar,

c) „gagnainnflytjandi“: vinnsluaðilinn sem samþykkir að taka við persónuupplýsingum frá gagnaútflytjanda, sem eru ætlaðar til vinnslu fyrir hönd þess síðarnefnda eftir flutninginn, í samræmi við fyrirmæli hans og skilmála þessara ákvæða, og sem heyrir ekki undir kerfi þriðja lands sem tryggir fullnægjandi vernd í skilningi 1. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB,

(1) Aðilarnir geta tekið skilgreiningar og skilning samkvæmt tilskipun 95/46/EB inn í þetta ákvæði ef þau telja það heppilegra að samningurinn standi sjálfstætt.

d) „undirverktaki": vinnsluaðili, sem ráðinn er af gagnainnflytjanda, eða einhverjum af undirverktökum hans, sem samþykkir að taka við persónuupplýsingum frá gagnainnflytjanda, eða einhverjum af undirverktökum hans, sem eru eingöngu ætlaðar til vinnslu fyrir hönd gagnaútflytjandans eftir flutninginn, í samræmi við fyrirmæli hans, skilmála ákvæðanna og skilmála skriflega undirverktökusamningsins,

e) „gildandi lög um gagnavernd“: löggjöf sem verndar grundvallarréttindi og mannfrelsi einstaklinga, einkum rétt þeirra til friðhelgi einkalífsins með tilliti til vinnslu persónuupplýsinga, sem gildir um ábyrgðaraðila gagna í aðildarríkinu þar sem gagnaútflytjandinn hefur staðfestu,

f) „tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir“: ráðstafanir sem miða að því að vernda persónuupplýsingar gegn óviljandi eða ólöglegri eyðileggingu eða að þær glatist fyrir slysni, gegn breytingum, óleyfilegum afhendingum eða aðgangi, einkum þar sem vinnslan felur í sér gagnaflutning um net, og gegn allri annarri ólöglegri vinnslu.

2. ákvæði

Upplýsingar um flutninginn

Upplýsingar um flutninginn, einkum sérstaka flokka persónuupplýsinga ef við á, eru tilgreindar í 1. viðbæti sem er óaðskiljanlegur hluti ákvæðanna.

3. ákvæði

Ákvæði um rétt þriðja aðila

1. Skráður aðili getur, gagnvart gagnaútflytjanda, borið fyrir sig þetta ákvæði, 4. ákvæði (b- til i-lið), 5. ákvæði (a- til e-lið og g- til j-lið), 6. ákvæði (1. og 2. mgr.), 7. ákvæði, 8. ákvæði (2. mgr.) og 9. til 12. ákvæði, sem rétt þriðja aðila.

2. Skráður aðili getur, gagnvart gagnainnflytjanda, borið fyrir sig þetta ákvæði, 5. ákvæði (a- til e-lið og g-lið), 6. ákvæði, 7. ákvæði, 8. ákvæði (2. mgr.) og 9. til 12. ákvæði í tilvikum þar sem gagnaútflytjandinn er ekki lengur til í bókstaflegri eða lagalegri merkingu, nema annar aðili hafi, sem arftaki gagnaútflytjandans, tekið á sig allar lagalegar skuldbindingar hans samkvæmt samningi eða á grundvelli laga, og þar með tekið á sig réttindi og skyldur gagnaútflytjandans og getur skráði aðilinn þá borið ákvæðin fyrir sig gagnvart þeim aðila.

3. Skráður aðili getur, gagnvart undirverktaka, borið fyrir sig þetta ákvæði, 5. ákvæði (a- til e-lið og g-lið), 6. ákvæði, 7. ákvæði, 8. ákvæði (2. mgr.) og 9. til 12. ákvæði í tilvikum þar sem hvorki gagnaútflytjandinn né gagnainnflytjandinn eru lengur til í bókstaflegri eða lagalegri merkingu eða eru ógjaldfærir, nema annar aðili hafi, sem arftaki gagnaútflytjandans, tekið á sig allar lagalegar skuldbindingar hans samkvæmt samningi eða á grundvelli laga, og þar með tekið á sig réttindi og skyldur gagnaútflytjandans, og getur skráði aðilinn þá borið ákvæðin fyrir sig gagnvart þeim aðila. Bótaábyrgð undirverktakans skal takmörkuð við hans eigin gagnavinnslu samkvæmt ákvæðunum.

4. Aðilarnir leggjast ekki gegn því að félag eða önnur stofnun sé í forsvari fyrir skráðu aðilana ef þeir æskja þess og ef heimilt er samkvæmt landslögum.

4. ákvæði

Skyldur gagnaútflytjanda

Gagnaútflytjandinn samþykkir og ábyrgist:

a) að vinnslan, þ.m.t. sjálfur flutningurinn á persónuupplýsingunum, hafi verið og verði áfram framkvæmd samkvæmt viðeigandi ákvæðum gildandi laga um gagnavernd (og þar sem það hefur verið tilkynnt, ef við á, til viðkomandi yfirvalda aðildarríkisins þar sem gagnaútflytjandinn hefur staðfestu) og að ekki sé brotið gegn viðeigandi ákvæðum þess ríkis,

b) að hann hafi gefið fyrirmæli, og muni gefa gagnainnflytjandanum fyrirmæli á meðan á vinnslu persónuupplýsinganna stendur, um að vinna úr þeim persónuupplýsingum sem hafa verið fluttar fyrir hönd gagnaútflytjandans eingöngu og í samræmi við gildandi lög um gagnavernd og ákvæðin,

c) að gagnainnflytjandinn muni veita nægar ábyrgðir að því er varðar tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir sem eru tilgreindar í 2. viðbæti við þennan samning,

d) að eftir mat á kröfum gildandi laga um gagnavernd henti öryggisráðstafanirnar vel til að vernda persónuupplýsingar gegn óviljandi eða ólöglegri eyðileggingu eða að þær glatist fyrir slysni, gegn breytingum, óleyfilegum afhendingum eða aðgangi, einkum þar sem vinnslan felur í sér gagnaflutning um net, og gegn allri annarri ólöglegri vinnslu og að þessar ráðstafanir tryggi nægilegt öryggi, miðað við áhættuna sem vinnslan hefur í för með sér og það hvers eðlis þau gögn eru sem á að vernda, að teknu tilliti til stöðu tækninnar og kostnaðar við framkvæmdina,

e) að hann sjái til þess að öryggisráðstafanirnar séu virtar,

f) að við flutning sérstakra gagnaflokka hafi skráða aðilanum verið tilkynnt eða verði tilkynnt um það fyrir flutninginn, eða eins fljótt og hægt er eftir hann, að hugsanlegt sé að gögnin verði send til þriðja lands sem ekki veitir fullnægjandi vernd í skilningi tilskipunar 95/46/EB,

g) að senda tilkynninguna, sem hann fékk frá gagnainnflytjandanum eða undirverktaka, samkvæmt b-lið 5. ákvæðis og 3. mgr. 8. ákvæðis til eftirlitsyfirvalds með gagnavernd ef hann ákveður að halda flutningnum áfram eða hefja hann aftur eftir tímabundna stöðvun,

h) að láta skráðu aðilunum í té afrit af ákvæðunum, ef þeir óska eftir því, að undanteknum 2. viðbæti, og stutta lýsingu á öryggisráðstöfununum, sem og afrit af öllum samningum um gagnavinnsluþjónustu undirverktaka sem skulu gerðir í samræmi við ákvæðin, nema að í ákvæðunum eða samningunum séu viðskiptaupplýsingar, en þá getur hann fjarlægt þær,

i) að, sé um ráðstöfun gagnavinnslu að ræða, fari gagnavinnslan fram í samræmi við 11. ákvæði hjá undirverktaka sem veitir a.m.k. sömu vernd að því er varðar persónuupplýsingar og réttindi skráðs aðila og gagnainnflytjandinn gerir samkvæmt ákvæðunum, og j) að hann sjái til þess að farið sé að a- til i-lið 4. ákvæðis.

5. ákvæði

Skyldur gagnainnflytjanda ([1])

Gagnainnflytjandinn samþykkir og ábyrgist:

a) að vinna einungis úr persónuupplýsingum fyrir gagnaútflytjandann og í samræmi við fyrirmæli hans og ákvæðin; ef hann getur ekki staðið við þetta af einhverjum ástæðum samþykkir hann að upplýsa gagnaútflytjandann um það þegar í stað og ber þá gagnaútflytjandanum að stöðva tímabundið flutning gagnanna og/eða rifta samningnum,

b) að hann hafi enga ástæðu til að ætla að löggjöfin, sem gildir um hann, komi í veg fyrir að hann fari eftir fyrirmælunum sem hann fær frá gagnaútflytjandanum og uppfylli skyldur sínar samkvæmt samningnum og, verði breyting á löggjöfinni, sem líklegt er að hafi veruleg neikvæð áhrif á þær tryggingar og skyldur sem kveðið er á um í ákvæðunum, muni hann tilkynna gagnaútflytjanda um það strax og hann fær þá vitneskju og í því tilviki er gagnaútflytjanda heimilt að stöðva tímabundið flutning á gögnum og/eða rifta samningnum,

c) að hann hafi gert þær tæknilegu og skipulagslegu öryggisráðstafanir sem eru tilgreindar í 2. viðbæti áður en hann hefur vinnslu á persónuupplýsingum sem hafa verið fluttar,

1) Lögboðnar kröfur landslöggjafar sem gilda um gagnaútflytjandann eru ekki í mótsögn við föstu samningsákvæðin að því tilskildu að þær gangi ekki lengra en nauðsyn krefur í lýðræðisþjóðfélagi á grundvelli einhverra þeirra hagsmuna sem eru tilgreindir í 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 95/46/EB, þ.e. ef um er að ræða kröfur sem fela í sér nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda þjóðaröryggi, landvarnir og almannaöryggi, til að koma í veg fyrir, rannsaka, koma upp um eða saksækja fyrir refsiverð brot eða fyrir brot á siðareglum í lögvernduðum atvinnugreinum, til að vernda mikilvæga efnahagslega eða fjárhagslega hagsmuni ríkisins eða til að vernda skráða aðilann eða mannréttindi og frelsi annarra. Dæmi um slíkar lögboðnar kröfur, sem ganga ekki lengra en nauðsyn krefur í lýðræðisþjóðfélagi, eru m.a. alþjóðlega viðurkennd viðurlög, kröfur um skattframtöl eða upplýsingaskylda til að vinna gegn peningaþvætti.

d) að hann muni þegar í stað tilkynna gagnaútflytjandanum um:

i. hverja lagalega bindandi beiðni frá löggæsluyfirvaldi um að afhenda persónuupplýsingar, nema það sé bannað, t.d. bann samkvæmt refsilögum til að varðveita leynd lögreglurannsóknar,

ii. allan óviljandi eða óheimilan aðgang, og iii. allar beiðnir sem hann fær beint frá skráðu aðilunum án þess að svara slíkum beiðnum, nema hann hafi heimild til þess,

e) að fjalla tafarlaust og á tilhlýðilegan hátt um allar fyrirspurnir gagnaútflytjandans um vinnslu persónuupplýsinganna, sem á að flytja, og fara eftir leiðbeiningum eftirlitsyfirvaldsins um vinnslu þeirra gagna sem hafa verið flutt,

f) að gagnainnflytjandinn láti gera úttekt, að beiðni gagnaútflytjanda, á þeirri gagnavinnsluaðstöðu sem ákvæðin taka til og skal gagnaútflytjandi framkvæma hana eða skoðunaraðili, sem er hópur sjálfstæðra aðila með tilskilda faglega menntun og hæfi, bundinn þagnarskyldu og valinn af gagnaútflytjanda í samráði við eftirlitsyfirvaldið þar sem það á við,

g) að láta skráða aðilanum í té, afrit af ákvæðunum, eða gildandi samningum um gagnavinnslu undirverktaka, nema að í ákvæðunum eða samningunum séu viðskiptaupplýsingar, en þá getur gagnainnflytjandinn fjarlægt þær upplýsingar, en þessi skylda á þó ekki við um 2. viðbæti en í hans stað skal vera stutt lýsing á öryggisráðstöfununum í þeim tilvikum sem skráði aðilinn getur ekki fengið afrit frá gagnaútflytjandanum,

h) að hann hafi áður upplýst gagnaútflytjandann og fengið skriflegt fyrirframsamþykki hans ef um ráðstöfun gagnavinnslu er að ræða,

i) að gagnavinnsla undirverktakans fari fram í samræmi við 11. ákvæði,

j) að senda gagnaútflytjandanum þegar í stað afrit af hverjum þeim samningi sem hann gerir við undirverktaka samkvæmt ákvæðunum.

6. ákvæði

Bótaábyrgð

1. Aðilarnir samþykkja að skráður aðili, sem hefur orðið fyrir tjóni í kjölfar þess að aðili eða undirverktaki hefur ekki staðið við einhverjar þær skyldur sem um getur í 3. eða 11. ákvæði, eigi rétt á að fá bætur frá gagnaútflytjandanum vegna þess tjóns sem hann varð fyrir.

2. Ef skráður aðili getur ekki gert bótakröfu á gagnainnflytjandann í samræmi við 1. mgr., í kjölfar þess að gagnainnflytjandinn eða undirverktaki hans hafa ekki staðið við einhverjar þær skyldur sem um getur í 3. eða 11. ákvæði vegna þess að gagnaútflytjandinn er ekki lengur til í bókstaflegri eða lagalegri merkingu eða er ógjaldfær, samþykkir gagnainnflytjandinn að skráði aðilinn megi gera kröfu á hendur honum eins og hann væri gagnaútflytjandinn, nema annar aðili hafi, sem arftaki gagnaútflytjandans, tekið á sig allar lagalegar skuldbindingar hans samkvæmt samningi eða á grundvelli laga og getur skráði aðilinn þá leitað réttar síns gagnvart þeim aðila.

Gagnainnflytjandinn getur ekki borið fyrir sig brot undirverktaka gegn skyldum sínum til að komast hjá sinni eigin bótaábyrgð.

3. Ef skráður aðili getur ekki gert bótakröfu á gagnaútflytjandann eða gagnainnflytjandann, eins og um getur í 1. og 2. mgr., í kjölfar þess að undirverktaki hefur ekki staðið við einhverjar þær skyldur sem um getur í 3. eða 11. ákvæði vegna þess að hvorki gagnaútflytjandinn né gagnainnflytjandinn eru lengur til í bókstaflegri eða lagalegri merkingu eða eru ógjaldfærir, samþykkir undirverktakinn að skráði aðilinn megi gera kröfu á hendur honum að því er varðar hans eigin gagnavinnslu samkvæmt ákvæðunum, eins og hann væri gagnaútflytjandinn eða gagnainnflytjandinn, nema annar aðili hafi, sem arftaki gagnaútflytjandans eða gagnainnflytjandans, tekið á sig allar lagalegar skuldbindingar þeirra samkvæmt samningi eða á grundvelli laga og getur skráði aðilinn þá leitað réttar síns gagnvart þeim aðila. Bótaábyrgð undirverktakans skal takmörkuð við hans eigin gagnavinnslu samkvæmt ákvæðunum.

7. ákvæði

Sáttaumleitun og lögsaga

1. Gagnainnflytjandinn samþykkir að ef skráður aðili setur fram kröfu á hendur honum um rétt þriðja aðila eða krefst skaðabóta vegna skemmda samkvæmt ákvæðunum muni hann samþykkja ákvörðun skráða aðilans um:

a) að vísa ágreiningnum til óháðs aðila um sáttaumleitun eða, þar sem það á við, til eftirlitsyfirvalds,

b) að vísa ágreiningnum til dómstóla í aðildarríkinu þar sem gagnaútflytjandinn hefur staðfestu.

2. Málsaðilar eru sammála um að val skráða aðilans hafi ekki áhrif á efnislegan rétt hans eða rétt til málsmeðferðar til að leita úrræða samkvæmt öðrum ákvæðum landslaga eða alþjóðalaga.

8. ákvæði

Samvinna við eftirlitsyfirvöld

1. Gagnaútflytjandinn samþykkir að afhenda eftirlitsyfirvaldi afrit af samningi þessum til vörslu ef það æskir þess eða ef þess er krafist í gildandi lögum um gagnavernd.

2. Aðilar samþykkja að eftirlitsyfirvaldið skuli hafa rétt til að gera úttekt hjá gagnainnflytjandanum og undirverktökum, sem hefur sama umfang og er háð sömu skilyrðum og giltu ef um úttekt hjá gagnaútflytjanda væri að ræða, samkvæmt gildandi lögum um gagnavernd.

3. Gagnainnflytjandinn skal strax upplýsa gagnaútflytjandann um að hann eða undirverktaki heyri undir löggjöf sem kemur í veg fyrir að fram fari úttekt á gagnainnflytjandanum, eða undirverktaka, skv. 2. mgr. Í slíku tilviki skal gagnaútflytjandinn eiga rétt á að grípa til þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í b-lið 5. ákvæðis.

9. ákvæði

Gildandi lög

Ákvæðin skulu vera háð lögum aðildarríkisins þar sem gagnaútflytjandinn hefur staðfestu, þ.e. .....

10. ákvæði

Breytingar á samningnum

Málsaðilarnir skuldbinda sig til að breyta ákvæðunum ekki. Það útilokar þó ekki að málsaðilar setji inn ákvæði um viðskiptatengd málefni, sé þess þörf, svo framarlega sem þau stangast ekki á við önnur ákvæði.

11. ákvæði

Ráðstöfun gagnavinnslu til undirverktaka

1. Gagnainnflytjandinn skal ekki fela undirverktaka neina gagnavinnslu, sem hann innir af hendi fyrir hönd gagnaútflytjandans samkvæmt ákvæðunum, ef skriflegt fyrirframsamþykki gagnaútflytjanda liggur ekki fyrir. Þegar gagnainnflytjandinn semur við undirverktaka, með samþykki gagnaútflytjandans, um að sinna skyldum sínum skal hann aðeins gera það með skriflegum samningi við undirverktakann, sem tekur þar með á sig sömu skyldur og eru lagðar á gagnainnflytjandann samkvæmt ákvæðunum (1). Ef undirverktaki uppfyllir ekki skyldur sínar um gagnavernd sem á honum hvíla samkvæmt slíkum skriflegum samningi skal gagnainnflytjandinn áfram bera alla ábyrgð gagnvart gagnaútflytjandanum á því að skyldur undirverktaka samkvæmt slíkum samningi séu uppfylltar.

2. Í fyrirliggjandi skriflegum samningi á milli gagnainnflytjanda og undirverktaka skal einnig kveðið á um samningsákvæði um rétt þriðja aðila, eins og mælt er fyrir um í 3. ákvæði, í þeim tilvikum þegar skráði aðilinn getur ekki gert bótakröfu, sem um getur í 1. mgr. 6. ákvæðis, á gagnaútflytjandann eða gagnainnflytjandann vegna þess að þeir eru ekki lengur til í bókstaflegri eða lagalegri merkingu eða eru ógjaldfærir og enginn annar aðili hefur, sem arftaki gagnaútflytjandans eða gagnainnflytjandans, tekið á sig allar lagalegar skuldbindingar þeirra með samningi eða á grundvelli laga. Bótaábyrgð undirverktakans skal takmörkuð við hans eigin gagnavinnslu samkvæmt ákvæðunum.

3. Þau ákvæði samningsins, sem um getur í 1. mgr., er varða gagnavernd við ráðstöfun gagnavinnslu til undirverktaka, skulu vera háð lögum aðildarríkisins þar sem gagnaútflytjandinn hefur staðfestu, þ.e. .....

1) Hægt er að fullnægja þessari kröfu með því að undirverktaki skrifi líka undir samninginn sem gagnaútflytjandinn og gagnainnflytjandinn gera sín á milli samkvæmt þessari ákvörðun.

4. Gagnaútflytjandinn skal halda skrá yfir samninga um gagnavinnslu undirverktaka, sem gerðir eru samkvæmt ákvæðunum og gagnainnflytjandinn hefur tilkynnt um samkvæmt j-lið 5. ákvæðis, og skal skráin uppfærð a.m.k. einu sinni á ári. Eftirlitsyfirvald gagnaútflytjandans með gagnavernd skal hafa aðgang að skránni.

12. ákvæði

Skyldur eftir að vinnslu persónuupplýsinga er hætt

1. Aðilar eru sammála um að við lok gagnavinnslunnar skulu gagnainnflytjandinn og undirverktakinn skila gagnaútflytjandanum öllum persónuupplýsingum, sem hafa verið fluttar, og afritum af þeim, ef hann óskar eftir því, eða eyðileggja allar persónuupplýsingarnar og veita gagnaútflytjandanum fulla vissu fyrir því að hann hafi gert það nema lög, sem gagnainnflytjandinn heyrir undir, komi í veg fyrir að hann geti skilað eða eyðilagt allar persónuupplýsingar sem hafa verið fluttar eða hluta þeirra. Í því tilviki ábyrgist gagnainnflytjandinn upplýsingaleynd persónuupplýsinganna sem hafa verið fluttar og að hann muni ekki vinna frekar úr þeim.

2. Gagnainnflytjandinn og undirverktakinn ábyrgjast að þeir muni láta gera úttekt á gagnavinnsluaðstöðu sinni með tilliti til aðgerðanna sem um getur í 1. mgr. ef gagnaútflytjandi og/eða eftirlitsyfirvöld fara fram á það.

Fyrir hönd gagnaútflytjanda:

Nafn (fullt nafn): .....

Staða: .....

Heimilisfang: .....

Aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að samningurinn sé bindandi (ef einhverjar eru):

Undirskrift .....

(stimpill fyrirtækis)

Fyrir hönd gagnainnflytjanda: .....

Nafn (fullt nafn): .....

Staða: .....

Heimilisfang: .....

Aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að samningurinn sé bindandi (ef einhverjar eru):

Undirskrift .....

(stimpill fyrirtækis)

1. viðbætir

við föstu samningsákvæðin

Viðbætir þessi er hluti af ákvæðunum og skulu málsaðilarnir útfylla hann og undirrita

Aðildarríkjunum er heimilt, í samræmi við landsbundna málsmeðferð, að bæta við eða tilgreina nauðsynlegar upplýsingar sem skulu koma fram í viðbæti þessum

Gagnaútflytjandi

Gagnaútflytjandinn er (vinsamlegast tilgreinið í stuttu máli starfsemina sem viðkemur flutningnum):

.....

.....

.....

Gagnainnflytjandi

Gagnainnflytjandinn er (vinsamlegast tilgreinið í stuttu máli starfsemina sem viðkemur flutningnum):

.....

.....

.....

Skráðir aðilar

Persónuupplýsingar, sem fluttar eru, varða eftirfarandi flokka skráðra aðila (tilgreinið):

.....

.....

.....

Gagnaflokkar

Persónuupplýsingar, sem fluttar eru, varða eftirfarandi gagnaflokka (tilgreinið):

.....

.....

.....

Sérstakir gagnaflokkar (ef við á)

Persónuupplýsingar, sem fluttar eru, varða eftirfarandi sérstaka gagnaflokka (tilgreinið):

.....

.....

.....

Vinnsla

Fluttar persónuupplýsingar fara í eftirfarandi grunnvinnslu gagna (vinsamlegast tilgreinið):

.....

.....

.....

GAGNAÚTFLYTJANDI

Nafn: .....

Viðurkennd undirskrift .....

GAGNAÚTFLYTJANDI

Nafn: .....

Viðurkennd undirskrift.....

2. viðbætir

við föstu samningsákvæðin

Viðbætir þessi er hluti af ákvæðunum og skulu málsaðilarnir útfylla hann og undirrita.

Lýsing á þeim tæknilegu og skipulagslegu öryggisráðstöfunum sem gagnainnflytjandi framkvæmir í samræmi við d-lið 4. ákvæðis og c-lið 5. ákvæðis (eða meðfylgjandi skjal eða lög):

.....

.....

.....

.....

SKAÐABÓTAÁKVÆÐI TIL SKÝRINGAR (VALKVÆTT)

Bótaábyrgð

Aðilarnir samþykkja að ef annar aðilinn er kallaður til ábyrgðar, vegna þess að hann hefur brotið gegn ákvæðunum sem hinn aðilinn hefur gengist undir, bæti síðarnefndi aðilinn fyrrnefnda aðilanum, að svo miklu leyti sem hann er ábyrgur, kostnað, gjöld, tjón, útgjöld eða tap sem hann hefur orðið fyrir.

Til að bætur séu greiddar þarf:

a) gagnaútflytjandinn að tilkynna gagnainnflytjandanum tafarlaust um bótakröfu, og

b) gagnainnflytjandinn að hafa fengið tækifæri til samstarfs með gagnaútflytjandanum við vörn og úrlausn bótakröfunnar (1).

1) Málsgrein um bótaábyrgð er valkvæð.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2008/98/EB 2013/EES/4/97

frá 19. nóvember 2008

um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB frá 5. apríl 2006 um úrgang([4]) er komið á lagaramma fyrir meðhöndlun á úrgangi í Bandalaginu. Í henni eru skilgreind lykilhugtök, svo sem úrgangur, endurnýting og förgun, og grunnkröfur settar um stjórnun úrgangs, einkum um að stöð eða fyrirtæki, sem fer með úrgangsstjórnun, sé skylt að hafa til þess leyfi eða vera skráð og að aðildarríkjunum sé skylt að gera áætlanir um úrgangsstjórnun. Með henni er einnig kveðið á um mikilvægar meginreglur, svo sem skyldu til að meðhöndla úrgang þannig að það hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfið eða heilbrigði manna, hvatningu til að nota úrgangsmetakerfið (e. waste hierarchy) og kröfu um að handhafi úrgangs, fyrri handhafar úrgangs eða framleiðendur vörunnar, sem úrgangurinn varð til úr, beri kostnaðinn við förgun úrgangsins í samræmi við mengunarbótaregluna.

2) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1600/2002/EB frá 22. júlí 2002 um sjöttu aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði umhverfismála([5]) er sett fram krafa um þróun eða endurskoðun á löggjöf um úrgang, þ.m.t. nánari útlistun á aðgreiningunni á því sem telst vera úrgangur og því sem telst ekki vera úrgangur, og um þróun á ráðstöfunum er varða forvarnir gegn myndun úrgangs og sem varða úrgangsstjórnun, þ.m.t. setning markmiða.

3) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 27. maí 2003 um þemaáætlun um forvarnir gegn myndun úrgangs og um endurvinnslu hans er greint frá þörfinni fyrir að meta núgildandi skilgreiningar á endurnýtingu og förgun, þörfinni fyrir almenna skilgreiningu á endurvinnslu og umræðu um skilgreiningu á úrgangi.

4) Í ályktun sinni frá 20. apríl 2004 um framangreinda orðsendingu([6]) fór Evrópuþingið þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún íhugaði að rýmka tilskipun ráðsins 96/61/EB frá 24. september 1996 um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun([7]) þannig að hún næði til úrgangsgeirans í heild. Þingið bað einnig framkvæmdastjórnina um að greina skýrt á milli endurnýtingar og förgunar og að skýra nánar muninn á úrgangi og því sem telst ekki til úrgangs.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 54, 6.10.2011, bls. 71.

([1]) Stjtíð. ESB C 309, 16.12.2006, bls. 55.

([2]) Stjtíð. ESB C 229, 22.9.2006, bls. 1.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 13. febrúar 2007 (Stjtíð. ESB C 287 E, 29.11.2007, bls. 135), sameiginleg afstaða ráðsins frá 20. desember 2007 (Stjtíð. ESB C 71 E, 18.3.2008, bls. 16) og afstaða Evrópuþingsins frá 17. júní 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum). Ákvörðun ráðsins frá 20. október 2008.

([4]) Stjtíð. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 9.

([5]) Stjtíð. EB L 242, 10.9.2002, bls. 1.

([6]) Stjtíð. ESB C 104 E, 30.4.2004, bls. 401.

([7]) Stjtíð. EB L 257, 10.10.1996, bls. 26. Í stað tilskipunarinnar kemur tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/1/EB (Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2008, bls. 8).

5) Í niðurstöðu sinni frá 1. júlí 2004 fór ráðið þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún kæmi fram með tillögu um endurskoðun á tilteknum atriðum í tilskipun 75/442/EBE, sem var felld úr gildi og í stað hennar kom tilskipun 2006/12/EB, til að skýra aðgreininguna á úrgangi og því sem telst ekki til úrgangs og aðgreininguna á endurnýtingu og förgun.

6) Markmiðið með hvers kyns úrgangsstefnu skal fyrst og fremst vera það að lágmarka neikvæð áhrif af myndun og stjórnun úrgangs á heilbrigði manna og umhverfið. Einnig skal markmiðið með úrgangsstefnu vera að draga úr notkun auðlinda og hvetja til þess að úrgangsmetakerfinu verði beitt í reynd.

7) Í ályktun frá 24. febrúar 1997 um áætlun Bandalagsins um stjórnun úrgangs([8]) staðfesti ráðið að fyrsta forgangsatriðið við úrgangsstjórnun skyldi vera forvarnir gegn myndun úrgangs og að endurnotkun og endurvinnsla efniviðar skyldu tekin fram fyrir endurnýtingu orku úr úrgangi þegar og ef þeir kostir væru bestir í vistfræðilegu tilliti.

8) Þess vegna er nauðsynlegt að endurskoða tilskipun 2006/12/EB til að skýra lykilhugtök, svo sem skilgreiningar á úrgangi, endurnýtingu og förgun, til að styrkja þær ráðstafanir sem gera þarf til að koma í veg fyrir myndun úrgangs, til að innleiða nálgun þar sem tekið er tillit til alls vistferils vara og efniviðar og ekki bara í úrgangsfasa þeirra og til að leggja áherslu á að draga úr umhverfisáhrifum vegna myndunar úrgangs og úrgangsstjórnunar og auka þannig efnahagslegt verðmæti úrgangs. Enn fremur skal hvetja til endurnýtingar úrgangs og notkunar á endurnýttum efniviði til að vernda náttúruauðlindir. Til glöggvunar og einföldunar skal tilskipun 2006/12/EB felld úr gildi og ný tilskipun koma í hennar stað.

9) Þar eð mikilvægustu málefnin, er varða úrgangsstjórnun, falla nú undir löggjöf Bandalagsins á sviði umhverfismála er mikilvægt að þessi tilskipun sé löguð að þeirri nálgun. Áhersla á umhverfismarkmiðin, sem mælt er fyrir um í 174. gr. sáttmálans, myndi skerpa sýn á umhverfisáhrifin af myndun og stjórnun úrgangs í gegnum allan vistferil auðlindanna. Af þessum sökum skal 175. gr. vera lagagrundvöllur þessarar tilskipunar.

10) Setja skal skilvirkar og samræmdar reglur um meðhöndlun úrgangs varðandi færanlegar eignir sem handhafi losar sig við, ætlar að losa sig við eða sem krafist er að hann losi sig við, með fyrirvara um tilteknar undantekningar.

([8]) Stjtíð. EB C 76, 11.3.1997, bls. 1.

11) Vegið skal og metið hvort ómengaður, uppgrafinn jarðvegur og annar náttúrulegur efniviður, sem er notaður annars staðar en þar sem hann var tekinn, í samræmi við skilgreininguna á úrgangi og ákvæði um aukaafurðir eða um lok úrgangsfasans, fái stöðu úrgangs samkvæmt þessari tilskipun.

12) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis([9]) er m.a. mælt fyrir um eftirlit í viðeigandi hlutfalli að því er varðar söfnun, flutning, vinnslu, notkun og förgun allra aukaafurða úr dýrum, þ.m.t. úrgangur úr dýraríkinu, til að koma í veg fyrir að þær skapi áhættu fyrir heilbrigði dýra eða lýðheilsu. Því er nauðsynlegt að skýra tengslin við þá reglugerð og forðast tvítekningu reglna með því að undanskilja aukaafurðir úr dýrum gildissviði þessarar tilskipunar þegar þær eru ætlaðar til notkunar sem fellur ekki undir meðhöndlun úrgangs.

13) Í ljósi fenginnar reynslu af beitingu reglugerðar (EB) nr. 1774/2002 þykir rétt að skýra gildissvið löggjafar um úrgang og ákvæða hennar um hættulegan úrgang að því er varðar aukaafurðir úr dýrum sem falla undir reglugerð (EB) nr. 1774/2002. Þegar heilbrigðisáhætta stafar hugsanlega af aukaafurðum úr dýrum er reglugerð (EB) nr. 1774/2002 viðeigandi lagagerningur til að taka á þessari áhættu og forðast skal óþarfa skörun við löggjöf um úrgang.

14) Ef úrgangur er flokkaður sem hættulegur skal sú flokkun m.a. byggjast á löggjöf Bandalagsins um íðefni, sérstaklega að því er varðar það að flokka efnablöndur sem hættulegar, þ.m.t. gildi fyrir styrkleikamörk sem eru notuð í þeim tilgangi. Setja skal reglur um hættulegan úrgang samkvæmt ströngum skilgreiningum til að koma í veg fyrir eða takmarka, eins og kostur er, hugsanleg, neikvæð áhrif á umhverfið og á heilbrigði manna vegna óheppilegrar stjórnunar. Enn fremur er nauðsynlegt að viðhalda kerfinu sem hefur verið notað til að flokka úrgang og hættulegan úrgang í samræmi við skrána yfir tegundir úrgangs sem var síðast sett fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB([10]) til að ýta undir samræmda flokkun á hættulegum úrgangi innan Bandalagsins.

([9]) Stjtíð. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1.

([10]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB frá 3. maí 2000 sem kemur í stað ákvörðunar 94/3/EB um skrá yfir úrgang samkvæmt a-lið 1. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE um úrgang og ákvörðunar ráðsins 94/904/EB um skrá yfir hættulegan úrgang samkvæmt 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang (Stjtíð. EB L 226, 6.9.2000, bls. 3).

15) Nauðsynlegt er að greina á milli bráðabirgðageymslu úrgangs fram að söfnun hans, söfnunar úrgangs og geymslu úrgangs fram að meðhöndlun. Stöðvar eða fyrirtæki þar sem úrgangur fellur til við starfsemina teljast ekki koma að úrgangsstjórnun og falla undir kröfu um leyfi til að geyma úrgang fram að söfnun.

16) Bráðabirgðageymsla úrgangs, sem fellur undir skilgreininguna á söfnun, er geymsla fram að söfnun í aðstöðu þar sem úrgangur er losaður svo að unnt sé að undirbúa hann áður en hann er fluttur áfram til endurnýtingar eða förgunar annars staðar. Í ljósi markmiðsins með þessari tilskipun skal greina milli bráðabirgðageymslu á úrgangi fram að söfnun og geymslu úrgangs fram að meðhöndlun eftir tegund úrgangs, umfangi geymslunnar og geymslutímanum og markmiðinu með söfnuninni. Aðildarríkin skulu sjá um þessa aðgreiningu. Geymsla á úrgangi fyrir endurnýtingu í þrjú ár eða lengur og geymsla á úrgangi fyrir förgun í eitt ár eða lengur fellur undir gildissvið tilskipunar ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs([11]).

17) Kerfi til söfnunar úrgangs, sem ekki eru rekin í atvinnuskyni, falla ekki undir kröfur um skráningu þar eð þau skapa minni áhættu og eru framlag til sérstakrar söfnunar úrgangs. Dæmi um slík kerfi er móttaka lyfjaverslana á lyfjaúrgangi, endurviðtökukerfi verslana fyrir neysluvarning og samfélagsleg kerfi í skólum.

18) Skilgreina skal forvarnir, endurnotkun, undirbúning fyrir endurnotkun, meðhöndlun og endurvinnslu í þessari tilskipun til að skýra gildissvið þessara hugtaka.

19) Breyta þarf skilgreiningunum á endurnýtingu og förgun til að tryggja að skýr greinarmunur sé gerður á þessum tveimur hugtökum á grundvelli raunverulegs munar á umhverfisáhrifum þeirra vegna staðgöngu fyrir náttúruauðlindir í hagkerfinu og viðurkenningar á hugsanlegum ávinningi fyrir umhverfið og heilbrigði manna vegna þess að úrgangur er notaður sem auðlind. Þar að auki má þróa viðmiðunarreglur til glöggvunar í þeim tilvikum þegar erfitt er að gera þennan greinarmun í raun eða þegar það samræmist ekki raunverulegum umhverfisáhrifum starfseminnar að flokka hana sem endurnýtingu.

20) Í þessari tilskipun skal jafnframt skýra nánar hvenær brennsla á heimilis- og rekstrarúrgangi í föstu formi er orkunýtin og hún getur talist vera endurnýtingaraðgerð.

21) Förgunaraðgerðir, sem felast í losun í úthöf og önnur höf, þ.m.t. niðurgröftur á hafsbotni, eru einnig reglufestar í alþjóðasamningum, einkum í alþjóðasamningnum um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það sem gerður var í London 13. nóvember 1972 og í bókun við hann frá 1996, eins og henni var breytt 2006.

22) Ekkert má vera óljóst að því er varðar hina ýmsu þætti skilgreiningarinnar á úrgangi og beita skal viðeigandi málsmeðferðum, ef nauðsyn krefur, að því er varðar annars vegar aukaafurðir, sem ekki eru úrgangur, og hins vegar úrgang sem hættir að vera vera úrgangur. Til að tilgreina tiltekna þætti skilgreiningarinnar á úrgangi skal í þessari reglugerð skýra:

– hvenær efni eða hlutir, sem verða til í framleiðsluferli þar sem aðaltilgangurinn er ekki að framleiða slík efni eða hluti, teljast vera aukaafurðir en ekki úrgangur. Þá ákvörðun að efni sé ekki úrgangur er einungis hægt að taka á grundvelli samræmdar nálgunar sem er í stöðugri uppfærslu og þegar það samræmist verndun umhverfisins og heilbrigðis manna. Ef notkun aukaafurðar er leyfð samkvæmt umhverfisleyfi eða almennum reglum um umhverfismál geta aðildarríkin nýtt sér það til að ákveða að ekki sé búist við neinum neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið eða heilbrigði manna, en einungis skal líta svo á að hlutur eða efni sé aukaafurð þegar tiltekin skilyrði eru uppfyllt. Þar að aukaafurðir falla undir flokkinn afurðir skal útflutningur á aukaafurðum uppfylla kröfur viðkomandi löggjafar Bandalagsins og

– þegar tiltekinn úrgangur hættir að vera úrgangur, með því að mæla fyrir um viðmiðanir fyrir lokum úrgangsfasa sem tryggja öfluga umhverfisvernd og umhverfislegan og efnahagslegan ávinning, en hugsanlegir flokkar úrgangs þar sem þróa þarf nákvæmar skilgreiningar og viðmiðanir varðandi það hvenær úrgangur hættir að vera úrgangur eru m.a. úrgangur frá byggingariðnaði og niðurrifi, sumar tegundir ösku og gjalls, brotamálmar, fylliefni, hjólbarðar, textílefni, molta, úrgangspappír og gler. Til að ná lokum úrgangsfasa getur endurnýtingaraðgerð einfaldlega verið sú að skoða úrganginn til að ganga úr skugga um að hann uppfylli viðmiðanirnar fyrir því að teljast ekki lengur vera úrgangur.

23) Til að sannreyna eða reikna út hvort markmið um endurvinnslu og endurnýtingu, sem sett voru með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaúrgang([12]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18.

([11]) Stjtíð. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1.

([12]) Stjtíð. EB L 365, 31.12.1994, bls. 10.

september 2000 um úr sér gengin ökutæki([13]), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB frá 27. janúar 2003 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang([14]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB frá 6. september 2006 um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma([15]) ásamt annarri löggjöf Bandalagsins sem við á, hafi verið uppfyllt skal færa það magn úrgangs, sem hætt er að vera úrgangur, undir endurunninn og endurnýttan úrgang, þegar kröfur þeirrar löggjafar um endurvinnslu eða endurnýtingu hafa verið uppfylltar.

24) Á grundvelli skilgreiningarinnar á úrgangi getur framkvæmdastjórnin, til að stuðla að vissu og samkvæmni, samþykkt viðmiðunarreglur til að skilgreina í sérstökum tilfellum hvenær efni eða hlutir verða úrgangur. Slíkar viðmiðunarreglur má þróa m.a. fyrir rafmagns- og rafeindabúnað og ökutæki.

25) Rétt þykir að skipting kostnaðarins sé þannig að hún endurspegli raunverulegan kostnað fyrir umhverfið vegna úrgangsmyndunar og -stjórnunar.

26) Mengunarbótareglan er leiðbeinandi meginregla í Evrópu og á alþjóðagrundvelli. Framleiðandi úrgangsins og handhafi úrgangsins skulu beita þannig úrgangsstjórnun að öflug vernd sé tryggð fyrir umhverfið og heilbrigði manna.

27) Upptaka á rýmkaðri ábyrgð framleiðanda í þessari tilskipun er eitt af úrræðunum til að stuðla að hönnun og framleiðslu á vörum þar sem tekið er fullt tillit til skilvirkrar notkunar á auðlindum allan vistferil þeirra og greitt fyrir hana, þ.m.t. viðgerðir, endurnotkun, sundurhlutun og endurvinnsla, án þess að stofna í hættu frjálsri dreifingu vara á innri markaðnum.

28) Þessi tilskipun ætti að stuðla að því að færa Evrópusambandið nær því að verða „endurvinnslusamfélag“ sem leitast við að komast hjá myndun úrgangs og að nota úrgang sem auðlind. Í sjöttu aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði umhverfismála er sérstaklega kallað eftir ráðstöfunum sem er ætlað að tryggja flokkun á myndunarstað, söfnun og endurvinnslu strauma forgangsúrgangs. Í samræmi við það markmið og til að greiða fyrir getu til endurnýtingar eða efla hana skal safna úrgangi sérstaklega ef það er gerlegt í tækni-, umhverfis- og efnahagslegu tilliti, áður en hann er settur í endurnýtingaraðgerð sem skilar bestu heildarniðurstöðunni fyrir umhverfið. Aðildarríkin skulu ýta undir aðskilnað á hættulegum efnasamböndum frá straumum úrgangs ef nauðsyn krefur til að ná umhverfisvænni úrgangsstjórnun.

29) Aðildarríkin skulu stuðla að notkun á endurvinnanlegum efnum, t.d. endurheimtum pappír, í samræmi við úrgangsmetakerfið og með það að markmiði að skapa endurvinnslusamfélag og skulu hvorki styðja urðun né brennslu á slíkum endurvinnanlegum efnum hvenær sem hjá því verður komist.

30) Til að koma í framkvæmd varúðarreglunni og meginreglunni um forvarnarstarf, sem er að finna í 2. mgr. 174. gr. sáttmálans, er nauðsynlegt að setja almenn umhverfismarkmið vegna úrgangsstjórnunar innan Bandalagsins. Með skírskotun til þessara meginreglna er það hlutverk Bandalagsins og aðildarríkjanna að kveða á um ramma til að koma í veg fyrir, draga úr og, eftir því sem kostur er, uppræta strax í upphafi mengunarvalda eða óþægindi með því að samþykkja ráðstafanir til að uppræta þekkta áhættu.

31) Í úrgangsmetakerfinu er yfirleitt mælt fyrir um forgangsröðun á því hvað teljist vera besti umhverfislegi heildarkosturinn í löggjöf og stefnu í úrgangsmálum, en það getur verið nauðsynlegt með tilliti til tiltekinna úrgangsstrauma að víkja frá slíkri röðun þegar tæknileg hagkvæmni, fjárhagslegt raunhæfi, umhverfisverndarsjónarmið o.fl. réttlæta slíkt.

32) Til að gera Bandalaginu í heild fært um að sjá sjálft um förgun eigin úrgangs og endurnýtingu blandaðs úrgangs frá einkaheimilum og til að gera sérhverju aðildarríki kleift að að ná þessu markmiði, er nauðsynlegt að gera ráð fyrir samstarfskerfi förgunarstöðva og stöðva þar sem blandaður úrgangur frá einkaheimilum er endurnýttur, m.t.t. landfræðilegra aðstæðna eða þeirrar þarfar sem er fyrir sérhæfðar stöðvar fyrir tilteknar tegundir úrgangs.

33) Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs([16]) heldur blandaður heimilis- og rekstrarúrgangur, sem um getur í 5. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar, áfram að vera blandaður heimilis- og rekstrarúrgangur jafnvel eftir að hann hefur verið farið í gegnum meðhöndlun sem hefur ekki breytt eiginleikum hans umtalsvert.

34) Mikilvægt er að hættulegur úrgangur séu merktur í samræmi við alþjóðlega staðla og staðla Bandalagsins. Ef slíkum úrgangi er safnað sérstaklega frá heimilum má það hins vegar ekki verða til þess að heimilin þurfi að útfylla tilskilin skjöl.

([13]) Stjtíð. EB L 269, 21.10.2000, bls. 34.
([14]) Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 24.
([15]) Stjtíð. ESB L 266, 26.9.2006, bls. 1.
([16]) Stjtíð. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1.

35) Mikilvægt er, í samræmi við úrgangsmetakerfið og til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá urðunarstöðum úrgangs, að greiða fyrir sérstakri söfnun og réttri meðhöndlun lífræns úrgangs til að framleiða umhverfisvæna moltu og annan efnivið sem byggist á lífrænum úrgangi. Framkvæmdastjórnin mun, að loknu mati á stjórnun í tengslum við lífrænan úrgang, leggja fram tillögur um lagaákvæði eftir því sem við á.

36) Taka má upp lágmarkstæknistaðla fyrir starfsemi við meðhöndlun úrgangs sem ekki fellur undir tilskipun 96/61/EB ef unnt er að sýna fram á að ávinningur næðist að því er varðar vernd fyrir heilbrigði manna og umhverfis og ef samræmd nálgun við framkvæmd þessarar tilskipunar myndi tryggja vernd heilbrigðis manna og umhverfisins.

37) Nauðsynlegt er að tilgreina frekar gildissvið áætlana sem aðildarríkjunum er skylt að gera í tengslum við úrgangsstjórnun og hvað eigi að koma þar fram og að taka tillit til umhverfisáhrifa við myndun úrgangs og úrgangsstjórnun í ferlinu við þróun eða endurskoðun á áætlunum um úrgangsstjórnun. Einnig skal, eftir því sem við á, hafa hliðsjón af kröfunum um áætlanagerð varðandi úrgang sem mælt er fyrir um í 14. gr. tilskipunar 94/62/EB og áætluninni um að minnka magn þess lífbrjótanlega úrgangs (áður „lífrænn úrgangur“) sem berst til urðunarstaða sem um getur í 5. gr. tilskipunar 1999/31/EB.

38) Aðildarríki geta beitt umhverfisleyfum eða sett almennar reglur í umhverfismálum fyrir tiltekna framleiðendur úrgangs án þess að það setji eðlilega starfsemi innri markaðarins í hættu.

39) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1013/2006 geta aðildarríki gert þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að koma í veg fyrir tilflutning á úrgangi sem ekki samræmist áætlunum þeirra um úrgangsstjórnun. Þrátt fyrir þá reglugerð skulu aðildarríkin hafa heimild til að takmarka tilflutning úrgangs inn í landið til brennslustöðva, sem flokkaðar eru sem endurnýtingarstöðvar, ef sýnt hefur verið fram á að farga þurfi úrgangi viðkomandi lands eða að meðhöndla þurfi úrgang með aðferðum sem samræmast ekki áætlunum ríkjanna um úrgangsstjórnun. Viðurkennt er að tiltekin aðildarríki geti hugsanlega ekki boðið upp á kerfi sem tekur til allra tegunda stöðva til endanlegrar endurnýtingar innan yfirráðasvæðis síns.

40) Til að bæta framkvæmd aðgerða til að koma í veg fyrir myndun úrgangs í aðildarríkjunum og til að stuðla að bestu starfsvenjum sem víðast á þessi sviði er nauðsynlegt að styrkja ákvæðin um forvarnir gegn myndun úrgangs og innleiða kröfu um að aðildarríkin þrói áætlanir um hvernig skuli koma í veg fyrir myndun úrgangs sem einkum beinast að mikilvægum umhverfisáhrifum og þar sem tekið er tillit til alls vistferils vara og efniviðar. Slíkar ráðstafanir ættu að hafa að markmiði að brjóta tengslin milli hagvaxtar og umhverfisáhrifa sem tengjast myndun úrgangs. Hagsmunaaðilar, svo og allur almenningur, ættu að hafa tækifæri til að taka þátt í samningu áætlananna og hafa aðgang að þeim fullgerðum, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/35/EB frá 26. maí 2003 um þátttöku almennings að því er varðar gerð tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana í tengslum við umhverfismál([17]). Þróa skal markmið um forvarnir gegn myndun úrgangs og um aftengingu, sem ná, eftir því sem við á, til þess að dregið verði úr neikvæðum áhrifum vegna úrgangs og úr því magni úrgangs sem myndast.

41) Í viðleitni til að færast nær evrópsku endurvinnslusamfélagi þar sem nýting auðlinda er sem best skal setja markmið til að undirbúa endurnotkun og endurvinnslu á úrgangi. Aðildarríki nota mismunandi aðferðir við söfnun á húsasorpi og úrgangi sem er svipaðs eðlis og með líka samsetningu. Því er rétt að að við setningu slíkra markmiða sé tekið tillit til mismunandi viðtökukerfa í hinum ýmsu aðildarríkjum. Straumar úrgangs sem koma annars staðar að en líkjast húsasorpi eru m.a. úrgangur sem um getur í 20. færslu í skránni sem kveðið var á um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB.

42) Efnahagsleg stjórntæki geta gegnt úrslitahlutverki við að ná fram markmiðum um forvarnir gegn myndun úrgangs og um úrgangsstjórnun. Úrgangur er oft verðmæt auðlind og frekari beiting efnahagslegra stjórntækja getur hámarkað umhverfislegan ávinning. Því ætti að hvetja til beitingar slíkra stjórntækja á viðeigandi stigi en jafnframt leggja áherslu á að aðildarríkin geti hvert fyrir sig tekið ákvarðanir um beitingu þeirra.

43) Breyta skal tilteknum ákvæðum um meðhöndlun úrgangs, sem mælt var fyrir um í tilskipun ráðsins 91/689/EBE frá 12. desember 1991 um hættulegan úrgang([18]), til að taka út ákvæði, sem eru orðin úrelt, og gera textann skýrari. Í þágu þess að einfalda löggjöf Bandalagsins skal fella þessi ákvæði inn í þessa tilskipun. Til að skýra hvernig bannið við blöndun, sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/689/EBE, virkar og til að vernda umhverfið og heilbrigði manna skulu undantekningarnar frá banninu við blöndun einnig vera í samræmi við bestu, fáanlegu tækni eins og hún er skilgreind í tilskipun 96/61/EB. Því skal fella tilskipun 91/689/EBE úr gildi.

([17]) Stjtíð. ESB L 156, 25.6.2003, bls. 17.
([18]) Stjtíð. EB L 377, 31.12.1991, bls. 20.

44) Í þágu þess að einfalda löggjöf Bandalagsins og til að endurspegla ávinninginn fyrir umhverfið skal fella viðeigandi ákvæði í tilskipun ráðsins 75/439/EBE frá 16. júní 1975 um förgun olíuúrgangs([19]) inn í þessa tilskipun. Því skal fella tilskipun 75/439/EBE úr gildi. Stjórnun í tengslum við olíuúrgang skal fara fram í samræmi við forgangsröðunina í úrgangsmetakerfinu og velja skal þá valkosti sem sem skila bestu heildarútkomunni fyrir umhverfið. Sérstök söfnun olíuúrgangs er enn þýðingarmikil fyrir rétta stjórnun í tengslum við hann og til að koma í veg fyrir umhverfisspjöll vegna rangrar förgunar hans.

45) Aðildarríkin skulu kveða á um viðurlög, sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi, sem leggja skal á einstaklinga og lögaðila sem bera ábyrgð á stjórnun úrgangs, s.s. framleiðendur úrgangs, úrgangshafa, miðlara, seljendur, flutningsaðila og þá sem hirða úrgang, stöðvar og fyrirtæki, sem sjá um meðhöndlun úrgangs og áætlanir um úrgangsstjórnun, í tilvikum þar sem þau brjóta í bága við ákvæði þessarar tilskipunar. Aðildarríkin geta, með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB frá 21. apríl 2004 um umhverfisábyrgð í tengslum við varnir gegn umhverfisspjöllum og úrbætur vegna þeirra([20]), gripið til aðgerða til að endurheimta kostnað vegna brota gegn ákvæðum og ráðstöfunum til úrbóta.

46) Nauðsynlegar ráðstafanir til að koma þessari tilskipun í framkvæmd skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([21]).

47) Framkvæmdastjórninni skal m.a. veitt umboð til að setja viðmiðanir varðandi ýmis atriði, svo sem skilyrði fyrir því að hlutur teljist vera aukaafurð, lok úrgangsfasa og ákvörðun um það hvort úrgangur sé álitinn hættulegur, sem og til að koma á ítarlegum reglum um notkunar- og reikniaðferðir til að sannreyna að staðið sé við endurvinnslumarkmiðin sem sett eru fram í þessari tilskipun. Enn fremur skal framkvæmdastjórninni veitt umboð til að laga viðaukana að framförum í tækni og vísindum og til að skilgreina notkunina á formúlunni fyrir brennslustöðvar sem um getur í lið R1 í II. viðauka. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, með því að bæta við hana nýjum, veigalitlum þáttum, skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.

48) Í samræmi við 34. mgr. samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu[22]eru aðildarríkin hvött til að taka saman, fyrir sig og í þágu Bandalagsins, eigin töflur sem sýna, eftir því sem við verður komið, samsvörun milli þessarar tilskipunar og ráðstafananna til að lögleiða hana og að birta þær.

49) Aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að tryggja vernd umhverfisins og heilbrigðis manna, og vegna umfangs hennar og áhrifa verður þeim betur náð á vettvangi Bandalagsins og af þeim sökum er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna sem kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni og gildissvið

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um ráðstafanir til að vernda umhverfið og heilbrigði manna með því að koma í veg fyrir myndun úrgangs eða draga úr neikvæðum áhrifum vegna myndunar úrgangs og úrgangsstjórnunar og með því að draga úr heildaráhrifum vegna nýtingar auðlinda og auka skilvirknina við nýtinguna.

2. gr.

Undanþágur frá gildissviði tilskipunarinnar

1. Eftirfarandi skal vera undanskilið gildissviði þessarar tilskipunar:

a) loftkennd efni sem losuð eru út í andrúmsloftið,

b) landsvæði (á staðnum), þ.m.t. óuppgrafinn, mengaður jarðvegur og byggingar sem eru varanlegar á landsvæðinu,

c) ómengaður jarðvegur og annar efniviður úr náttúrulegu umhverfi, sem grafinn er upp við byggingarstarfsemi, sé öruggt að efniviðurinn verður notaður í byggingarstarfsemi eins og hann kemur fyrir og á staðnum þar sem hann var grafinn upp,

([19]) Stjtíð. EB L 194, 25.7.1975, bls. 23.
([20]) Stjtíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 56.
([21]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.
([22]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

d) geislavirkur úrgangur,

e) sprengiefni sem tekið hefur verið úr notkun,

f) saurefni, sem ekki fellur undir b-lið 2. mgr., hálmur og annar náttúrulegur, hættulaus efniviður, sem tengist landbúnaði eða skógrækt og notaður er í búskap, við skógrækt eða slíkur lífmassi sem er notaður til orkuframleiðslu með vinnslu eða aðferðum sem skaða ekki umhverfið eða stofna heilbrigði manna í hættu.

2. Eftirfarandi skal vera undanskilið gildissviði þessarar tilskipunar, svo fremi það falli undir aðra löggjöf Bandalagsins:

a) skólp,

b) aukaafurðir úr dýrum, þ.m.t. unnar vörur sem falla undir reglugerð (EB) nr. 1774/2002, að undanteknum þeim sem eiga að fara í brennslu, til urðunar eða til notkunar í lífgas- eða myltingarstöð,

c) hræ af dýrum sem hafa drepist á annan hátt en við slátrun, þ.m.t. dýr sem hafa verið drepin til að útrýma dýrafarsóttum, og sem er fargað í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1774/2002,

d) úrgangur sem fellur til við leit, nám, meðhöndlun og geymslu verðmætra jarðefna og frá grjótnámi sem fellur undir tilskipun 2006/21/EB frá 15. mars 2006 um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði([23]).

3. Með fyrirvara um skuldbindingar samkvæmt annarri viðeigandi löggjöf Bandalagsins skal set sem flutt hefur verið til í yfirborðsvatni til að stjórna vatni og vatnaleiðum eða til að koma í veg fyrir flóð eða draga úr áhrifum flóða og þurrka land eða til að endurheimta land falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar ef sannað hefur verið að setið sé hættulaust.

4. Mæla má fyrir með sértilskipunum um sértækar reglur, eða um frekari reglur sem koma til viðbótar ákvæðunum í þessari tilskipun, um stjórnun varðandi tiltekna flokka úrgangs vegna einstakra tilvika.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „úrgangur“: hvers kyns efni eða hlutir sem handhafi losar sig við eða ætlar sér að losa sig við eða sem krafa er gerð um að hann losi sig við,

2. „hættulegur úrgangur“: úrgangur sem býr yfir einum eða fleiri þeirra hættulegu eiginleika sem tilgreindir eru í III. viðauka,

3. „olíuúrgangur“: hvers kyns smurefni úr jarðefnum eða tilbúið smurefni eða iðnaðarolíur sem eru orðin óhæf til þeirrar notkunar sem þau voru upphaflega ætluð, s.s. notaðar olíur fyrir brunahreyfla og gírolíur, smurolíur, olíur fyrir hverfla og vökvakerfisolíur,

4. „lífrænn úrgangur“: lífbrjótanlegur úrgangur úr görðum og almenningsgörðum, matar- og eldhúsúrgangur frá heimilum, veitingastöðum, veisluþjónustufyrirtækjum og smásölum og sambærilegur úrgangur frá vinnslustöðvum fyrir matvæli,

5. „framleiðandi úrgangs“: hver sá er stundar starfsemi þar sem úrgangur fellur til (upphaflegur framleiðandi úrgangs) eða hver sá sem stundar forvinnslu, blöndun eða aðra starfsemi sem veldur breytingum á eðli eða samsetningu þessa úrgangs,

6. „úrgangshafi“: framleiðandi úrgangs eða einstaklingurinn eða lögaðilinn sem hefur hann í vörslu sinni,

7. „seljandi“: hvert það fyrirtæki sem á eigin ábyrgð kaupir úrgang og selur hann síðan aftur, þ.m.t. þeir seljendur sem taka ekki úrganginn í vörslu sína í reynd,

8. „miðlari“: hvert það fyrirtæki sem sér um endurnýtingu eða förgun úrgangs fyrir hönd annarra, þ.m.t. miðlarar sem taka ekki slíkan úrgang í vörslu sína í reynd,

9. „úrgangsstjórnun“: söfnun, flutningur, endurnýting og förgun úrgangs, þ.m.t. eftirlit með slíkri starfsemi og umsjón með förgunarstöðum eftir að þeim er lokað, þ.m.t. starfsemi seljenda eða miðlara,

10. „söfnun“: það að safna úrgangi saman, þ.m.t. forflokkun og bráðabirgðageymsla úrgangs fyrir flutning á úrgangsmeðhöndlunarstöð,

([23]) Stjtíð. ESB L 102, 11.4 2006, bls. 15.

11. „sérstök söfnun“: söfnun þar sem straumi úrgangs er haldið aðskildum eftir tegund og eðli til að auðvelda tiltekna meðhöndlun,

12. „forvarnir“: ráðstafanir sem gerðar eru áður en efni, efniviður eða vara er orðin að úrgangi og sem draga úr:

a) magni úrgangs, m.a. með endurnotkun vara eða framlengingu á notkunartíma vara,

b) neikvæðum áhrifum á umhverfið og heilbrigði manna vegna úrgangs, sem hefur myndast, eða

c) magni skaðlegra efna í efniviði og vörum,

13. „endurnotkun“: hvers kyns aðgerð þar sem vörur eða íhlutir, sem ekki eru úrgangur, eru notuð í sama tilgangi og til var ætlast í upphafi,

14. „meðhöndlun“: endurnýtingar- eða förgunaraðgerðir, þ.m.t. undirbúningur fyrir endurnýtingu eða förgun,

15. „endurnýting“: aðgerð þar sem aðalútkoman er sú að úrgangur verður til gagns, þar eð hann kemur í stað annars efniviðar, sem hefði annars verið notaður í tilteknum tilgangi, eða hann er útbúinn til þeirrar notkunar, í stöðinni eða úti í hagkerfinu. Í II. viðauka er skrá yfir endurnýtingaraðgerðir, en hún er ekki tæmandi,

16. „undirbúningur fyrir endurnotkun“: hvers kyns endurnýtingaraðgerðir, sem felast í skoðun, hreinsun eða viðgerð, þar sem vörur eða íhlutir þeirra, sem eru orðin að úrgangi, eru útbúin þannig að þau megi endurnota án annarrar forvinnslu,

17. „endurvinnsla“: hvers kyns endurnýtingaraðgerð sem felst í því að endurvinna úrgangsefni í vörur, efnivið eða efni, hvort sem er til notkunar í upphaflegum tilgangi eða í öðrum tilgangi. Undir þetta fellur uppvinnsla (e. *reprocessing*) á lífrænum efniviði, en ekki endurnýting orku, og uppvinnsla sem skilar efni sem á að nota sem eldsneyti eða til fyllingar,

18. „endurmyndun olíuúrgangs“: hvers kyns endurvinnsla þar sem unnt er að framleiða grunnolíu með því að hreinsa olíuúrgang, einkum með því að fjarlægja aðskotaefnin, efni, sem myndast við oxun, og aukefnin sem finnast í slíkum olíuúrgangi,

19. „förgun“: hvers kyns aðgerð sem er ekki endurnýting, jafnvel þótt aðgerðin hafi að auki í för með sér endurheimt efna eða orku. Í I. viðauka er skrá yfir förgunaraðgerðir, en hún er ekki tæmandi,

20. „besta, fáanlega tækni“: sú tækni sem er skilgreind í 11. mgr. 2. gr. tilskipunar 96/61/EB.

4. gr.

Úrgangsmetakerfi

1. Eftirfarandi úrgangsmetakerfi (e. *waste hierarchy*) er lagt til grundvallar við forgangsröðun í löggjöf og stefnumótun að því er varðar varnir gegn myndun úrgangs og meðhöndlun hans:

a) forvarnir,

b) undirbúningur fyrir endurnotkun,

c) endurvinnsla,

d) önnur endurnýting, t.d. endurnýting orku, og

e) förgun.

2. Þegar úrgangsmetakerfinu, sem um getur í 1. mgr., er beitt skulu aðildarríkin gera ráðstafanir til að hvetja til þess að þeir kostir séu valdir sem skila bestu heildarniðurstöðunni fyrir umhverfið. Þetta getur útheimt að tilteknir straumar úrgangs víki frá metakerfinu þegar slíkt er réttlætanlegt út frá hugsun um áhrif alls vistferilsins á myndun og stjórnun slíks úrgangs.

Aðildarríki skulu tryggja að þróun löggjafar og stefnu varðandi úrgang sé alveg gagnsætt ferli þar sem tekið er tillit til gildandi landsreglna um samráð og aðkomu borgara og hagsmunaaðila.

Aðildarríki skulu taka tillit til hinna almennu meginreglna um umhverfisvernd sem snúast um varúð og sjálfbærni, tæknilegan og efnahagslegan framkvæmanleika og verndun auðlinda, sem og heildaráhrifin á umhverfið, heilbrigði manna, hagkerfið og samfélagið, í samræmi við 1. og 13. gr.

5. gr.

Aukaafurðir

1. Efni eða hlutur, sem verður til í framleiðsluferli þar sem frumtilgangurinn er ekki framleiðsla þess efnis eða hlutar, getur því aðeins talist vera aukaafurð en ekki úrgangur í skilningi 1. liðar 3. gr. að eftirfarandi skilyrði hafi verið uppfyllt:

a) öruggt er að efnið eða hluturinn verður notaður áfram,

b) nota má efnið eða hlutinn beint án frekari vinnslu, annarrar en þeirrar sem telst viðtekin venja í iðnaði,

c) efnið eða hluturinn er framleiddur sem óaðskiljanlegur hluti í framleiðsluferli og

d) frekari notkun er lögmæt, þ.e. efnið eða hluturinn uppfyllir allar sértækar vöru-, umhverfis- og heilsuverndarkröfur vegna viðkomandi notkunar og mun ekki hafa í för með sér neikvæð áhrif á umhverfið eða heilbrigði manna þegar á heildina er litið.

2. Samþykkja má ráðstafanir á grundvelli skilyrðanna, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., til að ákvarða viðmiðanirnar sem tiltekin efni eða hlutir þurfa að uppfylla til að teljast vera aukaafurðir en ekki úrgangur sem um getur í 1. lið 3. gr. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við þá reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 39. gr.

6. gr.

Lok úrgangsfasa

1. Sérstakur úrgangur af tilteknu tagi hættir að vera úrgangur í skilningi 1. liðar 3. gr. þegar hann hefir farið í gegnum endurnýtingaraðgerð, m.a. endurvinnslu, og uppfyllir sértækar viðmiðanir sem þróa skal í samræmi við eftirfarandi skilyrði:

a) efnið eða hluturinn er yfirleitt notaður í sérstökum tilgangi,

b) markaður er fyrir slíkt efni eða hlut eða spurn er eftir efninu eða hlutnum,

c) efnið eða hluturinn uppfyllir tæknilegu kröfurnar fyrir þennan sérstaka tilgang og samræmist þeirri löggjöf og þeim stöðlum, sem gilda um vörur, og

d) notkun á efninu eða hlutnum hefur ekki neikvæð áhrif á umhverfið eða heilbrigði manna þegar á heildina er litið.

Viðmiðanirnar skulu m.a. felast í viðmiðunarmörkum fyrir mengunarvalda, ef nauðsyn krefur, og í þeim skal taka tillit til allra hugsanlegra neikvæðra umhverfisáhrifa af efninu eða hlutnum.

2. Ráðstafanirnar, sem eiga að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að bæta við hana, sem varða samþykkt viðmiðananna sem settar eru fram í 1. mgr. og sem tilgreina þær tegundir úrgangs, sem slíkar viðmiðanir skulu gilda um, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 39. gr. Meðal annars skal vega og meta hvort taka skuli upp sértækar viðmiðanir um lok úrgangsfasa, a.m.k. fyrir fylliefni, pappír, gler, málm, hjólbarða og textílefni.

3. Úrgangur, sem hættir að vera úrgangur í samræmi við 1. og 2. mgr., hættir einnig að vera úrgangur að því er varðar markmið um endurnýtingu og endurvinnslu, sem sett eru fram í tilskipunum 94/62/EB, 2000/53/EB, 2002/96/EB og 2006/66/EB og annarri viðeigandi löggjöf Bandalagsins, þegar kröfur þeirrar löggjafar um endurnýtingu eða endurvinnslu hafa verið uppfylltar.

4. Ef viðmiðanir hafa ekki verið settar fram á vettvangi Bandalagsins samkvæmt málsmeðferðinni sem sett er fram í 1. og 2. mgr., geta aðildarríkin ákveðið, í hverju tilviki fyrir sig, að tiltekinn úrgangur teljist ekki lengur úrgangur, að teknu tilliti til viðeigandi dómaframkvæmdar. Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkar ákvarðanir í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta á sviði tæknistaðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu([24]) ef þess er krafist í þeirri tilskipun.

7. gr.

Skrá yfir úrgang

1. Ráðstafanirnar, sem eiga að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar í tengslum við uppfærslu á skránni yfir úrgang sem kveðið var á um í ákvörðun 2000/532/EB, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 39. gr. Skráin yfir úrgang skal taka til hættulegs úrgangs og taka skal tillit til uppruna og samsetningar úrgangsins og, ef nauðsyn krefur, viðmiðunarmarka fyrir styrk hættulegra efna. Skráin yfir úrgang skal vera bindandi að því er varðar ákvörðun á því hvaða úrgangur telst vera hættulegur. Þótt efni eða hlutur sé tilgreindur í skránni þarf það ekki að merkja að efnið eða hluturinn teljist úrgangur í öllum tilvikum. Efni eða hlutur telst því aðeins úrgangur að hann uppfylli skilgreininguna í 1. lið 3. gr.

([24]) Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.

2. Aðildarríki getur litið á úrgang sem hættulegan, jafnvel þó að hann sé ekki tilgreindur þannig í skránni yfir úrgang, ef hann býr yfir einum eða fleiri af eiginleikunum sem eru tilgreindir í III. viðauka. Aðildarríkið skal tilkynna framkvæmdastjórninni um slík tilvik án tafar. Það skal færa þau í skýrsluna sem kveðið er á um í 1. mgr. 37. gr. og veita framkvæmdastjórninni allar upplýsingar sem máli skipta. Skráin skal endurskoðuð í ljósi móttekinna tilkynninga til að taka megi ákvörðun um breytingar á henni.

3. Ef aðildarríki hefur sannanir fyrir því að tiltekinn úrgangur, sem kemur fram í skránni sem hættulegur úrgangur, búi ekki yfir neinum af þeim eiginleikum sem tilgreindir eru í III. viðauka getur það litið svo á að sá úrgangur sé hættulaus. Aðildarríkið skal tilkynna framkvæmdastjórninni um öll slík tilvik án tafar og skal leggja nauðsynlegan rökstuðning fyrir framkvæmdastjórnina. Skráin skal endurskoðuð í ljósi móttekinna tilkynninga til að taka megi ákvörðun um breytingar á henni.

4. Ekki má endurflokka hættulegan úrgang sem hættulausan úrgang með því að þynna úrganginn eða blanda hann með það fyrir augum að minnka upphafsstyrk hættulegra efna niður fyrir þau viðmiðunarmörk sem notuð eru til að skilgreina úrgang sem hættulegan.

5. Ráðstafanirnar, sem eru ætlaðar til að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar að því er varðar uppfærslu á skránni til ákveða breytingar á henni í samræmi við 2. og 3. mgr., skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 39. gr.

6. Aðildarríkin geta litið á úrgang sem hættulausan í samræmi við skrána yfir úrgang sem um getur í 1. mgr.

7. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að skráin yfir úrgang og endurskoðun á þeirri skrá samræmist meginreglum um skýrleika, skiljanleika og gott aðgengi fyrir notendur, eftir því sem við á, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki.

II. KAFLI

ALMENNAR KRÖFUR

8. gr.

Rýmkuð ábyrgð framleiðenda

1. Til að stuðla að endurnotkun og forvörnum, endurvinnslu og annars konar endurnýtingu úrgangs geta aðildarríkin gripið til þess að beita lagaákvæðum eða öðrum ráðstöfunum til að tryggja að einstaklingur eða lögaðili, sem í atvinnuskyni þróar, framleiðir, vinnur, meðhöndlar, selur eða flytur inn vörur (framleiðandi vörunnar), sé bundinn af rýmkaðri ábyrgð framleiðanda.

Slíkar ráðstafanir geta falist í því að taka við vörum sem er skilað og úrganginum, sem verður eftir þegar búið er að nota þessar vörur, sem og síðari stjórnun á úrganginum og fjárhagslegri ábyrgð á slíkri starfsemi. Þessar ráðstafanir geta falist í þeirri skyldu að leggja fram upplýsingar, sem eru öllum aðgengilegar, um það að hvaða marki varan er endurnotanleg og endurvinnanleg.

2. Aðildarríkin geta gert viðeigandi ráðstafanir til að hvetja til þess að vörur séu hannaðar þannig að dregið sé úr umhverfisáhrifum þeirra og myndun úrgangs í framleiðsluferlinu og í síðari notkun vara og til að tryggja að endurnýting og förgun vara, sem eru orðnar að úrgangi, eigi sér stað í samræmi við 4. og 13. gr.

Slíkar ráðstafanir geta m.a. hvatt til þróunar, framleiðslu og markaðssetningar á vörum sem henta til endurtekinnar notkunar, sem eru tæknilega endingargóðar og sem henta til eðlilegrar og öruggrar endurnýtingar og umhverfisvænnar förgunar eftir að þær eru orðnar að úrgangi.

3. Þegar rýmkaðri ábyrgð framleiðanda er beitt skulu aðildarríkin taka tillit til tæknilegs og efnahagslegs framkvæmanleika, sem og til heildaráhrifanna á umhverfið, heilbrigði manna og samfélagið og virða þörfina til að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins.

4. Beita skal rýmkaðri ábyrgð framleiðenda með fyrirvara um ábyrgð á úrgangsstjórnun, sem kveðið er á um í 1. mgr. 15. gr., og með fyrirvara um gildandi sértæka löggjöf um strauma úrgangs og vörur.

9. gr.

Forvarnir gegn myndun úrgangs

Að höfðu samráði við hagsmunaaðila skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið eftirfarandi skýrslur ásamt tillögum, ef við á, um ráðstafanir sem gera þarf til að styðja við forvarnarstarf og framkvæmd forvarna gegn myndun úrgangs sem um getur í 29. gr. og ná yfir eftirfarandi atriði:

a) eigi síðar en í árslok 2011: bráðabirgðaskýrslu um þróun úrgangsmyndunar og umfang forvarna gegn myndun úrgangs, þ.m.t. mótun stefnu um vistvæna hönnun sem tekur bæði til myndunar úrgangs og tilvistar hættulegra efna í úrgangi, með það í huga að stuðla að tækni sem beinist að því að skapa endingargóðar, endurnotanlegar og endurvinnanlegar vörur,

b) eigi síðar en í árslok 2011: mótun aðgerðaáætlunar um frekari stuðningsráðstafanir á evrópskum vettvangi sem miðar að því að breyta núverandi neyslumynstri,

c) eigi síðar en í árslok 2014: að setja markmið um forvarnir gegn myndun úrgangs og um aftengingu fyrir árið 2020, sem byggist á bestu starfsvenjum, þ.m.t. endurskoðun á vísunum, sem um getur í 4. mgr. 29. gr., ef nauðsyn krefur.

10. gr.

Endurnýting

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að úrgangur fari í gegnum endurnýtingaraðgerðir í samræmi við 4. og 13. gr.

2. Safna skal úrgangi sérstaklega, ef það er nauðsynlegt til að fara að 1. mgr. og til að auðvelda eða bæta endurnýtingu og ef það er tæknilega, umhverfislega og efnahagslega gerlegt, og ekki skal blanda honum saman við annan úrgang eða efnivið sem hefur aðra eiginleika.

11. gr.

Endurnotkun og endurvinnsla

1. Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir, eftir því sem við á, til að stuðla að endurnotkun á vörum og undirbúningi fyrir endurnotkun, einkum með því að hvetja til þess að komið verði á og stutt verði við endurnotkunar- og endurvinnslukerfi, notkun á efnahagslegum stjórntækjum, viðmiðunum fyrir innkaup, megindlegum markmiðum eða með öðrum ráðstöfunum.

Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að stuðla að endurvinnslu í háum gæðaflokki og koma í því skyni upp sérstakri söfnun á úrgangi þar sem það er tæknilega, umhverfislega og efnahagslega gerlegt og viðeigandi til að uppfylla nauðsynlega gæðastaðla í viðkomandi endurvinnslugeira.

Eigi síðar en 2015 skal koma á sérstakri söfnun á a.m.k. eftirfarandi: pappír, málmum, plasti og gleri, með fyrirvara um 2. mgr. 10. gr.

2. Til að uppfylla markmið þessarar tilskipunar og til að stefna megi að evrópsku endurvinnslusamfélagi með góðri nýtingu auðlinda skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ná eftirfarandi markmiðum:

a) eigi síðar en 2020: undirbúningur fyrir endurnotkun og endurvinnslu úrgangsefna, a.m.k. pappírs, málma, plasts og glers frá heimilum og hugsanlega frá öðrum upprunastöðum ef þeir straumar úrgangs líkjast úrgangi frá heimilum, skal að lágmarki aukast í heild upp í 50% miðað við þyngd,

b) eigi síðar en 2020: undirbúningur fyrir endurnotkun, endurvinnslu og aðra endurnýtingu efniviðar, þ.m.t. við fyllingar þar sem úrgangur er notaður í stað annars efniviðar, í tengslum við hættulausan úrgang frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi, annan en náttúrulegan efnivið sem er skilgreindur í flokki 17 05 04 í skránni yfir úrgang, skal aukast að lágmarki upp í 70% miðað við þyngd.

3. Framkvæmdastjórnin skal setja nákvæmar reglur um notkunar- og reikniaðferðir til að sannreyna hversu vel tekst að uppfylla markmiðin sem sett eru fram í 2. mgr. þessarar greinar með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2150/2002 frá 25. nóvember 2002 um hagskýrslur um úrgang([25]). Reglurnar geta falist í aðlögunartímabilum fyrir aðildarríki sem endurunnu innan við 5% af öðrum hvorum úrgangsflokkinum, sem um getur í 2. mgr., á árinu 2008. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 39. gr. þessarar tilskipunar.

4. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2014, rannsaka þær ráðstafanir og þau markmið sem um getur í 2. mgr. með það í huga að styrkja markmiðin, ef nauðsyn krefur, og vega og meta hvort setja skuli markmið fyrir aðra strauma úrgangs. Skýrsla framkvæmdastjórnarinnar skal send til Evrópuþingsins og ráðsins ásamt tillögu, ef við á. Í skýrslu sinni skal framkvæmdastjórnin taka tillit til umhverfislegra, efnahagslegra og félagslegra áhrifa af setningu markmiðanna.

5. Í samræmi við 37. gr. skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni skýrslu þriðja hvert ár um það hvernig þeim gengur að ná markmiðunum. Ef ekki tekst að ná markmiðum skal koma fram í skýrslunni af hverju það tókst ekki og hvað aðildarríkið hyggst gera til að markmiðin náist.

12. gr.

Förgun

Þegar endurnýting í samræmi við 1. mgr. 10. gr. á sér ekki stað skulu aðildarríkin sjá til þess að úrgangur fari í örugga förgun sem uppfyllir ákvæði 13. gr. um verndun heilbrigðis manna og umhverfisins.

([25]) Stjtíð. EB L 332, 9.12.2002, bls. 1.

13. gr.

Vernd heilbrigðis manna og umhverfisins

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að úrgangsstjórnun fari þannig fram að ekki skapist hætta fyrir heilbrigði manna, að hún skaði ekki umhverfið og einkum og sér í lagi að:

a) ekki skapist áhætta að því er varðar vatn, loft, jarðveg, gróður eða dýr,

b) ekki skapist óþægindi vegna hávaða eða ólyktar og

c) ekki komi fram skaðleg áhrif á landslag eða staði sem hafa sérstakt gildi.

14. gr.

Kostnaður

1. Í samræmi við mengunarbótaregluna skal upphaflegur framleiðandi úrgangsins eða núverandi eða fyrri handhafar úrgangsins bera kostnaðinn af úrgangsstjórnuninni.

2. Aðildarríki geta ákveðið að framleiðandi vörunnar, sem úrgangurinn varð til úr, skuli bera kostnaðinn af úrgangsstjórnuninni að hluta til eða öllu leyti og að dreifingaraðilar slíkrar vöru geti þurft að taka þátt í kostnaðinum.

III. KAFLI

MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS

15. gr.

Ábyrgð á úrgangsstjórnun

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að upphaflegur framleiðandi úrgangs eða annar úrgangshafi annist sjálfur meðhöndlun úrgangsins eða fái til þess seljanda eða stöð eða fyrirtæki, sem annast meðhöndlun úrgangs, eða að hún sé í umsjón einkaaðila eða opinbers aðila sem safnar úrgangi í samræmi við 4. og 13. gr.

2. Þegar úrgangurinn er fluttur frá upphaflega framleiðandanum eða úrgangshafanum til einhvers af þeim einstaklingum eða lögaðilum, sem um getur í 1. mgr., skal ábyrgðin á framkvæmd fullrar endurnýtingar- eða förgunaraðgerðar að jafnaði ekki falla niður.

Með fyrirvara um reglugerð (EB) nr. 1013/2006 geta aðildarríkin tilgreint nákvæmlega skilyrði fyrir ábyrgð og ákveðið í hvaða tilvikum upphaflegi framleiðandinn beri ábyrgð á allri meðhöndlunarkeðjunni eða í hvaða tilfellum framleiðandinn og handhafi úrgangsins deili ábyrgðinni eða hún dreifist á milli aðila sem koma að meðhöndlunarkeðjunni.

3. Aðildarríki geta ákveðið, í samræmi við 8. gr., að framleiðandi vörunnar sem úrgangurinn varð til úr skuli bera ábyrgð á umsjón úrgangsstjórnuninnar að hluta til eða öllu leyti og að dreifingaraðilar slíkrar vöru geti þurft að bera ábyrgðina að einhverju leyti.

4. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir innan yfirráðasvæðis síns til að tryggja að stöðvar eða fyrirtæki, sem safna eða flytja úrgang í atvinnuskyni, afhendi úrganginn, sem þau safna og flytja, til viðeigandi meðhöndlunarstöðva sem virða ákvæði 13. gr.

16. gr.

Meginreglur um sjálfsnægtir og nálægð

1. Aðildarríki skulu, í samstarfi við önnur aðildarríki ef slíkt er nauðsynlegt eða ráðlegt, gera viðeigandi ráðstafanir til að koma upp samþættu og fullnægjandi kerfi förgunarstöðva fyrir úrgang og stöðvum fyrir endurnýtingu á blönduðum úrgangi sem safnað er frá einkaheimilum, einnig þegar slík söfnun nær til slíks úrgangs frá öðrum framleiðendum, að teknu tilliti til bestu, fáanlegrar tækni.

Þrátt fyrir reglugerð (EB) nr. 1013/2006 geta aðildarríkin, til að vernda kerfi sín, takmarkað flutning inn í landið á úrgangi sem fara á til brennslustöðva sem flokkaðar eru sem endurnýtingarstöðvar, ef sýnt hefur verið fram á að slíkur tilflutningur leiddi til þess að farga þurfi eigin úrgangi viðkomandi lands eða að meðhöndla þurfi úrgang með aðferðum sem samræmast ekki áætlunum ríkjanna um úrgangsstjórnun. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkar ákvarðanir án tafar. Aðildarríki geta einnig takmarkað flutning úrgangs út úr landinu af umhverfislegum ástæðum eins og sett er fram í reglugerð (EB) nr. 1013/2006.

2. Kerfið skal hannað til að gera Bandalaginu í heild kleift að annast sjálft alla förgun úrgangs svo og endurnýtingu úrgangs, sem um getur í 1. mgr., og til að gera hverju aðildarríki um sig það kleift að færa sig nær því markmiði, að teknu tilliti til landfræðilegra aðstæðna eða þarfarinnar fyrir sérhæfðar stöðvar fyrir tilteknar tegundir úrgangs.

3. Til að tryggja hátt verndarstig fyrir umhverfið og lýðheilsu skal kerfið gera mögulegt að endurnýta úrgang sem á að farga eða úrgang, sem um getur í 1. mgr., í einhverri heppilegri, nálægri stöð með þeim aðferðum og tækni sem henta best til þess.

4. Meginreglurnar um nálægð og sjálfsnægtir skulu ekki þýða að hvert aðildarríki þurfi að ráða yfir öllum tegundum stöðva fyrir endanlega endurnýtingu innan viðkomandi ríkis.

17. gr.

Eftirlit með hættulegum úrgangi

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framleiðsla, söfnun og flutningur hættulegs úrgangs, sem og geymsla hans og meðhöndlun, fari fram við þannig aðstæður að umhverfið og heilbrigði manna njóti verndar, til að farið sé að ákvæðum 13. gr., þ.m.t. aðgerðir til að tryggja rekjanleika frá framleiðslu og til lokaákvörðunarstaðar og eftirlit með hættulegum úrgangi til að uppfylla kröfurnar í 35. og 36. gr.

18. gr.

Bann við blöndun hættulegs úrgangs

1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að hættulegum úrgangi sé hvorki blandað saman við aðra flokka hættulegs úrgangs né við annan úrgang, efni eða efnivið. Þynning hættulegra efna telst vera blöndun.

2. Þó geta aðildarríkin, þrátt fyrir 1. mgr., heimilað blöndun að því tilskildu að:

a) stöð eða fyrirtæki, sem hefur fengið leyfi í samræmi við 23. gr., annist blöndunina,

b) farið sé að ákvæðum 13. gr. og og neikvæðar afleiðingar af meðhöndlun úrgangsins á heilbrigði manna og umhverfið aukist ekki og

c) bestu, fáanlegu tækni sé beitt við blöndunina.

3. Ef hættulegum úrgangi hefur verið blandað þannig að það samræmist ekki 1. mgr. skal skilja hann frá ef unnt er og ef það er nauðsynlegt til að farið sé að 13. mgr., með fyrirvara um viðmiðanir um tæknilegan og efnahagslegan framkvæmanleika.

19. gr.

Merking hættulegs úrgangs

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að við söfnun, flutning og tímabundna geymslu hættulegs úrgangs sé hann settur í réttar umbúðir og merktur í samræmi við gildandi alþjóðastaðla eða staðla Bandalagsins.

2. Alltaf þegar hættulegur úrgangur er fluttur á milli staða innan aðildarríkis skal fylgja honum auðkennisskírteini, sem má vera á rafrænu formi, þar sem er að finna viðeigandi gögn sem tilgreind eru í IB. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1013/2006.

20. gr.

Hættulegur úrgangur frá heimilum

Ákvæði 17., 18., 19. og 35. gr. gilda ekki um blandaðan úrgang frá heimilum.

Ákvæði 19. og 35. gr. gilda ekki um flokkaðan, hættulegan úrgang frá heimilum fyrr en stöð eða fyrirtæki, sem hefur aflað sér leyfis eða verið skráð í samræmi við 23. eða 26. gr., hefur samþykkt að taka við honum til söfnunar, förgunar eða endurnýtingar.

21. gr.

Olíuúrgangur

1. Með fyrirvara um skyldurnar, sem tengjast stjórnun hættulegs úrgangs sem mælt er fyrir um í 18. og 19. gr., skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að:

a) olíuúrgangi sé safnað sérstaklega þegar það er tæknilega mögulegt,

b) olíuúrgangur sé meðhöndlaður í samræmi við 4. og 13. gr.,

c) þegar það er tæknilega og efnahagslega framkvæmanlegt sé olíuúrgangi með mismunandi eiginleika ekki blandað saman og olíuúrgangi sé ekki blandað saman við annars konar úrgang eða efni ef slík blöndun hindrar meðhöndlun þeirra.

2. Að því er varðar sérstaka söfnun olíuúrgangs og rétta meðhöndlun hans geta aðildarríkin, samkvæmt skilyrðum hvers lands um sig, samþykkt viðbótarráðstafanir, s.s. tæknilegar kröfur, ábyrgð framleiðenda, efnahagsleg stjórntæki eða frjálsa samninga.

3. Ef kröfur eru gerðar um endurmyndun olíuúrgangs í landslöggjöf geta aðildarríkin mælt fyrir um að slíkur olíuúrgangur skuli endurmyndaður ef slíkt er tæknilega mögulegt og, ef 11. eða 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 1013/2006 gilda, takmarka flutning á olíuúrgangi yfir landamæri frá yfirráðasvæði sínu til brennslu- eða sambrennslustöðva til að setja endurmyndun olíuúrgangs í forgang.

22. gr.

Lífrænn úrgangur

Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir, eins og við á og í samræmi við 4. og 13. gr., til að stuðla að:

a) sérstakri söfnun lífræns úrgangs með myltingu og meltun hans í huga,

b) meðhöndlun lífræns úrgangs á þann hátt að samræmist öflugri umhverfisvernd,

c) notkun á efnum, sem eru örugg fyrir umhverfið og framleidd úr lífrænum úrgangi.

Framkvæmdastjórnin skal vinna mat á stjórnun lífræns úrgangs með það í huga að leggja fram tillögu ef við á. Í matinu skal kanna tækifæri til að setja lágmarkskröfur vegna stjórnunar lífræns úrgangs og gæðaviðmiðanir fyrir moltu og meltu úr lífrænum úrgangi til að tryggja hátt verndarstig fyrir heilbrigði manna og umhverfið.

IV. KAFLI

LEYFI OG SKRÁNINGAR

23. gr.

Útgáfa leyfa

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að stöðvar eða fyrirtæki, sem hyggjast meðhöndla úrgang, afli sér leyfis frá lögbæru yfirvaldi.

Í slíkum leyfum skal tilgreina a.m.k. eftirfarandi:

a) tegundir og magn úrgangs sem meðhöndla á,

b) fyrir hverja tegund aðgerðar sem leyfð er: tæknilegar kröfur og aðrar kröfur sem skipta máli fyrir viðkomandi stað,

c) öryggis- og varúðarráðstafanir sem gera skal,

d) hvaða aðferð skuli beita fyrir hverja tegund aðgerðar,

e) þær vöktunar- og eftirlitsaðgerðir sem kunna að vera nauðsynlegar,

f) þau ákvæði um lokun og umsjón eftir lokun sem kunna að vera nauðsynleg.

2. Veita má leyfi til tiltekins tíma og þau geta verið endurnýjanleg.

3. Ef lögbæra yfirvaldið telur að aðferðin, sem ætlunin er að beita við meðhöndlunina, sé óviðunandi frá sjónarmiði umhverfisverndar og einkum ef aðferðin samræmist ekki 13. gr., skal það neita að gefa út leyfið.

4. Það skal vera skilyrði fyrir öllum leyfum sem ná til brennslu eða sambrennslu með endurnýtingu orku að orkunýtnin sé mjög góð.

5. Með fyrirvara um að allar kröfur í þessari grein séu uppfylltar má sameina öll leyfi, sem gefin eru út samkvæmt annarri löggjöf einstakra aðildarríkja eða Bandalagsins, leyfinu sem krafist er samkvæmt 1. mgr. þannig að til verði eitt leyfi, ef unnt er með því móti að komast hjá óþarfri tvítekningu upplýsinga og tvíverknaði rekstraraðilans eða lögbæra yfirvaldsins.

24. gr.

Undanþágur frá kröfum um leyfi

Aðildarríkin geta veitt undanþágu frá kröfunum, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 23. gr., fyrir stöðvar eða fyrirtæki vegna eftirfarandi aðgerða:

a) förgunar eigin hættulauss úrgangs á framleiðslustað eða

b) endurnýtingar úrgangs.

25. gr.

Skilyrði fyrir undanþágum

1. Ef aðildarríki vill veita undanþágur, eins og kveðið er á um í 24. gr., skal það mæla fyrir um almennar reglur fyrir hverja tegund starfsemi þar sem tilgreindar eru þær tegundir og það magn úrgangs sem undanþága má ná til og hvaða aðferð skuli notuð við meðhöndlunina.

Þessum reglum skal ætlað að tryggja að úrgangur sé meðhöndlaður í samræmi við 13. gr. Ef um er að ræða förgunaraðgerð, sem um getur í a-lið 24. gr., skal í þessum reglum taka tillit til bestu, fáanlegu tækni.

2. Auk almennu reglnanna, sem kveðið er á um í 1. mgr., skulu aðildarríkin mæla fyrir um sérstök skilyrði fyrri veitingu undanþágna sem varða hættulegan úrgang, þ.m.t. tegundir starfsemi, sem og aðrar nauðsynlegar kröfur um framkvæmd á mismunandi tegundum endurnýtingar og, þar sem við á, viðmiðunarmörk fyrir innihald hættulegra efna í úrganginum og viðmiðunarmörk fyrir losun.

3. Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um almennu reglurnar sem mælt er fyrir um skv. 1. og 2. mgr.

26. gr.

Skráning

Ef eftirfarandi atriði falla ekki undir kröfur um leyfi skulu aðildarríkin tryggja að lögbæra yfirvaldið haldi skrá yfir:

a) stöðvar eða fyrirtæki sem safna eða flytja úrgang í atvinnuskyni,

b) seljendur eða miðlara og

c) stöðvar eða fyrirtæki sem njóta undanþágu frá kröfum um leyfi skv. 24. gr.

Ef mögulegt er skal nota fyrirliggjandi skrár, sem lögbært yfirvald heldur, til að afla viðeigandi upplýsinga fyrir þetta skráningarferli til að draga úr stjórnsýslubyrðinni.

27. gr.

Lágmarkskröfur

1. Samþykkja má lágmarkstæknikröfur fyrir meðhöndlunarstarfsemi sem leyfi þarf fyrir skv. 23. gr. ef ljóst er að ávinningur af slíkum lágmarkskröfum yrði betri vernd fyrir heilbrigði manna og umhverfið. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við þá reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 39. gr.

2. Slíkar lágmarkskröfur skulu einungis ná til þeirrar starfsemi við meðhöndlun úrgangs sem ekki fellur undir tilskipun 96/61/EB eða sem ekki þykir rétt að fella undir þá tilskipun.

3. Slíkar lágmarkskröfur skulu:

a) beinast að helstu umhverfisáhrifum starfseminnar við meðhöndlun úrgangs,

b) tryggja að úrgangurinn sé meðhöndlaður í samræmi við 13. gr.,

c) taka tillit til bestu, fáanlegu tækni og

d) taka til þátta er varða gæði meðhöndlunar og kröfur vegna vinnslunnar, eftir því sem við á.

4. Samþykkja skal lágmarkskröfur vegna starfsemi sem leyfi þarf fyrir skv. a og b-liðum 26. gr. ef ljóst er að ávinningur verði af slíkum lágmarkskröfum fyrir heilsuvernd manna og verndun umhverfisins eða þannig megi komast hjá röskun á innri markaðinum, þ.m.t. þættir er varða tæknimenntun söfnunaraðila, flytjenda, seljenda eða miðlara.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við þá reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 39. gr.

V. KAFLI

ÁÆTLANIR

28. gr.

Úrgangsstjórnunaráætlanir

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld þeirra kveði á um eina eða fleiri úrgangsstjórnunaráætlanir í samræmi við 1., 4., 13. og 16. gr.

Þessar áætlanir skulu, einar sér eða saman, ná til alls landfræðilegs yfirráðasvæðis hlutaðeigandi aðildarríkis.

2. Í úrgangsstjórnunaráætlununum skal koma fram greining á núverandi ástandi varðandi úrgangsstjórnun, sem og ráðstafanir sem gera skal til að bæta umhverfisvænan undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu, endurnýtingu og förgun úrgangs og mat á því hverning viðkomandi áætlun muni styðja við framkvæmd þessarar tilskipunar að því er varðar markmið og ákvæði.

3. Eftir því sem við á og að teknu tilliti til landfræðilegs þreps og umfangs áætlunarsvæðisins skulu a.m.k. koma fram eftirfarandi atriði í úrgangsstjórnunaráætlununum:

a) tegund, magn og myndunarstaðir úrgangs sem verður til innan yfirráðasvæðisins, hvaða úrgangur er líklegt að verði fluttur frá yfirráðasvæði viðkomandi ríkis eða til þess og mat á þróun á straumum úrgangs í framtíðinni,

b) gildandi kerfi fyrir söfnun úrgangs og stórar förgunar- og endurnýtingarstöðvar, þ.m.t. sérstakt fyrirkomulag vegna úrgangsolíu, hættulegs úrgangs eða strauma úrgangs sem fjallað er um í sértækri löggjöf Bandalagsins,

c) mat á þörfinni fyrir ný söfnunarkerfi, lokun núverandi úrgangsstöðva, viðbótargrunnvirki fyrir úrgangsstöðvar í samræmi við 16. gr. og, ef nauðsyn krefur, fjárfestingar í tengslum við þetta,

d) fullnægjandi upplýsingar um staðarviðmiðanir fyrir auðkenningu staða og um afkastagetu förgunarstöðva eða stórra endurnýtingarstöðva í framtíðinni, ef þörf er á,

e) almenn stefna varðandi úrgangsstjórnun, þ.m.t. áætluð tækni og aðferðir til úrgangsstjórnunar, eða stefna vegna úrgangs sem skapar sérstök vandamál við stjórnun.

4. Með tilliti til landfræðilegs þreps og umfangs skipulagssvæðisins geta skipulagsáætlanirnar um meðhöndlun úrgangs tekið til eftirfarandi:

a) skipulagsþátta, sem tengjast úrgangsstjórnun, þ.m.t. lýsing á því hvernig ábyrgð dreifist á opinbera aðila og einkaaðila sem fara með úrgangsstjórnun,

b) mats á gagnsemi og heppileika þess að nota efnahagsleg stjórntæki og önnur stjórntæki til að takast á við ýmist vandamál er varða úrgang, með tilliti til þarfarinnar fyrir að viðhalda hnökralausri starfsemi innri markaðarins,

c) beitingar herferða til vitundarvakningar og upplýsingamiðlunar til almennings eða tiltekins hóps neytenda,

d) aflagðra, mengaðra úrgangslosunarstaða og ráðstafana til að endurmóta þá.

5. Úrgangsstjórnunaráætlanir skulu samræmast kröfunum um áætlanagerð í úrgangsmálum, sem mælt er fyrir um í 14. gr. tilskipunar 94/62/EB, og áætluninni sem miðar að því að minnka magn þess lífbrjótanlega úrgangs [áður lífræna úrgangs] sem berst til urðunarstaða, sem um getur í 5. gr. tilskipunar 1999/31/EB.

29. gr.

Áætlanir um forvarnir gegn myndun úrgangs

1. Aðildarríkin skulu kveða á um áætlanir um forvarnir gegn myndun úrgangs, í samræmi við 1. og 4. gr., eigi síðar en 12. desember 2013.

Slíkar áætlanir skulu annaðhvort felldar inn í úrgangsstjórnunaráætlanirnar, sem kveðið er á um í 28. gr., eða aðrar áætlanir varðandi umhverfisstefnu, eftir því sem við á, eða þær skulu vera sérstakar áætlanir. Ef slík áætlun er felld inn í úrgangsstjórnunaráætlun eða aðrar áætlanir skal tilgreina ráðstafanirnar um forvarnir gegn myndun úrgangs með skýrum hætti.

2. Setja skal fram markmiðin um forvarnir gegn myndun úrgangs í áætlununum sem kveðið er á um í 1. mgr. Aðildarríkin skulu lýsa þeim forvarnarráðstöfunum sem þegar eru fyrir hendi og meta gagnsemi dæmanna um ráðstafanir, sem koma fram í IV. viðauka, eða annarra viðeigandi ráðstafana.

Tilgangurinn með slíkum markmiðum og ráðstöfunum er að rjúfa tengslin milli hagvaxtar og umhverfisáhrifanna sem tengjast myndun úrgangs.

3. Aðildarríkin skulu ákvarða viðeigandi, sértækar, eigindlegar og megindlegar viðmiðanir fyrir forvarnir gegn myndun úrgangs sem samþykkja skal til að vakta og meta framþróun ráðstafananna og þau geta ákvarðað sértæk, eigindleg og megindleg markmið og vísa, önnur en þau sem um getur í 4. mgr., í sama tilgangi.

4. Samþykkja má vísa fyrir ráðstafanir vegna forvarna gegn myndun úrgangs í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 39. gr.

5. Framkvæmdastjórnin skal búa til kerfi til að deila upplýsingum um bestu starfsvenjur varðandi forvarnir gegn myndun úrgangs og þróa leiðbeiningar til að aðstoða aðildarríkin við undirbúning áætlananna.

30. gr.

Mat og endurskoðun á áætlunum

1. Aðildarríkin skulu tryggja að úrgangsstjórnunaráætlanirnar og áætlanirnar um forvarnir gegn myndun úrgangs séu metnar a.m.k. sjötta hvert ár og endurskoðaðar eftir þörfum og, eftir því sem við á, í samræmi við 9. og 11. gr.

2. Umhverfisstofnun Evrópu er hvött til þess að hafa með í ársskýrslu sinni endurskoðun á framvindunni í lokafrágangi og framkvæmd áætlana um forvarnir gegn myndun úrgangs.

31. gr.

Þátttaka almennings

Aðildarríkin skulu tryggja að viðkomandi hagsmunaaðilar og yfirvöld og almenningur fái tækifæri til að taka þátt í mótun úrgangsstjórnunaráætlana og áætlana um forvarnir gegn myndun úrgangs og að þessir aðilar hafi aðgang að þeim fullmótuðum, í samræmi við tilskipun 2003/35/EB eða, ef við á, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42/EB frá 27. júní 2001 um mat á áhrifum tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana á umhverfið([26]). Þau skulu birta áætlanirnar á vefsetri sem er aðgengilegt öllum.

32. gr.

Samstarf

Aðildarríki skulu vinna, eins og við á, með öðrum aðildarríkjum, sem málið varðar, og með framkvæmdastjórninni til að gera úrgangsstjórnunaráætlanir og áætlanir um forvarnir gegn myndun úrgangs í samræmi við 28. og 29. gr.

33. gr.

Upplýsingar sem leggja skal fyrir framkvæmdastjórnina

1. Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um úrgangsstjórnunaráætlanirnar og áætlanirnar um forvarnir gegn myndun úrgangs, sem um getur í 28. og 29. gr., þegar þær hafa verið samþykktar og um allar mikilvægar breytingar á áætlununum.

2. Eyðublaðið, sem nota skal til að tilkynna um samþykkt þessara áætlana og umtalsverðar breytingar á þeim, skal samþykkt í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 39. gr.

([26]) Stjtíð. EB L 197, 21.7.2001, bls. 30.

VI. KAFLI

SKOÐANIR OG SKJALAHALD

34. gr.

Skoðanir

1. Stöðvar eða fyrirtæki sem sem sjá um meðhöndlun úrgangs, stöðvar eða fyrirtæki, sem safna eða flytja úrgang í atvinnuskyni, miðlarar og seljendur og stöðvar eða fyrirtæki, sem framleiða hættulegan úrgang, skulu sæta viðeigandi reglubundnum skoðunum lögbærs yfirvalds.

2. Skoðanir, er varða söfnunar- og flutningsstarfsemi, skulu ná til uppruna, eðlis, magns og áfangastaðar þess úrgangs sem safnað er og fluttur.

3. Aðildarríkin geta haft hliðsjón af skráningum í tengslum við umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS), sérstaklega að því er varðar tíðni og umfang skoðananna.

35. gr.

Skráahald

1. Stöðvarnar eða fyrirtækin, sem um getur í 1. mgr. 23. gr., framleiðendur hættulegs úrgangs og stöðvarnar og fyrirtækin, sem safna eða flytja hættulegan úrgang í atvinnuskyni eða sem starfa sem seljendur og miðlarar hættulegs úrgangs, skulu halda skrá í réttri tímaröð yfir magn, eðli og uppruna úrgangsins og, ef við á, áfangastað hans, tíðni söfnunar, flutningsmáta og aðferðina við væntanlega meðhöndlun á úrganginum og skulu koma þeim upplýsingum á framfæri við lögbær yfirvöld, sé þess óskað.

2. Þegar um hættulegan úrgang er að ræða skal geyma skrárnar í minnst þrjú ár, en þó þurfa stöðvar og fyrirtæki, sem flytja hættulegan úrgang, aðeins að geyma skrárnar í a.m.k. tólf mánuði.

Afhenda verður skrifleg sönnunargögn um að stjórnunaraðgerðir hafi verið inntar af hendi ef lögbær yfirvöld eða fyrri handhafi fer fram á það.

3. Aðildarríkin geta krafist þess að framleiðendur hættulauss úrgangs fari að 1. og 2. mgr.

36. gr.

Framfylgd og viðurlög

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að banna að úrgangur sé skilinn eftir, hann losaður án eftirlits eða að stjórnun hans sé eftirlitslaus.

2. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um ákvæði um viðurlög við brotum gegn ákvæðum þessarar tilskipunar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Þessi viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

VII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

37. gr.

Skýrslugjöf og endurskoðun

1. Þriðja hvert ár skulu aðildarríkin upplýsa framkvæmdastjórnina um framkvæmd þessarar tilskipunar með sviðsskýrslu sem lögð er fram á rafrænu formi. Í skýrslunni skulu einnig vera upplýsingar um stjórnun olíuúrgangs og um framfarir, sem náðst hafa í framkvæmd áætlana um forvarnir gegn myndun úrgangs og, eftir því sem við á, upplýsingar um ráðstafanir, sem gert er ráð fyrir í 8. gr., um rýmkaða ábyrgð framleiðenda.

Skýrslan skal byggjast á spurningalista eða eyðublaði sem framkvæmdastjórnin tekur saman í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 6. gr. tilskipunar ráðsins 91/692/EBE frá 23. desember 1991 um að staðla og einfalda skýrslur um framkvæmd vissra tilskipana um umhverfismál([27]). Skýrslan skal lögð fyrir framkvæmdastjórnina innan níu mánaða frá lokum þriggja ára tímabilsins sem hún tekur til.

2. Framkvæmdastjórnin skal senda spurningalistann eða eyðublaðið til aðildarríkjanna sex mánuðum fyrir upphaf tímabilsins sem sviðsskýrslan tekur til.

3. Framkvæmdastjórnin skal birta skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar innan níu mánaða frá því að sviðsskýrslur aðildarríkjanna hafa borist henni, í samræmi við 1. mgr.

4. Í fyrstu skýrslunni, sem leggja skal fram eigi síðar en 12. desember 2014, skal framkvæmdastjórnin endurskoða framkvæmd þessarar tilskipunar, þ.m.t. ákvæðin um orkunýtni, og mun hún leggja fram tillögu um endurskoðun ef við á. Í skýrslunni skal einnig meta fyrirliggjandi áætlanir aðildarríkjanna um forvarnir gegn myndun úrgangs, markmið þeirra og vísa og skoða möguleikann á áætlunum á vettvangi Bandalagsins, þ.m.t. ábyrgðarkerfi fyrir framleiðendur vegna tiltekinna strauma úrgangs, markmið, vísa og ráðstafanir sem tengjast endurvinnslu, sem og endurnýtingu á efniviði og orku sem getur orðið skref í þá átt að uppfylla á skilvirkari hátt markmiðin sem sett eru fram í 1. og 4. gr.

([27]) Stjtíð. EB L 377, 31.12.1991, bls. 48.

38. gr.

Túlkun og aðlögun að tækniframförum

1. Framkvæmdastjórnin getur sett fram leiðbeiningar um túlkun á skilgreiningunum á endurnýtingu og förgun.

Ef nauðsyn krefur skal skilgreina sérstaklega notkun formúlunnar fyrir brennslustöðvar sem um getur í lið R1 í II. viðauka. Taka má tillit til staðbundinna veðurfarsskilyrða, svo sem hversu kalt getur orðið og hversu mikil þörf er fyrir upphitun að því marki sem það hefur áhrif á magn orkunnar sem tæknilega er unnt að nota eða framleiða í formi rafmagns, upphitunar, kælingar eða vinnslugufu. Einnig má taka tillit til staðbundinna aðstæðna á ystu svæðum eins og viðurkennt er í fjórðu undirgrein 2. mgr. 299. gr. sáttmálans og svæðanna sem kveðið er á um í 25. gr. laganna um aðild frá 1985. Þessi ráðstöfun, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, skal samþykkt í samræmi við þá reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 39. gr.

2. Breyta má viðaukanum í ljósi framfara á sviði vísinda og tækni. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigaminni þáttum tilskipunar þessarar, skal samþykkja í samræmi við þá reglunefndarmeðferð með grannskoðun er um getur í 2. mgr. 39. gr.

39. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1. til 4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. í þeirri ákvörðun.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. í þeirri ákvörðun.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

40. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 12. desember 2010.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða landslaga sem þau samþykkja um þau málefni sem tilskipun þessi tekur til.

41. gr.

Niðurfelling og bráðabirgðaákvæði

Tilskipanir 75/439/EBE, 91/689/EBE og 2006/12/EB eru hér með felldar úr gildi frá og með 12. desember 2010.

Hins vegar gildir eftirfarandi frá 12. desember 2008:

a) Í stað 4. mgr. 10. gr. tilskipunar 75/439/EBE komi eftirfarandi:

„4. Framkvæmdastjórnin ákveður hvaða tilvísunarmæliaðferð skuli notuð til að ákvarða innihald fjölklóraðra bífenýla/fjölklóraðra terfenýla (PCB/PCT) í olíuúrgangi. Þessi ráðstöfun, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að bæta við hana, skal samþykkt í samræmi við þá reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 18. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB frá 5. apríl 2006 um úrgang(*).“

(*) Stjtíð. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 9.,

b) Tilskipun 91/689/EBE er hér með breytt sem hér segir:

i. Í stað 4. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„4. Í þessari tilskipun merkir „hættulegur úrgangur“:

— úrgang, sem flokkaður er sem hættulegur úrgangur í skránni sem kveðið var á um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB(*) á grundvelli I. og II. viðauka við þessa tilskipun. Þessi úrgangur verður að búa yfir einum eða fleiri þeirra eiginleika sem tilgreindir eru í III. viðauka. Við gerð skrárinnar skal hafa hliðsjón af uppruna og samsetningu úrgangsins og, ef nauðsyn krefur, viðmiðunarmörk fyrir styrk. Skráin skal yfirfarin reglulega og hún endurskoðuð ef þörf er á. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við þá reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 18. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB frá 5. apríl 2006 um úrgang(**),

— annan úrgang, sem aðildarríki telur að hafi einhverja þá eiginleika sem tilgreindir eru í III. viðauka. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um slík tilvik og þau endurskoðuð með það í huga að aðlaga skrána. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við þá reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 18. gr. tilskipunar 2006/12/EB.“

(*) Stjtíð. EB L 226, 6.9.2000, bls. 3.
(**) Stjtíð. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 9.

ii. Í stað 9. gr. komi eftirfarandi:

„*9. gr.*

Ráðstafanirnar, sem nauðsynlegar eru til að laga viðaukana við þessa tilskipun að framförum á sviði vísinda og tækni og til að endurskoða skrána yfir úrgang sem um getur í 4. mgr. 1. gr. og sem ætlað er að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, m.a. með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 18. gr. tilskipunar 2006/12/EB.“

c) Tilskipun 2006/12/EB er breytt sem hér segir:

i. Í stað 2. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„2. Að því er varðar a-lið 1. mgr. gildir ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB(*) þar sem finna má skrána um úrgang í þeim flokkum sem tilgreindir eru í I. viðauka við þessa tilskipun. Skráin skal yfirfarin reglulega og hún endurskoðuð ef þörf er á. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við þá reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 18. gr.“

(*) Stjtíð. EB L 226, 6.9.2000, bls. 3;

ii. Í stað 17. gr. komi eftirfarandi:

„17. gr.

Samþykkja skal ráðstafanirnar, sem nauðsynlegar eru til að aðlaga viðaukana að framförum á sviði vísinda og tækni og sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 18. gr.“

iii. Í stað 4. mgr. 18. gr. komi eftirfarandi:

„4. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1. til 4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. þeirrar ákvörðunar.“.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í V. viðauka.

42. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

43. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 19. nóvember 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti.	*forseti*
H.-G. PÖTTERING	J.-P. JOUYET

I. VIÐAUKI

FÖRGUNARAÐGERÐIR

D 1 Losun ofan jarðar sem neðan (t.d. urðun)

D 2 Meðhöndlun í jarðvegi (t.d. lífniðurbrot fljótandi úrgangs eða seyru í jarðvegi)

D 3 Dæling djúpt niður í jarðlög (t.d. dæling fljótandi úrgangsefna í borholur, saltstöpla eða náttúrulegar jarðsprungur)

D 4 Losun í yfirborðsvatn (t.d. losun fljótandi úrgangs eða seyru í pytti, tjarnir eða lón)

D 5 Losun á sérhönnuðum urðunarstöðum (t.d. í vatnsþétt, þakin holrými sem eru skilin hvert frá öðru og umhverfinu)

D 6 Losun í vatnshlot, nema í sjó/úthöf

D 7 Losun í sjó/úthöf, þ.m.t. talinn niðurgröftur á hafsbotni

D 8 Líffræðileg meðhöndlun, sem ekki er tilgreind annars staðar í þessum viðauka, þar sem til verða efnasambönd eða blöndur sem er fargað með einhverjum þeim aðgerðum sem um getur í liðum D 1 til D 12

D 9 Eðlis- og efnafræðileg meðhöndlun, sem ekki er tilgreind annars staðar í þessum viðauka, þar sem til verða efnasambönd eða blöndur sem er fargað með einhverjum þeim aðgerðum sem um getur í liðum D 1 til D 12 (t.d. uppgufun, þurrkun, glæðingu)

D 10 Brennsla á landi

D 11 Brennsla á sjó(*)

D 12 Varanleg geymsla (t.d. staðsetning gáma í námu)

D 13 Blöndun áður en gripið er til einhverra þeirra aðgerða sem um getur í liðum D 1 til D 12(**)

D 14 Umpökkun fyrir afhendingu til einhverrar af þeim aðgerðum sem um getur í liðum D 1 til D 13

D 15 Geymsla fram að afhendingu til einhverrar af þeim aðgerðum sem um getur í liðum D 1 til D 14 (að undanskilinni tímabundinni geymslu á framleiðslustað úrgangsins fram að söfnun)(***)

(*) Þessi starfsemi er bönnuð samkvæmt löggjöf ESB og alþjóðasamningum.

(**) Ef enginn annar D-kóði á við getur þetta náð til undirbúningsstarfs fyrir förgun, þ.m.t. forvinnsla, t.d. flokkunar, mulnings, þjöppunar, kögglunar, þurrkunar, tætingar, formeðhöndlunar eða aðgreiningar fyrir einhverja af þeim aðgerðum sem tilgreindar eru í liðum D1 til D12.

(***) Tímabundin geymsla merkir bráðabirgðageymsla samkvæmt 10. lið 3. gr.

II. VIÐAUKI

ENDURNÝTINGARAÐGERÐIR

R 1 Notkun aðallega sem eldsneyti eða á annan hátt til orkuframleiðslu(*)

R 2 Endurheimt eða endurmyndun leysa

R 3 Endurvinnsla eða endurheimt lífrænna efna, sem eru ekki notuð sem leysiefni, (m.a. mylting og aðrar líffræðilegar ummyndunaraðferðir)(**)

R 4 Endurvinnsla eða endurheimt málma og málmsambanda

R 5 Endurvinnsla eða endurheimt annars ólífræns efniviðar(***)

R 6 Endurmyndun sýru eða basa

R 7 Endurnýting efnisþátta sem eru notaðir til að draga úr mengun

R 8 Endurnýting efnisþátta úr hvötum

R 9 Endurhreinsun olíu eða önnur endurnotkun olíu

R 10 Meðhöndlun í jarðvegi til hagsbóta fyrir landbúnað eða vistkerfi

R 11 Notkun leifa sem fást með einhverri þeirri aðgerð sem um getur í liðum R 1 til R 10

R 12 Skipti á úrgangi með það í huga að hann verði látinn gangast undir einhverja af aðgerðunum sem um getur í liðum R 1 til R 11(****)

R 13 Geymsla á úrgangi áður en kemur til einhverrar af þeim aðgerðum sem um getur í liðum R 1 til R 12 (að undanskilinni tímabundinni geymslu á framleiðslustað úrgangsins fram að söfnun)(****)

———

(*) Þar með teljast brennslustöðvar sem ætlaðar eru til vinnslu á húsasorpi í föstu formi, en einungis ef orkunýtni þeirra er jöfn og eða meiri en:
– 0,60 hjá stöðvum sem eru í rekstri og hafa fengið leyfi í samræmi við gildandi löggjöf Bandalagsins fyrir 1. janúar 2009,
– 0,65 hjá stöðvum sem fengu leyfi eftir 31. desember 2008,
þar sem notuð er eftirfarandi formúla:
orkunýtni = (Ep – (Ef + Ei))/(0,97 × (Ew + Ef))
þar sem:
Ep er orka sem er framleidd árlega sem varmi eða raforka. Hún er reiknuð með orku í formi raforku, sem margfaldast með 2,6, og í formi varma, sem framleiddur er til notkunar í viðskiptalegum tilgangi og margfaldast með 1,1 (GJ/ári)
Ef er árlegt orkuílag til kerfisins frá eldsneyti sem notað er til framleiðslu á gufu (GJ/ári)
Ew er árleg orka sem er í meðhöndluðum úrgangi, reiknuð út frá nettóvarmagildi úrgangsins (GJ/ári)
Ei er árleg orka sem er flutt inn, þó ekki Ew eða Ef (GJ/ári)
0,97 er stuðull sem svarar til orkutaps vegna botnösku og geislavirkni.
Þessari formúlu skal beitt í samræmi við tilvísunarskjalið um bestu, fáanlegu tækni við brennslu úrgangs.

(**) Þar með telst gösun og hitasundrun þar sem efnisþættirnir eru notaðir sem íðefni.

(***) Þar með telst hreinsun jarðvegs sem leiðir til endurheimtar jarðvegsins og endurvinnsla á ólífrænum byggingarefnum.

(****) Ef enginn annar R-kóði á við getur þetta náð yfir undirbúningsaðgerðir fyrir endurnýtingu, þ.m.t. forvinnslu á borð við sundurhlutun, flokkun, mölun, þjöppun, kögglun, þurrkun, tætingu, formeðhöndlun, endurpökkun, aðgreiningu, sameiningu eða blöndun áður en kemur til einhverrar af þeim aðgerðum sem um getur í liðum R1 til R11.

(*****) Tímabundin geymsla merkir bráðabirgðageymsla samkvæmt 10. lið 3. gr.

III. VIÐAUKI

EIGINLEIKAR ÚRGANGS SEM GERA HANN HÆTTULEGAN

H 1 „Sprengifimur“: á við um efni og efnablöndur sem geta sprungið vegna áhrifa frá eldi eða sem eru næmari fyrir höggum eða núningi en dínítróbensen.

H 2 „Eldmyndandi (oxandi)“: á við um efni og efnablöndur sem taka þátt í mjög útvermnum efnahvörfum við snertingu við önnur efni, einkum eldfim efni.

H 3-A „Mjög eldfimur“:

— á við um fljótandi efni og efnablöndur sem hafa blossamark undir 21 °C (þ.m.t. afar eldfimir vökvar),

— á við um efni og efnablöndur sem geta hitnað og loks tekið að loga við snertingu við loft við eðlilegan lofthita og án þess að orku sé beitt,

— á við um föst efni og efnablöndur sem geta auðveldlega tekið að loga eftir skamma snertingu við íkveikjuvald og halda áfram að brenna eða eyðast eftir að íkveikjuvaldurinn hefur verið fjarlægður,

— á við um loftkennd efni og efnablöndur sem eru eldfim við eðlilegan loftþrýsting,

— á við um efni og efnablöndur sem láta frá sér mjög eldfimar lofttegundir í hættulegum mæli ef þau komast í snertingu við vatn eða rakt loft.

H 3-B „Eldfimur“: á við um fljótandi efni og efnablöndur sem hafa kveikjumarkið 21 °C að lágmarki og að hámarki kveikjumarkið 55 °C.

H 4 „Ertandi“: á við um óætandi efni og efnablöndur sem geta valdið bólgu við beina, langvinna eða endurtekna snertingu við húð eða slímhúð.

H 5 „Skaðlegur“: á við um efni og efnablöndur sem geta haft í för með sér takmarkaða heilbrigðisáhættu ef þeim er andað að sér, þau eru tekin inn eða ef þau berast gegnum húð.

H 6 „Eitraður“: á við um efni og efnablöndur (þ.m.t. mjög eitruð efni og efnablöndur) sem geta valdið alvarlegum, bráðum eða langvarandi skaða og jafnvel leitt til dauða ef þeim er andað að sér, þau eru tekin inn eða ef þau berast gegnum húð.

H 7 „Krabbameinsvaldandi“: á við um efni og efnablöndur sem geta valdið krabbameini eða aukið hættuna á krabbameini ef þeim er andað að sér, þau eru tekin inn eða ef þau berast gegnum húðina.

H 8 „Ætandi“: á við um efni og efnablöndur sem geta eyðilagt lifandi vefi við snertingu.

H 9 „Smitandi“: á við um efni sem innihalda lífvænlegar örverur eða eiturefni þeirra sem vitað er eða ætla má að geti valdið sjúkdómum í mönnum eða öðrum lífverum.

H 10 „Hefur eiturhrif á æxlun“: á við um efni og efnablöndur, sem geta valdið óarfgengri, meðfæddri vansköpun eða geta aukið algengi slíkra galla, ef efnunum eða efnablöndunum er andað að sér, þau eru tekin inn eða ef þau berast gegnum húðina.

H 11 „Stökkbreytivaldandi“: á við um efni og efnablöndur, sem geta valdið arfgengum erfðagöllum eða aukið algengi slíkra galla við innöndun efnanna eða efnablandanna, ef þau eru tekin inn eða ef þau berast gegnum húðina.

H 12 Úrgangur sem lætur frá sér eitraðar eða mjög eitraðar lofttegundir ef hann kemst í snertingu við vatn, loft eða sýru.

H 13(*) „Næmandi“: efni og efnablöndur sem við innöndun eða ef þau berast gegnum húðina geta valdið ofnæmi þannig að frekari váhrif frá efninu eða efnablöndunni valda sérstökum, skaðlegum áhrifum.

H 14 „Visteitraður“: á við um efni og efnablöndur sem hafa eða kunna að hafa áhættu í för með sér fyrir eitt eða fleiri umhverfissvið, tafarlaust eða síðar.

(*) Að því tilskildu að prófunaraðferðir séu fyrir hendi.

H 15 Úrgangur sem getur eftir förgun gefið frá sér sigvatn eða önnur efni sem búa yfir einhverjum af ofangreindum eiginleikum.

Athugasemdir

1. Röðun í flokkana „eitraður“ (og „mjög eitraður“), „skaðlegur“, „ætandi“, „ertandi“, „krabbameinsvaldandi“, „hefur eiturhrif á æxlun“, „stökkbreytandi“ og „visteitraður“ grundvallast á viðmiðununum sem mælt er fyrir um í VI. viðauka við tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna ([37]).

2. Viðmiðunarmörkin, sem tilgreind eru í II. og III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB frá 31. maí 1999 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efnablandna ([38]), gilda eftir því sem við á.

Prófunaraðferðir

Aðferðunum, sem nota skal, er lýst í V. viðauka við tilskipun 67/548/EBE og öðrum athugasemdum frá Staðlasamtökum Evrópu sem máli skipta.

_____

([37]) Stjtíð. EB L 196, 16.8.1967, bls. 1.
([38]) Stjtíð. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1.

IV. VIÐAUKI

DÆMI UM RÁÐSTAFANIR TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR MYNDUN ÚRGANGS SEM UM GETUR Í 29. GR.

Ráðstafanir sem geta haft áhrif á rammaskilyrðin sem tengjast myndun úrgangs

1. Ráðstafanir vegna áætlanagerðar eða önnur efnahagsleg stjórntæki sem stuðla að skilvirkri notkun á auðlindum.

2. Efling rannsókna og þróunarstarfsemi sem stuðla að því að fá fram vörur sem eru hreinni og skapa minni úrgang og miðlun á niðurstöðum slíkra rannsókna og þróunarstarfsemi og hagnýting niðurstaðnanna.

3. Þróun á skilvirkum og markvissum vísum fyrir álag á umhverfið, sem tengjast myndun úrgangs og sem ætlað er að stuðla að forvörnum gegn myndun hans á öllum stigum, allt frá samanburði á vörum á vettvangi Bandalagsins að frumkvæði staðaryfirvalda til landsráðstafana.

Ráðstafanir sem geta haft áhrif á hönnun og á framleiðslu- og dreifingarfasann

4. Efling visthönnunar (kerfisbundin samþætting umhverfisþátta inn í vöruhönnun í því skyni að bæta vistvænleika vöru á öllum vistferli hennar).

5. Veiting upplýsinga um tækni til að koma í veg fyrir myndun úrgangs með það í huga að stuðla að notkun bestu, fáanlegu tækni í iðnaði.

6. Skipulagning á þjálfun lögbærra yfirvalda að því er varðar innleiðingu krafna um forvarnir gegn myndun úrgangs í leyfum samkvæmt þessari tilskipun og tilskipun 96/61/EB.

7. Ráðstafanir til að koma í veg fyrir framleiðslu úrgangs á stöðvum sem falla ekki undir tilskipun 96/61/EB. Slíkar ráðstafanir gætu, eftir því sem við á, falist í mati á forvörnum gegn myndun úrgangs eða áætlunum þar að lútandi.

8. Herferðir til vitundarvakningar eða það að veita fyrirtækjum fjárhagslegan stuðning, stuðning við ákvarðanatöku eða annan stuðning. Líklegt er að slíkar ráðstafanir verði sérlega skilvirkar ef þær beinast að og eru lagaðar að litlum og meðalstórum fyrirtækjum og í gegnum viðskiptanet sem þegar eru fyrir hendi.

9. Frjálsir samningar, umræðuhópar neytenda/framleiðenda eða samningaviðræður innan geiranna í því skyni að viðkomandi fyrirtæki eða iðnaðargeirar geri sínar eigin áætlanir eða setji markmið um forvarnir gegn myndun úrgangs eða geri úrbætur varðandi vörur eða umbúðir sem hafa í för með sér myndun mikils úrgangs.

10. Það að stuðla að traustvekjandi umhverfisstjórnunarkerfi, þ.m.t. umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins og ISO 14001.

Ráðstafanir sem geta haft áhrif á neyslu- og notkunarfasann

11. Efnahagsleg stjórntæki, s.s. ívilnanir vegna umhverfisvænna innkaupa eða innleiðing á skyldugreiðslum neytenda fyrir tiltekinn hlut eða hluta af umbúðum sem annars fengist ókeypis.

12. Herferðir til vitundarvakningar og upplýsingamiðlunar til almennings eða tiltekins hóps neytenda.

13. Það að stuðla að traustvekjandi umhverfismerkjum.

14. Samningar við iðngreinarnar, s.s. um að koma á umræðuhópum um vörur, t.d. þeirra sem fara fram innan rammans um samþættra vörustefnu, eða við smásala um aðgengi að upplýsingum um forvarnir gegn myndun úrgangs og um vörur sem hafa minni umhverfisáhrif.

15. Samþætting umhverfisviðmiðana og viðmiðana um forvarnir gegn myndun úrgangs við útboð og samninga, bæði í tengslum við opinber innkaup og innkaup fyrirtækja, í samræmi við handbókina um umhverfisvæn, opinber innkaup sem framkvæmdastjórnin gaf út 29. október 2004.

16. Það að stuðla að endurnotkun og/eða viðgerðum á viðeigandi vörum, sem hefur verið hent, eða á efnisþáttum þeirra, sérstaklega með menntunartengdum eða efnahagslegum ráðstöfunum eða ráðstöfunum er varða aðdrætti eða öðrum ráðstöfunum á borð við stuðning við eða stofnun viðgerðar- og endurnotkunarmiðstöðva, einkum á þéttbýlum svæðum.

_____

V. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 2006/12/EB	Þessi tilskipun
a-liður 1. mgr. 1. gr.	1. mgr. 3. gr.
b-liður 1. mgr. 1. gr.	5. mgr. 3. gr.
c-liður 1. mgr. 1. gr.	6. mgr. 3. gr.
d-liður 1. mgr. 1. gr.	9. mgr. 3. gr.
e-liður 1. mgr. 1. gr.	19. mgr. 3. gr.
f-liður 1. mgr. 1. gr.	15. mgr. 3. gr.
g-liður 1. mgr. 1. gr.	10. mgr. 3. gr.
2. mgr. 1. gr.	7. gr.
1. mgr. 2. gr.	1. mgr. 2. gr.
a-liður 1. mgr. 2. gr.	a-liður 1. mgr. 2. gr.
b-liður 1. mgr. 2. gr.	2. mgr. 2. gr.
i. liður b-liðar 1.mgr. 2.gr.	d-liður 1. mgr. 2. gr.
ii. liður b-liðar 1. mgr. 2.gr.	d-liður 2. mgr. 2. gr.
iii. liður b-liðar 1. mgr. 2. gr.	f-liður 1. mgr. og c-liður 2. mgr. 2. gr.
iv. liður b-liðar 1. mgr. 2. gr.	a-liður 2. mgr. 2. gr.
v. liður b-liðar 1. mgr. 2. gr.	e-liður 1. mgr. 2. gr.
2. mgr. 2. gr.	4. mgr. 2. gr.
1. mgr. 3. gr.	4. gr.
1. mgr. 4. gr.	13. gr.
2. mgr. 4. gr.	1. mgr. 36. gr.
5. gr.	16. gr.
6. gr.	—
7. gr.	28. gr.
8. gr.	15. gr.
9. gr.	23. gr.
10. gr.	23. gr.
11. gr.	24. og 25. gr.
12. gr.	26. gr.
13. gr.	34. gr.
14. gr.	35. gr.
15. gr.	14. gr.
16. gr.	37. gr.
17. gr.	38. gr.
1. mgr. 18. gr.	1. mgr. 39. gr.

Tilskipun 2006/12/EB	Þessi tilskipun
—	2. mgr. 39. gr.
2. mgr. 18. gr.	—
3. mgr. 18. gr.	3. mgr. 39. gr.
19. gr.	40. gr.
20. gr.	—
21. gr.	42. gr.
22. gr.	43. gr.
I. viðauki	—
II. viðauki A	I. viðauki
II. viðauki B	II. viðauki

Tilskipun 75/439/EBE	Þessi tilskipun
1. mgr. 1. gr.	18. mgr. 3. gr.
2. gr.	13. og 21. gr.
1. og 2. mgr. 3. gr.	—
3. mgr. 3. gr.	13. gr.
4. gr.	13. gr.
1. mgr. 5. gr.	—
2. mgr. 5. gr.	—
3. mgr. 5. gr.	—
4. mgr. 5. gr.	26. og 34. gr.
6. gr.	23. gr.
a-liður 7. gr.	13. gr.
b-liður 7. gr.	—
1. mgr. 8. gr.	—
a-liður 2. mgr. 8. gr.	—
b-liður 2. mgr. 8. gr.	—
3. mgr. 8. gr.	—
9. gr.	—
1. mgr. 10. gr.	18. gr.
2. mgr. 10. gr.	13. gr.
3. og 4. mgr. 10. gr.	—
5. mgr. 10. gr.	19., 21., 25., 34. og 35. gr.
11. gr.	—
12. gr.	35. gr.
1. mgr. 13. gr.	34. gr.

Tilskipun 75/439/EBE	Þessi tilskipun
2. mgr. 13. gr.	—
14. gr.	—
15. gr.	—
16. gr.	—
17. gr.	—
18. gr.	37. gr.
19. gr.	—
20. gr.	—
21. gr.	—
22. gr.	—
I. viðauki	—

Tilskipun 91/689/EBE	Þessi tilskipun
1. mgr. 1. gr.	—
2. mgr. 1. gr.	—
3. mgr. 1. gr.	—
4. mgr. 1. gr.	2. mgr. 3. gr. og 7. gr.
5. mgr. 1. gr.	20. gr.
1. mgr. 2. gr.	23. gr.
2. til 4. mgr. 2. gr.	18. gr.
3. gr.	24., 25. og 26. gr.
1. mgr. 4. gr.	1. mgr. 34. gr.
2. og 3. mgr. 4. gr.	35. gr.
1. mgr. 5. gr.	1. mgr. 19. gr.
2. mgr. 5. gr.	2. mgr. 34. gr.
3. mgr. 5. gr.	2. mgr. 19. gr.
6. gr.	28. gr.
7. gr.	—
8. gr.	—
9. gr.	—
10. gr.	—
11. gr.	—
12. gr.	—
I. og II. viðauki	—
III. viðauki	III. viðauki

TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/98**

frá 13. janúar 2010

um örugg skipti á rafrænum gögnum milli aðildarríkjanna til að ganga úr skugga um að ökumannskort, sem þau gefa út, séu aðeins til í einu eintaki (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 19)

(2010/19/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 292. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 14. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum [1] er kveðið á um að lögbært yfirvald í aðildarríki skuli gefa út, að beiðni ökumanns sem hefur fasta búsetu í því aðildarríki, ökumannskort, eins og það er skilgreint í I. viðauka B við þá reglugerð.

2) Samkvæmt kröfu 268a í reglugerð (EBE) nr. 3821/85 skulu aðildarríki skiptast á gögnum á rafrænu formi til þess að tryggja að ökumannskort, sem þau gefa út, séu aðeins til í einu eintaki. Í samræmi við þá kröfu geta lögbær yfirvöld aðildarríkja einnig skipst á gögnum á rafrænu formi þegar framkvæmt er eftirlit með ökumannskortum á vegum eða á athafnasvæðum fyrirtækis til þess að ganga úr skugga um að ökumannskort séu aðeins til í einu eintaki og séu tæk.

3) Lögbært yfirvald skal ganga úr skugga um að umsækjendur séu ekki þegar handhafar gilds ökumannskorts.

4) Gagnkvæm viðurkenning gildir um ökumannskort sem aðildarríkin gefa út.

5) Tryggja skal öryggi, heilleika og áreiðanleika stafræna ökuritakerfisins með viðeigandi eftirliti og notkun ökumannskorta sem gefin eru út í Evrópusambandinu.

6) Æskilegt er að útgáfuyfirvöld hafi tiltæk skilvirk vinnsluferli og verklagsreglur til þess að halda almennilega utan um gögn um útgáfu ökuritakorta almennt og ökumannskort sérstaklega.

7) Til að koma í veg fyrir að ökumaður geti átt fleiri en eitt gilt ökumannskort skulu útgáfuyfirvöld í aðildarríkjunum geta með skjótum og öruggum hætti staðfest upplýsingar um útgefin ökumannskort og skipst á þessum upplýsingum.

8) Í tengslum við vegaeftirlit skulu ábyrg, landsyfirvöld hafa möguleikann á að athuga hvort ökumaður sé handhafi ökumannskorts og ganga úr skugga um að tiltekið ökumannskort sé í gildi.

9) Upplýsingamiðlunarkerfið TACHOnet er traust og áreiðanlegt verkfæri fyrir rafræn gagnaskipti milli aðildarríkja varðandi útgáfu ökumannskorta og eftirlit með þeim og eru 28 Evrópulönd nú þegar tengd því kerfi. TACHOnet-kerfið er skilgreint með tilvísunarskjölum, þ.m.t. uppsláttarhandbókin „XML messaging Reference Guide“, og eru þau öll birt á vefsetri þjónustudeildar framkvæmdastjórnarinnar sem ber ábyrgð á félagslegu þáttunum í stefnunni á sviði vegaflutninga.

10) Afkastageta TACHOnet-kerfisins er háð afkastagetu kerfa í hverju landi fyrir sig. Því er rétt að setja fram lágmarksþjónustustig varðandi tiltækileika kerfisins sem aðildarríkin skulu leitast við að ná.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 9, 14.1.2010, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 122/2010 frá 10. nóvember 2010 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 12, 3.3.2011, bls. 24.

([1]) Stjtíð. EB L 370, 31.12.1985, bls. 8.

SAMÞYKKT TILMÆLI ÞESSI:

Notkun TACHOnet-kerfisins

1. Aðildarríkin skulu nota TACHOnet-kerfið við upplýsingaskipti þegar gengið er úr skugga um að ökumannskort, sem gefið er út í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 3821/85, sé aðeins til í einu eintaki.

Notkun annarra samhæfðra kerfa

2. Hópur aðildarríkja getur einnig skipst á rafrænum gögnum sín á milli með því að nota samhæft kerfi, sem samrýmist a.m.k. uppsláttarhandbókinni „TACHOnet XML messaging Reference Guide“ sem birt er á vefsetri framkvæmda-stjórnarinnar að því tilskildu að þau skiptist á rafrænum gögnum við öll önnur aðildarríki með því að nota TACHOnet-kerfið.

Verklag við að ganga úr skugga um að ökumannskort sé aðeins til í einu eintaki

3. Þegar gengið er úr skugga um að ökumannskort sé aðeins til í einu eintaki skulu aðildarríkin beita verklaginu sem mælt er fyrir um í I. viðauka.

Notkun lögbærra eftirlitsyfirvalda í hverju aðildarríki á TACHOnet-kerfinu eða sambærilegum kerfum

4. Aðildarríki skulu gera framfylgdaraðilum og eftirlitsaðilum í hverju aðildarríki kleift að nota TACHOnet-kerfið og/eða sambærileg kerfi, hvetja til og stuðla að slíkri notkun til að greiða fyrir skilvirku eftirliti með því að ökumannskort séu í gildi, séu tæk og að þau séu aðeins til í einu eintaki, einkum við eftirlit á vegum eða á athafnasvæðum fyrirtækis.

Lágmarksþjónustustig

5. Aðildarríki skulu tryggja lágmarksþjónustustig fyrir TACHOnet-kerfið eða samhæft kerfi, eins og um getur í 2. lið, eins og lýst er í II. viðauka.

Eftirfylgni

6. Aðildarríkin eru hvött til að tilkynna framkvæmda-stjórninni um aðgerðir sem teknar eru með hliðsjón af þessum tilmælum eigi síðar en 30. júní 2010.

Endurskoðun

7. Ef sambærilegt kerfi fyrir rafræn gagnaskipti, sem er nothæft í öllum aðildarríkjunum, er tiltækt til notkunar skal framkvæmdastjórnin endurskoða þessi tilmæli að beiðni a.m.k. fimm aðildarríkja og að höfðu samráði við nefndina sem komið var á fót með 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3821/85.

Viðtakendur

8. Tilmælum þessum er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. janúar 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Antonio TAJANI

varaforseti.

I. VIÐAUKI

GENGIÐ ÚR SKUGGA UM AÐ ÖKUMANNSKORT SÉU AÐEINS TIL Í EINU EINTAKI

1. Allar umsóknir um ökumannskort skulu bornar saman við skrána yfir ökumannskort í því aðildarríki þar sem umsóknin er lögð fram.

2. Þegar svo háttar til að umsækjandi er handhafi ökuskírteinis, sem gefið er út í því landi þar sem umsókn er lögð fram, geta yfirvöldin sem gefa út kort í aðildarríkinu notað TACHOnet-kerfið, eða samhæft kerfi, til þess að framkvæma úrtakskannanir til að staðfesta hvort umsækjandinn hafi sótt um og/eða fengið ökumannskort í öðru aðildarríki. Slíkar úrtakskannanir skulu ná yfir a.m.k. 2% allra umsókna.

3. Þegar svo háttar til að umsækjandi er handhafi ökuskírteinis, sem gefið er út í öðru aðildarríki en því landi þar sem umsókn er lögð fram, skulu yfirvöldin, sem gefa út kort í aðildarríkinu, ávallt nota TACHOnet-kerfið eða samhæft kerfi.

4. Aðildarríki, sem gefa út ökumannskort til handa ökumanni sem er handhafi ökuskírteinis, sem gefið er út í öðru aðildarríki, skulu þegar í stað, í gegnum TACHOnet-kerfið eða samhæft kerfi, tilkynna þessu aðildarríki um að ökumannskort hafi verið gefið út.

5. Aðildarríki sem berst tilkynning frá öðru aðildarríki um að ökumannskort hafi verið gefið út til handa ökumanni sem er handhafi ökuskírteinis, sem gefið er út í aðildarríkinu, sem fær tilkynningu, skal skrásetja þessar upplýsingar í skrá sinni yfir ökumannskort. Þessi skráning er ekki nauðsynleg ef útgáfuyfirvöldin nota TACHOnet-kerfið eða samhæft kerfi fyrir allar umsóknir.

II. VIÐAUKI

LÁGMARKSÞJÓNUSTUSTIG

Aðildarríki skulu sjá til þess að TACHOnet-kerfið eða samhæft kerfi til rafrænnar upplýsingamiðlunar uppfylli eftirfarandi lágmarkskröfur um þjónustu:

1. *Tímalengd og umfang þjónustunnar:*

   allan sólarhringinn sjö daga vikunnar

2. *Hlutfall tiltækileika kerfisins:*

   98%

   Hlutfall tiltækileika kerfisins er prósentuhlutfall þess tíma sem kerfið er virkt.

Hlutfall tiltækileika	Jafngildir því að kerfið er ekki tiltækt		
	Daglega	Mánaðarlega	Árlega
98%	20 mínútur	10 klst.	5 dagar

3. *Svörunartími kerfisins:*

   Hámark 60 sekúndur

   Ef kerfið uppfyllir ekki kröfur um svörunartíma skal aðildarríki grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til þess að koma kerfinu aftur til eðlilegs svörunartíma svo fljótt sem auðið er.

4. *Viðhaldsregla*:

   Aðildarríki skal tilkynna öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni um alla viðhaldsstarfsemi með því að nota verkfærið „Schedule Maintenance“ (Viðhaldsáætlun) sem tiltækt er á vefgátt TACHOnet:

   https//webgate.cec.eu-admin.net/tachonet/prod/tachonetportal/

   (aðgangur takmarkaður við tengingu um s-TESTA netkerfi).

5. *Eðlilegu ástandi komið á eftir bilun*:

   Ef ekki er unnt að gera við bilun innan 30 mínútna skal aðildarríkið, þar sem kerfið, sem bilunin var rakin til, er staðsett, fylgja eftirfarandi verklagsreglum:

   a) tilkynna hinum aðildarríkjunum um það í gegnum verkfærið „Schedule Maintenance“ — afrit er sjálfkrafa áframsent á framkvæmdastjórnina,

   b) senda tafarlaust tilkynningu þegar kerfið starfar eðlilega aftur.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2008/1/EB **2013/EES/4/99**

frá 15. janúar 2008

um samþættar ráðstafanir til að fyrirbyggja og takmarka mengun (*)

(Kerfisbundin útgáfa)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 96/61/EB frá 24. september 1996 um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun ([3]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ([4]). Til glöggvunar og hagræðingar skal kerfisbinda tilskipunina.

2) Markmið og meginreglur umhverfisstefnu Bandalagsins eru, samkvæmt 174. gr. í sáttmálanum, einkum að koma í veg fyrir mengun, draga úr henni og eyða henni eins og frekast er kostur með því að leggja megináherslu á að grípa inn í þar sem mengun á upptök sín og tryggja skynsamlega stjórnun náttúruauðlinda, í samræmi við mengunarbótaregluna og meginregluna um mengunarvarnir.

3) Í fimmtu aðgerðaáætluninni á sviði umhverfismála, sem ráðið og fulltrúar ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins, samþykktu í meginatriðum í ályktun frá 1. febrúar 1993 um stefnu- og framkvæmdaáætlun Bandalagsins í tengslum við umhverfi og sjálfbæra þróun ([5]), eru samþættar mengunarvarnir látnar ganga fyrir sem mikilvægur þáttur í þróun í átt að sjálfbærara jafnvægi milli athafna mannsins og félagslegrar og efnahagslegrar þróunar annars vegar og auðlinda og endurnýjunargetu náttúrunnar hins vegar.

4) Beiting samþættrar stefnu við að draga úr mengun krefst aðgerða á vettvangi Bandalagsins sem fela í sér breytingar og viðbætur við gildandi löggjöf Bandalagsins er varða forvarnir og varnir gegn mengun frá iðjuverum.

5) Í tilskipun ráðsins 84/360/EBE frá 28. júní 1984 um baráttu gegn loftmengun frá iðjuverum ([6]) voru settar almennar reglur um að fá þyrfti leyfi áður en starfsemi iðjuvera hæfist eða umtalsverðar breytingar væru gerðar á þeim sem valdið gætu loftmengun.

6) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/11/EB frá 15. febrúar 2006 um mengun vegna losunar tiltekinna hættulegra efna í vatn í Bandalaginu ([7]) var kveðið á um þá kröfu að losun þessara efna yrði háð leyfi.

7) Í Bandalaginu er í gildi löggjöf um baráttu gegn loftmengun og um að koma í veg fyrir eða draga eins og frekast er kostur úr losun hættulegra efna í vatn en engin sambærileg löggjöf er til í Bandalaginu sem miðar að því að koma í veg fyrir eða draga eins og frekast er kostur úr losun í jarðveg.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2008, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 34, 21.6.2012, bls. 40.

([1]) Stjtíð. ESB C 97, 28.4.2007, bls. 12.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 19. júní 2007 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 17. desember 2007.

([3]) Stjtíð. EB L 257, 10.10.1996, bls. 26. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 (Stjtíð. ESB L 33, 4.2.2006, bls. 1).

([4]) Sjá A-hluta VI. viðauka.

([5]) Stjtíð. EB C 138, 17.5.1993, bls. 1.

([6]) Stjtíð. EB L 188, 16.7.1984, bls. 20. Tilskipuninni var breytt með ákvörðun 91/692/EBE (Stjtíð. EB L 377, 31.12.1991, bls. 48).

([7]) Stjtíð. ESB L 64, 4.3.2006, bls. 52.

8) Mismunandi aðferðir við varnir gegn losun út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg gætu leitt til þess að mengun færðist á milli þessara umhverfissviða fremur en að umhverfið í heild njóti verndar.

9) Markmiðið með samþættri stefnu í vörnum gegn mengun er að koma í veg fyrir losun út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg þar sem því verður við komið, með tilliti til meðhöndlunar úrgangs, og, ef þetta er ekki raunhæfur kostur, að draga eins og frekast er unnt úr henni til þess að ná víðtækri vernd umhverfisins í heild.

10) Í þessari tilskipun skal setja almennan ramma um samþættar ráðstafanir til að fyrirbyggja og takmarka mengun. Í henni er mælt fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir til að hrinda í framkvæmd samþættum ráðstöfunum til að fyrirbyggja og takmarka mengun í því skyni að ná víðtækri vernd umhverfisins í heild. Framkvæmd meginreglunnar um sjálfbæra þróun ætti að styrkjast við samþætta stefnu í vörnum gegn mengun.

11) Ákvæði þessarar tilskipunar gilda með fyrirvara um ákvæði tilskipunar ráðsins 85/337/EBE frá 27. júní 1985 um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið ([1]). Ef taka þarf tillit til upplýsinga eða niðurstaðna sem fengist hafa við beitingu þeirrar tilskipunar þegar leyfi er veitt skal þessi tilskipun ekki hafa áhrif á framkvæmd tilskipunar 85/337/EBE.

12) Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að rekstraraðili í iðnrekstri, sem um getur í þessari tilskipun, fari að almennum reglum um tilteknar grundvallarskyldur. Í þessu skyni nægir að lögbær yfirvöld taki tillit til þessara almennu reglna þegar sett eru skilyrði fyrir veitingu leyfis.

13) Sumum þeirra ákvæða, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, skal beitt eftir 30. október 2007 að því er varðar stöðvar í rekstri og öðrum átti að hafa verið beitt frá og með 30. október 1999.

14) Rekstraraðilinn skal taka tillit til umhverfisþátta til að unnt sé að taka á mengunarvandamálum á áhrifaríkan og skilvirkan hátt. Tilkynna skal lögbæru yfirvaldi eða yfirvöldum um þessa þætti til að þau geti sjálf gengið úr skugga um að gerðar hafi verið viðeigandi ráðstafanir til að fyrirbyggja og takmarka mengun áður en leyfi er veitt. Mjög ólíkar framkvæmdareglur gætu leitt til mismikillar umhverfisverndar og vitundar almennings. Því skulu lágmarksgögn fylgja umsóknum um leyfi samkvæmt þessari tilskipun.

15) Ef lögbær yfirvöld samræma til fulls sín í milli aðferðir við veitingu leyfis og skilyrði fyrir því stuðlar það að víðtækustu vernd umhverfisins í heild sem unnt er að ná.

16) Lögbært yfirvald eða yfirvöld ættu einungis að veita leyfi eða breyta því eftir að mælt hefur verið fyrir um samþættar ráðstafanir um umhverfisvernd varðandi andrúmsloft, vatn og jarðveg.

17) Í leyfinu skulu koma fram allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fullnægja skilyrðum í leyfinu þannig að sem víðtækust vernd fáist fyrir umhverfið í heild. Með fyrirvara um málsmeðferðina við leyfisveitingu geta þessar ráðstafanir einnig verið háðar almennum, bindandi skilyrðum.

18) Viðmiðunarmörk fyrir losun, breytur eða jafngildar, tæknilegar stærðir skulu grundvallast á bestu, fáanlegu tækni, án þess þó að mælt sé fyrir um notkun tiltekinnar tækni eða tækniþekkingar, og skal taka tillit til tæknilegra eiginleika hlutaðeigandi stöðvar, landfræðilegrar staðsetningar hennar og umhverfisskilyrða á staðnum. Í öllum tilvikum skal setja í skilyrðum fyrir leyfisveitingu ákvæði um lágmörkun mengunar, sem berst langa leið, eða mengunar, sem berst yfir landamæri, og um að tryggja víðtæka vernd fyrir umhverfið í heild.

19) Aðildarríkjunum ber að ákveða hvernig taka skal tillit til tæknilegra eiginleika hlutaðeigandi stöðvar, landfræðilegrar staðsetningar hennar og umhverfisaðstæðna á staðnum, eftir því sem við á.

20) Ef nauðsynlegt er vegna umhverfisgæðastaðals að sett séu strangari skilyrði en hægt er að uppfylla með því að nota bestu, fáanlegu tækni skal meðal annars setja viðbótarskilyrði fyrir leyfinu, með fyrirvara um aðrar ráðstafanir sem vera má að verði gerðar til að uppfylla umhverfisgæðastaðla.

([1]) Stjtíð. EB L 175, 5.7.1985, bls. 40. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/35/EB (Stjtíð. ESB L 156, 25.6. 2003, bls. 17).

21) Þar eð besta, fáanlega tækni breytist með tímanum, einkum vegna tæknilegra framfara, skulu lögbær yfirvöld vakta slíkar framfarir eða fá upplýsingar um þær.

22) Breytingar á stöð gætu leitt til mengunar. Því skal tilkynna lögbæru yfirvaldi eða yfirvöldum um allar breytingar sem gætu haft áhrif á umhverfið. Umtalsverðar breytingar á iðjuveri skulu háðar því að fyrirfram hafi fengist leyfi fyrir þeim í samræmi við þessa tilskipun.

23) Skilyrði fyrir leyfisveitingu skal endurskoða reglulega og uppfæra þau ef nauðsyn krefur. Í öllum tilvikum skal endurskoða skilyrðin við tilteknar aðstæður.

24) Virk þátttaka almennings við töku ákvarðana ætti að gera almenningi kleift að láta í ljós skoðanir og áhyggjur, sem kunna að skipta máli fyrir viðkomandi ákvarðanir, og þeim sem tekur ákvörðunina færi á að taka tillit til þeirra, og leiða þar með til aukinnar ábyrgðar og gagnsæis í ferlinu við ákvarðanatökuna, gera almenning meðvitaðri um umhverfismál og afla stuðnings við þær ákvarðanir sem teknar eru. Einkum skal almenningur hafa aðgang að upplýsingum um starfsemi stöðva og hugsanleg áhrif þeirra á umhverfið og, áður en nokkur ákvörðun er tekin, að upplýsingum, sem tengjast umsóknum um leyfi fyrir nýjum stöðvum eða umtalsverðum breytingum á þeim eða á leyfunum sjálfum og uppfærslu þeirra og þeim vöktunargögnum sem skipta máli.

25) Til samræmis við það skal styðja við þátttöku, þ.m.t. þátttöku samtaka, félaga og hópa, einkum frjálsra félagasamtaka, sem vinna að umhverfisvernd, m.a. með því að efla þekkingu almennings á umhverfismálum.

26) Evrópubandalagið undirritaði 25. júní 1998 samning efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UNECE) um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum (Árósasamninginn). Á meðal markmiða Árósasamningsins er að tryggja rétt almennings til að koma að töku ákvarðana í umhverfismálum, í þeim tilgangi að stuðla að vernd réttar hvers og eins til að búa í umhverfi sem er fullnægjandi að því er varðar heilbrigði og vellíðan.

27) Framfarir er varða bestu, fáanlegu tækni og skipti upplýsinga innan Bandalagsins um hana ættu að ráða bót á tæknilegu misræmi í Bandalaginu, stuðla að dreifingu upplýsinga um þau viðmiðunarmörk og tækni, sem eru notuð í Bandalaginu, út um allan heim og auðvelda aðildarríkjunum að framkvæma þessa tilskipun á réttan hátt.

28) Taka verður reglulega saman skýrslur um framkvæmd þessarar tilskipunar og árangurinn af henni.

29) Þessi tilskipun fjallar um stöðvar sem umtalsverð mengunarhætta stafar af og þar með hætta á að mengunin berist yfir landamæri. Skipuleggja ber samráð yfir landamæri þegar sótt er um leyfi fyrir nýjum stöðvum eða umtalsverðum breytingum á stöðvum sem telja má líklegt að hafi umtalsverð, neikvæð áhrif á umhverfið. Umsóknir er varða slíkar tillögur eða umtalsverðar breytingar skulu vera aðgengilegar almenningi í því aðildarríki sem líklegt má telja að mengunin hafi áhrif á.

30) Vera má að á vettvangi Bandalagsins komi í ljós þörf fyrir að setja viðmiðunarmörk fyrir losun frá tilteknum flokkum stöðva og fyrir mengunarvalda sem falla undir þessa tilskipun. Evrópuþingið og ráðið setja slík viðmiðunarmörk fyrir losun í samræmi við ákvæði sáttmálans.

31) Ákvæði þessarar tilskipunar gilda með fyrirvara um ákvæði Bandalagsins um heilbrigði og öryggi á vinnustað.

32) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti þeirra til að lögleiða tilskipanirnar sem eru tilgreindar í B-hluta VI. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilgangur og gildissvið

Markmiðið með þessari tilskipun er að stuðla að samþættum ráðstöfunum til að fyrirbyggja og takmarka mengun frá starfsemi sem er tilgreind í I. viðauka. Í henni er mælt fyrir um ráðstafanir sem eiga að koma í veg fyrir eða, ef því verður ekki við komið, draga úr losun út í andrúmsloft, vatn og jarðveg frá framangreindri starfsemi, þ.m.t. ráðstafanir er varða úrgang, til þess að ná víðtækri vernd umhverfisins í heild, með fyrirvara um tilskipun 85/337/EBE og önnur viðeigandi ákvæði Bandalagsins.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „efni“: öll frumefni og sambönd þeirra, að undanskildum geislavirkum efnum í skilningi tilskipunar ráðsins 96/29/KBE frá 13. maí 1996 um grundvallaröryggisstaðla um verndun heilbrigðis starfsmanna og almennings gegn hættu af völdum jónandi geislunar ([1]) og erfðabreyttum lífverum í skilningi tilskipunar ráðsins 90/219/EBE frá 23. apríl 1990 um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera ([2]) og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/18/EB frá 12. mars 2001 um sleppingu erfðabreyttra lífvera út í umhverfið ([3]),

2. „mengun“: bein eða óbein losun af mannavöldum á efnum, titringi, varma eða hávaða út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg þannig að heilbrigði fólks eða umhverfi stafi hætta af, efnisleg verðmæti skaðist eða réttmæt not af umhverfinu til tómstundaiðkana eða annarra þarfa verði fyrir hindrunum eða truflunum,

3. „stöð“: staðbundin tæknieining þar sem fram fer ein eða fleiri tegundir starfsemi sem er tilgreind í I. viðauka og öll önnur tengd starfsemi sem gæti haft áhrif á losun og mengun og tengist með beinum og tæknilegum hætti þeirri starfsemi sem fer fram á staðnum,

4. „stöð í rekstri“: stöð, sem þann 30.október 1990, í samræmi við lög sem voru í gildi fyrir þann dag sem þessi tilskipun kemur til framkvæmda, var í rekstri eða hafði leyfi eða sótt hefur verið um leyfi fyrir með fullgildri umsókn að mati lögbærs yfirvalds, að því tilskildu að stöðin hafi verið komin í rekstur eigi síðar en 30. október 2000,

5. „losun“: bein eða óbein losun efna, titrings, varma eða hávaða frá stökum eða dreifðum losunarstöðum á stöðinni út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg,

6. „viðmiðunarmörk fyrir losun“: gildi fyrir massa sem er gefinn upp sem tilteknar breytur, styrkleiki og/eða umfang losunar, sem óheimilt er að fara yfir á einu eða fleiri tímabilum; einnig má fastsetja viðmiðunarmörk fyrir losun frá tilteknum hópum, söfnum eða flokkum efna, einkum efna sem eru tilgreind í III. viðauka. Viðmiðunarmörk fyrir losun efna gilda að jafnaði á þeim stað þar sem efnin losna frá stöðinni og skal ekki taka tillit til þynningar þegar þessi mörk eru ákvörðuð; þegar um er að ræða óbeina losun í vatn er heimilt að taka tillit til áhrifa vatnshreinsunarstöðva þegar viðmiðunarmörk fyrir losun eru ákvörðuð fyrir viðkomandi stöð, að því tilskildu að sambærileg vernd sé tryggð fyrir umhverfið í heild og að þetta leiði ekki til aukinnar mengunar í umhverfinu, með fyrirvara um tilskipun 2006/11/EB og tilskipanir um framkvæmd hennar,

7. „umhverfisgæðastaðall“: tilteknar kröfur sem verður að fullnægja á tilteknum tíma fyrir tiltekið umhverfi eða sérstaka hluta þess, samkvæmt löggjöf Bandalagsins,

8. „lögbært yfirvald“: yfirvald eða yfirvöld eða aðilar er sjá skulu um, samkvæmt lagaákvæðum aðildarríkjanna, að uppfylla þær skyldur sem af þessari tilskipun leiðir,

9. „leyfi“: skrifleg ákvörðun (eða nokkrar slíkar ákvarðanir), í heild eða að hluta, er veitir leyfi til að reka stöðina, í heild eða að hluta, að uppfylltum tilteknum skilyrðum sem tryggja að hún sé í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar. Leyfi getur tekið til einnar stöðvar eða fleiri, í heild eða að hluta, sem eru staðsettar á sama stað og eru undir stjórn sama rekstraraðila,

10. „breyting á rekstri“: breyting á eðli eða starfsemi stöðvar, eða útvíkkun á starfsemi hennar, sem getur haft áhrif á umhverfið,

11. „umtalsverð breyting“: breyting á rekstri sem getur haft umtalsverð, neikvæð áhrif á menn eða umhverfið að áliti lögbærs yfirvalds; að því er þessa skilgreiningu varðar telst hver breyting eða framlenging á starfsemi umtalsverð ef breytingin eða framlengingin sjálf stenst þau viðmiðunarmörk, sem koma fram í I. viðauka, ef um slíkt er að ræða,

12. „besta, fáanlega tækni“: áhrifaríkasta og þróaðasta stigið í framþróun starfsemi og tengdra rekstraraðferða er gefur til kynna að nota megi tiltekna tækni sem hagkvæman grunn fyrir viðmiðunarmörk fyrir losun til að koma í veg fyrir eða, þar sem því verður ekki við komið, draga almennt úr losun og áhrifum á umhverfið í heild:

([1]) Stjtíð. EB L 159, 29.6.1996, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 117, 8.5.1990, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/174/EB (Stjtíð. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 20).
([3]) Stjtíð. ESB L 106, 17.4.2001, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1830/2003 (Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 24).

a) „tækni“: sú tækni og þær aðferðir sem eru notaðar við hönnun, smíði, viðhald, rekstur og lokun stöðvar,

b) „fáanleg tækni“: tækni sem hefur verið þróuð í þeim mæli að hægt sé að nota hana á hlutaðeigandi sviði iðnaðar, við skilyrði sem eru efnahagslega og tæknilega hagkvæm, að teknu tilliti til kostnaðar og ávinnings, óháð því hvort þessi tækni er notuð eða þróuð í hlutaðeigandi aðildarríki, að því tilskildu að rekstraraðilinn eigi þokkaleg tök á að nýta sér hana,

c) „besta tækni“: sú tækni sem er árangursríkust við að ná víðtækri, almennri vernd umhverfisins í heild.

Þegar tekin er ákvörðun um bestu, fáanlegu tækni skal taka sérstakt tillit til atriðanna sem eru tilgreind í IV. viðauka,

13. „rekstraraðili“: einstaklingur eða lögaðili, sem rekur stöðina eða stýrir henni, eða, ef kveðið er á um slíkt í landslögum, hefur fengið í hendur fjárhagslegt, ótvírætt vald yfir tæknilegri starfsemi hennar,

14. „almenningur“: einn eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar og, í samræmi við löggjöf eða venju viðkomandi ríkis, samtök þeirra, félög eða hópar,

15. „sá hluti almennings, sem málið varðar“: þeir íbúar sem verða fyrir áhrifum eða sem er líklegt að verði fyrir áhrifum eða sem eiga hagsmuna að gæta vegna töku ákvörðunar við útgáfu eða uppfærslu leyfis eða skilyrðum fyrir því; samkvæmt þessari skilgreiningu teljast öll frjáls félagasamtök, sem stuðla að umhverfisvernd og uppfylla allar kröfur landslaga, hafa hagsmuna að gæta.

3. gr.

Meginreglur um grundvallarskyldur rekstraraðila

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að lögbær yfirvöld geti tryggt að stöðvar séu þannig reknar:

a) að allar viðeigandi forvarnarráðstafanir gegn mengun séu gerðar, einkum með notkun bestu, fáanlegu tækni,

b) að ekki leiði til umtalsverðar mengunar,

c) að komist sé hjá framleiðslu úrgangs í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB frá 5. apríl 2006 um úrgang ([1]); ef sú er ekki raunin skal úrgangurinn endurnýttur eða, ef það er tæknilega og efnahagslega ógerlegt, honum komið fyrir þannig að áhrif á umhverfið verði engin eða sem minnst,

d) að orka sé vel nýtt,

e) að nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar til að koma í veg fyrir slys og takmarka afleiðingar þeirra, ef þau verða,

f) að nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar þegar starfsemin er stöðvuð endanlega til að komast hjá allri áhættu á mengun og koma staðnum, þar sem starfsemin fór fram, aftur í viðunandi horf.

2. Til þess að fara að ákvæðum þessarar greinar nægir aðildarríkjunum að tryggja að lögbær yfirvöld taki mið af almennu meginreglunum í þessari grein þegar þau ákvarða skilyrðin fyrir leyfisveitingu.

4. gr.

Leyfi fyrir nýjum stöðvum

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að engar nýjar stöðvar séu reknar án leyfis sem er gefið út í samræmi við þessa tilskipun, með fyrirvara um undantekningar sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/80/EB frá 23. október 2001 um takmörkun á losun tiltekinna mengunarefna frá stórum brennsluverum út í andrúmsloftið ([2]).

5. gr.

Skilyrði fyrir veitingu leyfa til stöðva í rekstri

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að lögbær yfirvöld sjái til þess, með veitingu leyfa í samræmi við 6. og 8. gr., eða, eftir því sem við á, með því að endurskoða og, þar sem nauðsyn krefur, uppfæra skilyrðin, að stöðvar í rekstri séu reknar í samræmi við kröfurnar í 3., 7., 9., 10. og 13. gr., 14. gr. (a- og b-liður) og 15. gr. (2. mgr.) eigi síðar en 30 október 2007, með fyrirvara um sértæka löggjöf Bandalagsins.

2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að beita ákvæðum 1., 2., 11. og 12. gr., 14. gr. (c-liður.), 15. gr. (1. og 3. mgr.) 17. og 18. gr. og 19. gr. (2. mgr.) að því er varðar stöðvar í rekstri frá og með 30. október 1999.

([1]) Stjtíð. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 9.
([2]) Stjtíð. EB L 309, 27.11.2001, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun ráðsins 2006/105/EB (Stjtíð. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 368).

6. gr.

Umsókn um leyfi

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að í umsókn um leyfi, sem er lögð fyrir lögbært yfirvald, komi fram lýsing á:

a) stöðinni og starfsemi hennar,

b) hráefnum og hjálparefnum, öðrum efnum og þeirri orku sem er notuð eða framleidd í stöðinni,

c) upptökum losunar í stöðinni,

d) staðháttum við stöðina,

e) eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar frá stöðinni út í hvern hluta umhverfisins, svo og tilgreining á umtalsverðum áhrifum losunarinnar á umhverfið,

f) tillagðri tækni og öðrum aðferðum til að koma í veg fyrir mengun eða, ef það tekst ekki, draga úr losun frá stöðinni,

g) ráðstöfunum, ef nauðsyn krefur, til að koma í veg fyrir myndun úrgangs eða varðandi endurnýtingu úrgangs frá stöðinni,

h) frekari ráðstöfnunum sem eru ráðgerðar til að fara að almennu meginreglunum um grundvallarskyldur rekstraraðila sem kveðið er á um í 3. gr.,

i. ráðstöfunum, sem eru ráðgerðar til að vakta losun út í umhverfið,

j) öðrum helstu staðgöngukostum, ef um þá er að ræða, sem umsækjandinn hefur rannsakað, og skal setja þá fram sem yfirlit.

Í umsókn um leyfi skal einnig vera samantekt, sem er ekki á tæknimáli, um þau atriði sem um getur í a- til j-lið.

2. Ef upplýsingar, sem lagðar eru fram í samræmi við kröfurnar sem kveðið er á um í tilskipun 85/337/EBE, eða öryggiskýrsla, sem er tekin saman í samræmi við tilskipun ráðsins 96/82/EB frá 9. desember 1996 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna ([1]), eða aðrar upplýsingar, sem hafa verið veittar samkvæmt annarri löggjöf, uppfylla einhverjar krafnanna í þessari grein er heimilt að láta þessar upplýsingar koma fram í umsókninni eða láta þær fylgja henni.

7. gr.

Samþætt aðferð við útgáfu leyfa

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skilyrði fyrir leyfum og aðferðin við veitingu þeirra sé að fullu samræmd ef fleira en eitt lögbært yfirvald á í hlut, með það í huga að tryggja skilvirka og samþætta aðferð allra yfirvalda sem eru til þess bær við þessa málsmeðferð.

8. gr.

Ákvarðanir

Með fyrirvara um aðrar kröfur, sem mælt er fyrir um í landslögum eða löggjöf Bandalagsins, skal lögbært yfirvald veita leyfi með skilyrðum sem tryggja að stöðin sé í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar eða að synjað sé um leyfi að öðrum kosti.

Í öllum leyfum, sem veitt eru, einnig breyttum leyfum, verða að koma fram upplýsingar um ráðstafanir til verndunar andrúmslofti, vatni og jarðvegi, eins og um getur í þessari tilskipun.

9. gr.

Skilyrði fyrir leyfi

1. Aðildarríkin skulu tryggja að leyfið feli í sér allar nauðsynlegar ráðstafanir til að kröfum 3. gr. og 10. gr. fyrir veitingu leyfis sé fullnægt, í því skyni að ná fram víðtækri vernd fyrir umhverfið í heild með því að vernda andrúmsloft, vatn og jarðveg.

2. Ef um er að ræða nýja stöð eða umtalsverðar breytingar, þar sem 4. gr. tilskipunar 85/337/EBE gildir, skal við veitingu leyfisins taka tillit til allra upplýsinga sem fram hafa komið og máli skipta eða niðurstaðna sem fengist hafa samkvæmt 5., 6. og 7. gr. þeirrar tilskipunar.

3. Í leyfinu skal tilgreina viðmiðunarmörkin fyrir losun mengandi efna, einkum þeirra sem eru tilgreind í III. viðauka, sem líklegt má telja að verði losuð frá viðkomandi stöð í umtalsverðu magni, með hliðsjón af eðli þeirra og því hversu líklegt er að þau færist til í umhverfinu (milli vatns, andrúmslofts og jarðvegs). Ef nauðsyn krefur skal tíunda í leyfinu viðeigandi kröfur sem tryggja eiga verndun jarðvegs og grunnvatns og ráðstafanir er varða meðhöndlun úrgangs sem myndast í stöðinni. Þar sem við á má bæta jafngildum breytum eða tæknilegum ráðstöfunum við viðmiðunarmörkin eða setja þær í þeirra stað.

([1]) Stjtíð. EB L 10, 14.1.1997, bls. 13. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

Að því er varðar stöðvar, sem falla undir lið 6.6. í I. viðauka, skal hafa hliðsjón af hagnýtum þáttum er varða þessa flokka stöðva þegar sett eru viðmiðunarmörk fyrir losun í samræmi við þessa málsgrein.

Sé losun gróðurhúsalofttegundar frá stöð tilgreind í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins ([1]) í tengslum við starfsemi, sem fram fer í stöðinni, skal leyfið ekki fela í sér viðmiðunarmörk fyrir losun að því er varðar beina losun á þeirri lofttegund, nema nauðsynlegt sé að tryggja að engin veruleg, staðbundin mengun eigi sér stað.

Þegar um er að ræða starfsemi, sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, er það undir aðildarríkjunum komið hvort þau setja kröfur um orkunýtni brennslueininga eða annarra eininga sem losa koltvísýring á staðnum.

Ef nauðsyn krefur skulu lögbær yfirvöld gera breytingar á leyfinu eftir því sem við á.

Þriðja, fjórða og fimmta undirgreinin gilda ekki um stöðvar sem eru tímabundið útilokaðar frá kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins í samræmi við 27. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

4. Með fyrirvara um 10. gr., skulu viðmiðunarmörkin fyrir losun og jafngildu breyturnar og tæknilegu ráðstafanirnar í 3. mgr. grundvallaðar á bestu, fáanlegu tækni, án þess þó að mælt sé fyrir um notkun tiltekinnar tækni eða tækniþekkingar, en taka skal tillit til tæknilegra eiginleika hlutaðeigandi stöðvar, landfræðilegrar staðsetningar hennar og umhverfisskilyrða á staðnum. Í öllum tilvikum skal setja í skilyrði fyrir leyfisveitingu ákvæði um lágmörkun mengunar, sem berst langa leið, eða mengunar yfir landamæri og tryggja víðtæka vernd fyrir umhverfið í heild.

5. Í leyfinu skulu tilgreindar viðeigandi kröfur um vöktun á losun, þar sem tilgreindar eru mæliaðferðir og mælitíðni, matsaðferðir og kvöð um að láta lögbæru yfirvaldi í té gögn sem krafist er til þess að kanna hvort skilyrðum leyfisins sé fullnægt.

Að því er varðar stöðvar í lið 6.6. í I. viðauka er heimilt að taka tillit til kostnaðar og ávinnings við mælingar sem um getur í þessari málsgrein.

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2004/101/EB (Stjtíð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 18).

6. Í leyfinu skulu tilgreindar ráðstafanir er lúta að öðrum skilyrðum en þeim sem gilda við venjulegan rekstur. Ef sú áhætta er fyrir hendi að umhverfið geti orðið fyrir áhrifum skal gera viðeigandi ráðstafanir vegna gangsetningar, leka, gangtruflana, tímabundinnar stöðvunar og endanlegrar stöðvunar reksturs.

Í leyfinu má einnig tilgreina tímabundnar undanþágur frá kröfum 4. mgr. ef tryggt er í áætlun um endurmótun, sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, að farið verði að þessum kröfum innan sex mánaða og að hún leiði til þess að dragi úr mengun.

7. Í leyfinu má tilgreina önnur sérstök skilyrði sem aðildarríkið eða lögbært yfirvald telja viðeigandi ef það samrýmist tilgangi þessarar tilskipunar.

8. Með fyrirvara um þá skyldu að taka upp sérstaka málsmeðferð við leyfisveitingu samkvæmt þessari tilskipun er aðildarríkjunum heimilt að setja fram sérstakar kröfur, er varða tiltekna flokka stöðva, í almennum, bindandi reglum í stað þess að fella þær inn í skilyrði hvers leyfis, að því tilskildu að tryggt sé að samþætt aðferð verði notuð og sama víðtæka verndunin náist fyrir umhverfið í heild.

10. gr.

Besta, fáanlega tækni og umhverfisgæðastaðlar

Ef strangari skilyrði eru sett í gæðastaðli fyrir umhverfið en hægt er að uppfylla með bestu, fáanlegu tækni skal gera kröfu um viðbótarráðstafanir í leyfinu, með fyrirvara um aðrar ráðstafanir sem kunna að vera gerðar til að uppfylla umhverfisgæðastaðla.

11. gr.

Þróun á bestu, fáanlegu tækni

Aðildarríkin skulu tryggja að lögbært yfirvald fylgist með eða fái upplýsingar um þróun á bestu, fáanlegu tækni.

12. gr.

Breytingar sem rekstraraðilar gera á stöðvum

1. Aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að rekstraraðili upplýsi lögbær yfirvöld um hvers kyns fyrirhugaða breytingu á starfseminni. Lögbæra yfirvaldið skal uppfæra leyfið eða skilyrðin eftir því sem við á.

2. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að engin umtalsverð breyting, sem rekstraraðili áformar, verði gerð án leyfis sem gefið er út í samræmi við þessa tilskipun Umsóknin um leyfi og ákvörðun lögbærs yfirvalds skulu taka til þeirra hluta stöðvarinnar og þeirra atriða sem eru tilgreind í 6. gr. og sem breytingin gæti haft áhrif á. Þau ákvæði 3. gr., 6. til 10. gr. og 15. gr. (1., 2. og 3. mgr.), sem máli skipta, skulu gilda að breyttu breytanda.

13. gr.

Endurmat og uppfærsla lögbærs yfirvalds á skilyrðum fyrir leyfi

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að lögbær yfirvöld endurskoði skilyrði leyfisins reglulega og uppfæri þau ef nauðsyn krefur.

2. Leyfi skal endurskoðað í öllum tilvikum ef:

a) mengun af völdum stöðvar er slík að nauðsynlegt reynist að endurskoða gildandi viðmiðunarmörk fyrir losun sem tilgreind eru í leyfi eða láta ný viðmiðunarmörk koma fram í leyfinu,

b) umtalsverðar breytingar á bestu, fáanlegu tækni gera það kleift að draga umtalsvert úr losun án óhóflegs kostnaðar,

c) öryggi við starfsemina eða vinnsluna krefst þess að önnur tækni sé notuð,

d) ný ákvæði löggjafar Bandalagsins eða landslaga mæla fyrir um slíkt.

14. gr.

Skilyrðum leyfis fullnægt

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja:

a) að rekstraraðili fullnægi skilyrðum leyfisins við rekstur stöðvarinnar,

b) að rekstraraðili tilkynni lögbæru yfirvaldi reglulega um niðurstöður úr vöktun á losun og án tafar um öll atvik eða slys sem gæti haft umtalsverð áhrif á umhverfið,

c) að rekstraraðilar stöðva aðstoði fulltrúa lögbærs yfirvalds eins og nauðsyn krefur við hvers kyns skoðanir innan stöðvarinnar, við töku sýna og öflun upplýsinga sem eru þeim nauðsynlegar til að rækja skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun.

15. gr.

Aðgangur að upplýsingum og þátttaka almennings í ferlinu við leyfisveitingu

1. Aðildarríki skulu tryggja að sá hluti almennings, sem málið varðar, fái snemma tækifæri til skilvirkrar þátttöku í ferlinu er varðar:

a) útgáfu leyfa fyrir nýjum stöðvum,

b) útgáfu leyfa fyrir hvers kyns umtalsverðum breytingum,

c) uppfærslu leyfis eða skilyrða fyrir leyfi fyrir stöð í samræmi við a-lið 2. mgr. 13. greinar.

Málsmeðferðin, sem tilgreind er í V. viðauka, gildir að því er varðar slíka þátttöku.

2. Almenningur skal hafa aðgang að niðurstöðunum úr þeirri vöktun á losun sem krafist er í skilyrðum leyfisins sem um getur í 9. gr. og lögbært yfirvald hefur undir höndum.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda með fyrirvara um takmarkanirnar sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 4. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28 janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál ([1]).

4. Þegar ákvörðun hefur verið tekin, skal lögbært yfirvald upplýsa almenning um það í samræmi við viðeigandi málsmeðferð og gera eftirfarandi upplýsingar aðgengilegar almenningi:

a) efni ákvörðunarinnar, þ.m.t. afrit af leyfi og öllum skilyrðum og síðari uppfærslum, og

b) þær ástæður og forsendur, sem ákvörðunin byggist á, þ.m.t. upplýsingar um ferlið við þátttöku almennings, eftir að hafa tekið afstöðu til áhyggna og sjónarmiða sem sá hluti almennings, sem málið varðar, hefur látið í ljós.

([1]) Stjtíð. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26.

16. gr.

Aðgangur að réttlátri málsmeðferð

1. Aðildarríki skulu tryggja, í samræmi við eigið, viðeigandi réttarkerfi, að sá hluti almennings, sem málið varðar, hafi aðgang að reglum um meðferð kæru fyrir rétti eða hjá annarri óháðri og óhlutdrægri stofnun sem hefur verið komið á fót með lögum til að vefengja efnislegt eða formlegt lögmæti ákvarðana, aðgerðir eða aðgerðaleysi sem falla undir ákvæðin um þátttöku almennings samkvæmt þessari tilskipun ef:

a) hagsmunir þeirra eru nægjanlegir eða

b) þau staðhæfa að brotið sé á rétti viðkomandi, ef slíkt er forsenda í stjórnsýslulögum aðildarríkis.

2. Aðilarríki skulu ákvarða á hvaða stigi megi vefengja ákvörðun, aðgerð eða aðgerðarleysi.

3. Hvað teljast nægjanlegir hagsmunir og brot á rétti skal ákvarðað af aðildarríkjunum, í samræmi við það markmið að gefa þeim hluta almennings, sem málið varðar, víðtækan aðgang að réttlátri málsmeðferð. Öll frjáls félagasamtök, sem stuðla að umhverfisvernd og uppfylla allar kröfur landslaga, skulu teljast hafa nægilegra hagsmuna að gæta samkvæmt a-lið 1. mgr.

Slík félagasamtök skulu einnig teljast eiga rétt sem unnt er að skerða samkvæmt b-lið 1. mgr.

4. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki útiloka möguleika á bráðabirgðareglum um meðferð kæru hjá yfirvaldi á sviði stjórnsýslu og skal ekki hafa áhrif á þá kröfu að stjórnsýslulegir möguleikar á kæru séu tæmdir áður en málið er kært eða því er skotið til úrskurðar fyrir dómstólum, ef slík krafa finnst í landslögum.

Sérhver slík málsmeðferð skal vera réttmæt, sanngjörn og ekki óhóflega kostnaðarsöm

5. Til að auka skilvirkni ákvæða þessarar greinar skulu aðildarríki tryggja að hagnýtar upplýsingar um réttinn til að láta taka mál fyrir á stjórnsýslustigi og fyrir dómstólum verði gerðar aðgengilegar almenningi.

17. gr.

Upplýsingaskipti

1. Með það að markmiði að skiptast á upplýsingum skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að senda framkvæmdastjórninni, á þriggja ára fresti og í fyrsta sinn fyrir 30 apríl 2001, fyrirliggjandi, lýsandi gögn um viðmiðunarmörk fyrir einstaka flokka atvinnustarfsemi í samræmi við I. viðauka og, ef við á, um bestu, fáanlegu tækni sem þessi mörk byggjast á, einkum í samræmi við 9. gr. Síðari sendingum á þessum upplýsingum skulu fylgja viðbætur í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 3. mgr. þessarar greinar.

2. Framkvæmdastjórnin skal skipuleggja upplýsingaskipti milli aðildarríkjanna og hlutaðeigandi atvinnugreina um bestu, fáanlegu tækni, tengda vöktun og þróun hennar.

Framkvæmdastjórnin skal gefa út niðurstöður upplýsingaskiptanna á þriggja ára fresti.

3. Aðildarríkin skulu á þriggja ára fresti, í fyrsta skipti fyrir tímabilið 30.október 1999 til og með 30. október 2002, senda framkvæmdastjórninni upplýsingar í formi skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar. Skýrslan skal byggjast á spurningalista eða eyðublaði sem framkvæmdastjórnin tekur saman í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 6. gr. tilskipunar ráðsins 91/692/EBE frá 23. desember 1991 um að staðla og einfalda skýrslur um framkvæmd vissra tilskipana um umhverfismál ([1]). Spurningalistann eða eyðublaðið skal senda aðildarríkjunum sex mánuðum fyrir upphaf tímabilsins sem skýrslan fjallar um. Skýrslan skal lögð fyrir framkvæmdastjórnina innan níu mánaða frá lokum þriggja ára tímabilsins sem hún tekur til.

Framkvæmdastjórnin skal gefa út skýrslu Bandalagsins um framkvæmd þessarar tilskipunar eigi síðar en níu mánuðum eftir að skýrslur aðildarríkjanna hafa borist henni.

Framkvæmdastjórnin skal leggja þessa skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, ásamt tillögum ef þurfa þykir.

4. Aðildarríkin skulu skipa eða tilnefna yfirvald eða yfirvöld sem bera ábyrgð á upplýsingaskiptunum skv. 1., 2. og 3. mgr. og tilkynna það framkvæmdastjórninni.

18. gr.

Áhrif yfir landamæri

1. Verði aðildarríki þess áskynja að starfsemi stöðvar sé líkleg til að hafa umtalsverð, neikvæð áhrif á umhverfi annars aðildarríkis, eða fari aðildarríki, sem líklegt má telja að verði fyrir umtalsverðum áhrifum, fram á það skal aðildarríkið, þar sem umsókn um leyfi var lögð fram skv. 4. gr. eða 2. mgr. 12. gr., framsenda upplýsingarnar, sem veittar voru skv. V. viðauka, til hins aðildarríkisins og veita um leið ríkisborgurum sínum aðgang að þeim. Leggja skal slíkar upplýsingar til grundvallar í nauðsynlegum viðræðum sem eru liður í tvíhliða samskiptum aðildarríkjanna tveggja á grundvelli meginreglunnar um gagnkvæmni og jafnræði.

([1]) Stjtíð. EB L 377, 31.12.1991, bls. 48. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess, innan ramma tvíhliða samskipta, að almenningur í aðildarríki, sem líklegt má telja að verði fyrir umtalsverðum áhrifum í þeim tilvikum sem um getur í 1. mgr., hafi einnig aðgang að umsóknunum þannig að hann öðlist rétt til að koma á framfæri athugasemdum um þær áður en lögbært yfirvald tekur ákvörðun.

3. Taka þarf tillit til niðurstaðna sérhvers viðræðufundar skv. 1. og 2. mgr. þegar lögbært yfirvald tekur ákvörðun um umsóknina.

4. Lögbært yfirvald skal upplýsa aðildarríki, sem samráð hefur verið haft við skv. 1. mgr., um þá ákvörðun sem tekin var varðandi umsóknina og skal framsenda því þær upplýsingar sem um getur í 4. mgr. 15. gr. Viðkomandi aðildarríki skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að upplýsingar séu aðgengilegar á viðeigandi hátt fyrir þann hluta almennings, sem málið varðar, á eigin yfirráðasvæði.

19. gr.

Viðmiðunarmörk Bandalagsins fyrir losun

1. Ef þörfin fyrir aðgerðir af hálfu Bandalagsins hefur verið staðfest, m.a. á grunni upplýsingaskipta, sem kveðið er á um í 17. gr., skulu Evrópuþingið og ráðið, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og í samræmi við verklagsreglurnar sem um getur í sattmálanum, ákvarða viðmiðunarmörk fyrir losun:

a) fyrir flokka stöðva, sem eru tilgreindar í I. viðauka, að frátöldum urðunarstöðum sem falla undir liði 5.1 og 5.4 í þeim viðauka

og

b) fyrir mengandi efni sem um getur í III. viðauka.

2. Viðeigandi viðmiðunarmörk fyrir losun, sem er að finna í tilskipununum, sem tilgreindar eru í II. viðauka og annarri löggjöf Bandalagsins, skulu gilda sem lágmarksviðmiðunarmörk fyrir losun samkvæmt þessari tilskipun fyrir stöðvarnar sem eru tilgreindar í I. viðauka þar til Bandalagið setur viðmiðunarmörk fyrir losun samkvæmt þessari tilskipun.

3. Með fyrirvara um kröfur þessarar tilskipunar hafa tæknilegu kröfurnar, sem gilda um urðunarstöðvar, sem falla undir liði 5.1 og 5.4 í I. viðauka, verið ákvarðaðar í tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs ([1]).

20. gr.

Bráðabirgðaákvæði

1. Ákvæði tilskipunar 84/360/EBE, ákvæði 4. og 5.gr. og 2. mgr. 6 gr. tilskipunar 2006/11/EB og viðeigandi ákvæði um leyfisveitingu í þeim tilskipunum, sem eru tilgreindar í II. viðauka, skulu gilda um stöðvar í rekstri, með fyrirvara um undanþágurnar, sem kveðið er á um í tilskipun 2001/80/EB, að því er varðar starfsemi sem er tilgreind í I. viðauka þar til lögbær yfirvöld hafa gert þær ráðstafanir sem krafist er skv. 5. gr. þessarar tilskipunar.

2. Viðeigandi ákvæði um kerfi við veitingu leyfa í þeim tilskipunum sem eru tilgreindar í II. viðauka skulu ekki gilda, að því er varðar starfsemi sem er tilgreind í I. viðauka, um stöðvar sem eru ekki stöðvar í rekstri í skilningi 4. liðar 2. gr.

3. Tilskipun 84/360/EBE skal felld úr gildi 30. október 2007.

Í samræmi við tillögu framkvæmdastjórnarinnar skal ráðið eða Evrópuþingið og ráðið, eftir því sem nauðsyn krefur, breyta viðeigandi ákvæðum tilskipananna, sem eru tilgreindar í II. viðauka, í því skyni að laga þær að kröfum þessarar tilskipunar fyrir 30.október 2007.

21. gr.

Miðlun upplýsinga

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

22. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 96/61/EB, eins og henni var breytt með gerðunum sem eru tilgreindar í A-hluta VI. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti á lögleiðingu tilskipananna, eins og segir í B-hluta VI. viðauka, í aðildarríkjunum.

([1]) Stjtíð. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003

Tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina teljast vera tilvísun í þessa tilskipun og skulu lesnar í samræmi við samsvörunartöfluna í VII. viðauka.

23. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

24. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 15. janúar 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
H.-G. Pöttering	J. Lenarčič
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

FLOKKAR ATVINNUSTARFSEMI SEM UM GETUR Í 1. GR.

1. Stöðvar eða hlutar þeirra, sem eru notaðir fyrir rannsóknir, þróun og prófun á nýjum vörum og aðferðum, falla ekki undir þessa tilskipun.

2. Viðmiðunargildin, sem eru tilgreind hér á eftir, vísa almennt til framleiðslugetu eða afkasta. Ef einn og sami rekstraraðili rekur margs konar starfsemi, sem fellur undir sama lið, í sömu stöð eða á sama stað, er framleiðslugeta þessara tegunda starfsemi lögð saman.

1. **Orkuiðnaður**

1.1. Brennslustöðvar með nafnvarmaafli sem er meira en 50 MW.

1.2. Jarðolíu- og gashreinsunarstöðvar.

1.3. Koksofnar.

1.4. Iðjuver þar sem kolagösun og þétting fer fram.

2. **Framleiðsla og vinnsla málma.**

2.1. Stöðvar þar sem málmgrýti (þ.m.t. brennisteinsgrýti) er hreinsað með bruna eða glæðingu.

2.2. Stöðvar þar sem hrájárn eða stál er framleitt (fyrsta eða önnur bræðsla), með tilheyrandi, samfelldri málmsteypu, og sem hafa meiri afkastagetu en 2,5 tonn á klukkustund.

2.3. Stöðvar til vinnslu járnríkra málma:

a) með heitvölsun þar sem afkastagetan er meiri en 20 tonn á klukkustund af hrástáli,

b) með smiðjum þar sem slagkraftur hvers hamars er meiri en 50 kílójúl og notað varmaafl er meira en 20 MW,

c) með því nota hlífðarlag úr bræddum málmi þar sem ílagið er meira en 2 tonn af hrástáli á klukkustund.

2.4. Málmsteypur fyrir járnríka málma með framleiðslugetu yfir 20 tonnum á dag

2.5. Stöðvar:

a) til framleiðslu járnlausra hrámálma úr málmgrýti, hreinsuðu málmgrýti eða afleiddu hráefni með málmvinnsluaðferðum, efnafræðilegum aðferðum eða rafgreiningaraðferðum,

b) til bræðslu, þ.m.t. framleiðsla á málmblendi, á járnlausum málmum, þ.m.t. endurnýttar vörur (hreinsun, steypa í steypusmiðjum o.s.frv.) og sem geta brætt yfir 4 tonn af blýi og kadmíumi á dag eða 20 tonn af öllum öðrum tegundum málma á dag.

2.6. Stöðvar þar sem málmar og plastefni fá yfirborðsmeðferð með rafgreiningaraðferðum eða efnafræðilegum aðferðum og rúmmál keranna, sem eru notuð til þess, er meira en 30 m^3.

3. **Jarðefnaiðnaður**

3.1. Stöðvar til framleiðslu sementsgjalls í hverfiofnum, sem geta framleitt meira en 500 tonn á dag, eða kalks í hverfiofnum, sem geta framleitt meira en 50 tonn á dag, eða í öðrum ofnum sem geta framleitt meira en 50 tonn á dag.

3.2. Stöðvar til framleiðslu asbests og framleiðslu vara sem eru að stofni til úr asbesti.

3.3. Stöðvar til framleiðslu glers, þ.m.t. glertrefjar, með bræðslugetu yfir 20 tonnum á dag.

3.4. Stöðvar til bræðslu jarðefna, þ.m.t. framleiðsla steinullartrefja, með bræðslugetu yfir 20 tonnum á dag.

3.5. Stöðvar til framleiðslu leirvara fer fram með brennslu, einkum þakflísa, múrsteina, eldfastra múrsteina, flísa, leirmuna eða postulíns, með framleiðslugetu yfir 75 tonnum á dag og/eða rúmtak ofns er meira en 4 m^3 og setþéttleiki hans er meiri en 300 kg/m^3.

4. **Efnaiðnaður**

Með framleiðslu er varðar flokka þeirrar starfsemi sem fellur undir þennan þátt er átt við framleiðslu á iðnaðarmælikvarða með efnafræðilegri vinnslu efna eða flokka efna sem eru tilgreind í liðum 4.1 til 4.6.

4.1. Efnaverksmiðjur sem framleiða lífræn grunnefni, s.s.:

a) einföld vetniskolefni (línuleg eða hringlaga, mettuð eða ómettuð, alifatísk eða arómatísk),

b) vetniskolefni, sem innihalda súrefni, s.s. alkóhól, aldehýð, ketón, karboxýlsýrur, estera, asetöt, etera, peroxíð, epoxýresín,

c) vetniskolefni sem innihalda brennistein,

d) vetniskolefni, sem innihalda köfnunarefni, s.s. amín, amíð, nitursambönd, nítrósambönd eða nítratsambönd, nítríl, sýanöt, ísósýanöt,

e) vetniskolefni sem innihalda fosfór,

f) vetniskolefni sem innihalda halógen,

g) lífræn málmsambönd,

h) grunnplastefni (fjölliður, gervitrefjar og trefjar að stofni úr beðmi),

i) gervigúmmí,

j) leysiliti og fastlitarefni,

k) yfirborðsvirk efni.

4.2. Efnaverksmiðjur sem framleiða ólífræn íðefni, s.s.:

a) lofttegundir, s.s. ammóníak, klór eða vetnisklóríð, flúor eða vetnisflúoríð, koloxíð, brennisteinssambönd, köfnunarefnisoxíð, vetni, brennisteinsdíoxíð, karbónýlklóríð,

b) sýrur, s.s. krómsýru, flússýru, fosfórsýru, saltpéturssýru, saltsýru, brennisteinssýru, rjúkandi brennisteinssýru, brennisteinssýrling,

c) basa, s.s. ammóníumhýdroxíð, kalíumhýdroxíð, natríumhýdroxíð,

d) sölt, s.s. ammóníumklóríð, kalíumklórat, kalíumkarbónat, natríumkarbónat, perbórat, silfurnítrat,

e) málmleysingja, málmoxíð eða önnur ólífræn sambönd, s.s. kalsíumkarbíð, kísil, kísilkarbíð.

4.3. Efnaverksmiðjur til framleiðslu á áburði sem inniheldur fosfór, köfnunarefni eða kalíum (eingildur eða fjölgildur áburður).

4.4. Efnaverksmiðjur til framleiðslu á grunnefnum fyrir plöntuvarnarefni og sæfiefni.

4.5. Verksmiðjur þar sem lyf eru framleidd með efnafræðilegum eða líffræðilegum aðferðum.

4.6. Efnaverksmiðjur til framleiðslu á sprengiefnum

5. **Meðhöndlun úrgangs**

Með fyrirvara um 11. gr. tilskipunar 2006/12/EB eða 3. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE frá 12. desember 1991 um hættulegan úrgang (1):

5.1. Stöðvar fyrir förgun eða endurnýtingu hættulegs úrgangs samkvæmt skilgreiningu í skránni sem um getur í 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 91/689/EBE, samkvæmt skilgreiningu í II. viðauka A og II. viðauka B (aðgerðir R1, R5, R6, R8 og R9) við tilskipun 2006/12/EB og í tilskipun ráðsins 75/439/EBE frá 16. júní 1975 um förgun olíuúrgangs (2), sem geta afkastað meira en 10 tonnum á dag.

5.2. Stöðvar til brennslu sorps (húsasorp og svipaður úrgangur frá verslunum, iðnfyrirtækjum og stofnunum) sem geta afkastað yfir 3 tonnum á klukkustund.

5.3. Stöðvar fyrir förgun hættulauss úrgangs samkvæmt skilgreiningu í II. viðauka A við tilskipun 2006/12/EB í liðum D8 og D9, sem geta afkastað meira en 50 tonnum á dag.

5.4. Urðunarstaðir, sem taka við meira en 10 tonnum á dag eða sem geta afkastað meira í heild en 25°000 tonnum, að undanskildum urðunarstöðum fyrir óvirkan úrgang.

6. **Önnur starfsemi**

6.1. Iðjuver sem framleiða:

a) deig úr viði eða önnur trefjaefni,

b) pappír og pappa og geta framleitt meira en 20 tonn á dag.

6.2. Stöðvar þar sem fram fer formeðferð (aðgerðir eins og þvottur, bleiking, mersivinnsla) eða litun trefja eða textílefna og afkastagetan er meiri en 10 tonn á dag.

6.3. Stöðvar þar sem fram fer sútun á húðum og skinnum og afkastagetan er meiri en 12 tonn af fullunninni vöru á dag.

6.4. a) Sláturhús sem geta afkastað meira en 50 tonnum af skrokkum á dag.

b) Meðferð og vinnsla fyrir matvælaframleiðslu úr:

— hráefnum af dýrum (öðrum en mjólk) þar sem framleiðslugeta fullunninnar vöru er meiri en 75 tonn á dag,

— hráefnum úr plönturíkinu þar sem framleiðslugeta fullunninnar vöru er meiri en 300 tonn á dag (meðaltal á hverjum ársfjórðungi).

c) Meðferð og vinnsla mjólkur, þar sem tekið er á móti meira en 200 tonnum af mjólk á dag (meðaltal á ársgrundvelli).

(1) Stjtíð. EB L 377, 31.12.1991, bls. 20. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 (Stjtíð. ESB L 33, 4.2.2006, bls. 1).

(2) Stjtíð. EB L 194, 25.7.1975, bls. 23. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/76/EB (Stjtíð. ESB L 332, 28.12.2000, bls. 91).

6.5. Stöðvar þar sem förgun eða endurvinnsla skrokka og úrgangs af dýrum fer fram og afkastagetan er meiri en 10 tonn á dag.

6.6. Stöðvar þar sem fram fer þéttbært eldi alifugla eða svína:

a) og sem rúma meira en 40 000 alifugla,

b) og sem rúma meira en 2000 000 alisvín (yfir 30 kg) eða

c) sem rúma 750 gyltur.

6.7. Stöðvar þar sem fram fer yfirborðsmeðferð efna, hluta eða afurða með lífrænum leysum, einkum frágangur, prentun, húðun, fituhreinsun, vatnsþétting, þynging (sizing), málun, hreinsun eða gegndreyping og meira en 150 kg eru notuð á klukkustund eða meira en 200 tonn á ári.

6.8. Stöðvar þar sem fram fer framleiðsla kolefnis (fullbrenndra kola) eða skautgrafíts (electrographite) með brennslu eða umbreytingu í grafít

II. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR TILSKIPANIRNAR SEM UM GETUR Í 2. OG 3. MGR, 19 GR. OG 20. GR.

1. Tilskipun ráðsins 87/217/EBE frá 19. mars 1987 um að koma í veg fyrir og draga úr asbestmengun í umhverfinu.

2. Tilskipun ráðsins 82/176/EBE frá 22. mars 1982 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri frá rafgreiningu alkalí-klóríða.

3. Tilskipun ráðsins 83/513/EBE frá 26. september 1983 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á kadmíum.

4. Tilskipun ráðsins 84/156/EBE frá 8. mars 1984 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri frá annarri starfsemi en rafgreiningu alkalí-klóríða.

5. Tilskipun ráðsins 84/491/EBE frá 9. október 1984 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun á hexaklórsýklóhexani.

6. Tilskipun ráðsins 86/280/EBE frá 12. júní 1986 um viðmiðunarmörk og gæðamarkmið fyrir losun hættulegra efna sem upp eru talin í lista I í viðauka við tilskipun 76/464/EBE.

7. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/76/EB frá 4. desember 2000 um brennslu úrgangs.

8. Tilskipun ráðsins 92/112/EBE frá 15. desember 1992 um samræmingu áætlana um að draga úr og hugsanlega stöðva mengun af völdum úrgangs frá títandíoxíðiðnaði.

9. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/80/EB frá 23. október 2001 um takmörkun á losun tiltekinna mengunarefna frá stórum brennsluverum út í andrúmsloftið.

10. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/11/EB frá 15. febrúar 2006 um mengun vegna losunar tiltekinna hættulegra efna í vatn í Bandalaginu.

11. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB frá 5. apríl 2006 um úrgang.

12. Tilskipun 75/439/EBE frá 16. júní 1975 um förgun olíuúrgangs.

13. Tilskipun ráðsins 91/689/EBE frá 12. desember 1991 um hættulegan úrgang.

14. Tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs.

III. VIÐAUKI

VIÐMIÐUNARSKRÁ YFIR HELSTU MENGUNAREFNI SEM TAKA SKAL TILLIT TIL EF ÞAU SKIPTA MÁLI VIÐ ÁKVÖRÐUN Á VIÐMIÐUNARMÖRKUM FYRIR LOSUN

Loft

1. Brennisteinsdíoxíð og önnur brennisteinssambönd.
2. Köfnunarefnisoxíð og önnur köfnunarefnissambönd.
3. Kolsýringur.
4. Rokgjörn, lífræn efnasambönd.
5. Málmar og efnasambönd þeirra.
6. Ryk.
7. Asbest (svifagnir, trefjar).
8. Klór og efnasambönd hans.
9. Flúor og efnasambönd þess.
10. Arsen og efnasambönd þess.
11. Sýaníð.
12. Efni og blöndur sem geta borist með andrúmslofti og sannað hefur verið að hafi krabbameinsvaldandi eða stökkbreytandi eiginleika eða eiginleika sem gætu haft áhrif á æxlun.
13. Fjölklóruð díbensódíoxín og fjölklóruð díbensófúrön.

Vatn

1. Lífræn halógensambönd og efni sem geta myndað slík efnasambönd í snertingu við vatn.
2. Lífræn fosfórsambönd.
3. Lífræn tinsambönd.
4. Efni og blöndur sem sannað hefur verið að hafi krabbameinsvaldandi eða stökkbreytandi eiginleika eða eiginleika, sem gætu haft áhrif á æxlun, í vatni eða gegnum vatn.
5. Þrávirk vetniskolefni og þrávirk, lífræn eiturefni sem safnast fyrir í lífverum.
6. Sýaníð.
7. Málmar og efnasambönd þeirra.
8. Arsen og efnasambönd þess.
9. Sæfiefni og plöntuvarnarefni.
10. Efni í sviflausn.
11. Efni sem stuðla að ofauðgun (einkum nítröt og fosföt).
12. Efni sem hafa óheppileg áhrif á súrefnisjafnvægi (og unnt er að mæla með hjálp breytna á borð við lífræna súrefnisþörf (BOD) og efnafræðilega súrefnisþörf (COD)).

IV. VIÐAUKI

Atriði, sem taka skal tillit til, almennt eða í sérstökum tilvikum, þegar tekin er ákvörðun um bestu, fáanlegu tækni samkvæmt skilgreiningu í 12. mgr. 2. gr., og hafa hliðsjón af líklegum kostnaði og ávinningi af tiltekinni ráðstöfun og meginreglunum um varúðarráðstafanir og forvarnir:

1. notkun tækni sem hefur í för með sér myndun lítils úrgangs,

2. notkun efna sem eru hættuminni en þau sem áður voru notuð,

3. endurnýting og endurvinnsla efna, sem verða til og eru notuð við vinnslu, og úrgangs, eftir því sem við á,

4. sambærileg vinnsluferli, búnaður eða aðferðir sem reyndar hafa verið í iðnframleiðslu með góðum árangri,

5. tæknilegar framfarir og breytingar á vísindalegri þekkingu og skilningi,

6. eðli, áhrif og umfang viðkomandi losunar,

7. fyrsti rekstrardagur nýrra stöðva eða stöðva í rekstri,

8. tími sem er nauðsynlegur til að innleiða bestu, fáanlegu tækni,

9. notkun og eðli hráefna (að meðtöldu vatni) sem eru notuð í vinnslunni, svo og orkunýtni,

10. nauðsyn þess að koma í veg fyrir eða halda heildaráhrifunum, sem losun hefur á umhverfið, og umhverfisáhættu í lágmarki,

11. nauðsyn þess að koma í veg fyrir slys og halda afleiðingum slysa fyrir umhverfið í lágmarki,

12. upplýsingar sem framkvæmdastjórnin eða alþjóðastofnanir birta skv. annarri undirgrein 2. mgr. 17. gr.

V. VIÐAUKI

ÞÁTTTAKA ALMENNINGS VIÐ TÖKU ÁKVARÐANA

1. Almenningur skal upplýstur (með opinberum auglýsingum eða á annan, viðeigandi hátt, s.s. með rafrænum miðlum, ef þeir eru tiltækir) um eftirfarandi atriði snemma í ferli ákvarðanatökunnar eða eigi síðar en svo fljótt sem með sanngirni má ætlast til að leggja megi upplýsingarnar fram:

   a) um umsóknina um leyfi eða, eftir því sem við á, um tillöguna að uppfærslu leyfis eða skilyrðin fyrir leyfinu í samræmi við 1.mgr. 15. gr, þ.m.t. lýsing á atriðunum sem tilgreind eru í 1. mgr. 6. gr.,

   b) um þá staðreynd, eftir því sem við á, að tiltekin ákvörðun sé háð mati í hverju aðildarríki eða mati á umhverfisáhrifum, sem ná yfir landamæri, eða samráði milli aðildarríkja í samræmi við 18. gr.,

   c) um upplýsingar um lögbæra yfirvaldið, sem ber ábyrgð á töku ákvörðunarinnar og sem getur veitt þær upplýsingar, sem skipta máli, og sem senda má athugasemdir og spurningar til og upplýsingar um tímarammann til að leggja fram athugasemdir og spurningar,

   d) um eðli hugsanlegra ákvarðana eða drög að ákvörðun, liggi þau fyrir,

   e) um upplýsingar, eftir því sem við á, sem varða tillögur að uppfærslu leyfis eða skilyrða fyrir leyfi,

   f) um tilgreiningu á tíma og stöðum þar sem þær upplýsingar, sem skipta máli, verða gerðar aðgengilegar eða leiðir til þess að nálgast þær,

   g) um upplýsingar um fyrirkomulagið á þátttöku almennings og samráði skv. 5. lið.

2. Aðildarríkin skulu, innan viðeigandi tímamarka, tryggja að sá hluti almennings, sem málið varðar, hafi aðgang að eftirfarandi:

   a) í samræmi við landslöggjöf: helstu skýrslum og ráðleggingum, sem lögbært yfirvald eða lögbær yfirvöld hafa fengið í hendur á þeim tíma þegar sá hluti almennings, sem málið varðar, var upplýstur í samræmi við 1. lið,

   b) í samræmi við ákvæði tilskipunar 2003/4/EB: upplýsingum, öðrum en þeim sem um getur í 1. lið, sem skipta máli fyrir ákvörðunina í samræmi við 8. gr. og sem verða einungis aðgengilegar eftir að sá hluti almennings, sem málið varðar, hefur verið upplýstur í samræmi við 1. lið.

3. Sá hluti almennings, sem málið varðar, skal eiga rétt á að leggja fram athugasemdir og álit til lögbærs yfirvalds áður en ákvörðun er tekin.

4. Taka verður tillit til niðurstaðnanna úr samráðinu sem haft er samkvæmt þessum viðauka við töku ákvörðunar.

5. Aðildarríkin skulu ákveða nákvæma tilhögun við að upplýsa almenning (t.d. við það að koma upp auglýsingum innan tiltekins radíuss eða við birtingu í dagblaði á viðkomandi stað) og við það að hafa samráð við þann hluta almennings, sem málið varðar (t.d. skriflega eða með almennri könnun). Ákveða skal hæfilegan tímaramma fyrir mismunandi stig og veita þannig nægan tíma til að upplýsa almenning og til að sá hluti almennings, sem málið varðar, geti undirbúið sig og tekið virkan þátt í töku ákvarðana í umhverfismálum sem falla undir ákvæði viðaukans.

VI. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelldar tilskipanir með áorðnum breytingum (sem um getur í 22. gr.)

Tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjtíð. EB L 257, 10 10.1996, bls. 26).	
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/35/EB (Stjtíð. ESB L 156, 25.6.2003, bls. 17).	eingöngu 4. gr. og II. viðauki
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).	eingöngu 26. gr.
Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).	eingöngu 61. liður III. viðauka
Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 (Stjtíð. ESB L 33, 4.2.2006, bls. 1).	eingöngu 2. mgr. 21. gr.

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar í aðildarríkjunum (sem um getur í 22. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar
96/61/EB	30. október 1999
2003/35/EB	25. júní 2005
2003/87/EB	31. desember 2003

VII. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 96/61/EB	Þessi tilskipun
1. gr.	1. gr.
Inngangsorð 2. gr.	Inngangsorð 2. gr.
1. til 9. mgr. 2. gr.	1. til 9. mgr. 2. gr.
a-liður 10. mgr. 2. gr.	10. mgr. 2. gr.
b-liður 10. mgr. 2. gr.	11. mgr. 2. gr.
Inngangsorð fyrstu undirgreinar 11. mgr. 2. gr.	Inngangsorð fyrstu undirgreinar 12. mgr. 2. gr.
Fyrsti undirliður, fyrsta undirgrein 11. mgr. 2. gr.	a-liður fyrstu undirgreinar 12. mgr. 2. gr.
Annar undirliður fyrstu undirgreinar 11. mgr. 2. gr.	b-liður fyrstu undirgreinar 12. mgr. 2. gr.
Þriðji undirliður fyrstu undirgreinar 11. mgr. 2. gr.	c-liður fyrstu undirgreinar 12. mgr. 2. gr.
Önnur undirgrein 11. mgr. 2. gr.	Önnur undirgrein 12. mgr. 2. gr.
12. mgr. 2. gr.	13. mgr. 2. gr.
13. mgr. 2. gr.	14. mgr. 2. gr.
14. mgr. 2. gr.	15. mgr. 2. gr.
Fyrsta undirgrein 3. gr.	1. mgr. 3. gr.
Önnur undirgrein 3. gr.	2. mgr. 3. gr.
4. gr.	4. gr.
5. gr.	5. gr.
Inngangsorð fyrstu undirgreinar 1. mgr. 6. gr.	Inngangsorð fyrstu undirgreinar 1. mgr. 6. gr.
Fyrsti til tíundi undirliður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 6. gr.	a- til j-liður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 6. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 6. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 6. gr.
2. mgr. 6. gr.	2. mgr. 6. gr.
7. til 12. gr.	7. til 12. gr.
1. mgr. 13. gr.	1. mgr. 13. gr.
Inngangsorð 2. mgr. 13. gr.	Inngangsorð 2. mgr. 13. gr.
Fyrsti til fjórði undirliður 2. mgr. 13. gr.	a- til d-liður 2. mgr. 13. gr.
Inngangsorð 14. gr.	Inngangsorð 14. gr.
Fyrsti til þriðji undirliður 14. gr.	a-til c-liður 14. gr.
Inngangsorð fyrstu undirgreinar 1. mgr. 15. gr.	Inngangsorð fyrstu undirgreinar 1. mgr. 15. gr.
Fyrsti til þriðji undirliður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 15. gr.	a- til c-liður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 15. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 15. gr.	Önnur undirgrein 1. mgr. 15. gr.
2. mgr. 15. gr.	2. mgr. 15. gr.
4. mgr. 15. gr.	3. mgr. 15. gr.
5. mgr. 15. gr.	4. mgr. 15. gr.
Inngangs- og lokaorð fyrstu undirgreinar 15. gr. a	1. mgr. 16. gr.
a- og b-liður fyrstu undirgreinar 15. gr. a	a- og b-liður 1. mgr. 16. gr.

Tilskipun 96/61/EB	Þessi tilskipun
Önnur undirgrein 15. gr. a	2. mgr. 16. gr.
Fyrsti og annar málsliður þriðju undirgreinar 15. gr. a	Fyrsta undirgrein 3. mgr. 16. gr.
Þriðji málsliður þriðju undirgreinar 15. gr. a	Önnur undirgrein 3. mgr. 16. gr.
Fjórða undirgrein 15. gr. a	Fyrsta undirgrein 4. mgr. 16. gr.
Fimmta undirgrein 15. gr. a	Önnur undirgrein 4. mgr. 16. gr.
Sjötta undirgrein 15. gr. a	5. mgr. 16. gr.
16. gr.	17. gr.
17. gr.	18. gr.
Inngangs- og lokaorð 1. mgr. 18. gr.	1. mgr. 19. gr.
Fyrsti og annar undirliður 1. mgr. 18. gr.	a- og b-liður 1. mgr. 19. gr.
Fyrsta undirgrein 2. mgr. 18. gr.	2. mgr. 19. gr.
Önnur undirgrein 2. mgr. 18. gr.	3. mgr. 19. gr.
19. gr.	—
1. mgr. 20. gr.	1. mgr. 20. gr.
2. mgr. 20. gr.	2. mgr. 20. gr.
Fyrsta undirgrein 3. mgr. 20. gr.	Fyrsta undirgrein 3. mgr. 20. gr.
Önnur undirgrein 3. mgr. 20. gr.	—
Þriðja undirgrein 3. mgr. 20. gr.	Önnur undirgrein 3. mgr. 20. gr.
1. mgr. 21. gr.	—
2. mgr. 21. gr.	21. gr.
—	22. gr.
22. gr.	23. gr.
23. gr.	24. gr.
I. viðauki	I. viðauki
II. viðauki	II. viðauki
III. viðauki	III. viðauki
IV. viðauki	IV. viðauki
V. viðauki	V. viðauki
—	VI. viðauki
—	VII. viðauki

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/4/100**

frá 11. desember 2007

um að samþykkja áætlanir um varnir gegn salmonellu í hópum undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus* í tilteknum þriðju löndum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 og um breytingu á ákvörðun 2006/696/EB að því er varðar tilteknar kröfur á sviði lýðheilsu við innflutning á alifuglum og útungunareggjum (*)

(tilkynnt með númeri C(2007) 6094)

(2007/843/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 frá 17. nóvember 2003 um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma sem berast með matvælum ([1]), einkum 2. mgr. 10. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ([2]), einkum 9. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis°([3]), einkum 1. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 2160/2003 er mælt fyrir um kröfur um varnir gegn salmonellu í mismunandi alifuglastofnum í aðildarríkjunum. Kröfurnar gilda fyrir aðildarríkin frá þeim dagsetningum sem settar eru fram í I. viðauka við þá reglugerð, einkum 18 mánuðum eftir að markmið um að draga úr algengi salmonellu hefur verið fastsett.

2) Markmið um slíka minnkun gildir um hópa undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus* frá 1. júlí 2005 í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1003/2005 ([4]), um varphænur frá 1. ágúst 2006 í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1168/2006 og fyrir holdakjúklinga frá 1. júlí 2007 í samræmi við reglugerð (EB) nr. 646/2007 ([5]).

3) Kanada, Ísrael, Túnis og Bandaríkin hafa sent framkvæmdastjórninni áætlanir sínar um varnir gegn salmonellu í alifuglum til undaneldis af tegundinni *Gallus gallus*, útungunareggjum þeirra og dagsgömlum ungum af tegundinni *Gallus gallus* sem ætlaðir eru til undaneldis. Í ljós hefur komið að með þessum áætlunum eru veittar sambærilegar ábyrgðir og þær sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 2160/2003 og því ber að samþykkja áætlanirnar.

4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/696/EB frá 28. ágúst 2006 um skrá yfir þriðju lönd þaðan sem leyft er að flytja inn í Bandalagið og flytja í umflutningi gegnum Bandalagið alifugla, útungunaregg, dagsgamla unga, kjöt af alifuglum, strútfugla og villta veiðifugla, egg og eggjaafurðir og tiltekin egg, sem eru laus við sjúkdómsvalda, og um skilyrði sem gilda um heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir og um breytingu á ákvörðunum 93/342/EBE, 2000/585/EB og 2003/812/EB ([6]) tekur til innflutnings inn í Bandalagið og umflutnings um það, einkum á alifuglum til undaneldis og framleiðslu, útungunareggjum og dagsgömlum ungum og sett er fram skrá yfir þriðju lönd sem aðildarríkjunum er heimilt að flytja þessi dýr og útungunaregg frá.

5) Til að þriðju lönd komist á skrá eða þau haldist á skránni, sem kveðið er á um í löggjöf Bandalagsins, yfir þriðju lönd sem aðildarríkjunum er heimilt að flytja þessi dýr og útungunaregg frá og falla undir þá reglugerð, skulu þau samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2160/2003 leggja áætlun fyrir framkvæmdastjórnina er jafngildir landsáætlunum um varnir gegn salmonellu sem aðildarríkin eiga að koma á og sem framkvæmdastjórnin skal samþykkja.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 332, 18.12.2007, bls. 81. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2009 frá 24. apríl 2009 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 33, 25.6.2009, bls. 1.

([1]) Stjtíð. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1237/2007 (Stjtíð. ESB L 280, 24.10.2007, bls. 5).

([2]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55; leiðrétt útgáfa í Stjtíð. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 22. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1243/2007 (Stjtíð. ESB L 281, 25.10.2007, bls. 8).

([3]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206; leiðrétt útgáfa í Stjtíð. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 83. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 1791/2006 (Stjtíð. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 1).

([4]) Stjtíð. ESB L 170, 1.7.2005, bls. 12. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1168/2006 (Stjtíð. ESB L 211, 1.8.2006, bls. 4).

([5]) Stjtíð. ESB L 151, 13.6.2007, bls. 21.

([6]) Stjtíð. ESB L 295, 25.10.2006, bls. 1. Ákvörðuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1237/2007.

(6) Í kjölfar þess að áætlanirnar hafa verið samþykktar skulu Kanada, Ísrael, Túnis og Bandaríkin vera áfram á skránni, sem sett er fram í ákvörðun 2006/696/EB, yfir þriðju lönd sem aðildarríkjunum er heimilt að flytja alifugla til undaneldis af tegundinni *Gallus gallus*, útungunaregg þeirra og dagsgamla unga af tegundinni *Gallus gallus*, sem ætlaðir eru til undaneldis, frá.

7) Tiltekin önnur þriðju lönd, sem eins og sakir standa eru tilgreind í ákvörðun 2006/696/EB, hafa enn ekki lagt neina áætlun fyrir framkvæmdastjórnina um varnir gegn salmonellu. Þar eð kröfur um alifugla til undaneldis af tegundinni *Gallus gallus*, útungunaregg þeirra og dagsgamla unga af tegundinni *Gallus gallus*, sem ætlaðir eru til undaneldis, eru þegar í gildi innan Bandalagsins skal því ekki lengur leyfa innflutning á slíkum alifuglum og eggjum frá þessum þriðju löndum. Því ber að breyta skránni yfir þriðju lönd eða hluta þeirra, sem sett er fram í 1. hluta I. viðauka við ákvörðun 2006/696/EB, til samræmis við það.

8) Í því skyni að veita ábyrgðir, sem eru sambærilegar kröfum sem gilda innan Bandalagsins, skulu þriðju lönd, sem aðildarríkjunum er heimilt að flytja inn alifugla til undaneldis og framleiðslu af tegundinni *Gallus gallus*, útungunaregg þeirra og dagsgamla unga af tegundinni *Gallus gallus* frá, staðfesta að varnaráætlun gegn salmonellu hafi verið beitt í upprunahópnum og að hópurinn hafi verið prófaður með tilliti til þess hvort sermigerðir salmonellu, sem hafa þýðingu fyrir lýðheilsu, eru fyrir hendi um leið og kröfurnar taka gildi fyrir mismunandi alifuglastofna í Bandalaginu.

9) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2160/2003 má auk þess hvorki nota hópa af tegundinni *Gallus gallus* til undaneldis né egg þeirra sem útungunaregg í Bandalaginu frá 1. janúar 2007 ef þau eru smituð af *Salmonella enteritidis* og/eða *Salmonella typhimurium*. Því skal eingöngu leyfa innflutning á alifuglum til undaneldis, dagsgömlum ungum, sem ætlaðir eru til undaneldis, og útungunareggjum inn í Bandalagið ef upprunahóparnir hafa verið prófaðir og reynst lausir við *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium*.

10) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1177/2006 frá 1. ágúst 2006 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 að því er varðar kröfur varðandi beitingu sértækra varnarráðstafana á grundvelli innlendra áætlana um varnir gegn salmonellu í alifuglum°([1]) er mælt fyrir um tilteknar reglur um notkun sýkingalyfja og bóluefna innan ramma landsáætlana um varnir sem framkvæmdastjórnin samþykkti í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2160/2003.

11) Þriðju lönd, sem aðildarríkjunum er heimilt að flytja inn alifugla til undaneldis og framleiðslu af tegundinni *Gallus gallus*, útungunaregg og dagsgamla unga af tegundinni *Gallus gallus* frá, skulu staðfesta að sértækum kröfum um notkun sýkingalyfja og bóluefna, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1177/2006, hafi verið beitt um leið og kröfurnar taka gildi um mismunandi alifuglastofna í Bandalaginu. Ef sýkingalyf hafa verið notuð í tengslum við dagsgamla unga í öðrum tilgangi en til að verjast salmonellu skal einnig tilgreina það í vottorðinu, þar eð slík notkun kann að hafa áhrif á prófanir vegna salmonellu við innflutning.

12) Breyta ber fyrirmynd að heilbrigðisvottorðum fyrir dýr og dýraafurðir vegna innflutnings á alifuglum til undaneldis og framleiðslu, dagsgömlum ungum og útungunareggjum í ákvörðun 2006/696/EB til samræmis við það. Til þess að komast hjá síðari breytingum á fyrirmynd að heilbrigðisvottorðum fyrir dýr og dýraafurðir, þegar ákvæðin í reglugerð (EB) nr. 2160/2003 um innflutning taka gildi um alifugla til framleiðslu og dagsgamla unga, aðra en til undaneldis, skal einnig breyta fyrirmyndum að heilbrigðisvottorðum fyrir dýr og dýraafurðir vegna innflutnings á þeim dýrum og tilgreina á skýran hátt þegar þessar breytingar gilda fyrir mismunandi stofna.

13) Búlgaría og Rúmenía gerðust aðilar að Evrópusambandinu 1. janúar 2007. Frá þeim degi gilda ákvæði um viðskipti innan Bandalagsins, sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2006/696/EB, um þessi nýju aðildarríki. Því ber að fella Búlgaríu og Rúmeníu brott úr skrám yfir þriðju ríki, sem aðildarríkjunum er heimilt að flytja inn frá, sem settar eru fram í 1. hluta I. og II. viðauka við ákvörðun 2006/696/EB.

14) Til að komast hjá röskun á viðskiptum skal leyfa notkun heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýraafurðir, sem gefin eru út í samræmi við ákvörðun 2006/696/EB, eins og þau eru nú orðuð, í 60 daga eftir gildistökudag þessarar ákvörðunar.

([1]) Stjtíð. ESB L 212, 2.8.2006, bls. 3.

15) Til þess að komast hjá síðari breytingum á fyrirmynd að heilbrigðisvottorðum fyrir dýr og dýraafurðir, þegar ákvæðin í reglugerð (EB) nr. 2160/2003 um innflutning taka gildi um varphænur og holdakjúklinga af tegundinni *Gallus gallus*, skal þó einnig breyta fyrirmyndum að heilbrigðisvottorðum fyrir dýr og dýraafurðir vegna innflutnings á þeim dýrum og tilgreina á skýran hátt þegar þessar breytingar gilda fyrir mismunandi stofna. Því ber að fresta gildistökudegi þessara breytinga, eins og við á.

16) Því ber að breyta ákvörðun 2006/696/EB til samræmis við það.

17) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Varnaráætlanirnar, sem Kanada, Ísrael, Túnis og Bandaríkin lögðu fram í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 2160/2003, eru hér með samþykktar að því er varðar salmonellu í hópum undaneldishæna.

2. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við ákvörðun 2006/696/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

3. gr.

Heimilt er að flytja sendingar af alifuglum til undaneldis eða framleiðslu, aðra en strútfugla, dagsgamla unga, aðra en unga strútfugla og útungunaregg alifugla, önnur en egg strútfugla, sem heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir hafa verið gefin út fyrir, í samræmi við ákvörðun 2006/696/EB í þeirri útgáfu, sem var í gildi áður en beiting þessarar ákvörðunar hófst, inn í Bandalagið í 60 daga eftir gildistökudag þessarar ákvörðunar.

4. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá og með 15. febrúar 2008.

Liður II.2.5. í fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir alifugla til undaneldis eða framleiðslu, aðra en strútfugla, og liður II. 2.4 í fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir dagsgamla unga, aðra en unga strútfugla, í I. viðauka við ákvörðun 2006/696/EB, eins og henni var breytt með þessari ákvörðun, skulu þó gilda frá 1. janúar 2009 ef alifuglar til framleiðslu eða dagsgamlir ungar eru eingöngu ætlaðir til kjötframleiðslu.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. desember 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

1) Ákvæðum I. viðauka við ákvörðun 2006/696/EB er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað 1. hluta:

„1. hluti

Skrá yfir þriðju lönd eða hluta þeirra (*)

Land	Kóði yfirráðasvæðis	Lýsing á yfirráðasvæði	Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir		Sérstök skilyrði
			Fyrirmynd(ir)	Viðbótarábyrgðir	
1	2	3	4	5	6
AR — Argentína	AR-0		SPF		
AU — Ástralía	AU-0		BPP, DOC, HEP, SPF, SRP		A
			BPR	I	
			DOR	II	
			HER	III	
BR — Brasilía	BR-0		SPF		
	BR-1	Fylkin Mato Grosso, Paraná, Rio Grande do Sul, Santa Catarina og São Paulo	BPP, DOC, HEP, SRP		A
	BR-2	Fylkin Rio Grande do Sul, Santa Catarina, Paraná, São Paulo og Mato Grosso do Sul	BPR, DOR, HER, SRA		
BW — Botsvana	BW-0		SPF		
			BPR	I	
			DOR	II	
			HER	III	
CA — Kanada	CA-0		BPR, BPP, DOC, DOR, HEP, HER, SRA, SPF, SRP	IV	
CH — Sviss	CH-0		(**)		
CL — Síle	CL-0		BPR, BPP, DOC, DOR, HEP, HER, SPF, SRA, SRP		A
HR — Króatía	HR-0		BPR, BPP, DOR, DOC, HEP, HER, SPF, SRA, SRP		A

1	2	3	4	5	6
GL — Grænland	GL-0		SPF		
IL — Ísrael	IL-0		BPR, BPP, DOC, DOR, HEP, HER, SPF, SRP	IV	
IS — Ísland	IS-0		SPF		
MG — Madagaskar	MG-0		SPF		
MX — Mexíkó	MX-0		SPF		
NA — Namibía	NA-0		SPF		
			BPR	I	
			DOR	II	
			HER	III	
NZ — Nýja-Sjáland	NZ-0		BPR, BPP, DOC, DOR, HEP, HER, SPF, SRA, SRP		A
PM — Sankti Pierre og Miquelon	PM-0		SPF		
TH — Taíland	TH-0		SPF		
TN — Túnis	TN-0		DOR, BPR, BPP, HER, SPF	IV	
TR — Tyrkland	TR-0		SPF		
US — Bandaríkin	US-0		BPR, BPP, DOC, DOR, HEP, HER, SPF, SRA, SRP	IV	
UY — Úrúgvæ	UY-0		SPF		
ZA — Suður-Afríka	ZA-0		SPF		
			BPR	I	
			DOR	II	
			HER	III	

(*) Með fyrirvara um sérstakar vottunarkröfur sem kveðið er á um í samningum Bandalagsins við þriðju lönd.
(**) Vottorð í samræmi við samkomulagið milli Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss um viðskipti með landbúnaðarafurðir, Stjtíð EB L 114, 30.4.2002, bls. 132.“

b) Ákvæðum 2. hluta er breytt sem hér segir:

i. Í þættinum með undirfyrirsögninni „viðbótarábyrgðir“ bætist eftirfarandi við:

„IV: Viðeigandi ábyrgðir fyrir alifugla til undaneldis af tegundinni *Gallus gallus*, dagsgamla unga af tegundinni *Gallus gallus,* sem ætlaðir eru til undaneldis, og útungunaregg af tegundinni *Gallus gallus* í samræmi við ákvæði ESB um varnir gegn salmonellu hafa verið lagðar fram og skulu vottaðar í samræmi við fyrirmynd BPP (fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir alifugla til undaneldis eða framleiðslu, aðra en strútfugla), DOC (fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir dagsgamla unga, aðra en unga strútfugla) og HEP (fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir útungunaregg alifugla, annarra en strútfugla), eftir því sem við á.“

ii. Á eftir þættinum með undirfyrirsögninni „viðbótarábyrgðir“ bætist eftirfarandi þáttur við:

„Sérstök skilyrði:

„A“: Bann við því að flytja alifugla til undaneldis af tegundinni *Gallus gallus*, dagsgamla unga af tegundinni *Gallus gallus,* sem ætlaðir eru til undaneldis, og útungunaregg af tegundinni *Gallus gallus* inn í Bandalagið vegna áætlunar um varnir gegn salmonellu, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2160/2003, hefur hvorki verið lagt fyrir framkvæmdastjórnina né hefur framkvæmdastjórnin samþykkt það.“

iii Í stað fyrirmyndar að heilbrigðisvottorði fyrir alifugla til undaneldis eða framleiðslu, aðra en strútfugla (BPP), komi eftirfarandi:

„Fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir alifugla til undaneldis eða framleiðslu, aðra en strútfugla (BPP)

LAND **Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB**

I. hluti: Nánari upplýsingar um sendinguna

I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer		I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a
		I.3. Lögbært stjórnvald	
		I.4. Lögbært staðaryfirvald	
I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer		I.6	
I.7. Upprunaland ISO-kóði	I.8. Upprunasvæði Kóði	I.9. Viðtökuland ISO-kóði	I.10. Kóði Viðtöku svæði
I.11 Upprunastaður Heiti Heimilisfang	Samþykkisnúmer	I.12.	
Heiti Heimilisfang	Samþykkisnúmer		
Heiti Heimilisfang	Samþykkisnúmer		
I.13. Fermingarstaður Póstnúmer	Samþykkisnúmer	I.14. Brottfarardagur	Brottfarartími.
I.15. Flutningatæki Flugvél □ Skip □ Járnbrautarvagn □ Ökutæki □ Annað □ Auðkenning: Tilvísun í skjöl:		I.16. Skoðunarstöð á landamærum við innflutning inn í ESB	
		I.17. CITES-nr.	
I.18. Lýsing á vöru		I.19. Vörunúmer (ST-kóði)	
		I.20. Fjöldi/magn	
I.21.		I.22. Fjöldi pakkninga	
I.23. Auðkenni gáms/innsiglisnúmer		I.24.	
I.25. Vörur sem eru vottaðar Til undaneldis □			
I.26.		I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB □	
I.28. Auðkenni varanna Tegund (vísindaheiti)	Kyn/Flokkur	Fjöldi/magn	

LAND **Alifuglar til undaneldis eða framleiðslu, aðrir en strútfuglar (BPP)**

II. hluti: Vottorð

II. Upplýsingar um heilbrigði □	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b

II.1. **Upplýsingar um heilbrigði dýra**

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, votta hér með að alifuglarnir ([1]) sem lýst er í þessu vottorði:

11.1.1. eru í samræmi við tilskipun 90/539/EBE,

11.1.2. voru á yfirráðasvæði með kóðanr. .....([2]) í a.m.k. þrjá mánuði eða frá útungun ef þeir eru yngri en þriggja mánaða; ef þeir voru fluttir inn í upprunalandið fór það fram í samræmi við skilyrði á sviði heilbrigðis dýra og dýraafurða sem eru a.m.k. jafnströng og þær kröfur tilskipunar 90/539/EBE, sem máli skipta, og allra tilheyrandi ákvarðana,

11.1.3. eru frá yfirráðasvæði með kóðanr. .....([2]), sem var, þann dag sem vottorðið var gefið út, laust við fuglainflúensu og Newcastle-veiki eins og skilgreint er í ákvörðun 93/342/EBE,

11.1.4. voru skoðaðir þann dag sem vottorðið var gefið út og sýndu engin klínísk einkenni um sjúkdóma eða gáfu engar ástæður til að ætla að um sjúkdóma væri að ræða,

11.1.5. hefur verið haldið frá útungun eða í a.m.k. síðustu sex vikurnar fyrir útflutning í starfsstöðinni eða starfsstöðvunum, sem eru skilgreindar í reit 1.11 í I. hluta og voru opinberlega samþykktar í samræmi við kröfur sem eru a.m.k. jafngildar þeim kröfum sem mælt er fyrir um í II. viðauka við tilskipun 90/539/EBE, og

(a) samþykkið hefur hvorki verið fellt úr gildi tímabundið né afturkallað,

(b) sem fellur/falla ekki undir neins konar takmarkanir í tengslum við dýraheilbrigði,

(c) innan 25 km radíuss, þ.m.t., ef við á, á yfirráðasvæði nágrannalands, hefur hvorki komið upp fuglainflúensa né Newcastle-veiki í a.m.k. 30 daga,

11.1.6. á tímabilinu, sem um getur í II.1.5, hafa þeir hvorki komist í snertingu við alifugla, sem uppfylla ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessu vottorði, né villta fugla,

11.1.7. eru úr hópi sem:

(a) var skoðaður innan sólarhrings fyrir fermingu og sýndi engin klínísk einkenni um sjúkdóma eða gaf ekki neinar ástæður til að ætla að um sjúkdóma væri að ræða,

(b) féll undir eftirlitsáætlun vegna sjúkdóma vegna:

([3]) annaðhvort [(i) *Salmonella pullorum, S. gallinarum* og *Mycoplasma gallisepticum* (hænsni),]

([3]) og/eða [(ii) *Salmonella arizonae, S. pullorum* og *S. gallinarum, Mycoplasma meleagridis* og *M. gallisepticum* (kalkúnar),]

([3]) og/eða [(iii) *Salmonella pullorum* og *S. gallinarum* (perluhænsn, kornhænur, fasanar, akurhænur og endur)]

í samræmi við III. kafla II. viðauka við tilskipun 90/539/EBE og reyndist hvorki sýktur né var ástæða til að ætla að um sýkingu af völdum þessara sjúkdómsvalda væri að ræða,

([3]) hefur annaðhvort [(c) ekki verið bólusettur gegn Newcastle-veiki,]

([3]) eða [var bólusettur gegn Newcastle-veiki með,

.....

(heiti og tegund (lifandi eða óvirkjaðs) veirustofns Newcastle-veikinnar sem er notaður í bóluefni)

aldur: .....vikna]

([3]) [(d) var bólusettur með bóluefni, sem hefur verið opinberlega samþykkt, hinn.....gegn .....(endurtakið eftir þörfum)]

II.2. **Viðbótarábyrgðir**

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, votta enn fremur að:

([5]) [11.2.1. ef sendingin er ætluð til aðildarríkis eða svæðis með fastsetta stöðu skv. 2. mgr. 12. gr. tilskipunar 90/539/EBE hafa alifuglarnir, sem lýst er í þessu vottorði:

(a) ekki verið bólusettir gegn Newcastle-veiki,

(b) verið haldið í einangrun í 14 daga fyrir sendingu, annaðhvort á bújörðinni eða í sóttkví undir eftirliti opinbers dýralæknis. Í því samhengi voru engir alifuglar á upprunabújörðinni eða í sóttkvínni, eftir því sem við á, bólusettir gegn Newcastle-veiki í 21 dag fyrir sendingu og enginn fugl, sem ekki var ætlaður til sendingar, kom inn á bújörðina eða í sóttkvína á því tímabili; og ekki fóru heldur neinar bólusetningar fram í sóttkvínni,

(c) settir í sermiprófun síðustu 14 dagana fyrir sendingu, til að kanna hvort mótefni Newcastle-veikinnar væru fyrir hendi, og niðurstöðurnar reyndust neikvæðar,]

II.2.2. eftirfarandi viðbótarábyrgðir, sem viðtökuaðildarríkið mælti fyrir um í samræmi við 13. og/eða 14. gr. tilskipunar 90/539/EBE, eru veittar:

.....

([4]) II.2.3. [ef Finnland eða Svíþjóð er viðtökuaðildarríkið hafa niðurstöður prófunar á alifuglum til undaneldis reynst neikvæðar í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/644/EB,]

([4]) II.2.4. [ef Finnland eða Svíþjóð er viðtökuaðildarríkið hafa niðurstöður prófunar á varphænum (alifuglar til framleiðslu sem eru aldir í því skyni að framleiða egg til neyslu) reynst neikvæðar í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/235/EB,]

([6]) II.2.5. [Áætlun um varnir gegn salmonellu, sem um getur í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 2160/2003, og sértækum kröfum um notkun sýkingalyfja og bóluefna í reglugerð (EB) nr. 1177/2006 hefur verið beitt í upprunahópnum og hópurinn hefur verið prófaður með tilliti til þess hvort sermigerðir salmonellu, sem hafa hafa þýðingu fyrir lýðheilsu, væru fyrir hendi.

Dagsetning síðustu sýnatöku í hópnum þar sem niðurstöður prófunar eru kunnar: .....

Niðurstöður allra prófana í hópnum:

([3]) ([7]) *annaðhvort* [jákvæðar,]

([3]) ([7]) eða [neikvæðar]

Af öðrum ástæðum en vegna áætlunar um varnir gegn salmonellu, innan þriggja vikna fyrir innflutning,

([3]) *annaðhvort* voru sýkingalyf ekki gefin alifuglum til undaneldis og framleiðslu, öðrum en strútfuglum

([3]) ([4]) eða eftirfarandi sýkingalyf voru gefin alifuglum til undaneldis og framleiðslu, öðrum en strútfuglum: .....]

([6]) II.2.6. [Ef um er að ræða alifugla til undaneldis greindust hvorki *Salmonella enteritidis* né *Salmonella typhimurium* í tengslum við varnaráætlunina sem um getur í lið 11.2.5.]

(8) [II.3. **Frekari heilbrigðiskröfur**

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, votta enn fremur, jafnvel þótt notkun bóluefna gegn Newcastle-veiki, sem uppfylla ekki sértækar kröfur í 2. lið viðauka B við ákvörðun 93/342/EBE, sé ekki bönnuð í ..... ([2]), að alifuglarnir, sem lýst er í þessu vottorði:

(a) hafa ekki verið bólusettir með slíku bóluefni í a.m.k. 12 mánuði,

(b) eru úr hópi sem var settur í veirueinangrunarpróf með tilliti til Newcastle-veiki, sem fór fram á opinberri rannsóknarstofu að hámarki 14 dögum fyrir sendingu, á slembisýni úr stroksýnum úr þarfagangi úr a.m.k. 60 fuglum í hverjum hópi og þar sem ekki fundust paramyxóveirusýkingar með smithæfnistuðli í heila (ICPI) hærri en 0,4,

(c) komust ekki í snertingu við alifugla, sem uppfylla ekki skilyrðin í a- og b-lið, næstliðna 60 daga fyrir sendingu,

(d) voru hafðir í einangrun undir opinberu eftirliti á upprunabújörðinni þá 14 daga sem um getur í b-lið.]

II.4. **Dýraflutningsvottun**

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, votta ennfremur að alifuglarnir ([1]) verða fluttir í kössum eða búrum sem

(a) innihalda einungis alifugla sem eru allir af sömu tegund, flokki og stofni og eru frá sömu starfsstöð,

(b) bera samþykkisnúmer upprunastarfsstöðvarinnar,

(c) eru lokuð í samræmi við fyrirmæli lögbærs yfirvalds til að koma í veg fyrir að mögulegt sé að skipta um innihald í þeim,

(d) eru, auk ökutækjanna, sem eiga að flytja þau, hönnuð til að:

(i) koma í veg fyrir að skítur sleppi út og halda fjaðratapi í lágmarki meðan á flutningi stendur,

(ii) unnt sé að skoða alifuglana sjónrænt,

(iii) unnt sé að hreinsa þau og sótthreinsa,

(e) hafa verið hreinsuð og sótthreinsuð, eins og ökutækin, sem þau verða flutt í, fyrir fermingu í samræmi við fyrirmæli lögbærs yfirvalds.

Athugasemdir

I. hluti:

— Reitur I.8: Tilgreinið kóðann fyrir upprunasvæði, ef nauðsyn krefur, eins og skilgreint er undir kóða upprunasvæðis í dálki 2, 1. hluta I. viðauka við ákvörðun 2006/696/EB [eins og henni var síðast breytt].

— Reitur I.11: Heiti, heimilisfang og samþykkisnúmer ræktunar- og eldisstöðvarinnar.

— Reitur I.15: Tilgreinið skráningarnúmer járnbrautarvagna eða vöruflutningabifreiða, heiti skips og flugnúmer flugvélar, ef þau eru þekkt. Ef um er að ræða flutning í gámum eða kössum skal tilgreina heildarfjölda þeirra, skráningarnúmer og innsiglisnúmer, eftir því sem við á, í reit I.23.

— Reitur I.19: Nota skal viðeigandi ST-kóða: 01.05 eða 01.06.39.

— Reitur I.28. (flokkur): Velja skal eitt af eftirfarandi: Hrein lína/afar og ömmur/foreldrar/ungar varphænur/annað.

II. hluti:

([1]) Alifuglar til undaneldis og alifuglar til framleiðslu eins og þeir eru skilgreindir í ákvörðun 2006/696/EB [eins og henni var síðast breytt].

([2]) Kóði yfirráðasvæðis, eins og hann kemur fram í dálki 2, 1. hluta I. viðauka við ákvörðun 2006/696/EB [eins og henni var síðast breytt].

([3]) Strikið út það sem á ekki við.

([4]) Útfyllist ef við á.

([5]) Ef sendingin er ekki ætluð til þessara aðildarríkja eða svæða (eins og sakir standa eru það Finnland og Svíþjóð) skal strika út ábyrgðirnar í lið II.2.1.

([6]) Ábyrgðirnar, sem eru veittar skv. liðum II.2.5 og II.26, gilda einungis um alifugla af tegundinni *Gallus gallus* og gilda aðeins frá 1. janúar 2009 ef alifuglarnir eru eingöngu aldir til kjötframleiðslu.

([7]) Ef einhverjar niðurstöður voru jákvæðar að því er varðar eftirtaldar sermigerðir á líftíma hópsins skal merkja þær sem jákvæðar niðurstöður..

— Hópar alifugla til undaneldis: *Salmonella hadar, Salmonella virchow* og *Salmonella infantis*.

— Hópar alifugla til framleiðslu: *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium*.

([8]) Einungis er gerð krafa um þessa ábyrgð vegna alifugla frá löndum eða hlutum þeirra þar sem 4. mgr. 4. gr. ákvörðunar 93/342/EBE gildir. Hér skal strika yfir ef um er að ræða alifugla frá öðrum löndum.

— Þetta vottorð gildir í 10 daga.

Opinber dýralæknir

Nafn (með hástöfum): Menntun, hæfi og titill
Lögbært staðaryfirvald:
Dagsetning: Undirskrift:
Stimpill:“

iv) Í stað fyrirmyndar að heilbrigðisvottorði fyrir dagsgamla unga, aðra en unga strútfugla (DOC), komi eftirfarandi:

„Fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir dagsgamla unga, aðra en unga strútfugla (DOC)

LAND **Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB**

I. hluti: Nánari upplýsingar um sendinguna

I.1. Sendandi □ Heiti Heimilisfang Póstnúmer		I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a
		I.3. Lögbært stjórnvald	
		I.4. Lögbært staðaryfirvald	
I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer		I.6	
I.7. Upprunaland ISO-kóði	I.8. Upprunasvæði Kóði	I.9. Viðtökuland ISO-kóði	I.10. Kóði Viðtöku svæði
I.11 Upprunastaður Heiti Heimilisfang Samþykkisnúmer Heiti Heimilisfang Samþykkisnúmer Heiti Heimilisfang Samþykkisnúmer		I.12.	
I.13. Fermingarstaður Póstnúmer Samþykkisnúmer		I.14. Brottfarardagur	Brottfarartími
I.15. Flutningatæki Flugvél □ Skip □ Járnbrautarvagn □ Ökutæki □ Annað □ Auðkenning:: Tilvísun í skjöl:		I.16. Skoðunarstöð á landamærum við innflutning inn í ESB	
		I.17. CITES-nr.	
I.18. Lýsing á vöru		I.19. Vörunúmer (ST-kóði)	
		I.20. Fjöldi/magn	
I.21.		I.22. Fjöldi pakkninga	
I.23. Auðkenni gáms/innsiglisnúmer		I.24.	
I.25. Vörur sem eru vottaðar Til undaneldis □			
I.26.		I.27. Til innflutnings eða inntöku í Evrópusambandið □	
I.28. Auðkenning varanna Tegund (vísindaheiti) Kyn/Flokkur Fjöldi/magn			

LAND **Dagsgamlir ungar, aðrir en ungar strútfugla (DOC)**

II. hluti: Vottorð

II. Upplýsingar um heilbrigði □ II.1. **Dýraheilbrigðisvottun**	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, votta hér með að dagsgömlu ungarnir ([1]) sem lýst er í þessu vottorði:

II.1.1. eru í samræmi við tilskipun 90/539/EBE,

II.1.2. komu úr útungunareggjum á yfirráðasvæði með kóðanr. .....([2]). Ef hóparnir, sem útungunareggin koma úr, voru fluttir inn í upprunalandið fór það fram í samræmi við skilyrði á sviði heilbrigðis dýra og dýraafurða sem eru a.m.k. jafnströng og viðkomandi kröfur tilskipunar 90/539/EBE og allra tilheyrandi ákvarðana,

II.1.3. eru frá yfirráðasvæði með kóðanr. .....([2]), sem var, þann dag sem vottorðið var gefið út, laust við fuglainflúensu og Newcastle-veiki eins og skilgreint er í ákvörðun 93/342/EBE,

11.1.4. voru skoðaðir þann dag sem vottorðið var gefið út og sýndu engin klínísk einkenni um sjúkdóma eða gáfu ástæður til að ætla að um sjúkdóma væri að ræða,

11.1.5. eru úr útungunareggjum í starfstöðinni eða starfstöðvunum, sem eru skilgreindar í reit 1.11 í I. hluta og voru opinberlega samþykktar í samræmi við kröfur sem eru a.m.k. jafngildar þeim kröfum sem mælt er fyrir um í II. viðauka við tilskipun 90/539/EBE og:

(a) samþykkið hefur hvorki verið fellt úr gildi tímabundið né afturkallað,

(b) sem við sendingu falla/féllu ekki undir neins konar takmarkanir í tengslum við dýraheilbrigði,

(c) innan 25 km radíuss, þ.m.t., ef við á, yfirráðasvæði nágrannalands, hefur hvorki komið upp fuglainflúensa né Newcastle-veiki í a.m.k. 30 daga,

II.1.6. hafa hvorki komist í snertingu við alifugla, sem uppfylla ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessu vottorði, né villta fugla,

II.1.7. eru úr útungunareggjum úr hópum sem:

(a) hefur verið haldið a.m.k. síðustu sex vikurnar fyrir útflutning í opinberlega samþykktum starfsstöðvum og þegar útungunareggin voru send í útungunarstöðina hafði samþykkið fyrir starfsstöðvunum hvorki verið fellt úr gildi tímabundið né afturkallað,

(b) eru ekki staðsettir á svæðum sem hvorki eru laus við fuglainflúensu né Newcastle-veiki,

(c) sýndu, þann dag sem vottorðið var gefið út, engin klínísk einkenni um sjúkdóma eða gáfu ástæður til að ætla að um sjúkdóma væri að ræða,

(d) féllu undir eftirlitsáætlun vegna sjúkdóma vegna:

([3]) annaðhvort [*Salmonella pullorum, S. gallinarum* og *Mycoplasma gallisepticum* (hænsni)],

([3]) og/eða [*Salmonella arizonae, S. pullorum* og *S. gallinarum, Mycoplasma meleagridis* og *M. gallisepticum* (kalkúnar)],

([3]) og/eða [*Salmonella pullorum* og *S. gallinarum* (perluhænsn, kornhænur, fasanar, akurhænur og endur)]

í samræmi við III. kafla II. viðauka við tilskipun 90/539/EBE og reyndist hvorki sýktur né var ástæða til að ætla að um sýkingu af völdum þessara sjúkdómsvalda væri að ræða,]

([3]) *hafa annaðhvort* [ekki verið bólusettir gegn Newcastle-veiki,]

([3]) *eða* [hafa verið bólusettir gegn Newcastle-veiki með:

.....

(heiti og tegund (lifandi eða óvirkjað) veirustofns Newcastle-veikinnar sem er notaður í bóluefni)

aldur: .....vikna]

([3]) [(f) hafa verið bólusettir með bóluefni, sem hefur verið opinberlega samþykkt

hinn.....gegn .....(endurtakið eftir þörfum)]

II.1.8. eru úr eggjum sem:

(a) höfðu verið merkt fyrir sendingu til útungunarstöðvarinnar í samræmi við leiðbeiningar lögbærs yfirvalds,

(b) höfðu verið sótthreinsuð í samræmi við leiðbeiningar lögbærs yfirvalds,

II.1.9. var ungað út hinn ..... (dagsetningar).

II.1.10. höfðu verið bólusettir með bóluefni, sem er opinberlega samþykkt, hinn.....gegn .....(endurtakið eftir þörfum).

II.2. **Viðbótarábyrgðir**

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, votta ennfremur að:

([5]) [II.2.1. ef sendingin er ætluð til aðildarríkis eða svæðis með fastsetta stöðu skv. 2. mgr. 12. gr. tilskipunar 90/539/EBE eru dagsgömlu ungarnir, sem lýst er í þessu vottorði, úr útungunareggjum úr hópum sem:

([3]) hafa *annaðhvort* [(i) ekki verið bólusettir gegn Newcastle-veiki,]

([3]) *eða* [(ii) hafa verið bólusettir gegn Newcastle-veiki með óvirkjuðu bóluefni,]

([3]) *eða* [(iii) voru bólusettir gegn Newcastle-veiki með lifandi bóluefni eigi síðar en 60 dögum fyrir þann dag sem eggin voru tekin,]

II.2.2. eftirfarandi viðbótarábyrgðir, sem viðtökuaðildarríkið mælir fyrir um skv. 13. og/eða 14. gr. tilskipunar 90/539/EBE, eru veittar:

.....

([4]) II.2.3. ef Finnland eða Svíþjóð er viðtökuaðildarríkið eru dagsgömlu ungarnir, sem á að bæta við í hópa alifugla til undaneldis eða hópa alifugla til framleiðslu, úr hópum sem hafa reynst neikvæðir í prófunum í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/644/EB.

([6]) II.2.4. [Áætluninni um varnir gegn *Salmonella*, sem um getur í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 2160/2003, og sértæku kröfunum um notkun sýkingalyfja og bóluefna í reglugerð (EB) nr. 1177/2006 hefur verið beitt í upprunaforeldrahópnum og þessi foreldrahópur var prófaður með tilliti til þess hvort sermigerðir salmonellu, sem hafa þýðingu fyrir lýðheilsu, væru fyrir hendi.

Dagsetning síðustu sýnatöku í foreldrahópnum þar sem niðurstöður prófunar eru kunnar .....

Niðurstöður allra prófana í foreldrahópnum:

([3]) ([7]) *annaðhvort* [jákvæðar,]

([3]) ([7]) eða [neikvæðar]

Sértæku kröfunum um notkun sýkingalyfja og bóluefna í reglugerð (EB) nr. 1177/2006 hefur verið beitt að því er varðar dagsgömlu ungana.

Af öðrum ástæðum en vegna áætlunar um varnir gegn *Salmonella:*

([3]) *annaðhvort* fengu dagsgömlu ungarnir ekki sýkingalyf (þ.m.t. inndæling í egg)

([3]) ([4]) eða dagsgömlu ungarnir fengu eftirfarandi sýkingalyf (þ.m.t. inndæling í egg).

([6]) II.2.5. [Ef dagsgömlu ungarnir eru ætlaðir til undaneldis greindust hvorki *Salmonella enteritidis* né *Salmonella typhimurium* í tengslum við varnaráætluninar sem um getur í lið II.2.4.]

([8]) [II.3. **Frekari heilbrigðiskröfur**

Ég, undirritaður opinber dýralæknir, votta enn fremur, þótt notkun bóluefna gegn Newcastle-veiki, sem uppfylla ekki sértækar kröfur í 2. lið viðauka B við ákvörðun 93/342/EBE, sé ekki bönnuð í .....]([2]) að:

II.3.1 alifuglar til undaneldis sem dagsgömlu ungarnir eru fengnir úr:

(a) hafa ekki verið bólusettir með slíkum bóluefnum í a.m.k. 12 mánuði,

(b) eru úr hópi sem var settur í veirueinangrunarprófun með tilliti til Newcastle-veiki, sem fór fram á opinberri rannsóknarstofu í fyrsta lagi 14 dögum fyrir sendingu, á slembisýni úr stroksýnum úr þarfagangi úr a.m.k. 60 fuglum í hverjum hópi og þar sem ekki fundust paramyxóveirusýkingar með smithæfnistuðli í heila (ICPI) hærri en 0,4,

(c) komust ekki í snertingu við alifugla, sem uppfylla ekki skilyrðin í a- og b-lið, næstliðna 60 daga fyrir sendingu,

(d) voru hafðir í einangrun undir opinberu eftirliti á upprunabújörðinni þá 14 daga sem um getur í b-lið og

II.3.2. útungunareggin sem þeir klöktust úr komust hvorki í snertingu við egg né alifugla, sem uppfylla ekki framangreindar kröfur, á útungunarstöðinni eða meðan á flutningi stóð.]

II.4. **Dýraflutningsvottun**

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, votta ennfremur að:

II.4.1. dagsgömlu ungarnir, sem lýst er í þessu vottorði, verða fluttir í einnota kössum, sem eru notaðir í fyrsta sinn, og:

(a) innihalda einungis dagsgamla unga sem eru allir af sömu tegund, flokki og stofni og eru frá sömu starfsstöð, og

(b) á kössunum koma fram eftirfarandi upplýsingar:

— heiti sendingarlandsins,

— alifuglategundirnar sem eiga í hlut,

— fjöldi unga,

— flokkur og tegund framleiðslu sem þeir eru ætlaðir í,

— heiti, heimilisfang og samþykkisnúmer framleiðslustöðvarinnar,

— samþykkisnúmer upprunastarfsstöðvarinnar,

— viðtökuaðildarríkið,

(c) eru lokaðir í samræmi við fyrirmæli lögbærs yfirvalds til að koma í veg fyrir að mögulegt sé að skipta um innihald í þeim,

II.4.2 gámarnir og ökutækin, sem kassarnir, sem um getur í 11.4.1., voru fluttir í, voru hreinsuð og sótthreinsuð fyrir fermingu í samræmi við fyrirmæli lögbærs yfirvalds.

Athugasemdir

I. hluti:

Reitur I.8: Tilgreinið kóðann fyrir upprunasvæði, ef nauðsyn krefur, eins og skilgreint er undir kóða upprunasvæðis í dálki 2, 1. hluta I. viðauka við ákvörðun 2006/696/EB [eins og henni var síðast breytt].

Reitur I.11: Heiti, heimilisfang og samþykkisnúmer útungunarstöðva og ræktunarstöðvar.

Reitur I.15: Tilgreinið skráningarnúmer járnbrautarvagna eða vöruflutningabifreiða, heiti skips og flugnúmer flugvélar, ef það er þekkt. Ef um er að ræða flutning í gámum eða kössum skal tilgreina heildarfjölda þeirra, skráningarnúmer og innsiglisnúmer, eftir því sem við á, í reit I.23.

Reitur I.19: Nota skal viðeigandi ST-kóða: 01.05 eða 01.06.39.

Reitur I.28: (Flokkur): Velja skal eitt af eftirfarandi: Hrein lína/afar og ömmur/foreldrar/varphænur/holdakjúklingar/annað.

II. hluti:

([1]) „Dagsgamlir ungar“ eins og þeir eru skilgreindir í ákvörðun 2006/696/EB [eins og henni var síðast breytt].

([2]) Kóði yfirráðasvæðis, eins og hann kemur fram í dálki 2, 1. hluta I. viðauka við ákvörðun 2006/696/EB [eins og henni var síðast breytt].

([3]) Strikið út það sem á ekki við.

([4]) Útfyllist ef við á.

([5]) Ef sendingin er ekki ætluð til þessara aðildarríkja eða svæða (eins og sakir standa eru það Finnland og Svíþjóð) skal strika út ábyrgðirnar í lið II.2.1.

([6]) Ábyrgðirnar, sem eru veittar skv. liðum II.2.4 og II.2.5, gilda einungis ef dagsgömlu ungarnir tilheyra tegundinni *Gallus gallus* og gilda aðeins frá 1. janúar 2009 ef dagsgömlu ungarnir eru eingöngu ætlaðir til kjötframleiðslu.

([7]) Ef einhverjar niðurstöður voru jákvæðar að því er varðar eftirtaldar sermigerðir á líftíma foreldrahópsins skal merkja þær sem jákvæðar niðurstöður: *Salmonella infantis*, *Salmonella virchow* og *Salmonella hadar*.

([8]) Einungis er gerð krafa um þessa ábyrgð vegna alifugla sem eru frá löndum eða hlutum þeirra þar sem 4. mgr. 4. gr. ákvörðunar 93/342/EBE gildir. Hér skal strika yfir ef um er að ræða alifugla frá öðrum löndum.

— Þetta vottorð gildir í 10 daga.

Opinber dýralæknir

Nafn (með hástöfum) Menntun, hæfi og titill
Lögbært staðaryfirvald:
Dagsetning: Undirskrift:
Stimpill:“

(v) Í stað fyrirmyndar að heilbrigðisvottorði fyrir útungunaregg alifugla, annarra en strútfugla (HEP), komi eftirfarandi:

„Fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir útungunaregg alifugla, annarra en strútfugla (HEP)

LAND **Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB**

I. hluti: Nánari upplýsingar um sendinguna

I.1. Sendandi □ Heiti Heimilisfang Póstnúmer		I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a
		I.3. Lögbært stjórnvald	
		I.4. Lögbært staðaryfirvald	
I.5. Viðtakandi Nafn Heimilisfang Póstnúmer		I.6	
I.7. Upprunaland ISO-kóði	I.8. Upprunasvæði Kóði	I.9. Viðtökuland ISO-kóði	I.10.
I.11 Upprunastaður Heiti Samþykkisnúmer Heimilisfang Heiti Samþykkisnúmer Heimilisfang Heiti Samþykkisnúmer Heimilisfang		I.12.	
I.13. Fermingarstaður Póstnúmer Samþykkisnúmer		I.14. Brottfarardagur Brottfarartími	
I.15. Flutningatæki Flugvél □ Skip □ Járnbrautarvagn □ Ökutæki □ Annað □ Auðkenning: Tilvísun í skjöl:		I.16. Skoðunarstöð á landamærum við innflutning inn í ESB	
		I.17. CITES-nr.	
I.18. Lýsing á vöru		I.19. Vörunúmer (ST-kóði)	
		I.20. Fjöldi/magn	
I.21.		I.22. Fjöldi pakkninga	
I.23. Auðkenni gáms/innsiglisnúmer		I.24.	
I.25. Vörur sem eru vottaðar Til undaneldis □			
I.26.		I.27. Til innflutnings eða inntöku í Evrópusambandið □	

I.28. Auðkenning dýranna				
Tegund (vísindaheiti)	Kyn/Flokkur	Auðkenningarkerfi	Kenninúmer	Fjöldi/magn

LAND **(HEP) Útungunaregg alifugla, annarra en strútfugla**

II. hluti: Vottorð

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b
□		

II.1. **Heilbrigðisvottun**

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, votta hér með að útungunareggin ([1]) sem lýst er í þessu vottorði:

II.1.1. eru í samræmi við tilskipun 90/539/EBE,

II.1.2. eru úr hópum sem voru á yfirráðasvæði með kóðanr. .....([2]) í a.m.k. þrjá mánuði. Ef hóparnir voru fluttir inn í upprunalandið fór það fram í samræmi við skilyrði á sviði heilbrigðis dýra og dýraafurða sem eru a.m.k. jafnströng og viðkomandi kröfur tilskipunar 90/539/EBE, sem máli skipta, og allr tilheyrandi ákvarðana,

II.1.3. eru frá yfirráðasvæði með kóðanr. .....([2]), sem var, þann dag sem vottorðið var gefið út, laust við fuglainflúensu og Newcastle-veiki eins og skilgreint er í ákvörðun 93/342/EBE,

II.1.4. eru úr hópum sem:

(a) voru skoðaðir þann dag sem vottorðið var gefið út og sýndu engin klínísk einkenni um sjúkdóma eða gáfu engar ástæður til að ætla að um sjúkdóma væri að ræða,

(b) hefur verið haldið, a.m.k. síðustu sex vikurnar fyrir útflutning, í starfstöðinni eða starfstöðvunum, sem eru skilgreindar í reit 1.11 í I. hluta og voru opinberlega samþykktar í samræmi við kröfur sem eru a.m.k. jafngildar þeim sem kröfum sem mælt er fyrir um í II. viðauka við tilskipun 90/539/EBE, og:

— samþykkið hefur hvorki verið fellt úr gildi tímabundið né afturkallað,

— sem fellur/falla ekki undir neins konar takmarkanir í tengslum við dýraheilbrigði:

innan 25 km radíuss, þ.m.t., ef við á, á yfirráðasvæði nágrannalands, hefur hvorki komið upp fuglainflúensa né Newcastle-veiki í a.m.k. 30 daga,

(c) á tímabilinu, sem um getur í b-lið, hafa hvorki komist í snertingu við alifugla, sem uppfylla ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessu vottorði, né villta fugla,

(d) féllu undir eftirlitsáætlun vegna sjúkdóma vegna:

([3]) annaðhvort [*Salmonella pullorum, S. gallinarum* og *Mycoplasma gallisepticum* (hænsni)],

([3]) og/eða [*Salmonella arizonae, S. pullorum* og *S. gallinarum, Mycoplasma meleagridis* og *M. gallisepticum* (kalkúnar)],

([3]) og/eða [*Salmonella pullorum* og *S. gallinarum* (perluhænsn, kornhænur, fasanar, akurhænur og endur)],

í samræmi við III. kafla I. viðauka við tilskipun 90/539/EBE og reyndust hvorki sýktir né var ástæða til að ætla að um sýkingu af völdum þessara sjúkdómsvalda væri að ræða,

([3]) annaðhvort [(e) [hafa ekki verið bólusettir gegn Newcastle-veiki,]

([3]) *eða* [hafa verið bólusettir gegn Newcastle-veiki með:

.....

(heiti og tegund (lifandi eða óvirkjað) veirustofns Newcastle-veikinnar sem er notaður í bóluefni)

aldur: .....vikna]

([3]) [(f) hafa verið bólusettir með bóluefni, sem hefur verið opinberlega samþykkt

hinn.....gegn .....(endurtakið eftir þörfum)]

11.1.5. hafa verið merktir, eins og tilgreint er í lið I.28 í vottorðinu, með .....(lituðu bleki)

11.1.6. hafa verið sótthreinsaðir í samræmi við leiðbeiningar mínar með .....(heiti vöru og virks efnis) í ..... (tími í mínútum),

11.1.7 voru tekin á tímabilinu frá.....til .....(dagsetningar).

II.2. **Viðbótarábyrgðir**

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, votta enn fremur að:

([4]) [11.2.1. ef sendingin er ætluð til aðildarríkis eða svæðis með fastsetta stöðu í samræmi við. 2. mgr. 12. gr. tilskipunar 90/539/EBE eru útungunareggin, sem lýst er í þessu vottorði, úr alifuglum sem:

([3]) annaðhvort (a) hafa ekki verið bólusettir gegn Newcastle-veiki,

([3]) *eða* (b) hafa verið bólusettir gegn Newcastle-veiki með óvirkjuðu bóluefni,

([3]) *eða* (c) voru bólusettir gegn Newcastle-veiki með lifandi bóluefni eigi síðar en 60 dögum fyrir fyrri dagsetninguna sem tilgreind er í lið II.1.7 hér að ofan.]

II.2.2. eftirfarandi viðbótarábyrgðir, sem viðtökuaðildarríkið mælti fyrir um í samræmi við 13. og/eða 14. gr. tilskipunar 90/539/EBE, eru veittar:

.....

([3]) II.2.3. ef Finnland eða Svíþjóð er viðtökuaðildarríkið eru útungunareggin úr hópum sem reyndust neikvæðir í prófunum í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/644/EB.

([5]) II.2.4. [Áætluninni um varnir gegn *Salmonella*, sem um getur í 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 2160/2003, og sértækum kröfum um notkun sýkingalyfja og bóluefna í reglugerð (EB) nr. 1177/2006 hefur verið beitt í upprunaforeldrahópnum og þessi foreldrahópur var prófaður með tilliti til þess hvort sermigerðir salmonellu, sem hafa þýðingu fyrir lýðheilsu, væru fyrir hendi.

Dagsetning síðustu sýnatöku í foreldrahópnum þar sem niðurstöður prófunar eru kunnar .....

Niðurstöður allra prófana í foreldrahópnum:

([3]) ([6]) *annaðhvort* [jákvæðar,]

([3]) ([6]) eða [*neikvæðar.*]

([5]) II.2.5. Hvorki *Salmonella enteritidis* né *Salmonella typhimurium* greindust í tengslum við varnaráætlunina sem um getur í lið 11.2.4.

([7]) [II.3. **Frekari heilbrigðiskröfur fyrir lönd sem ekki eru laus við Newcastle-veiki**

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, votta enn fremur, þótt notkun bóluefna gegn Newcastle-veiki, sem uppfylla ekki sértækar kröfur í 2. lið viðauka B við ákvörðun 93/342/EBE, sé ekki bönnuð í ....., að alifuglarnir, sem útungunareggin eru fengin úr:

(a) hafa ekki verið bólusettir með slíkum bóluefnum í a.m.k. 12 mánuði,

(b) eru úr hópi sem var settur í veirueinangrunarprófun með tilliti til Newcastle-veiki, sem fór fram á opinberri rannsóknarstofu í fyrsta lagi 14 dögum fyrir sendingu, á slembisýni úr stroksýnum úr þarfagangi úr a.m.k. 60 fuglum í hverjum hópi og þar sem ekki fundust paramyxóveirusýkingar með smithæfnistuðli í heila (ICPI) hærri en 0,4,

(c) komust ekki í snertingu við alifugla, sem uppfylla ekki skilyrðin í a- og b-lið, næstliðna 60 daga fyrir sendingu,

(d) voru hafðir í einangrun undir opinberu eftirliti á upprunabújörðinni þá 14 daga sem um getur í b-lið.]

II.4. **Dýraflutningsvottun**

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, votta enn fremur að:

II.4.1 útungunareggin verða flutt í tandurhreinum, einnota kössum, sem eru notaðir í fyrsta sinn og sem:

(a) innihalda einungis útungunaregg sem eru öll af sömu tegund, flokki og stofni og eru frá sömu starfsstöð, og

(b) á kössunum koma fram eftirfarandi upplýsingar:

— heiti sendingarlandsins,

— alifuglategundirnar sem eiga í hlut,

— fjöldi eggja,

— flokkur og tegund framleiðslu sem þau eru ætluð í,

— heiti, heimilisfang og samþykkisnúmer framleiðslustöðvarinnar,

— samþykkisnúmer upprunastarfsstöðvarinnar,

— viðtökuaðildarríkið,

(c) eru lokaðir í samræmi við fyrirmæli lögbærs yfirvalds til að koma í veg fyrir að mögulegt sé að skipta um innihald í þeim,

II.4.2. gámarnir og ökutækin, sem kassarnir, sem um getur í II.4.1, voru fluttir í, voru hreinsuð og sótthreinsuð fyrir fermingu í samræmi við fyrirmæli lögbærs yfirvalds.

Athugasemdir

I. hluti:

— Reitur I.8: Tilgreinið kóðann fyrir upprunasvæði, ef nauðsyn krefur, eins og skilgreint er undir kóða upprunasvæðis í dálki 2, 1. hluta I. viðauka við ákvörðun 2006/696/EB [eins og henni var síðast breytt].

— Reitur I.11: Heiti, heimilisfang og samþykkisnúmer ræktunarstöðvarinnar.

— Reitur I.15: Tilgreinið skráningarnúmer járnbrautarvagna eða vöruflutningabifreiða, heiti skips og flugnúmer flugvélar, ef það er þekkt. Ef um er að ræða flutning í gámum eða kössum skal tilgreina heildarfjölda þeirra, skráningarnúmer og innsiglisnúmer, eftir því sem við á, í reit I.23.

— Reitur I.28. (flokkur): Velja skal eitt af eftirfarandi: Hrein lína/afar og ömmur/foreldrar/ungar varphænur/kalkúnaegg til neyslu/annað, (auðkenningarkerfi og kenninúmer): tilgreinið merkinguna á egginu.

II. hluti:

([1]) Fyrir útungunaregg úr alifuglum eins og þau eru skilgreind í ákvörðun 2006/696/EB [eins og henni var síðast breytt], að útungunareggjum strútfugla undanskildum.

([2]) Kóði yfirráðasvæðis, eins og hann kemur fram í dálki 2, 1. hluta I. viðauka við ákvörðun 2006/696/EB [eins og henni var síðast breytt].

([3]) Strikið út það sem á ekki við.

([4]) Ef sendingin er ekki ætluð til þessara aðildarríkja eða svæða (eins og sakir standa eru það Finnland og Svíþjóð) skal strika út ábyrgðirnar í lið II.2.1.

([5]) Ábyrgðirnar, sem veittar eru samkvæmt liðum II.2.4 og II.2.5, gilda einungis um alifugla af tegundinni *Gallus gallus*.

([6]) Ef einhverjar niðurstöður voru jákvæðar að því er varðar eftirtaldar sermigerðir á líftíma foreldrahópsins skal merkja þær sem jákvæðar niðurstöður. *Salmonella infantis*, *Salmonella virchow* og *Salmonella hadar*.

([7]) Einungis er gerð krafa um þessa ábyrgð vegna alifugla frá löndum eða hlutum þeirra þar sem 4. mgr. 4. gr. ákvörðunar 93/342/EBE gildir. Hér skal strika yfir ef um er að ræða alifugla frá öðrum löndum.

— Þetta vottorð gildir í 10 daga.

Opinber dýralæknir

Nafn (með hástöfum): Menntun, hæfi og titill
Lögbært staðaryfirvald:
Dagsetning: Undirskrift:
Stimpill:“

2) Færslurnar fyrir Búlgaríu og Rúmeníu í I. hluta II. viðauka við ákvörðun 2006/696/EB falli brott.